Lagafrumvörp felld.

1. Vigt á síld.

Á 6. fundi í Nd., 20. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 36, 19. maí 1930, um vigt á síld (þmfrv., A. 30).

Á 8. fundi í Nd., 23. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Vilmundur Jónsson): Ég flyt frv. þetta fyrir tilmæli kjósenda minna á Ísafirði, og vænti ég, að það gangi ágreiningslaust gegnum þingið. Ég vænti þess því fremur fyrir það, að í því er ekki farið fram á annað en það, sem áður hefir komið fram í þinginu og ekki valdið ágreiningi. Eins og hv. þdm. munu kannast við, var frv. um þetta efni flutt á þinginu 1930 og náði þá einróma samþ. hv. Ed. Síðan kom það fyrir þessa hv. d. og var samþ. með shlj. atkv. við 2. umr., einmitt í þeirri mynd. sem ég flyt það í nú. En við 3. umr. var skotið inn í það heimild um, að undir vissum kringumstæðum væri leyfilegt að mæla síldina í stað þess að vega hana, sem þó skyldi vera höfuðreglan. Um það, hvort réttara sé að vega eða mæla síld, ætti ekki að þurfa að deila. Lögboðin sölueining á bræðslusíld er þyngdareining (135 kg.), og þyngd er að jafnaði fundin með vog, en ekki mæli. Og er einkum erfitt að finna þunga síldar án þess að vega hana, þar sem vitanlegt er, að sama rúmmál af síld er mjög svo mismunandi þungt. Þungi þessarar vörutegundar fer eins og kunnugt er eftir því, hvort síldin er nýlega veidd eða orðin gömul og slæpt. Ég tel ekki ástæðu til að hafa hér fleiri orð um að svo stöddu, og hýst við hinum beztu undirtektum. Tel ég ekki afgreiðslu málsins góða nema því aðeins, að það fái að ganga nefndarlaust gegnum þingið.

Ólafur Thors: Eins og hv. flm. tók fram, var því skotið inn í frv. um vigt á síld hér í hv. Nd., að heimilt væri að mæla síld, ef samkomulag fengist um það milli kaupanda og seljanda. Ástæðan var sú, að hjá sumum bræðslustöðvunum er það vandkvæðum bundið að koma upp vigt til þess að vega síldina á, auk þess sem það er alltaf töluverður kostnaður. En auk þess er það staðreynd, að mál er réttlátari mælikvarði á gildi þessarar vöru en vog. Mun ég eiga um það tal við nefnd þá, er málið fær til meðferðar, og færa að því skýr rök.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19:3 atkv.

Á 23. fundi í Nd., 8. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 30, n. 101 og 104).

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Þannig hefir til tekizt, að sjútvn. hefir klofnað um þetta mál. Þó finnst mér ekki vera mikill skoðanamunur milli meiri og minni hl. Hv. minni hl. vill láta standa óhögguð fyrirmæli laga frá 1930 um vigt á síld, með samningarheimild til mælingar, en meiri hl. lítur aftur á móti svo á, að eins og nú er komið sé rétt að taka af allan vafa og lögbjóða fortakslaust vigtun á síld, á líkan hátt og gert hefir verið um flestar aðrar vörutegundir, sem áður gengu kaupum og sölu eftir mælingu. Það verður ekki annað séð en að af þess-

um tveimur aðferðum sé vigtunin öruggari, þó vitanlega sé einnig hægt að falsa vigtun, ef menn vilja sig til þess hafa. Það er í flestum tilfellum auðveldara fyrir þá, sem eftir þessu vilja líta, að sjá við rangindum, ef beitt kann að verða, við vigtun heldur en við mælingu, ef sjónhending ein ræður.

Meiri hl. n. vill þó gera eina dálitla breyt. á frv. Hann lítur svo á, að sektarákvæði í 2. gr. séu óeðlilega há. Ef svo stæði t. d. á, að vog vantaði og af þeim ástæðum kæmu aðiljar sér saman um að mæla síldina, telur meiri hl. ekki rétt að láta liggja við svo háar sektir sem frv. greinir, þótt hann vilji lögfesta þá reglu, að yfirleitt sé öll síld vigtuð. Í 2. gr. frv. er ákveðið, að sektir skuli vera frá 200 til 20000 kr. Leggur meiri hl. n. þar til, að í staðinn komi 100 til 10000 kr., og virðast það hæfilegri sektarákvæði. Til hliðsjónar má benda á, að í l. nr. 24 frá 1930 eru sektarákvæði mun lægri. Mætti jafnvel líta svo á, að þau væru of lág, og raunar sektarákvæði frv. líka, ef um hrekkvíslega vigtun eða mælingu væri að ræða. Telur meiri hl. því rétt að fara meðalveginn.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar, og munu atkv. skera úr um, hvað hv. d. telur réttast í þessu máli.

Frsm. minni hl. (Guðbrandur Ísberg): Eins og hv. frsm. meiri hl. tók fram, klofnaði sjútvn. um þetta mál. Minni hl. lítur svo á, að með l. nr. 24 frá 1930 sé gengið svo nærri samningsfrelsi manna sem fært er. Í þeim l. er gert ráð fyrir því sem aðalreglu, að bræðslusíld skuli vegin, en þó haldið opinni leið til að mæla síldina, ef báðir aðilar óska þess. Vilji seljandi láta vega, er skylt að gera það. En samkv. þessu frv. á mönnum undantekningarlaust að vera skylt að vega bræðslusíld.

Nú getur hæglega viljað svo til, að ekki séu nein tök á að vigta síldina. Þar sem ekki yrði venjulega höfð nema ein vog, gæti hún auðveldlega bilað. Ef þá væri algerlega bannað að mæla síldina, engin vog og engin löggilt mál fyrir hendi, hvernig ætti þá að fara að? Skipin yrðu annaðhvort að fara óafgreidd eða notað yrði eitthvert áætlunarmál, og yrði þá ekki mikil trygging fyrir réttri mælingu.

Minni hl. telur algerlega óþarft að breyta l. frá 1930 um vigt á síld. Og óþörf lög er vitanlega rangt að setja. Það hafa áður verið sett l. um vigt á salti, að allt salt skuli vegið, en ekki mælt, og þó vita allir, að næstum allt það salt, sem afgr. er til verzlana og manna á milli hér á landi, er mælt, en ekki vegið. Þau lög hafa verið gagnslaus og óþörf, vegna þess að þau koma í bág við þarfir viðskiptalífsins. Vigt á síld er miklu seinlegri afgreiðsluaðferð en mæling. Hv. þm. muna sjálfsagt eftir því, að í sumar voru sífelldar umkvartanir yfir því, hvað afgreiðsla skipanna gengi seint hjá síldarverksmiðju ríkisins á Siglufirði. Ég vil t. d. benda á skýrslu um síldarleit úr lofti, sem lögð var fram hér í d. í þingbyrjun. Þar er getið sérstaklega um eitt síldarflug, sem haft hafi mikla þýðingu. Í það sinn sást allmikil síld fyrir Vestfjörðum. Menn gætu nú haldið, að þetta hafi verið sérstaklega þýðingarmikið, vegna þess að engin síld hafi í þetta sinn verið fyrir Norðurlandi, í nánd við Siglufjörð. Svo var þó ekki. Fyrir Norðurlandi var nóg síld. En samt tóku ísfirzku skipin sig upp þaðan og fóru vestur á firði, vegna þess hvað afgreiðslan var sein hjá síldarbræðsluverksmiðju ríkisins á Siglufirði. Mér finnst það hart, að hv. þm. Ísaf. skuli vera að flytja frv. um að skylda verksmiðjurnar til að vega síldina, þegar bátarnir frá Ísafirði urðu að flýja frá Siglufirði fyrir það, hvað seint gekk að vega síldina þar. Það mun enginn mæla á móti því, að mæling er fljótlegri afgreiðsluaðferð, þegar um síld er að ræða, heldur en vigtun. Að aka aðeins tveimur síldarmálum í einu upp langa bryggju tekur mikinn tíma og er auðvitað seinlegra heldur en ef svo að segja ótakmarkað má hafa á vögnunum.

Í öðru lagi má benda á það, að þegar síldin er mæld rétt, verður ekki um það deilt, að það er réttlátasti mælikvarðinn. Ef meiri þungi er í málunum í eitt skipti heldur en annað, er það vegna þess, að síldin er ekki eins góð, annaðhvort magrari eða ekki ný, og þá um leið lakari vara. Innihald keranna er af þessum ástæðum ekki verðmeira, þó það sé þyngra,

og kaupandi græðir ekkert á þeim þungamun, og seljandi á ekki heldur að græða á honum.

Lögin frá 1930 um vigt á síld voru sett til þess að varðveita hagsmuni seljandans, en ekki kaupandans. Það hefir verið litið svo á, að kaupandinn ætti hægra með að beita prettum við mælinguna. Þetta held ég, að sé ekki rétt. Það mun að vísu hafa komið fyrir í einstaka tilfelli, að kaupandi hefir fengið meiri síld við mælingu en honum bar. En skipshafnirnar hafa ekki síður aðstöðu til að draga af málinu. Krossanesverksmiðjan hefir fengið tiltölulega meiri síld síðan farið var að vigta hana þar. Frá þessu sjónarmiði mætti segja, að réttast væri að vigta alla bræðslusíld, enda geng ég út frá, að það verði yfirleitt gert. En að útiloka það, að menn geti í einstökum tilfellum komið sér saman um að mæla síldina, teljum við í minni hl. ófært.

Ég vil í þessu sambandi geta þess, að mér er ekki grunlaust um, að vigtunin á síld hafi stundum verið framkvæmd á þann hátt, að vigtaður hafi verið 3. eða 4. eða jafnvel ekki nema 10. hver vagn. Einhverja slíka aðferð taka menn upp, þegar báðum aðiljum ríður mikið á að flýta afgreiðslunni, og sjá þá allir, hvað vigtunin muni verða nákvæm með þeim hætti. Sem sagt lítur minni hl. n. svo á, að það sé algerlega óþarft að breyta l. um þetta efni. Það má ganga út frá því, að vigtun verði mest notuð, en að útiloka mælingu er ekki rétt.

Ólafur Thors: Ég þarf litlu við það að bæta, sem hv. frsm. minni hl. hefir sagt um þetta mál.

Mér þykir undarlegt, að hv. frsm. meiri hl., sem sjálfur flutti á þinginu 1930 brtt. þess efnis, að kaupanda og seljanda skyldi heimilt að ákveða sjálfir, hvort bræðslusíldin væri vigtuð eða mæld, skuli nú gerast meðmælandi þess, að þessi heimild sé numin úr lögum. Hann færði engin rök eða ástæður fyrir snúningi sínum í þessu máli. Þó hjó ég eftir einni setningu í ræðu hv. frsm., sem einnig er í nál. hv. meiri hl., er ég býst við, að felast eigi í afsökun á þessum snúningi. Hún er þannig: Við teljum rétt „eins og komið er“ að taka af allan vafa og lögbjóða vigt á bræðslusíld. Hv. flm. segir í grg frv.: „Frv. er flutt af gefnu tilefni, sem ekki þarf á að minna“. Ég vil nú leyfa mér að skora á hv. frsm. meiri hl. og hv. flm. að skýra frá, hvað þeir eiginlega meina með þessum ummælum. Hafi þetta átt að vera einhverjar dylgjur út af síldarmælingunni á Hesteyri, þá gríp ég fegins hendi tækifærið til að ræða það mál. Hafi mælikerin þar verið of stór, á auðvitað að kippa því í lag og láta þá, sem ábyrgð bera á því, sæta refsingu. En það dugir ekki að líta á þetta frv. út frá þeim söguburði, sem gerður hefir verið um Hesteyrarmálið. Eina rökrétta afleiðingin af þeim misfellum, sem kunna að hafa átt sér stað við síldarmælinguna á Hesteyri, er sú, að láta löggilda öll mæliker, sem notuð eru, í stað þess að smíða þau eftir einu löggiltu keri, eins og þar átti sér stað.

Ég endurtek það, að ég skora á hv. flm. og hv. frsm. meiri hl. að segja, hvað þeir hafa átt við með fyrrnefndum ummælum. Hafi þau verið sögð með tilliti til Hesteyrarmálsins, mun ég gera nokkra grein fyrir því máli.

Hv. frsm. sagði, að það væri öruggara að vigta síldina en mæla, á þann hátt væri hægra að afstýra sviksemi heldur en við mælingu. Þetta er misskilningur. Vigt getur alveg eins verið röng eins og mál, bæði viljandi og óviljandi. Og ef leita ætti eftir réttlátasta mælikvarðanum á bræðslusíld, þá væri sjálfsagt að fyrirskipa mælingu, því að í máleiningunni er jafnara verðgildi af síldinni heldur en í vigtareiningunni. Það er nefnilega eins og hv. frsm. minni hl. benti á, að þegar mikill þungi fer í málin, er það af því að síldin er orðin slæpt. Þegar síldin aftur á móti er ný, rúmast hún verr í málunum. Mál af nýrri síld er því miklu léttara en mál af gamalli síld, en hefir þó meira notagildi fyrir verksmiðjuna. Ef lögbjóða ætti aðra aðferðina undantekningarlaust, væri því nær lagi að láta mæla alla síld, en banna að vigta.

Það væri áreiðanlega til mikils skaða fyrir bæði kaupendur og seljendur að lögbinda vigt á síld. Ég veit a. m. k., að síldarverksmiðju þess félags, sem ég vinn við, er mjög erfitt að koma við vigtun. Og auk skaðans, sem það veldur, hvað

seinlegt er að vigta, er nokkur kostnaður við að útvega vigtir og líta eftir þeim. Eins og nú standa sakir, þegar enginn atvinnurekstur ber sig, þá er það skylda löggjafarvaldsins að hrúga ekki athugunarlaust og algerlega að óþörfu auknum kvöðum á þá, sem enn reyna að halda uppi atvinnu. Og sú atvinnugrein, sem hér er um að ræða, stendur svo höllum fæti og er svo tekjurýr fyrir framleiðandann, að gjalda verður varhuga við að íþyngja henni meir en þegar er búið. Ríkissjóði hefir hún verið óvenjuleg tekjulind. 5% útflutningsskattur hefir verið lagður á framleiðsluna og auk þess gjald í flugferðasjóð.

Síðustu orðin í ræðu hv. frsm. meiri hl. báru vott um, hvað lítið hann hefir verið búinn að athuga þetta mál, þegar hann skrifaði undir nál. Hann var að mæla fyrir niðurfærslu á sektarákvæðum frv., sektum fyrir það, ef síldin er ekki vigtuð. Þessa niðurfærslu rökstuddi hann með því, að þrátt fyrir allt gæti þó komið fyrir, að svo stæði á, að það væri **nauðsynlegt** að mæla síldina í stað þess að vigta hana. Hann viðurkennir þannig, að það hljóti að koma fyrir, sem hann sjálfur vill lögbanna að komi fyrir, að það geti í einstökum tilfellum nauðsynlega þurft að gera það, sem hann vill algerlega banna mönnum að gera. Ég skil ekki, hvernig þessi rök geta samrímazt afstöðu hv. þm. til frv.

Ég vil að endingu skora á hv. þm. að hafa það hugfast, að það dugir ekki, að Alþ. leggi sí og æ nýjar kvaðir á atvinnugreinar, sem bera sig illa, en veita þó ríkissjóði miklar tekjur og fjölda fólks góða atvinnu.

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Það, sem hv. frsm. minni hl. lagði mesta áherzlu á og virtist byggja á andstöðu sína við frv., var það, að með því væri tekið af viðskiptamönnum það samningafrelsi, sem l. frá 1930 hefðu ætlað þeim að hafa um það, hvort bræðslusíld væri vegin eða mæld, og í öðru lagi væri ekkert öruggari aðferð að vega síldina heldur en mæla. Þá taldi hann vigtun valda bagalegri töf á afgreiðslu skipa og kostnaði. Ég bjóst tæplega við, að hann mundi leggja eins mikla áherzlu á síðara atriðið eins og hann gerði. Mér er ekki sýnilegt, að það þurfi að tefja verulega fyrir afgreiðslu að vega síldina, ef vogin er til taks. Ef svo stendur á, að vog er ekki til eða hún bilar, er vitanlega ekki hægt að vega, en þá er líka, eins og hv. frsm. minni hl. drap á, opin leið fyrir kaupanda og seljanda að koma sér saman um að áætla þunga síldarinnar. Vanti þetta nauðsynlega áhald, vogina, er auðvitað ekki með frv. þessu útilokað, að menn geti komið sér saman um þyngdarákvörðun, sem byggð væri á mælingu.

Tel ég óþarft að fjölyrða um þetta frekar, en ætla að víkja örfáum orðum að hv. þm. G.-K. Hann þóttist hafa tekið eftir því, að í ræðu minni áðan hefði ég viðhaft þau orð, sem einnig eru í nál., að meiri hl. telji **eins og komið er,** að rétt sé að lögbjóða vigt á síld. Með þessum ummælum fannst honum verið að miða á sig. Ég skal fúslega játa það, að mér hefir ekki komið í hug að væna hann hrekkvísi vegna óheppni hans í kaupum mælikeranna á Hesteyri. Það, sem ég átti við, var það, að úr því almennar umkvartanir hafa komið fram og óskir um, að vog verði notuð við móttöku bræðslusíldar, þá væri eðlilegast að fylgja sömu reglu alstaðar með þá vörutegund eins og aðrar, sem til skamms tíma hafa gengið kaupum og sölum eftir mælingu, og útiloka með því getsakir og grunsemdir.

Frsm. minni hl. (Guðbrandur Ísberg): Ég vil aðeins taka það fram, að mér þykir einkennilegt, að hv. 1. þm. S.-M. skuli halda því fram, að þótt þetta frv. yrði samþ., gæti kaupandi og seljandi, í því tilfelli, að engin vog væri til, eftir sem áður komið sér saman um að mæla síldina. Það er skilyrðislaust sagt í frv., að öll síld, sem sett sé í bræðslu, skuli hér eftir vegin. En óski einhver að selja verksmiðju síld, en hún hafi hinsvegar ekki vog til þess að vega hana, þá verður hann að hverfa frá, sökum þess að bannað er að selja síld eftir máli. Taki verksmiðjueigandinn á móti síld eftir máli, þá gengur hann með því undir þau ákvæði frv. að greiða svo og svo háa sekt. Benda má á í þessu sambandi, að lögboðið er að vega salt, en það er látið afskiptalaust, þótt það sé mælt. Og það, að framkvæmd-

arvaldið lætur þetta afskiptalaust, er viðurkenning á því, að l. séu óþörf, og það er einmitt það, sem minni hl. n. vill beita sér gegn, að Alþ. samþ. fleiri slík l., sem framkvæmdarvaldið sjálft viðurkennir, að ekki sé rétt að framfylgja.

Vilmundur Jónsson: Ég skal vera miklu hreinskilnari en hv. frsm. meiri hl. n. og viðurkenna, að tilefnið til þess, að frv. þetta er fram komið, er hneyksli það, sem kom fyrir á Hesteyri í sumar — annað Krossaneshneyksli. Sjómenn fyrir vestan hafa sumir haft nokkur viðskipti við bræðsluverksmiðjuna þar og jafnframt við verksmiðjuna á Sólbakka. Þá hefir lengi grunað, en fengið fulla vissu fyrir því í sumar, að þegar þeir fara með síld til Hesteyrar, skaðast þeir um 20% á móts við það að selja hana á Sólbakka. Togarinn Hávarður Ísfirðingur hafði um 3 ára skeið selt síldarafla sinn til Hesteyrar. Á þeim tíma mældist aldrei meira upp úr togaranum en 1500 mál, en síðar, er hann fór að selja til Sólbakka, hafa mælzt upp úr honum **rúm 1800 mál.** Sumt af þessari skekkju mun stafa af því, að drýgra vigtast fyrir seljandann en mælist, þótt mælikerin séu rétt. Þetta álíta menn, að muni nema um 10%. En auk þessa reyndust síldarmálin á Hesteyri svo gölluð, að á því munaði til uppjafnaðar öðrum 10%. Þetta er sannfæring sjómanna í þessum efnum, ekki einungis vestfirzkra sjómanna, heldur og sjómanna hér syðra, sem hafa sömu reynslu, og þess vegna kemur þeim saman um að skora á Alþ. að breyta þessum lögum eins og hér er farið fram á. Ég verð að segja, að það hendir á lítla hæversku hjá hv. þm. G.-K., hvernig hann tekur í þetta mál. Ekki þar fyrir, að auðvitað væri rétt að krefjast þess af hv. þm. G.-K., að hann gæfi þinginu nákvæma skýrslu um þetta hneykslismál. En búast hefði mátt við, að hann flytti hana fremur bljúgur, þar sem afstaða hans í þessu efni er mjög undarleg og tortryggileg. Hér er flutt fyrir tveimur árum frv. um, að öll síld skuli vegin. Til þess á að hafa löggilta vog og viðstaddur á að vera löggiltur vigtarmaður. Einnig á að skoða síldarvogina einu sinni á ári og búa sem tryggilegast um allt. Þá smeygir hv. þm. G.-K. þeim fleyg inn í frv., að eftir sem áður megi mæla síldina án nokkurra tilsvarandi trygginga og settar voru um síldarvigtunina. Nokkru síðar kemst það upp, að hans eigin verksmiðja er eina verksmiðjan á landinu, sem mælir síld og notar í tilbót of stór mál. Allt er þetta svo tortryggilegt, að það mætti vera mikill heiðursmaður, sem í hlut ætti, ef menn freistuðust ekki til þess að gruna hann um græsku. Það er vitanlegt, að hv. þm. átti uppástunguna að þessum lagafleyg, og það er hv. frsm. meiri hl. n. sannarlega ekki til heiðurs, að hann skyldi hlaupa til að flytja hann með honum á sínum tíma. En aftur á móti ber að viðurkenna það, að hann hefir nú séð að sér og reynir að bæta fyrir það, sem hann hafði áður brotið. Ég skal gjarnan láta það liggja á milli hluta, hvort yfirleitt sé heppilegra að mæla síld eða vega, en hitt er víst, að tryggilega verður að ganga frá þeim málum, hvor aðferðin sem er viðhöfð. Ef álitið er nauðsynlegt að skoða allar síldarvogir árlega og nota aðeins löggiltar vogir, þá á eigi síður að viðhafa hina sömu varúð um mælikerin og síldarmælingarnar. Og ef á annað borð á að vega síld, þá á að vega alla bræðslusíld undantekningarlaust. Nú er það svo, að aðeins ein verksmiðja á landinu mælir síld, en vegur ekki. Það ber að hafa hugfast, þegar verið er að ræða um, að með þessu frv., ef að l. verður, sé verið að leggja skatta og kvaðir á atvinnureksturinn í landinu. Það er aðeins um eitt atvinnufyrirtæki að ræða, sem á að veita sérstök hlunnindi. Allir aðrir atvinnurekendur í sömu grein hafa tekið upp síldarvigtun, lagt í þann kostnað, sem því er samfara, og bíða tjón af vigtuninni, ef hún hefir tjón í för með sér. Það er aðeins eitt fyrirtæki í landinu, sem á að græða á mælingunum.

Til þess að sýna fram á, að nokkur ástæða muni vera til þess fyrir sjómenn að heimta, að þessu verði kippt í lag, má geta þess, að sumir þeirra álíta sig hafa tapað stórfé á síldarmælingunum. Togarinn Hávarður Ísfirðingur hefir t. d. á 3 árum selt til Hesteyrar um 32 þús. mál af síld. Eftir því sem mælingin á Hesteyri og vigtunin á Sólbakka hefir reynzt, reiknast svo til, að tapast muni allt að $^1/_5$ á því að leggja síld upp á Hesteyri á móts

við það að selja hana á Sólbakka. M. ö. o., ef togari á borð við Hávarð Ísfirðing skiptir við Hesteyri í 5 ár, fær bræðslustöðin eitt árið allan aflann úr skipinu fyrir ekki neitt. Er ekki rétt reiknað? (ÓTh: Ég reikna á eftir). Eigendurnir hafa $^1/_5$ minna upp úr síldinni og sjómennirnir $^1/_5$ minni premíu fyrir það að fara til Hesteyrar, en ekki Sólbakka. Þetta mundi nema um 10 þús. málum á 5 ára meðalafla. Það er ekki stórfé, á að gizka 50 þús. kr., en þó laglegur hlutur tekinn á þurru landi. Ég skal ekki fjölyrða miklu frekar um þetta atriði. En sem sagt, ef menn vildu gruna hv. þm. G.-K. um græsku, þá hefir það verið vel til vinnandi fyrir hann að skjóta þessum fleyg inn í frv., og þakklátur má hann vera hv. frsm. meiri hl., sem hefir verið honum hjálplegur með að fá aðstöðu til að geta grætt með svo hægu móti 50 þús. kr., jafnvel á einu skipi.

Sjómennirnir á Hávarði Ísfirðing eru búnir að reikna út, að sú premia, sem þeir væru búnir að tapa þessi 3 ár, næmi 174 kr. á mann. Það eru ekki miklir peningar frá sjónarmiði okkar hv. þm. G.-K., en eigi að síður miklir frá sjónarmiði þeirra manna, sem ekki sízt nú búa við þröngan kost og bera skarðan hlut frá borði atvinnuveganna. Þessir sjómenn búast við að gera kröfu á hendur togarafél., um að það endurgreiði þessa peninga, sem á þennan hátt voru af þeim hafðir vegna þess, að félagið hafði ekki séð um, að rétt premía kæmi þeim í hendur. Togarafél. mun svo aftur gera kröfu á hendur verksmiðjunni á Hesteyri. Eftir því sem mér hefir skilizt, mun þeirri kröfu verða tekið greiðlega, og er það vel, því að fél. er illa stætt og getur naumast greitt sjómönnunum þetta lítilræði, nema Kveldúlfur taki málinu vel.

Ég vil áður en ég lýk máli mínu mótmæla þeim skilningi, sem fram kom hjá hv. frsm. meiri hl. n., og myndi e. t. v. verða mikið farið eftir, ef ómótmælt væri og mál risi út af l. þessum, að heimilt sé eftir sem áður að mæla síld, ef kaupandi og seljandi koma sér saman um það. Það á að vera skylda að vega alla síld, og við gerum ekki ráð fyrir þeim tilfellum, að það sé ekki hægt. Það má auðvitað ímynda sér, að vog bili, en þá er að hafa nógar til vara. Öll áhöld geta bilað, en í þessu tilfelli getur slíkt ekki gilt sem afsökun. Ég vil láta þann skilning koma skýrt fram, að eftir að þessi l. eru gengin í gildi, er með öllu óheimilt að mæla bræðslusíld, en skylt að vega hana undir öllum kringumstæðum.

Ólafur Thors: Hv. frsm. meiri hl. n. vildi halda því fram, að vigtun síldar þyrfti ekki að vera til tafar, ef vogin væri til. En hinsvegar er það alltaf fast í hans huga, að ekki þurfi að hafa þessa vog til, þótt hann nú, gagnstætt till. sínum árið 1930, vilji skylda alla til þess að vega, en banna að mæla. Þessi hugsun kom enn berar í ljós, þegar hann mælti þessi orð, sem ég skrifaði orðrétt eftir honum: „En ef vogina vantar, er ekki útilokað, að kaupandi og seljandi geti áætlað þungann eða komið sér saman um að nota mælingu". Ég ætla nú aðeins að biðja hv. frsm. að fara eftir sannfæringu sinni í þessu máli, bara í þetta eina skipti.

Það leit út fyrir, að landlæknirinn, hv. þm. Ísaf., væri að skeyta skapi sínu á mér fyrir það, að sumir hv. þm. voru í dag að minnast á bitlinga þessa hálaunaða gæðings. En ég lagði þar ekkert til málanna. Hv. þm. Ísaf. sagðist vilja vera hreinskilnari en frsm. meiri hl. og segja, að það væri þetta „hneyksli" á Hesteyri, sem væri ástæðan til flutnings þessa máls. Hann sagði ennfremur, að sjómenn leyfði lengi „grunað", að svik væru viðhöfð á þessum stöðum, og svo spann hann langan vef um það, að Hávarður Ísfirðingur hefði selt í 3 ár til bræðslustöðvarinnar á Hesteyri og ávallt verið svikinn um 20% af aflanum, en Kveldúlfur myndi hafa stolið eins árs afla af þessu skipi. Allt fram til ársins 1931 var öllum, sem síld keyptu, heimilt að mæla hana. Það hefði ekki orðið fyrr en síðastl. sumar, sem l. gátu komið til framkvæmda, hefði ég ekki „smeygt inn" þessum „fleyg". Sönnunin fyrir þessum skaða, sem sjómennirnir eiga að hafa orðið fyrir, er sú, að togarinn Hávarður Ísfirðingur hefði um hríð selt afla sinn á Hesteyri, en þar hefði aldrei mælzt úr honum nema 1500 mál, en undir eins og hann hóf viðskipti við verksmiðjuna á Sólbakka, mældust úr honum 1800 mál. Ég skal skýra frá

því og heimila hverjum sem er í hv. d. að koma og skoða bækur Kveldúlfs, til þess að ganga úr skugga um það, að öll þau fjögur ár, sem við höfum starfrækt þessa verksmiðju, hefir sá afli, sem skipin hafa komið með í einstakri veiðiför, farið sí-hækkandi. Fyrsta árið kom hæsta skipið inn með 1100 mál í einu. Árlega hefir þetta farið vaxandi hjá öllum skipunum, og nú á síðastl. sumri komst þetta hámark upp í 2300 mál. Orsökin til þessa er vaxandi reynsla; skipstjórarnir hafa komizt að því, að rétt sé að taka lestarúm skipanna fyrir síld, og einnig að hafa sem allra minnst af kolum og salti, til þess að rýra ekki burðarmagn skipanna. Af þessu hefir það leitt, að hámark aflans hefir aukizt jafnt og þétt frá 1100 upp í 2300 mál. Þessar sannanir hv. þm. eru því gripnar úr lausu lofti og falla dauðar niður. Það er ekki mikið í ræðu hv. þm., sem ég þarf að svara, að undanskildu því, er hann sagði, að ég mætti vera mikill heiðursmaður til þess að vera ekki grunaður um græsku í þessu máli, og auðfundið var, að þm. þótti mikið skorta á, að ég væri slíkur heiðursmaður. Ég vil í tilefni af þessu víkja að því, hvort líkur séu fyrir sviksamlegum tilgangi minum eða þeirra manna, sem stjórna því fyrirtæki, sem hér hefir orðið fyrir árásum.

Strax og sá kvittur kom upp, að dómsmrh. hefði sent varðskipið „Þór“ til þess að mæla síldarmálin á Hesteyri, og er fregn kom um það, að málin hefðu mælzt stærri en lög standa til, gerði Kveldúlfur grein fyrir þessu máli, og með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa hér upp úr þeirri greinargerð.

Við byrjun á því að skýra frá, að síldarmálin séu smíðuð eftir löggiltri fyrirmynd og eigi að vera 150 lítra stór. Við greinum ennfremur frá því, að sami maður hafi smíðað öll þessi mál. Þessi maður hefir gefið vottorð, sem ég með leyfi hæstv. forseta vil leyfa mér að lesa upp:

„Undirritaður Einar Þorsteinsson beykir, Lindargötu, vottar hér með, að árið 1927 kom Söbstad, verkstjóri á Hesteyri, til mín og bað mig að smíða síldarmál fyrir hlutafél. Kveldúlf eftir fyrirmynd, sem Söbstad afhenti mér og var 150 lítra mál löggilt af löggildingarstofunni. Síðan hefir ég smíðað öll síldarmál fyrir Hesteyrarstöðina og hefi ég gert það eftir beztu getu og reynt að hafa öll eins“.

Ég skal taka það fram, að enginn okkar bræðra hafði kynni af þessum manni áður en hann kom í þessa þjónustu, sem byrjaði með því, að verkstjóri okkar bað hann að smíða málin. Ennfremur skal ég geta þess, að það mun vera upplýst fyrir rétti, að aldrei hafi neinn af okkur bræðrum átt tal við hann um það, hvernig hann smíðaði málin eða hvernig hann skyldi smíða þau. Í þessari grein vörpuðum við svo fram þeirri spurningu, hvort það sé líklegt, að við höfum framið hér eitthvað í sviksamlegum tilgangi, og um það farast okkur svo orð, með leyfi hæstv. forseta:

„Fyrst viljum við taka það fram, að þegar skip okkar hófu síldveiðar á síðastl. sumri, var það á allra vitorði, að verðlag á síldarmjöli og síldarlýsi var svo lágt, að telja mátti a. m. k. mjög vonlítið um hagnað af rekstri skipanna eða starfrækslu bræðslustöðvar okkar á Hesteyri. Hinsvegar var mikil áhætta samfara þessum atvinnurekstri, eins og líka hefir komið greinilega á daginn. Því að þrátt fyrir alveg eindæma aflaár, er útlit fyrir halla á rekstrinum.

Þrátt fyrir það afréðum við af ýmsum ástæðum að gera út á síldveiðar. En það sem langmestu réði um, að hafizt var handa, var það, að við vildum ekki fyrr en í síðustu lög láta niður falla starfsemi, sem veitir góða atvinnu yfir tvö hundruð manns, sem annars hefðu flestir orðið atvinnulausir. Þessi hugsun okkar skar úr ákvörðun okkar um starfrækslu síðastl. sumar, og viljum við eigi láta þess ógetið, enda þótt við búumst ekki við, að forráðamenn sjómanna vilji taka það trúanlegt. —

Þá komum við að þeirri meginspurningu, hvort líklegt sé, að við höfum viljað gera tilraun til þess að hafa fé af hásetum okkar með því að nota svikin síldarmál. — Nokkrar tölur svara þessu alveg tvímælalaust.

Hásetar á skipum okkar hafa 214 kr. lágmarks mánaðarkaup, auk þess tæpa 6 aura premíu af hverju síldarmáli, ennfremur ókeypis fæði og loks ókeypis salt

í þann fisk, er þeir afla í tómstundum sínum. Þeir báru í sumar nokkuð misjafnt úr býtum, eftir afla skipanna. Lægsta eftirtekja lægst launaða háseta varð 1320 kr., en hin hæsta 1823 kr., auk fæðis og hlunninda.

Við skulum nú gera ráð fyrir því, að rétt sé, að mælikerin hafi reynzt að meðaltali 160 lítrar, í stað 150 lítra, og nemur sú skekkja um 6%. Þá hefði hásetum borið 6⅔ eyrir í premíu af innihaldi hvers mælikers, í stað 6 aura. — Hverju mundi sú upphæð nema? Það þykja góð aflabrögð, ef síldarafli togara nær 10 þús. málum. Árið sem leið var hið einstakasta aflaár, sem dæmi eru til, svo að meðalafli skipa okkar varð 18 þús. mál, en hefir áður hæst orðið 12100 mál.

Það liggur nú í augum uppi, að hver sá, er hefði ráðgert að hagnast á sviknum síldarmálum, hefði við útreikning á væntanlegum gróða miðað við afla í meðalári. Við skulum því fyrst reikna út, hver sá gróði getur orðið. Í fjögur ár höfum við gert út togara okkar til síldveiða. Meðalársafli þeirra allra til samans hefir verið á þessum árum 51 þús. mál. Premía hásetanna er sem næst 1 krónu á málið, og nemur því premía allra hásetanna að meðaltali 51 þús. kr. á ári. — Svikagróði okkar hefði því átt að verða 6% af þessari upphæð, eða rúmar 3 þús. kr. En venjulegur kostnaður með rekstur togaranna yfir síldveiðitímann og hagnýtingu og sölu síldarafurðanna hefir verið 800 þús. kr. til 1 milljón á ári.

En nú skal útreiknað, hverju þessi umtalaði gróði hefði getað numið á hinu einstæða aflasumri síðastl. ár.

Þess var getið, að lægst launaði hásetinn á skipum okkar bar úr býtum 1320 kr. auk fæðis, sem kostar útgerðina um 180 kr., eða alls 1500 krónur. Hefði hann nú fengið í viðbót ⅓ úr eyri á hvert mál, sem skipið lagði á land á Hesteyri, hefði það numið 46 kr., og kaupið því orðið 1546 kr. í stað 1500 kr. Hæst launaði hásetinn hefir, eftir sama reikningi, fengið 2003 kr., en ætti að hafa fengið 60 kr. meira, eða alls 2063 kr.

Og hvað hefði nú Kveldúlfur grætt á slíku atferli?

Alls voru lögð á land á Hesteyri tæp 80 þús. mál, og nemur premían af því, samkv. því, sem fyrr var sagt, um 80 þús. kr. Svikahagnaður okkar hefði því átt að nema 6% af þeirri upphæð, eða alls um 4800 kr., en rekstrarkostnaður við síldarframleiðsluna hefir í ár orðið sem næst 820 þús. kr.

Fæst nú nokkur maður til þess að trúa því, að það atvinnufyrirtæki, sem tekur á sig alla þá áhættu, sem fylgdi síldveiðum okkar í sumar, og sem fúslega geldur hásetum 2003 kr. auk hlunninda fyrir 60 daga vinnu, geri leik að því að leggja mannorð sitt í veð til þess eins að geta ranglega haft ⅓ úr eyri af sjómönnunum af síldarmálinu, eða alls 46—60 kr.?

Og hver fæst til að festa trúnað á, að stærsta verzlunar- og útgerðarfélag landsins taki upp á því að láta búa til svikin mæliker, og noti þau allt sumarið í augsýn allra þeirra, sem verið er að hafa af, einungis til þess að seilast til 3000—5000 kr. ránfengs, upp í 800 þús. til einnar millj. kostnað? **Þessu trúir enginn.**

Enginn af sjómönnum okkar hefir borið fram neinar kvartanir við okkur, og er ólíklegt, að þeir menn, sem bera úr býtum 1500—2000 kr. á sama tíma sem aðrir sjómenn, sem samskonar vinnu stunda og skiptu við síldareinkasölu ríkisins, höfðu aðeins 100—200 kr., fari að hefja málaferli á hendur þeim, sem kaupið hafa goldið, án þess að gera tilraun til að ná rétti sínum á friðsamlegan hátt. Upptök þessa máls liggja því áreiðanlega annarsstaðar, svo sem væntanlega sannast, þegar öll kurl koma til grafar.

F. h. stjórnar h/f Kveldúlfs,
Richard Thors“. [Frh.].

Umr. frestað.

Á 24. fundi í Nd., 9. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Ólafur Thors [frh.]: Ég var í miðri ræðu, er forseti sleit fundi í gær, og tek þar nú til, sem fyrr var frá horfið. Ég hafði þá gert grein fyrir, hvernig málið horfði við áður en rannsókn hófst. Er það skemmst af að segja, að rannsóknin staðfesti þann orðróm, er gengið hafði, að mælikerin voru nokkru stærri en vera átti. Þau voru frá 153 lítrum upp 162 lítra eða 159 lítrar til jafnaðar, og hafa

því verið 6% stærri en vera bar. Satt að segja er ekki gott að gera sér grein fyrir, hvernig á þessu stendur. Þetta kom okkur bræðrum öllum mjög á óvart, og gerði ég þegar er mér barst þessi orðrómur boð fyrir beykinn, sem málin hefir smíðað, en hann hafði ég ekki séð eða talað við áður. Hann kvaðst ekki trúa, að nein skekkja hefði átt sér stað. Hann kvaðst enn eiga fyrirmyndina, er hann hefði smíðað eftir, og sagðist einnig hafa hellt vatni úr fyrirmyndinni í málin, og hefðu sum reynzt lítið eitt stærri, en önnur minni, en munurinn verið hverfandi. En niðurstaðan af mælingu löggildingarstofunnar varð sú, að málin reyndust stærri en sú löggilta fyrirmynd, sem hafði verið smíðað eftir. Trú beykisins var þannig hrakin með staðreyndum. En skekkjan nam ekki 20%, eins og hv. þm. Ísaf. vildi gefa í skyn, og ekki heldur 10%, heldur sem næst 6%.

Við forstjórar h/f Kveldúlfs undruðumst stórlega þessar fregnir og snerum okkur þegar til rannsóknardómarans bréflega og báðum hann að láta þegar í stað flytja hið löggilta mál frá Hesteyri hingað til Rvíkur á löggildingarstofuna, til þess að hægt væri að mæla það þar fullkomlega, svo ekki yrði um villzt, og rannsóknardómarinn varð við þeirri beiðni. Málið var hingað flutt með næstu ferð undir lögreglueftirliti. Og við rannsókn löggildingarstofunnar á þessu löggilta máli frá Hesteyri, sem mál bræðslustöðvarinnar þar höfðu verið smíðuð eftir, kom það í ljós, að málið tók tæpa 153 lítra eða 3 lítrum meira en vera átti. Þetta sýnir það, að löggildingarstofunni getur líka skeikað, og verður að líta á það sem nokkra afsökun fyrir beykinn. Löggildingarstofan lét útbúa mál, sem átti að taka 150 lítra, en tók 153 lítra, en beykirinn ætlaði að smíða mál, sem væru jafnstór og 153 lítra málið, en urðu 159 lítrar. Ég skal ennfremur bæta því við, eftir nýfengnum upplýsingum, að í skýrslu þeirri, sem löggildingarstofan hefir sent rannsóknardómaranum í þessu máli, er það tekið fram, að málin stækki við notkunina, og geti sú stækkun numið 3 lítrum á mælikeri á þeim kerum, sem mikið séu notuð. Ef mælikerin á Hesteyri hefðu upphaflega verið smíðuð 153 lítrar, þ. e. a. s. jafnstór hinni löggiltu fyrirmynd, þá væru þau samkv. þessari umsögn löggildingarstjóra orðin 156 lítrar, og verður þá smíðaskekkja beykisins 3 lítrar á máli eða 2%, eða jöfn skekkju mælingastofunnar. Virðist það óneitanlega benda til þess, að hér sé um óviljaverk að ræða, en ekki vísvitandi ásetning. Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að mörg mælikerin voru minni en þetta, og sýnast því hafa verið smíðuð minni en hin löggilta fyrirmynd. Í skýrslu þeirri, er ég las upp hér í hv. d. í gær í þessu máli, var gróðinn af skekkju síldarmálanna talinn 6%, en eftir þessum nýju upplýsingum ætti hann ekki að vera nema ⅓ þeirrar upphæðar, og nemur það þá sem svarar 15—20 kr., sem við eigum að hafa haft af hverjum sjómanni okkar. Ég held, að það geti ekki sýnzt líklegt, að félagið, sem borgað hefir hverjum sjómanni þetta 15 til 20 hundruð kr. fyrir um 60 daga vinnu yfir síldartímann, hafi látið sig draga um það og getað fengið sig til að svíkja af hverjum sjómanni einar 15 til 20 kr., með því að nota fyrir augunum á þeim vísvitandi röng mæliker. Ég held, að hv. þm. Ísaf. hljóti að eiga erfitt með að fá menn til að trúa því, að hér sé um vísvitandi sviksemi að ræða, hversu vel, sem hann leggur sig fram. En ef einhverjir hv. þdm. væru nú þannig gerðir, að þeir vildu leggja trúnað á orð þessa hv. þm., þá vil ég til samanburðar benda á það, að í bréfi löggildingarstjórans til rannsóknardómarans er það tekið fram, að heimilt sé að hafa á hverju máli 12 göt niður við botninn, sem vatnið, sem er í síldinni, geti runnið út um, en á Hesteyri hafa þessi göt aldrei verið sett á málin. Það sýnist ekki sem bezt samræmi í því, að verksmiðjan notar sér ekki þetta ákvæði til þess að fyrirbyggja, að hún kaupi vatn fyrir síld, en reyni hinsvegar að stela af síldareigendum með því að nota svolítið of stór mál.

Ég þykist ekki þurfa að rökstyðja frekar mótmæli mín gegn hinum ómaklegu ummælum hv. þm. Ísaf. um þetta mál, þar sem hann hefir viljað gefa í skyn, að átt hafi sér stað vísvitandi sviksemi frá hendi verksmiðjunnar. Það er svo augljóst mál, að hér er ekki um annað en ó-

viljaverk að ræða. Ég skal hinsvegar játa það, að það er bæði óviðfelldið og leiðinlegt fyrir félagið, að þetta skyldi koma fyrir.

Hv. þm. sagði í gær, að ég hefði smeygt inn í frv. 1930 ákvæðinu um heimild til þess að mæla síld, ef hlutaðeigendur kæmu sér saman um það, en ég hefði gætt þess vandlega, að engar varúðarráðstafanir væru gerðar til þess að hafa eftirlit með því máli; hinsvegar hefði ég látið mér mjög annt um, að vigtunin væri sem hárréttust. Um síldarmál bæði þá og nú er það að segja, að til voru og eru lög og reglur um það, að löggilda skuli öll mælíker, og eiga yfirvöldin að hafa eftirlit með því, að sú löggilding fari fram. Ég skal að visu játa, að mér var ekki kunnugt um þessi lög 1930, en ég get sagt hv. þm. það, að ég hafði ekki önnur afskipti af þessu frv. 1930 en þau að vera á móti því, en hlutast þó til um, að heimilt skyldi að mæla síldina.

Hv. þm. Ísaf. flutti um það langt mál í gær, að h/f Kveldúlfur hefði haft af togaranum Hávarði Ísfirðingi sem svaraði eins árs afla á þeim 3—4 árum, sem togarinn hefði lagt inn síld á Hesteyri. (VJ: Þetta er ekki rétt haft eftir). Jú, þannig var helzt að skilja hv. þm. í gær. Ég hefi nú síðan í gær rannsakað viðskipti síldarbræðslustöðvarinnar á Hesteyri við Hávarð Ísfirðing þau 3 ár, sem togarinn lagði upp síld á Hesteyri, en það var árin 1927—'28 og '29. Öll þessi ár var það leyft að mæla síld, og ég vil leiða athygli hv. þdm. að því að varast að rugla saman hinum tveimur ólíku síldareiningum, 150 lítra máli og 135 kg. þunga. Ef misbrestur á að hafa verið á máli á síld togarans þessi ár, þá hlýtur hann að hafa verið falinn í því, að málin hafi verið röng, en um það er ekkert hægt að segja, því það er ósannað mál, að mælikerin hafi verið of stór á þeim tíma. Þegar af þessari ástæðu eru því fullyrðingar hans með öllu marklausar. En hv. þm. vildi leiða líkur að því, að togarinn hefði skaðazt á mælingunni, með þeim rökum, að þessi togari hefði aldrei fengið nema 1500 mál í einu þau ár, sem hann lagði síld upp á Hesteyri, en síðastl. sumar hefði hann haft 1800 mál eftir ferðina, þegar hann lagði upp á Sólbakka. En þetta sannar ekkert. Ég las í gær upp skýrslu um afla þessa togara þau árin, sem hann lagði inn á Hesteyri, og var niðurstaðan á þá leið, að aflafengurinn fer hækkandi ár frá ári, þannig að 1927 hefir hann hæst 1035 mál eftir túrinn, 1928 hefir hann 1373 mál og 1929 1507 mál. Að skipið hafi 1931 getað haft 1800 mál eftir túrinn er ekkert nema eðlilegt framhald á aukningu aflans, sem á 3 árum hefir vaxið úr 1035 upp í 1507 mál. Að það er mögulegt fyrir skipin að taka meiri og meiri síld, kemur til af því, að skipstjórarnir eru alltaf að minnka kola- og saltforða skipanna, og geta skipin þess vegna rúmað meira af síld. Auk þess stendur svo á með þennan togara, sem hv. þm. er hluthafi í og ætti því að vita, að það voru gerðar þær ráðstafanir um hann að taka heila lest fyrir síldargeymslu, sem áður hafði verið notuð fyrir kol. Ef hann veit þetta ekki, þá ætti hann að tala minna um þessa hluti.

Ég geymi mér rétt til þess að tala ýtarlega við hv. þm. um þetta mál síðar, og máske þá í sambandi við önnur mál, sem fyrir kunna að koma, en ég vildi enda ræðu mína með því að árétta aðvörun mína til hv. þm. um það, að það er varhugavert á þessum tímum að gera leik að því að leggja nýjar kvaðir á atvinnuvegina. Ég skal ekki fullyrða það, að ekki sé hægt að vigta síld á Hesteyri, en ég er fullviss um það, að það gerir afgreiðsluna miklu seinlegri, og breyt. hefir mikinn kostnað í för með sér. Það má vera, að þeir menn finnist hér í hv. þd., sem hefðu gaman af því, að síldarbræðslustöðin á Hesteyri yrði að hætta vegna þessa frv., ef það yrði að lögum, þetta fyrirtæki, sem hefir getað greitt sínum sjómönnum 1500—2000 kr. kaup fyrir 2 mán., þegar þeir sjómenn, sem skiptu við ríkisbræðsluna, báru ekki úr býtum nema 100—200 kr. á sama tíma. En það má ef til vill ætla, að hv. þm. Ísaf. verði ekki skotaskuld úr því að útvega þessum mönnum atvinnubætur eftir því líka að dæma, hve heillavænleg áhrif þessi alþýðuforkólfur hefir haft á samvinnufél. Ísfirðinga.

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Ég hefi hlustað með dálítið blandinni á-

nægju á skriftamál hv. þm. G.-K. Ég hefi vorkennt honum að eiga yfir sér jafnstrangan skriftaföður og hv. þm. Ísaf. Satt að segja fannst mér skriftafaðirinn fara fullhörðum höndum um hv. þm. G.-K., en í þessum atriðum málsins eru þeir hinir réttu aðiljar, og hæfir bezt, að þeir eigist þar við einir. (**ÓTh:** Hann hefir nú kastað kveðju á hv. 1. þm. S.-M. líka).

Ég verð að segja það, að eftir að hafa hlustað á ræðu hv. þm. G.-K. hefi ég styrkzt mjög í þeirri skoðun, að lögfesta beri vigtun á síld án nokkurra undantekninga annara en þeirra, sem nauðsyn veldur. Þetta óhapp, sem viljað hefir til á Hesteyri næstl. ár, sýnir það ljóslega, að lögin frá 1930, eða undanþáguheimild þeirra frá vigtun, getur að slysi orðið og valdið óréttmætum grunsemdum.

Út af því, sem hv. þm. G.-K. var að tala um, að frv. legði kvöð á síldarútvegginn, þá vil ég minna hv. þm. á það, að þessi kvöð er búin að vera í gildi í 2 ár og er því ekki ný; hér er aðeins um að ræða fágæta undantekningu frá eldri reglu, sem ráðgert er að leggja niður.

Ég verð að segja hv. þm. Ísaf. út af ummælum hans í gær um það, að ég hefði árið 1930 gert það af greiðasemi við hv. þm. G.-K. að fylgja ákvæðinu um undanþágu frá að vigta síld, að ástæðan til þess, að ég þá féllst á undanþáguna, var sú, að ég vissi fyrir, að frv. mundi ekki ná samþ. með öðru móti. Kaus ég því fremur að tryggja framgang málsins en eiga á hættu, að það félli. Mér skilst nú líka, eftir því sem fram kom í ræðu hv. þm. G.-K., að honum hafi orðið lítill fengur að þessu undanþáguákvæði, sem hefir orðið honum að slysi, en engu happi. Vona ég svo fastlega, að hv. þd., eftir að hafa hlustað á þessi einstæðu skriftamál hv. þm., geti verið ákveðin og ásátt um, að réttast muni vera að láta vogina gilda og taka þannig af allan vafa.

Vilmundur Jónsson: Ég vil fyrst svara því, sem hv. frsm. minni hl. sagði í gær, að það sæti ekki á mér að mæla með vigtun síldar fram yfir mælingu, þar sem skip Samvinnufél. Ísfirðinga hefðu orðið að hverfa frá Siglufirði full af síld, fyrir það, hve afgreiðslan gekk þar seint. Ég hefi nú síðan í gær talað við forstjóra ísfirzku skipanna, og hann hefir upplýst, að þetta er tilhæfulaust með öllu. Hann hefir leyft mér að hafa eftir sér, að afgreiðsla síldarskipa væri ágæt á Siglufirði og gengi ekki annarsstaðar betur, þó mælt væri. Ástæðan til þess, að skipin hurfu frá Siglufirði í það skipti, sem hv. þm. minntist á, var sú, að bræðsluverksmiðjurnar voru svo fullar, að þær gátu ekki tekið á móti meiri síld. Hv. þm. las upp í ræðu sinni í gær útdrátt úr skýrslu um síldarflugið, þar sem getið er um, að skipin frá Ísafirði hafi orðið að hverfa frá Siglufirði óafgreidd, en svo bætti hv. þm. við þeirri ályktun, að það hafi verið fyrir of seina afgreiðslu. Um það stendur ekki eitt orð í skýrslunni og framkvæmdarstjóri skipanna hefir einmitt upplýst, að ástæðan hafi verið öll önnur, eins og ég hefi þegar getið.

Út á ræðu hv. þm. G.-K. hefi ég það helzt að setja, að mér þótti allt of oft koma fyrir í henni orðin svik, þjófnaður, fölsuð mæliker og þesshättar. Það mesta, sem ég sagði í ræðu minni í gær, var það, að í sambandi við mælingu síldar hefðu komið fyrir hneyksli, og ég nefndi tvö tilfelli, hið fyrra í Krossanesi og hið síðara á Hesteyri í sumar. Og nú liggur fyrir játning frá honum um það, að kerin hafi verið of stór. Okkur greinir ekki mikið á um það, hve mikið of stór þau hafi verið. Ég sagði, að þau mundu hafa verið til uppjafnaðar um 10% of stór, en hann segir, að þau hafi verið 6% of stór. Ég skal ekkert um það segja, hvort er réttara. En stærðarmeðaltal mælikeranna segir ekki að fullu til um, hve miklu hefir getað munað á síldarmælingunni. Það er sannað og játað, að sum málin voru langt yfir 10% of stór. Og það má vel vera, að oftar hafi verið mælt í stærri kerunum. Það er ekkert ólíklegt, að þeir trúu þjónar fyrirtækisins, sem smíðuðu sum málin of stór, en engin of lítil, hafi öllu oftar notað þau stærstu en hin, sem minni voru.

Hér er um það að ræða, hvort tryggilegar skuli um hnútana búið við sölu bræðslusíldar en verið hefir til þessa. Okkur kemur saman um, að þar, sem síld er vegin, hafi aldrei orðið ágreiningur milli kaupanda og seljanda, og að sú aðferð að vega síld hafi því reynzt betur.

Því að í sambandi við síldarmælingu hafa hinsvegar tvisvar orðið alvarleg hneyksli.

Það eina, sem ég sagði, er talizt getur til miska hv. þm. G.-K., var það, að framkoma hans í þessu efni væri tortryggileg. Þegar frv. liggur fyrir þinginu 1930 um það að vega síldina á löggiltar vogir, sem árlega séu endurskoðaðar, og að löggiltir vigtarmenn eigi að vega á þær vogir, smeygir hann inn í frv. ákvæði um undantekningu um að síld megi mæla á sumum stöðvum án opinbers eftirlits eða nokkurar tryggingar fyrir því, að málin séu rétt eða rétt í þeim mælt. En á sama tíma og þetta gerist eru einmitt á hans síldarstöð notuð til þess að mæla síldina of stór mál, sem hann vill ekki láta skoða árlega eða líta á annan hátt eftir. (**ÓTh:** Hvenær hefi ég farzt undan, að málin yrðu skoðuð?). Ég segi aðeins, að þessi framkoma hv. þm. líti tortryggilega út, og illgjarnir menn muni álíta, að undantekningu frá vigtuninni hafi hann verið að koma inn í löggjöfina vegna sinna eigin röngu mælikera, þó að ég sé svo góðgjarn að segja ekki, að svo hafi verið. Hv. þm. talar um, að ólíklegt sé, að þetta hafi verið gert af ásettu ráði. En það er aukaatriði. Það liggur fyrir játning um, að málin hafi verið röng á Hesteyri, og þá þýðir ekkert að tala um, hvað sé ólíklegt eða ekki. Staðreynd er staðreynd. Ég vona, að hv. þdm. sé orðið ljóst undir umr. um þetta mál, að það sé nauðsynlegt að leiða síldarkaupendur ekki lengur í freistni í þessu efni með því að heimila mælingu á bræðslusíld, svo að almenningur þurfi ekki lengur að tortryggja þá eins meinlega og nú hefir átt sér stað um hv. þm. G.-K. Og þó að hv. 1. þm. S.-M. léti á sínum tíma ginnast til að gleypa við umræddum fleyg, þá gefi hann nú að fenginni nýrri reynslu sitt ótrautt fylgi til þess að fella hann úr gildi.

Frsm. minni hl. (Guðbrandur Ísberg): Ég heyri það, að hv. þm. Ísaf. hefir síðan í gær leitað upplýsinga um hina afarseinu afgreiðslu síldarskipa á Siglufirði hjá útgerðarstjóranum á Ísafirði. Mér kemur það ekki á óvart, þó að þessi ágæti flokksbróðir hv. þm. gæfi yfirlýsingu honum í vil í þessu efni, en ég ætla ekki að órannsökuðu máli að leggja mikið upp úr slíkri yfirlýsingu.

Hv. þm. vildi halda því fram, að ég hefði farið rangt með prentaða heimild, en það er ekki rétt; ég las aðeins upp úr umræddri skýrslu þá frásögn, sem hann hefir ekki getað mótmælt, og hún er dæmi þess, að almenningur lítur svo á, að vigtun á síld tefji afgreiðsluna að mun. Benda má og á það, að bili vogin, sem í flestum tilfellum mundi vera eina vogin, sem um væri að ræða, meðan á uppskipun stendur, þá má gera ráð fyrir, að það geti tekið töluverðan tíma að gera við hana, en uppskipunin stöðvaðist á meðan. Þetta getur verið mjög bagalegt, einkum þegar mikið berst að af síld, og valdið því, að skip þurfi að bíða aðgerðalaus eftir því, að vogin komist í lag. En ef þessi lagabreyt. verður samþ., er það augljóst, að annaðhvort verður skip, sem selja vill afla sinn þegar svo ber undir, að vog er eigi fyrir hendi eða í ólagi, að fara burt við svo búið eða að viðkomandi verksmiðja veitir síldinni móttöku og er þar með fallin undir sektarákvæði frv. og getur orðið að borga allt upp í 20 þús. kr. sekt. Ég vil taka það fram og undirstrika það, að við, sem erum á móti þessu frv., höfum alls ekki lagt á móti því, að síld verði vegin. Við teljum það eðlilegt og rétt, eða a. m. k. eins eðlilegt, að hún sé vegin eins og að hún sé mæld. En við viljum ekki einskorða þetta og teljum það óeðlilegt og óhafandi, að út af því megi ekki breyta, hvernig sem á stendur. Og við höfum bent á fordæmi fyrir því, að þetta sé ekki heppilegt; við höfum bent á l. um vog á salti, og það er viðurkennt, að þau séu ekki haldin. Og það má benda á fleira, sem er eðlilegt, að sé vegið, en ekki mælt; t. d. ætti að fara svo með kol. En það er mjög mikið gert að því að afhenda kol eftir máli, þannig, að fyrstu körfurnar eru vigtaðar, en það svo látið duga og sú vigt lögð til grundvallar. Þetta er ekki af því, að það þyki ótryggara að vega en mæla, heldur af því, að þörfin á hraðri afgreiðslu fær menn til að víkja frá þessum lagafyrirmælum og taka upp þá aðferð, sem fljótlegri er.

Alveg sama er að segja um síldina, því

að af öllum vörutegundum er afgreiðslan á síld sú afgreiðsla, sem mestan þarf að hafa hraðann við og mestu tjóni veldur, ef bið og uppihald verður á afgreiðslunni, ef alveg er bannað að mæla hana.

Jón Ólafsson: Já, ég sé nú ekki ástæðu til að halda langa ræðu um þetta mál. Mér fyrir mitt leyti finnst þetta mál rekið á þann hátt frá hlið hv. þm. Ísaf. og tekið undir það hér í hv. d. í þeim gamla tón, sem hér hefir mikið borið á á undanförnum þingum, sem sé, að hér á Alþ. ætti að setja lög um allt viðkomandi viðskiptum vinnusala og vinnukaupanda á þeirri útgerð, sem hér um ræðir.

Það, sem hv. þm. Ísaf. fer hér með, er ekki annað en þessar gömlu teoríur jafnaðarmanna, að reyna að gera aðra tortryggilega, og þá sérstaklega þá, sem standa framarlega í framleiðslunni. Það mætti ýmislegt segja um félag það, sem hv. flm. er viðriðinn á Ísafirði, hvernig þeirri starfsemi er komið nú og þeim pólitíska tilgangi, sem það er stofnað í, og þeirri mislukkun, sem það hefir orðið fyrir í meðferð þeirra manna, sem fyrir því standa. En það skiptir ekki máli hér, heldur hitt, að þessir menn eru sí og æ að reyna að finna út, hvar þeir eigi að leggja net sín, í hvaða vatni þeir eigi að fiska, pólitískt. Þetta er undirrótin að þessu máli, og á hana verður að líta. Við útgerðarmenn erum búnir að kenna á þessu og höfum orðið fyrir miklu afhroði vegna þekkingarskorts, skilningsleysis og talhlýðni hv. þm. í þessum málum. Við höfum orðið fyrir því afhroði fyrir aðgerðir Alþingis, svo sem vegna vökulaganna frægu o. fl. laga, sem það hefir sett. Það er orðið útilokað að reka þennan útveg í samkeppni við nærlendar þjóðir, sem skilið hafa það, að það verður að láta vinnuna ganga meðan á því stendur að ná í aflann. Þeir standa nú algerlega yfir höfuðsvörðum okkar í þessu máli, af því að það er ekki kleift fyrir okkur að láta útgerðina bera sig með þeim allskonar kvöðum, sem á hana hafa verið lagðar. Afleiðingin af þessu skilningsleysi er svo sú, að þeir eru nú bráðum búnir að svipta okkur þessum arðvænlega atvinnuvegi, því þessi útgerð, sem hefir gefið mest af sér, er nú að verða útdauð hér. Eftir getum við þá setið með afleiðingarnar af því skilningsleysi að hlynna ekki í einu og öllu að þessum arðvænlegasta og afkastamesta atvinnuvegi landsmanna, og hafa látið ráða hugsun og teoríur þeirra manna, sem ekki vilja skilja, hvað útgerðin þolir, og nota tortryggnina sem agn til að komast fram með það, sem er til niðurdreps og bölvunar fyrir landslýðinn. Því þetta er það, sem ræður frumkvæðum þessara manna í þessum málum. Það er alls ekki umhyggjan fyrir þeim, sem þetta er rekið til hagsmuna fyrir og að þessu eiga að búa um atvinnu, sem ræður hjá þessum mönnum, því það er þeim til niðurdreps. Þetta vita menn. Og ég þykist vita, að hv. þm. Ísaf. viti þetta líka, ef hann rótar dálítið upp í sinni samvizku. (**ÓTh:** O, hún er nú engin til hjá honum). Þetta lítur vel út í augum þeirra manna, sem ekki hafa þekkingu til að dæma um þessa hluti, en ekki í augum hinna, sem hafa þekkingu og greind í þessum efnum. Þegar verið er að fiska, verða menn að leggja alla krafta fram til að ná sem mestum afla, vegna eigin atvinnu; það er nauðsyn sjálfra þeirra.

Hv. þm. G.-K. hefir upplýst, og ég hefi enga ástæðu til að rengja það, að þeir menn, sem voru hjá honum á síldveiðum síðastl. sumar, hafi haft um 2000 kr. fyrir tveggja mán. tíma; þeir hafa þannig haft yfir 30 kr. á dag. Þarna sér maður það, að það er stærsta spursmálið og mest um það vert að liggja sem skemmst í höfn. Það er það, sem er afgerandi í þessu máli. Þess vegna skiptir það ekki svo miklu máli, hvort það munar einhverjum kílóum eða prósentum, heldur að ná í aflann. Það má vel vera, að þetta sé alveg eins ónákvæmt á Sólbakka. Það getur alveg eins komið fyrir ónákvæmni um vigtina eins og um málin, þegar verið er að flýta afgreiðslu skipa, sem þurfa að komast út. Yfirleitt eru menn þá ekki að hugsa um þetta. Ég sé, að hv. þm. Ísaf. blær. En ég skal segja honum dæmi upp á þetta. Það er sem sé dálítil keppni um það milli síldarverksmiðjanna, hvor fær meira út úr sínu hráefni, Sólbakkaverksmiðjan, með sína vigt á málinu, eða þeir á Hesteyri með málið, sem hefir verið mælt. Og það merkilega var nú, að það

komu nákvæmlega jafnmörg % af lýsi og mjöli úr málinu á báðum stöðvunum. Þetta er talandi vottur þess, að Hesteyrarstöðin fær ekki meiri síld úr málinu en Sólbakkastöðin, þar sem ekki fæst meira af lýsi og síld úr hverju máli. Þetta er líka ofur eðlilegt. Þegar vigtað er, er þess nákvæmlega gætt, að ekki sé sjór eða annað í síldinni, sem þyngir hana. Og það kemur augljóslega fram í þessari útkomu, sem hér er nefnd. Við uppskipun og vigtun á síldinni á Sólbakka er þess gætt, að ekki sé sjór eða annað óverðmætt vigtað með. Þegar verið er að flýta sér að mæla, fer alltaf ýmislegt með í málin, sem ekki gefur arð í útkomunni. Þeir, sem því athuga þetta, hljóta að sjá, að af mælingu síldar geta hásetar hagnazt. En aðalatriðið í þessu máli er þó það, sem öllum ætti að vera augljóst, að það er tafsamara að vigta en mæla, svo að afgreiðsla gengur verr og skipin liggja lengur, sem er tap fyrir alla aðila. Og þegar menn hafa 30 kr. á dag, er það fljótt að koma. Ef skipið tefst, segjum t. d. 4 klst. lengur, er þar komið langtum, langtum meira tap fyrir skipshöfnina en þó það munaði 1, 2, 3 eða jafnvel 4% á síldarmálunum. Það gefur ekki stórtap eða stórgróða. Og þetta vil ég biðja menn að athuga, að um leið og þetta er sett í l., að alla síld skuli vigta, er verið að draga úr aflabrögðum skipanna. Og um leið er verið að lækka tekjur þeirra manna, sem að þessu vinna, með því að láta þá vera að núlla við vigtina í stað þess að mæla.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta. Það ætti að vera óþarfi. Það á að vera hverjum manni skiljanlegt, og svo veit ég ekki betur en að það sé mjög grandgæfilega passað af þeim, sem hlut eiga að máli, að mælingin fari rétt fram. Þessa er gætt við allar affermingar úr þessum skipum, og það vill þá brenna við, að það skjóti upp gömlu skoðuninni, að það sé syndlaust að svíkja kaupmanninn. Það er þá setið um að gera það, sem gefur annað resultat en vera ætti, svo að jafnvel hefir orðið að skerast í leikinn. Þeir, sem verðlaun eiga að taka, vilja hafa sem allra mesta vigt, og voru svo mikil brögð að þessu á Sólbakka fyrir 2 árum, að það varð að breyta til. Og það mun alstaðar vera svoleiðis, að þessir menn gæta sinna hagsmuna, og óþarft fyrir aðra að vera að hugsa um það, þeir eru alveg færir um að annast það sjálfir.

En þegar maður lítur á það, sem þessir menn hafa borið úr býtum, þá verð ég að segja, að það er ekki gott eða þakklátt verk að koma af stað þeirri sundurþykkju, er gæti orðið til þess, að þessir menn fengju ekki eins glæsilega útkomu í framtíðinni og þeir hafa haft undanfarin ár. Það er þegar búið að ganga of langt í þessa átt. Og enn er hér á ferðinni eitt atriði, að vísu ekki stórt, en þó í sömu áttina. Mér sýnist því allt bera að sama brunni, að við munum missa þessi afkastamestu framleiðslutæki, sem landsmenn hafa eignazt, vegna skilningsleysis hv. þm. á þessum málum.

Ólafur Thors: Hv. þm. Ísaf. þótti ég nota of mikil stóryrði, þar sem ég talaði um svik og að hafa fé af mönnum. En hv. þm. talaði sjálfur um hneykslismál. Og ég get frætt hv. þm. á því, að hans blöð, bæði á Ísafirði -- þó ég hafi ekki lesið þann snepil sjálfur, -- og eins hér, hafa viðhaft þessi orð. Og ég veit ekki, hvort það er nokkuð vægara orð um þessa misfellu, sem hv. þm. veit, að ég á enga sök á, a. m. k. ekki vísvitandi, að kalla hana hneyksli, eins og hann gerir.

Hv. þm. sagði, að það munaði eilitlu á því, hvað skekkjan á málunum væri eftir minni skoðun og hans. Það munar ekki eilitlu, heldur helmingi. Og það er engin skoðun hjá mér, heldur vissa. Ég fer þar beint eftir umsögn löggildingarmannsins í réttarskýrslunni.

Ræða hv. þm. gefur ekki tilefni til nýrra aths. af minni hálfu, þar sem hún var ekki annað en þessar sömu fullyrðingar, sem hann var með í gær. Ég hrakti þær í gær og sé ekki ástæðu til að endurtaka það nú, þó hann hafi endurtekið fullyrðingarnar. Hugarfar hv. þm. til mín hefir komið svo greinilega fram í ræðu hans, að ég get ekki stillt mig um að lesa upp setningu, sem ég skrifaði upp eftir honum. Hann sagði: „Mér liggur við að segja, eða öllu heldur, illgjarn maður mundi segja ---“. Hv. þm. vildi svo sem ekki segja það, sem þessi illgjarni maður

mundi segja. En ég verð þó að segja, að svo mikil var illgirni hv. þm. að hún var jafnvel meiri en ég bjóst við.

Ég vil sýna þá hreinskilni að játa, að ég hefi nokkra ástæðu til að þakka hv. þm. fyrir að hafa flutt þetta frv. Í fyrsta lagi af því, að hann gefur mér tækifæri til að láta koma inn í þingtíðindin skýrslu um þetta mál, skýrslu, sem ég vona, að nægi til að sanna, að við bræðurnir verðum ekki vændir um illan tilgang í þessu máli, þó svo slysalega hafi tekizt til, að beykir sá, sem smíðaði fyrir okkur síldarmálin, hafi gert sömu skekkju og löggildingarstofan. Og í öðru lagi hefir það lengi verið sagt, að það væri gaman að heyra mann, sem heitir Vilmundur Jónsson, halda ræðu á Ísafirði. Ég hafði nú reyndar heyrt hann halda ræðu hér í þinginu, en hér hafði hann reynt að vanda mál sitt og tala nokkurnveginn virðulega, þangað til í gær, að það gafst ágætt tækifæri, sem gaf til kynna, hvernig hann er á sínum rétta vettvangi. Ræða hans þá var sem sé ekki svo sprengvönduð að orðfæri sem hann hefir áður gert sér far um hér í þinginu. Og það var fróðlegt að sjá, hvernig hann er þegar menn hafa hinn einstakasta viðbjóð á honum.

Ég ætla ekki að beina mörgum orðum að hv. frsm. meiri hl. n., ef hann þá vakir. (**EA**: En ef hann sefur?). Þá ætla ég að tala í minum hærri tón, til þess að reyna að vekja hann. Hann hefir getið sér fremur lítinn orðstír við þessar umr. Á þinginu 1930 flytur hann sjálfur till. um heimild til að mæla síldina. Nú flytur hann till. um að banna þetta. Og í umr., sem eiga þó að sanna, að rétt sé að nema úr lögum alla **heimild** til að mæla síld, er hann þó þráfaldlega að tala um, að það geti svo sem vel komið fyrir, að ekki verði hægt að vigta síldina, og þá megi auðvitað til að mæla hana. Þetta er það, sem kallað er hugsanagrautur, og hann sangur. Við slíkan mann er ástæðulaust að reyna að rökræða alvarleg mál.

Að endingu þetta: Ef menn vilja breyta til og hafa það lögboðið, að ekki megi hæði vega og mæla síld, heldur eigi annaðhvort að vega eða mæla alla síld, þá hygg ég mig hafa sannað, að það sé miklu réttlátara að mæla en vigta. Ég held þess vegna, að ef menn vilja breyta um og nema úr l., að það megi gera hvorttveggja, þá sé miklu réttara að fyrirskipa mælingu á allri síld, en ekki vigt.

Vilmundur Jónsson: Út af ræðu hv. 1. þm. Rang. vil ég gera þá aths., að hann trúir ekki sjálfur á það, sem hann kennir, að það sé til niðurdreps síldarútveginum að vega bræðslusíld. Ef svo væri, mundi hann flytja frv. um að fyrirskipa, að öll síld skyldi mæld, en lögbannað yrði að vega síld. Nú er það svo, að allar síldarverksmiðjur á landinu láta vega síldina nema ein. Og þessi eina, sem lætur mæla, er stöðin á Hesteyri. Og það væri þá aðeins til niðurdreps þessari einu verksmiðju að banna að mæla síld, ef þetta væri rétt hjá hv. 1. þm. Rang. En trúi þá hver, sem trúa vill, að allar bræðsluverksmiðjur landsins nema ein taki ótilneyddar upp síldarvigtun, ef það væri til niðurdreps atvinnurekstri þeirra! Það er þó ekkert höfuðatriði, hvort síld er mæld eða vegin, heldur hitt, að einungis annaðhvort er gert eða að búið sé a. m. k. jafntryggilega um hvorttveggja, rétt mál og rétta vog. (**ÓTh**: Eigum við að flytja frv. um, að alla síld skuli mæla?). Það er ekkert aðalatriði. En hitt er annað mál, að það er margt, sem bendir á, að það sé þó öruggara að vega síld en mæla og þetta fyrst og fremst: Það hefir hvergi komið fram kvörtun yfir þeirri aðferð, en a. m. k. á 2 stöðum hafa komið fram mjög ákveðnar og alvarlegar kvartanir um síldarmælinguna og orðið úr opinbert hneykslismál.

Hv. þm. G.-K. vill gera þetta að persónulegu máli. Ég vildi hans vegna ekki gera það, og það hefir ekkert persónulegt verið frá minni hendi. En framkoma hv. þm. í þessu máli er mjög persónulega tortryggileg, þar sem hann fyrst, þegar setja á lög um að vega alla bræðslusíld, notar aðstöðu sína sem þm. til þess að smeygja því inn, að það megi þó einnig mæla hana, en síðan, gerandi samninga við sjómenn um að greiða þeim premíu af 150 lítra málum, fær 10% betri útkomu með því að mæla en vega, og í tilbót 10% fyrir skökk mæliker. Þetta er góð uppbót fyrir síldarverksmiðjuna á Hesteyri, en kemur ekki þessum atvinnurekstri yfirleitt til góða. Hvers vegna ætti að

hætta að vega bræðslusíldina eins og hv. þm. stingur upp á? Það hefir ekki heyrzt, að hinar verksmiðjurnar, sem tekið hafa upp síldarvigtun, vilji hætta því, og ekki heldur neinn af þeim, sem selur síld eftir vigt.

Það, sem ég hefi haldið fram, er aðeins þetta: Hvað eftir annað hafa komið upp hneyksli í sambandi við mál á síld, og nú síðast við fyrirtæki hv. þm. G.-K. En það er ekki ég, sem hefi gert hv. þm. tortryggilegan. Það er hann sjálfur, sem hefir gert það. Ég hefi ekki barizt fyrir því, að síld væri mæld jöfnum höndum og vegin. Ég hefi ekki notað þá aðferð, í blóra við hv. þm. sem síldarkaupanda, sem gefur honum 20% meiri síld en honum ber. Ég hefi ekki smíðað skökku síldarmálin hans og ég hefi heldur ekki falið þau þegar átti að mæla þau af lögreglunni. Það er því alveg skakkt hjá hv. 1. þm. Rang., að ég hafi verið að gera þetta fyrirtæki hv. þm. tortryggilegt; **það er fyrirtækið sjálft, sem hefir gert sig tortryggilegt.**

Ég gleymdi að minnast á það, sem hv. þm. G.-K. hafði eftir mér um togarann vestra, sem ég nefndi, Hávarð Ísfirðing, og viðskipti hans við Kveldúlf. Það er ekki rétt eftir haft, að ég hafi sagt, að munað hafi eins árs veiði á þrem árum. Ég sagði, að þessi togari hefði skipt við Hesteyri í 3 ár. Og svo bar ég það saman, að ef skipið hefði skipt við Hesteyri í 5 ár — og það munaði 20%, hvort skipt væri við Hesteyri eða Sólbakka, þá hefði Hesteyrarstöðin fengið eins árs veiði fyrir ekki neitt. Er þetta ekki rétt? **(ÓTh:** Ónei, það er nú tóm vitleysa). Hv. þm. hefir viðurkennt, að Hávarður Ísfirðingur hafi komið til Hesteyrar með mest 1500 mál, en á Sólbakka komu upp úr skipinu 1800 mál. Þetta nemur 20%. Það hefir reynzt, að það munar yfirleitt um 10% á vog og mæli kaupandanum í hag, og um 10% munaði á kerunum. Þetta kemur þannig heim, og er einnig í samræmi við reynslu annara skipa, sem lagt hafa til skiptis upp á Sólbakka og Hesteyri.

Ólafur Thors: Það gætir enn sömu raka hjá hv. þm. Ísaf.; hann er að gefa í skyn, að ég með því að taka mæliker, sem sé 150 lítrar og mæla síldina í þeim, hafi verið að hafa af sjómönnunum 10%. Ég vil nú benda hv. þm. á, að það er samningur við Sjómannafélag Rvíkur, að sjómenn skuli fá premíu af 150 lítra málum. **(VJ:** Já, réttum málum). Já, auðvitað. Það er þannig hreinasta fjarstæða, að sjómenn hafi verið vanhaldnir um annað en það, sem málin hafa verið of stór, „allt upp í 10%“ segir hv. þm. í dag, „10%“ sagði hann í gær, en löggildingarstofan segir nú 6%, og þar af stafa 2% frá henni sjálfri, og önnur 2% af venjulegri stækkun mælikeranna við notkun.

Þá segir hann, að ef Hávarður Ísfirðingur hefði skipt í þessi 5 ár á Sólbakka, en ekki á Hesteyri, þá hefði hann fengið betri útkomu, sem svaraði eins árs afla. En hvað veit hann um þetta? Hann byggir þetta á þessum 1500 og 1800 málum, eða þó öllu heldur á tilhneigingu sinni til að tala á móti betri vitund. Ég hefi sýnt fram á, svo ekki verður hrakið, að frá ári til árs hefir það síldarmagn, sem skipin hafa komið inn með í einu, farið vaxandi vegna þess, að skipstjórunum hefir lærzt það, að taka minna í skipin af kolum og salti, og ég skal endurtaka það, að upp úr þessu skipi, sem hv. þm. Ísaf. minntist sérstaklega á, mældist 1927 1035 mál, 1928 1373 mál og 1929 1507 mál. Mismunurinn stafaði af því, að skipstjórinn var farinn að hafa minna af salti og kolum í skipinu, til þess að auka burðarrúmið fyrir aflann.

En auk þess hefir ein af lestum skipsins, sem notuð var undir kol þau árin, sem skipið lagði aflann upp á Hesteyri, verið tekin undir síld þegar skipið lagði aflann upp á Sólbakka. Þetta veit hv. þm., því hann er meðeigandi í þessu skipi.

Hv. þm. hefir í þessu máli sýnt illkvittni, sem er fremur fátíð hér í þingsalnum, og beitt útúrsnúningum í stað raka. Óskammfeilni hans er með fádæmum, og hefi ég í langri viðkynningu aðeins einu sinni séð honum bregða, hverju svo sem hann hefir haldið fram eða við hann hefir verið sagt. Um daginn stakk ég upp á því við hann, að hann styddi mig í því að gera mikið þrifaverk fyrir almenning, að flytja með mér till., sem kæmi í veg fyrir það, að hæstlaunuðu embættismennirnir mættu taka á móti bitlingum. Þegar hann heyrði þetta, fór

hann allur hjá sér og hafði sig hið skjótasta á brott.

Vilmundur Jónsson: Ég fæ ekki séð, að nein ástæða sé til þess að ræða öllu meira um þetta mál. Hv. þm. G.-K. hefir viðurkennt, að síldarmálin á Hesteyri hafi verið of stór, og það er það, sem mestu skiptir í þessu sambandi. Það er fullgilt tilefni og ástæða til þess að samþ. frv. það, sem hér liggur fyrir. — Þá hefir hv. þm. látið sér sæma að vera með persónulega áreitni til mín, en jafnframt verið svo lítilþægur, að óska eftir siðferðisvottorði sér til handa frá mér og vitnað í 25 ára kunningsskap okkar í því sambandi. Það er ekki rétt, að við höfum þekkzt í 25 ár. Við þekktumst fyrir 25 árum. Síðan höfum við ekkert þekkzt, og get ég því engan vitnisburð gefið honum um hegðun hans síðan. En fyrir 20—25 árum þekkti ég hann að því í skóla að „svindla" sig gegnum hvert próf með engri þekkingu, en því meira monti, kjaftavaðli og hundavaðshætti. Hvort hann hefir breytzt síðan, get ég ekkert um sagt, en mér virðist hann vera mjög svipaður því, sem hann var.

Jón Ólafsson: Aðeins nokkur orð til hv. þm. Ísaf. Hann hélt því fram, þessi hv. þm., að ég vildi helzt afnema bæði vigt og mál á síld, en þetta er ekki rétt. Ég sagði aðeins, að ef ég væri sjómaður, þá myndi ég fara fram á, að síldin væri mæld. En þó að þessi hv. þm. haldi málinu mestmegnis gangandi á smásmugulegum naglaskap og tituprjónastungum í þann manninn, sem hann er hér að seilast til, þá mun það ekki verða honum að liði, heldur aðeins verða til þess að flestir muni fá viðbjóð á málssókninni.

Þá þóttist hv. þm. ekki hafa farið neinum óvirðingarorðum um hv. þm. G.-K. eða dróttað neinu ósæmilegu að honum, þó að hann talaði um hneykslismál í sambandi við hann, teldi hann mjög tortryggilegan o. fl. Þetta um 1500 málin á Sólbakka er hreinasta fjarstæða og öfgar. Ég er búinn að sanna, að prósenttölur mjöls og lýsis munar sáralitlu á báðum stöðunum, og það er óhrekjandi sönnun, sem ekki verður í móti mælt. Þessi 20% mismunur er því tilbúningur einn, gerður af þeim mönnum, sem hafa tilhneigingu til að ofsækja aðra.

Frsm. minni hl. (Guðbrandur Ísberg): Ég skal strax taka það fram, að ég ætla ekki að fara að blanda mér í deilur þeirra hv. þm. G.-K. og hv. þm. Ísaf. En ég vil benda á, að hv. þm. Ísaf. hefir ekki treyst sér til að halda því fram, að ekki væri töf að því að vega síld. Kom þetta greinilegast í ljós eftir að hann hafði svarað ræðu hv. 1. þm. Rang., enda er enginn vafi á því, að slíku er ekki hægt að halda fram, a. m. k. ekki af þeim, sem einhverja þekkingu hafa á þessum hlutum. Sennilega er það því framkvæmdarstjóri Samvinnufél. Ísfirðinga einn, sem leyfir sér að halda því fram.

Þá sagði hv. þm., að annaðhvort þyrfti að vega alla síld eða þá mæla hana alla. Ég get ekki séð, að þetta sé nein nauðsyn, og hv. flm. hefir engin rök fært fram til stuðnings þessum fráleita einstrengingshætti. Það er aðalatriðið fyrir mér, að útiloka ekki þann möguleika að mæla síldina þegar báðir aðiljar, seljandi og kaupandi, óska þess, því að það er af öllum, sem til þekkja, viðurkennt að vera miklu fljótlegra en að vega hana. Gerir það afgreiðslu skipanna því miklu greiðari. Auk þessa er frv. eins og það er nú beinlínis óþarft brot á samningsfrelsi manna, sem virðist með öllu óhafandi.

Ólafur Thors: Hv. þm. Ísaf. gat þess enn á ný, að aðalsönnunin fyrir 20% mismuninum væri sú, að skipin hefðu farið til Sólbakka, en ekki Hesteyrar. Það stendur nú svo á, að ég hefi í höndum bréf frá skipstjóra á einu af þeim skipum, sem lagt hafa upp síld bæði á Hesteyri og Sólbakka. Skýrir skipstjóri frá því, að venja sé að síma um áætlaðan afla á innleið, og segir frá þeirri reynslu sinni, að aflinn hafi sizt fremur farið fram úr áætlun þegar losað var á Sólbakka en Hesteyri. Hann skýrir ennfremur frá því, að síðastl. sumar hafi hann losað á Sólbakka 2134 mál úr einni veiðiför, og hafði til þess tíma aldrei jafnmikið komið úr skipinu. En skömmu síðar var aflinn lagður á land á Hesteyri, og reyndist þá 2327 mál, eða nær

200 málum meiri en mest hafði verið áður.

Ég hygg, að af þessu geti menn markað, að það er rétt, sem ég hefi verið að segja, að skipin hafa alltaf, frá ári til árs, verið að rúma meiri og meiri afla, með því að minnka rúm fyrir salt og kol.

Um viðkynningu okkar þau 25 ár, sem við höfum þekkzt, ætla ég ekki að fara að tala nú frekar en orðið er. Ég býst ekki við, að umr. um hana yrðu honum til heiðurs, og ef til vill veit hann það sjálfur líka.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónasÞ, LH, StgrS, SvbH, SvÓ, VJ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BKr, HG, IngB, JörB.

nei: JÓl, MG, MJ, ÓTh, PO, EA, GÍ, H-Stef, HJ, JAJ.

Fimm þm. (TrÞ, BSt, BÁ, HV, JJós) fjarstaddir.

Brtt. 104 samþ. með 13:2 atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 13:2 atkv.

3. gr. samþ. með 13:3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13:9 atkv.

Á 34. fundi í Nd., 21. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 138).

Frsm. minni hl. (Guðbrandur Ísberg): Sjútvn. hafði mál þetta til meðferðar og klofnaði um það. Minni hl. n. lagði til, að það yrði ekki samþ., og færði rök að því, að óþarft væri að banna mönnum að kaupa síld í löggiltum málum, þegar samkomulag væri um það milli kaupanda og seljanda að mæla síldina. Út af þessu sneri minni hl. sér til Þorkels Þorkelssonar, sem veitt hefir löggildingarstofunni forstöðu árum saman, og bað hann að segja álit sitt á þessu máli. Vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa bréf hans til okkar um þetta efni:

„14. marz 1932.

Herra alþm. Guðbrandur Ísberg
Alþingi.

Vegna fyrirspurnar yðar í bréfi dags. 10. þ. m., hvort ég telji öruggara og heppilegra að vega síld eða mæla, vil ég leyfa mér að geta þess, að ég hefi í allmörg ár lítið fengizt við mál og vog og eigi reynt að fylgjast með í öllum þeim breytingum, sem kunna að hafa orðið á því sviði hin síðustu árin, en það er skoðun mín, að afhending síldar geti gengið greiðlegar, ef síldin er mæld í mælikerum, og það er mikilsvert atriði, bæði fyrir þá, sem afhenda og taka á móti síldinni, að mælingin tefji afgreiðsluna sem minnst, og vilja flestir vinna það til að slaka á kröfunni um hárnákvæma mælingu, en að afhendingin tefjist til muna vegna mælingarinnar. En auðvitað verður mælingin að vera óhlutdræg, og það á hún að vera, ef notuð eru löggilt mælikeröld. Með vigtun á góðri vog má að vísu fá nákvæma mælingu á síldinni, ef þá síldin er ekki söltuð, sem gerir vigtunina hlutdræga, og sé nú farið að slumpa til um áhrif söltunarinnar, þá er hin aukna nákvæmni um leið glötuð.

Með hentugum vogum getur vigtunin að mínu áliti gengið svo greiðlega, að hún tefji ekki afhendingu síldarinnar að neinum mun, en ég býst við því, þótt ég sé því máli eigi kunnugur nú, að kostnaðurinn við vigtunina og vogaráhöldin verði alltilfinnanlegur, a. m. k. töluvert meiri en ef mælikeröld eru notuð. En það, sem ég hefi aðallega á móti vigtuninni, er það, að þótt vogirnar séu góðar og nýlöggiltar í byrjun síldveiðitímans, þá er það í raun-inni engin trygging fyrir því, að vogirnar haldist réttar út allan síldveiðitímann, ef þær eru mikið notaðar og meðferð þeirra eins og gengur og gerist. Það getur farið svo, að þær vegi stórlega rangt, er líður á síldveiðitímann.

Það er erfitt að ganga svo frá löggildingarákvæðum og löggildingu voga, að sá, sem setur sig út til þess, geti eigi svikið vigtun á vogum. Með því að fyrirskipa, að síldin sé vegin af löggiltum vigtarmönnum er að vísu fyrir þetta byggt, en hinsvegar er engin trygging fyrir því, að vigtarmennirnir noti ekki vogaráhöld, sem orðin eru röng, því að hingað til hefir þess eigi verið krafizt af löggiltum vigtarmönnum, að þeir hafi sérþekkingu í að meðhöndla og prófa vogaráhöld.

Ég er því þeirrar skoðunar, að yfirleitt sé heppilegra að mæla síldina en vega hana, og geri ég þá auðvitað ráð fyrir, að eingöngu séu notuð löggilt mælitæki og

vogaráhöld. Ef þeir, sem hlut eiga að máli, hafa eigi framtak til þess að ganga eftir því, að notuð séu einvörðungu löggild mæliker, þá hefi ég litla trú á, að þeir gangi úr skugga um, að margbrotin vogaráhöld séu löggilt og í lagi.

Þorkell Þorkelsson".

Þetta segir nú sá maður, sem hefir verið formaður löggildingarstofunnar árum saman og ætti að hafa manna mesta reynslu og þekkingu í þessum efnum. Hann telur ekki tryggara að vega en mæla og álítur jafnvel heppilegra að ýmsu leyti að mæla síldina. Nú er ekki verið að fara fram á að mæla síldina eingöngu, heldur er því haldið fram, að óheppilegt væri að banna með öllu að mæla síld. Bréfið styður álit okkar. Er þess að vænta, að eftir að hv. þdm. hafa heyrt álit þessa manns, athugi þeir, hvað þeir eru að gera, áður en þeir banna að mæla síld í löggiltum mælikerum.

Vilmundur Jónsson: Ég ætla að vænta þess, að hv. d. taki ekki of hátíðlega þessum vitnisburði, þar sem röksemdirnar stangast eins og hrútar. Aðalatriðið í þessu máli er það, að bræðslusíld er vegin um allt land nema hjá einni verksmiðju. Ég býst við, að þeir menn, sem að hinum verksmiðjunum standa, hafi eins gott vit á þessu efni og fyrrv. löggildingarstjóri, sem vafasamt er um, að nokkurntíma hafi séð síld. Þeir una vigtuninni vel og dettur ekki í hug að skipta um. Því leitar ekki minni hl. n. vitnisburðar þeirra.

Það er aðeins ein verksmiðja, sem mælir síld og vill halda áfram að gera það. Hún hefir útvegað sér vottorð, sem fyrst og fremst er ómerkt í sjálfu sér, og því minna virði sem þessi sama verksmiðja, er leggur það fram sem gagn í málinu, hefir gert sig seka í stórfelldu hneyksli í sambandi við síldarmælingar og allt að því lútandi.

Ólafur Thors: Ég hélt því fram við 2. umr., að tryggara væri að mæla síld en vega. Nú hefir minni hl. sjútvn. leitað álits Þorkels Þorkelssonar á málinu. Ég get ekki betur séð en að umsögn hans sé veigamikil rök fyrir okkar málstað. Þessi maður, sem árum saman hefir dæmt um öryggi vogartækja, segir, að þótt tækin séu rétt í byrjun veiðitímans, geti þau vegið stórlega rangt í lok hans. Því telur hann öruggara og jafnframt fljótlegra að mæla síldina. Hvaða vit er nú í að banna síldarmælingar, þegar sá maður, er mest vit hefir á þessum málum á landi hér, hefir látið slíkt álit í ljós? Löggjafinn má ekki gera sig sekan um það að ganga svo í berhögg við reynslu og þekkingu. Mér komu þessar upplýsingar ekkert á óvart. En meiri hl. hv. d. vildi ekki trúa rökum mínum við 2. umr. málsins, og það get ég að vísu sætt mig við, en ég held, að ekki verði komizt hjá að beygja sig fyrir rökum Þorkels Þorkelssonar.

Hv. þm. Ísaf. sagði, að aðeins ein verksmiðja mældi síldina, og þá verksmiðju skyldi kúga til að vega hana. Ég get þó frætt hv. þm. á því, að hæpið er, að sú verksmiðja leggi í þann kostnað, sem vigtun síldar fylgir, ekki sízt þar sem bryggjur verksmiðjunnar eru í mikilli skriðuhættu.

Við síðustu umr. sagði þessi hv. þm., að ég hefði svikið mig í gegnum próf í skóla, eða „svindlað", eins og hann orðaði það. Ég vil nú biðja hv. þm. að upplýsa, í hverju þessi svik lágu. Ég hefi engar dulur á það dregið, að ég hafi ekki verið prófmaður, og var það e. t. v. af því, að ég lagði ekki eins mikla rækt við námið og hv. þm. En slíkar hneisur gleymast með tímanum. Skólabræðrum okkar eru vafalaust ekki mín lágu próf eins minnisstæð ennþá og eitt hið ljótasta skammarstrik, sem framið hefir verið í skóla — af hv. þm. Ísaf.

Vilmundur Jónsson: Ég vil fyrst leiða athygli að því, að ekki er nauðsynlegt að setja þessar vogir á bryggjur eða bryggjusporða, heldur geta þær verið hvar sem vill á leiðinni frá skipi til verksmiðjunnar, því að vigtun síldarinnar fer þannig fram, að vögnunum er ekið á vogina einhversstaðar á þessari leið. Mér hafa og sagt skipstjórar, sem vitanlega bera bezt skyn á þessi mál, að því sé fjarri, að seinlegra sé að vigta síldina en að mæla hana, því að það sé þvert á móti fljótlegra, enda er þetta skiljanlegt, þegar athugað er, að málin þarf að fylla á ný, ef þau slást svo mjög til, að meira eða minna af síld hrýt-

ur úr þeim, eins og oftlega kemur fyrir, og tefur þetta auðvitað fyrir losuninni, en til þessa kemur hinsvegar ekki, ef síldin er vegin. Legg ég miklu meira upp úr umsögn reyndra skipstjóra í þessu efni heldur en umsögn forstjóra löggildingarstofunnar, sem mér vitanlega ber hvorki skyn á síld né síldarafgreiðslu, og er þetta ekki sagt forstjóranum til neins lasts.

Ég get bætt því hér við til fróðleiks, vegna þeirrar skýringar, sem hv. þm. G.-K. kom með við 1. umr. málsins hér í deildinni á því, af hverju hefði komið meira og meira upp úr skipunum á Hesteyri, eftir því sem þau lögðu þar upp fleiri vertíðir, að ég hefi heyrt aðra skýringu á þessu fyrirbrigði en skýringu hv. þm. G.-K., sem var fólgin í því, að skipin hefðu verið hlaðin misjafnlega hinar ýmsu vertíðir, og sú skýring, sem ég hefi heyrt, er miklu skiljanlegri en þessi skýring hv. þm. G.-K., þegar til þess er litið, að málin reyndust misstór, enda þótt þau séu öll smíðuð af sama beykinum og öll eftir sama löggilta málinu. Sannleikurinn mun vera sá — a. m. k. er það skoðun manna almennt fyrir vestan —, að beykirinn smíðaði öll málin jafnstór í upphafi, og öll eins stór og stærstu málin reyndust, en við notkunina brotnuðu laggirnar á mörgum málunum, og var botninn í þeim færður upp af þeim ástæðum jafnótt og gert var við laggarbrotin. Þessi skýring er miklu skiljanlegri en skýring hv. þm. G.-K., því að ella verður það óskiljanlegt, af hverju málin urðu misstór, og vera þó öll smíðuð eftir sama málinu af sama beykinum.

Bjarni Ásgeirsson: Ég hefi ekki fylgzt með í þessum umr., því að ég hefi verið veikur undanfarið og hefi af þeim ástæðum ekki getað sótt þingfundi, en vil þó hinsvegar gera grein fyrir afstöðu minni til málsins.

Það getur ekki leikið neinn vafi á því, að nauðsynlegt er að leita einhvers óskeikuls úrræðis um afhendingu bræðslusíldar. Er það nauðsynlegt bæði vegna kaupanda og seljanda þessarar vöru, að ákvörðun síldarmagnsins sé fullkomlega örugg, og auk þess hefir þetta mikla þýðingu fyrir sjómenn, því að venjulegast er kaup þeirra að meira eða minna leyti miðað við afla skipanna, sem þeir eru á, vegna premíuráðningarinnar. Ég skal nú játa það, að fyrst þegar þetta mál var til umr. hér í þinginu, fyrir ári eða svo, var ég í nokkrum vafa um það, að rétt væri að fyrirskipa með lögum, að öll bræðslusíld skyldi vegin, og þá fyrst og fremst af því, að ég óttaðist, að órannsökuðu máli, að vigtun síldarinnar væri svo seinleg, að ekki yrði við unað, þegar mikið bærist að af síldinni í einu, eins og oft er, því að síldveiðarnar ganga í bylgjum, svo að eina stundina veiðist lítið eða ekkert, en aðra stundina fyllir hvert skip sig á augabragði, og ríður þá á, að losunin geti gengið greiðlega. Þá var mér og ekki heldur fullkomlega ljóst, hvort það yfirleitt væri heppilegra að vega síldina en að mæla, hvor aðferðin væri öruggari o. s. frv., en ég hefi nú aflað mér upplýsinga um þetta hjá fróðum mönnum á þessa hluti, og segja þeir mér, að það sé öruggara og nákvæmara að vega síldina en að mæla hana, og þó alls ekki seinlegra. Hníga þessar upplýsingar þannig í aðra átt en yfirlýsing forstjóra löggildingarstofunnar, sem hér hefir verið lesin upp, en ég verð að leggja meira upp úr kunnugleika þeirra manna, sem ég hefi mínar upplýsingar frá, enda hefir ýmislegt komið fram í umr., sem bendir til þess, að miklir örðugleikar séu bundnir við það að fá fram löglega mælingu á síldinni, t. d. verður það ekki tryggt, að hið lögboðna síldarmagn sé í málunum, vegna þess, hve síldin er misþung, þegar hún er afhent og mæld. Þó er annað, sem er enn þyngra á metunum í þessu máli frá mínu sjónarmiði en það, sem ég nú hefi nefnt, og er það, að alltaf má búast við, að upp rísi deilur út af mælingu síldarinnar. Er þar skammt að minnast Krossanesmálsins, sem var pólitískt illdeilumál hið mesta, og nú annað mál samkynja komið til, sem virðist ekki ætla að verða minna illindamál en hið fyrra var. Sýnir þetta, að mæling síldarinnar er það miklum vandkvæðum bundin, að alltaf má búast við deilum og rifrildi út af mælingunni. Nú má að vísu segja, að jafnt megi svíkja hvort sem heldur er vog eða mæli, ef kaupendur síldarinnar á annað borð vilja leggja sig niður við slíkt, og er þetta að vissu leyti rétt. Vil ég í

þessu sambandi taka það fram, vegna ummæla, sem fallið hafa hér í umr., að ég hefi haft margháttuð kynni af forstjórum Kveldúlfs nú í mörg ár, og vegna þeirrar viðkynningar er ekki skuggi af efa um það hjá mér, að þær misfellur, sem orðið hafa á Hesteyri í þessum efnum, hafa ekki orðið fyrir tilverknað eða með vitund forstjóranna, og þegar svo getur farið heiðarlegum mönnum í hvívetna, að þeir verði fyrir þungum og alvarlegum ásökunum af þessum hlutum, hljóta menn að geta fallizt á það, að æskilegt sé að koma þeirri skipun á þessi mál, að slíkt komi ekki fyrir eftirleiðis. Samkv. þeim upplýsingum, sem ég hefi aflað mér um þessa hluti, þykir mér sem meiri trygging sé fengin fyrir þessu með því að vega síldina en með því að mæla hana, og af þeim ástæðum m. a. mun ég greiða þessu frv. atkv. mitt.

Ólafur Thors: Hv. þm. Mýr. taldi með réttu nauðsynlegt að leita einhvers óskeikuls úrræðis um afhendingu síldar, sem seld er í bræðslu, og kvað hann sig hafa sannfærzt um það af viðtali við kunnuga menn þessum hlutum, að þetta óskeikula úrræði væri að vega síldina. Hér liggur nú fyrir umsögn manns, sem fer í þveröfuga átt, og verða ekki bornar brigður á það, að þessi umræddi maður, sem hér hefir og verið nafngreindur, beri fullkomlega skyn á þessa hluti, og skora ég því á hv. þm. Mýr. að tilgreina þessa menn, sem hann ber fyrir sig og trúir betur en forstjóra löggildingarstofunnar. Ég er að vísu sannfærður um það, að ef hv. þm. Mýr. hefði séð umsögn hr. Þorkels Þorkelssonar áður en hann skrifaði undir nál., mundi hann ekki hafa gert það, enda í samræmi við það, sem hv. þm. sagði í viðtali við mig, þegar þetta mál kom til athugunar í sjútvn.

Þá vildi hv. þm. Mýr. rökstyðja nauðsynina á að lögbjóða vigtun á allri síld, sem seld er til bræðslu, með því, að þannig væri hægt að koma í veg fyrir, að slík slysni gæti hent menn, sem eru fullkomlega heiðarlegir menn í hvívetna, að dómi hv. þm., að nota stærri mál en lögboðið er. Út af þessu vil ég fyrst leiða athygli að þeim orðum hv. þm., að „jafnt megi svíkja mál sem vog, ef kaupendur síldar vilji leggja sig niður við það", en þar næst benda á þau ummæli hr. Þorkels Þorkelssonar, að þó að vog vegi rétt í upphafi, getur hún verið orðin stórvægilega röng, þegar líður á síldveiðitímann, og er enda skoðun hans, að yfirleitt sé það heppilegra að mæla síldina en að vega hana. Hver sá maður, sem vill gera rétt í þessu máli, getur ekki komizt hjá því að hlusta á þessi orð, og hver sá maður, sem af alvöru vill girða fyrir það, að heiðarlegir menn verði felldir rógi og níði af vondum mönnum, sem vilja vekja grun á þeim í huga lítt dómbærs almennings, á því ekki að halda með vigt á síldinni, heldur þvert á móti reyna að vinna að því, að öll síld verði mæld, eins og hr. Þorkell Þorkelsson álítur, að réttast mundi vera. Ef hvorki ég né aðrir getum haft gát á, að mælikerin séu rétt, hvernig mættum við þá hafa gát á, að vogirnar séu réttar, sem eru enn flóknari og margbrotnari í meðförunum.

Hv. þm. Ísaf. sýndi það nú enn á ný, hve óráðvandlega hann rökstyður sitt mál. Þótti honum sem öryggisleysi þyrfti ekki að stafa af því um vogirnar, að þær væru settar á bryggjur eða bryggjusporða, því að þessa væri engin þörf. Vogirnar gætu verið hvar sem væri á leiðinni frá skipinu upp að verksmiðjunni. Nú veit ég, að hv. þm. veit það eins vel og ég, að skipin lenda við bryggjurnar, og er síldinni ekið eftir þeim skemmstu leið upp í þrærnar, sem hafðar eru við bryggjuendann.

Þá vildi hv. þm. halda því enn fram, að ekki væri fljótlegra að mæla síldina en að vigta hana, og færði það til um þetta, að svo seinlegt væri að ganga svo frá málunum við losunina, að ekki væri í þeim annaðhvort of eða van. Ég get nú sagt hv. þm. það, að þetta er alls ekki hnitmiðað, a. m. k. hefir það ekki verið gert á stöð Kveldúlfs fyrir vestan, nema þá ef vitanlegt var, að verið var að gera sér leik að því að vanfylla málin. Hefir þetta og verið upplýst í réttarhöldunum fyrir munn ekki ljúgfróðari manns en sjálfs formanns framsóknarfélagsins hér í Rvík, sem bar það fyrir rétti, að sá af framkvæmdarstjórum Kveldúlfs, sem hann um eitt skeið vann undir þarna fyrir vestan, hefði lagt svo fyrir, að ekki væri

ástæða til að fjargviðrast út af fyllingu málanna, ef ekki væri um vísvitandi brögð að ræða. Þó að vantaði svo sem 1—2 tommur á málin, væri ástæðulaust að vera að fetta fingur út í það, og jafnvel þó að vantaði 3 tommur, sem þó svarar til 9 lítra, sem er sú skekkja, sem að meðaltali hefir reynzt á málunum fyrir vestan. Ef menn því vilja hneigjast að því að láta vigta síldina, verður það að byggjast á því, að með því fáist fram meira öryggi, en eins og ég áður sagði, er þetta þvert ofan í umsögn hr. Þorkels Þorkelssonar, forstjóra löggildingarstofunnar, sem ætti manna bezt að bera skyn á þessa hluti, því að hann heldur því fram, að meira öryggi fáist með því að mæla síldina.

Hv. þm. Ísaf. notaði enn á ný tækifærið til að sýna góðgirni sína og fyrirlitningu á hv. þdm. Ég hafði lesið hér upp skýrslu um aflabrögð togarans Hávarðar Ísfirðings, þar sem það kom greinilega fram, að hann lagði alltaf meiri og meiri afla upp á Hesteyri frá ári til árs, og hafði ég skýrt þetta með þeim alkunnu rökum, að eftir því sem skipstjórinn betur hefði kynnzt skipinu, hefði hann farið að taka minna af kolum og salti með í hvern túr og aukið þannig burðarmagn skipsins. Skal ég nú endurtaka hér þessa skýrslu. Árið 1927 var mestur afli togarans 1035 mál, 1928 1373 mál, 1929 1507 mál, og 1931, þegar togarinn lagði upp á Sólbakka, 1800 mál, enda hefir komið á daginn, að ný lest í skipinu hafði verið tekin til notkunar fyrir síld frá því sumarið 1929, er skipið lagði upp á Hesteyri síðast. Nú kom hv. þm. Ísaf. með þá skýringu á þessu, að við hefðum notað stærri mál til að byrja með, en síðan farið að minnka þau smátt og smátt, og sagði hv. þm., að þetta skýrði hinn aukna afla Hávarðar Ísfirðings fullkomlega. Nú reyndust málin að meðaltali 159 l., og leiðir beint af því, að við höfum átt að nota um 240 l. mál 1927. (HG: Fyrr má nú rota en dauðrota). Já, ég vil taka undir þetta með hv. þm. Seyðf. Fyrr má nú misbjóða hv. d. en að halda fram slíkum rökum. (VJ: Hvernig stóð á því, að málin voru misstór?). Hv. þm. Ísaf. er bezt að spyrja beykinn að því, en flestum mun nú virðast svo sem það sanni einmitt það öfuga við það, sem hv. þm. Ísaf. vill vera láta, því að ef beykirinn hefði ætlað sér að svíkja málin, hefði hann sjálfsagt haft þau öll jafnstór. Annars vil ég vísa til þess, sem ég áður hefi sagt um þetta, og vil svo aðeins að lokum endurtaka það, að það er öryggismeira að mæla síldina en að vega, og ég get bætt því almennt við um vogir, að þær eru yfirleitt ekki öruggur mælikvarði á hlutina. A. m. k. þekki ég eitt fyrirbrigði úr dýraríkinu, sem þarf að láta 18 þús. kr. á vogarskálina til að vega upp á móti, en kemst þó prýðilega fyrir í vasa hæstv. dómsmrh. Hinn bitlingum hlaðni landlæknir getur frætt hv. þd. á, við hvern ég á.

Hannes Jónsson: Ég hefi ekki fundið til þeirrar knýjandi þarfar, sem hv. flm. þessa frv. heldur fram, að sé á því, að löggjafarvaldið fari nú að hlutast til um það, að ekki megi takast samningar um það milli þeirra, sem hlut eiga hér að máli, hvort heldur skuli vega bræðslusíldina eða mæla. Ég hefi ekki fundið þörfina fyrir þessu, og því hefi ég, þegar þetta mál hefir verið til umr. hér á fyrri þingum, ekki fundið ástæðu til að ljá því atkv. mitt, og svo mun enn verða að þessu sinni. Þegar um er að ræða, að tveir aðiljar komi sér saman um viðskipti sín á milli, er ekki rétt, að löggjafarvaldið fari að blanda sér í það og hindra, að slíkir samningar geti tekizt. Ég játa og, að mér einnig að öðru leyti er óljúft að blanda mér í þær sérstöku deilur, sem af þessu hafa orðið. Þeir aðiljar, sem standa einkum að þessum deilum, hafa komið sér það vel saman undanfarna mán., að ég af þeim ástæðum hefi enga löngun til að komast upp á milli þeirra eða stuðla að því, að löggjafarvaldið geri það, auk þess sem ég hefi góða trú á því, að Samvinnufélagi Ísfirðinga muni takast prýðilega að semja um þessi mál við hlutaðeigandi verksmiðju. Ég er og það mikill trúmaður, að ég vil ekki, að það sé sundur slitið, sem guð hefir sameinað, og að löggjafarvaldið fari að blanda sér í samkomulag þessara tveggja flokka, og álít enda, að það sé þarflaust, vegna undanfarinnar reynslu af samúð þessara aðilja, en hinsvegar áliti ég ekki illa til fallið, að þeir blönduðu blóði saman í sviknu síldarmáli frá Kveldúlfi.

Bjarni Ásgeirsson: Hv. þm. G.-K. krafði mig nafna á heimildarmönnum mínum í þessu máli, og get ég að vísu ekki orðið við því í þessum umr., en get þó upplýst hv. þm. um það, að einn þessara manna hefir verið yfirmaður á einu af skipum Kveldúlfs, og allir sögðu þeir afdráttarlaust, að heppilegra væri að vega síldina en að mæla. Misfellur í þessum efnum koma og ekki eingöngu niður á þeim, sem selja síldina, heldur líka á þeim, sem kaupa hana, því að þegar allt er í önnum um uppskipunina, vill alltaf verða of eða van í málunum, þannig, að sú síld, sem afhent er, verður ýmist meiri eða minni en mælirinn segir til um. — Út af því, að hér hefir verið skýrt frá samkv. umsögn forstjóra löggildingarstofunnar, að vogirnar geti verið orðnar skakkar, þegar líður á síldveiðitímann, vil ég benda á það, að hér liggur fyrir yfirlýsing frá sama manni þess efnis, að málin stækki við notkunina, svo að í þessu efni hallast ekki á um vog og mæli. Og hvað mig snertir, þá get ég ekki sannfærzt af þessu vottorði um það, að mæling síldarinnar sé öruggari en vigtunin.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Ég skal ekki blanda mér í þær persónulegu deilur, sem risið hafa í sambandi við þetta mál, en það verð ég þó að segja, að það eykur ekki álit mitt á frv., þó að hv. flm. þess sé að blanda því inn í umr., hvernig einum eða öðrum hafi gengið um próf í skóla, meðan mér hefir ekki verið sannað það, að slíkt skipti máli um það, hvort réttara sé að vega síld eða mæla. Og sama gegnir um aðrar dylgjur hv. flm. í garð hv. þm. G.-K. Þær eru aðeins til að veikja trú manna á því, að frv. sé flutt af eins hreinum hvötum og vera ætti og hv. flm. þykist flytja það af. Ég sé ekki, að neitt sé dularfullt við það, þó að beykinum hafi ekki tekizt að hafa öll málin jafnstór; a. m. k. bendir það ekki til þess, að hér sé um neitt ákaflega dularfullt fyrirbrigði að ræða, þar sem beyki sjálfrar löggildingarstofunnar tókst ekki heldur að hafa þau mál rétt, sem hann smíðaði. Eins og dæmið um málið frá löggildingarstofunni sýnir, getur það auðvitað komið fyrir, að mál séu röng, án þess að nokkur brögð séu í tafli.

Ég vil minnast nokkuð á þær ástæður, sem hv. þm. Mýr. færði fyrir fylgi sínu við frv. Hann kvað vaka fyrir sér að fá sem allra nákvæmastan mæli. Þetta er auðvitað rétt og sjálfsagt, en nú hefir komið fram, eins og sést á vottorði Þorkels Þorkelssonar, að vogum getur skeikað, og það stórlega. Þetta er engin ný bóla. Ég man eftir, að í Ameríku var vögnum ekið yfir vogir inn í hlöðurnar, og ég heyrði bændurna þrásinnis tala um það sín á milli, að vel gæti nú verið, að haft væri af sér. En hér er ekki verið að tala um neina hnitmiðaða nákvæmni, þar sem þungi síldar er svo misjafn í hlutfalli við rúmmál. Aðalatriðið er, að hér hefir verið sýnt fram á, að sanngjarnara og öruggara er að mæla en vega. Ég gæti því miklu frekar fallizt á, að fyrirskipað yrði að mæla alla síld, ef taka á annan kostinn, en útiloka hinn.

Annað mælir og á móti frv., og er það ekki síður hagsmunamál seljenda en kaupenda. Ef töf verður vegna vigtunarinnar, sem sannað er, að komið getur fyrir, dregur það úr framleiðslunni til enn meira tjóns fyrir seljanda en kaupanda. En vigtun hefir næstum ávallt tafir í för með sér, ekki sízt, ef vogirnar eru langt í burtu, eins og hv. þm. Ísaf. var að tala um. Þá mælir það og á móti frv., að vogir þessar eru mjög dýrar, ekki sízt þar, sem þær eru í hættu af völdum náttúrunnar, eins og vera mun á Hesteyri. Ættu menn ekki að gera sér leik að því að gera framleiðsluna dýrari en hún þarf að vera, og má gott heita, ef ekki þarf að beita harkalegri ráðstöfunum en að lofa henni að vera í friði. Eitt atriði kemur hér enn til greina og það er, að miklu erfiðara er fyrir viðskiptamennina að fylgjast með og líta eftir, að rétt sé vegið en að rétt sé mælt. Ef löggildingamennirnir gæta þess, að málin séu rétt, er vandalaust að fylgjast með því, að rétt sé mælt. Aftur á móti er ákaflega erfitt að fylgjast með því, hvort vogin er rétt allan síldartímann.

Þræta út af vogum er ekkert nýnæmi. Það má heita, að áframhaldandi stríð hafi verið öldum saman milli kaupenda og seljenda út af vigt á ull og fiski o. s. frv. Vogin er eitt elzta og viðkvæmasta þrætuepli.

Ég held, að ef ég væri á síldveiðaskipi, kysi ég heldur að sjá síldina mælda fyrir augunum á mér en að láta vega hana eftir að upplýst er, að vogir geta svikið. Hv. þm. Ísaf. sagði, að síld væri alstaðar vegin nema á Hesteyri. Var helzt að skilja á honum, að aðrir síldarkaupendur væru einhverjir englar. En vafalaust mætti segja með sama rétti og hv. þm. segir, að Hesteyrarverksmiðjan vilji láta mæla síldina í hagsmunaskyni, að kaupendurnir annarsstaðar myndu þykjast græða á vigtuninni.

Ég tel langsanngjarnast, að þau lög séu látin haldast, sem nú gilda, og það sé undir samkomulagi seljanda og kaupanda komið, hvort síldin er mæld eða vegin.

Frsm. minni hl. (Guðbrandur Ísberg): Hv. þm. Mýr. kvaðst fylgja frv. til þess að koma í veg fyrir, að slíkar deilur risu út af mælingu síldar hér eftir sem hingað til. Deilur út af þessu hafa tvisvar risið, sem kunnugt er, í Krossanesi og á Hesteyri. Tilefnið í Krossanesi var, að málin reyndust stærri en menn bjuggust við. Þetta voru norsk mæliker og samkv. norskri reynslu áttu að fást úr þeim 150 lítrar. Við vitnaleiðslu kom í ljós, að þótt einstaka skip kunni e. t. v. að hafa afhent eitthvað lítið meira af síld en átt hefði að vera, þá munu þó fleiri hafa afhent minni síld en vera átti. Þegar Krossanesmálin voru minnkuð, svo að verksmiðjan fékk minni síld úr þeim en áður hafði verið, borgaði hún, eins og eðlilegt var, minna fyrir það minnkaða síldarmagn, sem hún eftir það fékk úr málunum. Það kom henni í sama stað niður, og seljendunum raunar líka, en þeir græddu ekkert á breytingunni.

Um hitt atriðið, Hesteyrarmálin, hefir verið rætt svo mikið hér í deildinni, að ég hirði ekki að bæta við þær alm. umræður. En ég vil beina þeirri spurningu til hv. þm. Mýr., hvaða tryggingu hann hefir fyrir því, að deilur geti ekki risið í framtíðinni um vigt á síld, þó bannað yrði með öllu að mæla hana. Hvernig hugsar hann sér að koma í veg fyrir, að vog geti bilað á miðri vertíð og vegið rangt skemmri eða lengri tíma án þess að tekið væri eftir? Ekki útilokar það deilur eftir á, þegar uppvíst verður. Mér kæmi ekki á óvart, ef þetta frv. yrði samþ., að Alþ. yrði að flýta sér að nema það úr lögum aftur, vegna þess að þvílíkt slys hefði komið fyrir og leitt af sér deilumál.

Það hefir komið fram hjá allmörgum hv. þm., að ekki væri meiri töf að því að vigta en mæla. Ég mótmæli þessu algerlega. Enda er þetta augljóst, ef t. d. vog bilar og þarf að gera við hana, en hinsvegar bannað að nota mæliker að viðlögðum sektum. Af þessu gæti leitt margra klukkutíma og máske sólarhringstöf, sem hlyti að valda miklu tapi einmitt fyrir framleiðendur

Hv. þm. V.-Húnv. virtist okkur minni hl. sammála um það, að óhætt væri að láta seljendur og kaupendur um það, hvort vegið skuli eða mælt. En viðvíkjandi blóðblönduninni við jafnaðarmenn, sem hann var að tala um, þá hélt ég satt að segja, að hv. þm. Ísaf. væri búinn að blanda blóði við Framsóknarflokkinn. En ef svo er nú ekki og ílát vantar undir blöndunina, og ef það er eitthvert sáluhjálparatriði, að hún endilega verði látin renna í síldarker, þá vil ég fyrir mitt leyti mæla með því, að Kveldúlfur eða einhver annar síldarmálaeigandi láti slíkt ker góðfúslega af hendi til þessara sérstöku nota.

Bergur Jónsson: Það er engin ástæða til þess hér að vera að deila um, hvort betra sé að mæla síld eða vega. Hér er ekki um þær breyt. á lögunum frá 1930 að ræða, að slíkt komi til greina. Meiri hl. sjútvn. byggði álit sitt á því ákvæði laganna, að síld skuli vegin, ef sjómenn óska þess. Nú er þetta frv. borið fram eftir óskum sjómanna og seljenda, vestanlands a. m. k. Ég vil nú spyrja hv. þm. G.-K., hvort hann ætli sér að neita að verða við óskum seljendanna. Ef frv. þetta verður samþ., veit firmað nú þegar um breyt. og getur haft sinn undirbúning, en annars gæti krafa sjómanna e. t. v. komið firmanu verr, ef hún kæmi síðar fram. Eða ætlar hv. þm. sér e. t. v. að daufheyrast við slíkri kröfu, þótt hún komi beint frá sjómönnunum sjálfum? Ef hv. þm. er jafnsannfærður um ágæti mælingarinnar fram yfir vigt og hann lætur, ætti hann að beita sér fyrir því,

að lögunum frá 1930 yrði breytt þannig, að *mæling* yrði *tekin upp í* stað vigtar.

Ólafur Thors: Það er auðvitað misskilningur hjá hv. þm. Barð., eins og sumt *fleira*, að ekki *komi* málinu við, hvort betra sé að mæla eða vega síldina. Hér er um það að ræða, hvort *nema eigi* úr lögum heimild til þess, að seljandi og kaupandi geti *komið* sér saman um, hvora aðferðina þeir kjósa. (**BJ:** Einskis samkomulags þarf með; seljendur geta krafizt að fá síldina vegna). Já, en ég myndi varla geta heitið refjahundur, þótt ég kærði mig ekki um að kaupa síldina, ef krafizt væri, að hún væri vegin. (**BJ:** Ég þakka fyrir upplýsingarnar). Annars ber ég engan kvíðboga fyrir ósamkomulagi milli mín og sjómannanna út af þessu. Ég veit, að ef þessir menn, sem borið hafa úr býtum 15—18 hundruð kr. yfir síldartímann, kæmu hér inn í deildina og ættu að gera út um málið, myndu þeir vera á móti þessu frv., að líkindum hver einasti. Þetta frv. er ekki áhugamál sjómanna, heldur annara, sem vilja svívirða menn, sem eru algerlega saklausir, manna eins og hv. þm. Ísaf., sem segir hér frammi á göngum við þingmenn, að sér detti ekki í hug, að ég eða við bræður eigum minnstu sök á Hesteyrarmálinu, en kemur svo með svívirðilegar dylgjur og aðdróttanir hér í deildinni. Ég veit, að þær hvatir ráða þó ekki aðstöðu hv. þm. Barð., heldur byggist hún á þeim misskilningi, að hann sé að vinna hér fyrir sjómenn fyrir vestan.

Hv. þm. Ak. hefir bent á, að skekkjur á málum eru oft kaupanda til tjóns. Hér er ekki um neina hnitmiðaða nákvæmni að ræða, enda láta engir, sem hlut eiga að máli, svo smávægileg atriði standa í vegi fyrir viðskiptum. Skekkjan á Hesteyrarmálunum varð 6%. En eftir því sem Þorkell Þorkelsson segir, geta vogir vegið **stórlega** rangt. Ef hv. þm. eru að leita að hinu rétta í málinu, þá taki þeir þessi rök til greina.

Hv. þm. Mýr. sagði, að hann hefði spurt yfirmenn á skipum Kveldúlfs um þetta mál. Hví vill hann ekki segja, hverjir það eru?

Ég vil að endingu taka það fram, að það er mikill misskilningur, ef menn halda, að flýtir sé að því að vega síldina. Að vísu getur staðið svo á, að ekki þurfi að vera töf að því, en þar sem þarf að koma fyrir vogartækjum á gömlum stöðvum eins og á Hesteyri, má það heita ókleift vegna tafa og kostnaðar.

Vilmundur Jónsson: Þegar um það er að ræða að leyfa frjálsa samninga um það, hvort bræðslusíld skuli vegin eða mæld í hverju einstöku tilfelli, er þess að gæta, að fjöldi manna, sem þar á mikið undir, stendur mjög illa að vígi að gæta réttar síns. Það eru sjómennirnir, sem taka premíu af aflanum. Þeir koma ekki nálægt þeim samningum, sem útgerðarmennirnir — skipaeigendur — gera við bræðsluverksmiðjurnar. Ef rétt þeirra á að tryggja, verða að gilda hér um fastar reglur og þær aðferðir við að hafa, sem reynsla er fyrir, að tryggilegastar eru.

Ég ítreka það, að rök þau, sem áttu að felast í vottorði því, sem hv. þm. G.-K. las upp áðan, eru ekki svo veigamikil sem hann vill vera láta. Vottorðið er frá manni, sem hefir aldrei keypt síld, aldrei selt síld, aldrei veitt síld, e. t. v. aldrei séð síld og þekkir þess vegna ekkert til þessara mála. Þennan mann vill hv. þm. G.-K. þó gera að sérstöku „autoriteti“ í þessu máli. Og þó hefir hv. þm. sjálfur sagt um þennan sama mann, að hann hafi látið smíða og síðan löggilt síldarmæliker, sem hefði reynzt vitlaust og jafnvel komið öllum þessum ófögnuði af stað. Þennan mann, sem að dómi hv. þm. getur ekki einu sinni löggilt eitt síldarmál, vill hann nú gera að sérstöku „autoriteti“ í öllu hér að lútandi.

Ræða hv. 4. þm. Reykv. var mjög skemmtileg — og lík honum sjálfum. Hann sagði, að ekki væri hægt að bera saman mál og vigt. En það er nú einmitt það, sem hefir viðgengizt, að vigtareiningu síldar hefir átt að finna með mælingu. Ef þetta er nú ómögulegt í þessu tilfelli — og því held ég fram —, þá hlýtur það að vera óhjákvæmilegt að nota aðeins aðra aðferðina, og þá auðvitað þá aðferðina, sem öruggari er, flestar verksmiðjur hafa þegar tekið upp og enginn kvartar undan.

Það var einnig mjög skemmtileg röksemd og honum samboðin, er hann sagði

í mótmælaskyni gegn þessu frv., að ekki væri hægt að smíða mál, sem tæki visst mál. Þesháttar mæliáhöld vill hv. þm. engu að síður láta nota — mæliáhöld, sem ómögulegt er að búa til! Og hann óskaði endilega eftir því, að þau lög væru látin gilda áfram, sem heimiluðu slíka vitleysu.

Verði leyft að mæla síldina framvegis, þá er það vissulega ekki almenningur, sem hefir hag af því, heldur ekki síldarbræðsluverksmiðjur yfirleitt, heldur aðeins Kveldúlfur og þá fyrst og fremst sem syndakvittun fyrir það, sem skeð hefir undanfarin ár á Hesteyri. Hinar verksmiðjurnar hafa nú keypt og notað vogir. Þar hefir ekki orðið vart við neina óánægju, hvorki frá kaupendum né seljendum, og er því ekkert útlit fyrir, að þar verði hætt við vogirnar. Það verður því að gera þá kröfu, að vogir séu einnig notaðar á Hesteyri eins og annarsstaðar, ef eitt á yfir alla að ganga. Löggiltur vigtarmaður á að vera við hverja vog. Vogirnar verða auðvitað að vera löggiltar líka, og loks verður að skoða þær á hverju ári, hvort þær hafa ekki skekkzt. Með þessu einu móti er tryggt rétt mál á síldinni. Það væri enginn á móti því að mæla síldina, ef hún væri mæld rétt. En reynslan hefir sýnt, hversu rétt sú mæling er og hverjum hneykslum hún kann að valda.

Bergur Jónsson: Svar hv. þm. G.-K. við fyrirspurn minni, hvað hann mundi gera, ef seljendur krefðust þess samkv. l. frá 1930, að síldin væri vegin, hefir sannfært mig um það enn betur en áður, að nauðsynlegt er að lögbjóða þetta. Hann sagðist beinlínis ætla að hafa þá aðferð að kúga seljendur til að hlíta því, að síldin yrði mæld. Það er ekkert annað en kúgun við þá menn, sem hafa brýna þörf fyrir vinnu, að neyða þá til að hlíta þeirri mælingu á síld, sem þeir álíta, að sé alls ekki örugg fyrir þá. Í þessu sambandi skiptir það ekki máli, hvor aðferðin er betri, heldur, hvora aðferðina sjómennirnir álíta öruggari fyrir sig. Það er kúgunaraðferð að segja við fátæka sjómenn, að þeir fái ekki atvinnu nema þeir gangist undir lög, sem þeir eru óánægðir með og vita, að koma ranglega niður á þeim.

Í þessu svari hans liggur líka það, að verksmiðjan muni ekki vilja hlýðnast þeim lögum, sem sett voru 1930 um vigt á síld, og að hann ætlar sér ekki að fara eftir óskum annara aðilja í þessu máli. Þar sem þessu hefir nú verið lýst yfir, þá verður Alþ. að fella burt þessa heimild, ef það álítur, að nauðsynlegt sé að láta að óskum þeirra manna, sem vilja láta vega síldina, en ekki mæla.

Magnús Guðmundsson: Mér þykir það undarlegt, að hv. þm. Barð. skuli kalla það kúgun, ef einhver vill ekki kaupa vöru með þeim skilyrðum, sem seljandi setur. Lögin fyrirskipa engum að kaupa síld. Auðvitað verður síldarkaupandinn að ráða, hvort hann gengur að þeim samningum, sem seljandinn setur. Það, sem hv. þm. Barð. sagði, er því ekki nema blekking.

Ég er hræddur um, að það verði erfitt að sannfæra almenning í þessu máli um kúgun á sjómönnunum á síldveiðum hjá h/f Kveldúlfi síðastl. sumar, þar sem þeir fengu allt að 2000 kr. kaup fyrir 60 daga vinnu, þegar þeir, sem veiddu í ríkisverksmiðjuna á sama tíma, fengu nærri því ekkert kaup. (**BJ:** Ég sagði ekki, að þeir hefðu verið kúgaðir). Nei, hv. þm. talaði ekki um kúgun á þeim, sem unnu fyrir lítið eða ekkert kaup, heldur á þeim, sem unnu fyrir meira en ráðherralaun. Það er ekki verið að tala um þetta á sanngirnisgrundvelli; það eina, sem stefnt er að, er að reyna að sverta hv. þm. G.-K. Það er grundvöllurinn, sem undir þessu máli liggur allt frá upphafi. Það kom fram undir eins við flutning málsins.

Mér virðist það lítil sanngirni á slíkum tímum sem nú að krefjast þess, að lagt sé í mikinn kostnað, sem vitanlega hlýtur að lenda á þeim, sem kaupa síldina, jafnvel þó að það sé upplýst, að það sé ekkert tryggara að vega síldina en að mæla hana.

Það hefir verið bent á það hér áður, að sett hafi verið lög um að vega salt, en þeim hafi ekki verið framfylgt. Ég held, að sama máli sé að gegna um bæði þessi mál. Í hinu „praktiska“ lífi hefir reynslan verið sú, að mæling hefir verið miklu heppilegri en vigt.

Ég er alveg viss um það, að þótt það komi fyrir, að vog bili, svo að á beri, þá geta þær oft bilað án þess að nokkur viti um það Ég veit það líka, að ef vart verður við, að vog bilar, þá er skipið ekki látið liggja meðan gert er við vogina, heldur er síldin þá afhent á annan hátt en eftir vigt. Það er ekki nema til ills eins að setja atvinnuvegunum slík þvingunarlög, sem ekki er hægt eða a. m. k. óþægilegt að fara eftir. Það er kunnugt um þessar vogir, að þær eru dýrar og ekki tryggar heldur. Ég veit ekki, hver ætti að vera kunnugri því máli en sá maður, sem í mörg ár hefir haft á hendi stjórn á löggildingu mælitækja og vogaráhalda hér á landi.

Annars tala menn hér um þessa mælingu á síldinni eins og hún fari fram með einhverri óskaplegri nákvæmni. Ég hefi aldrei séð meira flaustursverk en mælingu á síld. Málin voru hellt full, kannske kúfuð, en svo þegar verið var að lyfta þeim upp, þá slógust þau í og helltist svo og svo mikið úr þeim og enginn skipti sér af því.

Ólafur Thors: Ég skil ekkert í hv. þm. Barð., að hann skuli vera að tala um kúgun í þessu sambandi. Er það nokkur kúgun, þó að forstöðumaður síldarverksmiðju segi við síldarseljandann: „Ég vil ekki kaupa nema eftir máli, m. a. af því, að ég álít það öruggara fyrir báða aðilja"? Af þeim umr., sem hér hafa orðið um málið, hlýtur hv. þm. að viðurkenna, að frá hans sjónarmiði hlýtur það a. m. k. að orka tvímælis — frá mínu sjónarmiði er það tvímælalaust —, hvort öruggara sé að mæla en vigta, þegar forstöðumaður löggildingarstofunnar hefir sagt, að um stórvægilegar skekkjur gæti verið að ræða, ef síldin væri vegin, og þar fyrir utan hafa verið færðar sönnur á það hér, að það sé réttlátara að mæla en vega síldina, þó að hvorttveggja fari rétt fram. Ég skil þess vegna ekki þá menn, sem láta sér þau orð um munn fara, að hér sé verið að beita kúgun.

Ef einhver segir t. d. við mig: „Ég vil selja þér síld á t. d. 5 kr. hver 135 kg. vegin", og ég svara: „Ég vil ekki kaupa þessa einingu á 5 kr., en ég vil kaupa 150 lítra mælda" fyrir eitthvað til tekið verð, er það þá kúgun, sem þar á sér stað? — Við skulum taka annað dæmi. Ég hefi ráðið sjómenn síðasta ár og það er tekið fram í samningnum, að þeir fái 6 aura af hverjum 150 lítrum mældum, og svo vil ég gera samning fyrir næsta vor. Er það þá kúgun, ef ég segi: Ég vil greiða ykkur t. d. 4 aura á hverja mælda 150 lítra, en ég vil ekki semja við ykkur um neina auratölu af vegnum 135 kg."?

Ég sé ekki ástæðu til að reyna mikið á þolinmæði hæstv. forseta með því að svara hv. þm. Ísaf. Ræða hans var ekkert nema rökvillur frá upphafi til enda. Hann var að tala um, hvers vegna væri farið fram á að nota mál, sem ekki væri tryggt, að tækju vissa þyngdareiningu. Það er bókstaflega ekki hægt að búa til það síldarmál, sem tekur nákvæmlega 135 kg. af hvaða síld sem er. Ef síldin er ný, þá fara fá kg. í málið borið saman við það, þegar hún er orðin gömul og þvæld og þar af leiðandi verri vara. Slíkum röksemdafærslum er ekki ástæða til að svara. Í hverri ræðu sinni hefir þessi hv. þm. orðið sér til skammar fyrir slíkar rökfærslur.

Bjarni Ásgeirsson: Hv. þm. Ak. spurði hvaða sönnun ég hefði fyrir því, að ekki risi upp deila út af vigt á síld. Ég skal játa, að ég hefi engar sönnur fyrir því. Ég veit vel, að það eru möguleikar fyrir því, að deilur rísi út af vog, því að vitanlega geta vogir orðið meira og minna vitlausar, en vogin verður samt alltaf tryggari en málið. Þess vegna er líka svo fyrirskipað í lögum, að vega skuli síldina. Það sýnir, að menn hafa álitið, að með sæmilegu eftirliti væri vogin réttari.

Það er nýstárlegt að heyra það nú og fá um það yfirlýsingar, að það sé heilmiklum vandkvæðum bundið að vega síldina. Ég minnist þess ekki að hafa heyrt þær raddir við fyrri umr. þessa máls. Hv. 4. þm. Reykv. vill jafnvel láta banna vigt, af því að mælingin sé svo miklu tryggari. Það er líka einkennilegt og athyglisvert, að þeir menn, sem mesta reynslu og þekkingu hafa í þessu efni, eins og þeir, sem standa fyrir síldarverksmiðjunum hér á landi, þeir hafa ekki hreyft neinum mótmælum gegn vigtinni eins og hún er nú.

Ég verð að segja það, að jafnvel þó að það sé forstöðumaður löggildingarstofunnar, sem fullyrðir, að vogir séu svikulli, þá get ég ekki tekið þau orð eins til greina og ummæli þeirra manna, sem ég hefi leitað til um upplýsingar, því að það eru þeir menn, sem öllum öðrum fremur hafa reynslu í þessu máli, og þeir segja, að vogir séu öruggari. Vitanlega geta vogir bilað, en það er ekki meiri vandkvæðum bundið að hafa þessar vogir réttar en allar aðrar.

Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að það væri mikill munur, hvað það mældist meira upp úr skipunum, þegar vegið væri heldur en þegar mælt er. Ég vil bæta því við þessi orð hv. þm., að ég hefi fengið þær upplýsingar, að þetta er alveg rétt, sérstaklega þegar um stóra farma er að ræða. Þetta ósamræmi milli vogar og máls bendir í þá átt, að réttast sé að nota eingöngu annaðhvort vog eða mál, því að þá væri meira samræmi í verzlun þessarar vöru en nú er.

Hv. þm. G.-K. skoraði á mig að nefna nöfn þeirra manna, sem gáfu mér þær upplýsingar, sem ég hefi fengið. Ég hefi sagt, að sumir þeirra hefðu verið yfirmenn á togurum Kveldúlfs. Ég tók það fram til að sýna, að ég hefði leitað til manna, sem þekkingu hefðu á þessum málum. (VJ: Það er ekki vert að nefna þá, þeir yrðu kannske reknir). Eina ástæðan, sem getur legið á bak við þessa kröfu, að ég nafngreini mennina, hlýtur að vera sú, að hv. þm. haldi, að ég sé að segja ósatt um þetta atriði, ef ég tilgreini ekki heimildarmenn. Ég læt hann alveg sjálfráðan um þá skoðun. Þeir, sem trúa því ekki, að ég segi satt, þeir geta haft þá skoðun sína fyrir mér, en nöfn nefni ég engin hér.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Mér skildist á hv. þm. Ísaf., að hér væri um það að ræða að skipta jafnt á milli þegnanna, eins og hann orðaði það, og það misrétti, sem nú ætti sér stað, mundi lagast, ef síldin væri vegin. Mér virðist hitt aðalatriðið, að mælitækin séu rétt, svo skipti minna máli, hvort vegið sé eða mælt. Það skiptir t. d. litlu máli eftir mínu viti, ef einhver kaupir vöru, hvort einingin er 100 eða 200 kg. Ef rétt er vegið og báðir aðiljar vita, að hverju þeir ganga, þá er aðalatriðið fengið.

Það segir ekki mikið, þó að enn hafi engar kvartanir komið út af rangri vigt á síld. Bæði er það, að reynsla manna á vigt er lítil, og svo er miklu erfiðara að verða var við, ef vog er röng heldur en ef mál er rangt. Vogin er löggilt, og menn treysta henni og taka því ekki eftir, ef vogin t. d. stirðnar, og þá er haldið áfram að vega á hana án þess að nokkur taki eftir skekkju.

Hv. þm. hafa verið að tæpa á því, að forstöðumaður löggildingarstofunnar, sem hefir gefið þetta vottorð, sem þeim líkar ekki, hafi ekkert vit á þessu, af því hann hafi aldrei vegið síld og aldrei keypt eða selt síld. Ég get nú ekki séð, að það komi málinu mikið við. Aðalatriðið er þetta: Hefir hann vit á vogum? Það er eins og hv. þm. haldi, að vogir hagi sér allt öðruvísi, ef það er síld, sem á þeim liggur, heldur en ef það er eitthvað annað. Þetta minnir mig á manninn, sem var að reikna út þorsk, en svo var honum sagt, að það væri ýsa, og þá reiknaði hann upp aftur, og hélt, að þá yrði þunginn allt annar. Svona eru rök hv. þm. Ísaf., sem er að tala um rökvillur hjá öðrum.

Það er rangt, sem hv. þm. Ísaf. sagði, að ég hefði sagt, að ekki væri hægt að smíða rétt mál. Hv. þm. vildi, að mér virtist, halda, að ef einhverju skakkaði með síldarmál, þá væru þar að verki einhver óþekkt máttarvöld frá öðrum heimi. Ég hefi aldrei sagt, að ómögulegt væri að smíða rétt mál, en þegar það hefir hent sjálfa löggildingarstofuna að smíða vitlaust mál, þá virðist ekki þurfa neitt dularfullt fyrirbrigði til að það geti átt sér stað.

Hv. 2. þm. Skagf. dró skýrt fram, hversu mikil nákvæmnin er, þegar verið er að nota þessi tæki. Síldin er hvorki mæld né vegin á neina gullvog og lítið skeytt um það, þó að nokkurra þumlunga borð verði á kerunum. Það er ekkert nema hótfyndni, þegar verið er að gera mikið veður út af því, þó að skakki sé á kerunum, sem svarar 1—2 þumlunga borðs á þeim. Það er ekkert nema pólitík, þegar verið er að blása upp slík mál. Menn eru að þenja sig út með þetta bara af því, að það passar í kramið.

Ég ætla ekki að svara hv. þm. Barð. mörgum orðum; það er búið að svara svo rækilega þessum orðum hans um kúgunartilraunina. Ef nokkuð væri kúgun í þessu máli, þá væri það það, ef kaupandi væri skyldur til að kaupa síldina með þeim skilyrðum, sem seljandi setur. Það er þá ekki kúgun til, af það er ekki kúgun að banna kaupanda að segja: „Ég vil ekki kaupa vöruna með þessum skilmálum". Það er það minnsta frelsi, sem hver maður verður að hafa, að hann fái að ráða, hvort hann tekur þeim kostum, sem honum eru boðnir.

Hvers vegna kaupir hv. þm. Barð. ekki síld? Hann segir vafalaust: „Af því að ég hefi enga bræðsluverksmiðju". Væri það ekki hart fyrir hann, ef ætti nú að skylda hann til að kaupa síldina á móti sínum vilja? En það er alveg sama, sem um væri að ræða, ef ætti að skylda verksmiðjurnar til þess að kaupa síld eftir vigt, ef þær vildu það ekki. Við skulum segja, að bæði tækin séu löggilt, við skulum segja, að þau séu bæði rétt, þá verður munurinn sá, að ef vogin er misnotuð, þá kemur það niður á báðum aðiljum, bæði seljanda og kaupanda, en ef mælikerin eru misnotuð, þá kemur það aðeins niður á kaupanda. (**HG**: Ekki, ef mælikerin eru of stór). Ég geng út frá, að kerin séu rétt samkv. lögunum. (**HG**: Það stendur ekkert um mæliker í lögunum). Þar, sem mæliker eru notuð, getur kaupandi aldrei fengið meira en það, sem mælikerin taka. Þó einhver kunni að halda því fram, að það sé hægt að hafa kerin kúfuð, þá munu þeir, sem kunnugleika hafa á þeirri mælingu, viðurkenna, að það sé ekki framkvæmanlegt. Því er það skiljanlegt, að sú verksmiðja, sem kaupir síld eftir vog, vilji alls ekki breyta til. Aftur á móti, þegar verksmiðja vill heldur kaupa eftir máli, hlýtur að liggja til einhver sérstök ástæða fyrir því, t. d. sú, að vont sé að koma vogartækjum fyrir eða að verksmiðjan telji sér það ófært vegna kostnaðar.

Þó að á Hesteyri hafi verið notuð of stór mál, þá hefir nú reynslan orðið sú, að þar hafa aldrei fengizt 150 lítrar úr máli til jafnaðar. Og eftir þeim merkilegu upplýsingum, sem hv. þm. Ak. flutti hér, fengust ekki í Krossanesi nema 150 lítrar úr máli, þó málin væru þar of stór, eins og kunnugt er. Og enn er það reynslan í Noregi, að ef málin eiga að gefa til jafnaðar 150 lítra, þurfa þau að taka meira, a. m. k. 160 lítra. Ef aftur á móti vog skekkist, þá getur það munað á báða bóga. Annars vil ég taka það fram, að það, sem hv. þm. Mýr. hafði eftir mér um að meira vigtaðist úr skipum en mældist, var ekki rétt skilið. Ég var að sýna fram á það, að mismunurinn lægi í því, hvort nýja eða gamla aðferðin væri notuð. Ef 135 kg. er minni eining er 150 ltr. þá fást auðvitað fleiri einingar, ef vigtað er heldur en mælt, en það er enginn gróði fyrir þá, sem selja, því auðvitað hlýtur kaupandinn að gefa því minna verð fyrir eininguna, sem einingin er minni.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta frv. Ég býst við, að hv. þdm. séu þegar ráðnir í því, hvernig þeir greiða atkv. um frv., af hvaða hvötum, sem þeir svo beita sínu fylgi. (**VJ**: Sumir greiða atkv. fyrir Kveldúlf. — **ÓTh**: Sumir fyrir Jónas).

Bergur Jónsson: Það virðist svo, sem sumir hv. þdm. séu afarhneykslaðir yfir því, að ég skyldi kalla það kúgun, að forstjóri síldarbræðslunnar á Hesteyri neitaði að kaupa síld af sínum sjómönnum, ef þeir vildu láta vega hana, en ekki mæla, enda þótt lög heimili þeim að ráða aðferðinni. Hv. þm. G.-K. lýsti því beinlínis yfir, að hann ætlaði að nota þessa aðferð. En þetta er alveg hliðstæð kúgun og ef útgerðarmaður segði við sína verkamenn: „Ég borga ykkur því aðeins kaup fyrir vinnu ykkar, að þið takið það út í vörum hjá mér". Það er samskonar kúgun og þegar gömlu selstöðuverzlanirnar settu mönnum í gamla daga þau skilyrði, að þeir yrðu að ganga úr kaupfélaginu, ef þeir ættu nokkurt bjargræði að fá. Það væri sama kúgun og ef hv. þm. G.-K., sem eins og allir vita er mjög pólitískur maður, segði við verkamenn, sem hann vissi, að væru andstæðir sér í stjórnmálum: „Þið fáið ekki atvinnu hjá mér, ef þið neytið kosningarréttar ykkar". Eða ef hv. þm. G.-K. neyðir hv. 2. þm. Skagf. til að greiða atkv. gegn skoðun sinni, sem vel gæti hugsazt.

Það dæmi, sem hv. 4. þm. Reykv. kom með um það, að ég gæti neitað að kaupa síld, af því að mig vantaði peninga til þess að eignast síldarverksmiðju, var svo barnalega kátbrotlegt innan um allan vaðalinn, að ég tel enga þörf á að svara því.

Magnús Guðmundsson: Ég held, að það sé réttast fyrir hv. þm. Barð. að bera engar áhyggjur út af því, hvernig ég greiði atkv. hér í hv. d., og að honum sé nóg að gæta sjálfs sín. Ég held, að hann eigi erfitt með að fá nokkra til að trúa því, að Kveldúlfur hafi kúgað sjómenn í þessu efni, þegar reynslan hefir sýnt, að þeir sjómenn, sem við hann hafa skipt, hafa haft hærri laun heldur en ráðherrar hafa hjá okkur, og það á sama tíma og aðrir sjómenn, sem hafa lagt inn síld hjá öðrum verksmiðjum, bera sama sem ekkert úr býtum. Annars vil ég segja það um þetta mál, að það er þannig undir komið, að það er frá mínu sjónarmiði eitthvert hið ljótasta þingmál, sem ég hefi kynnzt nú um síðastl. 20 ár, því tilgangur þess er sá einn að reyna að sverta einn hv. þingbróður. Það er sýnt og sannað og viðurkennt, að sjómennirnir hafa haft langbezt upp úr vinnu sinni hjá þessu félagi, sem einmitt er verið að reyna að gera tortryggilegt. En ef þessi tilraun heppnast, þá verður afleiðingin sú, að sjómennirnir, sem þarna eiga hlut að máli, verða líklega sviptir þessum möguleika til atvinnu, og það betri atvinnu en völ er á annarsstaðar. Afleiðingarnar bitna á sjómönnunum, og þær eru ekki góðar, og tilgangurinn er sá, sem ég tók fram, og hann verður ekki til þess að gera málið fegurra.

Ólafur Thors: Ég get ekki skilið, hvernig hv. þm. Barð. fer að álíta það kúgun frá minni hendi, þó ég setji það skilyrði að kaupa síld í mælieiningum, en ekki þungaeiningum. Hér er um það að ræða, hvort heimilt skuli í þessum viðskiptum eða ekki að nota tvennskonar einingar, 150 lítra eða 135 kg. Nú segir hv. þm., að ef ég neiti að nota 135 kg. sem vörueiningu, en kaupi aðeins í 150 lítra vörueiningum, þá sé ég að kúga sjómennina á sama hátt og faktorar selstöðuverzlananna gömlu, er þeir hótuðu fátækum bændum því, að þeir fengju ekki pund af matvöru hjá sér nema þeir gengju úr kaupfélaginu, eða ef ég neitaði verkamönnum um atvinnu nema þeir greiddu atkv. eins og ég vildi. Þessar samlíkingar eru slík reginvitleysa, að mig furðar mjög á því, að hv. þm. skuli bera annað eins fram hér í hv. d. Eins og kunnugt er, hefir það verið venja að kaupa og selja saltfisk í skippundum, en nú er verið að taka upp þá breyt. að selja hann í 50 kg. Í stað 50 kg. hefði auðvitað verið hægt að taka upp 200 kg. einingu, sem er stærri en 160 kg. eining eða 1 skippund. En það dettur engum í hug, að það breyti nokkuð verðinu á fiskinum, hver einingin er notuð. Og það væri mjög hlægileg ályktun að kalla það kúgun, þó einhver óskaði að nota t. d. 50 kg. einingunna, af því að þægilegra væri fyrir hann að nota hana. Ég vil heldur nota 150 lítra einingu en 135 kg., af því hún er þægilegri í framkvæmd og öruggari.

Hér er ekki um annað að ræða en það, hvora þessara tveggja eininga eigi heldur að nota í sölu og kaupum á síld, og hvort það eigi að vera frjálst eða ekki fyrir hlutaðeigendur að nota þá vörueiningu, sem þeir koma sér saman um.

Bergur Jónsson: Ég þarf ekki að svara mörgum orðum hv. þm. G.-K. Svar hans til mín var kurteislegt, en hann hrakti ekkert af því, sem ég sagði í ræðu minni. Það, sem skiptir hér mestu, er það, hvers sjómennirnir óska í þessu efni; ef þeir óska þess, að síldin sé vegin, en ekki mæld, þá er það bersýnilega kúgun, ef verksmiðjan setur það skilyrði fyrir kaupum á síld, að síldin sé mæld, og að öðrum kosti fái sjómennirnir ekki atvinnu.

Ólafur Thors: Ég ætla að leyfa mér að endurtaka þá fullyrðingu, að sjómennirnir leggja ekkert upp úr því, hvort síldin er heldur vegin eða mæld. Þeir eru ánægðir með það frjálsræði, sem um það gildir eftir lögunum, en þeir leggja áherzlu á annað, og það er það, að þessi vinna stöðvist ekki, heldur að hún megi halda áfram.

ATKVGR.

Frv. fellt með 12:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BÁ, BKr, HG, HV, IngB, JónasÞ, StgrS, SvÓ, VJ, ÞorlJ, BJ, JörB.

nei: EA, GÍ, HStef, HJ, JJós, JAJ, JÓl, LH, MG, MJ, ÓTh, PO.

Fjórir þm. (BSt, SvbH, TrÞ, ÁÁ) fjarstaddir.

2. Innflutningur á kartöflum.

Á 20. fundi í Nd., 4. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um innflutning á kartöflum o. fl. (þmfrv., A. 87).

Á 22. fundi í Nd., 7. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Pétur Ottesen): Það vill oft verða svo, þegar harðnar í ári og kreppir að og greiðslugeta minnkar, að menn fara að rumska til skilnings á því, að hollast er að búa sem mest að sínu. Það er því ekki nema eðlilegt, að á slíkum tímum snúist hugir manna að því að draga sem mest úr kaupum á erlendum vörum, ekki sízt, þegar hægt er að framleiða þær í landinu sjálfu, eins góðar eða betri. Þeirri fjárhæð, sem greidd er fyrir slíkar vörur út úr landinu, er í rauninni að mestu á glæ kastað að óþörfu. Svo er um fjárhæð þá, sem hingað til hefir verið greidd árlega fyrir aðfluttar kartöflur. Að vísu hefir dregið nokkuð úr þessum innflutningi hin síðari árin, og notkun aukizt innanlands. En þetta hefir þó ekki farið hraðar en svo, að enn eru fluttar inn kartöflur fyrir næstum 400 þús. kr. á ári, þótt almennt sé viðurkennt hér, að næg skilyrði séu fyrir hendi til að fullnægja kartöfluþörf allra landsmanna, jafnvel þótt neyzla aukizt að stórum mun.

Í aths. við annað skylt frv., sem hér liggur fyrir, er gerð grein fyrir, að kartöfluneyzla hér sé eigi nema ¼ á móts við neyzlu annara menningarþjóða. Bezta ráðið til að auka neyzluna er auðvitað að styrkja aukna ræktun og framleiðslu á kartöflum innanlands. Það má vera, að miðað við kornvörukaup sé þjóðarhagur að innflutningi á kartöflum, sem þá liggur í því, að miðað við næringargildi eru kartöflurnar ódýrari en kornið, en það sýnir ekki annað en að hagnaður af innlendri kartöfluframleiðslu yrði tvöfaldur. En til þess að sú framleiðsluaukning geti orðið sem mest og hröðust, þarf góð samtök manna í milli og stuðning af hálfu hins opinbera.

Það frv., sem landbn. hefir hér borið fram, er sniðið eftir frv. frá búnaðarþingi, og hefir þann tilgang, að Alþingi geri eitthvað til þess að styrkja þessa viðleitni. Með þessu frv. er, að áliti landbn., stefnt í rétta átt. Þær till., sem felast í frv., eru þó ekki nema annar liður þess, sem við ætlum því opinbera að gera til stuðning þessu nauðsynjamáli. Hinn liðurinn felst í öðru frv., sem hér liggur og fyrir.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir, að bannaður verði innflutningur á kartöflum þann hluta árs, sem nægar birgðir eru til í landinu, að dómi Búnaðarfél. Íslands. Er gert ráð fyrir, að atvinnumálaráðuneytið auglýsi í Lögbirtingablaðinu, hvenær bannið hefjist og hvenær því skuli létt af. Gert er ráð fyrir, að létta megi banninu af í hinum ýmsu landshlutum eftir ástæðum. Til að afla sér upplýsinga um uppskeruna á ári hverju, svo að hægt sé að ákveða, hve lengi bannið skuli gilda, eiga hreppstjórar að safna skýrslum til Búnaðarfél. Íslands um uppskerumagn fyrir 1. nóv. ár hvert. Skal síðan Búnaðarfélagið senda till. sínar til stj.

Með þessu er tilætlunin að tryggja kartöfluframleiðendum allan þann innlendan markað, sem til er og framleiðsla þeirra kemur til að fullnægja. Með því er þegar stigið stórt spor til að auka framleiðslu í landinu, til þess að við getum orðið sjálfum okkur nógir í þessu efni.

Annað atriði í frv. miðar að því að greiða fyrir sölu og verzlun með kartöflur á milli landshlutanna. N. leggur til, að þær kartöflur, sem fluttar kunni að verða milli hafna á skipum ríkissjóðs, skuli fluttar fyrir hálft gjald. Þetta er stuðningur og hvöt til þess, að heppileg og eðlileg viðskipti takizt á milli landshlutanna. Á Norð-Austurlandi og Vestur-

landi er víða erfitt um kartöfluræktt, en annarsstaðar á landinu víða næstum ótakmarkaðir ræktunarmöguleikar. Þessi fyrirgreiðsla ætti því að auka stórum framleiðslu og neyzlu kartaflna í landinu. Þetta ákvæði er einskorðað við það, að kartöflurnar séu fluttar á skipum ríkissjóðs og er því ekki um nein bein útgjöld ríkissjóðs að ræða til annara skipafélaga.

Ég vona, að hv. deild sé það ljóst, að með frv. þessu, ef að lögum verður, er stefnt beina leið að því marki, að við munum mjög bráðlega geta fullnægt þörfum okkur sjálfra í þessu efni, sparað fé og aukið framleiðslu og atvinnu í landinu, og aukið neyzlu á einni hinni ódýrustu og hollustu vöru í stað annara aðkeyptra, óhollari og dýrari.

Það kann að mega deila um aðferðina. Það er aðeins fyrirkomulagsatriði, sem n. er reiðubúin að taka til frekari athugunar, að því leyti sem það getur samrímazt grundvellinum.

Ég vil geta þess, að úr 4. gr. frv. hafa fallið tvö orð, annaðhvort þegar frv. var vélritað eða í prentuninni. Í gr. stendur: „— — skal atvmrh. heimilt að greiða o. s. frv.“ Þar hefir fallið niður „úr ríkissjóði“. Ég vona, að hæstv. forseti láti leiðrétta þetta án þess að sérstök brtt. þurfi að koma fram.

Héðinn Valdimarsson: Ekki líst mér á þetta frv. né stefnu þá, sem að baki því stendur. Hér er lagt til, að banna megi innflutning á kartöflum, hvenær sem stj. þóknast. Þetta á að vera til þess að auka framleiðsluna. Ég skal ekkert segja um, hvort það muni takast. En með frv. er gengið út frá þeirri stefnu, sem nú er mjög uppi í heiminum, þeirri stefnu, að gera sem mestan skaða með því að hindra eðlilega verzlun og verkaskiptingu á framleiðslunni með innflutningshöftum, bönnum og tollmúrum. Mér finnst vera unnt að efla kartöfluræktina á margvíslegan hátt, án þess að grípa til slíkra örþrifaráða. Í því efni vil ég benda á frv. frá sömu n. um kartöflukjallara, sem virðist vera mjög heppilegt og líklegt til að efla framleiðslu og verzlun með kartöflur innanlands. En þetta frv. er flutt í þeim tilgangi, að kartöfluræktt beri sig betur, þannig, að kartöflurnar verði dýrari fyrir neytendur. Með frv. er verið að misskipta milli landsmanna innbyrðis, til hagsmuna fyrir tiltölulega fáa kartöfluræktendur til sölu og óvíða á landinu, en til tjóns fyrir neytendafjöldann allan. Framleiðendur hér ættu vissulega án þessa að standast samkeppnina erlendis frá, þegar tekið er tillit til alls þess kostnaðar, er leggst á kartöflur, sem hingað eru fluttar, flutningsgjald, tolla og skemmdaáhættu.

Ég ætla ekki að fara hér sérstaklega út í hinar einstöku gr. frv. Ég vil þó geta þess, að ákvæði 2. gr. um afléttingu bannsins eru allsendis ónóg fyrir þá, sem panta vöruna. Til þess er tíminn of naumur, eins og sýna mun sig í reyndinni. Þá má líka minna á, að ríkissjóður á að bera helming flutningskostnaðar innanlands. Vitanlega er hér um gjöf til framleiðenda að ræða, því að verð kartaflna verður hærra, þrátt fyrir þennan styrk, sem eingöngu kemur því til að renna í vasa seljendanna á kostnað allra, sem skatt greiða. Það er allt á þann veginn, að gera kartöflur dýrari almenningi. Ef sá vilji stæði ekki bak við frv., þá hefði verið eðlilegt, að í því væru einhver ákvæði um hámarksverð til verndar neytendunum.

Sveinbjörn Högnason: Að meginstefnu frv. til er ég sammála landbn., sérstaklega þegar tillit er tekið til yfirstandandi örðugleika og viðskiptahafta þeirra, sem nú tíðkast með öllum þjóðum.

Ég get ekki séð rök til þess, að með frv. þessu sé stefnt að því að gera neytendum vöruna dýrari. Ég hygg það sé þvert á móti. En ég vil benda á, að í frv. gætir nokkurs misréttis gagnvart sumum landshlutum. Fyrsta boðorð Alþingis ætti að vera það, að gera ekki einstaka landshluta afskipta. — Í 4. gr. frv. er atvmrh. heimilað að greiða allt að helmingi flutningskostnaðar af þeim kartöflum, sem fluttar eru landshluta á milli með skipum ríkisins. En hvernig er það með þau héruð, sem þau skip koma ekki í og geta ekki komið við í? Þau héruð fara ekki einungis á mis við styrk ríkisins, heldur verkar styrkur ríkisins gegn þeim og gerir þau ófær til samkeppni. Suðurlandsundirlendið er allra hérað bezt

fallið til kartöfluræktar, en þaðan eru dýrustu flutningar á landinu. — Ég hefi minnzt á þetta við hv. frsm. og heyrðist hann þá taka vel í mál mitt. En ég veit ekki, hvort það er aðeins gleymska, að ekki er tillit tekið til þessa í frv., eða það er með vilja gert, og óska því upplýsinga um það efni.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Hv. frsm. var harla sigurviss, þegar hann fylgdi þessu frv. sínu úr hlaði, og það má vel vera, að það þýði ekki mikið að mæla gegn því.

Ég get vel skilið, að till. svipaðar þessari komi frá mönnum, sem hafa þá trú að laga megi verðlag með allskonar lögum og höftum. En ég skil síður þá menn, er flytja frv. þetta, en annars telja sig hafa trú á frjálsum viðskiptum. Það er brot á þeirri stefnu, þótt verzlunin sé ekki heft nema með einstakar vörutegundir. Þeir sem halda því fram, að höft geti verið nauðsynleg um ákveðnar vörur, eru í raun og veru ekki sannfærðir um ágæti frjálsrar verzlunar, því að alltaf geta einhverjir risið upp, sem kunna að segja, að sínir hagsmunir krefjist þessara hafta.

Samþm. minn, hv. 3. þm. Reykv., hefir mælt gegn frv. þessu. Ég býst við, að öllum sé það ljóst, að verðlag á kartöflum hlýtur að hækka. Frv. ætti að heita frv. til l. um hækkun á kartöfluverði. Hækkunin er góð fyrir framleiðendur. Það er augljóst mál. Og ég býst við, að sigurvonir hv. frsm. byggist á því, að þeir menn eigi fleiri talsmenn hér á Alþingi, sem hagsmuni hafa af því, að kartöflur séu dýrar, en hinir, sem hafa þá hagsmuni, að þær séu ódýrar. Það er viðurkennt mál, að þegar heft er samkeppni, þá hækkar varan. Með frv. er því yfirlýst, að ísl. kartöflur standist ekki samkeppnina við hinar erlendu. Því að hvers vegna þyrfti annars slíkt bann? Ef við erum samkeppnisfærir, þá útrýmast erl. kartöflur af sjálfu sér. Ég nota venjulega ísl. kartöflur, þótt dýrari séu. Ég geri það af því, að mér þykir viðkunnanlegra að kaupa ísl. vörur. En það er vitanlegt, að þær eru dýrari en erl. kartöflur. Og það er augljóst mál, að með frv. hækkar verðið. Það er einkennilegt, þegar menn í öðru hverju orði tala um dýrtíðina í Reykjavík, þetta ógurlega böl, sem verki um land allt, en benda svo í hinu orðinu á ráðstafanir, sem ganga út á að auka dýrtíðina í Reykjavík. Reykjavík er það, sem frv. mæðir mest á.

Ég heyri, að nú berja margir í borðið til að biðja um orðið. Það er sennilega til þess að lækka dýrtíðina hér í Reykjavík!

Þótt ég sé á móti einkasölum og höftum yfirleitt, þá má þó alltaf segja, að einkasala á óhófsvörum, eins og t. d. tóbaki, sé ekki beinlínis háskaleg. En það er með öllu óafsakanlegt að taka vörur, sem menn ættu að nota sem mest, út úr og hækka verð á þeim með óeðlilegum höftum.

Það getur verið, að það gangi nokkru meira út af ísl. kartöflum, ef frv. verður að lögum. En ég er sannfærður um, að kartöfluát manna minnkar yfirleitt. Varan hækkar og menn snúa sér þá frekar að öðru í staðinn, brauði og öðrum kornmat.

Og svo eru allar umbúðirnar utan um þetta! Búnaðarfélagið á að sjá um framkvæmdina. Ég býst við, að ef rannsaka á kartöfluuppskeruna nákvæmlega, þá verði það mikið verk. Ég skil ekki í, að ekki þurfi ennþá eina n. í það. Hv. 3. þm. Reykv. stakk upp á að setja hámarksverð á kartöflur. Það er síðurinn, og ekki veitti af n. til að framkvæma það.

Ég skal ekki þreyta hv. deild með langri ræðu. Ég sé, að n. hefir verið í nokkrum vanda með að koma þessu fyrir. Það er strax risinn ágreiningur út af 4. gr. frv. Ég er nú satt að segja ekki svo hrifinn af útgerðarbraski ríkisins, að mér finnist rétt að binda hagsmuni manna við það, að ríkisútgerð sé rekin. Ég sé ekki, hvers vegna ekki má eins vel greiða helming flutningskostnaðar með öðrum skipum. Hv. 2. þm. Rang. vildi líka fá helming tilkostnaðar fyrir sitt hérað. En hvernig fer um þau héruð, sem hvorki geta komið sínum kartöflum burt með skipum né bílum? Kannske ríkið ætti að senda flugvélar eftir kartöflum þeirra!

Þótt það sé e. t. v. vonlaust, þá vil ég samt vænta þess, að hv. d. athugi vel sinn gang áður en hún samþ. þetta frv. Það er afsakanlegt, þótt þeir, er hags-

muni hafa af því, að kartöfluverð sé hátt, reyni að koma því í gegn. En það er nú athugavert samt.

Jón Auðunn Jónsson: Ég vil segja það sama og hv. 3. þm. Reykv., að mér líst ekki á þetta frv. Það, sem vakir fyrir n., er það, að tryggja ísl. kartöflum innanlandsmarkaðinn. En nú er það svo, að ísl. kartöflur seljast tregðulaust. Það, sem vantar, er aukin framleiðsla. En það er ekki að búast við því, að neyzlan aukist, ef verðið hækkar. Ég hygg, að kornvörur séu nú raunverulega ódýrari en kartöflur, og ég hefi þar fyrir mér ummæli manns, sem er skynbær á þau efni.

Samkv. 2. gr. frv. hefir Búnaðarfélagið aðstöðu til þess að hindra það, að banninu verði aflétt. Atvmrh. leggur bannið á, en honum er ekki heimilt að létta því af nema samkv. meðmælum Búnaðarfélagsins. (**PO:** Misskilningur). Þetta stendur í gr.

Þann tíma árs, sem innflutningur er leyfður, er fyrirsjáanlegt, að þeir, sem verzla með kartöflur, muni hrúga að sér birgðum, e. t. v. þjóðarheildinni til stórskaða. Kartöflur skemmast fljótlega, og þegar kaupmenn verða hræddir um að geta ekki varið þær skemmdum, þá lækka þeir verðið, heldur en að eyðileggja þær í höndum sér og spilla svo sölunni á ísl. kartöflum.

Ég held, að frv. gangi í öfuga átt. Það er rétt og sjálfsagt að reyna að auka framleiðsluna og gera hana ódýrari, svo að við verðum samkeppnisfærir. Það liggur beinna við að styrkja framleiðendur, veita þeim einhverja þóknun fyrir hverja þá tunnu, sem þeir afhenda til sölu.

Í 5. gr. frv. er talað um mat á kartöflum. En eru nú alstaðar til menn, sem séu hæfir til að meta kartöflur? Hvernig geymast svo ekki sumar tegundir? Þar, sem ég er kunnugastur, var um tíma ræktað mikið af svokölluðum „Eyvindi"; þær voru fljótræktaðar og gáfu mikla uppskeru. En þær geymdust svo illa, að menn biðu stórskaða á ræktun þeirra. Ég er hræddur um, að ef verð á kartöflum verður ekki kontrollerað með framboði erl. framleiðslu, þá verði mest af þeim tegundum ræktað, er mesta uppskeruna gefur, án þess að taka tillit til, hvernig þær geymist.

Steingrímur Steinþórsson: Mér þykir ekkert undarlegt, þótt menn greini nokkuð á um frv. þetta, því að hér er farið inn á nýja leið í framleiðsluháttum okkar, og líka má búast við því, að finna megi einhver smíðalýti á frv. En ég held því fram, að með frv. sé stefnt rétt. Mér þykir ekkert undarlegt, þótt hv. 4. þm. Reykv. mæli gegn frv.; það er öldungis samkv. þeirri stefnu hans, að allt viðskiptalíf eigi að vera frjálst og haftalaust. En aftur á móti þykir mér það undarlegt, ef það samrímast lífsskoðun hv. 3. þm. Reykv. að beita sér á móti þessari tilraun til þess að skipuleggja þessa grein íslenzkrar framleiðslu. Hv. 3. og 4. þm. Reykv. hafa aðallega fært það fram gegn frv., að verð þessarar vörutegundar mundi hækka, ef það yrði samþ. Þetta held ég, að engin ástæða sé til að óttast. En ef svo skyldi fara, mundi ég verða því fylgjandi, að sett yrði hámarksverð á kartöflurnar, þann tíma, sem erlendar kartöflur væru útilokaðar. Þetta bann yrði helzt sett á síðari hluta sumars og fyrri hluta vetrar, meðan nóg er af íslenzkri vöru á markaðinum, og er þá eðlilegt að ætla, að verðið yrði miðað við það, sem erlendar kartöflur hefðu haft fyrri hluta sumarsins. Með því móti væri engin hætta á því, að íslenzkar kartöflur yrðu dýrari en þær erlendu.

Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að hér á þingi sætu svo margir fulltrúar sveitanna, sem mundu gæta hagsmuna framleiðenda í þessu máli. Þetta er ekki rétt. Hér eru fulltrúar margra héraða, sem geta mjög lítið framleitt af kartöflum, og engin ástæða er til þess að ætla, að þeir mundu vilja stuðla að því, að kartöfluverð hækkaði, enda er það svo gagnstætt hagsmunum mikils hluta þjóðarinnar, að sífellt mundi vera staðið á verði gegn því.

Annað það atriði frv., sem helzt var tekið til athugunar hér, var það, að gefa eftir helming flutningsgjalds með skipum ríkissjóðs fram með ströndum. Ég lít svo á, að þetta sé í rauninni mjög óverulegur styrkur, en þar sem ég álít, að þetta gæti orðið til þess að örfa kartöflufram-leiðsluna, álít ég óþarfa að gera veður út

af því. Það er að því gætandi, að þessi eftirgjöf nær aðeins til skipa ríkissjóðs, og þetta ákvæði hefir því ekki í för með sér nein bein útgjöld. Líka gæti hugsazt, að þessi eftirgjöf ynnist að dálitlu leyti upp á því, að meira yrði flutt með skipunum. Þær erlendu kartöflur, sem nú flytjast til landsins, koma að talsverðu leyti með útlendum skipum, svo að íslenzku skipin misstu sáralítið á því, þó að tæki fyrir þann flutning.

Ég get ekki fallizt á brtt. hv. 2. þm. Rang. Ég hefi ekki séð hana fyrr, og man ekki til þess, að hún kæmi fram í n. Auðvitað hefðu Rangæingar sama stuðning af þessu eftirgjafarákvæði og aðrir, þegar á höfn væri komið. Ef t. d. búnaðarhéruð austanfjalls þyrftu að senda kartöflur norður í Þingeyjarsýslu, þá yrðu þau þessara hlunninda aðnjótandi frá Rvíkurhöfn, en hinsvegar tel ég ekki rétt, að ríkissjóður fari að taka þátt í flutningskostnaði þeirra til Reykjavíkur.

Hv. 4. þm. Reykv. spurði, hvernig ætti að fara með þau héruð, sem hvorki nytu góðs af bíla- né skipasamgöngum. Mér er satt að segja forvitni á að vita, hvaða héruð það eru hér á landi, sem svo er ástatt um. (**MJ**: Austur-Skaftafellssýsla!). Austur-Skaftafellssýsla, segir hv. þm. Ég veit nú ekki betur en sú sýsla hafi skipasambönd, bæði strandferðir og flóabáta, þótt það hinsvegar skuli játað, að þær samgöngur eru ekki eins góðar og æskilegt væri og þyrfti að vera.

Hv. þm. N.-Ísf. mælti á móti frv. á sama grundvelli og þeir aðrir, sem um það hafa talað nú. Hélt því fram, að verð á kartöflum mundi hækka, og svo mundu kaupmenn hrúga svo miklu af kartöflum inn í landið á þeim tíma, sem innflutningur væri leyfður, að það mundi skaða framleiðslu landsmanna yfirleitt. Þetta þykir mér mjög ólíkleg tilgáta. Innflutningur mundi helzt verða leyfður síðari hl. vetrar og fram á sumar, þangað til innlend framleiðsla kemur á markaðinn, og ég er þess fullviss, að hræðslan við skemmdir mundi verða nóg til þess, að kaupmenn hrúguðu erlendum kartöflum ekki inn í landið á þeim tíma árs, einmitt þegar hættan er mest, að skemmdir komi fyrir í hinum erlendu kartöflum. Nei, hættan er sú, að á haustin, þegar nóg er af íslenzkum kartöflum, sé hrúgað á markaðinn erlendum kartöflum, sem eyðileggja sölumöguleika íslenzku framleiðslunnar. — Hv. 4. þm. Reykv. fannst það ekki rétt, ætti að veita ívilnun með flutningsgjald, að binda það við ríkisskipin. Ég hefi áður gert grein fyrir því, hvers vegna það var gert. Í því sambandi lét sami hv. þm. þau orð falla, að hann væri mjög lítið hrifinn af útgerð ríkisins yfir höfuð. Ekkert reyndi hann þó að rökstyðja þetta, en mér datt í hug, hvort það mundi vera vegna þess, að allur starfrækslukostnaður ríkisskipanna er miklu minni en hjá öðru aðalskipafélaginu hér. Ég skil því ekki, á hverju ummæli hans eru byggð. Hvergi hefir verið farið betur með fé en hvað snertir ríkisútgerðina, og getur það ekki leikið á tveim tungum, að öll sú meðferð er til fyrirmyndar.

Ég vildi ekki láta hjá líða að lýsa afstöðu minni til þessa máls með nokkrum orðum. Ég fylgi frv. afdráttarlaust, eins og það liggur fyrir, og veit ég, að það getur að gagni komið, og vænti þess vegna fastlega, að hv d. samþ. það.

Magnús Guðmundsson: Ég stend upp að þessu sinni aðallega til þess að gera grein fyrir því, að ég er mótfallinn ákvæði 4. gr. þessa frv., um eftirgjöf á helmingi flutningsgjalda með ríkissjóðsskipunum fram með ströndunum. Ég álít, að við eigum, á tímum eins og nú standa yfir, að vera mjög varkárir með það að binda ríkissjóði nýjar byrðar, hvað smáar sem þær eru. Ég er á því, að stj. ríkisskipanna muni sjá til þess, að flutningur með ströndum fram yrði ekki dýrari en flutningur frá útlöndum til viðkomandi hafna, svo að kartöflurnar ættu ekki að þurfa að verða dýrari þess vegna. Líka var það mjög réttilega tekið fram hjá hv. 2. þm. Rang., að hin ýmsu héruð landsins standa ekki jafnt að vígi við notkun þessara hlunninda. Ég geri því ráð fyrir, að komi engin brtt. fram viðvíkjandi þessu, muni ég greiða atkv. á móti 4. gr. frv. við 2. umr.

En hinsvegar skil ég alls ekki þann andróður, sem frv. hefir mætt hér. Nú á þessum erfiðu tímum er heftur svo innflutningur til landsins, að ekki er hægt að ná í bráðnauðsynlegar vörur. Gjald-

eyrisskortur bankanna er svo mikill, að þeir sjá engin ráð til þess að útvega gjaldeyri til að borga með nauðsynjavörur. Þegar svona stendur á, er það óráð hið mesta að gera ekki allar mögulegar ráðstafanir til þess, að sem minnst verði flutt inn. Ein slík ráðstöfun felst í frv. því, sem hér liggur fyrir. Í því er ekki farið fram á annað en að reynt sé að takmarka kaup á erlendum varningi og auka sölu íslenzkra afurða, og álít ég hvorttveggja gott. Tilgangur frv. er alls ekki sá, sem nokkrir hv. þm. hafa viljað vera láta, að hækka kartöfluverðið. Þvert á móti. En menn verða að hafa það hugfast, að óvanalegir tímar krefjast óvanalegra ráðstafana. Og ég sé ekki, að nokkuð sé athugavert við það að stuðla að minnkun innflutnings á vörum, sem lítil þörf er á, að inn séu fluttar. — Hvort þessar ráðstafanir verða til þess, að kartöfluverð hækki eða kartöfluát minnki, fer eftir framkvæmd þeirra, og ég fyrir mitt leyti treysti Búnaðarfél. Íslands til þess að meta þarfir manna rétt. — Að lokum vil ég endurtaka það, sem ég sagði í byrjun ræðu minnar, að ég álít ekki rétt að binda ríkissjóði nýjar byrðar. En hinsvegar er ég meðmæltur frv. að öðru leyti og mun ákveðið greiða því atkv. mitt.

Sveinn Ólafsson: Það hefir komið fram í þessum umr., eins og oftar, að sínum augum lítur hver á silfrið. Einn af hv. þdm. þótti mér samt taka allt of ómjúklega á þessu frumsmíði landbn. Hv. 4. þm. Reykv. gerði hv. n. blátt áfram þær getsakir, að hún flytti þetta frv. til þess að gera viðskiptin óhagstæðari kaupendum þessarar vöru. Mér finnst varla sæma að kasta slíkum getsökum fram, en annars mun hv. n. svara sjálf þessum áburði. Ég lít á frv. eins og sjálfsagða og réttmæta tilraun til þess að efla ræktun og sölu á þessum innlendu afurðum. Vér eigum óhikað að vinna að því, að gersamlega verði óþarft að flytja jarðepli inn í landið. Það er ekkert trúaratriði fyrir mér, að þetta takist, það er staðreynd, að hér er tiltölulega auðvelt að framleiða öll þau jarðepli, sem landsbúar þurfa. Auðvitað getur farið svo í óáran, að uppskera bregðist, en í meðalári hverju mun þetta ekki vera erfitt. Það er von mín, að þessu marki verði náð á fám árum, og frv. þetta, sem hér liggur fyrir, stefnir því efunarlaust í rétta átt. Ég er algerlega með stefnu frv., en ekki fyllilega ánægður með einstök ákvæði þess, og vildi gjarnan víkja þar ýmsu til. Annars ætla ég ekki að lengja þessar umr. mikið, enda hefi ég lítið hugsað málið að þessu. (**ÓTh:** Alveg rétt! Óþarfi að taka það fram!). Þó vil ég benda á það, að ég áliti rétt að binda ákvæði 5. gr. frv., um hámarksverð jarðepla, fastari skilyrðum en þar er gert. Líka vildi ég benda hv. landbn. á það, að mér finnst stakasti óþarfi að vera að lögfesta útlenda nafnið „kartöflur“ með frv. þessu, þar sem við eigum ágætt, alinnlent nafn, sem þar að auki er orðið talsvert fast í málinu, en það er nafnið **jarðepli.**

Ég ætla þá að láta þetta nægja í bili og vonast til þess, að mál þetta fái fljóta og góða afgreiðslu.

Frsm. (Pétur Ottesen): Það er þegar búið að taka til athugunar ýms þau ummæli, sem fram hafa komið móti þessu frv., af báðum hv. þm. Skagf. og hv. 1. þm. S.-M. Ég þarf því ekki að bæta miklu við þær almennu umr., sem hér hafa farið fram, en get í þess stað snúið mér að einstökum atriðum frv. Samt get ég ekki alveg komizt hjá því að minnast á ræður nokkurra hv. þdm. Ég get ekki annað sagt en mér finnst það hvorttveggja í senn broslegt og sorglegt, að þessir menn, sem ráðast af öllum mætti á viðleitni frv. til þess að auka framleiðslu íslenzkra kartaflna, skuli jafnframt lýsa því hátíðlega yfir, að þeir séu málefninu hlynntir, en berjast eftir sem áður gegn þeim ráðstöfunum, sem gerðar eru málefninu til gengis. Ég er yfirleitt tregur til þess að gera mönnum upp illar hvatir, en að þessu sinni get ég ekki varizt því að gruna þessa menn um lítil heilindi bak við alla umhyggjuna.

Hv. 3. þm. Reykv. varð fyrstur til þess að andmæla frv. og sagði, að sér litist ekki á það. Þetta kemur mér undarlega fyrir sjónir. Ég veit ekki betur en að hv. þm. og flokkur hans sé sífellt að kvarta um tómlæti Alþingis gagnvart erfiðleikum kreppunnar í landinu, vilji ekki leggja fram fé til atvinnubóta o. s. frv. En að

hverju stefnir þetta frv.? Það stefnir að því, að nokkur hundruð þús. kr., sem við nú borgum árlega út úr landinu, séu látin renna beint til íslenzkra atvinnuvega. Þetta kalla ég að snoppunga sjálfan sig. Hv. þm. hélt því fram, ásamt fleiri andmælum, að kartöfluverð mundi lækka við þessar ráðstafanir. Þetta gekk svo langt, að einn hv. þdm. sagði, að frv. hefði átt að heita frv. til l. um verðhækkun á kartöflum, og þá helzt á skemmdum kartöflum. Til þess að sýna, hvílík reginfjarstæða þetta er, nægir að benda á þá staðreynd, að á þeim tíma, sem íslenzkar kartöflur koma á markaðinn, þar sem ekki er því meiri kostnaður á því að koma þeim þangað, þá loka þær fyrir sölu erlendra kartaflna; þetta er svo ljóst dæmi, að það slær undir eins niður þau andmæli við frv., sem byggzt hafa á því, að verð vörunnar mundi hækka. — Það, sem frv. stefnir að, er ekkert annað en að nú sé snúizt að því með almennum takmörkunum og stuðningi þess opinbera að nota þau skilyrði til kartöfluframleiðslu, sem landið hefir að bjóða, og að tryggð sé greið og örugg sala framleiðslunnar.

Hv. 2. þm. Rang. gat þess réttilega, að ég hefði sýnt honum frv., þegar n. var að ganga frá því, og leiddi hann þá tal að því, að honum fyndist réttmætt, að ívilnun í flutningsgjaldi næði og til landflutninga á kartöflum. Ég skal ekki fara neitt inn á þetta atriði, en n. mun taka þetta til athugunar fyrir 2. umr.

Hv. 4. þm. Reykv. talaði mikið um, að með slíkri ráðstöfun væri brotin stefna frjálsu viðskiptanna hér hjá okkur. Ég skal fyllilega viðurkenna, að slíkt megi segja, en það er svo um okkur, að við ráðum ekki nema að örlitlu leyti yfir þessum viðskiptum. Við erum að miklu leyti háð þeim stefnum og stefnubreytingum, sem ganga yfir nágrannalöndin. Og þær ráðstafanir, sem þau gera á viðskiptasviðinu, gera okkur nauðsynlegt og jafnóhjákvæmilegt að taka upp sömu stefnu og þeir hafa tekið upp og fylgja.

Hv. 4. þm. Reykv. talaði mikið um það, að einhver hefði verið að segja honum, að miklu ódýrara væri fyrir okkur að lifa á rúgi en kartöflum, þar sem hægt væri að fá svo ódýran rúg frá útlöndum. Ég vil benda honum á, hvernig er ástatt um afurðasöluna hér hjá okkur. Þegar litið er til landbúnaðarins, þá er saltkjötið að verða óseljanlegt. Frysta kjötið er selt fyrir sáralítið verð. Gærur og ull selst tæplega, og það, sem selst, fyrir nauðalítið verð. Um fiskafurðasöluna ætla ég, að ekki þurfi að segja hv. þm. Verðið, sem fæst fyrir fiskinn, er ekki meira en það, að framleiðslan ber sig ekki. Og fyrir hvað á svo að kaupa frá útlöndum nauðsynjar landsins?

Þegar svona er komið um verzlun og viðskipti hjá okkur, þá er ekki einasta rétt, heldur sjálfsagt að rækta allt í íslenzkri mold, sem hægt er, til þess að spara kornmatarkaup og aðrar nauðsynjar frá útlöndum, því að það er þegar farið að bóla á því, að við erum þess ómegnug að kaupa þær almennu nauðsynjar, sem við óhjákvæmilega þurfum að flytja inn í landið. Það eru þessar ástæður, sem liggja til grundvallar fyrir því, að við flytjum þetta frv. og viljum gera það, sem í okkar valdi stendur, ekki einasta í þessu máli, heldur öllu, sem er til þess að hlynna að innlendri framleiðslu. Hv. þm. var að tala um verðhækkun á kartöflum, en frv. stefnir að þeirri einu verðhækkun, sem í því felst að auka fjárhagslega afkomu landsmanna og lánstraust með því að láta það fé renna til innlendra atvinnuvega, sem nú fer út úr landinu fyrir aðkeyptar kartöflur. Það er sú eina verðhækkun, sem af þessu frv. getur leitt. Og mér þætti ekki ófróðlegt að sjá framan í þann mann, sem vildi standa á móti slíkri verðhækkun.

Það eru svo ýms smærri atriði, sem menn hafa verið að tala um hér, eins og t. d. það, að mat á kartöflum mundi verða lítilfjörlegt. Það getur verið, en eitthvað gott gæti þó af því leitt. Nú er, eins og kunnugt er, ekkert mat á kartöflum, hvorki innlendum né útlendum. — Þá hafa sumir hv. þm. verið að tala um ívilnun þá, sem veita á flutningi á kartöflum, og talið það svo og svo mikil útgjöld. Ég vil benda á það, að eftir þeim upplýsingum, sem hér liggja fyrir, þá mundi það ekki leiða af sér nein veruleg útgjöld fyrir ríkissjóðinn. Sig. Sigurðsson búnaðarmálastjóri hefir aflað nokkurra upplýsinga, sem birtar eru í Frey, og eftir

þeim að dæma mundi það, sem greiða þyrfti í þessu skyni úr ríkissjóði, samsvara ½ flutningsgjaldi á innan við þúsund tunnur. Nú var réttilega á það bent af hv. 1. þm. Skagf., að ríkisskipin hafa sjaldan siglt með fullfermi, oftast undir hálffermi. Þegar svo er háttað um skipin, þá er hér ekki um að ræða nein sérstök útgjöld fyrir ríkið. Auk þess myndi geta af þessu leitt tekjuauka fyrir ríkisskipin, því að núna eru kartöflur sendar með hinum og þessum skipum, en þegar þessi tilhögun er komin á, mundu ríkisskipin ein sitja fyrir þessum flutningi.

Eitt er það enn, sem mjög hefir komið fram í ræðum þeirra, sem andmæla frv., að þeir tala um frv. á þann veg, sem um sé að ræða algert innflutningsbann á kartöflum. Ég þarf raunar ekki að leiðrétta það, að þetta er aðeins bann um takmarkaðan tíma á árinu, einungis þann tíma af árinu, sem nóg er af kartöflum í landinu. Á öðrum tímum er innflutningurinn frjáls.

Hv. þm. N.-Ísf. talaði mikið um það, að ekki væri hægt að létta af banninu nema með samþ. Búnaðarfélagsins. Ég sé ekki mikið á móti því, þó að svo væri, því að gert er ráð fyrir, að Búnaðarfélagið afli sér allra þeirra gagna, sem svo á að byggja þessa ráðstöfun á. Ég vil benda hv. þm. á, fyrst hann hefir lesið frv. svona illa, að það stendur í 2. gr. frv., að atvmrh. ákveði bannið með auglýsingu á hverju ári og taki fram, hvenær það skuli hefjast og hvenær því skuli aflýst. Það er einungis í því eina tilfelli, þegar um er að ræða að létta banni fyrr af einhverjum sérstökum landshluta, að Búnaðarfélagið verður að vera því samþykkt. Þetta, sem hann talar um, er aðeins undantekningarregla. Ég þarf ekki að svara þeirri fjarstæðu, sem hér hefir verið haldið fram, að þetta verði til að minnka neyzlu á kartöflum, í staðinn fyrir að það er talið þroskamerki og menningar að auka kaka. Það eina er nóg til að sýna fram á, að þetta er fjarstæða, að þetta bann gildir aðeins um þann tíma, sem nóg er af kartöflum í landinu til að fullnægja neyzluþörf landsmanna, eins og hún er á hverjum tíma. Möguleikarnir til aukinnar kartöfluneyzlu eru jafnopnir, en greitt fyrir, að framför í þessu efni geti byggzt á aukinni innlendri framleiðslu.

Hv. 1. þm. S.-M. gerði 2 aths. Sú fyrri var, að það þyrfti betri ákvæði viðvíkjandi mati á kartöflum. Ég vil benda honum á, að þetta verður nánar ákveðið í þeirri reglugerð, sem gert er ráð fyrir, að gefin verði út. Þá minntist hv. þm. á, að hann vildi ekki láta lögfesta orðið kartöflur, heldur nota orðið jarðepli. Ég hefi ekkert á móti því, og ég skal gjarnan verða við tilmælum hans um að taka það til athugunar.

Jón Ólafsson: Á undanförnum þingum og á þessu þingi hefir legið frv. til l. um kartöflukjallara. Og hefir mér fundizt það hafa töluverðan rétt á sér, þar sem tilgangurinn er að styrkja bændur til að hlynna meira að einni atvinnugrein sinni en verið hefir. En nú sé ég á þessu frv., sem fyrir liggur, að farið er að færa sig upp á skaftið um þessa hluti, sem sé að banna algerlega innflutning á þessari vöru um það bil, sem uppskera landsmanna sjálfra væri að seljast. Nú hefir hv. frsm. sagt, að venjulega stoppaðist útlenda salan meðan innlenda framleiðslan væri á markaðinum, svo að hér kemst hann í mótsögn við sjálfan sig. Ég hefi margoft spurt ýmsa bændur í Rangárvallasýslu, hvort þeir sæju sér ekki fært að framleiða og selja mér til útgerðarinnar bæði kartöflur og rófur, en þeir hafa borið því við, að það borgaði sig ekki að borga 4—6 kr. undir tunnuna til Rvíkur. Og ég veit ekki til, að vinna hafi lækkað eða neitt, sem geri það að verkum, að þeir tækju með meira kappi á þessu máli en áður. Nei, eina ráðið er að skaffa þeim beinan styrk til undirbúnings ræktun jarðepla fyrstu árin. Það myndi koma aukinni kartöfluræktun af stað. Búnaðarfélagið ætti að beita sér fyrir og vinna að því að hjálpa bændum til að auka framleiðsluna á þessu sviði og greiða fyrir því, að þeir geti komið þessari vöru í peninga, sem, eins og hv. frsm. tók fram, stoppaði alla útlenda sölu meðan hún væri á boðstólum.

Ég er á sama máli og hv. frsm., að við eigum að líta þangað, sem þörfin er mest í þessu efni, en við megum ekki vera of nærsýnir, því að ef þetta á að kosta

verðhækkun, þá kemur það fram á þeim flokki landsmanna, sem mega ekki við því. Það vantar ekki, þegar vandræðin steðja að, að þá komi skottulæknar og bjóði fram þjónustu sína, en gleyma því, að það er ýmislegt annað, sem þarf að horfa öðruvísi við, til þess að að notum komi.

Úr Rangárvallasýslu getur ekki komið neitt af kartöflum, vegna þess, að ekkert það hefir lækkað í verði, sem þarf til framleiðslu þessarar vöru. Meðan svo er ástatt, þarf annaðhvort verulega verðhækkun á vörunni í Rvík eða hjálp til þess að koma framleiðslunni á markaðinn fyrir minna verð en áður. Annað er kák, nema fyrir þá, sem næstir búa. Meðan svo er ástatt hér, er engin ástæða til að fylgja þeim till., sem ekki miða að því að auka framleiðsluna eða gera hana hægari fyrir þá, sem eiga að framleiða þessa vöru.

Jón Auðunn Jónsson: Ég verð að taka undir það með hv. 1. þm. Rang., að hv. frsm. sannar okkur, að engin ástæða er til að gera þessa ráðstöfun til að greiða fyrir sölu á innlendum kartöflum. Það er óhætt að auka framleiðsluna, því að markaðurinn er nógur. Við, sem kaupum kartöflur, greiðum með glöðu geði 2—4 kr. meira fyrir hverja tunnu af íslenzkum kartöflum en erlendum. Það mun jafnaðarlega vera svo, að innlenda framleiðslan er seld allt öðru og lægra verði út úr landinu en hún er seld á innl. markaði. Ég hefi t. d. verið að spyrja um verð á spaðsöltuðu saltkjöti. Seljendur vilja fá 130 kr. Á sama tíma er tunnan seld út úr landinu á 50—60 kr. af stórhöggnu kjöti eða sem svarar 80 kr. spaðsaltað. Það geta ekki blómgvazt atvinnuvegir, sem reistir eru á slíku fyrirkomulagi. Það er hægt að pína menn eitt og eitt ár, en það er ekki hægt til lengdar. Það, sem gert er í öðrum löndum til verndar innlendri framleiðslu, er að setja tolla, svo að ódýrar erlendar vörur séu ekki seldar „dumping"verði og innlend vara útilokuð frá sölu. Öll framleiðsla kartaflna er seld háu verði og eftirspurn eftir meiru en framleitt er. Þess vegna er bann við innflutningi ekki einasta óþarft, heldur líka skaðlegt.

Hv. 1. þm. Skagf. minntist á Skipaútgerð ríkisins í sambandi við þetta mál. Ég skal lofa honum því að greiða atkv. með honum með því að láta ríkissjóð styrkja innlenda kartöfluverzlun með svo sem 50 þús. kr. á ári, ef hann vill aftur á móti styðja að því, að bætt verði skipulag ríkisútgerðarinnar, sem hann er svo hrifinn af, þannig að spara ríkissjóði kostnað við hana sem svarar tvöfaldri þeirri upphæð. Ég spáði því, þegar Súðin var keypt um árið, að tap ríkisins á strandferðunum mundi tvöfaldast upp í 350 þús. kr., og reynslan hefir sýnt, að það var ekki ofmælt. Á síðasta ári hefir halli á útgerð ríkisskipanna orðið 472 þús. kr., og það er auðséð, að eitthvað þarf að gera til þess, að sú upphæð verði ekki miklu hærri á þessu ári. Annars á ég erfitt með að skilja þá menn, sem ótilkvaddir standa upp hér í d. til þess að lýsa yfir velþóknun sinni á þessari starfsemi ríkisins. Ég get ekki skilið, að margir vilji verða til þess að taka þátt í þessari hrifningu hv. þm., því að það virðist öllu heldur vera hryggðarefni, hver reynslan hefir orðið í þessum efnum á síðari árum. — Annars er það augljóst, að kartöflufframleiðslan getur ekki aukizt nema verðið hækki, eða að aukinn verði opinber styrkur til hennar fram yfir það, sem nú er samkv. jarðræktarlögunum. En ef þess er kostur að spara útgjöld ríkissjóðs af skipaútgerðinni, þá skal ég samþykkja það að veita fé til styrktar kartöfluræktuninni. Kartöflurnar er afarnauðsynleg vara, og einmitt sú vara, sem fátækara fólkið notar meira af en hinir efnaðri, vegna þess, að þeir fátækari hafa minni aðstöðu til að bæta sitt mataræði með dýrari efnum. Þess vegna vil ég leggja mikla áherzlu á, að komið sé í veg fyrir hækkandi verð á þessari vörutegund, sem við þurfum einmitt að starfa að vaxandi neyzlu á. En reynslan mun verða alveg öfug í þessu efni, ef innflutningsbann kemst á; um það þýðir ekki að deila. Ég skal ekki deila við hv. frsm. um framkvæmd innflutningsbannsins. Í niðurlagi 2. gr. frv. er ráðh. heimilað að létta banni af fyrr en það er útrunnið, en þó aðeins **með samþykki** og að fengnum till. Búnaðarfélags Íslands. Ég fæ ekki séð, að hægt væri fyrir ráðh. að

létta banninu af nema með samþykki Búnaðarfélagsins. Þó ráðh. bærust áskoranir frá bæjar- og sveitarfélögum viðsvegar að um að létta banninu af, þá getur Búnaðarfélagið beinlínis meinað honum að taka þær til greina. Ég fer eftir því, sem skrifað stendur. Treystir hv. frsm. sér að sýna fram á, að þetta sé rangt?

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Það er líklega varla ástæða til þess að lengja þessar kartöfluumr. fram úr þessu. Málið er fremur einfalt, og menn eru sjálfsagt yfirleitt búnir að gera upp skoðanir sínar á því.

Hv. 1. þm. Skagf. sagðist ekki vera hissa á því, að ég beitti mér á móti þessu frv., því að það væri gagnstætt mínum lífsskoðunum. Ónei. Hér kemur engin lífsskoðun til greina. Það er fyrir sjálfstæða athugun, að ég hefi komizt að þeirri niðurstöðu, að það sé afarvafasamt, að hægt sé að greiða úr erfiðleikum viðskiptanna með því að skerða frelsi manna. Og það hefir kostað mig talsverða fyrirhöfn að öðlast þessa skoðun. Ég áleit það lengi vel, að í undantekningartilfellum gætu slíkar ráðstafanir verið nauðsynlegar. En reynslan hefir fært mér heim sanninn um það, að það er hér um bil hvergi, sem slíkar ráðstafanir verða til bóta.

Það er sjálfsagt að viðurkenna það mikið nauðsynjamál, að Íslendingar rækti sjálfir allar þær kartöflur, sem þeir nota, en innflutningsbann er ekki rétta lausnin á því máli. Samkv. verzlunarskýrslunum eru árlega innfluttar um 1800 smálestir af kartöflum. Mjög væri það æskilegt, að þessar kartöflur væru heldur ræktaðar í landinu sjálfu, en þá er fyrsta spurningin: Hvað kosta þessar kartöflur samanborið við þær innlendu? Svarið er greinilegt, að þær eru ódýrari fyrir neytendurna. Og þá liggur alveg í augum uppi, að afleiðingar af innflutningsbanni verða bæði hækkað verð og minnkuð notkun á þessari bráðnauðsynlegu vöru. Um þetta stendur ágreiningurinn hér í hv. þd. Á að hækka verðið og minnka notkunina eða ekki?

Ég er alveg sannfærður um, að annaðhvort er þetta frv. bókstaflega alveg þýðingarlaust eða þá, að það þýðir hærra verð, og það er auðvitað eina hvötin til þess að auka framleiðsluna, eins og hv. 1. þm. Rang. tók fram, enda slæddist það fram úr hv. 1. þm. Skagf., að þetta gæti komið fyrir, og þá var ráðið að grípa til gömlu „homöopata"aðferðanna til þess að leysa vandræðin. Fyrst að nota eitur, og svo móteitur og aftur móteitur. Fyrst inntaka úr A-glasi, svo úr B-glasi og síðast úr C-glasi. A-glasið er þá bann á innflutningi og B-glasið er verðlagsn. Ég held, að engin „homöopata"lyf löggjafarvaldsins hér á landi hafi verið eins þunn og hámarksverðin. Það voru hér á árunum settar einlægar verðlagsn. til þess að hafa eftirlit með vöruverðinu, og þær voru skipaðar þeim mönnum, sem höfðu óbifanlega trú á þýðingu slíkra n., en þessar n. reyndust alveg gagnslausar og áhrifalausar. Hvaða vit er nú í því að búa sér fyrst til erfiðleikana með innflutningshöftum, og síðan að ætla að ráða bót á þeim með pappírsákvæðum?

Eina ástæðan, sem til greina gæti komið með innflutningshöft, er sú, ef þjóðin væri haldin þeirri ónáttúru að vilja heldur kaupa útlendu kartöflurnar fremur en þær innlendu að öðru jöfnu, en það er langt frá, að svo sé, heldur alveg öfugt.

Hv. þm. N.-Ísf. sagði, að þótt ríkið styrkti kartöfluverzlunina innanlands með því að greiða ½ flutningskostnað milli hafna með skipum ríkisins, kæmi þetta aðeins til greina, ef útgerðin væri rekin án halla. Ég hefi ekki kunnugleika til að dæma um það, hvort skrifstofukostnaður er minni hjá ríkisútgerðinni heldur en annarsstaðar, en ég ætla nú samt að leyfa mér að efast um, að svo sé, þar til fyrir liggja þá skýrslur, er sanni hið gagnstæða.

Hv. þm. N.-Ísf. benti á það sem sennilegar afleiðingar af innflutningsbanni á kartöflum, er gilti aðeins hluta af árinu, að hrúgað yrði inn í landið meiri birgðum af þessari vöru heldur en þörf væri á, rétt áður en bann gengi í gildi, en að það gæti hæglega orðið til þess að lækka verðið, vegna þess, að vörurnar þyldu ekki geymslu. Ef hætta er á því, að inn í landið væru þannig fluttar óhæfilega miklar birgðir, get ég hugsað mér, að þá

yrði reynt að grípa til C-glassins. Sett á stofn ein n. til, innflutningsn., er hafa skyldi hemil á innflutningnum á þeim tímum, sem ekki gilti algert bann.

Hv. 2. þm. Skagf. taldi það ekki óeðlilegt, að frv. þetta væri meðal annars fram komið af kreppuástæðum. Það er að vísu rétt, að víða hafa verið sett á innflutningshöft til þess að draga úr kreppunni, en þeim hefir hvergi verið snúið gegn öðru en óþörfum eða lítt þörfum varningi, sem hægt er án að vera. Hér er því um alveg spánnýja stefnu að ræða, þegar á að fara að banna eina ódýrustu, en nauðsynlegustu vörutegundina, sem miklu frekar væri ástæða til að eggja menn á að flytja inn, heldur en banna. Þessi hv. þm., ásamt hv. frsm. n., hélt því fram, að þetta frv. væri fyrst og fremst fram komið sem kreppuráðstöfun, en þetta er ekki rétt; hér er um lög að ræða, sem eiga að gilda í framtíðinni, enda minntist hv. frsm. ekkert á það í framsöguræðu sinni, að þetta ætti aðeins að vera bráðabirgðaráðstöfun, heldur væri það heppilegt fyrirkomulag, sem alltaf ætti að gilda; annars hefði frv. átt að vera tímabundið við ástandið, sem nú er.

Ég ætla ekki að ræða við hv. frsm. um lýsingu hans á þeirri ógurlegu mynd, sem hann kvað mig hafa málað af fjandanum með hornum, klaufum og eldrauðum glyrnum og stílað upp á þetta frv. Hann sagði, að einn ágætur málari hefði uppteiknað þessa ferlegu mynd, en málarinn var ég, og málverkið lýsing mín á frv. Ég get ekki tekið þennan málaravitnisburð öðruvísi en sem viðurkenningu fyrir því, að ég hafi getað teiknað þarna upp mjög sanna mynd af frv., því að sjálfsögðu eru málararnir manna færastir að mála sem líkast fyrirmyndinni. Annars var það eitt enn í ræðu hv. frsm., sem ég get ekki stillt mig um að minnast á. Hann hélt fram þeirri reginfjarstæðu, að þegar íslenzku kartöflurnar kæmu á markaðinn á haustin, þá útrýmdu þær útlendu kartöflunum, meðan verið væri að selja þær íslenzku. Ef þetta væri nú þannig í raun og veru, þá slær þessi ástæða frv. sjálft alveg niður, eins og einn hv. þm. skaut fram áðan. Hvaða þörf er þá á banni á útlendu kartöflunum, ef þær íslenzku útrýma þeim? Þá væru þessi bannlög aðeins sett til skemmtunar, samhliða öðrum ágætum bannlögum. Sannleikurinn er sá, að íslenzku kartöflurnar draga úr sölunni á þeim erlendu, en erlendu kartöflurnar halda þeim íslenzku í réttu verði. Þær standa á verði og sjá um það, að verðið sé rétt. Breytingin, sem yrði á þessu, ef frv. verður að lögum, er sú, að þessum óbrigðula dómara um verðið er kippt burt, svo að verðið mundi að sjálfsögðu hækka. Ég hygg, að erfitt verði að sýna fram á það með rökum, að verðið mundi ekki hækka, ef útlendu kartöflurnar yrðu bannaðar, en ef svo ólíklega færi, að verðið hækkaði ekki, þá væru lögin samt sem áður gagnslaus, því að þá yrðu þau engin hvöt fyrir framleiðendur til þess að auka framleiðsluna eins og hv. 1. þm. Rang. sýndi fram á áðan.

Bjarni Ásgeirsson: Hv. frsm. landbn. hefir svarað svo rækilega þeim mótbárum, sem komið hafa gegn þessu frv., að ég hefi aðeins fáu þar við að bæta. Ég vildi aðeins undirstrika með nokkrum orðum sumt af því, sem sagt hefir verið frv. til stuðnings. Á venjulegum tímum hefði mig ekki undrað það, þó að aðrar eins mótbárur kæmu fram eins og þær hjá hv. 4. þm. Reykv., að lögin væru brot á frjálsri verzlunarsamkeppni, en nú þegar þjóðin þarf í þessum einstöku vandræðum að leita allra bragða, til þess að halda þjóðarskútunni á réttum kili, þá er það næsta mikið undrunarefni, að ekki skuli vera tekið vinsamlega öllum þeim ráðstöfunum, sem miða til þess að tryggja aðstöðu þjóðarinnar gegn þeim óhöppum, sem yfir vofa. Þótt það sé mikilsvert, að hægt er að framleiða þessa vöru, kartöflurnar, hér á landi, þá er annar þáttur þeirrar starfsemi engu síður mikilsverður, en það er verzlunin með þessa framleiðslu. Það þarf að greiða fyrir verzluninni og tryggja það, að kaupendur séu til. En því er ekki þannig farið nú, því að þó að sagt sé, að íslenzku kartöflurnar eigi að vera samkeppnisfærar við þær útlendu, þá er það nú svo, að þegar íslenzku kartöflurnar koma á markaðinn, þá er mikið fyrir þar af útlendum kartöflum, og íslenzku kartöflurnar geta ekki

útilokað þær, nema með því að undirbjóða verðið.

Með þessu frv. er gerð tilraun til þess að vernda íslenzka framleiðslu gegn þeirri útlendu, og það sýnist þjóðarnauðsyn nú á tímum að láta það íslenzka sitja fyrir hinu útlenda. Ég vil ennfremur undirstrika þá bendingu til hv. 3. þm. Reykv., sem ekki að ástæðulausu kvartar fyrir munn þeirra manna, sem hann er þingfulltrúi fyrir, um atvinnuleysi og iskyggilegar horfur, að hann ætti að skoða huga sinn vandlega, áður en hann slær hendi á móti þessu frv., sem ótvírætt stefnir í þá átt að auka atvinnu í landinu og skapa skilyrði fyrir kina atvinnulausu kjósendur hans. Og hv. 4. þm. Reykv., sem allajafnan hefir látið sig fjármál ríkisins og bankanna miklu skipta, vil ég benda á það, að það er ekki þýðingarlítið fyrir þjóðarbúið að geta þarna sparað kannske hundruð þúsunda kr. á greiðslum út úr landinu með aukinni framleiðslu og atvinnu í landinu sjálfu.

Í þessu máli eru tvö atriði, sem koma til greina og eru þýðingarmikil fyrir þjóðina. Það eru minnkuð útgjöld og aukin atvinna, og þau eru svo þung á metunum, að það er ekki rétt að ganga fram hjá þeim, og ég vil beina þeirri áskorun til hv. þdm., að þeir leggi sér alvöru þessa máls vel á hjarta.

Þótt hv. þm. N.-Ísf. tali um það, að kartöflur séu dýrari fæða en korn, miðað við næringargildi, en það getur vel verið, að sé rétt, þá veit hann það, að sá maður, sem enga peninga hefir til þess að kaupa korn, hann fer ekki út í það að mæla næringargildið, heldur tekur hann þann kostinn, sem hann er fær um að ráða yfir, að framleiða handa sjálfum sér þá vöru, sem hann hefir ráð á að framleiða. Hann er í þessu tilfelli herra yfir kartöflunum, en ekki yfir korninu. Og þjóðinni er nú á þessum tímum allt að einu farið.

Aðalmótbáran gegn frv. hefir verið sú, að verðið mundi hækka, en ég fullyrði það, að hægt er að stórauka kartöfluframleiðsluna hér á landi, án þess að verðið hækki, og ef nokkur hætta væri á því, að verðið hækkaði, þá er ég sammála hv. 1. þm. Skagf. um það, að hægt er að koma í veg fyrir það með hámarksverði. Það er ekki verðlagið, sem staðið hefir kartöfluframleiðslunnni fyrir þrifum, heldur erfiðleikarnir á því að selja vörurnar. Og skilyrði fyrir kartöfluræktinni eru fyrir hendi um allt Suður- og Suð-Vesturland. Við alla kaupstaði og sjávarþorp geta atvinnulausir menn stundað þessa ræktun, ef aðeins söluskilyrðin eru bætt.

Að íslenzku kartöflurnar koma allar á markaðinn í einu, gerir það að verkum, að þær haldast í sanngjörnu verði. Menn keppast við að koma þeim út sem fyrst, og í því er fólgin trygging gegn óeðlilegri hækkun. Og þótt svo færi, að íslenzku kartöflurnar hækkuðu eitthvað í verði, álít ég, að hinir óvenjulegu tímar réttlæti það fullkomlega. Með því að takmarka innflutning á útlendum kartöflum spörum við gjaldeyri, og eins og sakir standa nú, skiptir það miklu meira máli, heldur en þótt innlendar kartöflur hækkuðu lítið eitt í verði.

Hv. 4. þm. Reykv. talaði um, hvað þetta væri mikið brot á frjálsræði, brot á meginreglu frjálsrar verzlunar. Þó að slík rök hefðu e. t. v. eitthvert gildi á venjulegum tímum, hafa þau það ekki nú, þegar svo að segja öll ríki hafa hlaðið um sig háa tollmúra. Við kennum þess þegar alltilfinnanlega, þar sem við getum ekki selt framleiðsluvörur okkar. Og er þá ekki nauðsynlegt að tryggja sölu á okkar eigin vörum á hinum litla markaði innanlands? Þegar aðrar þjóðir hefta innflutning hjá sér verðum við að dansa með, nauðugir eða viljugir. Þegar þetta fyrirkomulag er komið á í heiminum, verðum við að beygja okkur fyrir nauðsyninni og reyna að bjarga okkur eins og við bezt getum.

Það hefir komið fram hjá mönnum hræðsla um það, að Búnaðarfélagi Íslands væri veitt of mikið vald í þessu máli, eftir frv., eins og það liggur fyrir. Það var ekki ætlun okkar með frv. að fá Búnaðarfélaginu í hendur neitt verulegt vald. Tilætlunin var, að það safnaði nauðsynlegum gögnum um málið, sem stj. gæti svo byggt á sín afskipti. Ef menn eru hræddir um, að þetta veiti Búnaðarfélaginu of mikil áhrif, get ég fallizt á að víkja við þeim ákvæðum í frv., sem þetta snerta.

Það hafa komið fram tvær mótbárur gegn þessu frv., sem rísa algerlega hvor gegn annari. Hv. þm. N.-Ísf. var hræddur um, að svo miklar birgðir yrðu til af útlendum kartöflum í landinu, þegar innflutningur væri bannaður í hvert sinn, að þær mundu skemmast og eyðileggjast. Aftur á móti hélt hv. 4. þm. Reykv. fram því gagnstæða, að kaupmenn mundu ekki þora að flytja inn nema svo lítið af kartöflum, að það yrði skortur á þeim. Ég hygg, að hér mundi reynslan fara mitt á milli öfganna. Hyggnir kaupmenn mundu kaupa nokkurnveginn hæfilega mikið til þess tíma, sem þeir mega selja, þar sem innflutningsbannið á að auglýsa fyrirfram. Þessar tvær mótbárur slá því hvor aðra niður.

Hv. 2. þm. Reykv. virtist mjög þrútinn yfir þessu frv. Taldi hann, að því til grundvallar lægi það eitt, að íslenzka framleiðslan væri ekki samkeppnisfær við þá útlendu. En með núverandi fyrirkomulagi þarf íslenzka framleiðslan að vera meira en samkeppnisfær. Útlendu kartöflurnar hafa jafngóða aðstöðu á markaðinum hér eins og þær íslenzku, og þarf því að bjóða íslenzku kartöflurnar fyrir lægra verð, ef þær eiga að útiloka hinar. Ef sama verð er á útlendum kartöflum, hafa þær alltaf einhvern hluta af okkar litla markaði.

Hv. 1. þm. Rang. og hv. 4. þm. Reykv. töluðu um skottulækningar. Skildist mér þeir telja þetta frv. til skottulækninga. En ég get ekki séð, að þetta frv. sé fremur skottulækning en aðrar tilraunir í þá átt að bæta aðstöðu þjóðarinnar til að lifa í landinu.

Önnur slagorð hafa andstæðingar frv. verið með, sem ég ætla aðeins að drepa á. Þeir töluðu um kartöflusýki í þinginu. Ég held, að það hafi komið skýrt fram, að meginkjarni þessa máls er að tryggja eina grein íslenzkrar framleiðslu á íslenzkum markaði. Það er einn liður þeirrar starfsemi, sem nú er haldið uppi í þessa átt og allir þykjast hlynntir. Ef réttmætt er að kalla þessa tilraun til að gera okkur sjálfbjarga á einu sviði sýki, þá mætti eins kalla alla sjálfsbjargar- og sjálfstæðisviðleitni okkar Íslendinga einu nafni íslenzka sýki, hégómamál, sem engan rétt á á sér. Ef íslenzk sjálfsbjargarviðleitni á rétt á sér á öðrum sviðum, hlýtur hún einnig að eiga það á því sviði, sem hér er um að ræða.

Frsm. (Pétur Ottesen): Það má segja, að það var mikil gleði í Paradís hér áðan, — ef ég annars má viðhafa slíkt orð um það umhverfi, sem við lifum í hér —, hjá andstæðingum þessa frv. Þeir höfðu eftir mér ummæli, sem þeir hafa nú teygt og togað, hver á eftir öðrum, á þann veg, að úr þeim mætti draga, að engin þörf væri á þessu frv.

Þessi ummæli mín, sem andstæðingar þessa frv. hafa verið að slá sig til riddara á, og lutu að því að hnekkja fullyrðingum þeirra um verðhækkun á kartöflum, voru á þá leið, að það hefði sýnt sig, að innlendu kartöflurnar útilokuðu sölu á erlendum kartöflum á þeim tíma, þegar þær væru á markaðinum, þar sem hægt væri að koma **þeim kostnaðarlítið á markaðinn.** En til þess að nota þessi ummæli mín þann veg, sem þeir nú gerðu, svo að hægt væri að draga út úr þeim þessa ályktun, urðu þeir vitanlega að sleppa síðustu setningunni. Í frv. er farið fram á, að ríkið létti undir með flutning á kartöflum hafna á milli. Það er nú svo háttað með flutninga með ströndum fram, að það er víða dýrara að senda vörur milli hafna innanlands heldur en senda þær beint frá útlöndum, einkum þegar um aðra og meiri fragt er að ræða til þeirra sömu verzlana. Þann aðstöðumun á að jafna með þessu frv., að því er kartöflur snertir. Það er því ekki til í þessum ummælum nein röksemd í þeirra þágu, þegar þau eru tekin eins og þau voru töluð og ekki slitin út úr réttu samhengi.

Þessi aðferð þeirra, að slita sundur ummæli mín, til þess að geta notað þau sér í hag, sýnir aðeins, í hvað mikið rökþrot þeir eru komnir. Þeir eru farnir að nota útúrsnúninga til þess að bera blak af sér og þeim ástæðum, sem þeir eru að tefla fram gegn þessu máli.

Hv. þm. N.-Ísf. o. fl. hafa af nýju endurtekið þau ummæli, að frv. þetta verði til að hækka verð á kartöflum, ef samþ. verður. Skýrslur frá hagstofunni sýna, að meðalverð á innfluttum kartöflum er 18 kr. tunnan. Þar við bætist uppskipunarkostnaður, tollur, geymsla og álagning

verzlananna. Ég ætla því, að raunverulegt meðalverð, sem neytendur þurfa að greiða fyrir útlendu kartöflurnar, sé ekki undir 20—22 kr. Nú er vitanlegt, að einhverjir stærstu kartöfluframleiðendur landsins, bæði Akurnesingar, Stokkseyringar og Eyrbekkingar, selja kartöflurnar, fyrst þegar þær koma á markaðinn á sumrin tæplega fullþroska, á 20—22 krónur, en síðan á 17—20 krónur í mesta lagi. Þetta sýnir, að það er beinn skaði fyrir neytendur að þurfa að kaupa útlendar kartöflur, því að raunverulegt meðalverð þeirra er hærra en þeirra íslenzku.

Ég held, að ekki sé þörf að fara frekari orðum um þetta. Það, sem ég vildi sýna fram á, er í fám orðum, að þar, sem hægt er að koma íslenzku kartöflunum kostnaðarlítið á markaðinn, útrýma þær að mestu útlendum kartöflum þar á sama tíma, og er það jafnframt sönnun þess, að þær þola fyllilega samanburð við útlendu kartöflurnar hvað verð snertir.

Hv. þm. N.-Ísf. sagðist reiðubúinn til að kaupa íslenzku kartöflurnar fyrir 3—5 kr. hærra verð en þær útlendu. Ég verð nú að segja það, að mér finnst það furðulegt ósamræmi í þessari yfirlýsingu hans og framkomu hans í þessu máli. Vildi ég heldur, að hann veitti þessu máli stuðning af alhuga. Þá væri hann að vinna að því að eiga þess kost að fá innlendar kartöflur allt árið við mjög sanngjörnu verði, í stað þess að við verðum nú að kaupa erlendar kartöflur nokkurn hluta ársins fyrir 3—5 kr. hærra verð hverja tunnu en markaðsverðið er á innlendum kartöflum. Ég held því, að hv. þm. ætti að slaka til með andstöðuna við þetta frv. Hinn þjóðlegi og hyggni maður, sem hv. þm. hefir að geyma, ætti að koma fram í því, að hann hyrfi frá villu síns vegar og hætti að vinna á móti þessu frv., en legði því í þess stað lið sitt. Nóg þurfum við að flytja frá útlöndum samt, þótt við hættum að kaupa vöru, sem er jafnauðvelt að framleiða í landinu eins og kartöflur.

Ég hefi gaman af í þessu sambandi að benda á, hvernig Svíar líta á þetta mál, hvað þeim finnst mikilsvert að vernda innlenda framleiðslu. Undanfarið hefir tollur á kartöflum í Svíþjóð verði 2 kr. á tunnu. En þeim þykir það ekki nóg til verndar innlendri kartöflufframleiðslu og hafa því nýlega hækkað tollinn upp í 10 kr. á tunnu. (MJ: Þeir gera nú líka margar vitleysur í Svíþjóð). Þeir líta eins á þetta mál og við, sem mælum með þessu frv., að það beri að hlúa eins og auðið er að innlendri framleiðslu. Og þar eru Svíar á réttri leið, hvort sem þeir gera fleiri eða færri vitleysur á öðrum sviðum.

Mér finnst undarlegt, að hv. þm. N.-Ísf. byggir andstöðu sína við þetta frv. fyrst og fremst á því, að það hafi kostnað í för með sér. En svo býðst hann hinsvegar til að vera með því að veita allt að 50000 kr. til að styrkja innlendu framleiðsluna. Við förum ekki í þessu frv. fram á svo mikinn fjárhagslegan stuðning. Það hefir verið bent á, að kostnaður samkv. ákvæðum þessa frv. yrði í mesta lagi 10—12 þús. kr. á ári. En við í landbn. eigum eftir að koma fram með fleiri till., er miða að því að tryggja, að íslenzkar vörur gangi fyrir þeim erlendu á íslenzkum markaði, og er þá gott að mega eiga von á stuðningi hv. þm. N.-Ísf., bæði hvað snertir fjárframlag og annað.

Það hefir verið farið ýmsum óvirðingarorðum um þetta frv. Að vísu tel ég það ekki sérstaklega mikla óvirðingu, þótt því væri líkt við skottulækningar, því að með því orði mun átt við þær gömlu og góðu smáskammtalækningar, sem oft komu að gagni. Hv. þm. töluðu líka um kartöflusýki í sambandi við frv. Það er út af fyrir sig hættulegur kvilli í kartöflum, sem kartöflurræktarmenn eiga við að stríða, en tekst þó oftast að sigrast á. En það er önnur sýki, mjög áberandi og skaðvænleg, sem þeir menn eru þungt haldnir af, sem berjast með öllu sínu andlega afli gegn því, að Alþingi veiti þjóðinni stuðning og uppörfun í því að byggja hag sinn sem mest upp á nothæfum náttúrugæðum, innlendum. Það má vel vera, að þessir menn þurfi að fá miklar og stórar inntökur út a, b, c o. s. frv., áður en slík sýki verður upprætt. Þegar ég talaði um það, að andstæðingar þessa frv. væru að mála fjandann á vegginn í sambandi við þetta mál, þá átti ég vitanlega við allar þessar lýsingar, sem þeir hafa verið að gera á þessu frv., því til ófrægðar. Og að ég talaði um hv. 4. þm. Reykv. sem góðan málara,

sem hann tók sér til inntektar og sem viðurkenningu frá mér fyrir því, að sér hefði tekizt að draga upp góða líking af frv., þá átti ég við þá hæfileika málarans, sem í því liggja að hrúga saman sem allra mestu af fjarstæðum í málverkum sínum. Það var vegna þess hæfileika hv. þm., að ég taldi hann í þessu sambandi góðan málara.

Jón Auðunn Jónsson: Hv. þm. Borgf. hélt fram, að íslenzkar kartöflur væru yfirleitt ódýrari en þær útlendu. Hvaða þörf væri á því að setja lög til að vernda sölu á íslenzkum kartöflum, ef þær væru ódýrari? Vissulega engin. Jafnframt því, að það er skylda hvers góðs Íslendings að kaupa að öðru jöfnu íslenzka vöru, er það persónulegur hagur, ef hún er ódýrari. Hefðu menn því tvöfalda ástæðu til að kaupa eingöngu íslenzkar kartöflur, ef það er rétt hjá hv. þm., að þær séu ódýrari. En ég er hræddur um, að samanburður hv. þm. á meðalverði útlendu og innlendu kartaflnanna sé nokkuð fljótfærnislegur. Útlendar kartöflur eru stundum í mjög háu verði, en það er á þeim tíma árs, sem íslenzkar kartöflur eru ekki til. Á þeim tíma er ekki hægt að fá kartöflur nýjar nema frá fáum löndum. Þýzkaland, til dæmis, kaupir kartöflur frá Ítalíu á vorin, en svo er aftur selt þaðan margfalt meira út úr landinu á haustin, fyrir stórum lægra verð.

Það er rétt hjá hv. þm. Borgf., að ég hefi lofað að vera með því að veita fé úr ríkissjóði til þess að styrkja með innlenda framleiðslu á heilbrigðan hátt, ef menn geta fallizt á að spara aftur á þeim útgjaldaliðum ríkissjóðs, sem ég tel sjálfsagt að spara á. Það má spara milljón eða meira af ríkisútgjöldum, landsmönnum algerlega að skaðlausu. Eitthvað af því fé mætti svo nota til að styðja atvinnuvegina og bæta aðstöðu íslenzkrar framleiðslu, þar á meðal kartöfluræktarinnar.

Ég hefi ekki leyfi til að gera nema stutta aths. og get því ekki svarað öllu, sem fram hefir komið. Hv. þm. Mýr. vil ég benda á það, að við þurfum að flytja afarmikið út af vörum, tiltölulega meira en nokkur önnur þjóð, af því að við þurfum að kaupa að svo margar tegundir nauðsynjavöru, t. d. kol, salt, korn, byggingarvörur o. s. frv., efni, sem landið er snautt af. Til þess að við getum flutt út fyrir öllu þessu, dugir ekki að styðja innlenda framleiðslu á þann hátt, að hún verði baggi á ríkinu, heldur verður að stuðla að því, að hún verði samkeppnisfær á heimsmarkaðinum.

Umr. frestað.

Á 23. fundi í Nd., 8. marz, var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Nd., 9. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15:3 atkv.

Á 26. fundi í Nd., 11. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 87, 117, 132).

Héðinn Valdimarsson: Ég var ekki við, því miður, þegar hæstv. forseti leyfði mér að tala við 1. umr. þessa máls til að svara þeim, sem þá töluðu. Það voru aðallega þeir hv. þm. Borgf. og hv. 1. þm. Skagf. Hv. þm. Borgf. talaði um það, að mér þætti tómlegt um atvinnubætur, en þegar kæmi að slíkum atvinnubótum að auka kartöfluræktina landsins, þá snerist ég á móti. Ef ekki þyrfti annað til að koma á atvinnu í landinu en að banna innflutning á vörum, þá væri það ofureinfalt mál að láta alla hafa nóg að gera. En því fer nú fjarri, að slík bönn komi lagi á. Það er enginn vafi á því, að mikið af því, sem við kaupum, er hægt að framleiða í landinu. En spurningin er, hvort það svarar kostnaði, sem hlýtur að verða það, sem ræður. — Hv. 1. þm. Skagf. talaði um það, að bannið myndi aðeins vera á haustin, en hv. þm. Borgf. segir, að á haustin sé enginn innflutningur á erlendum kartöflum, því að þær íslenzku séu þá svo ódýrar, að þær erlendu geti ekki keppt við þær. Ef svo er, til hvers er þá bannið?

Hv. 1. þm. Skagf. talaði um það, að einkennilegt væri, að ég og jafnaðarmenn værum svo á móti þessu frv., þar sem tilraun væri gerð til að skipuleggja þessa

framleiðslu. Það er fjarri því, að hér sé um skipulagningu að ræða. Það er verið að hjálpa til að halda við samskonar fyrirkomulagi og verið hefir. Ef ætti að koma skipulagi á þessa framleiðslu, þá yrði ég og jafnaðarmenn fyrstir manna til að verða með þessu, en þá yrði að taka málið öðrum tökum. Þá þyrfti fyrst og fremst að rannsaka, hvar á landinu væru bezt skilyrði fyrir kartöfluræktog kálmeti og hvernig henni yrði haganlegast og ódýrast fyrir komið til þess að fullnægja þörfum landsfólksins. En síðan væri að koma á fullnægjandi rækt á þessum stöðum og á þennan hátt, og má þá vænta, að fyrst og fremst yrðu teknir þeir staðir, þar sem gnægð er jarðhita, svo sem á Reykjum í Ölfusi, og komið þar upp stórum kálmetisbúum, en ekki hlynnt að dreifðri og óskipulegri ræktun til sölu. Þá mundi og söluskipulag komast á fyrir allt landið, en því er ekki að heilsa hér í Gósenfrumvarpi einstaklingshyggjunnar. Þá yrði fylgt kenningum sócialismans í þessari atvinnugrein sem öðrum.

Eftir þessu frv. er ætlazt til þess, að atvmrh. ákveði bæði um innflutning og ýmsar nákvæmari reglur viðvíkjandi framkvæmd þessara laga, en ávallt að fengnum till. Búnaðarfélagsins. Á þann hátt er sjálfræðisvald fengið þessum mönnum í hendur, hvernig þessi lög yrðu framkvæmd, og menn hafa enga tryggingu fyrir því, að það yrði til annars en að gera vöruna dýrari. Eftir því, hvernig till. Búnaðarfélagsins hafa verið undanfarið, þá er ekki neins góðs að vænta frá þeirri stofnun.

Einar Arnórsson: Ég get skrifað undir flest af því, sem hv. 3. þm. Reykv. segir til andmæla þessu frv.

Ég hefi leyft mér að koma með brtt. við þetta frv., sem hér liggur fyrir. Ég kom með brtt. við frv. vegna þess, að það eru fyrirmæli í því, sem ég vil ekki fella, þótt það séu hinsvegar aðalákvæðin, sem ég vil fella. Aðalfyrirmæli frv. er að banna innflutning á kartöflum vissan tíma ársins. Mig furðar ekki á því, þó að sumir í landbn. hafi flutt frv., en mig furðar á því, að fulltrúar Sjálfstæðisflokks þessarar n. skuli hafa flutt það. Ég veit ekki betur en að stefnuskrá þess flokks sé frjáls verzlun og sem minnst höft á atvinnufrelsi manna. En hér tel ég, að þeir hafi hvarflað frá stefnuskrá sinni. En nú gæti hugsazt, að hér væri einhver voði á ferðum, sem heimtaði það óhjákvæmilega, að þessi höft væru sett, en svo er þó ekki. Kartöfluneytendur hér í Rvík kaupa allar þær íslenzku kartöflur, sem hægt er að fá á hverju ári, og mundu áreiðanlega gera það, þótt framleiðslan ykist stórlega. Og íslenzku kartöflurnar eru keyptar fremur en þær útlendu, jafnvel þótt þær séu dýrari, t. d. þær kartöflur, sem hv. þm. Borgf. og aðrir Akurnesingar láta selja hingað, af því að mörgum þykja þær betri. Hitt er einsætt, að þegar íslenzku kartöflurnar eru ekki fáanlegar, þá verður að kaupa þær útlendu. Ákvæði þessa frv. eru því ónauðsynleg til þess að tryggja íslenzku vörunni markað. Frv. er því framkomið í öðrum tilgangi. Það er einskonar krókaleið til þess að leggja verðtoll á útlenda vöru, og það er Rvík fyrst og fremst, og svo nokkrir aðrir kaupstaðir og kauptún, sem eiga að greiða þann verðtoll.

En það gæti farið svo ólánlega, að innflutningsbannið yrði til þess, að það yrði skortur á þessari vörutegund á vissum tímum árs. Ef bann yrði látið gilda t. d. allan veturinn, eins og einn hv. dm. stakk upp á, þá gæti farið svo, að varan þryti. Það gæti óneitanlega orðið ekki svo lítill hagur fyrir þá, sem síðastir yrðu til þess að selja sínar birgðir, því að þá hefðu þeir góða aðstöðu til þess að hækka verðið. Það er langt frá því, að þeim hv. stjórnarvöldum, sem ætlað er að vera dómarar um það, hvenær bann skuli gilda eða ekki, sé fyllilega trúandi til þess að líta óhlutdrægt á málið, því að það er full ástæða til að ætla, að Búnaðarfélag Íslands og landstj. líti meira á hag framleiðenda en neytenda í sambandi við þetta mál.

Annað atriði er það í þessu frv., sem ég að vísu sé mér ekki fært að setja mig á móti, en það er flutningsstyrkurinn. Þó má ætla, að það ákvæði, ef að lögum verður, geti dregið allalvarlegan dilk á eftir sér. Það er hugsanlegt, að komið gæti fram krafa um það, að ríkissjóður færi að styrkja flutninga á kjöti og ull

til hafna og milli hafna. En ég játa það, að það er svo mikilsvert atriði, að kartöfluframleiðslan aukist í landinu, að það mætti gera tilraun til þess að láta ríkissjóð styrkja flutning til sölustaða annaðhvort beint eða óbeint, en þá virðist mér ósanngjarnt, að þeir einir njóti þessa styrks, sem flytja þessa vöru með skipum. Finnst mér því brtt. hv. þm. Rang. sanngjarnari heldur en till. flm. í þessu atriði, og mun ég því greiða brtt. þeirra atkv. Það er nú líklega fyrirsjáanlegt um afdrif frv. hér í þessari hv. d. þau, að deildin samþykkir þennan grímuklædda verðtoll á kartöflum, en ég ber það traust til hv. Ed., að hún athugi málið nákvæmlegar og felli ákvæðin um innflutningsbann burt úr frv.

Frsm. (Pétur Ottesen): Hv. 3. þm. Reykv. hefir verið alllengi að melta það svar til mín, er hann flutti hér við þessa umr. Þó virðist svo sem það hafi ekki eftir allan þennan langa meðgöngutíma verið fyllilega melt. Það er erfitt að skilja ástæður hans fyrir því að vera á móti því, að stigið sé verulegt spor í þá átt að spara landinu um 400 þús. kr. árlega greiðslu til útlanda, þegar það er augljóst, að allt þetta fé rynni annars til aukins atvinnurekstrar í landinu. Frá sjónarmiði hans og hans flokks, eins og annara, ætti það að vera mjög æskilegt og þess vert, að stutt væri að því, að þetta fé gengi til innlendrar kartöflufram-leiðslu í stað þess að verja því til kaupa á kartöflum frá útlöndum. Hv. 3. þm. Reykv. er hér að berjast á móti aukinni atvinnu í landinu, en heimtar þó samtímis, að úr ríkissjóði sé lagt fram fé til atvinnubóta. Það kemur fram í þessu hin mesta mótsögn hjá þessum þm. Þá var það hv. 2. þm. Reykv., sem gekk hér allrækilega til verks. Af 8 gr. frv. lagði hann til, að felldar væru burt úr frv. allar nema 3, og ef litið er á efni frv., þá var það aðeins ein gr., sem mátti standa að hans dómi. Það verður að telja, að það gæti varla minna verið, úr því að hann á annað borð gekk þá ekki svo hreint til verks að leggja til að fella frv., sem ég hygg nú, að hafi verið hjarta hans næst að gera, og það er auðheyrt á öllu, að hann gerir sér allt far um það að gera þá það, sem eftir er af frv., svo tortryggilegt sem hann getur.

Hv. þm. hélt, að við fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í landbn. hefðum látið fleka okkur til að flytja þetta frv., og vildi halda því fram, að við gengjum með því í berhögg við stefnuskrá flokksins um frjálsa verzlun. Þetta er hinn mesti misskilningur. Hvað afstöðuna til þessa máls snertir, þá er það auðséð, að hv. þm. hefir fylgzt illa með í því, sem gerzt hefir á þingi hér undanfarið. Hefði hann fylgzt með í því, sem gerzt hefir í þessu efni, þá mætti honum vera ljóst, að ég hefi þing eftir þing borið fram till., sem miða að því að styðja og efla innlenda framleiðslu, bæði með tollvernd og á annan hátt. Það er mín bjargfasta skoðun, að það séu hyggindi, sem í hag koma, að byggja afkomu okkar að svo miklu leyti sem hægt er á innlendri framleiðslu, spara okkur kaup á þeim vörum frá útlöndum, sem hægt er að framleiða í landinu. Stuðla að því, að þær milljónir króna, sem árlega fara út úr landinu fyrir vörur, sem hægt er að framleiða og framleiddar eru hér á landi, renni í þess stað beint inn í atvinnurekstur landsmanna sjálfra, og styðja þannig og tryggja atvinnulíf og afkomu þjóðarinnar. Þetta er í fullkomnu samræmi við stefnu Sjálfstæðisflokksins, sem vill veita borgurum þjóðfélagsins sem bezta aðstöðu til þess að vinna að bættum þjóðarhögum. Menn eru að tala hér um verndartollastefnuna sem hættulega fyrir okkur í sambandi við viðskipti okkar við önnur lönd; það er bezt að athuga þá, hvernig umhorfs er með öðrum þjóðum í þessu efni. Við þurfum ekki annað en að líta til Englendinga. Þeir menn þar í landi, sem undanfarið hafa staðfastlega haldið fram frjálsu viðskiptafyrirkomulagi, hafa nú í seinni tíð talið sig knúða til þess að aðhyllast verndartolla og haftastefnu í viðskiptamálum og knúð fram ráðstafanir, sem ganga í þessa átt. Nú er almennt upp tekin sú stefna í viðskiptamálum þjóðanna, að vernda innlenda framleiðslu og iðnað, og þetta gildandi lögmál krefst þess, að þær þjóðir, sem skipti eiga saman, verði allar að fylgja því lögmáli. Það er rás tímanna, sem ekki verður á móti staðið. Aðeins það, að tollastefna þeirra

þjóða, sem við eigum viðskipti við, hlýtur að minnka okkar kaupgetu, ef ekkert er að gert, ætti að verða til þess, að við lékum okkur ekki að því að kaupa þær vörur frá útlöndum, sem við getum framleitt í sjálfu landinu. Og það er einmitt mjög eðlilegt, að þeir tímar, sem við nú lifum á, gefi þeirri stefnu, sem vill hlúa að innlendum atvinnuvegum, byr í seglin, og hvað mig snertir, er það mjög fjarri, að ég þurfi að hvika frá mínum fyrri skoðunum til þess að ljá þeirri stefnu fylgi, eða að ég hafi látið teymast til þess að fylgja þessu frv., því að í því tilfelli stend ég öðrum hv. nefndarm. að minnsta kosti jafnframarlega. Ef til vill má það teljast dálítið seinheppilegt hjá hv. 2. þm. Reykv. að vera að reyna að brýna okkur hv. 2. þm. Skagf. með því, að við séum að svíkja stefnu okkar flokks samtímis því, sem hann stendur upp og lýsir yfir því, að hann geti alveg skrifað undir skoðanir hv. fulltrúa kommúnista, sem hann kallar svo hér í hv. d.

Hv. þm. hélt því fram, að bann gegn innflutningi á erlendum kartöflum byggist ekki á þörf, því að það muni hvorki auka markaðinn fyrir íslenzkar kartöflur né ýta undir menn til þess að auka framleiðsluna. Þetta er hinn mesti misskilningur hjá hv. þm. Jafnhliða því, sem landbn. flytur þetta frv., flytur hún og annað frv. um kartöflukjallara og markaðsskála. Samkv. því frv. á að koma hér upp öruggri kartöflugeymslu. Eins og nú er koma allar kartöflurnar á markaðinn á sama tíma, og það er vitanlega mjög takmarkað, hvað hægt er að selja af þessari vöru á örskömmum tíma. Fólk í kaupstöðum hefir almennt ekki ástæður til að kaupa mikið í einu, verður að kaupa þessa vöru eins og aðrar nauðsynjar undir hendinni. Með samþykkt frv. um kartöflukjallara og þessu frv. er stigið svo stórt spor í þessu máli, að þess verður ekki nema örskammt að bíða, að við getum fullnægt öllum okkar þörfum í þessu efni, og væri það mikill fjárhagslegur gróði fyrir landið. Og við það að létta undir með flutninga á íslenzkum kartöflum til þeirra landshluta, sem nú nota mest útlendar kartöflur, álítum við, að þeim vinnist álit, og að það verði síðan krafa þeirra, er kynnast okkar góðu kartöflum, að fá að hafa þær fremur en útlendar, en sjálfsögð afleiðing af því yrði auðvitað aukin ræktun. Þess vegna álít ég, að ef þetta frv. er athugað með góðvild og skilningi, þá líti það út fyrir að verða heilladrjúgt spor í áttina til aukinnar ræktunar í landinu og sparnaðar á fjármunum þjóðarinnar, svo að stórfé nemur. Ég held, að afstaða þessa hv. þm. til frv. sé sprottin af því, að hann hafi ekki notað sína góðu skynsemi til þess að skilja málið, og ekki heldur litið á það með nægilegri velvild, úr því að hann gat komizt að þeirri niðurstöðu, að frv. væri bæði tilgangslaust og gagnslaust. Hitt, að hv. þm. heldur því fram, að frv. sé fram komið til þess að hækka verð kartaflnanna, er einber misskilningur og ástæðulaus tortryggni. Þessi vara verður vitanlega eftirleiðis eins og hingað til seld af mörgum framleiðendum í samkeppni, og mundi sú samkeppni stofna heilbrigt og sanngjarnt verð á þessari vöru, eins og öðrum vörum, sem seldar eru á frjálsum markaði, og við hv. þm. erum þó alltaf sammála um það, að samkeppninni sé bezt trúandi til þess að skapa sanngjarnt verð. Hv. þm. hélt því fram, að bannið gæti leitt til skorts á kartöflum. Hann treystir ekki Búnaðarfélagi Íslands til þess að gæta skyldu sinnar í þessu efni. Ég álít, að Búnaðarfélagið mundi fara greinilega eftir vilja löggjafans í þessu efni og láti ekki bann gegn innflutningi standa lengur á hverjum stað en meðan nógar eru birgðir af þessari vöru. Ég ber fullt traust til Búnaðarfélags Íslands, að það fari vel með sitt vald í þessu efni og breyti fullkomlega eftir ákvæðum frv., ef það verður að lögum, og er því ótti hv. þm. í þessu efni gersamlega ástæðulaus. Svo ætla ég nú að vona, eftir að ég er nú búinn að útlista það fyrir hv. þm., á hvern hátt þessi væntanlegu lög muni verka, að þá verði honum ljóst, að þau muni ná því takmarki, sem hann hefir lýst yfir, að hann teldi þó þýðingarmikið, sem sé því, að Íslendingar geti orðið sjálfum sér nógir á þessu sviði, og þá vil ég vona það, að hv. þm. falli frá öllum limlestingum á frv. og taki sínar brtt. aftur, enda mun hann hvort sem er verða sannspár um það, að þær verði felldar í hv. þd. og sýnist þá

eins gott fyrir hv. þm. að taka þær til baka eins og að láta d. gefa þeim verðugan reisupassa.

Frá hv. þm. Rang. liggja fyrir brtt. við frv. hér í hv. d. Á efni þeirra var lítillega minnzt við 1. umr. af hv. 2. þm. Rang., en fyrir brtt. sjálfum hefir ekki enn verið talað, en ég sé að hv. flm. brtt. hefir nú kvatt sér hljóðs og bíð því með að lýsa afstöðu n. til þeirra.

Að öðru leyti get ég nú látið staðar numið í þetta sinn. Þetta frv. er eins og ég minntist á fyrr í þessari ræðu annar liðurinn í till. landbn. í þessu máli. Það er spor í áttina til þess, að við Íslendingar getum orðið sjálfum okkur nógir og þurfum ekki að greiða stórar fúlgur fjár út úr landinu af hinu lága söluverði íslenzkra vara fyrir þær vörur, er við sjálfir gætum framleitt nægta nóg af.

Jón Ólafsson: Það er ekki ætlun mín að tala langt mál um þetta frv. Þessar Skagakartöflur hafa verið á ferðinni á öllum þingum síðan ég kom á þing, og er ég orðinn leiður á þeim, eins og öllum slíkum málum, þar sem verið er að ota fram hagsmunamálum einstakra manna með því að þrengja kosti annara, án þess tekið sé tillit til eðlis málsins eða almenns ávinnings. Við hv. samþm. minn, hv. 2. þm. Rang, sem berum fram brtt. við frv., höfum ekki viljað raska grundvelli frv., en ég sé það fyrir víst, að ef á að taka alvarlega þá yfirlýsingu hv. flm. frv., að verðið á kartöflunum eigi ekki að hækka, þá eru allir aðrir en þeir, sem hafa aðstöðu til að flytja kartöflur með ríkisskipum á markaðinn, greinilega útilokaðir frá því að rækta kartöflur til sölu. Allar hásveitir landsins verða greinilega útilokaðar frá því að leggja skerf til framleiðslunnar nema með því annaðhvort að verðið hækki eða þá að þessir framleiðendur eins og aðrir njóti styrks frá því opinbera.

Þá verð ég að segja það, að ég kann ekki við það, að Búnaðarfélag Íslands, sem stofnað er og starfrækt í þeim tilgangi að hvetja og leiðbeina vissri stétt þjóðfélagsins, sé gert að dómara í verzlunareinokunarmálum, til þess að það geti í skjóli þessara þvingunarlaga aflað bændum hærra verðs fyrir kartöflurnar. Þótt ég hafi talið mér skylt að koma með þá brtt., sem hér liggur fyrir, þá dylst mér það ekki, að með þessu frv. er stigið varhugavert spor, sem gefur slæmt fordæmi. Það getur komið fram krafa um það að banna innflutning á mjólk, meðan nóg mjólk niðursoðin væri í Borgarnesi. Ég tala nú ekki um kjötið, sem hv. þm. Borgf. setur verð á á hverju hausti, og við Reykvíkingar með mestu þolinmæði fáum að greiða, þó að það sé margfalt hærra heldur en fæst fyrir þessa vöru á útlendum markaði.

Þegar komið er út í það, að í smærri atriðum og fyrir einstaka hreppa er farið að þvinga framleiðslunni inn á stóran part þjóðarinnar með hækkuðu verði, þá hygg ég, að mælirinn sé orðinn fullur. Við þm. Rang. höfum þess vegna komið fram með brtt. við 4. gr. frv., þar sem atvmrh. er heimilað að greiða úr ríkissjóði allt að helmingi flutningskostnaðar á kartöflum frá framleiðslustað til næsta markaðsstaðar innanlands. Ástæðan til þess, að lítið er framleitt í ýmsum sveitum, sem þó hafa ágæt skilyrði til kartöfluræktar, er sú, að svo kostnaðarsamt er að koma framleiðslunni á markaðinn, að ógerningur er að rækta kartöflur til sölu. Ég get lýst því yfir, að ef till. okkar verður ekki samþ., þá er ég fyrir mitt leyti staðráðinn í því að greiða atkv. gegn málinu í heild, enda er ég viss um, að frv. þetta verður til engra hagsbóta fyrir framleiðendur, nema því aðeins, að það verði til þess að hækka verðið á markaðinum, samanborið við það verð, sem vera mundi í frjálsri samkeppni við heimsmarkaðinn. Það er óþarft og ekki til neins, að vera að taka alvarlega þetta tal um, að sparast mundu 400000 kr. greiðslur út úr landinu við samþykkt þessa frv. Þótt svo sé ekki gert, þá mundi ekki vera nein hætta á því, að meira kæmi á markaðinn en seljast mundi, og það meira að segja á undan útlendu framleiðslunni, eins og hingað til hefir verið á markaðinum. En svo má gæta þess, að slíkar þvingunarráðstafanir mundu hækka verðið og draga úr neyzlunni, og þá verða til þess, að fátækt fólk ætti verra með að afla sér þessarar vöru. Og ef þessi lög yrðu til þess að draga úr því, að menn gætu veitt sér þessa hollu fæðutegund, sérstaklega

þar sem eingöngu er um einhæfar fæðutegundir svo sem fisk að ræða, og heilsu manna þar með stofnað í hættu, þá hygg ég, að of dýrt væri að kaupa slíkar lagalegar ráðstafanir. Það er tilgangslaust að vera að slá því fram, að hér sé knýjandi nauðsyn fyrir hendi vegna gjaldeyrisvandræða. Þetta allt er bara glamur, sem komið er úr vissri átt, og notaðir hinir erfiðu tímar nú til þess að koma máli þessu fram. Það er á sinn hátt eins og þegar sorgir og drepsóttir hafa herjað á þjóðir, þá hafa skottupredikarar fundið heppilegan jarðveg til að breiða út kenningar sínar. Ég vona þó, að hv. þdm. sjái, hvað í húfi er hér, og gjaldi varhuga við að láta þessa skrumara nota það tækifæri, sem tímarnir gefa nú. — Ég læt svo staðar numið. Vil losa málið sem fyrst út úr d.

Einar Arnórsson: Ég vil gera fáeinar aths. við ræðu hv. þm. Borgf.

Hv. þm. byrjaði á að tala um það, hve mikið að vöxtum yrði eftir af frv., ef brtt. mínar væru samþ. En ég gat ekki farið öðruvísi að, úr því ég skildi eftir í frv. það, sem ég gat helzt fellt mig við. Að öðrum kosti hefði ég orðið að leggja til, að frv. væri fellt.

Ég játa það, að menn verða stundum að slá af stefnumálum sínum, ef bráða nauðsyn ber til. En ég sýndi ljóslega fram á það í ræðu minni, að enga nauðsyn bæri til að banna innflutning á kartöflum. Okkur hv. þm. kemur saman um það, að innlenda framleiðslan sé betri og að hún seljist á undan erlendri framleiðslu. Svo hefir það verið, jafnvel þótt innlendar kartöflur hafi verið seldar hærra verði en þær útlendu. Og svo á það líka að vera. Það er því algerlega óþarft að banna innflutning á kartöflum í því skyni að örfa söluna. Þess þarf ekki við. Hið eina, sem hefðist upp úr aðflutningsbanni, er það, að verðið mundi hækka, þegar einokun er komin á vöruna. Þeirri stefnu hlýt ég að vera mótfallinn. En það brýtur ekki í bág við skoðun mína, þótt veittur sé styrkur til að flytja þessa framleiðslu á markaðinn. T. d. er ekki hægt að koma þessari góðu vöru hingað á markaðinn úr héruðunum austan fjalls, vegna þess hve mikið kostar að flytja hana. Ef ríflegur hluti flutningskostnaðar væri greiddur, þá væri tækt að flytja framleiðsluna á markaðinn og selja hana með hæfilegu verði.

Hv. þm. Borgf. var með nokkra gamansemi í minn garð. Hann sagði, að ég hefði fallizt á stefnuskrá kommúnista, vegna þess að ég taldi mig geta fallizt á sumt, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði um þetta mál í ræðu sinni. Þetta er vitanlega heldur hæpin rökfærsla. Þótt ég og hv. 3. þm. Reykv. séum sammála um eitt einstakt atriði, þá er engin ástæða til að ætla, að ég hafi fallizt á stefnumál kommúnista. En þegar hv. andstæðingar eru á sama máli og ég og í samræmi við mína stefnu, þá dettur mér vitanlega ekki í hug að vera á öðru máli um þau atriði. — Ég get með engu móti séð, að samþ. frv. þessa verði okkur til gagns, heldur þvert á móti. Það er okkur sjálfum í hag, að við komum okkur vel við þau lönd, sem hingað flytja kartöflur. Og þótt hér sé ekki um mikil verzlunarviðskipti að ræða, þá getur þó frjáls verzlun í þessu efni bætt fyrir góðu samkomulagi. Hv. þm. Borgf. talaði um verndartollastefnu þá, sem tekin hefir verið upp og rekin í Norðurálfunni og víðar. Það er rétt, að þessi tollapólitík hefir talsvert verið rekin, en reynslan af henni hefir ekki verið sem glæsilegust. — Ameríka varð einna fyrst til að reka þessa pólitík og þar byrjaði kreppan. Utanríkisverzlun Bandaríkjanna hefir beðið mikið tjón af sinni verndartollapólitík og er upphaf kreppunnar rekin til þeirrar stefnu. Þótt Norðurálfan standi nú á blístri af tollafargani, þá er það engin afsökun fyrir okkur um það að setja viðskiptahöft þar sem engin þörf er á. Hin eina afleiðing fyrir okkur er sú, að það gæti gert okkur ógagn út á við. — Hv. þm. talaði í þessu sambandi um, að England hefði horfið frá frjálsri verzlun. Þetta er að nokkru leyti rétt, en að nokkru leyti ekki rétt. Það er að vísu lagður allhár tollur á sumar innfluttar iðnaðarvörur, en ekki á nauðsynlega matvöru, nema 10% á fisk og er það gert til verndar innlendu útgerðinni. — En innflutningsbann hefir ekki verið sett á vörur þar, þótt það sé rétt, að þeir hafi horfið frá sinni fyrri stefnu í tollamálum. En eins og ég hefi áður tekið fram,

er engin þörf á slíkum ráðstöfunum hér með þessa vörutegund. Ef létt er undir með framleiðendum á þann hátt að greiða fyrir þá flutninginn að einhverju leyti til markaðsstaðar, þá er erlenda varan þar með útilokuð á fullkomlega sæmilegan hátt.

Hv. þm. Borgf. var að gera að gamni sínu, með því að segja, að ég væri að skrifa undir stefnu kommúnista með því að vera sammála hv. 3. þm. Reykv. um þetta frv. Ég hefi svarað því. En ef ég vildi nú gjalda líku líkt, þá gæti ég bent hv. þm. á, að öll framkvæmd laganna er lögð á herðar atvmrh., að fengnum till. Búnaðarfélags Íslands. Frv. er því í raun og veru traustsyfirlýsing til stjórnarinnar, og þar sem hv. þm. berst svo ákveðið fyrir því, að stjórninni sé sýnt þetta traust, þá er fullkomin ástæða til að óska henni til hamingju með þennan nýja liðsmann. Hv. þm. sagðist bera fullkomið traust til Búnaðarfélags Íslands. En um leið felst í því fullt traust til stjórnarinnar um að hún muni fara eftir tillögum Búnaðarfélagsins. Ég hefi nú ekki þetta traust til Búnaðarfélags Íslands. Ég er hræddur um, að stjórn þess setji stækkunarglerið, sem hv. þm. V.-Húnv. var að tala um nýlega, fyrir það augað, sem hún lítur á hag framleiðenda með. En smækkunargler fyrir það augað, sem hún lítur á hag neytendanna með, eða verði jafnvel steinblind á því auganu, sem veit að hag kaupenda. Eins býst ég við, að núverandi atvmrh. (TrÞ) muni verða miklu hallari undir framleiðendur en neytendur. En þarna skilur okkur á, hv. þm. Borgf. og mig. Ég ber ekkert traust að þessu leyti til þeirra aðilja, sem eiga að hafa á hendi framkvæmd laganna. En hv. þm. Borgf. er gæddur slíku trausti. Því fer fjarri, að ég taki aftur brtt. mínar. Ég hefi sannfærzt betur en áður, undir þessum umr., að þær eru í alla staði réttmætar. Og þótt þær verði allar felldar, þá hverf ég ekki frá réttu máli af ótta við það að lenda í minni hluta. Ég get sagt hv. þm. Borgf. það, að það er alveg óhætt fyrir hann að framleiða 20 sinnum meira af kartöflum en nú. Það verður allt étið í Reykjavík og borgað fyrir það verð, sem hægt er að ná á frjálsum markaði og þó meira. Við verðum fegnir að fá þessa vöru hjá hv. þm. og hann þarf ekki að kvíða því, að hún seljist ekki, enda þótt engin innflutningshöft á þessari vörutegund sé samþ.

Steingrímur Steinþórsson: Ég þarf ekki að segja margt. Það er óþarfi að styðja hv. frsm. Hann er fullfær að svara fyrir sig og n.

Hv. 3. þm. Reykv. hafði það eftir mér, að ég hefði sagt, að bannið gegn innflutningi á kartöflum mundi aðeins koma til framkvæmda á haustin, en að þm. Borgf. hefði sagt, að ekki þyrfti að banna innflutninginn á haustin, og taldi, að hér væri um ósamræmi að ræða milli mín og hv. þm. Borgf. — Þetta er nú ekki rétt haft eftir mér. Ég sagði, að innflutningur mundi verða bannaður á haustin og fram eftir vetri eða ári, eftir því sem reynsla og atvik bentu til.

Þá sagði hv. þm., að þetta mál væri með öllu óskipulagt. Hann vildi fyrst láta rannsókn fara fram um þörfina og þá fyrst að henni lokinni hefja framkvæmdir, ef ástæða þætti til. — Þetta mál er nú naumast svo flókið, að ástæða sé til slíkrar rannsóknar. Og að litlu haldi mundi það koma bændum á næsta ári, ef fyrst ætti að fara fram umfangsmikil rannsókn. En þetta mál er einmitt fram komið til stuðnings framleiðendum þessarar vöru nú á hinum erfiðu tímum.

Þá sagði hv. þm., að einhver hefði fundið upp á því að kalla þetta „frv. til l. um skemmdar kartöflur". — Þetta nafn er í meira lagi óheppilega valið hjá þeim, sem vilja niðra þessu frv. Í því er einmitt ákvæði, sem ekki hefir verið í l. áður hér á landi, og er því nýmæli, að kaupendur séu með mati á kaupum, sem nema 500 kg. eða meira, tryggðir fyrir því, að þeir fái óskemmda og góða vöru með ákveðnu geymsluþoli.

Hv. 2. þm. Reykv. hefir haldið því mjög eindregið fram, að frv. þetta, ef að l. verður, muni ekki leiða til aukinnar framleiðslu, heldur aðeins verða til að hækka verðið til neytenda. Þetta er ekki rétt. Ef markaðurinn er tryggður íslenzkum framleiðendum, þá örfar það framleiðsluna. Skeytingarleysi kaupmanna og neytenda um að láta innlenda framleiðslu ganga fyrir dregur úr fram-

kvæmdum manna um ræktun kartaflna.

Hv. sami þm. talaði mikið um verndartollastefnur þær, sem nú leggja löndin undir sig. Ég er að mörgu leyti sammála um hinar almennu niðurstöður hv. þm., en við verðum bara að taka ástandið eins og það er nú og laga okkur eftir því. Allar menningarþjóðir eru nú að girða fyrir frjálsa verzlun með öllum mögulegum ráðum. Þeim ráðstöfunum erum við einnig háðir hér, og þýðir því eigi meðan svo stendur að tala um ákveðnar stefnur. Það er okkar nauðvörn að fylgja öllu því fram nú, er miðað getur að því að efla íslenzka framleiðslu. Það er einn nauðsynlegur þáttur í sjálfstæðisbaráttu okkar. Og þess vegna verðum við einnig að grípa til svipaðra ráða og allur hinn menntaði heimur notar nú. Er það næsta einkennilegt, hvern mótblástur þetta frv. fær. Ef andmælendur þess hefðu bent á eitthvert annað betra ráð til að ná hinu sama marki, þá mundi landbn. gjarnan taka það til athugunar. En þar sem ekki er bent á nein önnur úrræði, sem koma að gagni, þá getum við ekki fallizt á till. hv. 2. þm. Reykv., sem miða að því að fella frv. algerlega niður. Annars vil ég líka í þessu sambandi benda á það, að þeir, sem hafa haldið því fram, eins og hv. 2. þm. Reykv. o. fl., að þetta frv., ef að l. yrði, mundi að einhverju leyti verða til þess að hækka verðlag á kartöflum í landinu, héldu allt öðru fram, að vísu í öðru, en sambærilegu máli, sem hér var á dagskrá í gær, sem sé l. um húsaleigu í Reykjavík. Þegar verið var að tala um það mál hér í gær, héldu þm. Reykv. því fram, að ákvæði þess frv. væru óþörf, af því að húsin í Reykjavík væru á svo mörgum höndum, að það mundi ekki verða um neitt húsaleiguokur að ræða, nema þá að kæmu fram samtök húseigenda, sem nú væru ekki fyrir hendi.

Nú er það svo um kartöfluframleiðsluna í landinu, alveg eins og húsin í Reykjavík, að hún er á margra manna höndum, og ekki um nein samtök kartöfluframleiðenda eða hring, sem þeir hafi myndað um sölu á kartöflum, að ræða. (EA: Ef hægt væri að banna innflutning á húsum, þá yrði sama niðurstaðan um þau.) Þetta er alveg hliðstætt því, sem hér var verið að ræða um húsin í gær. Ég dreg þá ályktun af þessu, að þeir menn, sem álíta, að ekki muni verða heimtuð ósanngjarnlega há húsaleiga í Reykjavík, af því að húsin séu á margra manna höndum — þeir sömu menn hljóti að álíta, að framleiðendur kartaflna úti um land muni ekki heimta ósanngjarnlega hátt verð fyrir þær, af því að þær eru líka á margra manna höndum og salan frjáls. Þetta er alveg rökrétt ályktun. Annars, eins og ég tók fram við 1. umr. þessa máls, er ég fús til þess að stuðla að því, ef það sýnir sig, að það verður óhæfileg verðhækkun á kartöflum, að kippa í taumana og fylgja því, að sett verði hámarksverð á kartöflur.

Þetta mál snertir ekki eingöngu Reykjavík og aðra kaupstaði. Það eru líka ýmsar sveitir, sem ekki hafa aðstöðu til að rækta kartöflur og verða því að kaupa þær, svo að þetta er ekki einungis hagsmunamál milli sveita og kaupstaða. Ég er t. d. fullkrúi fyrir eitt slíkt kjördæmi, sem þarf að kaupa kartöflur, en hika þó ekki við að fylgja þessu frv., sem ég álít vera til styrktar kartöflufram-leiðslu landsmanna yfirleitt, því að ég er ekkert hræddur um, að það hækki verðið eins og andmælendur þess hafa haldið fram, og álít, að þeir hafi þar verið að mála á vegginn með allt of dökkum og svörtum litum og ekki fært nein skynsamleg rök fyrir því, að svo mundi verða.

Ja, ég ætlaði nú ekki að lengja umr. mjög mikið, og ég held, að það sé þá ekki fleira, sem ég hefi ástæðu til að taka fram.

Björn Kristjánsson: Það er auðséð, að þm. þykir ekki skemmtilegt að hlusta á þessar kartöfluumr., því að nú eru flestir stólar orðnir auðir í salnum. Ég skal því ekki verða langorður, en vil aðeins gera stutta aths.

Ég er hv. flm. (landbn.) þessa frv. sammála um nauðsyn þess að auka og efla atvinnuvegina í landinu, og get því fylgt þessu frv. í aðalatriðum, þótt ég sé ekki að öllu leyti ánægður með það, t. d. ekki innflutningsbannið. Það er neyðarúrræði að banna innflutning á kartöflum, en þó

líklega nauðsynlegt til þess að tryggja sölu innlendra kartaflna.

Ég lít svo á þetta frv., sérstaklega 4. gr., að þar sé sama sem ákveðinn styrkur til kartöflufram leiðenda. Þetta get ég fallizt á sem neyðarúrræði, en þó því aðeins, að það ekki komi fram sem skattur á kartöfluneytendur. Andstæðingar frv. hafa leitt rök að því, og um það er ég sammála, að kartöflur hljóta að hækka í verði við innflutningsbannið. Og ég tala um þetta af nokkurri reynslu. Það var síðastliðið sumar, þegar ég var staddur hér syðra, að ég var að reyna að útvega sölutilboð hér sunnanlands um innlendar kartöflur fyrir kaupfélagið, sem ég vinn fyrir. Ég vildi heldur útvega innlenda framleiðslu, af því að ég sá eftir þeim gjaldeyri, sem færi út úr landinu fyrir þessa vöru. Svörin, sem ég fékk, sýndu, að verðið á innlendum kartöflum, komnum á hafnir úti um land, var töluvert hærra en hægt var að fá kartöflur fyrir frá útlöndum. Þess vegna get ég ekki fallizt á ástæður hv. frsm. n. og hv. 2. þm. Skagf. — ja, mér liggur við að segja staðhæfingar þeirra um, að verðið muni ekki hækka. Í Reykjavík er reyndar líklegt, að verðið mundi ekki hækka, að minnsta kosti ekki mikið, því að hingað er ekki um neina sjóflutninga að ræða milli hafna. Ég held, að það sé of mikið úr því gert, að lítið mundi berast hér að af kartöflum; ég geri ráð fyrir, að það yrði nægilegt, svo að ekki þyrfti að flytja kartöflur að langa vegu. En þetta horfir allt öðruvísi við fyrir ýms héruð úti um land. Þau þurfa að flytja kartöflurnar á sjó, og þá má verðið ekki vera svo hátt hér, að þær, að viðbættu flutningsgjaldinu, verði dýrari, komnar út á land, en útlendar kartöflur, ef fullt réttlæti á að nást.

Aths., sem ég vil gera við frv., og er skilyrði fyrir, að ég greiði því atkv., er sú, að í stað þess, að í 4. gr. er nú svo ákveðið, að ríkisstj. hafi heimild til að greiða helming flutningsgjaldsins, verði því breytt þannig, að ríkisstj. hafi heimild til að greiða allt flutningsgjaldið. Ég ætlast þó til, að til þessarar heimildar yrði ekki gripið, nema því aðeins, að þess þyrfti við til að jafna verðið milli útlendra og innlendra kartaflna. Að því leyti vil ég, að það sé heimild til, að þessar ívilnanir verði veittar, en annars féllu þær niður.

Ég ætlaði að bera fram brtt. um þetta, en varð of seinn með hana við þessa umr., en mun koma með hana við 3. umr. Verði hún felld, þá sé ég mér ekki fært að greiða atkv. með frv. óbreyttu. Ég álít, að þá sé gengið á rétt minna kjósenda, sem búa í nyrzta héraði landsins, þar sem ekki er hægt að rækta kartöflur sökum óblíðrar veðráttu.

Það var nokkuð minnzt á þennan flutningsstyrk við 1. umr. Sumir álitu, að hann mundi verða tilfinnanlegur fyrir ríkissjóðinn. En ég held, að þeir hafi ekki fært næg rök fyrir því. Nú er það svo, að skip ríkisins sigla sínar áætlunarferðir kringum landið, og á seinni misserum hafa þau siglt hálftóm eða nærri tóm af vörum. Miðað við þetta væri það ekki tilfinnanlegt fyrir ríkissjóðinn, þótt þau misstu flutningsgjald fyrir þessa vöru, sem annars yrði ekki flutt með þeim hvort sem væri.

Ég hefi athugað skýrslu, sem birtist eftir Sigurð Sigurðsson búnaðarmálastjóra í tímaritinu „Frey", um kartöfluneyzlu landsmanna, og mig minnir, að hann segi, að það muni vanta 1280 tonn af kartöflum, til þess að innlend framleiðsla af þeim fullnægi þörfum landsmanna (PO: Það eru 20 þús. tunnur). Nú, það eru þá 2000 tonn, og mig minnir, að flutningsgjaldið sé 20 kr. á tonn. Ef það er rétt, þá yrði það, sem ríkissjóður þyrfti að greiða, ekki nema 40 þús. kr. í mesta lagi. Og það álít ég ekki svo tilfinnanlegt, þar sem hér er heldur ekki um raunverulega útgjöld að ræða.

Ég vil óska, að hv. landbn. sjái sér fært að taka upp og bera fram þessa till. mína, því að undir því, að hún nái fram að ganga, er fylgi mitt við frv. komið. Verði hún felld, mun ég greiða atkv. á móti því óbreyttu. Ég mundi þá heldur greiða atkv. með brtt. hv. 2. þm. Reykv., þótt ég sé ekki fyllilega ánægður með þær. Ég held, að hv. landbn. ætti að fallast á brtt. mína því að það er engan veginn lítilsvert fyrir landbúnaðinn, að frv. nái fram að ganga. En ef lögin verða til þess, að kartöflur hækka í verði, þá verða þau óvinsæl, og verða þá fljótlega afnumin, og

koma þá ekki landbúnaðinum að neinu gagni.

Þá vildi ég minnast á brtt. frá hv. 2. þm. Rang., um að ríkið greiði flutningsgjöld á kartöflum þaðan úr sýslu. Ég get ekki greitt atkv. með henni, ekki af því, að ástæðulaust sé að styrkja bændurna á Suðurlandsundirlendinu til þessarar framleiðslu, heldur af því, að þau framlög yrðu svo há, enda væri þá varla fært að neita öðrum héruðum um samskonar ívilnanir. En þessi landshluti er svo settur, að það getur varla verið um kartöfluútflutning að ræða þaðan, nema breytt flutningaskilyrði komi til. Ég mun því ekki geta greitt atkv. með þeirri brtt. Ég veit að vísu, að þarna eystra eru ágæt skilyrði fyrir kartöflurækt, en flutningsgjöld þaðan nema svo háum upphæðum, að það getur varla verið um þann styrk að ræða. Auk þess er það svo, að þeir, sem búa í þessum ágætu héruðum, og landsmenn yfirleitt, verða að njóta þess og gjalda, hvar þeir eru búsettir — njóta kostanna, sem þau héruð hafa að bjóða, sem þeir búa í, og þá náttúrlega líka sætta sig við annmarkana.

Ég vil að lokum aðeins endurtaka það við hv. landbn., hvort hún sjái sér ekki fært að taka upp till. mína, þar sem hún kostar ekki bein útgjöld fyrir ríkissjóðinn, heldur aðeins skiprúm, sem annars mundi verða ónotað.

Frsm. (Pétur Ottesen): Hv. 1. þm. Skagf. hefir nú svarað ýmsum af þeim andmælum, sem enn á ný hafa vakizt upp við þessa umr. gegn frv. Það er því færra en ella hefði orðið, sem ég þarf að minnast á.

Hv. 1. þm. Rang. sagðist oft hafa heyrt þennan kartöflusöng hér á undanförnum árum, og var sem hann tengdi hann við svokallaðar Skagakartöflur, og hélt, að frv. þetta myndi borið fram hér nú með sérstöku tilliti til hagsmuna þeirra manna, sem rækja þessa atvinnu í mínu kjördæmi. Í landbn. erum við nú 5, og úr ýmsum mismunandi hlutum landsins, svo það ætti því með tilliti til þess að vera nokkur trygging fyrir því, að það sé nauðsyn alþjóðar, sem hér liggur á bak við, en ekki hagsmunir neins sérstaks héraðs. Og til sönnunar því, að þetta er svo, vil ég benda hv. þm. á, að ef nokkuð væri, þá væri ég með till. mínum að gera þeim þar efra erfiðara fyrir að fá markað fyrir sínar kartöflur en það er nú. Því að eins og viðurkennt er, miða þessar till. að því að efla innlenda ræktun þessarar vörutegundar, en eins og kunnugt er, eru menn á þessu svæði, sérstaklega á Akranesi, langt á undan öðrum í þessu efni. Ég er því að stofna til samkeppni við þá með þessu, og það er því síður en svo, að það séu þeirra hagsmunir sérstaklega, sem ég berst fyrir með því að beita mér fyrir þessu máli. Það er í þessu efni eins og öðru heildargagn þjóðarinnar, sem ég lít á fyrst og fremst áður en ég lít á sérhagsmuni þeirra manna, sem ég nú er fulltrúi fyrir.

Ennfremur vil ég benda hv. þm. á, að ákvæðið um að greiða flutningskostnaðinn er ekki á neinn hátt til ívilnunar mínum kjósendum, það kemur þeim ekki að neinum notum. Þeir flytja kartöflurnar á sínum eigin bátum til Reykjavíkur og nota ekkert ríkisskipin, svo að þeir verða sjálfir eins og Rangæingar að kosta flutninginn að öllu leyti til Reykjavíkur, eins og áður.

Það þótti mér undarlegt hjá hv. þm., að hann leit svo á, að þetta frv. væri ekkert annað en glamur út í loftið, sprottið af þeim sultarsöng, sem menn alltaf væru að syngja á erfiðum tímum og hann vildi fordæma. En hitt þykir mér þó töluvert undarlegra, að hv. þm., samtímis því, sem hann fordæmir þennan sultarsöng, þá skuli hann ekki einasta taka undir með okkur hinum, heldur syngur hann nú sultarsönginn hærra og hvellar en nokkur okkar hinna, þar sem hann nú vill ekki sætta sig við þann stuðning, sem í frv. felst, heldur færa hann út á enn víðara svið. Við höfum ekki gert ráð fyrir að láta ívilnun um flutningsgjöld ná lengra en það, að ríkissjóður borgaði að hálfu leyti flutning með ríkisskipunum héraða á milli, en nú vill hv. þm. líka greiða flutningskostnað á landi, og afleiðingin af því yrði þá líka vitanlega sú, að það yrði þá líka að greiða flutningsgjöld milli hafna, sem ríkisskipin koma ekki við á, og staða, sem þau geta ekki komið á. Það er þess vegna algerð mót-

sögn í því, er hv. þm. fordæmir þetta frv. fyrir þann stuðning og uppörfun, sem í því felst, af því að þess sé engin þörf, en flytur jafnframt till. um að leggja meira af mörkum í þessu efni en landbn. hefir lagt til. Enda kom það greinilega í ljós, þegar hv. þm. fór að tala um, að það, sem aðallega stæði fyrir þrifum kartöfluframleiðslunni í landinu, væru erfiðleikarnir á því að koma þeim frá framleiðslustaðnum til annara landshluta, sem mikið skortir á, að hafi næga kartöfluframleiðslu. Hann viðurkenndi, að þetta stæði aukinni kartöflurækt fyrir þrifum, en segir þó, að þetta, sem ætlað er að bæta úr þessu, sé ekkert nema glamur og í áttina til þess, sem miður sé. Mér finnst það því koma fram hjá hv. þm. í ummælum hans og afstöðu til þessa frv. eins og hans þátttaka í þessu máli sé leikaraskapur einn, eins og hann minntist á og var að átelja í gær leikaraskap annara hv. þm. í öðru máli.

Hv. þm. sagði, að það þyrfti meira til en þann stuðning, sem það opinbera veitti með þessu frv., til að auka ræktun á kartöflum. Þetta er okkur líka ljóst, en við erum þess fullvissir, að ef frv. verður samþ., þá styður það mjög að þessu. Auk þess eru nú út um allt land hafin samtök fyrir áeggjan búnaðarþings, sem haldið var hér nýlega, til búnaðarfélaga, um að stíga nú verulegt spor í þá átt að auka ræktun á kartöflum. Og við álítum, að það sé stórt og mikilsvert spor til að ná þessu marki, að það opinbera taki þátt í þeirri vakningu, sem hafin er í þessa átt. Með þetta fyrir augum, að efla samtök og áhuga fyrir þessu máli úti um allt land, var það, að við vildum láta hið opinbera sýna sinn vilja á þann hátt, sem við nú höfum borið fram till. um.

Nú, hv. þm. talaði um það, að það mundu ekki sparast allar þessar 400 þús. krónur, sem ég benti á, að nú færu út úr landinu fyrir kartöflur. Það er alveg rétt, að þær mundu ekki allar sparast strax, en því fyrr spörum við þetta, sem meiri skilningur skapast á nauðsyn þessa máls, og kemur fram í stuðningi við það.

Ég held, að þessum hv. þm. og öðrum, sem hafa hin stærri fjármál landsins í sínum höndum, ætti að vera það ljóst, að það ber brýna nauðsyn til að spara kaup á vörum frá útlöndum, því að ég veit ekki betur en að með þeim ráðstöfunum, sem gerðar eru af bönkunum um gjaldeyrisverzlunina, sé verið að sníða mönnum svo þröngvan stakk um innkaup erlendra vara, að þeir komist varla í hann. Það er síður en svo, að þær ráðstafanir bendi til annars en þess, að við höfum ekki ráð á nema að litlu leyti að fullnægja brýnustu þörfum okkar. Því að ég ætla, að allar yfirfærslur á erlendum gjaldeyri séu nú skornar svo naumt við neglur sem framast er unnt, og af því stafar, að við höfum ekki ráð á að kaupa frá útlöndum nema nauðsynlegustu nauðsynjar okkar, en við höfum miklar þarfir á því sviði. Það ætti því að vera hverjum manni ljóst, hve mikilsvert það er að vinna að því á auðveldan hátt að uppfylla þessar þarfir að sem mestu leyti með því, að svo mikið sem hægt er af þessum nauðsynlegu vörum sé framleitt í landinu sjálfu. Ég held þess vegna, að þegar verið er að tala um, að hér sé verið með glamur á ferðinni og léttúð í þessu máli af hálfu þeirra manna, er vilja styðja að framgangi þess, þá sýni meðal annars ráðstafanir peningastofnananna, að það sé ómaklegur áburður, þar sem þær ráðstafanir eru bezta og skýrasta sönnun þess, hvað miklu kaupgeta okkar er nú minni en áður.

Það er svo, að allir erfiðleikarnir og örðugar kringumstæður, sem mæta mönnum, verða þess oft valdandi, að menn slá af bæði um framkvæmdir og annað, sem þeir vilja gera. En af erfiðleikum og þrengingum má líka oft mikið læra. Og hinn hollasti og bezti lærdómur, sem af þessum krepputímum gæti leitt fyrir okkur, væri það, ef þeir kenndu okkur að nota betur þau gæði, sem við höfum í landinu sjálfu, okkar eigin framleiðslu, og auk þess að jafnframt því, sem erfiðleikarnir raska ýmsum framkvæmdum og áætlunum, þá geta þeir orðið okkur góður skóli, ef við berum gæfu til að draga út af þeim rétta ályktun.

Áður en ég sný mér að hv. 2. þm. Reykv. skal ég rétt aðeins minnast á brtt. hv. þm. Rang. um að greiða úr ríkissjóði allt að helmingi flutningskostnaðar á kartöflum á landi. Ég hefi þau skilaboð að færa

þeim frá n. um þessar till., að hún sjái sér ekki fært að mæla með þeim.

Tillögur n. um þátttöku ríkissjóðs í flutningskostnaði eru eingöngu miðaðar við flutning héraða á milli, en ekki flutninga innan héraðs. Það er nú svo, að í sumum héruðum eru mjög lítil skilyrði til kartöfluræktar, og er þetta því hugsað sem fyrirgreiðsla á viðskiptum með kartöflur milli þessara héraða og þeirra, sem góð skilyrði hafa til þess að framleiða kartöflur. Kostnaður ríkissjóðs við þessa flutninga mundi ekki verða tilfinnanlegur, en ef það ætti að greiða flutningskostnað innan héraðs, þá mundi verða öðru máli að gegna. Af þessum ástæðum sá n. sér ekki fært að mæla með brtt.

Þá vil ég beina nokkrum orðum til hv. 2. þm. Reykv. Hjá honum virtist koma fram afsökun á því, hve stórtækur hann væri í till. sínum. Skyldi það gleðja mig mjög, ef hann vildi snúa frá villu síns vegar í þessu máli og taka till. aftur. Ég verð annars að segja, að mér finnast þessar till. hans og ummæli hans í deildinni um málið lýsa miklu minni skilningi og þekkingu á þessum hlutum en vænta hefði mátt af honum.

Hann vildi t. d. halda því fram, að af frv. þessu, ef að lögum yrði, myndi leiða mikla verðhækkun á kartöflum, en ég hefi bent á það áður, hvernig hér er ástatt um kartöflumarkaðinn. Öll kartöfluframleiðsla landsmanna kemur á markaðinn svo að segja í senn, og gæti því samkeppnin á markaðinum orðið víðtækari, ef greitt væri fyrir flutning vörunnar, eins og hér er gert ráð fyrir, og reynslan hefir sýnt það á haustin, þegar aðalkartöfluframleiðslan er á markaðinum, að þá hefir framboðið skapað eðlilegt og sanngjarnt verð á kartöflunum, og það er síður en svo, að verð á erlendum kartöflum hafi haldið niðri verðinu á þeim innlendu, heldur það gagnstæða. Það er því ekkert að óttast í þessu efni, því að það er ekki ætlazt til, að innflutningsbannið standi lengur en meðan nóg framboð er af innlendum kartöflum. Hér er því ekki farið fram á að gera neinar þær ráðstafanir, er leitt geti til hækkandi verðs eða minnkandi neyzlu á þessari vörutegund. Staðhæfing hv. þm. um þessa hluti getur því ekki byggst á öðru en því, að hann treysti ekki Búnaðarfélagi Íslands og atvmrh. að gæta skyldu sinnar í þessum efnum. Ég fyrir mitt leyti ber það traust til Búnaðarfélags Íslands, að það fari hér í engu lengra en til er ætlazt.

Þá var hv. þm. að tala um, að það kæmi fram hjá mér sérstakt traust til stj. í þessu máli. Þó að mér þyki miður að þurfa að gera þá játningu hér, þá verð ég þó að segja það, að í þessu efni treysti ég atvmrh. og Búnaðarfélagi Íslands betur en mínum kæra flokksbróður, hv. 2. þm. Reykv., því að hann hefir með brtt. sínum, sem ganga út á það, að gera frv. að engu, þurrkað burt úr meðvitund minni það traust, sem ég bar áður til hans í þessu máli. Með þessu er ég þó alls ekki að lýsa neinu almennu trausti á stj., heldur aðeins í þessu einstaka tilfelli.

Þá vildi þessi hv. þm. halda því fram, að ég hefði sagt, að hann væri með þessu að skrifa undir stefnu kommúnista. Þetta er ekki rétt hjá hv. þm. Ég sagði, að í þessum till. hans virtist koma fram stefna kommúnista, þar sem þær stefna að því að vinna á móti góðum ráðum til eflingar atvinnurekstri landsmanna og jafnframt bættri fjárhagslegri afkomu þjóðarinnar, því að eins og kunnugt er, er það stefna kommúnista að grafa svo undan fjárhagslegu sjálfstæði einstaklinganna og rekstri einkafyrirtækja, að allt falli í rústir. En það er gott ráð og öruggt til að hamla upp á móti því, að niðurrifsstefna kommúnistanna festi hér rætur, að þjóðin búi sem mest að sínu, framleiði til eigin þarfa það, sem hægt er innanlands, og spari sér sem mest kaup á slíkum vörum frá útlöndum. Með því er lagður sá grundvöllur að efnahagsafkomu þjóðarinnar, sem kommúnistarnir eiga erfitt með að rífa niður og leggja í rústir.

Þá talaði hv. 2. þm. Reykv. um verndartollastefnuna og hvernig hún hefði gefizt, sérstaklega hjá Ameríkumönnum. En eins og ég benti á, þá hafa allar næstliggjandi þjóðir talið óumflýjanlegt að brjóta margra alda gamlan grundvöll í þessum málum og taka upp verndartollastefnuna, til þess að bjarga sér fjárhagslega út úr þeim miklu örðugleikum, sem nú steðja að. Ég held því, að við séum ekki færir um að bjóða birginn og sigla þráðbeint eftir þeim leiðum, sem stórþjóðirn-

ar hafa ekki treyst sér til þess að fara eftir. Virðist því ekki um annað að ræða fyrir okkur en fara inn á verndartollabrautina líka, til þess meðal annars að halda jafnvægi við önnur lönd í þessum málum, og jafnframt til þess að hafa eitthvað til þess að slá af, er til tollsamninga kæmi við önnur lönd, því að eins og kunnugt er hafa Englendingar t. d. boðizt til þess að slá af tollkröfum sínum, ef þeir fengju einhverjar ívilnanir á móti.

Það vilja nú kannske sumir segja um þetta, að í þessu efni bjóði ein syndin annari heim, en undan því verður ekki komizt, og það hefir einmitt sýnt sig, að sú stefna, sem Englendingar tóku upp í sumar og haust, bæði að því er snertir gætilegri fjármálastjórn en verið hafði hjá þeim um nokkurt skeið, og í öðru lagi að vernda innlendan iðnað, hefir verið spor stigið í rétta átt, þar sem hún hefir þegar valdið miklum fjörkipp í atvinnulífi þjóðarinnar og vaxandi trausti annara þjóða á hinni ensku þjóð. Með þessum ráðstöfunum hafa Englendingar bætt álit sitt og tiltrú út á við og afkomu sína innanlands.

Það er nú ekki hægt að segja, að Englendingar hafi með lagaboði bannað innflutning á ýmsum varningi, en þeir hafa lagt á svo háa tolla, að þeir hafa verkað sem innflutningsbann, og má því til sönnunar benda á dálitla frásögn, sem stóð nýlega í ensku blaði. Þar er frá því sagt, að keypt hafi verið frá Bandaríkjunum mikið af ryksugum, og til þess að annast viðskiptin hafði verið stofnað stórt sölufélag á Englandi. En nú lögðu Englendingar 50% toll á ryksugurnar, og það hafði þau áhrif, að ekki var lengur hægt að flytja þær inn. Breytti þá sölufélagið um starfsaðferð. Í stað þess að vera milliliður um sölu á áhaldi þessu, tók það að framleiða þennan hlut í landinu sjálfu. Þetta er aðeins eitt dæmi af mörgum, sem sýnir hinn nýja fjörkipp í atvinnulífi Englendinga, sem virðist ætla að bæta úr yfirvofandi atvinnuleysi.

Það má að sjálfsögðu benda á fleiri lönd en England, sem komið hafa á hjá sér svo háum innflutningstollum, að þeir verka eins og algert innflutningsbann. Þannig lögðu Svíar á síðastl. ári t. d. 10 kr. innflutningstoll á hverja kartöflutunnu, sem flutt var inn í landið. Verkaði það eðlilega sem algert innflutningsbann. Hvort hátollaaðferðin eða bannið er notað, er því fyrirkomulagsatriði, en ekki eðlismunur.

Hv. 2. þm. Reykv. hefir nú lýst því yfir, að hann vilji ekki taka brtt. sínar aftur, og vilji heldur láta fella þær í d., sem ég veit að verður gert. Það leiðir vitanlega til sömu niðurstöðu, hvor aðferðin er höfð. Aðalatriðið er að koma málinu áfram, því að ég er sannfærður um, að það hefir mikla þýðingu fyrir fjárhagslega viðreisn þjóðarinnar. Það eflir innlenda framleiðslu og sparar erlendan gjaldeyri. Er sannarlega nóg eftir, sem ekki er hægt að framleiða í landinu og kaupa þarf því frá útlöndum, þó að þetta falli undan.

Aðalandstaðan gegn frv. þessu og því, að ríkið geri nokkuð það, sem að gagni má verða til þess að tryggja okkar markað í landinu sjálfu og efla framleiðsluna, er frá þeim mönnum, sem heima eiga í Reykjavík og kaupstöðunum, þótt sumir bændur og bændafulltrúar á þingi hafi ekki hreinar hendur í þessu máli. Andstöðuna byggja þeir sérstaklega á því, að fyrirkomulag það, sem í frv. felst, muni verða til þess að skapa verðhækkun á kartöflunum. En ég er margbúinn að taka það fram, að innflutningsbannið á ekki að standa lengur en meðan nægilegt framboð er af kartöflum í landinu sjálfu, og því eðlileg samkeppni á markaðinum um vöruna. Geta þessar ráðstafanir því ekki orðið til þess að hækka verðið. Það hljóta því aðrar orsakir að liggja til grundvallar fyrir andstöðu þessara hv. þm. gegn þessu viðreisnarmáli. Ég held helzt, að þeir fyrir dvöl sína hér á mölinni séu slitnir úr því lífræna sambandi, sem áður var milli þeirra og hinnar lifandi starfsemi úti á landsbyggðinni. Þeir eiga því erfitt með að gera sér grein fyrir nytsemi þessa máls. Í þessu liggur að ég ætla aðalorsökin fyrir andstöðu þeirra gegn frv., miklu frekar en að þeir í raun og veru séu sannfærðir um verðhækkun á vörunni. Er leitt til þess að vita, að beztu menn skuli geta þornað svona upp í skelinni. Ég er nú þrátt fyrir þetta ekkert hræddur um forlög frv., því að ég veit, að nóg er til af mönnum í þinginu, er að-

stöðu hafa til þess að skilja á réttan veg þetta nauðsynjamál. Verður því hægt að fá það samþ., hvað sem andstöðu þeirra líður, sem talað hafa á móti því.

Hv. þm. N.-Þ. boðaði hér brtt., er hann ætlaði að flytja síðar. Um hana fer ég því ekki að ræða nú, en ég er fús að ræða við þennan hv. þm. um það, sem honum lá á hjarta, hvenær sem er milli umr., og ég vil benda honum og öllum hv. þdm. á það, að hinn umræddi styrkur til flutninganna verður ekki styrkur til framleiðendanna, heldur til neytendanna, því að vegna hans leggst helmingi minni flutningskostnaður á vöruna.

Hv. þm. talaði ennfremur um, að stundum myndi hægt að fá ódýrari kartöflur frá útlöndum en hér á landi fengjust, því að kostnaður sé minni við flutning frá útlöndum en hafna á milli. Þetta mun nú ekki vera allskostar rétt. En benda má á það, í þeim tilfellum, sem þetta kynni að vera svona, að þessi munur á að minnka eða hverfa við ívilnun þá, sem felst í þessu frv.

Þarf ég svo ekki að taka fleira fram. Vildi ég æskja þess, að málið fengi góða og skjóta afgreiðslu. Vil ég segja það, að ef Alþingi bæri gæfu til að veita stuðning þeirri hreyfingu, sem hér er vakin meðal landsmanna um það að efla sjálfstæði íslenzkra atvinnuvega, þá hefir það unnið þarft verk, sem bera mun margfaldan ávöxt í framtíðinni. Vænti ég hér á Alþingi skilnings á nauðsyn þess, að þetta mikilsverða spor verði stigið.

Jón Ólafsson: Það er vissulega full ástæða til að óska þess, að mál þetta fái fljóta afgreiðslu út úr d., því að það er leiðinlegt að sitja dag eftir dag undir sömu ræðunni frá hv. frsm., algerlega rakalausri. Hann talar mikið um nytsemi frv., en gerir sér ekki ljóst, að ef hvetja skal menn til dáða, þarf að styrkja þá í viðleitni þeirra. Er ég sömu skoðunar og áður um það, að fyrir gasprara og vandræðamálpípu er þetta hinn raunverulegi akur til þess að koma fram ósanngjörnum málum í eiginhagsmunaskyni. Ætti hv. þm. Borgf. að muna, hvílíkt veður hér var gert árið 1916 til að koma á innlendri kartöflurækt, og hversu menn hertu þá á sér um þetta mál, án þess að árangur sæist, því að örðugleikarnir reyndust svo miklir á því máli, að framkvæmd þess þótti ekki svara kostnaði. Ef til vill eru í Mýrdalnum og undir Eyjafjöllum bezt skilyrði til kartöfluræktar hér á landi, en þó er engin leið til að koma slíku í framkvæmd þar, nema styrkur fáist.

Hv. frsm. tilkynnti okkur þm. Rang., að n. hefði ekki séð sér fært að taka till. okkar til greina. Held ég, að hann hafi ráðið þar nokkru um, enda þekki ég kappgirni þessa þm. og veit, að margir munu láta undan síga, jafnvel móti betri vitund, til þess að hafa frið. Skil ég þó ekki, hvað komið hefir honum til að hefjast handa um það, að till. okkar yrði hafnað, því að hún felur í sér einu leiðina til að styrkja menn til nýrrar starfsemi. Má þetta heita heimaríki á lægsta stigi, að vilja skattleggja héruð til ágóða fyrir önnur héruð í landinu. Hefir reyndar jafnan þótt hlýða að taka vel á móti við önnur lönd, þar sem hagsmunir hafa rekizt eitthvað á, en allur innanlandsrígur í þessu efni er hlutur, sem allt öðru máli gegnir. Hv. þm. er alltaf að tala um verndartolla þá, sem Englendingar hafa komið á hjá sér. Er það næsta undarlegt, að honum skuli detta í hug að bera slíkt saman við smásmugulega hagsmunapólitík innanlands, eins og hér er um að ræða. Öðru máli væri að gegna, þótt vöruverð hækkaði innanlands, af því að þingið kæmi verndartolli á þá vöru, sem í þessu tilfelli keppir við þá innlendu. En ég veit samt ekki til þess, að hv. þm. hafi verið með þesskonar höftum. Held ég, að hér spili undir smáhérað, sem hefir hagsmuna að gæta, en aðrir eiga svo að súpa seyðið af. Kemur frv. ekki að liði fyrir þá, sem erfitt eiga um flutninga til Reykjavíkur. Hv. þm. segir, að ekki sé til þess ætlazt, að ríkisskip flytji kartöflur til Akranesskagans. Um það stendur ekkert í frv. Mun það sönnu nær, að þeim sé einmitt ætlað þetta hlutverk, og ber frv. það með sér, enda þótt hv. þm. segi, að þarna eigi ekki að vera viðkomustaður.

Hv. þm. hélt, að flutningskostnaður frá Fljótshlíð til Reykjavíkur myndi líkur og milli Rvíkur og Borgarness með „Suðurlandinu". (Bílhlassið, 1½ tonn, kostar 95 kr.). Ætti honum þó að skilj-

ast, að á þeim tíma, sem verið væri að flytja kartöflur til bæjarins, er um sáralítinn flutning að ræða til baka; er sá flutningur ekki nándarnærri nógur á móts við það, sem nú er hingað flutt, hvað þá, ef kartöfluflutningar ykjust að mun. Ef ekki er hægt að fá flutning austur, þá kostar 6 kr. á tunnuna af kartöflum, sem hingað eru fluttar. Væri því ekkert gagn að þessu, án styrktar hins opinbera. Þegar ég sé, að hv. n. og frsm. vilja ekki taka til greina þessa lausn, til þess að knýja fram aukning framleiðslunnar, þá þykist ég vita, að hér eigi ekki almenn umhyggja fyrir bændum að ráða.

Þá verð ég að taka það fram aftur, að mér er illa við það, að Búnaðarfélagið skipti sér af verzlunarmálum landsins. Það hefir starfað og á að starfa á öðrum grundvelli. Gætu við slík afskipti byrjað óvinsældir þess, er orðið gætu viðsjárverðar. Ætti þeim, sem vilja félaginu vel, að þykja sjálfsagt að reyna að komast hjá því, að félagið fari að skipta sér af þeim málum, er valda sundrung og skoðanamun á starfsemi félagsins. Vantreysti ég félaginu til að fara með þessi mál, enda verður það að vernda sitt nafn; en þarna verður það einmitt að vera hlutdrægt, samkv. orðum hv. frsm., að því er mér finnst, því að annars gerir það ekki skyldu sína.

Ég er sannfærður um, að það kæmi ekki til mála, að verð héldist óbreytt, enda væri þá óþarft að koma fram með þetta frv. Það mun og algerlega ráða mínu atkvæði um þetta mál, hvort till. okkar þm. Rang. verður samþ. eða ekki. Ef till. okkar verður felld, mun ég greiða atkv. gegn frv., því að þá er séð, að hv. n. gengur ekki til umhyggju fyrir hagsmunum landsins í heild, heldur eitthvað annað.

Vil ég svo ekki gefa tilefni til þess, að menn verði að sitja undir þriðju endurtekningunni á sömu stórræðunni um þetta mál, án þess að það komi skýrt fram, hvað það sé, sem hvetja ætti almenning til að hefjast handa um aukið framtak á þessu sviði. Hér hefir ekkert komið fram í þessu máli nema sífellt gaspur um það, að landið sé í gjaldeyrisvandræðum. Getur það þó verið, að sparast myndu nokkur hundruð þúsund eftir nokkur ár, en ef við flytjum út fyrir 40—50 milljónir á ári, þá gætir þessi ekki mikið. Að það sé nokkur viðreisn á fjárhag landsins, þótt nokkur hundruð þúsund sparist, er vitleysa, sem gott er auðvitað að nota til þess að láta svo sýnast sem hér væri um stórvægilegan sparnað að ræða.

Ætla mætti, að þeim, sem unna þessu máli, hrysi ekki hugur við að veita nokkurn styrk til þess, að komandi tími hefði meiri hagnað af jarðarávöxtum en nú er. En fyrst svo er ekki, þá er kippt fótunum undan öllum blæstri, sem orðið hefir um þetta.

Hv. flm. talaði um það, að andstaðan gegn frv. væri aðallega héðan úr Reykjavík. Getur það vel verið, en fleiri munu mega álykta um þessa hluti en hann. Að mínu áliti vakir allt annað fyrir flm. en umhyggja fyrir landshag. Þegar greitt verður atkv. um brtt. okkar þm. Rang., mun það sýna sig, hverra hagsmunir ráða. Vona ég, að hv. flm. sjái, hvílík þröngsýni kemur fram í þessu, og hve miklum öfgum búið er að þyrla upp um þetta smámál, sem vitanlega hreyfist ekki úr sporum nema með styrk hins opinbera eða verðhækkun.

Umr. frestað.

Á 28. fundi í Nd., 14. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Sveinbjörn Högnason: Það er nú orðið talsvert langt síðan mál þetta var síðast á dagskrá, og býst ég við að hafa gleymt sumu því, sem ég ætlaði að athuga við umr. Ég get því lofað að verða ekki langorður, enda eru þessar umr. orðnar nógu þreytandi.

Mér komu nokkuð einkennilega fyrir sjónir þau skilaboð, sem hv. þm. Borgf. flutti okkur þm. Rang. frá hv. landbn., sérstaklega vegna þess, að hann sjálfur var áður búinn að viðurkenna réttlæti í till. okkar, en hefir nú látið leiðast frá því í n., sem hann telur rétt vera. Þó eru röksemdirnar, sem hv. n. færir fram gegn till. okkar, enn athugaverðari. Ástæður hennar eru aðallega þrjár. Fyrsta ástæðan var sú, að styrkurinn til landflutninga yrði svo hár, ef hann væri tekinn upp á annað borð, af því að flutning-

ar á landi væru miklu dýrari en á sjó. Þetta þykir mér undarleg röksemdafærsla, ef ekki einmitt er nauðsynlegt að styrkja þá flutninga, sem dýrastir eru. Það er m. ö. o., það á ekki að styrkja þar, sem þörfin er mest og brýnust. En rétt á eftir kemur svo sú röksemd, að flutningar t. d. frá Borgarnesi sjóleiðis séu eins dýrir og flutningar austan úr sveitum landleiðina. Ef þetta er ekki að fara hreinlega í gegnum sjálfan sig, þá veit ég ekki, hvað á það nafn skilið. Hv. þm. sagði, að þar sem strandferðaskipin kæmu ekki við, þyrfti styrktar með, en það felst einmitt ekkert annað í brtt. okkar en það, að styrkurinn komi sem jafnast niður. 3. röksemd hv. n. var blátt áfram hlægileg. Hún var á þá leið, að væri samþ. styrkur til landflutninga, eins og við förum fram á, yrði styrkurinn t. d. til héraða austanfjalls tvöfaldur. Fyrst væri flutningurinn til Reykjavíkur styrktur, og svo aftur þaðan milli hafna. Það lítur helzt út fyrir, að þessir háu herrar vilji því aðeins veita okkur styrk, að við hypjuðum okkur burt með afurðir okkar af markaðinum jafnskjótt og við kæmum þeim á hann. Eða ég get ekki að öðrum kosti skilið það, hvers vegna við ættum að fara að flytja kartöflur okkar burt frá Reykjavík, þar sem auðvitað verður alltaf aðalmarkaðurinn. En þarna skín í gegn sú lítilfjörlega hreppapólitík, sem fylgt hefir þessu frv. frá byrjun. Auðvitað væri það æskilegast, að dómi hv. flm., að Mýra- og Borgarfjarðarsýslur sætu einar að bezta kartöflumarkaði landsins, Reykjavík.

Þá vil ég minnast nokkuð á ræður þeirra hv. þm. N.-Þ. og hv. 1. þm. Skagf. Satt að segja komu mér mótbárur þeirra undarlega fyrir sjónir. Þeir sögðust ekki geta greitt brtt. okkar atkv., af því að hvert hérað yrði að njóta eða gjalda þess, hvernig það væri í sveit sett. Og þetta kemur frá fulltrúum þeirra héraða, sem hafa allan flutning, til og frá, styrktan af almannafé, og fara nú auk þess fram á helmings eftirgjöf á flutningskostnaði. Ég get ekki skilið, hvers vegna íbúar einstakra héraða ættu að gjalda þess, hvernig þeir eru í sveit settir, þegar aðrar sveitir og héruð eiga að njóta slíkrar aðstoðar hins opinbera. Ég lít þvert á móti á það sem skyldu löggjafarinnar að reyna að jafna aðstöðumun landsmanna hvað þetta snertir, og létta undir með þeim, sem erfiðast gengur lífsbaráttan sakir óhagstæðrar aðstöðu. Mér finnst frv. talsvert athugavert, ef þessi brtt. okkar þm. Rang. nær ekki fram að ganga. Tilgangur þess á að vera sá að styrkja framleiðsluna í landinu, en eins og það er nú verður það aðeins til þess að gera þeim héruðum erfiðara fyrir, sem bezta hafa aðstöðuna til þessarar framleiðslu. Með frv. óbreyttu er gengið inn á þá braut að styrkja einstök héruð, en það verður auðvitað til þess að auka erfiðleika þessarar framleiðslu annarsstaðar, og svo vill nú til, að þessi styrkur nær ekki að nokkru leyti til þeirra héraða, sem langbezt hafa skilyrðin til kartöfluræktunar, og stefnir því frv að mínum dómi í mjög varhugaverða átt, eins og það er nú.

Einar Arnórsson: Það er engin ástæða fyrir mig að fara nánar út í það, sem hv. þm. Borgf. sagði í síðustu ræðu sinni, því að það var aðallega endurtekning á því, sem hann hafði áður sagt. Ég get fullvissað hann um það, að traust mitt til hans hefir engan hnekki beðið við framkomu hans í þessu máli, þó að hann aftur á móti hafi gefið mér ræki lega vantraustsyfirlýsingu. En við flutning þessarar síðustu ræðu sló hvað eftir annað út í fyrir hv. þm., og sýnir það, að hann hefir verið í verra og æstara skapi en vanalega. T. d. hélt hann því fram, að ég væri orðinn sócialisti eða kommúnisti, af því að ég væri sammála hv. 3. þm. Reykv. um það, að ekki sé rétt að banna innflutning á kartöflum. Ég er hræddur um, að hv. þm. tækist illa að sanna Reykjavíkurborgurum það, að ég væri orðinn kommúnisti, þó að svo vildi til, að ég væri sammála sócialista um það, að ekki beri að banna innflutning á kartöflum árið 1932.

Mér skildist það á hv. þm., að hann teldi ágætt að setja slík bönn sem þessi, svo að hægt væri að slá af í viðskiptasamningum við önnur ríki, sem notuðu samskonar bönn. Eftir því mætti sem bezt hætta við þetta kartöflubann í miðju kafi, ef við með því gætum náð svolítið haganlegri viðskiptasamningum við er-

lent ríki. Hvar er þá allt gildi þess fyrir atvinnuvegina? En mér finnst þetta vera bannsettar krókaleiðir, að setja fyrst í mestu alvöru innflutningsbann og éta svo strax ofan í sig aftur, þegar einhver viðskiptaþjóðin vill heldur hafa það upphafið. Hv. þm. hefir hvað eftir annað neitað því, að þessar ráðstafanir yrðu til þess að hækka kartöfluverð, en í öðru orðinu talar hann um, að þetta innflutningsbann muni verka sem verndartollur. Og enginn vafi er á því, að venjulegasta afleiðing verndartolla er einmitt verðhækkun, enda þyrfti að vera ólíkt betur búið um hnútana í þessu frv., ef ráðstafanir samkvæmt því yrðu ekki einmitt til þess að hækka verðið á kartöflum.

Hv. þm. talaði ennfremur um, að andstaðan gegn innlendri framleiðslu kæmi héðan úr Reykjavík, og við Reykvíkingar værum slitnir úr sambandi við þjóðlífið sem heild, og þó að við töluðum fagurlega um þörfina á aukinni íslenzkri framleiðslu, þá meintum við ekkert með því. Allt þetta sannar það, að hv. þm. Borgf., sem er gáfaður maður, hafi verið eitthvað miður sín, þegar hann flutti þessa ræðu, og ég er alveg viss um, að hann hefði ekki sagt helminginn af þessari endaleysu í venjulegu ástandi.

Guðbrandur Ísberg: Það er að bera í bakkafullan lækinn að fara að bæta við þessar umr., en ég vil þó ekki láta hjá líða að skýra frá afstöðu minni til þessa máls. Innflutningsbönn verka mjög misjafnlega, eftir því hvað mikið er framleitt af vörunni í landinu sjálfu. Við gætum t. d. hæglega lagt aðflutningsbann á kjöt og fisk, því að af þeim vörum er framleitt svo mikið í landinu, að innflutningsbann mundi ekki leiða af sér verðhækkun. Sjálfsagt mætti nefna fleiri vörur, sem eins er ástatt um. En það er viðurkennt, að kartöfluframleiðslan í landinu er ekki líkt því nóg til þess að fullnægja eftirspurninni, og um allar slíkar vörur gildir það, að innflutningsbönn eða svipuð höft verða alltaf til þess að hækka verðið. Það þarf ekki annað en að athuga, hvernig kartöfluverzluninni er háttað nú. Í ágúst á hverju sumri eru seldar hér erlendar kartöflur, rándýrar, af því að þá er hörgull á íslenzkum kartöflum. Þetta verð fer svo lækkandi eftir því, sem framboðið á íslenzkum kartöflum eykst, og í september, þegar íslenzku kartöflurnar fara að koma fyrir alvöru á markaðinn, er verðið oftast orðið um 20—35 aura á kg. Í þessu frv. er ekkert tekið fram um það, hvenær bannið skuli sett á, en ég geri ráð fyrir, að það verði um það leyti, sem íslenzkar kartöflur geta farið að koma á markaðinn. Ganga má út frá því, að það verð, sem þá er á erlendum kartöflum, færist yfir á þær íslenzku, og engar líkur eru til, að verðið lækki úr því, á meðan um svo takmarkaða innlenda framleiðslu er að ræða sem nú er, fyrr en banninu væri aflétt aftur.

Í frv. er hvergi tekið fram, að setja skuli hámarksverð á íslenzkar kartöflur, og er því seljendum opin leið með einföldum samtökum sín á milli að setja verðið eins hátt og þeim sýnist, og geta látið það verð haldast meðan íslenzku kartöflurnar væru einráðar á markaðinum. Í frv. er gert ráð fyrir, að Búnaðarfélag Íslands skuli hafa afskipti af því, hvenær bann skuli sett á og því létt af. Það hefir þegar verið bent á það af hv. 1. þm. Rang., að þetta gæti orðið óvinsælt starf fyrir Búnaðarfélagið, og ég vil undirstrika það. Undirbúningur undir framkvæmd bannsins yrði auðvitað sá, að safnað væri skýrslum um kartöflubirgðir um allt land, og meðan nóg væri til af kartöflum í landinu sjálfu skv. þessum skýrslum, yrði bannið látið haldast. En nú er það svo, að íslenzkar kartöflur geymast yfirleitt verr en þær útlendu, svo að hætt er við, að þótt þessar birgðir væru einhversstaðar til á þeim tíma, sem skýrslan var tekin, yrði allverulegur hluti þeirra orðinn skemmdur, þegar á markaðinn kæmi. Væri þá búið að eyða fé og kröftum til þess að flytja kartöflurnar á markaðinn, og þar yrði svo talsverður hluti þeirra lýstur ósöluhæfur af matsmönnum, og heil héruð gætu staðið uppi kartöflulaus, því að ekkert má flytja inn fyrr en banninu er aflétt. Frá minu sjónarmiði er bezta lausnin á þessu kartöflumáli einmitt sú, sem bent er á í frv. um kartöflukjallara og markaðsskála, sem hér var til umr. í

d. í dag. Það er leiðin, að byggja vandaða geymsluskála fyrir kartöflur á helztu markaðsstöðunum, svo að bændur geti strax flutt kartöflur sínar í örugga geymslu. Einmitt kartöflugeymslunni er sérstaklega ábótavant hér hjá okkur, og veldur vond geymsla oft miklu tjóni. — Með það fyrir augum, að létta undir kartöfluframleiðslunni í landinu er vel til fallið að gefa eftir helming flutningsgjalds með ríkissjóðsskipunum; aðeins hefði ég viljað orða gr. svolítið öðruvísi, á þá leið, að skipin skyldu flytja kartöflur fyrir helming flutningsgjalds, þegar þau þyrftu ekki þess vegna að afsala sér öðrum flutningi.

Á þennan hátt má segja, að þetta geti orðið fyrirtækinu að kostnaðarlausu, og þó að ríkisútgerðin yrði lögð niður, sem ekki er óhugsanlegt, því að þar er vafalaust annað fyrirkomulag heppilegra, ættu ekki að verða nein vandkvæði á að búa um þetta á einhvern annan hátt, þegar þar að kemur. Með þessu tvennu móti, að undirbúa geymslustaði undir kartöflurnar og létta undir með flutningskostnaðinn, álít ég, að málinu verði bezt borgið, og þegar loks svo er komið, að kartöfluframleiðslan í landinu nægir handa landsmönnum, er nógur tími til að fara að tala um innflutningsbann á kartöflum, og enda þá fyrst hægt að gera slíkt án þess að hætta sé á því, að þetta hafi verðhækkun á kartöflunum í för með sér.

Ég tók eftir því, að hv. þm. Borgf. gat þess, að Svíar hefðu lagt verndartoll á kartöflur, 10 kr., og þykir mér þetta ekki undarlegt, því að ég veit ekki betur en að þeirra heimaframleiðsla fullnægi þeim algerlega. Hér skiptir öðru máli um þetta. Hér er framleiðslan svo stopul í mörgum héruðum, að bændum hefir ekki þótt borga sig að eiga við kartöflurækt. Kartöflurnar vaxa hér ekki nema 3—4 mánuði ársins, og er því eigi hægt að taka þær upp fyrr en mjög síðla sumars og oft komin frost og ótíð, þegar það loks er hægt, svo að þær skemmast meira og minna. Að minnsta kosti er þetta svo á Norðurlandi. Þegar svo er litið til þess, að kartöflurnar þurfa mikla umhirðu, ef vel á að vera, og að þetta fellur saman við mesta annatíma ársins, er ekki við því að búast, að það hafi almennt þótt borga sig að stunda hér kartöflurækt umfram heimilisþarfir, meðan búskaparlag er með þeim hætti, sem nú er, og allur aðkeyptur vinnukraftur er svo dýr.

Að öllu þessu athuguðu er það mitt álit, að samþykkt þessa frv. mundi leiða óumflýjanlega til mikillar verðhækkunar á kartöflunum, og get ég ekki fylgt frv. af þeim ástæðum. Ég álít, að allir þeir mörgu, sem þurfa nauðsynlega að nota þessa vöru, hvort sem eru í sveit eða á mölinni, hafi svo mikinn rétt á sér, að ekki sé rétt að gera leik að því á þeim krepputímum, sem nú eru, að gera þeim þessa vöru dýrari en hún er nú.

Frsm. (Pétur Ottesen): Hefði ekki verið komið að fundarslitum síðast, býst ég við, að ég hefði gert hv. 1. þm. Rang. betri skil en ég geri nú, vegna þeirrar ræðu, sem hann flutti hér í garð þeirra manna, sem standa að þessari tilraun til að styðja og efla sjálfstæði íslenzks landbúnaðar. En það er nú svo, að þegar frá líður gleymir maður ýmsu af því, sem maður ella hefði fundið ástæðu til að gera aths. um, ekki sízt þegar ekki var um að ræða merkilegri ræðu en hv. 1. þm. Rang lét sér sæma að flytja hér í þetta skipti, auk þess sem skapið mýkist því lengra, sem frá líður, og maður þá tekur ekki eins óstinnt uppi ýmislegt það, sem ómaklegt kann að hafa sagt verið. Ég get þó ekki með öllu gengið fram hjá ræðu hv. 1. þm. Rang., og mun stikla á nokkrum helztu atriðunum, og þá jafnframt svara ýmsum öðrum hv. þm. um leið, eftir því sem að fellur í ræðu minni, og þá sérstaklega hv. þm. Rang.

Hv. 1. þm. Rang. gerði mikið úr því, að hann væri orðinn leiður á þessum löngu umr. um þetta mál. Ég held, að hv. þm. hefði átt að spara sér þessi leiðindi og fremur að halda sér við það heygarðshornið, sem hann telur skemmtilegra og sér samboðnara samkv. starfi sínu heldur en að hlusta á þessar landbúnaðarumr. Ég býst við því að minnsta kosti, að hv. þm. hefði getað sparað sér þetta út frá því, að þarfir og áhugamál landbúnaðararins hefðu einskis í misst við það, eftir undirtektum hans við þetta mál að dæma.

Hv. 1. þm. Rang. sagði, að meira þyrfti

til þess að efla innlenda kartöflufram-leiðslu en hér er farið fram á. Hefi ég bent á það áður, að hér er líka meira á ferðinni, því að í félagsskap bænda úti um allt land er nú hafin öflug hreyfing í þessa átt, að við sem fyrst getum farið að framleiða það mikið af þessari vöru í landinu sjálfu, að við getum fullnægt okkur sjálfir í þessu efni, en það, sem hér er farið fram á, er það, að löggjafarvaldið komi til hjálpar þessum öflugu og almennu samtökum, sem nú eru hafin í þessu skyni úti um allt land, með því að tryggja landsmönnum sjálfum þann markað, sem til er í landinu, og er þó um þetta ekki farið lengra í kröfunum en svo, að nægilegt framboð sé alltaf í landinu á þessari vöru, til þess að verðið geti haldizt eðlilegt. Þetta er það, sem hv. 1. þm. Rang. er að slást á móti, og þeir aðrir hv. þm., sem ekki vilja leggja hönd á plóginn í þessu starfi til að gera þjóðina sjálfri sér nóga í þessu efni.

Hv. 1. þm. Rang. vitnaði til þess, að kartöfluræktin, sem hér var hafin á stríðsárunum, hefði farið öll í hundana. Að svo fór um þá sjóferð, var nú reyndar ekkert til að furða sig á, því að svo fer hverju því atvinnufyrirtæki, sem rekið er af ríki eða bæjarfélögum, en ég vil leyfa mér út frá þessu að benda hv. þm. á það, að hér er nú um ekkert slíkt að ræða, því að framkvæmdirnar í þessu efni eiga að berast uppi af einstaklingunum í þessu landi, en ekki af ríki eða bæjarfélögum, og samkv. þeirri stefnu, sem hv. 1. þm. Rang. til þessa hefir fylgt um þessi mál, ætti málinu því að vera vel borgið. Til þess höfum við ríki, að það efli og styðji framkvæmdir og atvinnurekstur í landinu í öllum greinum, þó að hinsvegar megi ekki í þessum efnum fara út fyrir þau takmörk, sem rétt má telja, að stutt sé að. — Saga kartöfluræktarinnar á stríðsárunum þarna suður á Garðskaga er svo kunn, að ég tel óþarft að fara út í hana, enda snertir hún ekki þetta mál sérstaklega. Upp af þeirri ræktunartilraun spratt engin uppskera, heldur var landið sett í auðn, og ekki nóg með það, því að þetta eyðilagði um leið allar fiskveiðar á þessum slóðum. Sandrokið var svo mikið, að engin kvik branda helzt þarna við síðan.

Hv. 1. þm. Rang. sagði þau eftirtektarverðu orð, að það væri „heimaríki á lægsta stigi“ að vilja stuðla að eflingu ísl. landbúnaðar, því að ekki er það annað, sem farið er fram á með þessu frv. Að kalla slíkt „heimaríki á lægsta stigi“ held ég annars, að sé nægilegt til að sýna, að ekki er mark takandi á þeim mönnum, sem svo hugsa og svo orða hugsanir sínar. Því að hvað er það, sem felst í þessu frv.? Ekki annað en það, að verið er að gera tilraun til þess að gera ísl. atvinnuvegi svo sjálfstæða sem frekast er unnt, svo að Íslendingar geti til fulls notað sér þau gæði, sem til eru í ísl. mold til að fullnægja þörfum þjóðarinnar í þessu efni. Og þetta á að vera heimaríki á allra lægsta stigi!

Hv. þm. dró þá ályktun af því, að frv. kveður svo á, að allt að helmingur flutningskostnaðarins á kartöflunum skuli greiðast úr ríkissjóði, ef flutningurinn fer fram á skipum ríkisins, að þetta þýddi sama sem það, að ríkisskipin yrðu látin sleikja hvern vog og hverja þá vík, sem búast mætti við, að einhverjar kartöflur væru fluttar til til flutnings. Verð ég að segja það, að ég geng þess ekki dulinn, að erfitt verður að gera hv. 1. þm. Rang. skiljanlegt það, sem prentað er eða skrifað, þar sem hann virðist hvorki vera læs á það, sem prentað er né skrifað um þessa hluti, því að annars mundi hann varla hafa getað dregið annað eins og þetta út úr frv., eða þá að hitt er, að hv. þm. hefir lesið frv. eins og sagt er, að skrattinn lesi biblíuna, þ. e. allt öfugt, því að í frv. stendur ekki annað en að atvmrh. sé heimilt að greiða allt að helmingi flutningskostnaðar með skipum ríkisins á kartöflum frá þeim héruðum, sem aflögufær eru í þeim efnum, til þeirra landshluta, sem verða að kaupa að kartöflur. Hér er ekki eitt orð, sem til þess bendi, að verið sé að reyna að hafa áhrif á það, hvar skip ríkisins komi við, enda vitanlegt, að skipin hafa um það sínar áætlanir, sem háðar eru öðrum ráðstöfunum.

Þá talaði hv. 1. þm. Rang. mikið um það, að ekki mætti blanda Búnaðarfélaginu inn í þennan verzlunarrekstur, jafnframt sem hann lét þess getið, að Búnaðarfélagið mundi ekki geta litið hlutdrægn-

íslaust á þessi mál, heldur mundu allar þess gerðir hljóta að stjórnast af hlutdrægni. Vil ég út af þessu benda á það, að frv. gerir ekki ráð fyrir, að Búnaðarfélaginu verði falinn neinn slíkur verzlunarrekstur, heldur er félaginu aðeins falið að afla skýrslna um kartöfluframleiðslu hinna ýmsu héraða, og jafnframt að kynna sér neyzluna í kauptúnum og kaupstöðum, svo að unnt sé að kveða á um það, að hve miklu leyti innlenda framleiðslan hrekkur til að fullnægja þörfum þjóðarinnar. Það er aðeins þessi leiðbeiningarstarfsemi, sem Búnaðarfélaginu er falið samkv. frv., en hinsvegar alls ekki neinn verzlunarrekstur. Hitt er eins og hver annar sleggjudómur, að Búnaðarfélagið muni starfa hlutdrægt að þessu. Það stóð að vísu til einu sinni, að hv. 1. þm. Rang. tengdist Búnaðarfélaginu, en sú fæðing var í meinum, svo að þm. er enn ekki kominn í þá aðstöðu að geta þar sýnt af sér hlutdrægni, en fyrr en það verður, getur hv. þm. ekki sagt, að Búnaðarfélagið hljóti að beita hlutdrægni í þessum málum. Hans sjálfs verður að njóta við, til þess að slíkt megi verða.

Þá þótti hv. 1. þm. Rang. það heldur lítilmannlegt af okkur Íslendingum að vera að taka Englendinga okkur til fyrirmyndar í verzlunarmálum. Það er nú að vísu ekki rétt hjá hv. þm., að við hér séum að taka Englendinga okkur til fyrirmyndar, og er þó síður en svo, að ég álíti, að við með því tækjum mikið niður fyrir okkur. Við höfum aðrar skoðanir á þessum málum, þó að við hinsvegar viljum stuðla að sjálfstæði ísl. atvinnuvega, og reyndar fara í því að dæmi Englendinga og annara menningarþjóða, sem og vissulega geta verið okkur um fjölda margt til fyrirmyndar. Það er nú svo, að stórþjóðirnar álíta sig tilknúðar til að setja á svipaðar ráðstafanir sem þessar, til þess að efla atvinnurekstur sinn og vekja fram þá atvinnumöguleika, sem felast með þeim, og ég býst við því, þrátt fyrir góða handleiðslu þeirra manna, sem peningamálunum stýra, að svo sé nú samt komið okkar hag, að ekki sé síður ástæða til þess fyrir okkur en t. d. Svía og Englendinga að grípa til slíkra ráðstafana til að stuðla að innlendri framleiðslu, og spara þannig hinn erlenda gjaldeyri. Ég get að vísu skilið það, að það sé viðkvæmur hlutur fyrir hv. 1. þm. Rang., þegar verið er að tala um gjaldeyrisverzlun, en það er nú svo, eins og þessum málum er ráðstafað hér á okkar landi, en ekki eingöngu vegna verðfalls afurðanna, þó að sterkur þáttur sé, að við höfum ekki ráð á að kaupa að nema brýnustu þarfir manna, og þegar svo er komið, liggur næst við að efla ræktun og aðra framleiðslu í landinu sjálfu, svo að við sem mest á þann hátt getum fullnægt okkar eigin þörfum.

Þá drap hv. þm. á það í sambandi við þá þátttöku, sem ríkissjóður samkv. frv. á að hafa um greiðslu á flutningskostnaði vegna kartaflnanna, að því hefði áður verið komið á, að ríkið tæki þátt í flutningskostnaði á tilbúnum áburði til landsins, og sagði hv. þm. að ég hefði verið á móti þessu á sínum tíma. Er þetta vaðall og vitleysa hjá hv. þm., eins og flest annað, sem hann hefir sagt í þessu máli. Getur hv. þm. læglega séð það, ef hann athugar Alþt. frá þessum árum, að ég var þvert á móti stuðningsmaður þess, að þetta var gert, enda er þetta í samræmi við frv., því að sá styrkur er miðaður eingöngu við sjóflutninga, eins og er í þessu frv., en nær ekki til landflutninga.

Eftir að hv. 1. þm. Rang. hafði rótazt svo um eins og naut í flagi yfir því, að mál eins og þetta skyldi vera fram komið, gekk hann hann þó inn á það, eins og enda till. hans berlega sýna, að ráðstafanir frv. mundu þó ekki vera fullnægjandi, og vildi hann því færa það yfir á víðtækara svið. Hefi ég áður bent hv. 1. þm. Rang. á það, hve hann er í miklu ósamræmi við sjálfan sig, þar sem hann fyrst andmælir frv. svo kröftuglega, en snýr síðan blaðinu við og er fús til að fallast á það, ef ákvæði þess aðeins eru gerð víðtækari. Skal ég í þessu sambandi víkja aftur að flutningskostnaðinum frekar en ég hefi áður gert, og svara þeim þá báðum í senn, fulltrúum Rang. Þeir halda því fram, að n. sé í ósamræmi við sjálfa sig, þar sem hún hefir lagzt á móti till. þeirra. Hv. 2. þm. Rang., sem jafnframt er sálusorgari þeirra, orðaði þetta nú svo, að n. hefði farið í gegnum sjálfa sig, og má hann reyndar sjálfur

gerst þekkja það háttalag, en vegna þessara ummæla skal ég þó aftur skýra frá því, hvað fyrir n. vakir, sem er það að styðja flutning á kartöflum frá þeim héruðum, sem framleiða meira en þau sjálf þurfa á að halda, til annara héraða, sem framleiða of lítið til þess sjálf að geta fullnægt sér í þessu efni — með öðrum orðum að greiða fyrir verzlun með þessa vöru héraða á milli. Þetta var það, sem lá til grundvallar fyrir till. n., en hitt var alls ekki tilgangurinn að styrkja flutning innan þeirra héraða, sem framleiða nóg af kartöflum til að fullnægja sinni eigin þörf, og vil ég í þessu sambandi benda á það, vegna brigzla um eigingirni og hlutdrægni í garð okkar hv þm. Mýr., að samkv. ákvæðum frv. kemur ekki til mála að styrkja flutninga á kartöflum úr Borgarfirði eða næstu héruðum og t. d. til Reykjavíkur, og ná þeir því þannig ekki tilgangi sínum, hv. þm. Rang., sem vilja núa okkur þm. Mýr. því um nasir, að við með þessu frv. séum að pota að sérhagsmunum okkar kjördæma. Hinsvegar eru till. þm. Rang. í þessu máli fyrst og fremst sérhagsmunatill., sem bera það greinilega með sér, að þessir hv. þm. hafa asklok fyrir himin og sjá ekki neitt annað en það sem eru sérhagsmunir kjósenda þeirra. Þessir hv. þm. loka augunum fyrir þeirri þjóðarheill að auka kartöflufram-leiðsluna með því að styrkja flutninginn á kartöflunum til hinn fjarlægari héraða, sem ekki geta fullnægt sér sjálf í þessum efnum, og sjá ekkert nema sérhagsmuni sinna kjósenda, því að þeir segjast munu ganga á móti frv., ef þeirra sérhagsmunatill. verða ekki samþykktar. Hitt kemur þessum hv. þm. sízt til hugar að fórna þessum sérhagsmunum vegna hagsmuna þjóðarheildarinnar. Þessi sérhagsmuna-„hugsjón“ þessara hv. þm. kom og vel fram í sambandi við annað mál, sem hér var til umr. í gær, nefnilega bifreiðaskattinn, því að þeir lýstu sig reiðubúna til að ganga inn á hann, ef hann aðeins yrði endurgreiddur þeim að svo miklu leyti, sem hann kemur niður á kjördæmum þeirra sjálfra. Er þar nákvæmlega sama sérhagsmunaaðstaðan eins og í þessu máli. Og svo eru þessir hv. þm. með þann lubbaskap — (Forseti hringir); ég bið hæstv. forseta velvirðingar á því, þó að ég noti hér sama orðið og hv. 1. þm. Rang. viðhafði um mig — að vera að bera öðrum það á brýn, að þeim gangi til sérhagsmunirnir einir í þessu máli. — Ég heyri, að hv. 2. þm. Rang. hlær að þessu, og það er meinalaust við mig, þó að þessi hv. þm. hlæji sínum fíflahlátri (Forseti hringir). Ég vil enn leiða athygli hæstv. forseta að því, að það er ekki ég, sem hefi verið að leita að ljótum og óviðeigandi líkingum í þessum umr., en ég verð hinsvegar að segja það, að það situr sízt á hv. þm. Rang. að vera að nota orð eins og lubbaskap, sérgæðingsháttt og fleiri af sama tægi.

Ég hefi þá svarað flestu því, sem svaravert er í ræðum þessara hv. þm. Það hefir berlega komið í ljós, að þeir vilja nota þessar brtt. sínar til þess að velja sér hagkvæmari leið til þess að fjandskapast við þetta mál. (Forseti hringir). Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir þá áherzlu, sem hann nú lagði á þessi ummæli mín.

Ég verð að segja það, og lúka máli mínu með því, að þegar þessir hv. þm. eru að tala um það, að ekki sæmi að taka Englendinga til fyrirmyndar, og að það sé nú svo sem ekki við okkar hæfi að fara að dæmi þeirra né vitna í það, sem þeir aðhafist til þess að verjast kreppunni, þá er það næsta hlálegt, að hv. þm. skuli láta sér slíkt um munn fara. Að sjá hvernig moldin rýkur í loftinu! Þeim finnst þó ekkert athugavert við það, að leita til Englendinga, þegar taka þarf lán til þess að lappa upp á lánsstofnanir vorar, til þess að þær geti meðal annars lánað til þess að kaupa erlendar kartöflur. Þá þykir það engin goðgá að leita til þeirra.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að ég hefði gefið sér víðtæka vantraustsyfirlýsingu áðan, og átti hann þar við þau ummæli mín, að eftir brtt. hans að dæma gæti ég ekki annað en vantreyst honum í þessu máli. Lengra náði ekki vantraustsyfirlýsing mín, en ef hann vill færa hana út á víðara svið, þá er því ekki til að dreifa, því að ég þekki hæfileika hans á öðrum sviðum, þótt ég geti ekki treyst honum í þessu máli, og á hann sjálfur sök á því. Ég verð að líta svo á, að hann og margir fleiri Reykvíkingar séu á móti þessu máli vegna þess, að þeir eru að þessu leyti

slitnir upp úr hinu praktiska lífi og geta þess vegna ekki tileinkað sér hinn rétta og heilbrigða skilning á þessu máli né skilið það, hve mikla þýðingu það hefir, að við gerum allt til þess að nota út í yztu æsar þá framleiðslu- og markaðsmöguleika, sem eru í landinu sjálfu. Ég held því fram, að andstaða þeirra gegn þessu máli byggist fremur á því en hinu, að þeir í raun og veru trúi því, að þetta yrði til þess að hækka útsöluverð kartaflna, og mun ég koma betur inn á þetta á eftir um leið og ég svara hv. þm. Ak. Ég vildi óska þess, að umr. þær, sem fram fara á þessu þingi um það að efla íslenzka framleiðslu gætu orðið til þess að opna augu þessara manna fyrir mikilvægi þessara mála, og við í landbn. munum ekkert spara til þess að sá þráður, sem hjá þessum ágætu mönnum er slitinn, verði ofinn saman aftur.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að ég mundi hafa verið miður mín, er ég mælti með þessu frv. Ég vil ekki kannast við það. Ég var þá og er enn hinn sami stuðningsmaður og áhugamaður fyrir því að færa í lag það, sem verzlunarmálum vorum og framleiðslumálum er sérstaklega ábótavant. Hann talaði um það í þessu sambandi, að ég hefði sagt, að hann hefði í þessu máli skrifað undir stefnu kommúnista með því að beita sér gegn þessari tilraun til eflingar framleiðslu okkar. Þetta er að því leyti rétt, sem þetta frv. miðar að því að bæta fjárhagsafkomu landsmanna, og stuðla þannig að auknu sjálfstæði voru, en slíkt er, svo sem allir vita, hinn mesti þyrnir í augum kommúnista, sem vilja róta öllu um og koma öllu í kaldakol, eyðileggja efnalegt og stjórnarfarslegt sjálfstæði vort og gera okkur upp á aðra komna. Hinsvegar gengur þetta frv. í þá átt að efla innlenda framleiðslu og auka innlenda markaði, en með slíku er stefnt að því að eyða skilyrðunum til þess, að stefna kommúnista nái hér fótfestu. Það var þetta, sem ég átti við, er ég sagði, að hann hefði tekið undir með hv. 3. þm. Reykv., sem hann kallaði fulltrúa kommúnista.

Hv. þm. sagði, að ég hefði viðurkennt það, að verndartollar gætu valdið verðhækkun á vörum. Ennfremur hélt hann því fram, að Englendingar legðu engin slík höft á innflutning grænmetis hjá sér. Þetta er ekki allskostar rétt hjá hv. þm., því að þeir leggja svo háa tolla á einstakar vörutegundir, t. d. grænmeti, að það hefir hinar sömu verkanir og aðflutningsbann. Á vissum tímum árs, þegar þeirra eigin grænmetisframleiðsla er á markaðinum, setja þeir svo háa tolla á slíkar vörutegundir, að ekkert flyzt inn af þeim, meðan á því stendur. Þess vegna er þetta frv., sem fer fram á að banna innflutning á kartöflum á þeim tímum árs, sem nægilegt er til af þeim í landinu, alveg hliðstætt því, sem Englendingar hafa álitið sér heppilegt að gera í þessum efnum. Það er hinsvegar alveg rétt, að meðan verndartollar eru svo háir, að þeir verka eins og aðflutningsbann, þá getur það haft í för með sér hækkað vöruverð, en aðeins undir þeim kringumstæðum, að ekki séu nægar birgðir viðkomandi vöru til í landinu. En ef svo er, þá raskar aðflutningsbann eða verðtollur að engu leyti hinum eðlilega verzlunargrundvelli og verðlagi frjálsrar verzlunar. Ég verð þess vegna að halda, að þó að hv. þm. finnist ég tala öðruvísi um þetta mál en hann hefði búizt við af mér, þá stafi það frekar af því, að hann sé „miður sín" í þessu máli, og skilningur hans á mikilvægi þess ekki svo glöggur sem vænta mætti af slíkum manni. En það skal hinsvegar tekið fram, að undir eins og hann tekur höndum saman um það við mig að vinna að framgangi þessara og annara slíkra mála, þá skal ég taka aftur það vantraust, sem ég gaf honum áðan í tilefni af afstöðu hans í þessu máli.

Hv. þm. Ak. þarf ég litlu að svara. Hann sagði meðal annars, að það vantaði mikið á, að nægilegt væri framleitt í landinu af kartöflum til þess að fullnægja eftirspurninni innanlands. Sem stendur er þetta alveg rétt, en afleiðingin af samþykkt þessa frv. mundi ýta mjög undir aukna ræktun og stuðla að því, að þess yrði skammt að bíða, að við yrðum sjálfum okkur nógir í þessu efni.

Út af verðhækkunartali hv. þm. vil ég enn benda á, að í frv. er svo fyrir mælt, að bannið nái ekki yfir lengri tíma en innlenda framleiðslan er nægileg til að fullnægja eftirspurninni. Þessu má hv. þm. ekki missa sjónar af, er hann ræðir um

þetta mál. Frv. er algerlega miðað við það ástand, sem nú er, nefnilega að kartöfluframleiðsla landsmanna er enn ekki nægileg. Hv. þm. sagði, að kartöflutunnan, og á hann þar við kartöflur, sem keyptar eru frá útlöndum, kæmist stundum upp í 60 kr., og sýnir það bezt, hversu mikið fjárhagsspursmál það er fyrir okkur að auka kartöfluframleiðslu vora og vinna að því með samhug og atorku.

Hv. þm. talaði um það, að af samþykkt þessa frv. myndi leiða kartöfluskort í landinu. Nei, það er vel séð fyrir því með ákvæðum frv. um það, að afla skuli gagna um það, hversu lengi innlenda framleiðslan geti enzt, og haga innflutningsbanninu í samræmi við það.

Hv. þm. vildi draga úr ákvæðum frv. um styrk til flutninganna með því að bæta við ákvæði um það, að ríkisskipin þyrftu ekki að sjá af öðrum flutningum vegna þessa. Miðað við það, hversu hagað hefir flutningum síðasta árs, þá kæmi þetta eigi til baga, því að það hefir upplýstst, að meiri hluta ársins hafa ríkisskipin siglt með ónógan flutning. En þó að þetta kynni að lagast, þá má á það benda, að hér er ekki um svo mikið fjárhagsatriði að ræða, að ástæða sé til að setja það fyrir sig. Ennfremur má geta þess, að ef til þess kæmi, að útgerð þessara skipa yrði hætt, þá leggur frv. engar skuldbindingar á herðar stj. um að sjá fyrir flutningum með öðrum skipum, heldur fellur niður af sjálfu sér það ákvæði frv., sem hér að lýtur.

Út af því, sem hv. þm. sagði um kartöflutoll Svía, þá vil ég geta þess, að hjá þeim stendur nokkuð öðruvísi á að því leyti, að þeir eru lengra komnir í því að vera sjálfum sér nógir í þessum efnum. En að þeir tolla kartöflur bendir þó til þess, að um kartöfluinnflutning sé þó að ræða hjá þeim, því að öðrum kosti væri slíkur tollur ekki lagður á. Af þessu má sjá, að Svíar telja sér nauðsynlegt að gera ráðstafanir í líka átt og þær, sem farið er fram á með þessu frv.

Þá vil ég loks enn drepa á þau ummæli hv. þm., að takmörkun á innflutningi kartaflna myndi hafa í för með sér hækkað verð. Í frv. er ekki gert ráð fyrir, að innflutningsbannið haldist lengur en nóg er til af kartöflum á markaðinum, til þess að halda uppi eðlilegri samkeppni innanlands. Þess vegna er þessi skoðun hv. þm. algerlega úr lausu lofti gripin, og hefir við engin rök að styðjast. Ef hv. þm. ætlar Búnaðarfélaginu það, að það misnoti aðstöðu sína eða sýni hlutdrægni og rangsleitni, þá er það einnig ástæðulaust með öllu. Og að bera því slíkt á brýn fyrirfram er miður sæmilegt. Það mun áreiðanlega inna þetta starf að hendi með alúð og samvizkusemi og fullri sanngirni.

Mér þykir fyrir því, hversu miklar umr. hafa orðið um þetta mál, en það er þeim um að kenna, sem beitt hafa mótþróa og málþófi til þess að reyna að tefja fyrir framgangi þessa nauðsynjamáls.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt svo hljóðandi skrifl. brtt. frá hv. þm. Ak.:

„Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Til þess að greiða fyrir sölu á innlendum jarðeplum skulu skip ríkisins flytja íslenzk jarðepli hafna milli innanlands fyrir hálft flutningsgjald, enda þurfi skipin eigi að neita flutningi á öðrum farmi af þeim sökum".

Til þess að till. þessi megi koma til umr. og atkvgr. þarf að veita afbrigði frá þingsköpum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 185) leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Halldór Stefánsson: Ég ætla ekki að blanda mér inn í hinar almennu umr. þessa máls, en vil einungis láta þess getið, að ég vil styðja að öllum hóflegum og skynsamlegum tilraunum til þess að efla innlenda framleiðslu, þó að ég hinsvegar sé ekki svo starblindur, að ég sjái ekki að það er þörf á að styðja aukna ræktun á fleiru garðmeti en kartöflum. Ég verð að vera sammála þeim, sem bent hafa á það, að miklir annmarkar séu á því að banna algerlega innflutning á kartöflum um vissa tíma árs. Hinsvegar myndi ég geta fylgt till., sem hefði sömu þýðingu og bann, t. d. að tolla kartöflur svo hátt á vissum tímum árs, að það verkaði sem bann, því að það verður að teljast færari leið. Ennfremur gæti ég fylgt því að leggja hóflegan, fastan innflutningstoll á kart-

öflur og aðrar innlendar framleiðsluvörur, til þess að styðja að aukningu innlendrar framleiðslu.

Ég vildi aðeins gera þessa grein fyrir afstöðu minni í þessu máli.

Jón Ólafsson: Það eru orðnir einskonar tyllidagar í þessari hv. d., þegar hv. þm. Borgf. kemur með sínar Skagakartöflur árlega. Mér virðist, að það myndi ráðlegast að selja aðganginn að þessum árgangi hans, og verja því svo til að styrkja ræktun þessara fágætu afurða.

Svo röggsamlega er þessi slæmi málsstaður varinn, að ekki er skilinn eftir einn einasti taðköggull, sem komið hefir í málinu; allt er rekið öfugt til baka til þeirra, sem það kom frá, og þaðan má það ekki aftur upp rísa. Hinu gleymdi hann alveg, að koma nærri nokkru af þeim atriðum, sem máli skipta, og minntist ekki á það, sem borið var á hann og n., sem sé það hugarfar, sem er á bak við þessar till., sem eru svo greinilega markaðar undir eyrnamark n. og hv. frsm.

Honum þótti ég bera þungar sakir á n. og heilindi hennar, og það er rétt. Ég veit ekki, hvernig á að réttlæta þetta mál í augum meiri hl. þjóðarinnar, þegar viðsvegar um allt land eru margir hreppar, — ég nefni þá ekki —, sem gersamlega ómögulegt eiga með að selja þessa framleiðslu án þess að fá flutningastyrk, alveg eins og við þm. Rang. höfum þegar tekið fram. Hvernig eiga hinir ýmsu hreppar að þjóta upp til handa og fóta með aukna ræktun, og geta svo ekki komið vörunni á markað með hæfilegum kostnaði.

Hv. þm. sagði, að ég gæti sparað mér allt ómak að hugsa um þarfir landbúnaðarins, því að hann gæti vel verið án þess. Í því sambandi vil ég segja það, að ef ég væri jafnþröngsýnn og hann, þá ætti ég að fara af þingi þegar í stað. Við erum ekki hingað komnir til að halda eingöngu fram málum þess héraðs, sem við erum þm. fyrir.

Hv. þm. talaði um asklok. Jú, það er það litla asklok, sem hv. frsm. ekki sér út fyrir, þegar hann vill veita aðeins einum hreppi svona hlunnindi. Þetta er ekki almenningi til hjálpar eða samkynja svo mörgu, sem gert hefir verið landbúnaðinum til styrktar. Þetta er ekkert annað en ýtni frá einu einasta héraði, sem eitt hefir hagsmuni af þessari ráðstöfun.

Hv. þm. sagði, að sala á útlendum kartöflum stöðvaðist algerlega, meðan verið væri að selja Skagakartöflurnar. Þar gægðust nú eyrun út hjá honum, og ég veit ekki, hvernig hann ætlar að samríma það við það, sem hann hefir áður sagt. Hann var að minnast á kartöfluræktina á Garðskaga og víðar á stríðsárunum. Það var réttilega tekið fram, að svona fer það, þegar fyrirtækin eru á hönd bæjanna eða ríkisins. Þarna er sýnishorn af þessum bjargráðavindi, sem þaut um allt og í alla á stríðsárunum. Þá sögðu jafnaðarmenn, að þetta ætti að verða bjargráð fyrir þjóðina, og því sjálfsagt að verja fé til þess, en svo þegar þetta rauk út í geiminn aftur, þá sáu menn, að þetta gat ekki haldizt uppi án styrks. En þarna sést, hvernig oft er hægt að koma ýmsu af stað, sem ómerkilegt og gagnslaust er, þegar alvarlegir tímar standa yfir, því að það erfiða ástand gefur þessum vindbelgingi byr í seglin, svo að hann kemst lengra en hann ætti að komast. Þess vegna er sennilegt, að þetta mál verði sigursælt nú, vegna þessara óvenjulega erfiðu tíma, er nú standa yfir.

Það er alveg sama „princip" fyrir þessu frv. eins og ef t. d. hv. frsm. fengi sett bann á nábúa sinn, svo að hann mætti ekki framleiða einhverja vöru, til þess svo að hann neyddist til að kaupa vöruna af þeim, sem framleiða mættu. Ef þetta er ekki heimaríki, þá veit ég ekki, hvað heimaríki er. Það er ekkert nema smátt og smásálarlegt heimaríki.

Þá þarf ég að bera af mér eina sérstaka rangfærslu. Hv. frsm. segir, að það sé ekki að tala um, að þetta eigi að gilda nema fyrir viðkomustaði ríkisskipanna. En 4. gr. skýrir þetta vel. Það þarf ekki annað en að lesa upphafið á henni til þess að sannfærast um, að þetta á að gilda fyrir hvert það hérað, sem aflögufært er með þessa vöru. Þar er engin undantekning. Það er líka rangfærsla, að við þm. Rang. séum að seilast í einhver sérréttindi fyrir Rangárvallasýslu. Það er fjarri því, að við séum að slíku. Með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa upp brtt. okkar við 4. gr., því að ýmsum, sem

hlýða á umr., gæti dottið í hug, að það væri rétt hjá hv. þm. Borgf., að við værum hér að biðja um einhver sérstök fríðindi fyrir okkar hérað. Gr. hljóðar svo, eins og við viljum hafa hana:

„Til þess að greiða fyrir sölu á innlendum kartöflum í landinu, skal atvmrh. heimilt að greiða allt að helmingi flutningskostnaðar með skipum ríkisins á kartöflum frá þeim héruðum, sem aflögufær eru í þeim efnum, til þeirra landshluta, sem verða að kaupa kartöflur".

Það er greinilegt, að þetta gildir fyrir alla landsmenn, og það er sú eina rétta viðleitni, að öllum landsmönnum standi þessi hjálp til boða. Það, sem við förum fram á, er ekkert annað en jafnrétti við aðra, og því held ég fast við brtt., og greiði atkv. á móti frv., ef hún verður felld.

Sveinbjörn Högnason: Mér þykir leitt, að hv. þm. Borgf. er ekki viðstaddur, því að ég ætlaði sérstaklega að beina orðum mínum til hans.

Hv. þm. fann sig skyldaðan til að útskýra rækilega, hvað vekti fyrir flm. frv., og ég er honum sammála um það, að það er ekki vanþörf á að skýra það nánar en fram er tekið í frv. sjálfu. Hann sagði, að það vekti fyrir þeim að styrkja flutninga frá þeim héruðum, sem eru aflögufær og til þeirra, sem verða að kaupa þessa vöru, m. ö. o., að það vekti fyrir þeim hið sama sem við þm. Rang. förum fram á í till. okkar. En hvar í till. landbn. er stafur fyrir því, að þeir vilji gera þetta? N. vill binda þetta eingöngu við ríkisskipin, en þá er þetta ekki almennur styrkur, en eftir okkar till. er hann almennur. Með henni er það sett skýrt fram, sem hv. þm. Borgf. sagði, að hefði vakað fyrir flm. Ég get ekki séð, að frv. sé nokkuð nema fálm, ef þessi till. er ekki samþ., sem er grundvöllur frv., að því er flm. segja sjálfir.

Það er einkennilegt, að hv. þm. skuli vilja takmarka þennan styrk svo mikið, að hann skuli ekki ná til annara en þeirra, sem eru svo í sveit settir, að þeir geta flutt með ríkisskipunum. Það á ekki að styrkja flutning frá Borgarnesi, ekki úr Dölum, ekki úr Árnessýslu, ekki úr Rangárvallasýslu, ekki úr Vestur-Skaftafellssýslu. Það er ómögulegt annað en að fá grun um það, sem vakir fyrir hv. þm. Þetta ákvæði á að vera til að styrkja flutninga á kartöflum ofan af Skaga. Þegar hann er að tala um, að sú eina almenna till., sem fram hefir komið í málinu, sé sú aumasta hreppapólitík, þá er hann farinn að gera lítið úr eftirtekt hv. þdm. Þegar hann er að tala um, að við, sem flytjum þessa till., höfum asklok yfir okkur, þá má áreiðanlega miklu fremur segja, að hann í þessum hlutdrægniskröfum sínum hafi í þessum efnum mjög takmarkaðan himin, og sú eina stjarna, sem skín á þessum himni hans og hann tekur stefnu eftir, er Akraneskartaflan og ekkert annað.

Guðbrandur Ísberg: Viðvíkjandi brtt. minni við 4. gr. frv., sem gengur í þá átt, að í stað þess að flutningur jarðepla skuli styrktur af ríkinu, sem var ½ flutningsgjald, skuli ríkisskipin flytja innlend jarðepli hafna á milli fyrir hálft gjald, að því þó tilskildu, að skipin þurfi eigi þess vegna að neita öðrum flutningi, þá er ég sammála hv. þm. Borgf. um það, að með tilliti til þess að reynslan hefir verið sú undanfarandi, að ríkisskipin hafa haft allt of lítið að flytja, muni þetta koma í sama stað niður fyrir þá, sem kaupa þurfa flutninga. Ef miðað er við núverandi innflutning jarðepla, ca. 200 tons, er ekki um að ræða nema brot af því vörumagni, sem strandferðaskipin geta borið í einni ferð, og því tæplega hætta á, að flutningur fáist ekki fyrir hálft farmgjald, þótt þessi varnagli sé sleginn. Hinsvegar er þá ekki um beinan styrk að ræða úr ríkissjóði. Og þótt segja megi með nokkrum rétti, að einu gildi, hvort flutningsgjaldsívilnunin sé kallaður styrkur eða farmgjaldslækkun, þar sem ekki væri nema um færslu að ræða úr einum vasa í annan, þá tel ég þó talsvert unnið við að halda þessu utan við ríkissjóðinn, svo að eigi þurfi að bókfæra farmgjaldslækkunina sem beinan styrk, er farmflytjendur teldu sig hafa fengið, og búast má við, að reynt yrði að halda í, þótt ríkisskipin hættu ferðum.

Þar sem hv. þm. Borgf. talaði um sleggjudóma um Búnaðarfélagið í sambandi við frv., þá er því til að svara, að

því er mín fyrri ummæli snertir, að ég get ekki betur séð en að til þess sé ætlazt af Búnaðarfélaginu, að það leggi ekki til, að aðflutningsbannið sé upphafið fyrr en innlendar birgðir af jarðeplum séu þrotnar, eða því nær þrotnar, en hvað langt eigi að fara í því efni verður að sjálfsögðu álitamál, og sú óánægja, sem það kann að valda, bitnar vafalítið á Búnaðarfélaginu.

Viðvíkjandi hinu háa verði, sem ég áður nefndi, að venjulega væri á jarðeplum um mitt sumarið, verð ég að álíta, að engin leið sé að koma í veg fyrir, að það verð haldist, þar sem á þeim tíma er ekki að tala um innlenda framleiðslu, nema ef farið yrði að rækta jarðepli við jarðhita, sem vitanlega væri æskilegt, ef það reyndist að svara kostnaði.

Þá hélt hv. þm. Borgf. því fram, að engin hætta væri á verðhækkun á jarðeplum meðan nóg framboð væri á markaðinum, en þegar framboðið þryti, yrði banninu aflétt. Hér er ég á allt annari skoðun en þessi hv. þm., því að ég fæ ekki betur séð en að allar líkur bendi í þá átt, að það verð, sem fæst fyrir íslenzk jarðepli, þegar þau koma fyrst á markaðinn og aðflutningsbannið væntanlega hefst, verði það sama sem þá er á erlendum jarðeplum eða a. m. k. ca. þriðjungi hærra en vænta mætti, að það yrði síðar á haustinu, ef erlendu jarðeplin mættu keppa um verð á frjálsum markaði, eins og verið hefir. Af þessum ástæðum lít ég svo á, að innflutningsbann á jarðeplum hljóti óumflýjanlega að leiða af sér tilfinnanlega verðhækkun á þeim, sem sé með öllu óafsakanlegt að stofna til, eins og nú horfir um afkomu þorra þeirra manna til sjávar og sveita, er vöruna þurfa að nota.

ATKVGR.

Brtt. 132,1 felld með 13:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MJ, VJ, EA, GÍ, HStef, HG, HV.

nei: JÓl, MG, PO, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BJ, BÁ, HJ, IngB, JörB.

Átta þm. (JónasÞ, LH, ÓTh, ÁÁ, BSt, BKr, JJós, JAJ) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 12:7 atkv.

Brtt. 132,2—3 teknar aftur.

2.—3. gr. samþ. með 13:5 atkv.

Brtt. 117 felld með 15:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngB, JÓl, SvbH, TrÞ, JörB.

nei: HStef, HJ, HV, MG, MJ, PO, StgrS, SvÓ, VJ, ÞorlJ, BJ, BSt, BÁ, EA, GÍ.

HG greiddi ekki atkv.

Sjö þm. (JJós, JAJ, JónasÞ, LH, ÓTh, ÁÁ, BKr) fjarstaddir.

Brtt. 185 (ný 4. gr.) samþ. með 11:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BÁ, GÍ, HJ, MJ, PO, StgrS, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt.

nei: EA, HStef, IngB, JÓl, SvbH, BJ, JörB.

HG, HV, MG greiddu ekki atkv.

Sjö þm. (BKr, JJós, JAJ, JónasÞ, LH, ÓTh, VJ) fjarstaddir.

Brtt. 132,4—6 teknar aftur.

5.—8. gr. samþ. með 12:5 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, HStef, HJ, IngB, MG, PO, StgrS, JörB.

nei: VJ, BJ, EA, GÍ, HG, HV, JÓl, MJ, SvbH.

Sex þm. (BKr, JJós, JAJ, JónasÞ, LH, ÓTh) fjarstaddir.

Á 31. fundi í Nd., 17. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 186, 194, 197).

Björn Kristjánsson: Ég á hér 2 brtt. á þskj. 194, sem ég ætla að gera lítilsháttar grein fyrir.

Í 2. gr. frv. er ákveðið, að bann á innflutningi kartaflna skuli auglýst með þriggja vikna fyrirvara. Mér þykir þessi fyrirvari allt of stuttur og hafði því hugsað mér að koma með brtt. í þá átt að lengja frestinn, en við nánari athugun álít ég það varla hægt, vegna þess að skýrslusöfnun Búnaðarfélagsins um kartöfluuppskeruna mundi taka svo langan tíma, og þá mundi bannið koma of seint til framkvæmda, til þess að það kæmi að gagni. Það er áreiðanlegt, að þessi frestur er of stuttur fyrir ýmsa landshluta. Í Reykjavík kemur það kannske ekki að sök eða á öðrum stöðum, þar sem góðar samgöngur eru. En um hafnir úti um land er öðru máli að gegna. Sum-

staðar eru samgöngurnar svo slæmar, að skip kemur ekki nema einu sinni í mánuði eða annan hvern mánuð sumstaðar, og á þeim stöðum verður að senda pantanir löngu áður en ætlazt er til, að vörurnar komi. Þær vörur, sem eiga t. d. að koma seint í sept. eða okt., verður að panta seint í júlí eða í byrjun ágústs. Um það leyti veit enginn, hvort innlendar kartöflur muni verða fáanlegar eða hvort banna á innflutning þá. Mönnum er því einn kostur nauðugur, til þess að tryggja sig gegn kartöfluskorti, að senda pantanir löngu fyrirfram. Verði svo innflutningsbann ákveðið, þá eru kartöflurnar, þegar þær loks koma, bannvara. Frv. ákveður, að undir þeim kringumstæðum verði kartöflurnar gerðar upptækar, auk þess sem við liggur 200—20000 kr. sekt að selja þær. Mér finnst þetta ákaflega ranglátt og ég get ekki sætt mig við, að frágangur frv. sé á þessa leið. Ég vildi því leggja til, að við gr. bætist: „Á sama hátt getur atvmrh. veitt undanþágu fyrir afskekktar hafnir". Með þessu á ég við, að atvmrn. sé heimilt að veita hlutaðeigandi verzlunum undanþágu þannig, að þær verði lausar við að greiða sektir, og kartöflurnar verði ekki gerðar upptækar. Ég hefi minnzt á þessar brtt. við suma þá hv. þm., sem sæti eiga í landbn., og heyrðist mér þeir taka því líklega að geta greitt henni atkv., og er ég þeim þakklátur fyrir það. En fari svo, að till. verði felld, þá sé ég mér ekki fært að greiða atkv. með frv. í heild sinni.

Ég vildi benda hv. landbn. og öðrum hv. dm., sem ætla sér að ljá þessu máli fylgi, á það, að ef þessu verður ekki breytt, þá megi búast við, að lögin verði óvinsæl, og litlar líkur til, að þau haldist lengi.

Ég átti aðra brtt. á sama þskj., við 4. gr., sem ég gerði að umtalsefni við 2. umr., en það samdist svo milli mín og hv. landbn., að ég tæki þessa till. aftur. Að vísu er ég ekki ánægður með að sleppa henni, en þar sem n. tekur fjarri að ljá henni fylgi, þá sé ég ekki til neins að bera hana fram. Ég get líka sætt mig við afgreiðslu laganna, ef fyrri brtt. verður samþ.

Aðalástæðan gegn seinni brtt. er sú, að erfitt yrði að framfylgja þessu og dæma um samanburð á verði á innlendum og útlendum kartöflum. Ég hygg, að þetta sé ekki eins erfitt og sumir halda fram, og ég vildi í því sambandi benda á það, að í fjárl. hefir staðið ár eftir ár heimild fyrir ríkisstj. til að borga S. Í. S. verðmuninn, sem kynni að verða á frosnu og söltuðu kjöti, að hálfu leyti. Sá útreikningur, sem er í sambandi við þessar 2 tegundir af kjöti, er miklu erfiðari en útreikningur um verðmun á kartöflum.

Að síðustu vil ég minnast á það, þar sem hv. 2. þm. Rang. beinir til mín og hv. 1. þm. Skagf., að við sýnum eigingirni og hlutdrægni í þessu máli og ætlumst til sérstaks styrks til flutninga í viðbót við það, sem við hefðum af almennum strandferðastyrk. Ég vil alls ekki kannast við það, að mínar till. séu þannig lagaðar. Ég ætlaðist ekki til, að þessi styrkur yrði veittur, nema innlendu kartöflurnar reyndust dýrari en þær útlendu. Þennan styrk má því miklu fremur skoða sem styrk til framleiðenda en neytenda, því að hann miðaði þá að því að gera framleiðslu þeirra samkeppnisfæra á innl. markaði, en ekki til hins að lækka kartöfluverð frá því sem það annars mundi verða. En nú hefi ég sem sagt tekið seinni till. aftur og vona, að hv. þd. geti fallizt á fyrri till., og við það sætti ég mig, en verði hún felld, sé ég mér ekki fært að greiða atkv. með frv., þótt mér þyki það mjög leitt.

Sveinbjörn Högnason: Það er út af brtt. okkar þm. Rang., sem ég vildi segja nokkur orð.

Við förum ekki fram á annað en að öllum framleiðendum landsins sé gert jafnhátt undir höfði að þessu leyti af löggjafarvaldinu. D. felldi till. okkar við 2. umr., um það að greiða fyrir þessari framleiðsluvöru á næsta markaðsstað. Það getur verið, að það hafi við nokkur rök að styðjast, að þeir, sem næstir búa, hafi ekki rétt til að vænta styrks af hinu opinbera. Þess vegna höfum við farið fram á í þessari brtt. okkar, að skylt sé að veita styrkinn, þegar komið er yfir 40 km. frá markaðsstað, þar sem erfið aðstaða er að koma vörunni á markað. Þá fyrst sé tekið tillit til þess, hvernig aðstaðan er, bæði til þess að koma vörunni á markað og til

þess að framleiða hana. Ég verð að segja það, að það hlýtur að vera eitthvert fyrsta hlutverk þingsins að líta á þennan aðstöðumun í þjóðfélaginu, hvar borgi sig bezt framleiðslan og hitt, að styrkur sé veittur eftir því, að hvaða niðurstöðu er komizt um það efni.

Sveinn Ólafsson: Við 1. umr. þessa máls beindi ég þeirri ósk til hv. landbn., að hún tæki upp minni háttar breyt. við frv. M. a. óskaði ég þess þá, að fyrir orðið **kartöflur** kæmi hvarvetna orðið **jarðepli.** En þetta hefir farizt fyrir. Þrátt fyrir það er jarðeplanafnið komið inn í frv. með brtt. við 4. gr., svo að nú standa í frv. bæði nöfnin, og finnst mér fara illa á því. Einkanlega felli ég mig illa við niðurlagsorð 3. gr., og það orkar mjög tvímælis, að þar sé rétt notuð eignarfallsmyndin **kartaflna.** Auk þess er varla hægt að bera fram þetta orðskrípi. Út af þessu kemur mér því í hug að bera fram skrifl. brtt. um það, að hvarvetna í frv. verði sett jarðepli í staðinn fyrir kartöflur og í viðeigandi falli. (**EA:** Og tölu líka, er það ekki?). Fallið mun segja til um tölu.

Ég ætla ekki að tala um þetta frekar og ekki heldur um aðrar þær brtt., sem fyrir liggja, en skal þó geta þess um brtt. á þskj. 197, að ég tel það fyrirkomulag, sem þar er bent á, betra en það, sem í frv. er. Ég tel réttara að tolla innflutt jarðepli en að lögbanna innflutninginn, en atkvgr. sker bráðlega úr um það, hvernig um hana fer. Ég vil svo leyfa mér að afhenda hæstv. forseta skrifl. brtt. og vænti góðra undirtekta um hana.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 212,I) leyfð og samþ. með 15:1 atkv.

Frsm. (Pétur Ottesen): Það eru ennþá komnar fram brtt. við þetta frv., frá hv. þm. N.-Þ. og hv. þm. Rang. N. hélt fund um þessar brtt. í morgun, en ég gat því miður ekki mætt sökum lasleika. Þar var tekin sú ákvörðun, sem ég er samþ., að n. skyldi fallast á fyrri brtt. hv. þm. N.-Þ., en það varð að samkomulagi milli hv. þm. og n., eins og hann sjálfur hefir tekið fram, að hann tæki síðari brtt. aftur. Hv. þm. talaði um það, að fyrri brtt. væri byggð á því, að 3 vikna fresturinn myndi valda þeim, sem búa á fjarlægari stöðum, miklum erfiðleikum. Ég býst ekki við, að þetta yrði nema í fyrsta skipti, því að ég geri ráð fyrir, að þegar farið yrði að framkvæma þetta nokkuð til frambúðar, mundi koma fast fyrirkomulag á það, hvenær bannið er sett. Það er svo um kartöfluuppskeruna, að hún fer alltaf fram á sama tíma í landinu, og mundi þá bannið verða miðað við það, svo að engin hætta ætti að vera á því, að þessi frestur muni valda erfiðleikum, nema þá kannske í fyrsta skiptið.

Um till. hv. þm. Rang. er það að segja, að þeir vilja fella burt fyrstu gr. frv., m. ö. o., að í staðinn fyrir að banna innflutning á þeim tíma, sem nóg er af kartöflum í landinu, vilja þeir setja, á tímabili, sem þeir tiltaka, 2 kr. toll á hver 100 kg. af kartöflum, sem fluttar eru til landsins. Mér virðist þetta einungis vera tilraun til að gera frv. að skrípi, því að ef þessar brtt. verða samþ., þá standa a. m. k. eftir tvær gr., sem eru í samræmi við ákvæði 1. gr. eins og þau eru nú, nefnilega að banna innflutning um ákveðinn tíma. Það er sýnilegt, að hér fylgir enginn hugur máli hjá þeim með að gera umbætur á frv., heldur aðeins lævísleg og lúaleg tilraun til að reyna að gera frv. að því skrípi, sem engri þingdeild er samboðið. (Forseti hringir.). Því að í 3. gr. er gert ráð fyrir því, að aflað sé skýrslna um kartöfluuppskeruna, sem vitanlega er þýðingarlaust nema í sambandi við að ákveða bann á innflutningi um ákveðinn tíma. Og í 6. gr. er talað um brot gegn auglýsingu á innflutningsbanni á kartöflum og sömuleiðis, hvernig eigi að fara með ólöglega innfluttar kartöflur. Þessum ákvæðum hreyfa þeir ekkert við, en ég ætla ekki að fara nánar út í að minnast á þessar brtt., að öðru leyti en því, sem ég hefi gert, að tilgangurinn helgar meðalið.

Eins og ég hefi áður lýst, þá var það meining n., að ríkið styrkti aðeins flutninga milli héraða, og þar sem það kom fram við 2. umr., að hv. d. þótti n. ganga þar fulllangt í till. um fjárframlög og sá ástæðu til þess að takmarka þau ákvæði í till. n., þá virðist sjálfgefið, að hugmynd þeirra hv. þm. Rang. fái ekki fylgi hjá hv.

þd., og er því ástæðulaust að fara lengra út í umr. um þeirra brtt. Ég skilgreindi rækilega við 2. umr. eðlismuninn á milli styrks, sem veittur væri til flutninga á kartöflum milli þeirra héraða, sem framleiddu kartöflur, og hinna, sem keyptu þær til neyzlu, og þess styrks, er veittur væri til flutninga innan héraðs, og læt því útrætt um það atriði. Ég vænti, að hv. d. samþ. frv. án annara breyt. en brtt. hv. þm. N.-Þ., sem n. hefir eftir atvikum fallizt á.

Hv. 1. þm. S.-M. drap á það við 2. umr., að ég ætla, að hann felldi sig betur við orðið jarðepli en orðið kartöflur í þessu frv. N. þótti þetta ekki svo mikilsvert atriði, að hún hirti um að gera brtt. um það. Í daglegu tali er orðið kartöflur almennt notað um þessa vöru, þótt orðið jarðepli kunni að vera í eðli sínu íslenzkara. Við 2. umr. var samþ. brtt. frá hv. þm. Ak. með þessu heiti, og mælir það með því, að brtt. hv. 1. þm. S.-M. verði samþ. Annars get ég tekið það fram f. h. landbn., að hún gerir það ekki að neinu ágreiningsatriði, hvort heitið verður valið.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt skrifl. brtt. við frv. frá hv. 2. þm. Rang., á þá leið, að 6. gr. frv. falli niður. Þar sem þessi brtt. er skrifl. og of seint fram komin, verður að leita afbrigða frá þingsköpum um það, hvort hana megi taka til meðferðar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 212,III) leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Jóhann Jósefsson: Ég hefi sökum fjarveru og veikinda ekki fylgzt með umr. og gangi þessa máls hér í hv. d. Mér virðist það á grg. hv. landbn., að hún haldi því ekki fram, að hér á landi sé framleiddur nægilegur forði handa landsmönnum af þessari vöru. Hún segir aðeins, að hér á landi séu nægileg skilyrði til þess að framleiða þessa vöru eftir þörfum landsmanna, og að það geti ekki talizt vansalaust, hve skammt við séum komnir í þeim efnum. Með því er ekki sagt, að við getum, eins og stendur, komizt af án innflutnings á þessari vöru.

Mér er sagt, að það sé upplýst, að það vanti um 18 þús. tunnur árlega til þess, að innlenda framleiðslan fullnægi þörf landsmanna, og er það ekki smáræðis vörumagn. Það lætur að vísu vel í eyrum að styðja innlenda framleiðslu, en það er mörgum ljóst, ef þetta frv. verður að lögum, að þau verða til stórkostlegra óþæginda fyrir íbúa kaupstaða og þá, er við sjávarsíðuna búa, svo að ég ekki noti sterkari orð. Fyrir sveitirnar er þetta ekki tilfinnanlegt, því að þær þurfa ekki að nota útlendar kartöflur, en almenningur í kaupstöðunum verður fyrir stórtjóni af þessu frv., ef að lögum verður.

Í Vestmannaeyjum er allmikil kartöfluræktun, en þessi vara geymist þar svo illa, að þegar líður á veturinn eru kartöflurnar orðnar svo vatnsósa og ógeðslegar, að fólkinu óar við að leggja sér þær til munns, og margir hafa orð á því, að þær muni þá ekki vera orðin allskostar holl fæða. Hitt er vitað og viðurkennt, að kartöflur eru fæða, sem hvert einasta heimili þarf að nota á hverjum degi og oft á dag, og ennfremur, að þær eru hin hollasta fæða. Það er því ákaflega varhugavert fyrir Alþingi að bæta þeim búsifjum ofan á aðra erfiðleika almennings nú á dögum að takmarka svo mjög þessa fæðutegund, en það er gert með þessu frv., ef það nær fram að ganga.

Það virðist vera miklu fremur skylda löggjafarvaldsins að stuðla að aukinni neyzlu á kartöflum og grænmeti með því að tryggja það, að þær vörur séu alstaðar fáanlegar með sem vægustu verði, svo að hver sá, er ráð hefir á að veita sér brýnustu lífsnauðsynjar, geti veitt sér grænmeti í sem ríkustum mæli. Þessi skoðun mín er ekki einstæð. Ég geri ráð fyrir, að læknar almennt styðji hana og haldi því fram, að grænmetið er bráðnauðsynlegt, þó að Íslendingar hafi öldum saman því nær farið þess á mis.

Ég fer ekki út í það að minnast á einstakar brtt. frv., því að ég tel þær allar aukaatriði, af því að ég tel, að það geti ekki komið til mála að banna innflutning á þessari vöru. Meðmælendur frv. munu segja, að séð sé fyrir því, að alltaf verði nægur forði fyrir hendi á hverjum stað, þar sem stj. sé falið eftir till. Búnaðarfél. Ísl. að upphefja bann, þegar þörf

gerist. En ég vil benda á það, að innflytjendur vilja jafnan kaupa inn lítið í einu, til þess að hafa alltaf nýjar kartöflur. Menn eru því ófúsir á að flytja inn í einu birgðir til margra mánaða. Og þó að gert sé ráð fyrir því, að banni sé létt, þegar birgðirnar eru þrotnar, þá er Búnaðarfél. að sjálfsögðu skylt að haga sínum till. eftir þeim skýrslum, er því berast frá framleiðendum. Og það má láta sér detta í hug, að þær verði glæsilegri á pappírnum heldur en í reyndinni, þegar fram á veturinn kemur. Er þá við því að búast, að Búnaðarfélagið verði tregt til að veita innflutningsleyfi, jafnvel þó að þörfin kunni að vera brýn. Ég tel það á hinn bóginn víst, að þau héruð, sem framleiða þessa vöru, eigi tryggan markað fyrir hana, þó að hvorki sé beitt verndartollum né banni, og þó að það sé einsætt, að þeim verði mikill styrkur að þessu frv., þá hefir það slíka ókosti í för með sér fyrir aðra, að þeir setja kostina algerlega í skugga.

Ég skal svo ekki lengja umr. frekar um þetta mál. Ég taldi mér rétt, fyrir það hve vel ég þekki þörf kaupstaðabúanna fyrir þessa vöru, að sýna fram á það, hve mikið tjón þetta frv. mun valda þessu fólki, og vildi gjarnan bæta mótmælum mínum gegn frv. við mótmæli annara hv. þdm., sem hafa viljað forða alþýðu manna í kaupstöðum og sjávarþorpum frá þeim stórskaða, er þetta frv. mun valda, ef það nær samþykki hv. Alþingis.

Sveinbjörn Högnason: Hv. frsm. sagði um brtt. okkar þm. Rang., að tilgangurinn helgaði meðalið. Ég býst við, að þessi kenning Jesúítamunkanna sé eina afsökunin, sem hv. flm. frv. hafa treyst á og fyrir þeim hefir vakað við samningu þess.

Hv. þm. sagði, að brtt. okkar þm. Rang. væru fram komnar til þess að gera frv. að skrípi, en ég skal segja honum það, að þetta er alveg öfugt. Brtt. okkar eiga að koma í veg fyrir það, að frv. verði skrípi og þingi og þjóð ósamboðið, eins og það er frá hendi flm., mengað hreppapólitík á hæsta stigi. Það, sem við viljum tryggja með okkar brtt., er, að frv. verði ekki aðeins til hagsmuna fyrir einstaka menn, heldur að allir þegnarnir njóti samskonar styrks og verndar. Ég vil svo óska, að hv. landbn. athugi það, að brtt. okkar eru ekki runnar af hreppapólitík, heldur til þess að draga úr þeirri hagsmunapólitík, sem legið hefir til grundvallar við samningu frv.

Einar Arnórsson: Ég þarf litlu við það að bæta, sem ég sagði við 2. umr. um þetta mál. Frá hv. þm. Rang. eru nú komnar fram brtt., sem lofað var við 2. umr. Tilgangur þessara brtt. er að draga úr þeirri hreppapólitík, sem felst í því, að styrkur ríkissjóðs á aðeins að vera hlunnindi fyrir þá, sem hafa aðstöðu til þess að nota flutninga hafna milli með strandferðaskipunum, en auk þess bæta þeir öðru óyndisúrræðinu við, og það er að leggja verndartoll á innfluttar kartöflur. Þeir vita, að bannið verkar á þá leið að hækka kartöflurnar í verði, og þess vegna vilja þeir heldur toll en bann. Það má segja það þeim til hróss, að þeir ganga þó hreint til verks. Og af tvennu illu verður þó að telja skárra toll en bann. Þessi tollur, sem nú á að vera 2 kr. á hver 100 kg., er ekki sérlega hár og verður hann því ekki til þess að útiloka innflutning á kartöflum svo að orsaki skort á þessari vöru. Þess vegna er skárra fyrir þá, sem þurfa að kaupa kartöflur, að samþ. þessa brtt. en bannið. Þar með er ekki sagt, að ég ætli að greiða þessum verndartolli atkv., því ég álít hann í sjálfu sér illan.

Ég býst við, að rök öll með og móti þessu frv. hafi komið fram við 2. umr. Ef frv. verður að lögum, þá vinnst þetta þrennt: Í fyrsta lagi, að verðið hlýtur óhjákvæmilega að hækka, í öðru lagi, að kaupendur fá meira eða minna skemmda vöru þegar líður á veturinn, og í þriðja lagi, að skortur verður á kartöflum á tímabili. Það er þetta þrennt: verðhækkun, skemmd vara og skortur, sem neytendur bera úr býtum.

Ég þarf ekki að endurtaka það, að ég treysti ekki því, að stjórn Búnaðarfél. Ísl. verði sanngjarn dómari í þessu máli; bæði hún og hæstv. atvmrh. munu fyrst og fremst líta á hag framleiðenda. Mér finnst það hefði verið sönnu nær að fela hagstofunni tillöguréttinn í þessu efni, því að meiri ástæða er til að ætla, að hún yrði óhlutdrægur dómari.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Þetta mál hefir hlaupið frá mér, meðan ég var forfallaður vegna lasleika, og vegna þess, að ég á fremur óhægt með að tala mikið, mun ég ekki að þessu sinni fara út í það að færa fram almennar ástæður á móti frv., heldur vil ég nú leyfa mér að bera fram skrifl. brtt. við það, sem gerir þó afgreiðslu málsins skárri en ella, ef samþ. verður. Þótt ég sé þeirrar skoðunar, að verzlun á kartöflum eigi að vera frjáls, þá ber ég nú fram þá brtt., að lögin verði aðeins heimildarlög. Þegar vafasöm mál eru á ferðinni, þá eru þó heimildarlög skárri heldur en bindandi lagaákvæði.

1. og 2. liður brtt. minnar fara í þá átt, að í stað banns komi heimild fyrir atvmrh. til þess að setja innflutningsbann á kartöflur. Ég er hræddur um, að menn hafi ekki enn gert sér fulla grein fyrir afleiðingum frv., og ef þingið fyrir ofurkapp einstakra manna leiðist til að afgr. það sem lög, að þá sé þó ráðh. gefinn frestur til að athuga það nánar, hvort gera eigi leik til þess að auka dýrtíð í landinu.

3. liður í minum brtt. er við 5. gr. Það hefir margsinnis verið borið fram af hv. flm. frv., að innflutningsbannið eigi ekki að verða til þess að hækka verð á kartöflunum, og hafa þeir talað um, að það væri ekkert annað en setja bara hámarksverð á kartöflurnar. Brtt. mín við 5. gr. frv. fer í þessa átt og er þannig:

Við 5. gr. bætist: Þar skal og setja ákvæði, er tryggi, að verð á kartöflum fari ekki fram úr því, sem vera myndi, ef innflutningur væri frjáls.

Mér skilst, að hv. landbn. geti, eftir því að dæma, sem hún hefir haldið fram, fallizt á þessa breyt., því að n. hefir marglýst því yfir, að verðið ætti ekki að hækka. Sé ég svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta meir, en afhendi hæstv. forseta þessar brtt. og óska þess, að hann leiti afbrigða frá þingsköpum vegna þeirra.

Forseti (JörB): Mér hafa borizt í hendur brtt. frá hv. 4. þm. Reykv. Þessar brtt. eru skrifl. og of seint fram komnar, og þarf því að leita afbrigða frá þingsköpum, til þess að þær megi koma fyrir hv. deild. Brtt. eru á þessa leið:

„1. Við 1. gr. Í stað „er bannað“ kemur: er atvinnumálaráðherra heimilt að banna.
2. Við 2. gr. Greinin hefst þannig: Nú ætlar atvinnumálaráðherra að nota heimild 1. gr., og ákveður hann þá, að fengnum till. Búnaðarfélags Íslands, með auglýsingu í Lögbirtingablaði o. s. frv.
3. Við 5. gr. Við greinina bætist: Þar skal og setja ákvæði, er tryggi, að verð á kartöflum fari ekki fram úr því, sem vera myndi, ef innflutningur væri frjáls“.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verða þskj. 212, II) leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Forseti (JörB): Það eru nú þegar komnar fram svo margar og víðtækar skrifl. brtt., að ég þykist vita, að ekki sé gott fyrir hv. þdm. að glöggva sig á þeim. Þess vegna vildi ég spyrja hv. frsm., hvort honum fyndist ekki rétt og gæti fallizt á það fyrir sitt leyti, að málið væri tekið af dagskrá og umr. frestað.

Frsm. (Pétur Ottesen): Ég þarf að svara nokkrum hv. þdm., sem beint hafa orðum til mín í ræðum sínum gegn frv. þessu.

Forseti (JörB): Ég spurði hv. frsm., hvort hann gæti ekki fallizt á fyrir sitt leyti, að umr. væri frestað að þessu sinni, svo að hægt væri að prenta þessar skrifl. brtt., sem mér hafa borizt undir þessari umr.

Frsm. (Pétur Ottesen): Ég hafði búizt við, að hæstv. forseti gæti haft biðlund um svar mitt þangað til ég hefi svarað þeim hv. þdm., sem varpað hafa orðum til mín að þessu sinni.

Forseti (JörB): Ég vil aðeins benda hv. frsm. á það, að það standa tveir á mælendaskrá á undan honum, og að ég gaf honum orðið, var aðeins vegna þess, að ég bjóst við, að hann mundi geta fallizt á, eins og málinu er nú komið, að réttara væri að fresta frekari umr. þangað til hinar skrifl. brtt. lægju hér prentaðar fyrir.

Frsm. (Pétur Ottesen): Á ég þá að skilja orð hæstv. forseta svo, að mér sé að þessu sinni meinað að svara þeim, sem á mig hafa ráðizt? Ég skal taka það fram, að svar mitt verður stutt og að mér er talsvert áhugamál að mega koma með það nú þegar.

Forseti (JörB): Hv. frsm. getur þá haldið áfram ræðu sinni.

Frsm. (Pétur Ottesen): Það lítur út fyrir, að andstæðingum þessa máls þyki mikið við þurfa, þegar þeir fara á síðustu stundu að skjóta inn mörgum og viðtækum skrifl. brtt., er á margvíslegan hátt grípa inn í frv., svo að engu er líkara en að samtök þessara hv. þm. miði að því einu að reyna að gera frv. sem allra vitlausast. Og er ekki annað um þau samtök að segja en að þau séu öll runnin af hinni sömu illu rót. (**EA:** Hver er sú illa rót?). Það er sú illa rót, sem sumum mönnum virðist vera runnin í merg og bein til þess að spilla góðu máli.

Ég ætla nú að minnast á nokkur atriði í sambandi við þau samtök, sem hér virðast vera gerð til þess að rugla þetta mál svo, að erfitt sé að átta sig á því. Það er nú kannske ofsagt, að dauðir menn rísi hér upp úr gröfum sínum til þess að vinna máli þessu tjón, en hitt má segja, að þá hlýtur sérstaklega mikils við að þurfa, er dauðhásir menn rísa hér upp og brýna röddina með það eitt fyrir augum að geta laumað rýting í bakið á þessu máli, og á ég þar við þann, er síðast talaði, hv. 4. þm. Reykv. Ræða hans var að vísu styttri en venja er til, þegar hann þykist eitthvað mikið hafa að segja, en allt um það kom þó skýrt fram, hver hugur hans er til þessa máls. Hann er einn í hópi þeirra manna, er bera nú fram skrifl. brtt. — mér heyrðist þær vera þrjár — til þess að tefja fyrir málinu og gera það torskildara. Eftir því, sem mér skildist, fara brtt. þessar fram á að gera frv. þetta að heimildarlögum handa atvmrh., er hann getur notað sér að fengnum till. Búnaðarfél. Ísl. Ég verð nú að segja, að mér þykir undarlegt að heyra frá þeim hv. þm., sem einatt er að tala um, að þeir treysti ekki Búnaðarfél. til þess að halda á þessu máli eða öðrum án þess að beita hlutdrægni, að þeir skuli nú leggja til, að Búnaðarfél. og atvmrh. skuli öllu ráða um þetta mál. Ég endurtek það, að mér þykir undarlegt, að þessir hv. þm. skuli vilja leggja þetta á vald þeirra manna, sem vitað er um fyrirfram, að mundu beita þessari heimild. Það er því auðsætt, að á bak við slíkar till. liggur engin önnur hugsun en sú, að reyna að koma svo miklum glundroða í málið, að takast megi að koma því fyrir kattarnef.

Annars vék þessi sami hv. þm. að því, að kartöfluskortur mundi verða í landinu, ef innflutningur yrði bannaður einhvern tíma, og mun ég taka það til athugunar, er ég svara hv. þm. Vestm. Hann hefir ekki sézt hér í hv. d. þá daga, sem mál þetta hefir verið til umr., enda fór ekki dult, að hann vantar tilfinnanlega fræðslu í þessu efni, eins og ég mun sýna fram á síðar.

Hv. 2. þm. Reykv. stóð nú enn upp til þess að sýna hug sinn til þessa máls og talaði aðallega um brtt. þeirra Rangæinganna á þskj. 197. Í því sambandi fórust honum svo orð, að hann teldi betra að leggja innflutningstoll á erl. kartöflur en að banna innflutning þeirra ákveðinn tíma. En svo klykkti hann út með því, að þótt hann teldi tollinn betri en bann, mundi hann þó ekki geta fylgt brtt. hv. þm. Rang. (**EA:** Nei!). Nei, það er einmitt það, sem hann getur ekki. En hann hugsar, að með þessu geti hann e. t. v. veitt einhverjar lítilmótlegar sálir til þess að vera með brtt. á þskj. 197, svo að takast megi að gera frv. að því skrípi, að ekkert gagn verði að því. Hér ber allt að sama brunni hjá þessum hv. þm. Allt hans skraf stefnir að því að reyna að villa mönnum sýn í þessu máli, og það hefir hann reynt að gera eftir beztu getu. Eins og ég sagði áðan, vill hv. þm. heldur innflutningstoll en innflutningsbann á kartöflum. (**EA:** Ekki sagði ég það). Jú, það sagði hann, en þetta eru ekki annað en undanbrögð, sem engan þarf að furða, eins og hann og fleiri andstæðingar þessa máls eru orðnir ruglaðir. Innflutningstollur á kartöflum mundi þó aldrei geta haft annað í för með sér en að hækka verð á þessari vöru, en um það eru þessir herrar ekki að fást. Þó að erlendu kart-

öflurnar verði dýrari á þennan hátt, gerir það ekkert til, bara að smekkurinn af þeim sé danskur.

Annars er ekkert eðlilegra en að andmælendur þessa máls skilji ekki sjálfa sig lengur, eins og sú hugsun hefir verið skýrð, sem liggur á bak við frv., og tilgangur okkar hinna, sem borið höfum það fram. En hitt hefði mátt ætla, að þm. Reykv. hefðu snúizt öðruvísi við þessu máli, ef þeir teldu sig vera í samræmi við vilja kjósenda sinna. Hér í Rvík hefir sú alda risið hæst nú að undanförnu að efla og styðja innlendan iðnað og innlenda framleiðslu, svo að þjóðin geti búið sem bezt að sínu, en þurfi ekki að snara jafnmiklu út fyrir erlendan varning eins og hingað til. Og núna á næstunni kemur svo „íslenzka vikan", sem á að sannfæra okkur um, að hve miklu leyti við getum verið sjálfum okkur nógir. Ég hefi á undanförnum vikum lesið fjölda greina í dagblöðunum, er allar stefna í sömu átt, að hvetja menn til þess að efla og styðja innlenda framleiðslu. Og verður ekki annað sagt en að raddir hv. þm. Reykv. séu nokkuð hjáróma við raddir annara bæjarbúa um þessi mál. Ég hefi hér í höndum Vísisblað, þar sem m. a. stendur skrifað, með leyfi hæstv. forseta:

„Sú stefna er yfirleitt uppi með öllum þjóðum að búa sem bezt að sínu. Að sjálfsögðu þarf ekki að fjölyrða um, að oss Íslendingum er lífsnauðsyn að búa sem mest að vorri eigin framleiðslu, þegar erfitt er í ári. Og öll viðleitni, allt starf, sem fer í þá átt að hvetja menn til að kaupa íslenzka framleiðslu, er mjög þarft ....".

Þetta frv. stefnir í sömu átt og haldið er fram í þessari grein og mörgum fleirum. Andstaða hv. þm. Reykv. gegn frv. er því ekki í samræmi við þann vilja borgaranna í þessu efni, sem virðist þó vera efst á baugi hér í Rvík. Ég gæti lesið mörg ummæli slík, er sýna og sanna, að þm. Reykv. eru hér á öndverðum meið við allan þorra kjósenda sinna.

Þá er ég kominn að hv. 2. þm. Rang., og verð ég að segja um hann, að hann var fljótur að sjá að sér, því ég hafði ekki fyrr lokið prédikun minni yfir honum en samvizkan slær hann svo, að hann fer að reyna að má af sér stimpil þann, er á hann var kominn, og labbar upp að forsetastól og afhendir hæstv. forseta skrifl. brtt. um það, að 6. gr. falli niður. (**Forseti**: Ég vil upplýsa, að það var snemma í ræðu hv. þm. Borgf., að hv. 2. þm. Rang. afhenti mér brtt. sína). En ég byrjaði einmitt á því að benda hv. 2. þm. Rang. á þetta, svo að það sýnir, að samvizkan hefir slegið hann fljótt. En þó er hann ekki kominn á þurrt land enn, því að 3. gr. frv. er óþörf, ef brtt. hans verður samþ. Skýrslur Búnaðarfél. Ísl. um uppskerumagn kartaflna eru óþarfar með öllu, þegar búið væri að fella niður ákvæðin um innflutningsbannið. Ég vona því, að hv. þm. taki sig betur á eftir þessa viðbótarprédikun mína og laumi á ný til hæstv. forseta skrifl. brtt. um að fella 3. gr. niður.

Hv. 2. þm. Rang. reyndi að snúa því við, sem ég hafði sagt um brtt. hans á þskj. 197, að tilgangurinn helgaði meðalið og allt væri gert til þess að gera frv. sem vitlausast. Þessu reyndi hann að snúa þannig við, að ég ætti við frv. sjálft, en þetta sagði hann áður en hann bætti ráð sitt. Ég átti vitanlega við brtt. þeirra beggja hv. þm. Rang., að þær gerðu frv. sem allra vitlausast, enda hefir hann viðurkennt að nokkru leyti, að það sé rétt, og þess vegna borið nú fram skrifl. brtt. um niðurfellingu 6. gr.

Annars hefi ég margbent á, að brtt. á þskj. 197 stefna að því einu að gæta hagsmuna sérstakra héraða. En þetta skilur hv. 2. þm. Rang. ekki, enda er ég orðinn úrkula vonar um, að mér takist að fá hv. 2. þm. Rang. til þess að skilja muninn á frv. og brtt. hans. Frv. er miðað við hagsmuni allra landsmanna, en brtt. þær, sem báðir hv. þm. Rang. flytja, eru einskorðaðar við þann landshluta eða umhverfi, sem kartöflugarður hv. 2. þm. Rang. er í. Ég veit, að hv. þm. skilur þetta vel, þó að hann vilji heldur berja höfðinu við steininn í lengstu lög og láta líta svo út, að hann skilji það ekki. En ég óska, að frv. fái afgreiðslu hv. d. áður en þessi hv. þm. brýtur höfuð sitt, því að ég vil ekki dauða syndugs manns, heldur að hann lifi og bæti ráð sitt.

Út frá því, sem þessi sami hv. þm. sagði, að landbn. þessarar hv. d. hefði samið

frv., þá vil ég upplýsa, að svo er ekki, heldur var frv. í upphafi samið af búnaðarþingi því, sem nýlega hefir lokið störfum sínum, þar sem sæti átti meðal annara maður úr Rangárvallasýslu, sem ég held, að óhætt sé að nefna hér, en það er Guðmundur bóndi Þorbjarnarson á Stóra-Hofi. Ætla ég því, að þetta nægi til þess að sýna hv. þm., að búnaðarþingið og þar á meðal fulltrúi Rangárvallasýslu þar hafi gengið svo frá þessu frv., að á því sæist heildarsvipur þess héraðs ekki síður en annara héraða. Fleira held ég, að sé ekki, er ég hefi ástæðu til að svara hv. 2. þm. Rang. að svo stöddu.

Hv. þm. Vestm. sagði, að í grg. frv. væri viðurkennt, að kartöflufframleiðslan í landinu væri ekki nándarnærri nóg til þess að fullnægja þörfum landsmanna. Þetta er alveg rétt, og einmitt á þessum kartöfluskorti byggist ákvæði 1. gr. frv., því þar er ekki lengra gengið en að banna innflutning á kartöflum aðeins þann tíma, sem þörf landsmanna er fullnægt með innlendri framleiðslu. Ég held því, að hv. þm. hafi misskilið þetta og skoði þetta ákvæði sem algert innflutningsbann, sem gefa mætti undanþágu á. En svo er ekki. Bannið gildir aðeins á meðan innlend framleiðsla getur fullnægt þörfum landsmanna, eins og margoft hefir verið bent á. Ákvæðið miðast því við, að slakað sé strax á innflutningsbanninu og ljóst er orðið, að kartöflumagnið í landinu fullnægir ekki þörfum landsmanna, og svo líka, þegar ekki er nógu mikið til af þessari vöru í landinu til þess að skapa heilbrigt verð. Og ef slíkur skortur er fyrir á einum stað fremur en á öðrum, þá er heimilt að létta banninu fyrr af þar en annarsstaðar. Með frv. er því vel og tryggilega fyrir því séð, að kartöflur skorti ekki af þeim völdum og að óþarfa verkhækkun eigi sér ekki stað, svo að getsakir hv. þm. Vestm. falla algerlega niður.

Hv. þm. Vestm. sagði eitthvað á þá leið, að þó að nóg væri kannske framleitt af kartöflum á vissum stöðum, þá geymdust þær svo illa, að eftir litla stund væru þær ekki mannamatur, og nefndi hann Vestmannaeyjar sem dæmi. En ég vil benda honum á, að þarna er einmitt eitthvert mesta þjóðþrifamál kaupstaðanna, að vanda svo til geymslu kartaflnanna, að þær skemmist ekki fyrir handvömm. Ég held, að erlendar kartöflur séu geymdar í sömu geymslu, og geta þær þá líka skemmzt, ef menn sjá ekki gegnum fingur með þeim eða gera þeim hærra undir höfði með geymslu en þeim innlendu. Hann sagði líka, þessi hv. þm., að alltaf væri hægt að fá nýjar kartöflur frá útlöndum. En það er misskilningur. Þær eru oftast jafngamlar og þær ísl. kartöflur, sem seldar eru hér. Í næstu löndum er kartöflufframleiðslan einu sinni á ári og teknar upp nærri á sama tíma og hér, svo að þær verða sízt yngri eða nýrri, er þær koma á markaðinn hér, en þær kartöflur, sem framleiddar eru í landinu. Í Vestmannaeyjum eru að sögn góð skilyrði fyrir aukinni kartöfluframleiðslu. Hv. þm. Vestm. ætti því að vinna að því, að kjósendur hans geti sem fyrst framleitt nóg af kartöflum handa sér, svo að þeir þurfi ekki að taka af því litla verði, er þeir fá nú fyrir fiskinn, stóra upphæð til þess að greiða fyrir kaup á erlendri vöru, sem auðvelt er að framleiða heima hjá sér. Hv. þm. ætti því að taka höndum saman við okkur, sem af þessu frv. stöndum, og stæla þann áhuga, sem vaknaður er í landinu til þess að auka kartöfluræktina, svo að þjóðin geti sparað það fé, sem nú streymir út úr landinu fyrir þessa vöru.

Ég held, að ég þurfi þá ekki að svara frekar þeim hv. þdm., sem beint hafa máli sínu til mín. En út af fyrirspurn hæstv. forseta vil ég segja, að eins og komið er, með þeim grúa skriflegra brtt., sem honum hefir borizt nú á síðustu stundu, þá mun réttara að fresta umr. nú, og jafnvel nauðsynlegt, til þess að hv. þdm. geti séð í gegnum þann hialínsvef, sem ofinn hefir verið um þetta mál með það fyrir augum að villa sem flestum sýn. Þess vegna get ég fallizt á, að málið verði tekið af dagskrá og brtt. prentaðar, en mælist þó til þess, að hæstv. forseti taki málið á dagskrá á morgun, svo að sem fyrst fáist afgreiðsla þess.

Sveinbjörn Högnason: Ég mótmæli því, að málið sé tekið af dagskrá. Ég held, að hv. þdm. séu búnir að taka af-

stöðu til þess, og hvað hinar skrifl. brtt. snertir, þá eru þær ekki svo margbrotnar, að þm. geti ekki glöggvað sig á þeim.

Forseti (JörB): Ég hefi þegar bent á, að fyrir liggja nú víðtækar skrifl. brtt., sem hv. þdm. hafa ekki átt kost á að kynna sér að nokkru ráði, svo að sjálfsagt er að taka málið af dagskrá, og er það gert hér með.

Umr. frestað.

Á 33. fundi í Nd., 19. marz, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 186, 194, 197, 212).

Jónas Þorbergsson: Ég vildi ekki, að gengið væri til atkv. um frv. þetta án þess að mér gæfist kostur á að gera stutta grein fyrir atkv. mínu. Ég lít svo á, að ef frv. um kartöflukjallara og markaðsskála, sem nú liggur fyrir þinginu, nær samþykki, þá muni það verða til mikilla hagsbóta fyrir alla kartöfluyrkjendur á Suður- og Vesturlandi, og að þingið geti látið sér nægja þær ráðstafanir í bili. Í öðru lagi tel ég, að frv. þetta sé um of miðað við einstaka landshluta, eða jafnvel einstaka kartöflugarða. Þær áköfu umr., sem orðið hafa um þetta mál, sýna, að uppruni málsins á eitthvað skylt við hreppapólitík. Ég mun því greiða atkv. með þeim brtt., sem ég tel, að séu til bóta, en treysti mér þó ekki til að greiða atkv. með frv. út úr d.

Bjarni Ásgeirsson: Ég hefi verið fjarverandi og ekki tekið þátt í umr. þessa máls, enda geri ég ráð fyrir, að þau rök séu komin fram með frv. þessu, að ég bæti þar litlu við. En þó vildi ég áður en frv. fer út úr hv. d. segja mína skoðun og draga saman aðalatriði þessa máls, því að þótt umr. séu nú orðnar talsvert langar, hafa þær upp á síðkastið lent nokkuð á víð og dreif og utan við aðalkjarna málsins.

Það þarf varla að lýsa því ástandi, sem atvinnuvegir landsins eru í nú. Öll atvinnufyrirtæki eru rekin með tapi, og því augljóst, að sá gjaldeyrir, sem þjóðin fær, verður mjög af skornum skammti, og því nauðsynlegt að spara hann. Af þessu er þá líka ljóst, að mikið atvinnuleysi er yfirvofandi í landinu, ekki aðeins nú að vetrinum, heldur og á sumri komanda.

Þess vegna ætti öllum að vera ljóst, og ekki hvað síst hér á Alþingi, að þegar svona ástand er ríkjandi, þarf að gera allt, sem hægt er, til þess að auka framleiðsluna og draga sem mest úr kaupum á erlendum varningi. Ef Íslendingar beittu sér fyrir því að framleiða hér í landinu það, sem hægt er, af þeim vörum, er þeir þurfa sér til lífsviðurværis, þá er áreiðanlegt, að þeir gætu sparað sér mörg hundruð þúsund krónur, sem árlega renna út úr landinu.

Það má nú ef til vill segja, að þetta mál sé ekkert stórmál, en það er þó einn liður í því, sem ætti að vera aðalstarf þessa þings: að auka innlenda framleiðslu. Og ég er sannfærður um, að með slíkum ráðstöfunum sem þessum geti Íslendingar á fáum árum orðið sjálfbjarga í kartöfluframleiðslu sinni og þurfi ekki að sækja þá vöru til annara. Möguleikarnir fyrir samtökum í svipaða átt eru því fyrir hendi. Hér er nóg til af landi, bæði á Austur-, Vestur- og Norðurlandi, sem bíður ónotað til slíkrar framleiðslu. Ég er því sannfærður um, að svo fremi sem samþ. verða lög, sem fara í svipaða átt og frv. þetta, þá líður ekki á löngu, að þetta land verði notað. Hér er hægt að rækta nóg af kartöflum, og þeim jafngóðum og þeim erlendu, en það þarf að tryggja markaðinn fyrir þær, svo að þær þoli samkeppnina, því að aðstaðan er svo góð fyrir hinar erlendu þjóðir að flytja inn kartöflur, og bjóða okkar út. Þetta er því sá ódýrasti stuðningur, sem löggjafarvaldið getur veitt þessari framleiðslu, að vernda markaðinn fyrir börn landsins, sem að henni vinna.

Þá vil ég með nokkrum orðum snúa mér að þeim höfuðástæðum, sem færðar hafa verið fram gegn frv. þessu. Því hefir fyrst og fremst verið haldið fram, að það væri brot á móti þeim heilaga anda, því viðskiptalögmáli, sem ríkt hefir um frjálsa verzlun landa á milli. Um þetta er það að segja, að hin frjálsa samkeppni er nú tæplega orðin til nema í orði. Hún hefir orðið að laga sig eftir staðháttunum, og það hefir sýnt sig, að fræðikenningar hennar, sem vaxið hafa

á blómatímum hennar, hafa allar verið þverbrotnar og beygðar til jarðar í viðskiptaofviðri því, sem geisað hefir að undanförnu.

Það hefir mikið verið talað um það, að Ísland ætti að vera fyrir Íslendinga, og nýlega hefir birzt ávarp frá 30 stéttarfélögum, þar sem skorað er á menn að láta Íslendinga ganga fyrir um alla vinnu. Ég vil með leyfi hæstv. forseta lesa ofurlítinn kafla úr ávarpi þessu: „Verður mönnum þá meðal annars starsýnt á það, að hér er fjöldi erlendra manna í góðu yfirlæti við ýmiskonar atvinnu, og alltaf eru hingað að flytjast erlendir menn, sem atvinnu fá við allskonar störf". Ég býst við, að allir séu sammála um, að þetta sé rétt, og að skylt sé að sporna á móti innflutningi útlendinga í atvinnuskyni. En ég vil vekja athygli á því, að það eru fleiri útlendingar á gangi hér en þeir, sem sjást. Þeir eru dulbúnir í allskonar gerfum, meðal annars í gerfi erlendra kartaflna, því að framleiðslu þeirra vinna erlendir menn, sem senda þær svo hingað og taka kaup sitt í verði þeirra. Er því ekkert betra að láta þá vinna að framleiðslu þeirra erlendis heldur en beinlínis að lofa þeim að framleiða þær hér. Sé það því stórt atriði að vernda innlenda vinnu, þá er ekki síður stórt atriði að vernda innlenda framleiðslu. Það má kalla þessa tilraun okkar flm., að vernda innlenda framleiðslu, skottulækningu, og velja henni ýms háðuleg nöfn, en hún er ekkert annað en tilraun til þess, sem allar þjóðir reyna nú um gervallan heim, að vera sjálfum sér nógar, kaupa sem minnst að og búa sem mest að sínu.

Hv. þm. Vestm. talaði mikið um það, að frv. þetta, ef að lögum yrði, gæti orðið skaðlegt fyrir smáþorpin úti á landinu. Þetta held ég, að sé að hafa hausavíxl á hlutunum, því að hér eru víða, bæði á Austur-, Vestur- og Suðurlandi góð skilyrði til þess að rækta kartöflur. Á þessum stöðum sem annarsstaðar vantar verkafólk atvinnu. Er frv. því útrétt hönd til smáþorpanna, útrétt hönd til þess að auka hjá þeim atvinnu, og jafnframt innlenda framleiðslu, í stað þess að vera til þess að skaða þau.

Ég get ekki lokið máli mínu án þess að svara hv. 2. þm. Rang. frá því um daginn. Hann sakaði okkur flm. frv. um eigingirni, hreppapólitík o. fl. Þessum hv. þm. vil ég fyrst segja það, að ég býst við, að við, hv. þm. Borgf. og ég, teljum þetta mál til svo mikilla hagsbóta fyrir kartöfluframleiðsluna í landinu, að við myndum vilja vinna til af afsala okkur sjálfum þeim hlunnindum, sem það kynni að hafa í för með sér fyrir okkur, ef það gæti orðið því til framdráttar. Hinsvegar teljum við það ekki ósanngjarnt, þar sem hér er um að ræða hagsmunamál fyrir allt landið, að héruð okkar njóti góðs af því eins og önnur héruð landsins. Annars verð ég að segja það, að mér fundust þessi ummæli þessa hv. þm. um hreppapólitík koma úr hörðustu átt, þar sem hann hefir þegar unnið sér þann orðstír sjálfur að vera ekki aðeins mesti hreppapólitíkus, sem sæti á á þingi nú, heldur einnig sá mesti, sem um langt skeið hefir átt sæti á því. Það er því ekki beinlínis hægt að ætlast til, að hann skilji það, að sé hér um hagsmunamál að ræða, þá sé það að meira eða minna leyti hagsmunamál fyrir öll þau héruð, sem kartöflur framleiða. Ef t. d. um er að ræða góð skilyrði fyrir kartöfluræktí Rangárvallasýslunum, þá er það einnig hagsmunamál fyrir hana, sem kemur fram í betri sölumöguleikum fyrir vöruna. Ákvæðið um ívilnanir í flutningsgjöldum er sett vegna þeirra héraða, sem ekki geta ræktað kartöflur, og verða því að fá þær fluttar að. Verður það því neytendunum til hagnaðar, en ekki framleiðendunum. Ég verð að segja það, að mér fannst það dálítið hlálegt, að þessi hv. þm. virtist vera með frv. á meðan hann hafði einhverja von um, að brtt. hans um sérréttindi fyrir Rangæinga kæmist í gegn, en þegar hún er felld, gengur hann gegn frv. Hv. þm. gat bara ekki unnað öðrum héruðum að njóta þessara hlunninda, þó að þau á engan hátt gætu skaðað hann eða sýslubúa hans. Þetta minnir á manninn, sem vann það til að láta stinga úr sér annað augað, til þess að félagi hans skyldi missa bæði sín. Brtt. þessi setur sannarlega kórónuna á allt sköpunarverkið. Hagsmunir Rangárvallasýslu eru þar hafðir fyrir augum og ekkert annað. Maður nokkur, sem sá hana um daginn, sagði t. d., að þótt hann hefði ekkert vitað,

hvað langt væri héðan úr Reykjavík austur í Fljótshlíð, þá hefði hann getað séð á till., að það myndi vera nær 100 km. Þetta ætti að nægja til þess að sanna það orð, sem komið er á hv. 2. þm. Rang. Hann ætti því allra manna sízt að vera að brigzla öðrum um hreppapólitík og einsýni á hlutina.

Hv. þm. Dal. talaði nokkur orð á móti frv., og taldi hann nægilegt, ef hægt yrði að koma upp kartöflukjallara. Ég skal fúslega játa, að það væri mikil hjálp fyrir þetta mál að fá hann, en með því er ekki fengin verndun á markaðinum fyrir þær kartöflur, sem til eru í landinu, en á því er engu minni þörf heldur en að vernda vinnumarkaðinn fyrir útlendingum, eins og farið er fram á í ávarpi hinna mörgu stéttarfélaga. Eins og kunnugt er, er með lögum bannað að flytja inn erlenda verkamenn, og býst ég við, að allir séu sammála um, að það sé rétt. Er andstaðan gegn frv. þessu því alls ekki í samræmi við það. Með henni er beinlínis sagt við íslenzka verkamenn: þið eigið að vera samkeppnisfærir við erlenda stéttarbræður ykkar. Þetta er svarið, sem íslenzkir verkamenn, er að kartöfluframleiðslu vinna, fá hjá þessum mönnum. Þó verður ekki annað séð en að þeir eigi rétt til sömu verndar á vinnukrafti sínum og aðrir.

Ég býst nú ekki við að taka öllu meiri þátt í þessum umr. Það má vel vera, að kraftar þeirra, er vinna vilja gegn íslenzkri framleiðslu, verði ofan á í bili, svo að þeim takist að eyðileggja málið í þetta sinn, en það er trúa mín, að síðar komi sá máttur, er meira má sín en atkvæði þeirra, en það er neyðin, — neyðin, sem kennir naktri konu að spinna.

Sveinbjörn Högnason: Aðeins nokkur orð til þess að bera af mér sakir. Það hefir oft verið minnzt á hreppapólitík undir þessum umr., og það nær eingöngu af flm. málsins, en ég hygg, að það verði þeim sjálfum alltaf til því meiri skammar, því oftar sem þeir minnast á hana í sambandi við þetta mál. (Forseti hringir). Hv. þm. Mýr. bauð það fram til þess að losna við allan grun um eigin-hagsmunapólitík í þessu máli, að afsala sér og hv. þm. Borgf. öllum þeim hlunnindum, er það gæti haft í för með sér fyrir þá persónulega. Þá taldi hann enga synd, þó að héruð þeirra yrðu látin verða aðnjótandi allra þeirra gæða, er í því fælust. Ég vil því spyrja hv. þm., að úr því hann telur það enga synd, að héruð þeirra njóti hlunninda af þessu, hvaða synd er það þá, þó að við þm. Rang. viljum, að hérað okkar njóti sama réttar. Þá taldi hv. þm., að það hefði verið undarlegt af mér að leggjast á móti frv. þessu, þegar sýnilegt var, að till. mín um styrk til landflutninga náði ekki fram að ganga. Þetta tel ég ekkert undarlegt. Úr því að mál þetta á að vera fyrir allt landið, þá er ekkert réttlæti að gera sum héruð afskipt þeim hlunnindum, sem það hefir að bjóða. Hv. þm. beindi því til mín, að ég hefði ekki getað unnt öðrum héruðum að njóta þessara hlunninda, ef hérað það, sem ég er fulltrúi fyrir, nyti þess ekki, og taldi, að mér færi þar líkt og hinum meinfýsna manni, er vildi vinna það til að láta rífa úr sér annað augað, til þess að félagi hans missti bæði sín. En ég vil þá segja, að honum sé svipað farið og manni, sem þykir ekkert varið í að eignast góðan hlut, ef hann veit, að aðrir geta eignast hann einnig. Svo er t. d. talið, að sé um sumar hégómagjarnar konur, að þeim þykir ekkert til þess koma að eignast fallegan og góðan hlut, ef þær vita, að grannkonan getur eignast hann líka. Og læt ég hv. þm. um að dæma um, hvoru er betra að líkjast.

Jón Ólafsson: Hv. þm. Borgf. var að tala um þá illu rót, sem brtt. okkar þm. Rang. væru runnar af. En ég get sagt hv. þm. það í fyllstu hreinskilni, að það, sem við höfðum fyrir augum með brtt. okkar, var ekkert annað en það, að flm. fengju þær bætur á frv., að það yrði þeim ekki til hreinustu vanvirðu, því að þess eru engin fordæmi, hvorki hér á landi né í nálægum löndum, að einstökum héruðum líðist að fá samþ. einokun á önnur héruð í sama landinu. Hitt er til í viðskiptum landa á milli, að leggja toll á innfluttar vörur til þess að létta undir með framleiðslunni, og ég er hissa á, að hv. þm. Mýr., sem lét mjólkurverksmiðjuna „Mjöll" sálast í höndum sínum, skyldi ekki grípa til þeirra ráða. Ég verð nú að

segja það, að mér finnst mál þetta sótt meira af kappi en forsjá. Það má t. d. alveg eins láta það ná til ullarframleiðendanna og banna með öllu innflutning á erlendum fötum og fataefnum, og láta þá jafnframt fá ívilnanir á farmgjöldum fyrir ull sína hafna á milli. Þannig mætti og lengi telja. Ég fæ því ekki séð, hvar þetta ætti að taka enda, ef gengið væri inn á þá braut að styrkja ýmsar framleiðslugreinar á þennan hátt.

Ég get látið það sem vind um eyrun þjóta, þó að hv. þm. Mýr. hleypi sér á skeið og stökkvi út af því með köflum, eins og t. d. á síðasta þingi, þegar hann rak sig á okkur þm. Rang. Ég vil taka á málinu með meiri alvöru og víðsýni en hann, því að ég tel mér skylt að sjá sem mest fyrir þörfum allra landsmanna í heild, og mun því ekki ljá sérhagsmunamálum einstakra héraða stuðning minn meðan ég á sæti á þingi. En þetta mál er einmitt eitt af slíkum málum. Það er byggt á þeim grundvelli, sem forðast verður að gefa fordæmi um.

Hv. þm. sagði, að við þm. Rang. værum með skrípaleik í þessu máli og vildum gera úr því einskonar skrípi. Ég get þá sagt þessum hv. þm. það, að úr frv. er ekki hægt að gera annað en það, sem það er, — skrípamynd af hugsunarhætti þeirra manna, sem bera það fram. Ég sé ekki, ef tekin eru trúanleg orð flm., að þetta eigi ekki að verða til að hækka kartöflurnar í verði, að nokkuð það sé í frv., sem gæti gefið mönnum byr í seglin um það, að meira verði ræktað. -- Hv. þm. Borgf. sagði, að verið væri að leggja stein í götu þess, að frv. gæti veitt bændum þann styrk og þá stælingu, sem því væri ætlað að veita þeim. Ég sé nú ekki, á hvern hátt það ætti að veita bændum stælingu og styrk, nema þá með því, að þeir fái að ráða verðinu á vörunni.

Hv. þm. Mýr. var að tala um, að menn ættu að vera sjálfum sér nógir. (**BÁ:** Ég sagði, að menn ættu að vera það að svo miklu leyti, sem hægt væri). En það þýðir ekkert að tala svona. Það er svo margt, sem við verðum að sækja til annara landa og ekki er hægt að framleiða hér. Það þýðir t. d. ekki að planta hér vínviði. Slíkt gæti ekki borgað sig. Sú planta vex ekki í íslenzkri mold. Hið eina, sem hægt er að rækta hér af því, sem vinna má vín úr, eru líklega kartöflurnar. Það er sagt, að úr þeim megi brugga allgóðan „landa". Annars er óþarfi að eltast meira við mál þetta. Er bezt, að því verði sem fyrst vísað frá frekari aðgerðum þingsins heim til sinna föðurhúsa.

Jóhann Jósefsson: Hv. þm. Mýr. taldi frv. þetta útrétta hönd til sjávarplássanna, þar á meðal Vestmannaeyja, en ég held, að það sé ekkert gott í lófa þeirrar handar, sem með frv. þessu er rétt að sjávarsíðunni. Það er að vísu satt, að við björgumst sem bezt við landsins eigin gæði, og þá einnig að þessu leyti. En þau þurfa þá að vera fyrir hendi í þeim mæli, að vel dugi. Það má ekki banna innflutning á þeim tegundum, sem vanta hér í stórum mæli, svo sem er um kartöflurnar. Af þeim eru fluttar inn tugir þúsunda tunna árlega. Hv. þm. segir að vísu, að hér sé til nóg land til kartöfluræktar. Ég neita því heldur ekki, en á meðan það er ekki brotið né búið undir ræktun, þá er ekki tímabært að leggja innflutningshöft á þennan jarðarávöxt. Eftir mörg ár má kannske banna innflutning á kartöflum, þegar ræktunin er komin á það stig, að fullnægja landsmönnum, en fyrr ekki.

Hv. þm. Mýr. sagði, að í Vestmannaeyjum væru góð skilyrði til ræktunar. Ég neita ekki, að þar eru slík skilyrði fyrir hendi, enda hafa kartöflur verið ræktaðar þar árum saman. En íbúar Vestmannaeyja eru á fjórða þúsund, og auk þess er þar oft mikill sægur aðkomumanna, er stunda þar vinnu. Þar þarf því að rækta bæði miklar og góðar kartöflur, ef fullnægja skal þörfinni. En nú hefir sú óheppni komið fyrir, að kartöflusýkin hefir gert talsvert vart við sig í Eyjunum og eyðilagt uppskeruna að mun. Það er ógeðslegt að ætla sér eða öðrum að borða skemmdar kartöflur. Hjá þjóðum, sem rækta mikið af kartöflum og flytja þær út, er ræktunin framkvæmd með öðrum hætti en hér tíðkast. Ég veit, að t. d. í Þýzkalandi eru tíðkuð sáðskipti, og kartöflur þá ekki ræktaðar á sama stað oftar en 3.—4. hvert ár. Ástæðan mun vera sú, að hætta er á, að þær úrkynjist, þegar farið er að rækta þær mörg ár á sama stað. Mín reynsla bendir a. m. k. til, að

þessi sé ástæðan. Það er hægt að hugsa sér fleiri leiðir til að ýta undir aukna kartöfluræktun en þetta aðflutningsbann. Það má t. d. gera á þann hátt, að hið opinbera taki þátt í þeim kostnaði, sem er á því að koma vörunni á markaðinn. Hefi ég ekkert á móti því, að sú leið sé farin, og er enda meðmæltur því. Er það allt annað en að leggja hömlur á innflutninginn. Þar við bætist svo það, að þeir, sem hafa ákvörðunarrétt samkv. frv. um innflutningsleyfið, geta alls ekki talizt óhlutdrægir dómarar í því máli. En það er Búnaðarfélagið, sem leggur til, hvenær veita skuli undanþágu frá þessari einokunarhugmynd. Þessi hugmynd er bæði ógeðsleg og skaðleg fyrir þjóðina. Það má gera fólkinu margt illt og á margvíslegan hátt, en hið allra versta af því tægi er þó það, þegar farið er að leggja hömlur á það, að fólk eigi kost á að afla sér ódýrrar og hollrar fæðutegundar. En það er einmitt gert með þessu frv. Ég álít, að innlenda framleiðslan eigi hjálp skilið. En það er algengt hér að kalla eftir verndartollum eða banni löngu áður en framleiðslan er komin í það horf, að hún geti fullnægt þörf landsmanna. Allar slíkar kröfur til verndar framleiðslunni eiga þá fyrst rétt á sér, þegar innlenda framleiðslan er orðin svo mikil og góð, að engin þörf er á að sækja þá vörutegund til annara landa, en nú hefir verið upplýst, að í þessu tilfelli vanti þúsundir tunna til þess, að svo sé. Er því engin ástæða til þess að þingið fari að rasa fyrir ráð fram með því að samþ. þetta frv.

Hv. þm. Mýr. sagði, að frv. þetta væri í samræmi við kjörorðið: „Ísland fyrir Íslendinga". — Þetta kjörorð er nú í sjálfu sér gott og blessað. En þó má varlega fara þar sem annarsstaðar. Ef nokkur þjóð er upp á það komin, að henni séu ekki meinuð viðskipti við önnur lönd, þá er það íslenzka þjóðin. Við getum því ekki fylgt þessu kjörorði til hlítar. Ef þessari reglu væri beitt alstaðar, að hver þjóð keypti aðeins af sjálfri sér, en sækti ekkert til nágranna sinna, þá yrðum við illa úti. Við erum nauðbeygðir til að sækja mikið til annara þjóða, og þar af leiðandi að færa þeim mikið. Ég vil, að hv. þm. Mýr., sem nú er nýlega kosinn í utanríkismálan., athugi vel þá hlið, sem að útlendingum snýr í þessu efni. Það er reynt og vitað, að þeim þjóðum, sem girða sig með innflutningshöftum og tollmúrum, helzt það ekki lengi þegjandi uppi. Og þótt nágrannaþjóðir okkar hafi ekki hátt um það, þá gæti farið svo, að við fengjum að kenna á því verklega. En okkur er hin brýnasta nauðsyn, vegna viðskipta okkar við aðrar þjóðir, að lifa í friði við þær og aðhafast ekkert það, sem spillt getur góðu samkomulagi.

Það hefir ekkert það komið fram við umr., sem hrekur þá skoðun mína, að frv. þetta, ef að lögum verður, er til ills fyrir ýmsa landsmenn. Ég get að vísu skilið það, að málið horfi öðruvísi við fyrir þá, sem framleiða þessa vöru til sölu, heldur en fyrir þá, sem verða að kaupa hana. En ég vil, að þeir, sem fylgja fram þessu máli, sjái það og skilji, að við, sem allt aðra aðstöðu höfum, hljótum að líta á þetta frá sjónarmiði þeirra manna, sem eins eru settir. Og við verðum að vera á verði fyrir það fólk, sem kaupir þessa framleiðslu, svo að því verði ekki gert ókleift með háu verði að afla sér hollrar og góðrar fæðutegundar.

Forseti (JörB): Þar sem enn standa þrír á mælendaskrá, verð ég að biðja hv. þdm. að takmarka mál sitt, svo að umr. verði lokið. Ella neyðist ég til þess að taka málið út af dagskrá.

Einar Arnórsson: Mér skildist á ræðu hv. þm. Borgf. síðast, að ekki mundi af n. hálfu verða gengið inn á brtt. hv. 4. þm. Reykv., þar sem hann gerir það að till. sinni, að það verði tryggt, að verð á innlendum kartöflum fari ekki fram úr því, sem það mundi vera á markaðinum, ef salan væri frjáls. (**BÁ:** Hvenær hefir hann sagt það?) Það hefir nú svo lengi verið talað um þetta mál, að kartöflurnar eru sjálfsagt farnar að spíra! En sé þetta, sem ég hygg, rétt munað hjá mér, þá sést, hver tilgangurinn er með þessu frv. Ef þetta er misskilningur minn, þá vona ég, að hv. þm. Borgf. leiðrétti. (**PO:** Það er bezt, að hv. þm. fái að berjast við sjálfan sig!). Nei, það er bezt, að hv. þm. segi hreint og undandráttarlaust, hvað n. vill í þessu efni. Sé hún á móti þessu,

þá er sýnt, að hún vill, að þetta verki til verðhækkunar. (**MG:** Öll n. hefir gengið inn á að samþ. þessa brtt. — **PO:** Hv. þm. er þá að berjast við sjálfan sig!). Það er ágætt, ef n. hefir gert það. Þarf þá ekki að deila meira um það atriði.

Hv. þm. Borgf. sagði, að ég hefði talið till. hv. þm. Rang. betri en frv. Af því vildi hann svo draga þá ályktun, að ég gerði það til þess að geta sjálfur neytt útlendra kartaflna og útilokað innlendar kartöflur frá markaðinum. Þetta er vitanlega hreinasti misskilningur og sýnir bara það, að hv. þm. hefir ekki notið sinna náttúrlegu gáfna í þessu máli. Till. þessar voru um það að setja 2 kr. toll á hverja tunnu af kartöflum, sem inn er flutt frá 1. ágúst til 1. marz. En slíkur tollur yrði vitanlega til að hækka verðið á kartöflum og bæta þar með hag framleiðenda.

Þessir hv. meðmælendur frv., þm. Borgf. og þm. Mýr., hafa báðir verið að tala um, að þeir væru með þessu að beita sér fyrir hagsmunum alls landsins. Þetta er auðvitað ekki rétt. Með frv. er ekki verið að bæta hagsmuni kaupstaðabúa og annara þeirra, sem verða að kaupa kartöflur og enga aðstöðu hafa til að geta ræktað þær sjálfir. Hér er verið að stuðla að því tvennu, að varan verði dýrari og í öðru lagi, að hún verði verri, því oft mundi hún vera orðin spillt, þegar fram á útmánuði kemur. Látum nú vera, að þeir væru með frv. að efla hag framleiðenda. Þá var það þó ofurlítið nær því sanna. En þó væri það heldur ekki rétt, því það er sjáanlegt, að fyrir þessum hv. þm. hefir ekkert annað vakað en að sitja sem bezt að krásinni sjálfir og hlynna að fáeinum kjósendum sínum. Þeir hefðu átt að orða þessa setningu svo: að þeir væru að gæta hagsmuna nokkurs hluta — og þó mjög lítils — framleiðenda. Að það væri rétt orðalag, sannast af þeirri yfirlýsingu þeirra, að þeir vilja ekki unna öðrum framleiðendum að koma sinni framleiðslu á frjálsan markað. Þetta sýnir einmitt heilindin, þegar þeir eru að bregða öðrum um föðurlandssvik. Allt þeirra hjal um verzlunarjöfnuð og utanríkisverzlun er hreinasta bábilja í þessu sambandi. Og ef það er ekki meining þeirra, að frv. þetta nái lengra en þeir sjálfir halda fram, að það eigi að ná, þá er það alveg óþarft. Þeir vita það vel eins og allir aðrir, að íslenzk jarðepli eru keypt fremur en útlend. Menn vilja að öðru jöfnu kaupa það, sem íslenzkt er, og það því fremur, sem innlendu jarðeplin eru talin betri vara en þau útlendu. Hv. þm. Mýr. lét svo um mælt, að við, sem talað höfum gegn þessu frv., værum dulbúnir útlendingar í formi útlendra kartaflna, eða þetta var a. m. k. meiningin með því, sem hann sagði. En þm. Reykv. gætu eins sagt, að þeir væru dulbúnir sérhagsmunamenn. (**ÓTh:** Ég held nú, að þeir séu ekki dulbúnir!). Jú, þeir eru að reyna að vera það. Annað mál er hitt, hvernig þeim tekst það. Þeir segjast vera að hugsa um og vinna fyrir alla landsmenn með þessu. Í þeim hjúp eru þeir að reyna að hylja sig. Hitt er annað mál, þótt gáfaður maður, eins og hv. þm. G.-K. er, sjái í gegnum voðina, að þeir eru eingöngu að hugsa um sjálfa sig og fáeina kjósendur sína. Ef það hefði verið vitað fyrirfram, að umr. um þetta mál yrðu svo langar sem raun er á orðin, þá hefði mátt ná sama tilgangi á ódýrari hátt, þann, að láta þessa hv. þm. og þessa fáu kartöfluframleiðendur, sem þeir eru að vinna fyrir, fá dálitla fémútu úr ríkissjóði. Það hefði kostað minna en þessar löngu umr.

Eins og alltaf, þegar um sérhagsmunamál er rætt, þá hafa umr. orðið mjög heitar. Þótt hv. þm. Borgf. sé að jafnaði maður kappsamur og fylginn sér, þá hefir hann samt borið mál þetta fram með meira offorsi og kappgirni en venjulegt er, og svo að úr hófi hefir keyrt. Af því að nokkrir menn hafa verið svo djarfir að andmæla þessu fóstri hans, hefir hann látið á þeim dynja ýmsar skammir. Hann hefir t. d. kallað þá kommúnista, eða mig a. m. k. Og hv. þm. Mýr. hefir kallað okkur dulbúna útlendinga, sem í þessu sambandi getur þýtt það eitt, að við séum að gera Íslandi það ógagn, sem við getum í þessu máli.

Hv. þm. Mýr. var eins og fariseinn, sem einhversstaðar er sagt frá. Hann kom fram á gatnamótum, barði sér á brjóst og sagðist ekki vera eins og aðrir menn. Hv. þm. Mýr. og hv. þm. Borgf. komu nú fram og sögðust vera fúsir til að afsala sér og sinni sveit öllum rétti til kartöflu-

sölu. Það mátti helzt skilja það svo, að þeir ætluðu nú að fórna sveitum sínum á altari þessa máls. En ég vil biðja þessa hv. þm. að gera það ekki, heldur framleiða eins mikið og þeir geta af kartöflum og örfa sveitunga sína til hins sama sem mest þeir mega, því að ég vil fá sem mest af íslenzkum kartöflum. En ég býst við, að þessar sveitir mundu ekki geta framleitt nóg af kartöflum handa Reykvíkingum, og þó kæra þeir sig ekki um, að úr Fljótshlíð, úr Árnessýslu eða af Rangárvöllum komi kartöflur hingað á markaðinn. Og þá er það ekkert óeðlilegt, að mönnum detti í hug, að þeir séu að berjast á móti flutningastyrk til þessara sveita, af því að þeir vilja ekki fá kartöflur úr þessum sveitum til að keppa við þeirra framleiðslu.

Bjarni Ásgeirsson: Hæstv. forseti hefir óskað eftir, að umr. um þetta mál færu að styttast. Ég skal, að því er mig snertir, verða við þessum tilmælum, því að nú kemur ekki lengur neitt nýtt fram í málinu. Ég heyri a. m. k. af ræðu hv. síðasta ræðumanns, að hann er búinn að taka allt fram, sem hann gat sagt af viti, og er nú kominn langt niður fyrir það að vera þinglegur, og vil ég því ekki vera að egna hann til frekari umr. um þetta mál.

Eins og hv. þm. Borgf. sýndi fram á, þegar hann greip fram í fyrir hv. þm., þá var hann mest að berjast við sinn eigin misskilning og sína eigin skoðun í málinu. Það er aðeins eitt atriði í ræðu hans, sem ég vil geta um. Hann sagði, að það hefði verið hyggilegt að múta okkur hv. þm. Borgf., til að fá okkur ofan af þessu máli. Þessi orð læddust meiningarleysislega fram af munni hv. þm., en þau sögðu áreiðanlega meira en hann ætlaðist til. Með þessum orðum dró hann tjöldin frá gluggum sinnar eigin sálar, því að hann talaði um það, eins og alveg sjálfsagðan hlut, að ef við fengjum hæfilega mútu handa okkur, til að stinga í okkar eigin vasa, þá værum við áreiðanlega fúsir til að leggja málið á hilluna. Svona orð eru þannig löguð, að þau geta ekki komið upp í huga nokkurs manns, nema út frá hans eigin skoðun á sjálfum sér. Maður hefir vitað fyrr, að honum þætti gullið gott, en að hann gæfi slíka sjálflýsingu sem hann gaf með þessari aðdróttun, því hefði ég ekki búizt við, enda gerði hann það óvart.

Þá vil ég svara hv. þm. Vestm. með nokkrum orðum, sem talaði nú um málið nokkurnveginn eins og þm. sómdi. Það, sem hann hafði aðallega á móti málinu, var þetta margumtalaða og alþekkta „princip“ hans og annara þm., að það sé synd og skömm að styrkja framleiðslu manna og viðskipti með lagavernd; allt eigi að renna í frjálsum farvegi og öll afskipti þess opinbera séu af því illa. En ég held, að þetta, sem einu sinni var „góð og gild latína“, sé nú ekkert annað en útslitið slagorð, eins og nú standa sakir. Hv. þm. hlýtur að vita það, jafnmikið og hann fæst við framleiðslu, að þessar reglur um verzlun og viðskipti gilda nú ekki lengur í heiminum. Hv. þm. veit það, að aðrar þjóðir eru nú búnar að girða sig haft- og tollmúrum, til verndar verzlun sinni og viðskiptum, og þvinga þannig aðrar þjóðir inn á sömu braut, hvað fegnar sem þær vildu vera lausar við það. Þegar svo er komið, að við erum reknir af okkar markaði með tolllögum, sem við ráðum ekki við, þá verðum við að snúa hug okkar inn á við og sjá, hvað við getum gert hjá sjálfum okkur. Þá verðum við að reyna að búa okkur til markað í okkar eigin landi, og þetta frv. er tilraun í þá átt, ef til vill lítil, en ef jafnstórt spor yrði stigið á öllum öðrum sviðum, þá væri okkur borgið. Það er rétt, sem hv. þm. sagði, að við erum mjög mikið upp á aðrar þjóðir komnir um verzlun okkar og viðskipti, en ég vil bara draga aðra ályktun af því en hann, þá ályktun, að okkur veitir ekki af að vera sjálfum okkur nógir, þar sem við getum, og á þessu sviði getum við sjálfir bjargað okkur.

Hv. þm. beindi því til mín sem eins af þeim mönnum, sem ættu sæti í utanríkismálan., að það væri betra fyrir mig að fara varlega í þessu efni til að styggja ekki aðrar þjóðir. Það má vel vera, að þetta sé satt undir mörgum kringumstæðum, og það er rétt, að þessi mál eru öllum viðkvæm, en það er komið svo, að það, sem fyrir nokkrum árum þótti jafnvel glæpsamlegt gagnvart öðrum þjóðum, það þykir rétt og sjálfsagt nú. Við sjáum, að nú svara þjóðirnar hver

annari með tollum á tolla ofan, og oft sýnist það vera þeim nauðsyn. Nú þykir það oft ráð að leggja á tolla til þess að geta svo síðar komizt að sæmilegum samningum við aðrar þjóðir um afnám eða lækkun tolla; svo sjálfsagt þykir þetta vopn nú orðið. Og þá sé ég ekki, að við Íslendingar séum svo sterkir á svellinu, að við þurfum ekki að nota þau vopn, sem stærri þjóðirnar neyðast til að nota í baráttunni fyrir tilveru sinni.

Hv. 1. þm. Rang. vil ég aðeins svara því, þar sem hann var að segja, að ég hefði látið félagið „Mjöll" í Borgarnesi drepast úr hor og vesaldómi, að ég var ekkert við það fyrirtæki riðinn, nema hvað ég hefi gert nokkrar tilraunir hér á þingi til að fá styrk til félagsins. Það tókst ekki vegna andstöðu sumra hv. þm., og þar á meðal hv. 1. þm. Rang. Annars skal ég upplýsa hv. þm. um það, að fyrirtækið er ekki dautt, heldur hefir það skipt um búning og er nú í nýju og fullkomnara formi. En ég vænti, að þessi orð hv. þm. áðan megi skoðast sem loforð fyrir stuðningi hans til þess, að þetta fyrirtæki geti þrifizt framvegis, og þykist ég vita, að sá stuðningur komi m. a. fram í því að fylgja frv., sem við hv. þm. Borgf. höfum borið fram þessu fyrirtæki til stuðnings.

Frsm. (Pétur Ottesen): Það má segja um andstæðinga þessa máls, að þá skortir ekki úthald til að sparka úr klaufunum og þyrla upp ryki, sem gæti orðið til þess, að mönnum yrði ekki eins ljóst og bjart fyrir augum, þegar taka á þetta mál til endanlegrar afgreiðslu. Þeir sjá nú fyrir sinn ósigur í málinu og reyna því að veita sér einhverja stundarfró með aðdróttunum eins og þeim, sem fólust í orðum hv. 2. þm. Reykv., þegar hann var að tala um múturnar, sem hv. þm. Mýr. hefir nú svarað, og ætla ég, að hann hafi í því svari sínu sannarlega hitt naglann á höfuðið.

Hv. þm. Dal. sagði, að ástæðan til þess, að hann gæti ekki greitt frv. atkv. sitt, væri sú, að þar væri um of miðað við einstaka landshluta, en þetta er mesti misskilningur eins og annað, sem haft hefir verið á móti málinu.

Að því er bannið snertir, þá má segja það, að það sé sérstaklega fyrir þá landshluta, sem góð skilyrði hafa til framleiðslu á kartöflum. Þeim, sem lakari skilyrði hafa og eru lengra frá markaðsstöðunum, er aftur hjálpað með því að veita þeim styrk til flutninganna, og verður líka til þess, að neytendur fá kartöflurnar með lægra verði en annars. Auk þess er öllum landsmönnum óbeinn styrkur að þessu, að við komumst lengra áleiðis með þessa framleiðslu og þurfum ekki að kaupa vöruna frá útlöndum. Hv. þm. er því óhætt að greiða frv. atkv. þess vegna, því að það er séð vel fyrir hagsmunum allra hlutaðeigenda.

Þá var það hv. 1. og 2. þm. Rang., sem ég ætlaði að víkja fáeinum orðum að. Þeir hafa í öllum sínum síðari ræðum verið að reyna að þvo af sér þann sérhagsmunastimpil, sem þeir hafa sett á sig með þessari till. sinni. En litur þessa stimpils er svo sterkur, að þrátt fyrir allan þennan þvott, hefir hann ekki máðst af það minnsta. Og þessi stimpill hefir ekki aðeins sézt á þeim hér á þingi, heldur líka hér úti í bæ, eins og hefir nú verið bent á af hv. þm. Mýr.

Hv. 1. þm. Rang. sagði, að hann vildi styðja fleiri greinir framleiðslu og iðnaðar en þessa einu. Ég vil benda honum á það, að við hv. þm. Mýr. höfum nú flutt till., þar sem farið er fram á nokkurn stuðning til annarar framleiðslu og annara iðngreina, og vænti ég þá, að hv. þm. styðji það mál samkv. þessum ummælum sínum. Þessi stuðningur snertir niðursoðna mjólk, sem er innlendur iðnaður, og nokkrar aðrar innlendar vörutegundir. Ef hv. þm. vill vera sjálfum sér samkvæmur, þá styður hann þessa till., því að hann hefir nú gefið nokkurskonar loforð um að styðja hér þær innlendu atvinnugreinir.

Ég þarf ekki að fara langt út í það, sem hv. 1. þm. Rang. sagði um það, hvernig þeir ætluðu sér að fara með þetta frv., hvað búning þess snertir. Þeir hafa nú sýnt nokkra iðrun og yfirbót í því efni, þó að þeir hinsvegar hafi ekki með sínum till. fært frv. í það form, sem það hefði átt að hafa, ef þeirra till. hefðu náð fram að ganga, því að samkv. þeirra till. á ein gr. í frv. að verða eftir, sem ætti að réttu

lagi að falla niður, ef þeirra brtt. verða samþ.

Hv. þm. Vestm. reið allgeyst úr hlaði í ræðu sinni og var fremur laus á kostunum. Þó er eitt í ræðu hans, sem ég er honum þakklátur fyrir. Hv. þm. gekk sem sé alveg inn á þá stefnu frv., að rétt væri að banna innflutning á kartöflum, þegar nóg er til af þeim í landinu. Það er því undarlegt, að hann skuli berjast eins mikið á móti frv. og hann gerir, þar sem ekki á að ganga lengra í þessu efni en hann vill gera. Ef hv. þm. meinar nokkuð með þessu, þá hlýtur hann að gefa frv. samþykki sitt, þegar til atkvgr. kemur.

Hv. þm. var að tala um, hvernig þessu væri hagað í Þýzkalandi. Hann er því sjálfsagt kunnugur, þar sem hann er þýzkur konsúll, eins og kunnugt er. Hann sagði, að þar væru kartöflur ekki ræktaðar á sama stað nema 3.—4. hvert ár, því að annars skemmdust þær. En ég vil benda hv. þm. á það, að þótt það komi fyrir einstöku sinnum, og á stöku stað, að kartöflur skemmist, þá er það ekki af því, að þær hafi verið ræktaðar á sama stað ár eftir ár, því að þess eru fjöldamörg dæmi, að kartöflur hafi áratugum saman verið ræktaðar á sama stað, án þess að nokkrar skemmdir hafi komið af þeim sökum. Hitt er vitanlegt, að þar sem kartöflur eru lengi ræktaðar, þarf mikinn áburð til að bæta upp þá rýrnun jarðvegarins, sem alltaf hlýtur að leiða af ræktun kartaflnanna.

Fyrst hv. þm. er svona kunnugur í Þýzkalandi, þá hefði hann nú átt að gefa hér upplýsingar um það, hvernig Þjóðverjar haga sínum tollalögum í sambandi við þessa framleiðslu og hvað þeir gera til að girða fyrir innflutning á kartöflum til Þýzkalands. Vissan tíma ársins er tollurinn 6 kr. á hverja tunnu, en þegar ný framleiðsla kemur frá Miðjarðarhafslöndunum, þá er tollurinn á þeim tíma 30 kr. á hverja tunnu. M. ö. o., þeir eru alveg að útiloka innflutning á þessari vöru, en bara með öðrum hætti en hér er farið fram á. Það getur verið, að hv. þm. sé ekki kunnugt um þetta, en fyrst hann var að fræða hv. þm. á því, hvernig Þjóðverjar færu að því að rækta kartöflur, þá hefði hann miklu fremur átt að skýra frá því, hvernig þeir haga tollalöggjöf sinni í sambandi við þær, því að það skiptir óneitanlega miklu meira máli en þær upplýsingar, sem hann var að gefa.

Þá sagði hv. þm., að með þessu frv. væru Vestmannaeyingar hindraðir frá að fá nægar og góðar kartöflur. Þetta er einber misskilningur hjá hv. þm., því að eins og ég hefi margsinnis sagt, þá á bannið ekki að gilda, nema þegar nóg er til í landinu af góðum kartöflum. Og ég get ekki skilið það, enda hefir enginn haldið því fram, að íslenzkar kartöflur geti ekki talizt góð vara. Þvert á móti hefir því verið lýst yfir, og það af andstæðingum frv., að kartöflur væru góð vara. Og ég verð að segja það, að málshátturinn: „það er sama, hvaðan gott kemur", — hann á sannarlega ekki við. Það ætti a. m. k. öllum að þykja betra að kaupa kartöflurnar af landsmönnum sjálfum en að kaupa þær dýru verði frá útlöndum. Ég veit, að Vestmannaeyingar verða árlega að kaupa miklar kartöflur, en það getur ekki verið þeim sársaukalaust að verða að taka svo og svo mikið af því, sem þeir fá fyrir sína aðalframleiðsluvöru, fiskinn, og kaupa fyrir það þá hluti, sem þeir hafa öll skilyrði til að framleiða sjálfir.

Hv. þm. sagði, að það væri óvarlegt fyrir okkur að gera slíkar ráðstafanir, þar sem við værum svo mjög komnir upp á aðrar þjóðir með öll okkar viðskipti. En hv. þm. veit það, að nú eru allar okkar viðskiptaþjóðir að girða sig með allskonar tollmúrum, sem er ekki hægt að komast yfir nema með því að selja vöruna langt undir framleiðsluverði. Ég get þess vegna ekki skilið, hvers vegna hv. þm. er að nota þetta sem grýlu á okkur. Hv. þm. ætti að vera öðrum fremur kunnugt um það, hvernig Þjóðverjar fóru að í vetur, þegar þangað voru sendir nokkrir farmar af fiski. Þá fór svo í tveimur tilfellum, að þeir tóku hann fyrir sama og ekkert verð, greiddu fyrir heila togarafarma 2—3 þús. Hv. þm. hlýtur að vita mjög vel um þetta, því að hann var einmitt sendur til að reyna að fá einhverja leiðréttingu þessara mála, og ætla ég, að sú för hans hafi tekizt, svo sem vænta mátti, vel og giftusamlega og borið góðan árangur.

Þetta dæmi og önnur fleiri sýna ljóst og greinilega, að okkur dugir ekki að sýna neina undanlátssemi í þessu efni.

Hv. 2. þm. Reykv. var að gera aths. við það, sem ég sagði um orð hans viðvíkjandi till. hv. þm. Rang. um toll á kartöflum. Hann sagðist vera á móti slíkum sköttum, sem þeir bera fram, en þó ætlaði hann að greiða till. þeirra atkv., og fá þannig útlendar kartöflur með hærra verði. Í þessum orðum hans fólst ekkert annað en það, að hann vildi kaupa útlendar kartöflur dýrara en íslenzkar kartöflur á sama tíma. Þessi yfirlýsing hans varpar skýru ljósi yfir andstöðu hv. þm. gegn þessu nauðsynjamáli, og er það viðurkenningarvert, að hann skuli nú loksins hafa gefið þessa yfirlýsingu.

Þá sagði hann, að þetta skipti ekki miklu máli fyrir okkar utanríkisverzlun. Það má nú ef til vill segja svo um hvern hlut út af fyrir sig, að hann skipti ekki miklu máli. Á þessum eina lið er þó hægt að spara fjögur hundruð þúsund kr. á ári og slíkt hið sama má gera á mörgum öðrum sviðum, og þegar það allt kemur saman, þá er það mjög stór liður í okkar gjaldeyrismáli að geta sparað það. Það getur farið svo, að það mikið kreppi að okkur, að við verðum hreint og beint að neita okkur um innflutning á vörum, sem óhjákvæmilegt er að kaupa, vegna ónógs gjaldeyris. Það er því bezt fyrir okkur að byrgja brunninn í tíma og vera ekki af ónógum efnum að kaupa vörur, sem við með hægu móti getum framleitt í okkar landi.

Jóhann Jósefsson: Mér þykir leiðinlegt, að hv. þm. Mýr. skuli leggja orð mín út á þann veg, að ég hafi sagt, að það væri bæði synd og skömm að styrkja innlenda framleiðslu. Og þetta segir hv. þm. í sömu andránni og ég hefi gefið yfirlýsing um, að ég vildi láta styrkja þessa innlendu framleiðsluvöru á þann hátt, að henni verði ívilnað í farmgjöldum. Mér finnst ekki sæmilegt af hv. þm. að viðhafa þennan málarekstur og afbaka svo orð þeirra þdm., sem eru andstæðingar hans í þessu máli. Ennfremur þótti mér sami hv. þm. taka fullmikið upp í sig, þegar hann sagði, að við Íslendingar værum reknir út úr okkar viðskiptalöndum með allar okkar framleiðsluvörur. Ef það væri nú í raun og veru svo alvarlegt orðið, myndum við sannarlega finna mun á ástandinu frá því, sem nú er. Það má vel vera, að hv. þm. álíti sigurvænlegt fyrir þetta frv., sem hér er til umr., að bera fram þessar óskaplegu öfgar í málinu. En ég verð að telja það með öllu ófært af manni, sem er í utanríkismálan., að fara með slíkar fullyrðingar um utanríkisverzlun okkar. Það er svo fjarri því, að við séum reknir út úr okkar viðskiptalöndum, að segja má í stórum dráttum, að breytingar hafi ekki orðið miklar í þessu efni á tveimur síðustu árum. Að vísu veit ég, að þrengzt hefir um kjötsöluna í Noregi, og jafnvel hillir undir það, að kjöttollssamningunum verði sagt upp. Á Spáni hefir ekkert gerzt, er bendi til þess, að þrengt verði að fiskverzluninni. Þess vegna megum við ekki hafa slík orð og fullyrðingar um viðskiptalönd okkar sem hér hafa fallið.

Ég sé, að hæstv. forseti vill, að ég stytti mál mitt, og skal ég verða við því. Þó vildi ég beina örfáum orðum til hv. þm. Borgf. Hann talaði um, að ég hefði farið geyst af stað fram á skeiðvöllinn og með miklu yfirlæti. En hv. þdm. hefir þótt, að hann sem frsm. ræki erindi sitt með röggsemi og óhlífni, svo að hann þarf ekki að undrast eða finna að því, þó að andstæðingar hans í þessu máli geri það líka og haldi fast á sínum hlut. Hv. þm. þarf ekki að ætla, að ég sé hér að reka erindi Þjóðverja, og ég hefi ekki sagt, að Þjóðverjar væru sérfræðingar í kartöfluræktun, en hitt veit ég, að kartöfluræktun er rekin þar á allt annan hátt en hér á landi og er þar á miklu fullkomnara stigi, enda getum við enn ekki rekið kartöfluræktun eins fullkomlega og skipulega og gert er í Þýzkalandi.

Ég vil benda hv. þm. Borgf. á, að þegar hann ætlar að slá mig með þeirri fullyrðingu, að ég tali hér í þessu máli fremur fyrir hagsmunum Þjóðverja heldur en kjósenda minna í Vestmannaeyjum, þá var ekkert í minni ræðu, er gæti gefið honum tilefni til slíkrar ályktunar. Hinsvegar get ég sagt hv. þm. það, að Vestmannaeyingar hafa hagsmuni af því að fá kartöflur einhversstaðar frá, þannig, að ef Þjóðverjum er það hagsmunamál að

selja kartöflur, þá er okkur líka oft haganlegt að fá þær, svo að þetta verður gagnkvæmt fyrir báða aðilja. Ég veit ekki til, að ég þurfi að bera neinn kinnroða fyrir viðskipti við Þjóðverja, og ég skil ekki í því, að það sé nokkur ástæða til að hallmæla Þjóðverjum, þó að skýrt sé frá því hér í þinginu, hvernig kartöfluræktin er í Þýzkalandi.

Ég vil svo að lokum leyfa mér að mótmæla því, að Þjóðverjar hafi með lagasetningu sýnt Íslendingum harðdrægni eða ósanngirni. Við Íslendingar höfum einungis átt velvild að mæta frá þeim sem þjóð. En þó að einhverjir einstaklingar Þýzku þjóðarinnar kunni að hafa komið öðruvísi fram í okkar garð, þá kemur það þessu máli ekkert við.

Einar Arnórsson: Hv. þm. Borgf. hefir annaðhvort misskilið eða rangfært það, sem ég sagði um brtt. frá hv. þm. Rang. um innflutningstoll á kartöflum. Ég sagði, að sú till. væri skárri en frv., þó að ég væri vitanlega á móti tollinum. Hv. þm. hefir því sjálfur brennt sig á því soðinu, sem hann var að bregða mér um; hann er hér að berjast við skuggann sinn.

Ég skal að öðru leyti ekki tala langt mál um reiðilestra hv. þm. Mýr. og hv. þm. Borgf. En þó get ég sagt hv. þm. Mýr. það, að ég hefi aldrei skammazt mín fyrir að vinna verk og taka fulla borgun fyrir. Hv. þm. sagði, að mér hefði löngum þótt gullið gott. Það má vel vera, en mér hefir þó ekki þótt það svo gott, að ég hafi lotið svo lágt að flæma gamlan öldung og þjóðkunnan heiðursmann frá litlu starfi, sem aðeins var goldið fyrir 50 kr. á ári; það er hv. þm., sem á sjálfur heiðurinn af því. Og hafa flestir furðað sig á því, að svo lítill og fégjarn maður yfir höfuð gæti verið til. Ég held, að maður, sem slíkt gerir fyrir einar 50 kr., sé líklegur til að gera margt fyrir peninga.

Frsm. (Pétur Ottesen): Út af því, sem hv. þm. Vestm. var að tala um viðskipti okkar við aðrar þjóðir, vil ég benda honum á, að á tímabili síðastl. ár vorum við útilokaðir frá viðskiptum við Þjóðverja og sama sem reknir út úr Þýzkalandi með okkar framleiðsluvörur, og hv. þm. átti sjálfur mikilsverðan þátt í að leysa það mál. Ég skal ekkert um það segja, hvort þessi útilokun hefir gerð verið af völdum núverandi stj. í Þýzkalandi eða einhverjum öðrum þýzkum þegnum; það kemur í sama stað niður fyrir okkur Íslendinga. — Ég skal ennfremur benda hv. þm. Vestm. á, að Bretar hafa nýskeð lagt 10% toll á aðalframleiðsluvöru okkar, fiskinn; að vísu lokar það ekki fyrir fisksölu okkar til þeirra, en það skerðir fiskverðið og þar með árangurinn af þeim atvinnuvegi fyrir okkur, svo að það er vafasamt, hvort við getum haldið áfram að senda þá vöru á markað í Englandi. Bretar hafa einnig látið skína í það, að innflutningstollur mundi verða lagður á kjöt. Og ef það verður tollað, þá veldur það geysilegum erfiðleika fyrir okkur, því fremur sem við erum útilokaðir annarsstaðar um sölu á því. Nú hafa Norðmenn nýlega sagt upp kjöttollssamningunum gagnvart okkur, og við vitum ekkert, hver niðurstaðan verður í þeim efnum, en að sjálfsögðu verðum við meira en verið hefir háðir brezkum markaði með kjötframleiðslu okkar.

Að lokum má benda á, að á Spáni er tollurinn fullar 40 kr. á hverju skippundi af íslenzkum saltfiski, og má á því marka, hve þungar búsifjar það eru að gjalda svo háan toll. Á Ítalíu hafa ýms sveitarfélög eða einstök héruð fengið heimild hjá stjórninni til þess að setja sérstaka neyzlutolla á vörur. Ég veit ekki, hvort þær heimildir hafa enn verið notaðar, en það getur orðið hvenær sem vera skal. Þetta allt ætti að vera nægileg bending fyrir Íslendinga um það, hver hætta vofir yfir okkur í þessu efni, og jafnframt hvöt til þess að efla og styðja innlenda framleiðslu eftir föngum.

Ég held, að ég hafi svo ekki fleiru að svara. Aðaltilefni þess, að ég tók til máls, var það, að ég vildi geta um skrifl. brtt., sem komu fram síðast við umr. þessa máls frá hv. 4. þm. Reykv., þess efnis, að í reglugerð mætti setja ákvæði um hámarksverð á kartöflum. N. hefir athugað þessa brtt., og get ég lýst því yfir, að hún hefir fallizt á hana, enda þótt hún telji hana óþarfa, af því að hún ætlast ekki til, að innflutningsbann gildi nema þegar nóg er af innlendum kartöflum á markaðinum. N. lítur svo á, að frv. leiði ekki til

verðhækkunar á kartöflum, en telur þetta ákvæði meinlaust, og treystir því, að hv. 4. þm. Reykv. leggi þá sinn skerf til þess, að frv. nái fram að ganga, og efli á þann hátt hið raunverulega sjálfstæði þjóðarinnar. N. getur ekki fallizt á hinar fyrri brtt. hv. 4. þm. Reykv., um að breyta ákvæðum þessa frv. í heimild fyrir atvmrh. til að takmarka innflutning á kartöflum. N. féllst á brtt. hv. 1. þm. S.-M., um að nota orðið jarðepli í staðinn fyrir kartöflur. Mun það vera málfræðilega réttara, þó að hitt orðið sé algengara. Hv. þm. er ætíð hreinn í máli og fróður í þessum sökum, svo að n. telur sjálfsagt að samþ. brtt.

Síðasta brtt. hv. 2. þm. Rang., um að fella niður 6. gr. úr frv., en aðeins afleiðing af fyrri brtt. hans, og er ekkert um hana að segja.

Mun ég svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál, en vona, að frv. verði samþ. í þessari hv. d. og að Ed. taki vel á móti því og afgr. það, svo að lögin komi sem fyrst til framkvæmda.

Bjarni Ásgeirsson: Hv. þm. Borgf. hefir nú að mestu tekið af mér það, sem ég ætlaði að segja. Hv. þm. Vestm. neitaði því, að búið væri að reka Íslendinga með framleiðsluvörurnar út úr viðskiptalöndum þeirra. En ég vil benda honum á, að hann má minnast þeirra erfiðleika, sem urðu í vetur um fisksölu okkar í Þýzkalandi, og eru þar að nokkru leyti enn. Sömuleiðis má segja, að tollálagningin á fisk okkar í Englandi valdi örðugleikum á fisksölunni þar. Þá má benda á kjötsöluhorfurnar í Noregi. Þar í landi er ríkjandi sá andi að styðja innlenda framleiðslu og útiloka aðra frá markaði í Noregi, er hafa á boðstólum samskonar vörur og framleiddar eru í landinu, auk þess sem við vitum ekkert um breyt. á kjöttollinum, hverjar þær verða. Þetta er auðvitað sprottið af sjálfsbjargarhvöt þjóðarinnar, alveg eins og í Þýzkalandi og víðar. Ég veit það vel, að Þjóðverjar beita þessum ráðstöfunum eigi aðeins gagnvart okkur Íslendingum, heldur öllum öðrum þjóðum. Og það er ekki min meining, að við eigum að sýna Þjóðverjum óvild með því, þó að við reisum okkar sjálfsbjargarráðstafanir á sama grundvelli og allar aðrar þjóðir á þessum alvarlegu krepputímum.

Hv. 2. þm. Reykv. þarf ég ekki miklu að svara. Þeim orðum, sem hann lét falla í garð okkar hv. þm. Borgf., um að framkoma okkar í þessu máli benti til þess, að við hefðum þegið mútur, er ekki hægt að svara á annan hátt en ég gerði í minni fyrri ræðu. Hv. þm. var nú að brigzla mér um, að ég hefði bolað gömlum manni frá starfi fyrir 50 kr. þóknun á ári. Ég býst við, að hv. þm. eigi við það, þegar ég var í fyrra kosinn endurskoðandi við söfnunarsjóðinn í stað séra Sigurðar Gunnarssonar. Þeir, sem kusu mig til þess, geta borið vitni um, að ég var mjög ófús til að taka það starf að mér, og gerði það nauðugur. Ég býst nú við, að hv. þm. sjái sjálfur, hvað það er hlægilegt að bregða mér um, að ég hafi flæmt manninn frá starfinu vegna þessara 50 kr. þóknunar á ári! — Hinsvegar efast ég ekki um, að hv. 2. þm. Reykv. hefði viljað fá meira fé fyrir að gegna þessu litla starfi, ef hann hefði átt þess kost.

Einar Arnórsson: Hv. þm. Mýr. hefir nú upplýst, hvað ég átti við, þegar ég minnti hann á þennan 50 kr. bitling hans, og skal ég aðeins bæta því við það, sem ég sagði áður, að það stækkar ekki hv. þm. Mýr. í mínum augum, þó að hann hafi látið einhverja aðra menn hafa sig eða jafnvel kúga sig til þess að fremja þetta ógeðslega verk.

Haraldur Guðmundsson: Ég vil gera hæstv. forseta kost á því, að ég falli frá orðinu og taki ekki til máls nú, ef hann vill verða við ósk minni um að fresta atkvgr. um frv. þangað til fleiri þdm. eru á fundi, þar sem nú vantar svo marga í d.

Forseti (JörB): Ég get orðið við tilmælum hv. þm. Seyðf. um að fresta atkvgr. um frv., af því að ég geri ráð fyrir, að hann muni annars taka til máls um það, og er því atkvgr. frestað um stund.

Frsm. (Pétur Ottesen): Mér kemur það kynlega fyrir sjónir, að hæstv. forseti skuli leyfa þdm. að fara af fundi og fresta svo atkvgr. um þetta mál. Ég hefði, eins og sumir aðrir þdm., þurft að vera

farinn héðan af fundi, en vildi þó bíða eftir þessum málalokum, og er því mjög sárt um, að atkvgr. verði frestað.

Forseti (JörB): Ég ætla, að ég hafi sýnt hv. þm. Borgf. það við umr. þessa máls, að ég hafi ekki tafið það um skör fram. En umr. er nú lokið, að verður atkvgr. frestað til mánudags næstk.

Sveinbjörn Högnason: Ég vildi aðeins óska, að atkvgr. yrði frestað lengur en til mánudags, því að ég er á förum heim í dag og get ekki verið hér viðstaddur á mánudag. Býst ekki við að koma aftur fyrr en eftir páska.

Haraldur Guðmundsson: Ég hóf þessar umr. um atkvgr. og vil þá lýsa því yfir fyrir mitt leyti, að ég hefi ekkert á móti því, að atkvgr. verði frestað til mánudags eða lengur.

Forseti (JörB): Nú er þessum umr. lokið, en atkvgr. er frestað til mánudags.

Á 34. fundi í Nd., 21. marz, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Nd., 22. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 197,1 felld með 15:7 atkv.
— 212,II.1 samþ. með 14:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BJ, HStef, HG, HV, JJós, JAJ, JÓl, JónasÞ, LH, MJ, SvÓ, TrÞ, VJ, JörB.
nei: ÞorlJ, BSt, BÁ, BKr. EA, GÍ, HJ, IngB, MG, PO, StgrS.
ÓTh greiddi ekki atkv.
Tveir þm. (ÁÁ, SvbH) fjarstaddir.

Brtt. 197,2 kom ekki til atkv.
— 212,II.2 samþ. án atkvgr.
— 194,1 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 194,2 tekin aftur.
— 197,3 felld með 13:7 atkv.
— 197,4 kom ekki til atkv.
— 212,II.3 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 212,III kom ekki til atkv.
— 212,I samþ. með 15:5 atkv.

Frv., svo breytt, felt með 14:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: MG, PO, StgrS, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt, BÁ, BKr, HStef, HJ, IngB.
nei: LH, MJ, ÓTh, VJ, BJ, EA, GÍ, HG, HV, JJós, JAJ, JÓl, JónasÞ, JörB.
Tveir þm. (SvbH, ÁÁ) fjarstaddir.

3. Verðtollur af tóbaksvörum.

Á 24. fundi í Nd., 9. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um verðtoll af tóbaksvörum (þmfrv., A. 128).

Á 27. og 28. fundi í Nd., 12. og 14. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Nd., 15. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég hefi óskað þess, að hv. fjhn. flytti þetta frv., og hefir meiri hl. hennar orðið við þeim tilmælum. Í grg. frv. er gert ráð fyrir, að þessi verðtollur gefi um 200 þús. kr. umfram það, sem nú er, í ríkissjóð. Þó að gert sé ráð fyrir, að innflutningur tóbaks minnki um ca. 25% frá því, sem nú er, vegna kreppunnar, ætti verðtollurinn samt að gefa 200 þús. kr. Engum getur blandazt hugur um það, að tóbakið sé hentugur tekjustofn og að heppilegt muni á þessum tímum að auka tollinn á því, enda hefir það ráð verið tekið í mörgum löndum. Ég hygg, að þeir, sem vilja vinna að lagfæringu tollalöggjafarinnar, telji réttlátt, að tollur sé miðaður við innkaupsverð tóbaksvaranna, en ekki eingöngu þunga eins og nú er. Ég vænti, að hv. þd. taki þessu frv. vel.

Héðinn Valdimarsson: Á síðasta þingi greiddum við jafnaðarmenn atkv. á móti tekjuaukafrv. stj., af því að okkur fannst ekki ástæða til að láta hana fá meira fé til að valsa með. En hinsvegar bárum við fram tekjuaukafrv., þar sem jafnframt var ætlazt til, að tekjurnar, sem þau gæfu, gengju til þeirra fyrirtækja og málefna, sem við berum fyrir brjósti. Þau tíðindi gerðust seint á sumarþinginu, að samkomulag varð milli Framsóknarfl. og Alþýðufl. um að lögfesta ríkiseinkasölu

á tóbaki með því skilyrði, að ágóðinn af verzluninni færi að hálfu í byggingar- og landnámssjóð, en hinn helmingurinn til þess að reisa verkamannabústaði í kaupstöðum. Þetta virðist vera mjög sanngjörn skipting á arðinum milli landsfólksins og flokkanna. En nú kemur það í ljós, að með þessu frv. er stj. að svíkjast aftan að þessum lögum frá síðasta þingi og gera tilraun til að ná nokkrum hluta af verzlunararðinum í ríkissjóð, í stað þess að hann átti allur að renna í byggingarsjóðina samkv. gildandi lögum. Það sjá allir, að þegar lagður verður til viðbótar 15% verðtollur á tóbakið, þá minnkar það möguleikana fyrir ágóða af einkasöluálaginu, því að hærra verð dregur ávallt úr neyzlu. En ef verðið yrði ekki hækkað, hlyti verzlunarálagningin að verða minni, og hljóta tekjur tóbakseinkasölunnar þá að minnka; mikill hluti þess ágóða, sem átti að ganga til verkamannabústaða og í byggingar- og landnámssjóð, verður með þessu frv. tekinn beint í ríkissjóð.

Auk þess, sem við jafnaðarmenn sjáum ekki ástæðu til að láta stj. fá þetta fé til að valsa með, þá er hér af hálfu Framsóknarfl. gengið á gerða samninga við okkur, enda var ef til vill aldrei við öðru að búast af þessum flokki. Við jafnaðarmenn munum því greiða atkv. á móti þessu frv. í báðum deildum.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Í þessu frv. er engin breyt. gerð á þeirri ráðstöfun, sem nú er í gildi um arðinn af tóbakseinkasölunni. Og þegar lögin um tóbakseinkasöluna voru sett með samkomulagi tveggja flokka á síðasta þingi, þá var ekkert um það talað, hvað tóbakstollurinn ætti að vera hár eða hvað arðurinn af einkasölunni skyldi vera mikill. Um þetta voru engir samningar gerðir. Þetta frv. er því alls eigi borið fram til hnekkis þeim ákvæðum einkasölulaganna, sem hv. 3. þm. Reykv. talaði um. Það er þvert á móti borið fram af hlýjum huga, þar sem aðeins er ákveðið að leggja verðtoll á tóbakið, en ekki að fresta framkvæmd þeirra ákvarðana í einkasölulögunum, sem fjalla um ráðstöfun á arðinum. En hv. þm. mun heyra áður en þessu þingi lýkur, að ýmsir þdm. eru því mótfallnir að binda þannig arðinn af tóbakseinkasölunni. Verðhækkun á tóbaki vegna tollahækkunarinnar kemur aðallega á vindla og vindlinga, en minna á rjól og „skraa"tóbak, af því að þetta er verðtollur. Verðið hækkar því eigi teljandi á ódýru tóbaki, og hagnaður af einkasölunni þarf ekki að minnka að mun, a. m. k. ekki í hlutfalli við það, sem tollurinn gefur í auknar tekjur.

Hv. 3. þm. Reykv. var að tala um svik og samningsrof í sambandi við þetta mál. Það væri gott, ef hann vildi benda á, hver þau svik væru. Geti hann bent á þann samning, er svikinn hafi verið, þá er rétt af honum að gera það; en slíkur samningur hefir aldrei verið til, og þess vegna getur hann ekkert talað um svik né samningsrof frá hendi Framsóknarfl. Hv. þm. veit, að framsóknarmenn bera hlýjan hug til verkamannabústaða og einnig til byggingar- og landnámssjóðs; og ef Framsóknarfl. væri með þessu frv. að bregðast stuðningi sínum við verkamannabústaðina, þá væri hann einnig að „svikja" sína eigin flokksmenn í sveitunum, sem njóta lána byggingar- og landnámssjóðs. **(HV:** Já, það er hann líka að gera). Nei, sannleikurinn er sá, að hér er ekki um neitt slíkt að ræða, heldur einfalda tekjuöflun fyrir ríkissjóð. Ég læt ekki firrtast við ofsafengin ummæli hv. 3. þm. Reykv. í þessu máli, og get, þó að ekki hafi verið gefið beint tilefni til þess, lýst því yfir, að ég gæti fallizt á brtt. við frv. um, að ákvæði þess giltu aðeins til ársloka 1933.

Þá sagði hv. 3. þm. Reykv., að jafnaðarmenn vildu ekki láta stj. fá peninga til þess að valsa með. Við þetta vildi ég gera þá aths., að þessi yfirlýsing kemur nokkuð seint, því að stj. hefir aldrei haft meiri peninga en þau árin, sem hún naut stuðnings jafnaðarmanna. Nú munu hv. jafnaðarmenn hafa í huga að veita öðrum þingflokki en Framsókn stuðning, en hvernig þeir ætla að hafa samstarf um stjórn og þá ábyrgð, sem því fylgir, án þess að þurfa um leið að sjá fyrir tekjum, er óupplýst ennþá.

Héðinn Valdimarsson: Út af því, sem hæstv. fjmrh. sagði síðast, þá kannast ég ekki við, að við jafnaðarmenn séum í

tengslum við nokkra aðra flokka í þinginu. Það hefir sýnt sig við atkvgr. hér í þinginu, að það er Sjálfstæðisfl. eða íhaldsflokkurinn, sem fylgir stj. að málum, þegar hún þarf á að halda, en Alþýðuflokkurinn er í andstöðu við báða borgaraflokkana, eins og vant er, þó að í einstökum málum geti endrum og eins leiðir saman legið.

Ég þarf ekki að skýra það nánar en ég gerði í minni fyrri ræðu, að því hærri tollar, sem lagðir eru á tóbakið, þess minni arður verður af einkasölunni. Hæstv. fjmrh. ætlast til þess, að verðálagning vegna viðbótartollsins komi aðeins niður á þeim tóbakstegundum, sem hann telur, að geti fremur borið hana, án þess að salan minnki eða arðurinn af einkasölunni. En á síðasta þingi skildu allir þm. það fullvel, að ætlazt var til, að hagnaður einkasölunnar yrði á engan hátt skertur, heldur rynni hann óskiptur til byggingarsjóðanna, svo að þetta yfirklór hæstv. fjmrh. er síðari tíma uppfynding.

Ég gat ekkert um það áðan, að framsóknarstj. hefði með þessu háttalagi svikið sína eigin flokksmenn eða gengið á móti sínum hugsjónum, enda voru skilyrðin um það, hvernig varið yrði arðinum af einkasölunni, bæði til verkamannabústaða og byggingar- og landnámssjóðs, sett af okkar hálfu, en ekki Framsóknarfl. Hitt virðist óþarft að taka fram nú, af því að það hefir svo oft verið gert, hvernig Framsóknarfl. snýst ófugur gegn sínum eigin hugsjónum og málum, sem hann hefir áður verið fylgjandi. En þó bjóst ég ekki við því, að Framsóknarfl. mundi í heyranda hljóði ganga frá samkomulagi, sem gert var á síðasta þingi, þegar í byrjun næsta þings og svíkja gerða samninga. Dýpra og dýpra sökkva forráðamenn þess flokks. Það gleður mig þó, að hæstv. fjmrh. getur fallizt á, að þessi tollhækkun á tóbakinu gildi ekki lengur en til ársloka 1933, og virðist það þó bera vott um, að einhverjar síðustu leifar pólitískrar sómatilfinningar hafi gert vart við sig hjá honum.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég mótmæli aftur öllu skvaldri um svik af hálfu Framsóknar. Ég hefi aldrei heyrt, að Framsóknarfl. hafi lofað eða skuldbundið sig til að gera engar breyt. á tóbakstolli. Þess vegna getur hér ekki verið um nein svik að ræða. En þó að arðurinn af tóbakseinkasölunni kynni eitthvað að minnka, þá hlýtur það að koma jafnt niður á báðum aðiljum, bændum og verkamönnum, þannig að hvorugur hefir upp á annan að klaga.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16:3 atkv.

Á 31. fundi í Nd., 17. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13:5 atkv.
2.—5. gr. samþ. með 14:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14:2 atkv.

Á 33. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 33. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 128).
Á 35. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Jón Þorláksson: Þetta frv. um verðtoll af tóbaksvörum skilst mér að muni vera borið fram til þess að reyna að bæta upp þá rýrnun á tekjum ríkissjóðs, sem er fyrirsjáanleg afleiðing af l. um einkasölu á tóbaki, sem samþ. voru á síðasta þingi. Ég lýsti því þá, hvers vegna ég væri á móti þeim lögum, og var það fyrst og fremst vegna fjárhags ríkissjóðs, því að reynslan hafði sýnt, að innflutningur af þeim tóbaksvörum, sem tollur er greiddur af, var minni meðan fyrrv. tóbakseinkasala stóð yfir en bæði fyrir og eftir. Ég gekk að því vísu, að sama mundi nið-

urstaðan enn verða. Og frá l. í sumar var svo gengið með samkomulagi milli framsóknar- og jafnaðarmanna, að ríkissjóður átti engar tekjur að fá af verzlunarhagnaði einkasölunnar. Þá var á það bent, að með þessu móti mundu tekjur ríkissjóðs af tóbaksinnflutningi minnka sem svaraði þeirri lækkun á tolltekjum, sem kæmi af minnkandi innflutningi. Ég viðurkenni þörfina fyrir að bæta úr þeirri missmíði, sem l. um tóbakseinkasöluna voru, en það væri gert á einfaldastan og beztan máta með því að fella l. hreinlega úr gildi. — Öllum tóbaksneytendum ber saman um það, að verð á tóbaki hafi hækkað síðan einkasalan tók til starfa. En það er dálítið hættuleg leið að hækka vöruna í verði, ef tekið er tillit til tekna ríkissjóðs. Með því móti minnkar neyzlan, og þá tolltekjurnar um leið, en ríkissjóður fær engan ágóða af verðhækkuninni. Afleiðingin verður tekjurýrnun fyrir ríkissjóð. Og ég álít það ófæra leið að bæta upp þessa tekjurýrnun með því að hækka enn toll af tóbaksvörum. Það er nú svo komið, að tollur af tóbaksvörum nemur næstum eins hárri upphæð og andvirði alls innflutts tóbaks samkv. verzlunarskýrslum. Ég hefi sagt það áður, og ég er jafnsannfærður um það enn, að tollhækkun undir einkasölufyrirkomulagi er ekki ráðið til þess að auka tekjur ríkissjóðs, heldur dregur aðeins úr neyzlu tóbaks og rýrir þannig tekjurnar. Ég mun þess vegna ekki sjá mér fært að greiða þessu frv. meðatkv.

Forseti (GÓ): Sökum þess að hæstv. fjmrh. er veikur og getur ekki mætt á fundum, tek ég málið út af dagskrá, og verður umr. frestað.

Umr. frestað.

Á 37. fundi í Ed., 29. marz, var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Ed., 30. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Þetta frv. kemur frá Nd. og hefir ekki mætt þar verulegu hnjaski. Frv. er borið fram til tekjuöflunar. Það hefir reynzt svo víðast hvar á þessum tímum, að orðið hefir að afla nýrra tekna. Nú má segja um tóbakið, að á því hvíli þegar tollar, en þó ekki meira en svo, að vindlar og sígarettur eru hér ódýrari en víðast annarsstaðar. En aftur eru aðrar tóbaksvörur, svo sem „skraa" og rjól, álagningslitlar hér á landi, og mundi því ekki óhæfilegt að bæta 15% á þær á svona tímum. Og lögin um tóbakseinkasöluna ætlast til, að helmingur ágóðans renni til byggingar- og landnámssjóðs og hinn helmingurinn til byggingarsjóðs verkamanna. Nú kemur sú hugsun jafnan upp á slíkum tímum sem þessum, hvort ekki sé hægt að draga í ríkissjóð nokkuð af tekjum, sem á góðærum falla til annara þarfa. Ég hefi ekki viljað gera till. um það að fella niður þennan styrk til svo þarfra stofnana sem byggingar- og landnámssjóðs og byggingarsjóðs verkamanna, en ég hefi hinsvegar ekki séð mér annað fært en að leggja það til nú, að nokkuð gangi á þennan ágóða. Ég get búizt við, ef þetta frv. verður samþ., að þá muni þessi ágóði minnka frá því, sem ella mundi. Það er komið fram frv. frá Nd., frá fjvn. þar, um að ágóði tóbakseinkasölunnar falli alveg til ríkissjóðs. En ég verð að halda mér við þá till., sem ég hefi borið fram, að setja verðtoll á tóbaksvörur, hækka nokkuð sumar tegundir. Ég lýsti yfir því áðan, að ég teldi óforsvaranlegt að afla ekki nú nýrra tekna, sem ættu að gefa á ári 1—1½ millj. kr. og héldust til ársloka 1933. Eftir því, sem tíðkast nú um allan heim, er ekki farið fram á annað en það, sem allir verða að beygja sig fyrir. Það er ekki annað sýnt en að þetta þing verði að sjá fyrir nýjum tekjum, svo framarlega sem það kýs ekki af öðrum og óskyldum ástæðum að koma hér öllu í öngþveiti.

Ég legg svo til, að frv. verði vísað til fjhn. og 2. umr.

Jón Baldvinsson: Í fyrra voru samþ. lög um einkasölu á tóbaki, og var gert ráð fyrir því í þeim lögum, eins og hæstv. fjmrh. vék hér að, að hagnaðinum af þessari verzlun ríkisins væri skipt milli byggingar- og landnámssjóðs og verkamannabústaðanna. Í frv. var ekki ákveðið,

hvert hagnaðurinn skyldi renna, en þess getið í framsögu, að ætlazt væri til, að það væri ætlun flm., að verzlunarágóðinn yrði notaður til raforkuvirkjunar, sem nánara var til tekið í frv., sem borið var fram á sama tíma. Nú var auðséð, að ekki var hægt að koma fram frv. um raforkuveitur, og þá varð að samkomulagi milli Alþýðufl. og Framsóknarfl. að setja inn í frv. þetta ákvæði um að skipta hagnaðinum af tóbakseinkasölunni milli þessara tveggja fyrirtækja, sem þar um ræðir. Það var álitið rétt af þessum tveim flokkum, að þessi fyrirtæki fengju þennan hagnað, sem ekki var hægt að segja, hver yrði, en gert var ráð fyrir, að næmi í sæmilegu árferði um 200 þús. kr., og sennilega meiru, ef vel léti í ári. Það yrði þá um 100 þús. kr., sem hvort þessara fyrirtækja fengi til umráða, og fyrir það má gera talsvert mikið. Nú kemur þetta frv. um að leggja verðtoll á tóbaksvörur, og hæstv. ráðh. gerir ráð fyrir, að þetta mundi minnka hagnaðinn af einkasölunni um helming. Ef maður heldur sér við 200 þús. kr. sem hagnað af verzluninni, þá fellur ekki í hlut hvors sjóðs nema um 50 þús. kr. Þetta munar miklu, og það er heldur ekki víst nema það verði meira, því það er sennilegt, að þessi tollhækkun muni eitthvað draga úr neyzlu tóbaks, og gerir það náttúrlega ekki mikið til, en það gengur út yfir þau fyrirtæki, sem tilgangurinn var, að einkasalan styrkti. Ég sé ekki ástæðu til að samþ. þessar breyt. á lögunum frá í fyrra og mun greiða atkv. móti frv.

Jón Þorláksson: Þegar þetta frv. kom hér upphaflega á dagskrá til 1. umr., var fjmrh. ekki viðstaddur og leit út fyrir, að enginn tæki til máls. Ég geri ráð fyrir, að ef frv. hefði komið til atkvgr. þá, hefði það verið fellt. En ég kunni ekki við það, mér fannst það hálfgerð ókurteisi að fella frv. að hæstv. fjmrh. fjarstöddum umræðulaust, og kvaddi mér því hljóðs, þó að ég hefði í rauninni engan til að tala við, og það varð til þess, að málið var tekið út af dagskrá, svo að hann hefir nú fengið tækifæri til að gera grein fyrir sínu máli. En ummæli hæstv. ráðh. hafa ekki getað breytt skoðun minni á þessu máli. Hann segir, að frv. sé borið fram ríkissjóði til tekjuöflunar, og það var náttúrlega frá upphafi ljóst, en það fer fram á að afla tekna með breyt. á þeirri löggjöf um einkasölu á tóbaki, sem sett var á síðasta ári með samkomulagi milli Alþýðufl. og Framsóknarfl. og móti atkv. og vilja okkar sjálfstæðismanna. Það var gerð grein fyrir því þá, að sú löggjöf, sem sett var um einkasölu á tóbaki, hlyti að leiða til þess að minnka tekjur ríkissjóðs af þessari vörutegund, og voru færð fyrir því rök, sem lögð voru fram í tíma, svo að stuðningsmenn málsins gætu tekið tillit til þess. Þá var fyrirsjáanlegt, að krepputímar væru framundan, bæði fyrir ríkissjóð og aðra. En öll rök væru metin að engu og einhverjir samningar voru gerðir bak við tjöldin, samningar, sem aðrir vita ekki um, hvað hafa haft inni að halda, að öðru leyti en því, sem tekur til sjálfra ákvæðanna í tóbakseinkasölulögunum, en af því að ýmsir helztu menn í Framsóknarfl. hafa sagt, að þeir hefðu ekki ríkiseinkasölu á stefnuskrá sinni að öðru leyti en því, að þeir vildu grípa til þess einstöku sinnum, ef það væri hentugt til að auka tekjur ríkissjóðs, þá geri ég ráð fyrir, að Framsóknarfl. hljóti að hafa fengið einhver fríðindi, sem ekki sjást, fyrir að víkja þannig frá stefnu sinni, að taka upp einkasölu, sem hlýtur að leiða til minnkunar á tekjum ríkissjóðs, en um innihald þeirra fríðinda er ókunnugt. Nú er aftur komið til okkar sjálfstæðismanna og farið fram á það við okkur, að við ljáum atkv. til að samþ. verðtoll á tóbaki ofan á gildandi toll, til þess að bæta ríkissjóði þann tekjumissi, sem var fyrirsjáanlegur af þessari samningalöggjöf Framsóknar- og Alþýðufl. Út af fyrir sig er sjálfstæðismönnum ekki ógeðfellt að taka tekjur af tóbaksvörum, en það er svo mikið stjórnmálalegt óheilbrigði í því, að það geti átt sér stað svona samningar til beggja hliða, fyrst við Alþýðufl. um að rýra tekjur af tóbaki, og svo við Sjálfstæðisfl. um að bæta rýrnunina upp. Ég get ekki fallizt á, að það sé rétt af Sjálfstæðisfl. að ljá atkv. til slíkrar verzlunar. Ég tek undir það með hv. 2. landsk., að fyrst samningarnir voru gerðir, og að þeim stóð meiri hl. þings, sé rétt að þeir séu haldnir meðan annað er óbreytt að öðru leyti.

Þá skal ég víkja örfáum orðum að þeim almennu ástæðum, sem hæstv. ráðh. færði fyrir frv., og það var, að á krepputímum eins og þessum væri óhjákvæmilegt að afla nýrra tekjustofna, sem næmu eitthvað á 2. millj. kr. Ég vil minna á það, að á þingi 1928 stóðu hér í d. miklar deilur um það, hvort nauðsynlegt væri að auka aftur álögur á landsmönnum frá því, sem sett var á þingi 1926. Það voru tvö skatthækkunarfrv. fyrir þinginu þá, og þá voru færð talsverð rök fyrir því í fjhn. þd., að þær skattaukningar væru ekki nauðsynlegar vegna þarfa ríkissjóðs, en þó varð niðurstaðan sú, að það, sem farið var fram á, var samþ. Útkoman af þessari skatthækkun árið 1928 varð sú, að öll árin síðan hefir ríkisstj. fengið til umráða miklu hærri upphæðir en áætlað er í fjárl. Hún hefir svo varið þessum upphæðum eins og kunnugt er, eytt þeim að miklu leyti án heimilda frá þinginu, og ekki látið þar staðar numið, heldur lika á sama tíma hleypt ríkissjóði í skuldir. Nú er okkur tjáð, að þessi skatthækkun frá 1928, sem hefir reynzt óþörf þau árin, sem síðan eru liðin, nægi ekki lengur, heldur verði nú ennþá að leggja nýjar álögur á þjóðina, frá 1—2 millj. kr. Ég vildi, að hæstv. fjmrh. vildi eiga tal við hæstv. atvmrh. og spyrja hann, hvort sá atvinnuvegur sé til í landinu, sem sé fær að leggja á sig auknar álögur. (Fjmrh.: Tóbaksreykingar). Ég heyri ekki annað en að hver maður, sem eitthvað á og ekki vill tapa því, þykist nú fyrst og fremst verða að gæta þess að fást ekki við neina framleiðslu í landinu. Ég held þess vegna, að auknar álögum núna geti ekki orðið til annars en eyðslu á því litla, sem kann að vera óeytt af sparifé frá undanförnum árum. Ég held, að atvinnuvegir, sem ekki geta borið tilkostnað sins rekstrar, séu ekki færir um að bæta neinu við sig. Þetta segi ég út af þeim ummælum hæstv. ráðh., að ekki verði hjá því komizt að leggja nýjar álögur á þjóðina um 1—2 millj. kr. Þar við vil ég bæta því, að eftir að reynslan hefir sýnt það nú í 3 ár a. m. k., að eytt hefir verið umfram heimildir og umfram hina raunverulegu getu landsmanna mjög miklu af þeim tekjum, sem ríkissjóði hafa aflazt samkv. skattalöggjöfinni, sem hefir verið óbreytt í aðalatriðunum frá því að hin nýja hækkun var sett á 1928 og þar til einkasalan var lögleidd í fyrra, þá liggi það beint við, að það fyrsta, sem verður að gera, þegar loks opnast augun á þeim, sem hafa gæzlu ríkisfjárhirzlunnar á hendi, að það muni ekki vera hægt að halda áfram í sama horfi lengur, sé að gera rannsókn á því, hvað af eyðslu undanfarinna ára eigi nú að fella burt. Það höfðu allir búizt við, að sá ráðandi flokkur á þinginu mundi láta verða sitt fyrsta verk að kveðja þingið til starfa um það að athuga, á hvaða sviði er réttast að færa saman seglin til þess að lækka útgjöld ríkisins. Þingmeirihl. hreyfði sig ekki, og þá tók Sjálfstæðisfl. málið upp, samkv. skyldu sinni sem stjórnarandstöðuflokks og bar fram réttláta till. í Sþ. um, að þingið skipaði n. til að athuga þessi sjálfsögðu mál. En hvert er þá svarið af hálfu þingmeirihl.? Forseti er fenginn til að vísa till. frá, kveða upp þann úrskurð, sem er vægast sagt ekki byggður á neinum rökum. Það er nú liðinn 1½ mán. af þingi, og fyrir mótstöðu þingmeirihl. hefir þingið ekki fengið að ganga að þessu sjálfsagða verki. Það getur ekki gengið, að á landsmenn séu nú lagðar nýjar álögur, sem nemi á 2. millj. kr. Ég veit ekki, hvernig á því stendur, að fjmrh., sem annars er maður vel viti borinn og ekki ósanngjarn, getur ekki komið auga á, hvernig sjálfsagt er að bregðast við þessu máli. Ég hefi heyrt hæstv. fjmrh. halda því fram, að það sé aldrei til neins að tala um niðurfærslur á gjöldum ríkisins, því af slíku tali verði aldrei neinn árangur. Ég vil minna hann á, að næst áður, þegar stóð á líkt og nú, um áramótin 1923—24, var talað mikið um sparnað og gerðar niðurfærslur á gjöldum, sem námu 1½ millj. af þeim 11 millj., sem útgjöldin voru þá. Það voru að vísu lagðir á auknir skattar, en engum eyri af þeim skattaukningum var varið til útgjalda ríkissjóðs.

Ég vildi aðeins geta þessa, til þess að vísa þeirri hugsun á bug, að ekki sé fært að færa niður útgjöld ríkissjóðs. Í þetta sinn var það gert eins og þurfti. Nú er einnig fært að færa niður útgjöldin, svo að þeir tekjustofnar nægi ríkissjóði, sem hann hefir nú, jafnvel þótt skuldabaggi

hans hafi þyngzt miklu meira en þörf var á.

Ég hefði nú ekki þurft að blanda þessum almennu umr. inn í þetta mál, ef hæstv. fjmrh. hefði ekki gefið alveg sérstakt tilefni til þess með þeim ummælum, að ríkissjóði sé þörf á miklu meiri tekjum en gert er ráð fyrir eftir þessu frv. Ég fyrir mitt leyti geri ekki ráð fyrir því, að af þessu frv. fáist miklar tekjur, þó að l. verði, að öðru en því, að með því má draga inn í ríkissjóðinn fé, eftir því sem fjmrh. og forstöðumaður tóbakseinkasölunnar koma sér saman um, í stað þess að láta það renna, eins og nú, til byggingar- og landnámssjóðs og verkamannabústaða. Þegar lagður er á tóbakið verðtollur í stað álagningar, þá má, eftir því sem ráðh. og forstöðumaður tóbakseinkasölunnar koma sér saman, færa allt í ríkissjóðinn. En ég get ekki né vil ganga til samninga við Framsóknarfl. til að bæta úr því, er þeir misgerðu, þegar þeir samþ. tóbakseinkasöluna.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Hv. 2. landsk. talaði um, að það hefðu verið samningar milli Framsóknarfl. og jafnaðarmanna á síðasta þingi, að tóbakstollinum yrði ekki breytt. Um slíkan samning hefi ég aldrei heyrt talað. Um hitt var rætt, hvernig skyldi varið og skipt ágóða af tóbakseinkasölunni. Ég skil ekki, að nokkur hv. jafnaðarmaður hafi getað búizt við því, að sá samningur þýddi, að tóbakstollurinn stæði óbreyttur um aldur og æfi. Hitt var miklu líklegra, að honum yrði breytt mjög fljótlega. Hér er nú ekki á ferðinni nein allsherjarbreyt., heldur spor í rétta átt, því að verðtollur ætti yfirleitt að koma á alla vöru í stað þungatolls. Við ættum ekki að fælast slíkan toll sem þennan, meðan miklu hærri tollur er á tóbaki sumstaðar á Norðurlöndum og í Englandi. Samkomulag það, sem varð á síðasta þingi, náði að minni vitund ekki lengra en til þess, hvernig ágóðanum af tóbakseinkasölunni skyldi varið. Og þar sem hv. 1. landsk. var að dylgja um það, að einhver sérstök fríðindi hefðu fylgt þessu samkomulagi, þá er það vitanlega alveg tilhæfulaust. Slíkir samningar liggja ekki lengi í láginni. Þeir hljóta fljótlega að koma á daginn. Það er því alveg óþarft að tala um fríðindi, og það veit hv. þm. líka eins vel og ég. Um tóbakstollinn fóru engir samningar fram né samtal um samninga fyrir framtíðina. Ég hefi oft heyrt hv. 1. landsk. minnast á það samband, sem verið hafi milli jafnaðarmanna og Framsóknarfl. áður. Nú má eins telja, að slíkt samband sé milli jafnaðar- og sjálfstæðismanna. En öll slík viðskipti flokka á milli eru „kontant" og hljóta í eðli sínu að vera það. Framtíðarviðskipti koma þar ekki til greina.

Ég hefi í frv. gert ráð fyrir því, að ágóðinn af tóbakseinkasölunni rynni til þeirra stofnana, sem til er tekið í l. frá síðasta þingi, svo allt á að halda sér. Mér kemur því á óvart, ef hv. 2. landsk. greiðir atkv. gegn þessu frv. Hann sér þó þá bliku, sem dregur upp, þar sem sú till. er nú fram komin í Nd. að taka allan ágóðann af einkasölunni og leggja hann til ríkissjóðs. Hv. þm. á því hér um það að velja, hvort hann vill missa hálft reifið eða allt. Ef hann velur síðari kostinn, þá má hann sjálfum sér um kenna.

Að ég hefi leitað samninga við hv. 1. landsk., er misskilningur. Það hefi ég hvorki gert hér í d. né bak við tjöldin. Ég hefi aðeins lýst þörf þjóðarinnar eins og hún blasir við öllum flokkum. Hv. þm. tala eins og það ástand komi ekki við nema einum flokki, en það kemur sannarlega við öllum flokkum, og það ættu þeir að hafa drenglund til að viðurkenna. 1924, þegar líkt var ástatt og nú, var ég einn, sem hjálpaði hv. 1. landsk. með að fá tekjur, og þó voru þær tekjur teknar með tolli á nauðsynjavöru.

Hv. 1. landsk. spurði um það, hverjir atvinnuvegir væru, er nú þyldu að bera auknar byrðar eða álögur. Hér er nú ekki verið að leggja á neinn atvinnuveg, heldur aðeins á tóbaksnautnina. Ég hefi einmitt valið þennan tekjustofn til þess að þyngja ekki á atvinnuvegunum. Ef hv. þm. meinar það, sem hann segir, þá ætti hann að taka undir þetta frv. og minnast þess, að þegar hann sjálfur tók við stjórn, þá þurfti hann á auknum tolltekjum að halda. Eins vil ég benda hv. þm. á, að eftir það góðæri, sem hefir verið annarsstaðar eins og hér, þá hefir þó engin þjóð, sem ég þekki til, komizt hjá

því að hækka skatta nú þegar að kreppir. Hér ætti þá samkv. kenningu hv. þm. að vera aðeins ein þjóð, úti á hala veraldar, sem ekki þyrfti að auka tekjur ríkisins. Og af hverju? Af því, að áliti hv. 1. landsk., að illa hefir verið farið með tekjur ríkisins á undanförnum árum. Ég skal nú ekki að þessu sinni fara út í þá löngu sálma. Ég vil aðeins leggja áherzlu á, að ástandinu verður nú að taka eins og það er. Og fram úr örðugleikunum verður að ráða, alveg eins og hv. 1. landsk. vildi gera 1924 og fékk til aðstoð andstöðuflokks síns.

Þessi vörutegund, sem hér er lagt til að verði tolluð, er sú, sem til þess er notuð í flestum öðrum löndum. Það er sama, hver stjórn situr að völdum, hvort það eru heldur konservativir, sócíalistar eða framsóknarmenn. Alstaðar hafa verið auknir tollar, og eins þar, sem einkasala er á tóbaki. Ég vildi nú gjarnan fá upplýsingar hjá þeim hv. þm., er enga tolla vilja leggja á tóbakið, og þá heldur ekki á eignir manna eða tekjur, hvar þá eigi að fá hina nauðsynlegu tekjuauka. Ég veit að vísu, að hv. 1. landsk. segir, að ekki þurfi á neinum auknum tollum að halda, en það er ekkert nema „oppositions"fullyrðing og mælt án allrar ábyrgðartilfinningar. Þegar verðtollurinn fer úr 2½ millj. niður í 1,4 millj. og þegar vörutollurinn minnkar um helming 3 síðustu mánuði ársins, þá þarf vitanlega eitthvað í staðinn. — Það verður bæði að spara og auka tekjurnar. Allur þingheimur veit, að ef hv. 1. landsk. væri í mínum sporum nú, þá hefði hann orðið að fara að nákvæmlega á sama hátt og ég geri.

Ég vona nú, að hv. þm. bendi á, hvar taka eigi þá tekjuauka, sem taka þarf. Má vera, að hann geti bent á eitthvað það, sem við getum komið okkur saman um. Þótt hv. 1. landsk. segi, að vonzka þeirra, sem með völdin hafa farið, hafi verið mikil, þá ætti hann þó að taka tillit til þess, að vonzka tímanna er nú svo mikil, að hún hefir aldrei verið meiri áður. Og ég býst við, að hv. 1. landsk. tæki þunglega í það að fara með fjármálastjórn þessa lands, þó honum væri boðið það, ef hann ætti enga tekjuauka að fá, og ekki nóg með það, ef hann vissi, að líka ætti að fella úr gildi þá tekjustofna, sem gefið hafa tekjur í ríkissjóð síðan 1924. Árið 1924 fékk hv. 1. landsk. þá tekjuauka, sem hann þurfti og vildi. Þeir voru þá lagðir á til að forðast yfirvofandi vandræði, en ekki til að borga skuldir. Þetta er rétt, þótt hv. 1. landsk. hristi höfuðið. (**JónÞ:** Ég var ekki að hrista höfuðið). Hv. þm. hefir þá bara hrist það af vana, án þess að nokkur innri sannfæring fylgdi. Þessir skattar voru lagðir á með aðstoð Framsóknarfl., og eins og ég sagði, þá áttu þeir að vera til að forðast yfirvofandi vandræði, þótt svo rættist úr, að þeir gengju að nokkru til greiðslu á skuldum. Þessir skattar voru að vísu lækkaðir nokkuð 1926, en það var þó eigi gert fyrir forgöngu hv. 1. landsk., sem þá var fjmrh. Það var fjvn. Nd., sem átti frumkvæðið að því, en hv. 1. landsk. var víst tregur til að gera þá lækkun. Þessir skattar voru svo hækkaðir aftur 1928, þegar það hafði sýnt sig, að tekjuhalli hafði orðið á ríkisrekstrinum síðustu tvö árin. Skýrslur hv. 1. landsk. um þetta atriði hafa ekki verið réttar. Hið sanna er, að sú tollalöggjöf, sem Framsóknarfl. hefir átt við að búa, er óbreytt frá þeirri löggjöf, er hv. 1. landsk. bjó við árin 1924, 25 og 26. En að tekjurnar hafi reynzt nokkuð misjafnar, þótt löggjöfin væri hin sama, stafar af misjöfnu árferði.

Það er rétt, að mikið fé hefir eyðzt, og það umfram fjárl. og skuldir aukizt nokkuð. En að einn þingflokkur beri alla ábyrgð á því, get ég ekki fallizt á. Öldugangur sá, sem verið hefir í þjóðlífinu, hefir að nokkru skapað það og kröfur frá öllum landslýð. Ég minnist þess, að þegar Framsóknarstj. var að taka við, þá var ég á fundi fyrir austan með hv. 1. landsk. Þá kvað við sá sónn hjá honum, að Framsóknarfl. vildi ekkert gera til framfara í landinu. Hann ætlaði hvorki að leggja vegi, byggja brýr né leggja síma né annað það, sem heyrði til verklegra framkvæmda, sem hann og hans flokkur hefði ætlað að gera. Þetta kvað hvarvetna við hjá flokksmönnum hans. En svo þegar mikið var gert og svo kreppir að hér sem annarsstaðar, þá skiptir um tóntegund. Nú er Framsóknarfl. skammaður fyrir að hafa gert það, sem

honum var áður láð, að hann ætlaði ekki að gera. Þessi bardagaaðferð minnir á þá, er Grímur Ægir hafði. Þegar hann fór halloka, þá sökk hann í jörð niður og kom upp annarsstaðar. Og þó margt væri gert fram yfir það, sem fjárl. mæltu fyrir, var það þó flest gert með vitund og vilja þingsins, að svo miklu leyti sem ekki voru fyrir því sérstakar heimildir aðrar en fjárl. Svo var t. d. um landsspítalann. Þar var það frekar af því, að eigi var hirt um að leita formlegrar heimildar, heldur en að fjárveiting til hans væri brot á móti vilja þingsins. Svo mætti margt telja. Annað stærsta lánið, sem tekið hefir verið, var samþ. af öllum flokkum á tveimur þingum og var því ekki tekið gagnstætt þingvilja. En þegar búið er að taka það, þá er skotizt í jörð niður og lostið upp ópi um skuldaaukningu Framsóknarfl. Svona verður það víst um aldur og ævi. Sú stjórn, sem ekkert gerir, er fundin sek. Sú stjórn, sem mikið lætur gera, er líka sek. Þetta hefir hv. 1. landsk. gefið mér tilefni til að segja.

Hv. 1. landsk. hélt því fram, að til þess að bæta hag ríkissjóðs kæmi mér ekki til hugar að spara. Ég sæi enga aðra leið en þá að auka tekjurnar. Þetta segir hv. 1. landsk., og þó veit hann, að í fjárlfrv. því, er ég lagði fyrir þingið, er lagt til, að útgjöld verði spöruð, sem nema 1 millj. kr. Að áætlunin lækkar ekki sem þeirri upphæð nemur, stafar af því, að áætlun um lögboðna liði hefir verið færð upp til hins raunverulega. Einnig hækkar hún vegna aðgerða síðasta þings, og vextir hafa nú verið tilfærðir, sem ekki hafa verið teknir áður. Hv. 1. landsk. segir, að þingið hafi ekki fengið neitt tækifæri til að hugsa um sparnað. Stjórnarflokkurinn hafi ekki viljað leyfa slíkt. Þetta er vitanlega hin mesta fjarstæða. Fjvn. beggja deilda hafa verið önnum kafnar við athugun á því, hvar koma mætti við sparnaði. Og flestar eða allar aðrar fastan. þingsins hafa að meira eða minna leyti haft það til athugunar, hver á sínu sviði, hvar hægt sé að spara. Og á þingfundum er ekki um annað meira talað en sparnað. Hér eru því sannarlega opnar leiðir fyrir sparnaðartill. og sparnaðarumræður. Og það er sannarlega engin ný upp-götvun að bera fram till. um nýja n., er athugi sparnað, þegar þá hún á að vera skipuð hinum sömu mönnum, sem allir eru að reyna að spara, hver á sínu sviði. Nei, ný n. mundi ekkert spara, hvorki þingtímann né annað. Það þýðir ekkert að segja, að annar flokkurinn heimti álögur, en hinn sparnað. Þetta er bara vitleysa. Allir flokkar ættu að hjálpa til þess að fara báðar þessar leiðir hér sem í öllum öðrum löndum, til þess að sigrast á erfiðleikunum.

Ég vil að lokum þakka hv. 1. landsk. þá nærgætni, að vilja gefa mér tækifæri til að vera viðstaddur útför þessa frv. Ég á reyndar bágt með að trúa því og geri það ekki fyrr en ég tek á, að hv. deild felli það frá því að komast í n., jafnaðarmenn vegna þeirrar hættu, sem þeir halda, að sín áhugamál séu í, sjálfstæðismenn vegna tekjuþarfar ríkissjóðs. En þeir ráða vitanlega sínum gerðum. Og ég mun taka mína ákvörðun þegar óstætt er orðið.

Jón Baldvinsson: Hv. 1. landsk. gaf það í skyn, að samið hefði verið um eitthvað fleira en það, sem felst í l. um tóbakseinkasöluna, þegar það frv. var til meðferðar hér á þinginu. Þetta er ekki rétt. Það var hvorki samið um annað né meira en það, hvernig verja skyldi ágóða þeim, sem yrði af tóbakseinkasölunni, þannig að honum yrði skipt milli tveggja sjóða, sem báðir flokkar höfðu barizt sérstaklega fyrir, við Alþýðuflokksmenn fyrir verkamannabústöðunum og Framsókn fyrir byggingar- og landnámssjóði. Þetta varð að samkomulagi, þegar það gekk ekki fram, að nokkur hluti ágóðans gengi til rafveitna. En Alþýðuflokkurinn vildi ekki samþ. tekjuaukafrv. fyrir ríkissjóð nema ákveðið væri, hvernig tekjunum skyldi varið.

Án þess að ég vilji fara að bera blak af framsóknarflokksmönnum, þá er ekki líklegt, að þá hefði þurft að kaupa dýrt til þess að vera með einkasölu á tóbaki. Ég man ekki betur en þeir væru allmjög á móti afnámi tóbakseinkasölunnar 1925, og svo mun fjmrh. þeirra hafa látið undirbúa lög um einkasölu á tóbaki fyrir þingin 1928 og 1929. Það hefir því alls ekki þurft að kaupa þá til þess að fylgja

því, heldur hefir verið um það fullt samkomulag milli þeirra og Alþýðuflokksfulltrúanna. En nú hefir hæstv. fjmrh. viljað fara á snið við þetta samkomulag, sem felst í tóbakseinkasölulögunum frá síðasta þingi. Hann segist ekki hafa heyrt um neina samninga um það, að tóbakstollurinn ætti að standa óbreyttur. Ég skal fúslega játa, að þetta voru engir formlegir samningar, heldur samkomulag, gert í góðri trú af hálfu Alþýðuflokksmanna, og ekki við því búizt, að Framsóknarfl. ætlaði að brigða þetta síðar. En það gerir hæstv. ráðh. með þessu frv., þar sem sá hagnaður, sem gert hefir verið ráð fyrir, að einkasalan gæfi, hlýtur að minnka að miklum mun. Hv. 1. landsk. hefir líka bent hæstv. fjmrh. á, að hann hefði alveg í hendi sér, hver verzlunarhagnaðurinn yrði, þar sem svo er ákveðið í 8. gr. einkasölulaganna, að álagning á tóbak megi vera frá 75—80%. Getur hann því komið þessu þannig fyrir, að verzlunarhagnaðurinn verði sama sem ekki neitt. Þetta er því að fara á snið við einkasölulögin og samkomulag það, er varð um samþykkt þeirra.

Hæstv. fjmrh. þóttist hafa heyrt það eftir mér, að þegar slíkt samkomulag væri gert sem þetta, þá væru það kontant viðskipti og engin eftirkaup, En hafi svo verið í þessu, þá ganga till. hæstv. ráðh. nú gegn þessu samkomulagi, og hann vill ekki standa við „kontant"-viðskiptin, heldur láta „skrifa í reikning" nokkurn hluta af áður gerðu samkomulagi. Þá var hæstv. ráðh. að beina því til mín, hvort ég vildi ekki heldur hafa hálft reifið en ekki neitt, því að skýið frá neðri deild færi fljótt yfir. Átti hann þar við frv. það, sem er á ferðinni í Nd. um að fella niður um stundarsakir þau ákvæði tóbakseinkasölulaganna, að ágóðinn af einkasölunni renni í áður nefnda sjóði. Ég veit ekki, hvort betra er eða verra. Ef samþ. yrði nú að láta hagnaðinn renna til ríkissjóðs, myndi því ekki verða breytt síðar, því að reynslan er sú, að flestir tollar og skattar eru og hafa verið settir sem bráðabirgðafyrirkomulag, en hefir svo ekki verið breytt aftur. Þannig var t. d. hinn hái sykurtollur settur til bráðabirgða 1907, en gildir enn í dag. Vörutollurinn 1912 sömuleiðis til bráðabirgða, en stendur enn í dag. Þannig myndi og fara um þennan toll, að hann yrði fastur tekjustofn fyrir ríkissjóðinn, en byggingar- og landnámssjóður og byggingarsjóður verkamanna myndu ekki fá neitt, ef farið yrði að gera bráðabirgðabreytingu á honum nú.

Ég geri nú ráð fyrir, eftir því sem hæstv. fjmrh. hagaði orðum sínum, að ský það, er væri á ferðinni í Nd., færi fljótt yfir, að þá sé orðið samkomulag milli Sjálfstæðisfl. og Framsóknarfl. um að fella niður þessa greiðslu til hinna umræddu sjóða, og mér skilst, að fjvn. Nd. standi óskipt að því frv. Geri ég því ráð fyrir, að það verði fljótlega samþ. í þessari hv. deild, ef hæstv. ráðh. skýrir rétt frá. Þrátt fyrir þetta mun ég ekki hleypa þessu máli áfram hér með mínu atkv., og ef það er á mínu valdi að stöðva það. Um hitt frv. verður að taka því, sem að höndum ber. Ég er eindregið á móti því, því að ég vil alls ekki, að gerð séu að engu þau ákvæði, sem sett voru í tóbakseinkasölulögin á síðasta þingi.

Jón Þorláksson: Ég hefi þegar tekið tvisvar til máls. Get ég því ekki, án þess að ganga þá of nærri þingsköpum, svarað hæstv. fjmrh. ýtarlega, enda er þess ekki brýn þörf að því er snertir hinar almennu hliðar ríkisbúskaparins og skattamálanna, þar sem til þess munu verða næg tækifæri síðar. Mun ég því halda mig sem mest við mál það, er hér liggur fyrir. Aðalatriðið, sem hér er um að ræða, er það, að á síðasta ári gekkst stjórnarflokkurinn fyrir breyt. á lögum, sem hafði í för með sér allmikla lækkun á tekjum ríkissjóðs af tóbaksvörum, og hér er farið fram á að bæta ríkissjóði upp þá tekjulækkun.

Hæstv. fjmrh. spurði, hvað ég myndi gera undir þessum kringumstæðum, ef ég sæti í sæti hans. Þessu skal ég þegar svara hæstv. ráðh. Ég myndi hiklaust bera fram frv. um afnám tóbakseinkasölunnar og tryggja ríkissjóði þar með sömu tekjur af tóbakinu og hann hafði áður.

Ég stend fast við þá skoðun mína, að þar sem ríkissjóður hefir ennþá óskerta þá skatta, sem lagðir voru á 1924, þá eigi sérhver fjármálastjórn að geta komizt af með þá nú án þess að biðja þingið um

nýjar álögur á þjóðina. Það stendur allt öðruvísi á um þetta hjá öðrum þjóðum; þær hafa ekki framkvæmt hjá sér nú hin síðari ár tilsvarandi skattaaukningu og við gerðum 1924, sem svo var endurtekin 1928. Ég veit heldur ekki af neinum ríkissjóði, sem undanfarin 3 ár a. m. k. hefir haft svo miklar tekjur, að nálgazt hafi 50—100% umfram áætlun, eins og hér hefir átt sér stað. Þá verður og að taka tillit til þess, að hér er búið að þrautpína þjóðina svo með skattaálagningum umfram þarfir, að hún þolir ekki frekari álögur, og það sízt í hörðustu kreppuárum. Ég kann varla við að henda á lofti aðra eins fjarstæðu hjá hæstv. fjmrh. eins og þá, að tóbaksreykingar væru atvinnuvegur — hann sagði þetta þó í rökþrotum sínum —, þar sem það veit hver maður, og ráðh. líka, að fé það, sem eytt er fyrir tóbak í landinu, er tekið annaðhvort af afrakstri þrautpíndra atvinnuvega eða samanspöruðu fé þjóðarinnar. Ég hefi enga sérstaka tilhneigingu til þess að hlífast við, að teknar séu tekjur af þessum tekjustofni, en ég tel það ekki forsvaranlegt af flokki, sem gerir leik að því að rýra tekjur ríkissjóðs eitt árið, að koma svo næsta ár og biðja andstæðingana um hjálp til að ná þeim aftur.

Þá verð ég aðeins að svara þeim ummælum hæstv. fjmrh., að skuldaaukning ríkissjóðs hafi ekki sætt andstöðu Sjálfstæðisflokksins. Þetta er mjög fjarri sanni. Ég veit ekki betur en flest það, sem vitnazt hefir um eyðslu stj. utan fjárl., hafi verið harðlega átalið af stjórnarandstæðingunum, og ég býst við, að þær upphæðir allar væru nógu miklar til þess að gera grein fyrir allri skuldaaukningunni. Þá nefndi hæstv. ráðh. Íslandsbanka í þessu sambandi, en honum er kunnugt um, að allar þær ráðstafanir, sem nú hafa orðið þess valdandi, að framlag ríkissjóðs til Útvegsbankans er nú að mestu tapað fé, voru gerðar í andstöðu við Sjálfstæðisfl. og gegn aðvörunum hans, sem þó komu fram í tíma.

Ég verð að andmæla þeim ummælum hv. 2. landsk., að engir aðrir samningar hafi farið fram milli Alþýðufl. og Framsóknarfl. um tóbakseinkasöluna en þeir, sem felast í lögunum sjálfum. Ég verð að segja það, að þá hefir ástin á einkasölufyrirkomulaginu hjá Framsókn ráðið meiru en stefnan, sem annars er mjög erfitt að henda reiður á, því Framsóknarfl. mun sennilega vera stefnulausasti flokkur í veröldinni. Hann hefir t. d. lýst því yfir, að hann sé fylgjandi frjálsri verzlun, nema í einstökum tilfellum, þegar um sé að ræða að útvega ríkissjóði tekjuauka. En þegar vikið er af grundvelli hinnar frjálsu verzlunar til þess að rýra tekjur ríkissjóðs og af velvild til forráðamanna flokksins, þá verður ekki sagt, að það eitt vaki fyrir þeim að vernda hag ríkissjóðsins, heldur að þeim hafi skrikað fótur.

Út af ummælum hv. 2. landsk. vil ég geta þess, að ekkert samkomulag er um það milli Sjálfstæðisfl. og Framsóknarfl. að breyta tóbakseinkasölulögunum svo, að niður falli um stundarsakir eða lengri tíma framlög einkasölunnar til verkamannabústaðanna og byggingar- og landnámssjóðs. Einstakir þm. Sjálfstæðisfl. í fjvn. Nd. hafa verið látnir sjálfráðir um till. sínar í n. Um skýið, sem ráðh. var að boða frá Nd., skulum við tala þegar það kemur hingað.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Hv. 1. landsk. er þráfaldlega með þá fullyrðingu, að ríkissjóður bíði mikið tjón af tóbakseinkasölunni. Framsóknarmenn hafa margsannað hið gagnstæða. Ég tel ekki, að hægt sé að lasta þá fyrir annað en það, hve lengi þeir létu dragast að koma tóbakseinkasölunni á. Tóbakseinkasalan hefir þegar fengið samninga við öll þau „firmu", sem tóbaksheildsölur verzluðu áður við, um betri kjör og lengri gjaldfrest. Þegar svo tollurinn er óbreyttur, er mér óskiljanlegt, í hverju þetta tap á að geta legið, nema ef vera skyldi í því, að ekki væru nógu áhugasamir menn við einkasöluna um að koma vörunni út á meðal fólksins. Kostir frjálsu verzlunarinnar virðast þá eiga að liggja í því að koma út sem mestu tóbaki, en þá kemur annað sjónarmið, sem sé það, hvort ekki sé betra frá þjóðarhagslegu sjónarmiði, að tóbaksnautn minnki í landinu heldur en að hún aukist, enda þótt ríkissjóður missti nokkurs í við rýrnunina. Nei, ágæti hinnar frjálsu verzlunar er hæpið, þegar það liggur í

því, að koma sem mestu af ónauðsynlegum vörum út til fólksins. Um það hljóta allir þjóðlegir menn að vera sammála. Annars hverf ég ekki frá því, að tóbakseinkasalan hljóti að gefa meiri tekjur en hin frjálsa verzlun með tóbak. Ég skal geta þess í þessu sambandi, að árið 1925 var ég á ferð í Svíþjóð. Var þá nýbúið að afnema tóbakseinkasöluna hér. Átti ég þá tal við einn merkan íhaldsmann þar og sagði honum m. a. þessar fréttir. Hann var hissa og spurði, hvort við hefðum efni á að kasta öllum heildsöluarðinum frá okkur. Í Svíþjóð dytti engum manni í hug afnám tóbakseinkasölu. Það hefir heldur engin till. komið fram í Svíþjóð um að afnema tóbakseinkasöluna sænsku. Hún stendur óhögguð og óáreitt og gefur ríkissjóði miklar tekjur. Forstjóri hennar er einn af helztu fjármálamönnum Svíþjóðar, maður, sem heldur mjög fram einstaklingshyggjunni að flestu leyti. Hann er af hinni alþekktu Wallenbergsætt. Þetta getur átt sér stað annarsstaðar, þar sem enginn sjálfstæðisflokksmaður íslenzkur er til þess að leiðbeina í þessum efnum.

Hv. 1. landsk. heldur því fram, að með tóbakseinkasölunni hafi verið kastað burt tekjum, sem ríkissjóður hefði annars getað nælt í. Meðan ekki eru færð önnur rök fyrir þessu en þau, að einkasalan selji minna af tóbaki en hin frjálsa verzlun, hlusta ég sem fjmrh. ekki á það.

Ég þakka hv. þm. fyrir leiðbeiningarnar um það, að tóbaksreykingar væru ekki atvinnuvegur. Það, sem gaf mér tilefni til þessa orðalags, var það, að hv. þm. spurði mig, hvaða atvinnuvegur það væri, sem þyldi aukin álög. Ég svaraði eins og spurt var.

Hv. 1. og 2. landsk. krossa sig og sverja fyrir allt samkomulag, og mér skilst helzt, að þeir lofi guð fyrir það ósamkomulag, sem er ríkjandi.

Að endingu vil ég endurtaka þá ósk mína, að frv. fái að ganga til nefndar.

Magnús Torfason: Ég ætla mér ekki að ræða efni þessa máls, en eftir því, sem við horfir, skilst mér, að hér eigi að taka upp nýja reglu. Hér í þessari hv. d. hefir það alltaf verið venja að leyfa málum að ganga til 2. umr. og n., jafnvel þótt flm. væri einn með frv., en allir aðrir á móti. Hefir það verið gert af kurteisi við viðkomandi þm. Ég er ekki í vafa um, að slíkt eykur samhug í deildinni og er því ágæt regla. Nú skilst mér, að vísa eigi þessu máli frá því að komast í n., og það þrátt fyrir, að málið er borið fram af einni mikilsverðustu n. þingsins, hv. fjhn. Nd., sem bar það fram fyrir tilmæli hæstv. fjmrh. Málið er því bæði borið fram af n. eftir tilmælum og með stuðningi þess ráðh., sem ég veit ekki betur en að þeir flokkar, sem nú vilja gera honum þá hneisu að fella það frá n., telji sér þó langhliðhollastan af flokksmönnum þess flokks, sem hann er ráðh. fyrir. Ég vil því vænta, að einhverjir úr hv. andstöðuflokkum stj. láti vera að rétta upp hendina til að fella málið frá n. Ég sé heldur ekki, að neinum réttindum sé glatað, þó málið fái að ganga til n. Nú er annað mál á ferðinni í Nd., náskylt þessu og víkur að því sama. Er því saklaust og enda hyggilegt að höggva ekki höfuðið af þessu að sinni. Til þess eru næg tækifæri síðar, ef mönnum sýnist svo. Og mér finnst, að hv. þdm. geti vel lifað um stund í þeirri von, að betur semjist með mönnum, því þeir dagar eru sælastir meðan vonirnar eru allar og óskertar. En þegar búið er að höggva af höfuðið, þá verður ekki aftur snúið og þá er engin vonin eftir.

Jakob Möller: Mér finnst skylt að svara þessum hjartnæmu orðum hv. 2. þm. Árn. Ég vil því taka fram, þótt þess ætti reyndar ekki að þurfa, að það er ekki gert til þess að sýna þeirri hv. n., sem bar málið fram í Nd., né heldur hæstv. fjmrh. neina sérstaka ókurteisi, þótt frv. verði fellt við 1. umr. En því er svo varið, að hér er um ákveðið principmál að ræða, sem engin ástæða er til að ræða nema við 1. umr. Að greiða því atkv. til n. væri því ekki til annars en að tefja tíma þingsins og vekja vonir, sem ekki geta rætzt. Ég ætla ekki að endurtaka það, sem hv. 1. landsk. hefir sagt um málið, en með því á að vinna upp tekjuhalla, sem hlotizt hefir af því, að upp var tekin einkasala á tóbakinu. Hæstv. fjmrh. virtist vera í óvissu um það, hverjar ástæður lægju til þess, að tekjur ríkissjóðs

minnkuðu af tóbakinu, og taldi, að ef salan minnkaði ekki, þá gætu tekjurnar eigi heldur minnkað. Ég vil benda honum á, að þetta er einmitt orsökin. Tekjurýrnun ríkissjóðs byggist á því, að lögleg sala minnkar. Um það höfum við einmitt reynslu frá fyrri tímum. Allt annað mál er það, hvort æskilegt er að draga úr tóbakssölu og tóbaksnotkun í landinu og hvort gott er að hafa tóbakseinkasöluna í því skyni, ef hún dygði til þess. En það gerir hún bara ekki. Þótt hin opinbera sala minnki, þá gerir tóbaksnautnin í landinu það ekki. Undir því þvingaða fyrirkomulagi, sem tóbakseinkasalan skapar, þá eykst ólöglega salan, og við því er erfitt að sporna í landi eins og þessu, þar sem svo er háttað, að erfitt er um eftirlit. Þetta mál hefir nú verið margrætt og því óþarfi að endurtaka það nú.

Það, sem hæstv. ráðh. sagði um tóbakseinkasöluna í Svíþjóð, hefir næsta lítið gildi hér. Hún er allt öðruvísi vaxin þar. Henni er þannig fyrir komið, að hún hefir myndað utan um sig sterkan hring, og þess vegna hefir enginn þar orðað að leggja hana niður, sízt þeir, sem við hana eru riðnir, eins og sá maður er, sem hæstv. ráðh. nefndi, enda þótt hann sé íhaldsmaður. Það er nú einmitt einkenni íhaldsmanna að halda í það, sem fyrir er, einkum það, sem staðið hefir lengi, en svo er um tóbakseinkasöluna í Svíþjóð. Á þessu má m. a. sjá, hver áhrif slíkar stofnanir geta haft á hugsunarhátt manna. Þær geta skapað í kringum sig alveg sérstakt álit. Er það a. m. k. mjög umdeilanlegt, hvort rétt sé að setja á fót slíkar stofnanir, sem verða með tímanum ríki í ríkinu. Ég fyrir mitt leyti er á móti einkasölu, m. a. af þeirri ástæðu.

Ég skal svo ekki fjölyrða fleira um þetta. Hv. 1. landsk. hefir lýst afstöðu Sjálfstæðisfl. til þessa máls svo fullnægjandi er.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég vil ekki segja, að álit þessa sænska manns sé nein fullnaðarsönnun, þó ég nefndi það hér til samanburðar á sænsku og íslenzku íhaldi. Ég gerði það til þess að sýna, að þar þora „konservativir" að koma nálægt einkasölum.

Það er misskilningur, að hér sé um „principmál" að ræða. Um það verða engin atkv. greidd að þessu sinni, heldur um hitt, hvort hærri tollur á að vera á þessari vöru, enda er svo ákveðið, að ekkert af ágóða tóbakseinkasölunnar rennur í ríkissjóð. Mér skilst svo, að þeir, sem ekki vilja sjá nauðsyn ríkissjóðs, rugli nú saman tóbakseinkasölu og verðtolli á tóbaki, sem vitanlega er sitthvað og ekki sambærilegt.

Hv. 1. þm. Reykv. viðurkenndi, að aðalmótstaðan gegn tóbakseinkasölunni lægi í því, að með því fyrirkomulagi seldist minna af tóbaki en ef salan væri frjáls. Þá skilst mér svo, að þeir vilji ekki hafa tollinn hærri, svo salan verði ekki minni. Þessu hafa þeir lýst svo sjálfir. Mín skoðun er það, að betra sé, að minna seljist, en að tollurinn sé hærri. Þá er einnig minna flutt inn í landið og þá minna greitt fyrir tóbak út úr landinu. Þegar því hv. 1. þm. Reykv. segir, að minna seljist, þá lýsir hann yfir stefnu sinni og sinna skoðanabræðra um það, að meira beri að flytja inn og hafa tollinn lægri, svo meira seljist og að á þann hátt eigi að fást jafnhá fúlga í ríkissjóð og ná má með minni innflutningi, en hærri tolli. Önnur rök en þetta hafa þeir ekki komið með.

Það er misskilningur hv. 1. þm. Reykv., að svo margir séu riðnir við tóbakseinkasöluna í Svíþjóð og hafi þar persónulegra hagsmuna að gæta, að þess vegna komi engar raddir fram um að leggja hana niður. Þar er það félag, sem hefir hana með höndum, og í því er ríkið stærsti hluthafinn og svo stofnanir, sem ríkið á, svo sem tryggingarstofnanir. Aðeins örfáir einstaklingar fengu að vera með vegna starfsemi sinnar áður. En þess gætir svo lítið, að það er hagur ríkisins og alls almennings, sem krefst þess, að tóbakseinkasölunni sé haldið áfram þar. Þar er ekki verið að tala um að vernda hagsmuni neinna einstaklinga. Og nú, þegar gætt hefir verið hagsmuna smásalanna, sem hafa sína 20% álagningu, þá verða það aðallega heildsalarnir, sem óska þess, að tóbakseinkasalan verði lögð niður, en smásalarnir ekki. Það verður því til að efla hag sárfárra manna, ef tóbakseinkasalan verður lögð niður.

Jakob Möller: Ég er viss um, að ég sagði það svo skýrt, að ef hæstv. ráðh. hefði heyrt það, þá hlyti hann líka að hafa skilið það, að það væri aðeins sú löglega sala, sem minnkaði. En ég sé ekki, að neitt sé við það unnið, að löglega salan verði minni, en hin ólöglega aukist. Að því er enginn hagur, þar sem tóbaksnautnin minnkar ekki.

Hæstv. fjmrh. sagði, að það væru hagsmunir fárra manna, að tóbakseinkasalan væri lögð niður, og þeim væri haldið hér fram. En það eru einmitt hagsmunir ríkissjóðs, að hún verði lögð niður. Og það byggist á þeirri reynslu, að tekjur ríkissjóðs verða meiri af frjálsri sölu en af einkasölu. Strax og einkasalan tók til starfa varð að hækka tóbakið, svo einhver von væri til, að einkasalan bæri sig eða skilaði einhverjum arði. Þetta er nú sú fyrsta reynsla. Önnur eða næsta reynslan hygg ég að verði það, að arður ríkissjóðs af tóbakinu minnki.

Ég var ekki alveg viss um, að hæstv. ráðh. hafi heyrt orð mín áðan, svo ég vildi endurtaka þau, svo það væri þó alveg víst, að hann heyrði þau.

Jón Þorláksson: Hæstv. fjmrh. bar á mig þær sakir, að ég teldi tekjurýrnun af tóbakinu byggjast á því, að salan yrði minni í einkasölu en frjálsri verzlun. Ég hefi gert rækilega grein fyrir skoðun minni á þessu, og er hana að finna í nál. á þskj. 261 frá sumarþinginu 1931. Ég hefi þar gert grein fyrir því, að reynslan er sú, að á þremur árunum síðustu áður en einkasalan hófst var innflutt tóbak, sem tollur greiddist af, 1,3 kg. að meðaltali á mann. Á næstu 4 árum eftir að einkasalan var afnumin 1,2 kg. En meðaltalið á ári þau 4 ár, sem einkasalan stóð, var innflutningurinn aðeins 0,9 kg. á mann. Ég hefi ekkert sagt um sölu, verzlun eða neyzlu. Ég hefi aðeins tekið innflutningsskýrslurnar, sem sýna þetta, að innflutningur, sem tollur greiðist af, verður minni. Margir halda, að notkunin eða neyzlan í landinu verði ekki minni, en um það hefi ég ekkert sagt. Ég hefi aðeins byggt mína skoðun á staðreyndum.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég ætla að missa þessa hv. þm. báða út úr höndunum á mér. Þeir segja, að löglegur innflutningur á tóbaki verði minni með einkasölufyrirkomulaginu, en neyzlan minnki þó ekki. Ég hefi nú engar skýrslur um smyglun og hefi ekki rekizt á neitt slíkt, hvorki þegar einkasalan var hér áður né nú, og hefi enga eigin reynslu og veit ekki heldur um annara í því efni. Ég get því ekki tekið mark á þessu tali þeirra, þar sem þeir færa engin sennileg rök fyrir því. Ef þeir byggja skoðun sína á því, að meira sé smyglað, þá veit ég ekki, af hverju það ætti að vera, þar sem verzlunin með tóbak er öllum frjáls.

Verðhækkun sú, sem varð um síðustu áramót, stafar af því, að verðið á hrátóbaki hækkaði, einkum vegna hins háa gengis í Ameríku og Hollandi, og í öðru lagi af því, að um síðustu áramót hafði ég í undirbúningi þetta frv., og var þá álagningin sett með það fyrir augum, að tóbaksvörur, t. d. sígarettur, þyrftu ekki að hækka, þótt það yrði að lögum. Ég hafði gert ráð fyrir, að eitthvað af tekjum tóbakseinkasölunnar fengi að renna í ríkissjóð, en nú virðist sem það muni ekki verða leyft af ýmsum annarlegum ástæðum.

Ég trúi nú ekki að öllu leyti á tölur, þótt góðar séu með. Áður stóð tóbakseinkasalan á erfiðum tímum og þá var líka tóbaksnotkun minni en hún hefir orðið síðan. Nú eru það líka hinir erfiðu tímar, sem draga úr verzluninni, einkum á þann hátt, að hinar dýrustu tóbakstegundir eru nú miklu minna keyptar en áður, meðan efnahagurinn var betri.

Jakob Möller: Hæstv. fjmrh. getur enn ekki fundið neina skynsamlega ástæðu fyrir þeirri staðreynd, að tóbakseinkasalan valdi því, að tolltekjurnar af tóbakinu verði minni, aðra en þá, að tóbaksnotkun minnki. Hann hélt því fram, að notkun tóbaks hefði verið minni meðan einkasalan var áður, vegna þess að þá hafi verið erfiðleikaár. En þá voru einmitt veltiár, t. d. 1924 og 1925, og nógir peningar manna á meðal. Samt var innflutningur tóbaks meiri árin eftir, sem reyndar voru líka góð, en hann var líka meiri árin á undan, sem voru miður góð.

Hæstv. ráðh. lýsti eftir því, hvort við vissum til þess, að menn notuðu smygl-

að tóbak. Ég hefi áður sagt það, og get endurtekið það, að ég veit til, að á ýmsum stöðum, þar sem lítið var flutt inn löglega af tóbaki í tíð gömlu einkasölunnar, þar var enginn skortur á tóbaksvörum. Það er hægt að gefa ýmsar skýringar á því, hvers vegna menn fá meiri freistingu til að smygla, þegar tóbakseinkasala er heldur en þegar verzlunin er frjáls. Það hefir t. d. verið áður bent á, að þegar verzlað er með tóbakið aðeins á einum stað, þá geta beinlínis orðið vandræði að ná í það. Við skulum bara líta á gömlu tóbakseinkasöluna, hvernig það var í hennar tíð. Þá áttu sumir þar svo erfitt með viðskipti, að þeir voru neyddir til að leita fyrir sér annarsstaðar. (**EÁrna:** Voru það skilamenn?). Ég ætla ekkert að upplýsa um það, hvaða menn þetta voru, en til þessa geta legið ýmsar ástæður.

Það er vitanlegt, að þegar tóbaksverzlun er rekin í frjálsri samkeppni, þá er eftirlit með að ekki sé smyglað miklu öflugra heldur en þegar einkasala er. Þá eru allir, sem verzla með löglega innflutt tóbak, „interesseraðir" fyrir því, að tóbak sé ekki flutt inn ólöglega, og það er það sterkasta eftirlit, sem hægt er að fá í þessu efni.

Jón Baldvinsson: Út af þeim ummælum, sem nú hafa síðast komið fram um það, hvort einkasala sé heppilegasta fyrirkomulagið til að afla ríkissjóði tekna, vil ég taka það fram, að þar er ég sammála hæstv. fjmrh. Hv. 1. þm. Reykv. heldur aftur á móti því gagnstæða fram, að frjáls samkeppni sé bezta fyrirkomulagið. Af skýrslum, sem gerðar hafa verið um þetta, er það sjáanlegt, að neyzla tóbaks fer alltaf eftir árferði, hvort sem einkasala hefir verið eða ekki. Árið 1923 og fyrri hluta ársins 1924 voru mjög léleg í atvinnulegu tilliti. Menn höfðu þá almennt litlu úr að spila, enda var neyzla tóbaks þá minni en síðari hluta ársins 1924 og árið 1925, sem voru ágæt atvinnuár.

Það er sannað í þskj. frá fyrri árum, þegar gamla tóbakseinkasalan var á ferðinni, að ýmsar aðrar vörur, sem ónauðsynlegar kallast, hafa hlítt sömu forlögum, mikið keypt af þeim í góðu árunum, lítið þegar harðnaði í ári. (**JakM:** Það er öðru máli að gegna með tóbakið.). Ég hefi safnað skýrslum um ýmsar slíkar vörur, svo sem súkkulaði og konfekt, og þar hefir það alltaf sýnt sig, að þær eru keyptar mikið eða lítið eftir því, hvað mikil peningaráð menn hafa almennt, og lúta þar alveg sömu lögum og tóbakið.

Hv. þm. heldur því fram, að meira sé smyglað undir einkasölufyrirkomulagi, en það hafa ekki komið fram neinar sannanir fyrir því. Ég held, að það sé talsvert mikið smyglað, hvort sem einkasalan er eða ekki. Það er alltaf hætt við, að smyglun eigi sér stað í afskekktum þorpum, þar sem lítil eða engin tollgæzla er. Til þess er jafnmikil tilhneiging, hvort sem einkasala er eða ekki, en smyglunin tekst bara síður, ef einkasala er, því að hún hefir betri tök á að merkja vörurnar vel, og þá er erfiðara að koma smygluðum vörum að. Einkasalan hefir alltaf meira „kontrol" á öllu heldur en hægt er að hafa, ef verzlunin er frjáls. Þessar almennu aths. hv. 1. þm. Reykv. á móti einkasölunni eru því að mínu áliti ekki á rökum reistar.

Ég vil svo að endingu taka það skýrt fram, að ég er ósammála hæstv. fjmrh. um að leggja þennan toll á. Ég tel það brigðmælgi af Framsóknarfl. að koma með frv., þar sem gert er ráð fyrir, að tekjum tóbakseinkasölunnar skuli varið öðruvísi en ákveðið var á síðasta þingi.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Hv. 1. þm. Reykv. og hv. 1. landsk. hafa báðir hafnað þar, að ríkið tapi á einkasölunni, af því að þá sé svo mikið smyglað, en þeim bregzt alveg að sýna fram á, að meira sé smyglað, þegar einkasala er. Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að eina eftirlitið, sem dygði, væri það, þegar hver innflytjandinn liti eftir öðrum. Ég hefi ekki þekkt þann eltingaleik á milli innflytjenda á tímum frjálsrar verzlunar, enda ekki nema um 3—4 innflytjendur að ræða. Ég veit ekki til, að þeir hafi kært hver annan fyrir smygl. Og smyglun á tóbaki, sem menn ætla sér að neyta sjálfir, á sér alveg jafnt stað, hvort fyrirkomulagið sem haft er. Smyglunarhættan er yfirleitt ekkert meiri, þó einkasala sé,

alveg eins og hv. síðasti ræðumaður tók fram.

Um neyzlu tóbaks ræður árferðið miklu, og þá einnig það, hve mikil áherzla er lögð á að koma vörunni út. Það liggur í hlutarins eðli, að salan verður meiri, þegar hér voru um 18 tóbaksbúðir. Þær hafa að vísu verzlað eitthvað með sælgæti líka, en á tóbakinu hafa þær lifað. Umsetningin verður ólíkt minni, þegar aðeins er til ein sérverzlun með tóbak, eins og var síðast, þegar tóbakseinkasalan starfaði. Svo þegar hún var afnumin, þá spruttu sérverzlanir upp. Þetta er næg skýring á því, sem þessir hv. þm. voru að tala um, að tóbaksneyzla minnkaði nokkuð, þegar einkasala væri starfandi, þó vitanlega haldist ríkistekjurnar eins uppi fyrir því vegna einkasöluverðsins.

Ég vil svo að lokum endurtaka þá ósk mína, að frv. fái að ganga til n., en ef hv. þm. neita, að málið nái fram að ganga, þá eiga þeir það við sína ágætu samvizku og geta fagnað því, að þeir hafi verið mótfallnir auknum tollum á óþarfa á þessum hættutímum.

ATKVGR.

Frv. fellt frá 2. umr. með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónasJ, MT, PH, EÁrna, IP, JónJ, GÓ.

nei: PM, BSn, GL, HSteins, JakM, JBald, JónÞ.

4. Almannafriður á helgidögum.

Á 6. fundi í Ed., 20. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 45, 15. júní 1926, um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar (þmfrv., A. 28).

Á 13. fundi í Ed., 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Guðrún Lárusdóttir): Ég þarf ekki að vera langorð um þetta frv. Hv. þdm. munu kannast við það síðan á vetrarþinginu í fyrra, þegar ég bar það fram, þó að það næði þá ekki fram að ganga. Mér er þetta eins mikið áhugamál enn, að þessi litla breyt. verði gerð á helgidagalöggjöfinni. Ég hefi dregið lítilsháttar úr ákvæðum frv. frá því í fyrra, því að þá virtist svo, að sumum þætti ekki heppilegt, að öll vinna væri bönnuð svo marga daga í röð. Hér er því aðeins farið fram á, að skírdagskvöld sé friðað eftir kl. 6.

Það hefir til skamms tíma þótt alveg sjálfsagt í lúterskum söfnuðum að halda heilagan þennan dag, sem við eru tengdar minningarnar um heilaga kvöldmáltíð og seinustu samverustundir frelsara vors við lærisveina hans. Og víða mun það vera siður þann dag, einnig vor á meðal, að menn gangi þá til guðs borðs í minningu dagsins og atburða hans.

Í tilskipun um sunnudaga- og helgidagahald frá 1855 er mikil áherzla lögð á helgihald í páskavikunni. Þar er einnig bannað að halda dansleiki og almennar skemmtanir daginn fyrir sunnudag lengur en þar til einni stund eftir miðnætti. „En í páskavikunni", stendur í tilsk. þessari, „má slíkt með engu móti leyfa".

Tilskipunin er alllöng og ýtarleg og kemur víða við, en er nú úr gildi numin, svo sem kunnugt er. — Virðist mér þessi tilsk. bera með sér, að löggjafinn hafi viljað efla alvöru með þjóðinni, vekja lotningu hennar fyrir heilögum efnum og brýna fyrir henni guðrækni og góða siðu.

Löggjöfin frá 1901 um þetta efni setur skírdag við hlið föstudagsins langa og stórhátíðisdaga. Þar er einnig tekið fram, að kvöldin fyrir helgidaga megi eigi halda almennar skemmtanir lengur en til miðnættis.

Í helgidagalöggjöf þeirri, sem það frv., er hér liggur fyrir, grípur inn í, er þetta ákvæði úr gildi numið og þar er skírdagur lagður til jafns við sunnudaga, sem því miður bera oft og einatt helzt til lítinn helgidagablæ á sér. Margt er það, sem stuðlar að því, svo sem hin afaralgenga og hóflausa sunnudagavinna. Það er ekki óalgengt hér í bæ, hvernig sem það er annarsstaðar á landinu, að maður mætir hlöðnum fiskvögnum og fiskverkunarfólki í vinnuklæðum á leið í vinnu og úr vinnu um hámessutímann. Afsakanlegt væri nú þetta í sjálfu sér, væri um sérstakar kringumstæður að ræða, t. d. afarilla og erfiða veðráttu, en því miður á þetta sér engu síður stað, þótt þurrkur sé dag eftir dag.

Þá má líka minnast á annað, sem er eiginlega ennþá lakara og á sinn drjúga þátt í því að spilla helgihaldi sunnudaga á heimilunum, og það eru hinar tíðu skemmtisamkomur á laugardagskvöldum. Þangað safnast ungmenni af heimilunum og þar dvelja þau lengi nætur, en sofa svo mikinn hluta sunnudagsins og gera þannig heimilum sínum örðugt fyrir á ýmsa lund, í stað þess að láta gleði æsku sinnar varpa ljóma yfir helgidaginn á heimili sínu. Er raunalegt til þess að vita.

Vitanlega má segja sem svo, að sú breyt., sem frv. fer fram á, muni engin áhrif hafa á slíkt. En ég held nú samt, að því betur sem reynt er til að innræta þjóðinni lotningu fyrir heilögum efnum, því betur sem hlúð er að helgum minningum, og þá ekki síst dymbilvikunnar, og að því betur sem þjóðin lærir að meta sína helgu dóma og tileinka sér lífsgildi þeirra, því betri horfur verði á því, að hún vanræki ekki heldur aðrar skyldur sínar, hvorki gagnvart hvíldardeginum né öðru.

Ég hefi borið þetta frv. fram fyrir hönd þeirra, sem sárnar það, ef skírdagur, þessi fornhelgi alvörudagur kristninnar, verður gerður að venjulegum rall- og gleðskapardegi, og þá einkanlega kvöldstundir hans, aðfararstundir og nótt föstudagsins langa. Yrði það að venju, tel ég mörgum tapaðar góðar stundir, sem enginn vor á meðal er bær að dæma um, hvers virði kynnu að vera.

Ég lít svo á, að löggjafarvaldi þjóðarinnar beri sú skylda að koma til hjálpar þeim mönnum innan þjóðfélagsins, sem fegnir vilja varðveita helgidóma trúarinnar, arfleifð horfinna kynslóða, en fá ekki rönd við reist losinu og lotningarleysinu, léttúðinni og gjálífinu, sem virðist fara hraðvaxandi í landinu. Ég veit, að hugsandi alvörumenn virða slíka viðleitni, því að þær ráðstafanir, sem miða til þess að efla lotningu manna fyrir því heilaga, göfuga og góða, efla heill þjóðfélagsins framar öllu öðru.

Ég vona, að mönnum geti komið saman um það, að úr því að föstudagurinn langi er friðhelgaður í núgildandi lögum jafnt og stórhátíðisdagar, þá sé eðlilegt og sjálfsagt, að aðfangadagskvöld hans sé friðhelgað jafnt og þeirra. Auk þess er það lýðum ljóst, að háværar skemmtanir byrja aldrei fyrr en eftir kl. 6, og með tilliti til þess legg ég aðaláherzluna á að friðhelga skírdagskvöld.

Ég legg svo til, að frv. verði vísað til menntmn., að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til menntmn. með 9 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Ed., 11. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 28, n. 120).

Frsm. (Guðrún Lárusdóttir): Ég hefi borið þetta frv. fram sem tilraun til þess að friða um fornar minningar, sem kristnum mönnum eru hvarvetna helgar og hjartfólgnar, og ég hefi leyft mér að halda því fram, að þær minningar eigi bæði yl og afl andlegu lífi manna til styrktar.

Ég vil í þessu sambandi minna á það, að allar þær þjóðir, sem eiga sæmilega menningu og þroska og er annt um sinn eiginn sóma, leggja verulega rækt við minjagripi sína og leitast við af fremsta megni að forða þeim frá tortímingu og gæta þeirra vel. Ég þarf víst ekki annað máli mínu til stuðnings en að minna þá, sem komið hafa til annara landa, á þau hin mörgu söfn, sem þar eru til sýnis; þau bera það ótvírætt með sér, að vel er hlúð að minningum þessara þjóða, sem varða andleg og veraldleg efni, og þó sérstaklega þeim minjagripum, sem sögulegir atburðir eru tengdir við. Þjóðunum er þetta metnaðar- og menningarmál; þær líta á það sem helga skyldu við föðurland sitt.

Nú er það sameiginlegt álit kristinna manna, að Getsemane- og kvöldmáltíðarminningarnar séu dýrmætir minjagripir, nátengdir þeim atburðum sögunnar, sem mestum aldahvörfum hafa valdið í lífi og siðum þjóðanna, og að þeim megi sízt af öllu gleyma; þær verðskuldi öðru fremur fulla ræktarsemi og alúð, einnig af hálfu löggjafarvaldsins, sem þjóðirnar eiga fulla heimting á, að taki tillit til álits þeirra á þessum sviðum, engu síður en á öðrum sviðum. Og það, sem ég fer fram

á með frv. þessu, er það, að lögrétta Íslendinga auðsýni þessum fornhelgu atburðum þá ræktarsemi að lögvernda og löghelga þær dagstundir, sem menn hafa öld eftir öld haldið heilagar í minningu þeirra.

Ég ætla ekki að þreyta hv. d. með löngu máli um frv. Ég hefi áður, bæði í fyrra, er ég bar það fyrst fram, og aftur nú fyrir nokkrum dögum, tekið fram þau aðalatriði, sem ég vildi um það sagt hafa, og sé því ekki ástæðu til að orðlengja frekar um það.

Ég er hv. meðnm. mínum í menntmn. þakklát fyrir þeirra góðu undirtektir og vonast til, að hv. d. sjái sér fært að ljá frv. fylgi sitt og stuðning.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 28. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A 28).

Á 31. fundi í Nd., 17. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Á 55. og 57. fundi í Nd., 19. og 22. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 59. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 28, n. 344 og 433, 473).

Frsm. meiri hl. (Sveinbjörn Högnason): Það hafa komið fram 2 nál. um þetta mál, og stafar það af því, að málinu hafði verið vísað til allshn., en af misgáningi var það sent til menntmn., og hún afgr. það áður en upplýst var um misskilninginn. En samkv. þingsköpum átti málið að vera í menntmn. Meiri hl. allshn. hefir lagt til, að frv. verði samþ., og er því sennilegt, að það nái góðri afgreiðslu, þegar meiri hl. tveggja n. leggur svo eindregið til, að það nái fram að ganga. Það, sem fram á er farið með frv., er, að almannafriðun verði lögákveðin eftir kl. 6 á skírdagskvöld, eins og nú er um aðrar stórhátíðir þjóðkirkjunnar. — Það er óhætt að segja, að fyrir þá, sem telja það rétt, að almannafriðun sé lögleidd á stórhátíðum kristninnar, sé engu síður rétt, að slík friðun gildi einnig um skírdagskvöld, vegna þeirra minninga, sem við það eru bundnar í hugum kristinna manna.

Það hefir komið fram brtt. við frv. frá hv. þm. Ísaf. og hv. 3. þm. Reykv. á þskj. 473, þar sem farið er fram á, að á stórhátíðum sé einnig lögákveðin hvíld á íslenzkum togurum. Ég mun fyrir mitt leyti mæla með þeirri brtt., og í því sambandi get ég minnzt á það, að á aðalfundi prestafélagsins síðast var komið fram með till. svipaðs efnis, um það, að vinna bæri að því, að fiskiskip væru ekki að veiðum á stórhátíðum kirkjunnar. En mér finnst það eitt að brtt. á þskj. 473, að hún gengur ekki nógu langt. Ef banna á togurum að veiða á þessum dögum, þá finnst mér ástæða til að banna það öðrum fiskiskipum einnig, hver sem þau eru, því að ekki mun óalgengt, að önnur skip en togarar sæki sjó á stórhátíðum. Ég hefi því hugsað mér að bera fram við 3. umr. brtt., sem gengur allmiklu lengra í að ákveða fyrir alla sjómenn landsins hvíld frá starfi á öllum stórhátíðum, því að ég tel þá engu síður eiga kröfu til þess heldur en okkur hina, sem í landi störfum.

Vilmundur Jónsson: Ég þarf ekki að mæla með þessari brtt. á þskj. 473. Hún skýrir sig sjálf. En ég vil geta þess viðvíkjandi aths. hv. frsm., að engin ástæða mun til að banna með lögum, að smærri skip en togarar stundi veiðar á stórhátíðum, því að það mun ekki tíðkast. Hins-

vegar skiptir það raunar engu máli, því að það, sem ekki er gert, er engum óhagur í, að sé bannað.

Jón Auðunn Jónsson: Ég vildi aðeins benda á það, að það er miklum vandkvæðum bundið að samþ. þessa till. á þskj. 473, vegna þess, að oft stendur svo á hjá togurum á ísfiskveiðum, að það gæti gert mikinn fjárhagslegan skaða að samþ. till. Þegar togarar eru rétt aðeins við að fylla sig og að því komnir að sigla til Englands með aflann, þá mundu þeir sennilega fara út, þótt þá vantaði 200—300 körfur af fiski, til þess að missa ekki af markaði, því að venjulega stendur svo á, að von er á góðum markaði einmitt um nýárið. Ef þeir ættu að liggja í höfn með aflann, þá er hætt við, að hann seldist ekki eins vel, því að innilega á höfnum er hættuleg fyrir þann fisk, sem búið er að ísa, því að þegar ísinn bráðnar, lekur hann niður á fiskinn og skemmir hann. Að öðru leyti eru íslenzku togararnir orðnir svo illa settir með sínar ísfiskveiðar, að óhugsandi er, að þeir geti haldið lengi áfram. Vökulögin gera það að verkum, að skipshöfnin á þeim verður að vera um 20 manns. Við slík lög eiga aðrar þjóðir ekki að búa, enda komast þær af með 12—13 manns á sínum skipum við ísfiskveiðar. Okkar ísfiskveiðar verða því svo dýrar, að þær þola ekki samkeppnina við aðrar þjóðir. Ef þessi ákvæði verða samþ., þá mun það enn auka á erfiðleikana, í sumum tilfellum a. m. k. Gæti það í ýmsum tilfellum numið þúsundum, jafnvel tugum þúsunda króna fyrir útgerðarmann og skipshöfn. Nú má einnig líta á það, að allir togararnir hafa útvarpstæki, og síðan farið var að varpa út guðsþjónustum, er hlustað á þær á hverju skipi. Það væri að vísu æskilegt og gott, að skipshafnirnar mættu eiga frí þessa daga, en það myndi í ýmsum tilfellum geta bakað bæði útgerðarmönnum og sjómönnum svo mikið tjón, að ég tel ófært að samþ. þessa brtt.

Sveinn Ólafsson: Ég kannast við það, að efni brtt. á þskj. 473, um skyldu togara til að liggja í höfn á stórhátíðum, er í raun og veru rétt hugsað, og ef þörf væri slíkra ákvæða, ættu þau mikinn rétt á sér. En mér finnst æskilegast, að þetta verði óskráð lög. Það ætti ekki að þurfa að gera ráð fyrir, að stórhátíðir væru notaðar til veiðifara. Ég hefði óskað, að ekki þyrfti að setja lög eða fyrirmæli slík sem þessi. En um hitt get ég verið sammála hv. frsm., að ef þetta verður samþ., þá ætti hið sama að ganga yfir aðra veiðimenn, því að ég get ekki séð, að þeir, sem nota aðrar veiðiaðferðir en notaðar eru á botnvörpungum, eigi að vera rétthærri um veiðifarir. Annars hefði ég kunnað betur við, að tekið væri fram í 2. gr. frv., að allur veiðiskapur og veiðiferðir væru bannaðar á stórhátíðum, og þetta fram tekið með almennum ákvæðum, en að ekki væri tekinn út úr einstakur atvinnurekstur með sérákvæðum, sem þá mætti álíta sérstaklega brotlegan í þessu efni.

Ég vil því leggja til, að athugað verði til 3. umr., hvort ekki mætti koma því svo fyrir, að brtt. yrði orðuð almennt eða á þann veg, að ekki benti hún á eina stétt eða sérstakan atvinnurekstur, sem brotlegri væri en aðrir, heldur orðað hlutlaust. Vildi ég því, að hv. flm. till. geymdi hana til 3. umr.

Frsm. meiri hl. (Sveinbjörn Högnason): Hv. þm. Ísaf. var að halda því fram, að ekki væri þörf á slíkri löggjöf, sem felst í brtt. hans, fyrir önnur skip en togarana, því að önnur veiðiskip misnotuðu ekki þessa helgidaga með því að vera að veiðum. Ég held, að þessi ályktun hv. frsm. hljóti að stafa af ókunnugleik hans á þessu, því að frá sumum verstöðvum ganga mótorbátar til fiskiveiða oft og tíðum á stórhátíðum. Mér finnst því sjálfsagt, að ákvæðin í brtt. hans verði gerð almenn og látin ná til allra veiðiskipa, smærri og stærri.

Hv. þm. N.-Ísf. taldi, að erfitt og óhagstætt væri fyrir togarana að framfylgja þessu ákvæði, þegar þeir væru á ísfiskveiðum, en auðveldara, þegar þeir eru að fiska í salt. Það má nú vera, að þessu fylgi einhver óþægindi í fyrstu, fljótt á litið. En það er þá eingöngu um jólahátíðina að ræða. Á árstíðum annara hátíða munu þeir ekki stunda ísfiskveiðar. Ég verð að segja, að enda þótt það valdi einhverjum erfiðleikum í svip að gefa frí yfir aðal-

helgidaga jólanna, þá ætti slíkt ekki að telja eftir þeim mönnum, sem strita allan ársins hring úti á sjónum, fjarri heimilum sínum. Það ætti sannarlega að teljast sjálfsagt að veita þeim frí á aðfangadagskvöld jóla og sjálfan jóladaginn. Ég hefi heyrt útgerðarmenn hér í hv. d. margtaka það fram, að togaraútgerðin væri ekki arðsamur atvinnuvegur nú sem stæði, og þá sízt ísfiskveiðar. Sýnist því ekki mikið í hættu lagt, þótt sjómönnum á togurum væri jafnvel gefið frí yfir jólin og fram yfir nýár frá svo óarðsömu starfi. Eftir þeim upplýsingum, sem útgerðarmennirnir hafa um þetta gefið, sýnist ekki miklu sleppt, þótt þetta væri gert. Það er rétt, sem hv. 1. þm. S.-M. sagði, að æskilegast væri, að ekki þyrfti að lögbjóða þetta frí, en það væri gefið án þess. En reynslan hefir sýnt, að það er algengt, að togararnir séu á fiskveiðum á stórhátíðum, og seilast jafnvel sérstaklega til þess, og er því þörfin mikil fyrir að lögfesta þessi ákvæði. Þurfa þau einnig að ná til smábátaútgerðarinnar. Ég get því verið samþykkur þeirri uppástungu að setja almenn ákvæði um þetta og styð þá till. hans, að brtt. sé tekin aftur við þessa umr. Er þá hægt fyrir 3. umr. að koma fram með till., sem ákveður almenna friðun fyrir sjómenn sem aðra á stórhátíðum kirkjunnar.

Jón Ólafsson [óyfirl.]: Ég hefi ekki mikið að segja um frv. yfirleitt. Ég ætla ekki að fara að leggja mig á neinar vogarskálar móti hv. samþm. mínum um trúarbrögð eða háttalag gagnvart trúarbrögðum. Ég get þó ekki orðið hv. frsm. sammála um þetta frv., og því síður sem ég heyri meira um það talað. Það er nú svo með þennan trúarbragðafjálgleik, að menn nota hann stundum til ýmissa skemmdarverka. Svo er það nú með hv. þm. Ísaf. og hv. 3. þm. Reykv. Þeir vilja ekki koma nálægt málinu í heild, en þeir vilja nota það til að koma fram skemmdarverki, sem þeir vita vel sjálfir, að það er að hamla öflun tekna hjá almenningi. Þeim hlýtur að vera það ljóst, að með till. sinni verða þeir valdir að því, að menn verða sviptir lífsframfæri sínu og þar með gerðir að verri mönnum og verr hugsandi yfirleitt. En þrátt fyrir að þeir vita þetta vel, þá svífast þeir ekki að koma með till., sem verður þess valdandi að draga úr aflabrögðum og þar með tekjum manna.

Mér fannst þó hv. samþm. minn vilja ganga feti lengra. Hann vill láta þetta bann ná til bátaútgerðarinnar líka. Hann vill fyrirbjóða þeim að leita bjargarinnar á helgum dögum, eins fyrir því þótt landlega hafi verið alla vikuna. Þetta væri skemmdarverk, sem mundi kosta þjóðina afarmikið, ef þingið tekur ekki fyrir slíkan ósóma, sem ég þó vil vona, að það geri. Það væri skemmdarverk, þegar kannske er búið að liggja í stofu eða húsum fjóra daga, ef ekki má róa, ef á sjó gefur fimmta daginn, bara af því, að það er sunnudagur. Þetta hafa þó hv. þm. Ísaf. og hv. 3. þm. Reykv. séð. Þótt þeir af sinni alkunnu góðmennsku til togaranna hafi með brtt. sinni viljað gera slíkt hermdarverk á þeim, þá er það þó miklu minna heldur en ef bátaútvegurinn er tekinn með. (**SvbH**: Það er enginn að tala um að banna bátum að róa á sunnudögum). Ég er að tala um það, sem hv. frsm. sagði og hann kvaðst ætla að bera fram brtt. um við 3. umr. (**SvbH**: Vill ekki hv. þm. lesa frv.?). Ég er að tala um það fyrirheit, sem þeir gáfu, hann og hv. 1. þm. S.-M., um að koma með brtt. við 3. umr., sem hefði inni að halda almennt bann gegn helgidagavinnu á sjónum. — Annars var hv. 1. þm. S.-M. ekki viss um það, að togararnir fiskuðu á stórhátíðum, og taldi það ekki líklegt. En ég skal nú fræða hv. þm. á því, og það hélt ég, að hann vissi, að það er engin ánægja í því fólgin að veltast aðgerðarlaus úti í hafi, þótt á stórhátíðum sé. Þeir vilja heldur aðhafast eitthvað heldur en að láta reka í misjöfnum veðrum úti á reginhafi, og brúka því stórhátíðirnar til að fiska, þegar svo stendur á. Þetta hélt ég að jafnskýr maður og kunnugur vissi og mundi skilja. Sem betur fer er þó karlmennska og sjálfsbjargarviðleitni sjómannanna okkar enn svo mikil, að þeir vilja ekki sitja af sér afla, þegar hann er að fá. Svo er þetta enn. En þegar á að fara að nota hverja smugu, sem hægt er að finna, til að aftra mönnum frá að bjarga sér, þá eru atvinnuvegir okkar sannarlega í voða.

Ég vil nú spyrja hv. samþm. minn, hvort hann getur dregið á sig þá helgislepju, sem til þess þarf, að hann vilji nú fara að banna sínum héraðsmönnum að bjarga heyi undan rigningu og skemmdum á helgum degi eða þá að annast skepnuhirðingu, jafnvel þótt á aðfangadag jóla sé. Ég hugsa, að nokkuð annað hljóð kæmi í strokkinn, þegar þangað væri komið. En hv. þm. má vita það, að fiskurinn bíður ekki eftir veiðimanninum, heldur verður hann að taka björgina, þegar hún býðst. Það reyndist Esbjergmönnunum í Sandgerði, sem ekki vildu róa á sunnudag. Fjörðurinn var fullur af síld á laugardag. En á mánudag, þegar þeir ætluðu að taka hana, var hún öll farin. Þeir voru svo beitulausir allan veturinn og öfluðu ekki. — Þetta er bara eitt dæmi þess, hverjar afleiðingar þær till. geta haft, sem nú eru á sveimi.

Vilmundur Jónsson: Ég get tekið það fram, að ég er ekki á móti því, að bætt sé við brtt. minar ákvæði um, að bannið sé látið ná til allra skipa. Frá mínu byggðarlagi þekki ég það ekki, að bátar stundi veiðar þá helgidaga, sem hér um ræðir. En ef þetta er gert í öðrum verstöðvum, þá er sjálfsagt að banna það á sama hátt. Ég get þó ekki fallizt á að taka brtt. aftur. Ég sé ekki betur en að hana megi samþ., og síðan bæta þessu inn í frv. við 3. umr.

Ég veit, að fjárhagslegur skaði getur orðið að þessu banni. En sá kostnaður er þó varla mikill í samanburði við það, sem yfirleitt kostar að halda jól og aðrar stórhátíðir. Til þess fer árlega stórfé á þessu landi, líklega svo skiptir hundruðum þúsunda, ef ekki millj. króna. Og þó er það gert. Mér skilst, að annað eins og þetta eigi ekki að meta til peninga. Ég skal þó játa, að það er ekki af neinum trúarhuga, að ég ber fram þessa brtt. Fyrir mér er þetta blátt áfram sjálfsagt mannúðarmál. Þessar hátíðir eru mestu fridagar þjóðarinnar, sérstaklega jólin. Ég hefi veitt því eftirtekt, að það er eins og togaraskipstjórarnir sumir geri sér stundum beinlínis leik að því, líklega til að sýna vald sitt, að fara út úr höfn á aðfangadaginn, rétt áður en jólahelgin byrjar. Slíkan ruddaskap á ekki að vera hægt að hafa í frammi. Ég hygg, að öllum skipverjum væri þá sérstaklega ljúft að vera hjá venzlafólki sínu og njóta með því jólanna, og þá ekki síður venzlafólkinu að hafa ástvini sína heima, í stað þess að vita þá í lífsháska úti á reginhafi. Og þarf hér ekki trúarlegar ástæður til. Nú geri ég ráð fyrir, að allir séu sanntrúaðir hér í hv. d. nema ég einn, og sanntrúaðir menn geta alls ekki verið í vafa um, hvort meira beri að meta boð drottins, sem fyrirskipar að halda skuli jafnvel hvern einfaldan hvíldardag heilagan, hvað þá jólanóttina, eða skipun Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda, sem þykist ekki hafa ráð á að leyfa slíkt helgihald. Ég held, að þeir hljóti að telja sér skylt að hlýða boði drottins, hvað sem það kostar togaraútveginn, og jafnvel þó að það setti hann á hausinn. Og þeir yrðu meira að segja að gera það, þó að miklu lengra væri gengið. Togaraeigendurnir mega því vera mjög þakklátir, meðan enginn gerist svo bíræfinn að heimta meira en þessa 4 daga fyrir hönd drottins. — Raunar hefi ég heyrt, að í nýútkomnu barnalærdómskveri hafi verið strikuð út setning, sem var í mínu kveri og hljóðaði um það, að framar beri að hlýða guði en mönnum. Ef til vill hefir það verið gert eftir ráðstöfun Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda. Það er nú gott að fá atkvgr. hér í hv. deild um það, hverja skoðun hún hefir á þessu boðorði. Og til þess, að það komi alveg glöggt fram, vil ég óska nafnakalls um brtt. mína.

Frsm. meiri hl. (Sveinbjörn Högnason): Mér þykir það leiðinlegt, að þessi góði og mæti maður, hv. samþm. minn, skuli hafa misskilið svo hrapallega það, sem ég sagði, vegna þess, að hann hefir ekki kynnt sér frv. og brtt. á þskj. 473. En á hvorugu því þskj. er um annað að ræða en að banna veiðar á sjálfum stórhátíðunum, en þær eru eins og kunnugt er ekki margar. Hitt er hvergi farið fram á, að banna að vinna á öðrum helgidögum, eins og mér þó virtist hv. samþm. minn skilja það. Þetta er því alger misskilningur. Hitt er annað, að ég hefi enga trú á því, að sunnudagavinna muni yfirleitt vera til blessunar, hvorki þeim, sem vinna hana, né þeim, er verða hennar

aðnjótandi. Þá er það misskilningur hv. þm., að helgidagafriðunin sé frá trúarbrögðunum runnin að öllu leyti og að hér sé því um helgislepju að ræða, eins og hann orðaði það. Ég get frætt hann á því, að hvíldardagurinn er ekki upp tekinn eingöngu sem trúarboð, heldur er hann sprottinn jafnframt upp af hagnýtri fræði frumþjóðanna, og vitrir menn sáu, að hann var líka hagnýtur fyrir menningarþjóðir nútímans.

Ég er alveg sannfærður um það, að það er ekkert hermdarverk unnið með því, þótt þetur sé tryggður en verið hefir almannafriður á helgum dögum og hvíldardögum þjóðkirkjunnar.

Hv. þm. var að tala um, að sjómennirnir mundu heldur kjósa fiskinn en hvíldina. Svo mikið væri þó eftir af þeim kjarki og karlmennsku, sem hefði einkennt sjómannastéttina, sagði hann. Ég minnist nú þess, að hv. þm. eða skoðanabræður hans sögðu eitthvað svipað, þegar togaravökulögin voru til umr. Þá var viðkvæðið, að sjómennirnir sjálfir kysu að þræla svefnlausir áfram, þangað til þeir dyttu út af sofandi og uppgefnir, heldur en að sofna og endurnærast til starfs síns. Ég veit nú, að hv. þm. er fyrir löngu búinn að sjá, að þetta var mesti misskilningur. Og það er einmitt meðfram vökulögunum að þakka, að enn er kjarkur og dugur í íslenzku sjómönnunum. Þennan kjark og dug er hægt að murka úr þeim með of miklum þrældómi og skammsýni. — Mér er kunnugt um það, að fiskimennirnir þrá að halda hátíðir á heimilum sínum og með ástvinum sínum, eins og aðrir menn, og hvílast engu síður en við, sem í landi vinnum og erum þakklátir fyrir að fá hvíld frá okkar störfum. Ég vil taka það fram, að þótt þetta sé einnig trúarlegt atriði fyrir mér, þá er helgidagahvíldin einnig hagfræðilegt atriði í atvinnuháttum hverrar þjóðar, og til þess ættu hv. þm. þó að taka tillit.

Þá spurði hv. þm., hvort ég vildi draga upp þá helgislepju í mínu héraði að banna mönnum heyvinnu á helgidögum. Ég get sagt hv. samþm. mínum, að ég brýni það fyrir mönnum þar, bæði leynt og ljóst, og þykist sjálfur gefa þar eftirdæmi, að vinna svo lítið á helgidögum sem unnt er. Ég er sjálfur framleiðandi og hefi þó enn ekki notað sunnudagana um sláttinn til heyþurrkunar og aldrei orðið neitt hált á því. Og ég býst ekki við, að ég breyti um þá skoðun, að helgidagavinna sé jafnan til ills eins, ef mögulegt er að komast hjá henni. Sú skoðun er ekki eingöngu af trúarlegum rótum runnin hjá mér, heldur og einnig af þeirri sannfæringu, að það sé nauðsyn hverjum manni, sem starfar vel, að geta hvílzt og endurnært krafta sína öðru hverju.

Jón Auðunn Jónsson: Hv. frsm. sagði, að helgihald væri upprunnið í Austurlöndum af algerlega hagnýtum ástæðum. Ef svo er og ekkert trúarlegt við það bundið, þá sé ég ekki, hvers vegna á að halda þessari reglu mjög fast að okkur Íslendingum, því að í mörgum tilfellum er það hér á landi bein nauðsyn, frá hagfræðilegu sjónarmiði séð, að vinna á helgidögum. Ég skal benda á smábátaútveginn. Það getur komið fyrir, að menn komist ekki á sjó hálfa eða heila vikuna til að ná upp netjum sínum. Svo gefur á sunnudegi. Eiga þeir þá að eiga það á hættu að missa bæði net og afla, eða eiga þeir að fá að bjarga eignum sínum, þótt helgur dagur sé? Það má nefna fjölda tilfella, þar sem orðið getur brýn nauðsyn á að nota sunnudagana til að forðast stórtjón. Þótt ég vilji ekki viðurkenna, að ég sé miklu verr kristinn en allur almenningur, þá get ég samt ekki talið það vilja guðs að meina mönnum að bjarga atvinnu sinni og afkomu undan stórskemmdum, þótt á helgum degi sé. Það er dálítið annað, þegar helgihald annara er truflað með vinnu, t. d. þegar unnið er í bæjum um messutímann. Það hagar öðruvísi til úti á sjó en í landi í þessu tilfelli. Ég veit, að á mörgum togurum er alls ekki unnið frá aðfangadagskvöldi og fram yfir miðjan jóladag, nema því aðeins, að fyrirsjáanlegt sé, að með því verði eyðilögð heil veiðiför. Menn hafa talað hér eins og ísfiskveiðar væru stundaðar árið um kring. En það er nú eitthvað annað. Á síðustu vertíð, árið 1931, stundaði togari sá, sem ég sé um, ísfiskveiðar í þrjá mánuði; þar af voru 47 innilegudagar vegna óveðurs. Það er alvanalegt, að yfir haustvertíðina sé a. m. k. þriðji hver

dagur og stundum helmingur, sem ekki verða stundaðar veiðar vegna storma. Það er víst, að sé bannað að veiða, þótt ekki sé nema 5—6 klst., þegar gott er veður, þá getur það eyðilagt heilan túr. Ég held, að það sé betra að láta skipshöfnina sjálfa um það, hvort hún starfar að veiðum þessa tíma eða ekki.

Hv. þm. Ísaf. reiknaðist það vera milljónatap fyrir þjóðina að halda jólahelgi. Ég held þetta sé fjarri sanni. Jólin eru á þeim tíma árs, þegar langflestir landsmenn geta látið vera að vinna sér að meinalausu. Það eru aðeins fiskimennirnir, sem geta beðið tjón, ef vinna er felld niður, aðrir ekki.

Það er rétt, að það er leiðinlegt að sjá skip fara á veiðar rétt fyrir jólin, jafnvel á aðfangadag. Ég væri ekki á móti að banna slíkt, því að það er næsta óviðkunnanlegt.

Hv. þm. talaði um vökulögin. Ég var samþykkur þeim að því er saltfiskveiðar snertir. En á ísfiskveiðum eiga þau ekki við. Vegna þeirra þarf þriðjungi fleiri menn á skipin á ísfiskveiðum en keppinautar okkar, Englendingar og Þjóðverjar, nota. Þá er alltaf hægt að fá sér hvíld meðan varpan er niðri, svo sem klst. í senn. Það er ekki mikill svefn að vísu, en þó nokkur hvíld. Þess er líka að gæta, að meðan siglt er til Englands með aflann og aftur heim, þá er nóg hvíld. Sannleikurinn er sá, að meðan togararnir stunda ísfiskveiðar, þá er vinnan óvenjulega létt. Hún er stórkostlega miklu léttari en vinna á línuveiðurum og stórum mótorbátum.

En ef það á yfirleitt að banna að vinna á helgidögum og hátíðum á togurum, hvað sem við liggur, hví þá ekki að banna það líka á millilandaskipunum? Það ætti ekki að vera síður ástæða til þess. En það kann að vera, að hv. þm. þekki ofurlítið betur til þess atvinnurekstrar og verði því ekki eins auðfengnir til að ganga inn á það.

Jónas Þorbergsson: Ég vil taka það fram, að fyrir mitt leyti hefi ég mesta tilhneigingu til að fylgja anda Móselaga í þessu efni. En þau segja: „Sex daga skalt þú verk þitt vinna, en sjöunda daginn skaltu halda heilagan". M. ö. o. að láta hvíldarþörfina ráða eftir því, sem við verður komið. En ég er á móti því, að gengið sé af trúarlegum ástæðum lengra í helgihaldi en nú er gert. Ég lít svo á, að hvíldardagar séu nauðsynlegir til að koma í veg fyrir ofþrælkun manna, enda er nú svo ráð fyrir gert, að sunnudagar séu haldnir sem hvíldardagar. En nú snertir brtt. ekki þetta efni, heldur stórhátíðirnar, þar sem 3 dagar eru helgir í röð. Ég hefi þó tilhneigingu til þess að vera með því ákvæði brtt., að það skuli vera skýlaus skylda skipstjóra, að vera í höfn, og helzt í heimahöfn skipsins yfir hátíðirnar, ef unnt er. Ég veit dæmi til þess héðan úr Rvík, að togarar hafa farið út rétt fyrir jólin, jafnvel á aðfangadag. En þar sem þessi brtt. er bundin við aðra till., sem ég sé ekki ástæðu til að vera með, þá mun ég greiða atkv. gegn brtt. og málinu í heild sinni.

Jón Ólafsson [óyfirl.]: Hv. samþm. minn hefir nú heldur dregið inn frá sinni fyrri ræðu. Það er rétt, að frv. sjálft gaf ekki tilefni til orða minna, en það var þetta fyrirheit hans um að koma fram með brtt. við frv. við 3. umr, sem orð mín áðan voru miðuð við. En honum skjátlast, þegar hann segir, að ég haldi hinu sama fram nú og þegar vökulögin voru fyrst samþ. Ég átti þá alls ekki sæti á Alþingi og gat því engu haldið fram þar. En ég get trúað honum fyrir því, að ég var á móti þeim, og það af ástæðum, sem nú eru þegar komnar fram. Ég sá ekki, að hægt væri að halda skipunum úti í samkeppni við aðrar þjóðir með 4—5 mönnum fleira á hverju skipi en þær hafa. Það hlýtur að reka að því, að þeir, sem búa við slíkar kvaðir, dragist aftur úr í samkeppni þjóðanna. Það er nú komið á daginn, og stend ég því með pálmann í höndunum að því leyti, að ég sá rétt þá.

Hv. þm. Ísaf. hefir nú um hríð verið leiðtogi þeirra Ísfirðinga í heilbrigðismálum, eins og vera bar. Ég ætla, að hann hafi og verið í stjórn samvinnufélags þeirra, og því líka leiðtogi í atvinnumálum. Nú vill hann líka gerast leiðtogi í kristindómsmálum. En þá ætti hann líka að fara rétt með tilvitnanir í ritninguna. Hann sagði, að framar bæri að hlýða

guði en mammon. Hingað til hefir þessi tilvitnun verið höfð svo, að framar bæri að hlýða guði en mönnum. Ég get ekki talið hann fyllilega færan um að gerast leiðtogi í trúarefnum, meðan hann fer svona með tilvitnanir, og get því ekki óskað Ísfirðingum til hamingju með hann sem trúarbragðakennara.

Jóhann Jósefsson: Það er dálítið einkennilegt fyrirbrigði, að hér á Alþingi er einlægt verið að reyna að seilast inn á verksvið togaraútgerðarinnar með löggjöf. Þetta er gagnstætt því, sem aðrar þjóðir gera. Mér er ekki kunnugt um, að nein þjóð hafi innleitt hjá sér svipuð ákvæði og vökulögin okkar, sem jafnaðarmenn hafa hrósað sér af að hafa komið á, en hafa vitanlega haft það í för með sér, að við erum ekki samkeppnisfærir við aðrar þjóðir. Hafa ísl. togaraskipstjórar sagt að mér áheyrandi, að þeim lægi við að skammast sín, þegar þeir kæmu til Englands með jafnmikinn afla eftir túrinn með 18 menn og útlendingar, sem aðeins hafa 13. Það má vera, að á tímabili hafi verið þörf á að taka fram fyrir hendurnar á einstöku skipstjóra í þessu efni. En sá tími er löngu liðinn.

Þetta frv. er líka notað til þess að seilast inn á verksvið þessa atvinnurekstrar. En ég held, að það sé bezt, að hann sé sjálfráður hér, svo sem hann er hjá öðrum þjóðum. Það er auðvitað, að hlutur hásetanna rýrnar við allar þessar hömlur. Þær miða að því að rýra afkomu skipanna. Ég efa það, að fjöldi íslenzkra sjómanna verði flm. brtt. þakklátir, verði beint bann lagt við helgidagavinnu á togurunum, þótt allar ástæður mæli með henni, t. d. veðurlag og annað. Það er eitt, hvernig æskilegt er að haga sér, annað, hvort setja eigi bindandi og ófrávíkjanleg lagaákvæði um það. Auk þess er það almennt viðurkennt, að menn eigi að hafa sem víðtækast frelsi í þessum efnum. Þeirri skoðun vil ég ekki ganga á móti að nauðsynjalausu.

Hv. frsm. staðhæfði tvennt, sem ég held, að ekki sé rétt. Í fyrsta lagi sagðist hann þekkja þess mjög mörg dæmi, að stórhátíðirnar væru notaðar til veiða. Annað var það, er hann sagði, að það væri ekki of mikið, þótt lögboðið væri, að skipin sigldu inn og lægju þar yfir hátíðirnar, þegar þau væru á sjónum allan ársins hring. Því er nú miður, að sá afturkippur er orðinn, að sjómenn ganga atvinnulausir mikinn hluta árs. Skipunum er ekki lengur stöðugt haldið úti. Þetta sýnir, að hv. þm. hefir ekki nægan kunnugleik á því, sem hann er að ræða um. Í ár er útlit fyrir, að dauði kaflinn hjá togaramönnum verði lengri en nokkru sinni áður.

Ég kann illa þeim tón í garð togaraskipstjóra, sem gætir mjög hér á þingi, einkanlega hjá kommúnistum þessarar hv. d. og þ. á m. hv. frsm., sem verður að teljast til þeirra, þar sem hann hefir þar a. m. k. annan fótinn. Það er rétt eins og það þurfi með löggjöf að hafa vakandi auga á því, að þeir skaðskemmi ekki skipshafnir sínar með of mikilli vinnu. Ég er talsvert kunnugur aðbúnaði á útlendum togurum og erlendum sjómönnum, og mér virðist aðbúnaðurinn þar vera sízt betri en á íslenzkum skipum, né íslenzkir sjómenn líta út fyrir að vera verr haldnir en erlendir stéttarbræður þeirra. Ég skil ekki í því, hvaða ástæða er til þess að tala ávallt um skipstjóra eins og harðstjóra, sem löggjafinn þurfi að vera á hælunum á til að vernda líf og heilsu undirmanna þeirra. Ég hefi aldrei hitt íslenzkan háseta, sem hefir kvartað um illan aðbúnað á togara eða óhóflega vinnuþrælkun.

Hitt atriðið, sem hv. þm. talaði um eins og hann þekkti það ákaflega vel, var það, hvernig jólin væru haldin í veiðistöðvunum. Hann taldi það algengt, að bátar notuðu jólahátíðina til veiða. Í þeirri veiðistöð, sem ég þekki bezt til — og það er ákaflega stór veiðistöð —, á slíkt sér samt sem áður ekki stað. Hitt er annað mál, þótt það hafi komið fyrir, að bátar hafi neyðzt til að fara á sjó á helgum, hafi þeir t. d. daginn áður orðið að fara frá lóðum sínum. En þetta er engin regla, og Alþingi þarf ekkert að skipta sér af þeim hlut. Yfirleitt er þinginu ráðlegast að seilast sem minnst inn á svið þessa atvinnurekstrar með lagaboðum, er banni vinnu, og á þessum tímum er það allt annað, sem það þarf að gera en að banna mönnum að bjarga sér.

Hv. þm. Ísaf. var að gabbast að því, að

við atkvgr. yrðu þm. að gera það upp við sig, hvort þeir vildu fylgja boðum guðs eða mammons. Ég skil ekki, að hv. þm. Ísaf. geti talizt neinn trúarinnar sendiboði hér í deildinni. Mér hefir ekki virzt hann þesslegur. Það má þó vel vera, að hann sé einhverrar trúar. Þetta er svo margvíslegt. Tyrkinn trúir á tunglið, að því er sagt er. Nú er það vitanlegt, að hv. þm. hefir haft það gagn af sinni pólitísku aðstöðu að komast í eitt launahæsta embætti landsins. Það getur því vel verið, að hv. þm. trúi líka á eitthvað kringlótt.

Hv. þm. Dal. tjáði sig mundu greiða atkv. móti þessu öllu saman, en hafði þó tilhneigingu til að fylgja Móselögum um þetta efni, að hann sagði. Mér kom það ekki á óvart, að hv. þm. vitnaði í Móselög. Þeir hafa sjálfsagt farið með samskonar yfirlýsingar, farisearnir, sem spurðu að því fyrir 1900 árum, hvort lækna mætti á helgidegi.

Sem sagt, mér virðist engin aðkallandi nauðsyn vera á því að setja nú ný ákvæði um vinnubrögð á togaraflotanum. Hann hefir ekki uppskorið hingað til annað en það að vera lamaður af þeim reglum, sem Alþingi hefir sett. Það eru nógu margir hvíldartímar fyrir þá, sem vinna á togurum, af öðrum ástæðum, t. d. óveðrum. Er því sízt ástæða til með nýrri löggjöf að skerða þá vinnudaga, sem þeim annars geta fallið í skaut.

Jónas Þorbergsson: Það eru aðeins fá orð út af ummælum hv. 1. þm. Rang. Ég sagði ekki annað en það, að ég gæti fylgt löggjöf, sem kæmi í veg fyrir ofþrælkun manna. Það er alveg hið sama og boðið er í Móselögum, að halda hvíldardaginn heilagan til að tryggja hæfilegan hvíldartíma. Þetta á vitanlega að ná til alls þjóðfélagsins. En nú hafa verið sett sérstök lög um hvíldartíma á togurunum, af því að hin almenna regla hefir ekki þótt geta samrímazt þörfum hans. Annars tók ég það skýrt fram, að ég væri mótfallinn því, að af trúarlegum ástæðum væri verið að auka helgidagahald í landinu. Illknittni hv. þm. Vestm. þarf ég ekki að svara. Það, sem hann sagði, vottaði ekki einungis um skilningsbrest hans, heldur og um innræti hans, sem kemur fram í þeirri tilhneigingu hans að skyrpa úr klaufum til annara dm., hvort sem honum er gefið tilefni eða ekki.

Frsm. meiri hl. (Sveinbjörn Högnason): Ég skal ekki lengja umr. mikið, sem þegar eru orðnar nógu langar um þetta mál. Hv. samþm. minn sagði, að ég hefði dregið inn seglin um að lögákveða hvíldartíma fyrir alla sjómenn á stórhátíðum. Ég skal sýna honum, hvort svo er, við 3. umr. og láta þá verkin tala í þessu efni. Hv. þm. sagði, að það hefði verið misskilningur minn, að hann hafi verið orðinn þm. þegar vökulögin voru samþ. Þótt svo hafi verið, þá skiptir það ekki miklu máli, því að hv. þm. hefir viðurkennt, að hann hafi þá verið á móti þeim, og hefir oft minnzt á það hér í þessari hv. d. síðan. Ég álít ekki vert að draga vökulögin mikið inn í þessar umr. Hinsvegar viðurkenna sjómenn, að þau lög hafi orðið þeim til mikils góðs og hafi bjargað þeim mörgum frá algerðu heilsuleysi, er þeim var annars búið af of miklu erfiði og of lítilli hvíld. Ég vil spyrja hv. þm., sem þykist standa með pálmann í höndunum í því máli, hvort hann þekkir ekki einhverja menn, sem ófærir urðu til vinnu fyrir þessar sakir? Það er ekki af illum hug til útgerðarinnar, sem ég segi þetta. Ég veit, að mikið kapp var lagt á veiðarnar og að þess vegna var ekki alltaf stillt í hóf.

Ég er ekki sammála hv. þm. Vestm. um, að íslenzkir skipstjórar þurfi að skammast sín gagnvart útlendum skipstjórum, þegar þeir koma í útlenda höfn til að selja fisk, fyrir það að hafa fleiri menn en þeir. Það er almennt viðurkennt, að íslenzku skipin fá meiri afla og á styttri tíma en þau útlendu, þótt miðað sé við mannfjölda á þeim. Þetta er reglan, þótt undantekningar kunni að vera á því.

Hv. þm. Vestm. talaði um, að það ætti að vera viðurkennt, að víðtækt frelsi gilti um þetta efni sem önnur. Ég er honum alveg sammála. Ég vil, að sjómennirnir hafi sama frelsi og sömu mannréttindi og við hinir, sem störfum á landi. Ég vil ekki, að þeim sé að þarflitlu bægt frá því að njóta helgidagshvíldarinnar í þeim litla mæli, sem frv. þetta ætlar

þeim. En það er alger misskilningur, að ég í þessu efni sé að senda illan tón til skipstjóranna. Þeir eru yfirleitt duglegir og góðir menn. Ég þekki það nokkuð af eigin raun, því að ég hefi verið á togara, þótt stuttan tíma væri. Ég veit því, að þeir eru vel liðnir yfirleitt og treyst af mönnum sínum og að þeir vilja sýna þeim fulla sanngirni. En það er vitað, að samkeppni er mikil milli skipstjóranna og að hún hefir stundum knúð þá of langt í því að sækja veiði sína, og af þeirri ástæðu hafa þeir ekki alltaf unnað hásetum sínum hæfilegrar hvíldar, þegar engin takmörk voru sett.

Hv. þm. Vestm. fór að tala um kommúnista og vildi telja mig til þeirra. Fyrst hann gerir það, þá vil ég nú vinsamlegast beina þeirri ósk til hans, að ef ég kæmi einhverntíma í kynnisför heim í kjördæmi hans, þá sjái hann um, að ég geti fengið þar húsnæði með skotheldum tjöldum fyrir gluggum. Það mun vera vissara á þeim stað að gæta þeirrar varúðarreglu, ef vissir menn þar gruna mann um að hafa svo háskalega skoðun á landsmálum eins og kommúnistar. (MG: Eru ekki öll gluggatjöld skotheld í Vestmannaeyjum?). Mér er ekki kunnugt um það, en sum hafa reynzt svo. Ég fer bara fram á þetta vegna þess, að það er nú talið vissara að gæta slíkrar varúðar á þeim stöðum.

Hv. þm. Vestm. þykist ekki vita til þess, að róið sé til fiskjar á stórhátíðum. Það er þó víst, að þetta hefir verið gert í hans kjördæmi. Mér er vel kunnugt um það. Og þegar hann því kemur með skýlausar yfirlýsingar hér um það gagnstæða, sem bæði hann og aðrir vita vel, að ekki eru sannar, þá ætti hann ekki að vera að bregða öðrum þm. um farisea-hátt og hræsni.

Jón Ólafsson [óyfirl.]: Mér þykir mikið fyrir því að verða að bera það fram, að mér þykir hv. samþm. minn helzt til trúgjarn, ef hann heldur, að vökulögin hafi orðið til að vernda heilsu manna og krafta, og að menn hafi, áður en þau komu, gerslitið sér út af erfiði á fiskiflotanum. Ég er nú einn elzti útgerðarmaðurinn hér og hefi því haft gott tækifæri til að fylgjast með þessum málum frá upphafi. Og ég veit ekki til þess, að einn einasti sjómaður hafi misst heilsu og farið í land af þeim ástæðum. Allt, sem um þetta er sagt, er bara hreinn og beinn loddaraleikur, sem leikinn hefir verið hér í d. hvað eftir annað, þegar þessi atriði hafa verið á dagskrá. Eins og ég sagði, þá hefi ég fylgzt vel með þessu. Og ég get fullyrt, að engir menn eru yfirleitt kraustlegri en einmitt togarahásetarnir. Þeir hafa hvorki verið beittir ófrelsi né þrælkun. Þeir hafa fengið sín sumarfrí, fengið að fara í land, þegar svo hefir staðið á, og mátt fá menn fyrir sig í staðinn. Þeir hafa haft miklu frjálsara og hollara líf en nokkur sveitabóndi hefir. Ég segi þetta, svo að hv. samþm. minn sé ekki lengur að fleipra með þetta alveg út í bláinn.

Þá sagði hv. þm., að íslenzku togararnir fengju meiri afla en þeir útlendu. Þetta má nú rétt vera hvað magn snertir. En það skilur, að íslenzki fiskurinn er yfirleitt stærri. Er hann því meiri að vöxtum en sá fiskur, sem Englendingar fiska. Við höfum t. d. ekki nema 1/10 hluta af kola á móts við þá. Þótt við því kunnum að hafa tugum smálesta meiri fisk en þeir, þá er ekki þar með gefið, að við fáum hlutfallslega eins mikið verð fyrir okkar afla, heldur þvert á móti, vegna þess hvað stórfiskurinn, sem við einkum veiðum, er verðminni. Það er því ekki hægt að bera saman magn aflans, nema bera saman tegundirnar líka.

Íslenzku fiskimennirnir þurfa yfirleitt að nota hvern þann dag, sem afla er að fá. Hinir dagarnir, þegar ekkert er hægt að aðhafast, verða nógu margir fyrir því, og alveg nægjanlega margir til hvíldar fyrir hásetana. Svo óstöðug er veðráttan hjá okkur. Og ég vil engum banna að bjarga sér, þegar afli býðst. En þetta, sem hér liggur fyrir, er einn angi af þeirri hugsun. Og með vökulögunum var enn meira að því gert. Það getur verið, að ánægjubrosið minnki á vörum þeirra manna, er að slíkum lögum standa, þegar þeir næsta haust kunna að sjá, að ekki er lengur hægt að gera út, af því að við, sökum of mikils mannahalds vegna vökulaganna, þolum ekki samkeppnina við Englendinga, þegar tollurinn þar bætist ofan á þennan dauðadæmda at-

vinnuveg, sem engar líkur eru til, að þá geti haldið áfram. Þá geta þeir hlakkað, sem að þessu hafa unnið, yfir því, að hásetarnir fái mikinn svefn og góða hvíld. Því hvar verður gleðina að finna, ef ekki þar? — Þá verður nógur tími til að svara því, ef við þá ekki verðum allir dauðir.

Jóhann Jósefsson: Hv. frsm. hélt því fram, að ég færi með rangar staðhæfingar um notkun Vestm. á stórhátíðum. En þetta er ekki rétt. Ég var að mótmæla því, að þeir noti stórhátíðir til að róa. Það er regla þeirra að gera það ekki. Hitt kannast ég við, að þeir róa á öðrum helgidögum einstöku sinnum. En hér er eingöngu um að ræða stórhátíðir í þessu sambandi. Og það er hvorki venja þeirra að róa þá né t. d. á föstudaginn langa. Hv. þm. hefir engan rétt til að bera brigður á þetta, því að ég er þessu miklu kunnugri en hann. Og þótt undantekningar kunni að finnast, þá eru þær vegna knýjandi nauðsynjar, svo að engin ástæða er til að setja löggjöf um þetta þeirra vegna. Ég hygg nú, að þótt hv. frsm. stundi ekki sjálfur sunnudagaheyskap, að hans eigin sögn, þá mundi hann varla fara að kæra nágranna sína, þótt þeir væru brotlegir um slíkt, ef mikið lægi við að koma heyi undan hrakningi.

Hv. þm. Dal. virtist taka það illa upp, að ég minntist lítillega á skoðanabræður hans austur á Gyðingalandi, sem uppi voru fyrir mörgum öldum síðan. Ég get nú ekki skilið, hverju hann reiddist. Ef það hefir verið illkvittni af mér að segja þetta og nefna hann skoðanabróður fariseanna, þá væri það allt að einu illkvittni, ef einhver, sem uppi verður eftir 100—200 ár t. d., kallaði einhvern annan skoðanabróður útvarpsstjórans, sem uppi var á Íslandi það herrans ár 1932. Ég sagði þetta vitanlega af því, að hv. þm. taldi sig fylgja Móselögum, en það töldu farisearnir sig líka gera. —

Það gleður sjálfsagt kommúnista, að hv. frsm. hefir í hyggju að heimsækja Vestmannaeyjar. Hann ætti að koma boðum til kommúnistanna þar um að hann sé væntanlegur. Og þar sem nú má heita fullkomlega upplýst, að það var kommúnisti, sem bjó til hið fræga gat á rúðuna, þá er líka rétt, að boðunum fylgi sú ósk, að þeir noti ekki rottubyssurnar, þegar þeir fá svo góða heimsókn.

Vilmundur Jónsson: Hv. 1. þm. Rang. talaði um loddaraskap í þessu máli. Ég held, að það hafi ekki átt svo illa við. Þetta frv. er um breyt. á l., sem eru um mjög smávægileg atriði, svo sem eins og það að banna fundarhöld á helgidögum fyrr en eftir kl. 3 og saklausar skemmtisamkomur ákveðin helgidagakvöld. Einu slíku kvöldbanni átti nú að bæta við. Allir hv. þm. Ed. fórnuðu höndum af guðrækni og frv. flaug þar í gegnum d. Þegar það svo kemur hingað, er guðræknisáhuginn svo mikill, að tvær n. taka málið að sér, gefa báðar út um það nál. og óska þess báðar, að frv. verði tafarlaust samþ. Og þetta er á þeim tíma, sem hvert merkismálið eftir annað er saltað í n. og dæmist til að sjá aldrei dagsins ljós. Nú vildi ég gjarnan vita, hver alvara fylgdi þessari miklu guðrækni hv. þdm. Ég kom því fram með brtt., sem hefir mikla þýðingu fyrir fjölda manna, alla sjómennina á togaraflotanum, og er um það, hvort þeir eigi að hafa frí frá vinnu sinni sjálfa jólanóttina, sem er hin mesta trúarhátíð öllu kristnu fólki og þjóðhátíð jafnt vantrúaðra sem trúaðra. En hvað skeður þá? Þá stekkur hver eftir annað upp og mótmælir. Allur trúar- og guðræknisáhuginn er horfinn. Þetta kostar peninga! Ég vil nú prófa hugi manna enn betur og óska því eftir skilmerkilegu nafnakalli. Og þar sem ekki virðist ætla að blása byrlega fyrir brtt. minni, þá skora ég á hv. dm., ef hún verður felld, að hætta þá öllum loddaraskap og fella þetta ómerkilega frv., sem felur í sér það eitt að banna fólki að ganga í öllu „skikkelsi" á bíó á skírdagskvöld.

Frsm. meiri hl. (Sveinbjörn Högnason): Hv. samþm. minn virtist sannfærður um, að ef togaraflotinn yrði fyrir erfiðleikum á næsta hausti, þá yrði það samþykkt þessa frv. að kenna. Hann er nú svo kunnugur, að hann mætti um þetta vita. En heldur þykir mér nú þetta stór fullyrðing, ekki síst þegar þess er gætt, að ákvæði laganna yrðu alls ekki komin til framkvæmda á næsta hausti!

Hv. þm. spurði, hvar gleðin yrði þá. Ég hygg, að óhætt sé að fullyrða, að gleðin, sem fylgir hverju góðu og heiðarlegu starfi, njóti sín svo bezt, að hvíld og starf skiptist á. Og togaramennirnir þurfa engu síður að fá hvíld en aðrir menn í sínu erfiða starfi.

Hv. þm. Vestm. vildi ekki kannast við, að róið væri á stórhátíðum í sínu kjördæmi. Hann dró þessa staðhæfingu sína nú nokkuð inn í síðustu ræðu sinni. Hann bar ekki á móti því, að þetta ætti sér stað, en hélt sig einungis við, að það væri ekki regla. Ég hefi heldur aldrei sagt, að það væri regla þar að róa á stórhátíðum. Get ég vitnað um það til hv. d. Ég sagði bara, að það væri gert þar stundum, svo að okkur ber þá ekki mikið á milli um það. Þetta er misnotað þar sem víðar, án þess að brýna nauðsyn beri til, svo sem að bjarga þurfi veiðarfærum, eins og hann vildi halda fram, og erum við þá sammála eftir allt í þessu efni.

ATKVGR.

Brtt. 473,1 (ný gr., verður 1. gr.) samþ. með 11:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StgrS, SvbH, VJ, ÞorlJ, BSt, BKr, HStef, HG, HV, IngB, LH.

nei: MJ, BJ, GÍ, HJ, JJós, JAJ, JÓl, MG, JörB.

JónasÞ greiddi ekki atkv.

Sjö þm. (ÓTh, PO, SvÓ, TrÞ, ÁÁ, BÁ, EA) fjarstaddir.

Frvgr. felld með 11:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BSt, HStef, JJós, MG, MJ, SvbH, ÞorlJ.

nei: BJ, BKr, GÍ, HJ, IngB, JAJ, JÓl, LH, StgrS, VJ, JörB.

HG, HV, JónasÞ greiddu ekki atkv.

Sjö þm. (BÁ, EA, ÓTh, PO, SvÓ, TrÞ, ÁÁ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. fellt frá 3. umr. með 12:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HG, HV, JónasÞ, StgrS, SvbH, VJ, ÞorlJ, BJ[2]).

nei: BKr[1]), GÍ, HStef, HJ, IngB, JJós, JAJ, JÓl, LH, MG, MJ, JörB.

BSt[3]) greiddi ekki atkv.

Sjö þm. (BÁ, EA, ÓTh, PO, SvÓ, TrÞ, ÁÁ) fjarstaddir.

5. Hafnarfjarðarvegur.

Á 17. fundi í Ed., 1. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um nýjan veg milli Hafnarfjarðar og suðurlandsbrautar (þmfrv., A. 56).

Á 19. fundi í Ed., 3. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Bjarni Snæbjörnsson): Eins og hv. þdm. er kunnugt, var frv. þetta flutt á sumarþinginu. Þó að ég mælti allýtarlega með málinu þá í framsögu, get ég ekki látið hjá líða að fara um það nokkrum orðum nú. Mun ég þó ekki tefja hv. d. lengi.

Ég vil benda hv. d. á það, að það er mjög stór hluti af þjóðinni, sem þetta mál snertir. Eru það allir, sem á sunnanverðum Reykjanesskaganum búa, Hafnfirðingar og Reykvíkingar, eða m. ö. o. fullur þriðjungur þjóðarinnar.

Þó að frv. næði ekki afgreiðslu í sumar, var því tekið með velvild af öllum flokkum. Því var vísað til n. og þar var leitað umsagnar vegamálastjóra um það. Hann lagði til, að málið væri athugað nánar. Var því borin fram þáltill. um að stj. léti rannsaka málið og búa undir þetta þing. Vegamálastjóra hefir ekki enn unnizt tími til að ljúka þessu verki, en hann gerir ráð fyrir að skila áliti sínu innan fárra daga, og munu þar verða allar nánari upplýsingar um málið frá hans hendi.

Menn verða að játa, að vegurinn milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur svarar ekki kröfum tímans og þeirri miklu umferð, sem um hann er orðin nú. Þegar farið er fram á að leggja veg þá nýju leið, sem frv. gerir ráð fyrir, er það vegna

1) *BKr:* Ég greiddi atkv. með brtt. hv. þm. Ísaf., af því að ég taldi hana eiga meiri rétt á sér en sjálf frvgr. En annars tel ég enga þörf á þessari lagabreyt., og úr því frvgr. er fallin, þá segi ég nei.

2) *BJ:* Fyrst frv. hefir snúizt svo merkilega við, segi ég já.

3) *BSt:* Þar sem um allt annað mál er að ræða en í upphafi, greiði ég ekki atkv.

þess, að hún er miklu sléttari en gamla leiðin og þar verður vegurinn miklu beinni. Einnig eru snjóþyngsli hverfandi þar, samanborið við gamla veginn. Þar að auki er meðfram þessum fyrirhugaða vegi mest af því ræktanlega landi, sem liggur á milli bæjanna. Má því búast við, að eftir því, sem byggðin teygir sig saman milli bæjanna, verði það þessa leið. Menn eru þegar farnir að reisa sér sumarbústaði þarna á síðari árum og rækta landið. Það er mjög æskilegt, að menn geti fengið landbletti í nánd við bæinn undir sumarbústaði, þar sem menn geta ræktað túnblętti og garða í frístundum sínum, 'eins og víða tíðkast erlendis. Hverfa menn þá þangað um helgar, þeir, sem atvinnu stunda í bæjunum, sér til hvíldar og hressingar. Hefir þörfin fyrir land til þeirra hluta oft komið fram í bæjarstj. Rvíkur. Þar sem hið ræktanlega land, sem liggur meðfram fyrirhuguðu vegarstæði, er mestallt í höndum bæjanna og ríkisins, liggur í augum uppi, hvers virði það er fyrir þetta búskaparlag, ef vegurinn er lagður þarna. Óbeinlínis færist þetta ræktanlega land því nær bæjunum, sem vegur þangað er betri.

Það er þegar orðin svo mikil umferð milli Rvíkur og Hafnarfjarðar, að hagurinn af nýjum góðum vegi þar á milli þá leið, sem frv. gerir ráð fyrir, mundi margborga vexti af því fé, sem í hann færi, nú þegar, hvað þá síðar meir. Reykjavíkurbær hefir ákveðið að láta gera nýjan kirkjugarð inni í Fossvogi. Það væri óneitanlega skemmtilegra, að bílaumferðin um gamla Hafnarfjarðarveginn gæti verið farin að minnka, þegar sá grafreitur verður tekinn til notkunar.

Eins og hv. þm. hafa séð, hefir tveimur atriðum verið bætt inn í frv. frá því í sumar. Fyrra atriðið er það, að lagt er til, að byrjað verði á verkinu næsta ár. Er það gert með tilliti til þess, að það gæti bætt ofurlítið úr atvinnuleysinu í Reykjavík og Hafnarfirði, sem verða mun næsta ár, og því miður sennilega á næstu árum.

Í öðru lagi er lagt til, að fé til þessa vegar sé tekið þannig, að helmingur bifreiðaskattsins gangi til hans. Sá skattur á að ganga til þess samkv. lögunum að bæta þá vegi, sem bílarnir fara um, til þess að bílarnir endist lengur og rekstrarkostnaður þeirra verði minni. Þess vegna er sjálfsagt að leggja hann fyrst og fremst í þá vegi, sem mest bílaumferð er um. Nú kemur fram frv. frá hæstv. stj. í Nd. um að hækka skatt á bifreiðum og leggja nýjan skatt á benzín. Þessir skattar koma þyngst niður á Reykvíkingum og Hafnfirðingum, þar sem bílarnir eru flestir. Það er því augljóst, að ef þetta á ekki að verða sérstök skattabyrði á litlum landshluta, þá verður að verja fénu til þess að bæta vegina í nágrenni Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Þessir skattar koma niður á þeim, sem ferðast með bílunum og láta þá flytja vörur. Og með því að leggja tekjurnar af þeim í veg milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur koma þær íbúum þessara bæja beggja að almennustum notum.

Ég býst við, að það verði haft á móti þessari leið, að hún sé lengri en gamli vegurinn. En þess ber að gæta, að ekki eru nema 8 km. til Hafnarfjarðar af suðurlandsbrautinni. 6 km. af þessum nýja vegi koma þannig á suðurlandsveginn og yrðu því að tvöföldu gagni, bæði fyrir þá, er færu til Hafnarfjarðar, og hina, er færu áfram eftir suðurlandsbrautinni.

Þegar fara á að skattleggja vörubíla úr Reykjavík og Hafnarfirði sérstaklega, verður að bæta þetta upp á einhvern hátt, ef flutningsgjöldin eiga ekki að hækka, og verður ekki betri leið til þess farin en að leggja þarna góðan veg, sem mundi gera það að verkum, að bílarnir entust lengur, og jafnframt draga úr rekstrarkostnaðinum við þá. Er mér fullkunnugt um það, að bílstjórar í Hafnarfirði mundu telja sig miklum óréttí beitta, ef þessi benzínskattur verður samþ. hér á þinginu án þess að nokkuð komi á móti, og ég geri ráð fyrir, að reykvískir bílstjórar líti sömu augum á málið, og er það fullkomlega eðlilegt. Mér þykir því sem ég hafi fulla stæðu til að vona, að þetta mál fái góða og fljóta afgreiðslu hér í d. — Ég rakti þetta mál allýtarlega á þinginu í sumar og sé ekki ástæðu til að fara um það fleiri orðum nú, en leyfi mér að öðru leyti að vísa til þess, sem ég þá sagði um málið. Að lokum vildi ég svo leyfa mér að leggja til, að málinu verði vísað til samgmn. að lokinni umr.

Jón Baldvinsson: Eins og hv. flm. gat um, var þetta mál einnig til umr. á sumarþinginu, og þá samþ. í því þáltill., sem hv. þm. Hafnf. flutti, með þeirri breyt. frá mér, að áætlun yfir þennan veg yrði lokið þegar á síðastl. hausti. Þykist ég vita, að hæstv. stj. hafi látið gera þessa áætlun skv. þessari samþykkt Alþingis og vildi beina því til hæstv. forsrh., að hann gæfi hér skýrslu um þetta.

Ég er sammála hv. flm. þessa frv. að því leyti, að ég tel, að nauðsynlegt sé að leggja þennan veg og rétt að fyrirskipa það með l., en mér þykir miður, að frv. skuli ekki gera ráð fyrir, að byrjað sé á þessu verki fyrr en næsta ár. Það má að vísu gera ráð fyrir því, að þessi vinna muni þá koma að góðu haldi eins og nú, en atvinnuþörfin verður afarmikil í sumar vegna hins gífurlega atvinnuleysis, sem af því leiðir, hve atvinnuvegirnir eru illa staddir, og vildi ég því skjóta því til hv. flm., hvort hann gæti ekki fallizt á að herða að ákvæðum frv., þannig að byrjað verði á verkinu strax í sumar, því að ég geng út frá því, skv. því, sem ég áður sagði, að rannsóknin á þessu vegarstæði hafi þegar farið fram, svo að ekki sé annað eftir en að hefjast handa til framkvæmdanna. — Það er laukrétt hjá hv. flm., að vegurinn milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur kemur til með að bera mikinn hluta bifreiðaskattsins, og að því leyti ekki nema sanngjarnt, að skatturinn renni að einhverju leyti til að leggja þennan umrædda veg, en ég held þó, að ekki sé rétt að hafa slíkt ákvæði sem þetta í frv., því að ég er hræddur um, að það kunni að verða frv. að falli, því að hætt er við, að af þessu geti leitt til togstreitu milli hinna ýmsu héraða um að draga til sín sinn hluta af bifreiðaskattinum. Ég vil hinsvegar taka það fram, að ég segi þetta ekki af því, að ég sé þessu ákvæði frv. andvígur í sjálfu sér.

Ég fer svo ekki fleiri orðum um þetta mál að sinni, en vil endurtaka þá ósk mína að lokum, að hæstv. forsrh. skýri þinginu frá því, hvað áðurnefndri rannsókn á þessu vegarstæði líður.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vil beina því til þeirrar n., sem fær þetta mál til meðferðar, að hún eigi tal við vegamálastjóra um málið, því að ég hygg, að mér sé óhætt að segja, að hann hafi látið fara fram athugun á þessu vegarstæði, og eru þau gögn öll hjá honum, sem eru nauðsynleg fyrir n. að hafa til að átta sig á um málið. — Það er nú alllangt síðan ég átti tal við vegamálastjóra um þetta mál og óskaði fullrar athugunar á því. Hygg ég, að sú athugun muni hafa leitt í ljós, að ekki sé neitt hagræði fyrir Hafnfirðinga og Reykvíkinga að fá þennan nýja veg, af því að leiðin yrði svo miklu lengri eftir honum milli bæjanna en nú er, og mundi af því leiða meiri eða minni hækkun á fargjöldum og flutningsgjöldum þessa leið.

Flm. (Bjarni Snæbjörnsson): Hv. 2. landsk. beindi því til mín, hvort ég mundi ekki geta fallizt á að breyta ákvæðum frv., svo að verkið kæmi til framkvæmda þegar á næsta hausti. Var það nú að vísu með vilja gert, að ég setti það í frv., að ekki skyldi byrja á verkinu fyrr en að ári, af því að ég batt framkvæmd verksins við bílskattinn, en auðvitað er mér ljóst, að atvinnuþörfin verður brýn í sumar. Ég get og búizt við því, að ef frv. fær hér góðar undirtektir í d., eins og ég vænti fastlega, þá verði hægt að byrja strax á verkinu eftir sem áður, þannig að skilja, að fá megi lán til verksins út á þennan væntanlega hluta bifreiðaskattsins, sem til vegarins rynni skv. frv. Ber ég það traust til núv. hæstv. stj., að hún mundi fúslega greiða fyrir því, að slíkt lán fengist, svo að samt mætti byrja á verkinu í haust, ef frv. á annað borð verður að l., eins og ég vona.

Að því er snertir þessar upplýsingar frá vegamálastjóra, sem hæstv. forsrh. gat um, má það að vísu vel vera, að eitthvað sé hæft í þessu, þó að allkynlegt sé, því að 1917 taldi vegamálastjóri umrædda leið heppilegasta, svo að hann hefir þá skipt um skoðun síðan eftir því. Ég hygg og, að flestir muni á því máli, að heppilegast verði og hagkvæmast að öllu leyti að leggja veginn þá leið, sem frv. gerir ráð fyrir. Allir vita, að það er sitthvað að bíla krókótta leið og beina og greiðfæra, og þó að vegurinn verði um 3 km. lengri eftir frv. en ella, næst það upp með þeim ávinningi, sem af þessum mun leið-

ir. Svo er til ætlazt, að vegurinn gangi út af suðurlandsbrautinni 6 km. frá Rvík, og verður álman til Hafnarfjarðar 8 km., og sjá allir, að það er ólíkt meiri skynsemi í því að gera þennan kafla suðurlandsbrautar að góðum vegi jafnframt og slá þannig 2 flugur í einu höggi, þó að auk þess þurfi að leggja þessa 8 km. vegarálmu til Hafnarfjarðar, heldur en að fullgera gamla veginn, þó að ekki sé hann nema 11 km., auk þess sem gamli vegurinn liggur á mjög óhentugum stað, og er enda mishæðóttur og snjóþyngsli á honum á vetrum. Vona ég, að n. taki þessi atriði öll til rækilegrar athugunar jafnframt upplýsingum vegamálastjóra, og þá ekki sízt það, hversu kostnaðurinn yrði miklu minni við bílferðirnar, ef vegurinn verður lagður þar, sem frv. gerir ráð fyrir. — Læt ég svo hér við sitja að þessu sinni.

Jón Baldvinsson: Ég á ekki sæti í þeirri n., sem kemur til með að fjalla um þetta mál, fremur en öðrum þingnefndum, og hefi því ekki gagn af þeim upplýsingum, sem vegamálastjóri kann að gefa n. um þetta mál, og vildi ég því mælast til þess við hæstv. forsrh., að gögn þessa máls yrðu lögð hér fram í þinginu fyrir 2. umr. málsins, svo að þm. gefist kostur á að gera sér grein fyrir því, hvort till. vegamálastjóra hafa meira til síns máls en frv., því að mér skildist á hæstv. forsrh., að vegamálastjóri legði á móti því, að vegurinn yrði lagður þessa umræddu leið, sem frv. gerir ráð fyrir. Verður ekki dómur á þetta lagður, fyrr en mönnum gefst kostur á að kynna sér rök vegamálastjóra fyrir þessu.

Hv. flm. taldi, að unnt mundi að fá bráðabirgðalán til þessarar vegagerðar út á bifreiðaskattinn, svo að allt að einu mundi hægt að ráðast í verkið á þessu hausti, þó að ekki sé svo ákveðið í frv., og væri auðvitað ekki nema gott eitt við þessu að segja, en ég er hræddur um, að ríkið komi til með að hafa nóg á sinni könnu, svo að þetta gangi ekki greiðlega, ef ekki er ákveðið með l., auk þess sem fæst bendir til þess, að ríkissjóður eigi betra með að láta þetta fé af mörkum þá en nú. Það er allt útlit fyrir, að atvinnuþörfin verði mjög mikil í sumar, því að atvinnuvegirnir standa nú mjög höllum fæti, svo að búast má við, að fjölmargir missi þannig það uppihald, sem þeir höfðu af þeim, og þegar svo er komið, er það almennt viðurkennt, að ríki og bæir eigi að hlaupa undir bagga með atvinnubætur. Þessi vegarlagning er einmitt tilvalin sem slík atvinnubótavinna, auk þess sem hér er um hreina og beina sparnaðarráðstöfun að ræða, af því að bifreiðafargjöldin mundu lækka stórlega frá því, sem nú er, ef vegurinn yrði gerður á þessum stað. Hér vill líka svo vel til, að hægt er að vinna að þessari vegargerð allt fram í desember, því að hér er venjulega snjólaust eða a. m. k. snjólítið fram eftir öllu hausti. Maður hlýtur auðvitað að vona, að eitthvað fari að rætast úr þessu ömurlega ástandi hvað líður, en ástand hins yfirstandandi tíma er mjög iskyggilegt, og verður að gera sérstakar ráðstafanir vegna þess.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til samgmn. með 10 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Ed., 26. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 56, n. 482).

Frsm. (Páll Hermannsson): Í nál. samgmn. er gerð allýtarleg grein fyrir áliti n. á þessu máli, og ætti sú grg. raunar að nægja um málið af hálfu n. N. hefir haft þetta mál alllengi til meðferðar og leitað sér um það allra þeirra upplýsinga, sem kostur var á að fá, og þá eðlilega einkum snúið sér til vegamálastjóra í því efni. Hefir vegamálastjóri setið á nokkrum fundum með n. og rætt málið við hana, og auk þess samið og sent n. ýtarlega skýrslu og kostnaðaráætlun um þennan væntanlega nýja veg milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, og sömuleiðis áætlun yfir það, hvað kosta mundi að gera nauðsynlegar umbætur á gamla veginum, hvort heldur sem væri um að ræða að endurbæta hann sem malarveg eða ráðizt væri í að setja á hann varanlegt slitlag. Skv. þessum áætlunum vegamálastjóra verður það 157—224 þús. kr. ódýrara að endurbæta og fullkomna gamla veginn en að gera jafngóðan veg á hinu

nýja vegarstæði. Virðist þessi verðmismunur út af fyrir sig vera allnokkur ástæða til að ráðast ekki í að leggja þennan nýja veg, en hér kemur þó fleira til greina, og þá einkum það, að leiðin milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur verður ¼ lengri eftir þessum nýja vegi en hún nú er eftir gamla veginum, þannig að bifreiðar gætu á sama tíma farið 4 ferðir milli bæjanna eftir núverandi vegi á móti 3 ferðum á nýja veginum, ef miðað er við, að vegirnir væru jafngóðir báðir. Þessar tvær ástæður, að nýji vegurinn yrði bæði lengri og dýrari, hafði n. einkum í huga, þegar hún ákvað að mæla á móti því, að frv. yrði samþ., en auk þess kom og hér til sú ástæðan, að ekki er líklegt eins og sakir standa, að ríkið hafi yfir fé að ráða, sem hægt sé að leggja í þessar framkvæmdir. Ég held, að ég þurfi svo ekki að hafa um þetta fleiri orð fyrir hönd n. að svo stöddu, en ég get búizt við því, að hv. flm. muni ekki sætta sig vel við þessar till. n. í málinu, því að þetta mun vera honum allmikið áhugamál, ekki sízt vegna þeirra atvinnubóta, sem standa í sambandi við framkvæmd þessa verks. En eins og ég áður sagði, leggur n. til, að frv. verði felld.

Bjarni Snæbjörnsson: Ég get ekki neitað því, að mér virðist anda kaldar til þessa máls míns nú en ég hafði gert mér vonir um eftir undirtektum vegamálastjóra og hv. samgmn. á sumarþinginu, enda get ég ekki komizt hjá því að láta það í ljós, að mér finnst hin ýtarlega skýrsla, sem vegamálastjóri hefir samið um málið og vafalaust lagt mikla vinnu í, vera svo úr garði gerð, að maður geti ekki varizt að álíta, að eitthvað annað hafi vakað fyrir honum með því að leggja á móti þessu máli en að hinn nýi vegur yrði of langur eða dýrari en kosta mundi að ganga vel frá gamla veginum.

Skal ég nú færa rök að þessari skoðun minni. Eins og ég tók fram í framsöguræðu minni við 1. umr. þessa máls, er hin mesta þörf á þessum vegi, ekki eingöngu vegna Hafnfirðinga, sem þannig mundu fá beinni samgöngur við austursveitirnar en þeir nú hafa og þeim er hin mesta nauðsyn á að fá, heldur og ekki síður vegna þess, að búast má við, að byggð rísi upp meðfram þessum vegi í nánustu framtíð. Reykjavíkurbær á þarna mikið af landi, og ef kreppunni heldur áfram, og enda hvort sem er, má gera ráð fyrir, að bærinn fari að nota þetta land og byggja þar smábýli eða bæjarhverfi. Bendir þróunin eindregið í þessa átt, því að allt bendir til þess, að Reykjavík og Hafnarfjörður muni renna saman í einn bæ í framtíðinni. Vegamálastjóri lætur og svo um mælt í áðurnefndri skýrslu sinni, að líklegt megi telja, að leggja þurfi veg á þessum slóðum vegna ræktunar og byggingar landsins, og um leið vegna útvarpsstöðvarinnar, og telur hann, að vegurinn mundi þurfa að ná upp að Hvammkoti, en þar er hálfnuð leiðin til Hafnarfjarðar, eða því sem næst. Álítur vegamálastjóri, að þennan veg muni þurfa að leggja innan skamms tíma, og virðist mér hann þar með hafa slegið föstu, að þetta verði líka gert í nánustu framtíð. Virðist mér því sem málið liggi svo fyrir, hvort sé skynsamlegra að gera þennan veg að framtíðarveginum, úr því að hann þarf að gera á annað borð, eins og till. mínar ganga út á, eða þá að malbika gamla veginn. Að ég tala um malbikun, kemur til af því, að skv. skýrslu vegamálastjóra borgar sig betur að hafa malbikaðan veg en malarveg, ef bílaumferðin svarar 500 bifreiðum á dag. Svk. talningu, sem vegamálastjóri hefir látið gera á bifreiðaumferð um Hafnarfjarðarveg, síðast haustið 1930, hafa daglega farið um hann að meðaltali 300 bifreiðar. Síðan hefir ekki verið framkvæmd nein slík talning, þar til um daginn, er ég lét gera það, og valdi ég illviðrisdagana í kuldakastinu, sem þá stóð yfir, til þess að fyrirbyggja það, að talningin yrði talin hliðholl, því að þegar illa viðrar, er minnst um bílanotkun. Er hvorttveggja, að fólk fer þá minna á milli bæjanna til að skemmta sér, og eins er þá minna um flutninga vegna gæftaleysisins. Lét ég telja umferðina í þrjá daga, og kom í ljós, að 409 bílar fara þessa leið að meðaltali á dag. Samkv. þessu verður þess ekki langt að bíða, að umferðin komist upp í 500 bíla á dag, en það er sú umferð, sem vegamálastjóri telur þurfa til þess að það borgi sig að malbika þessa leið. Ég verð því að slá því föstu, að nauðsynlegt sé að malbika veginn og að það

verði gert, og kemur þá til álita, hvort hentugra sé að leggja þennan nýja veg og malbika hann, eða hvort eigi að lappa upp á gamla veginn, svo að hann verði fær til malbikunar. Skv. áætlun vegamálastjóra kostar það 270 þús. kr. að gera þennan nýja veg, svo að hann verði hæfur til malbikunar, en til þess að gera gamla veginn hæfan undir vandað slitlag þarf enn að kosta til hans 80—100 þús. kr. skv. áætluninni, en í þessu hefir vegamálastjóri ekki tekið tillit til þess, að nauðsynlegt er að verja a. m. k. 50 þús. kr. til að gera nauðsynlegar umbætur á veginum, þó að hann verði malarvegur áfram. Að öðru leyti farast vegamálastjóra svo orð um þetta: „Með þeim umbótum, sem hér hafa verið áætlaðar á núverandi vegi, verða brýr allar breikkaðar, svo að jafnbreiðar verði veginum (5,5 m.), ennfremur lagfærðar krappar bugður og nokkrar bröttustu brekkurnar".

Í þessu áliti hans, um að þetta sé 130 þús. kr. viðbót, gerir hann ekki ráð fyrir breikkun á Kópavogsbrúnni og heldur ekki þeim vandræðabugðum, sem hann kallar „ólánsbeygjurnar" á veginum á þeirri leið. Það hlýtur að vera öllum ljóst, að það er ekki tiltökumál að fara að setja slitlag á veginn, nema gera við bugðurnar og breikka brúna, því þegar lagt er í svona mikið fyrirtæki, verður að ganga almennilega frá því. Það sér hver heilvita maður, að sú breyt., sem hér þarf að gera, bæði að setja nýja brú, 5,5 m. breiða, og taka bugðurnar af, fer langt fram úr 20 þús. kr., eins og vegamálastjóri gerir ráð fyrir. Ég býst við, að það sé óhætt að segja það, að þessi breyt. á gamla veginum, svo að hann verði nokkurn veginn nothæfur til malbikunar, kosti aldrei minna en í kringum 170 þús. kr. Og þá er vegurinn orðinn einum 100 þús. kr. ódýrari, ef malbikaður er gamli vegurinn, heldur en þessi fyrirhugaða nýja leið. Þá erum við komin að því, að við fáum nýja veginn milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur fyrir 100 þús. kr., og þegar vegamálastjóri er búinn að sýna fram á, að það hljóti að verða að leggja þennan veg, þá liggur í hlutarins eðli, að praktiskara er að fara þessa nýju leið en að vera að lappa upp á gamla veginn.

Þá hefir verið talað um það, að þessi leið muni verða lengri fyrir bifreiðar í framtíðinni, sem fara milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur. En ég ætla að taka það fram, að það er ekki einungis það, sem vakir fyrir Hafnfirðingum, að fá veginn milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, heldur það, að fá sem beztan og greiðastan veg frá Hafnarfirði og austur um, því það liggur í hlutarins eðli, að þó verzlun sé ekki mikil frá austursveitunum til Hafnarfjarðar, þá getur hún aukizt og hlýtur að aukast, ef austursveitirnar hafa beina leið til Hafnarfjarðar.

Þá kem ég að því, að þetta muni verða, eins og hv. frsm. n. talaði um, lengri leið. En við verðum að gæta að því, að þó hægt sé að mæla leiðina lengri með mælitækjum, þá getur hún verið styttri, ef aðrar ástæður koma til greina. Eins og vegamálastjóri hefir sjálfur sagt í skýrslu sinni, er vegarstæði á þessari nýju leið gott, hallalitið og beint, en gamla vegarstæðið er með bröttum brekkum og bugðum, og eftir því, sem mér skilst á vegamálastjóra, á að láta „ólánsbeygjurnar" halda sér. Þegar þetta er svo, þá sér hver maður, að vegalengdin hlýtur að styttast, eða réttara sagt, að tímasparnaður hlýtur að því að vera, að vegurinn er beinn. Það er ýmislegt fleira, sem kemur fram í þessu áliti vegamálastjóra, þar sem hann reiknar út, hvort muni borga sig betur að halda við gamla veginum eða hafa veginn með góðu slitlagi. Allur sá útreikningur er bundinn við það, hvað margir bílar fara um veginn á dag. Eftir því, sem bílunum fjölgar á þessu svæði, verður ódýrara að hafa malbikun en malarlag. Svo er eitt atriði enn, sem vegamálastjóri hefir alls ekki farið inn á, en sem ég minntist á bæði í sumar, þegar ég talaði fyrst fyrir þessu máli, og eins við 1. umr. þessa máls á þinginu nú, og það er, að með því móti að fá þennan veg, þá komast Vífilsstaðir inn í sömu braut og Hafnarfjörður, og er það til stórmikilla þæginda bæði fyrir sjúklinga og eins fyrir fólk, sem þarf að vitja sjúklinga. Það hefir komið fyrir, að fólk hefir orðið að sætta sig við að standa á vegamótunum að vetri til, til þess að spara óþarfa kostnað, og orðið innkulsa fyrir bragðið. Ég veit um margt fólk í

Hafnarfirði, sem hefir beinlínis orðið innkulsa vegna þess, að það hefir orðið að bíða svo og svo lengi eftir, að bílar færu framhjá.

Ég vona, að ég hafi nú sýnt fram á, að úr því að byggja á þennan nýja veg núna á næstunni samkv. skoðun vegamálastjóra, þá sé hreinn og beinn sparnaður í að leggja hann strax, en lappa ekki upp á gamla veginn. Og ég hefi líka sýnt og sannað, að það líða kannske ekki nema 2—4 ár þangað til umferðin er orðin svo mikil um veginn, að það ber að malbika hann. Í þriðja lagi hefi ég sýnt fram á, að vegalengdin mun ekki vera það miklu meiri, að hún vegi ekki upp á móti bugðum og brekkum gamla vegarins.

Þá kem ég loks að síðasta atriðinu, sem hv. frsm. gat um, og það var það, að fé væri ekki fyrir hendi. Það er alveg rétt, að á þessum krepputímum er kreppan jafnt hjá ríkissjóði og einstaklingum, eða kannske að sumu leyti frekar. En á þessu þingi hefir komið fram frv., sem átti nú að vera til 2. umr. í þessari d., sem þetta vegarfrv. var miðað við, þannig að ætlazt var til, að 50% af bifreiðaskatti gengju til þessa vegar, þar til hann væri fullgerður. Ég bjóst við, að ef sá skattur hefði orðið það hár, sem gert var ráð fyrir, þá mundi hann hafa gefið ríkissjóði um 400 þús. kr., og það hefði verið sama sem að við hefðum getað lokið við þennan veg á 4 árum. Og einmitt á þeim tíma, þegar 4 ár eru liðin, er umferðin orðin svo mikil, að hún fullborgaði vexti af því fé, sem lagt hefir verið í veginn. Að ég minnist á þennan skatt, er vegna þess, að ég álít, að svo framarlega, sem það er álit meiri hl. þd., að þessi skattur eigi að ganga í gegn á þinginu, þá sé ekki nema sjálfsagt, að hann sé notaður til atvinnubóta og til vegabóta einmitt á þeim stöðum, þar sem flestir eru bílarnir og þar sem skatturinn kemur þyngst niður. En það lítur ekki út fyrir, að það hafi verið skoðun allshn., að það bæri að taka tillit til þess, að skatturinn komi harðast niður á þessum tveim bæjum, Hafnarfirði og Reykjavík.

Jón Baldvinsson: Mér þykir n. taka stirðlega í þetta mikla mál. N. er ekki nóg með það að vilja ekki fallast á þessa breyt. á vegarstæðinu, heldur vill hún ekkért gera til þess að bæta þennan veg, sem nú er milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, og leggur til, að frv. verði fellt eins og það liggur fyrir. Mér þykir þetta nokkuð kaldranaleg aðferð, af því að n. er kunnugt um, að þetta er eitt af helztu samgöngumálum, sem að mestu gagni koma, ef gert er á erfiðleika- og krepputímum, bæði sem samgöngubót og vegna atvinnulausra manna. Hvað sem hv. þm. annars segja um það, þá neyðist stjórnin til þess að leggja fram fé, þegar vandræðin steðja að, og þá er það venjulega eitthvað lítt undirbúið verk, sem kemur að minna gagni heldur en ef það er undirbúið fyrirfram. Frá þessu sjónarmiði hefði n. átt að taka málið, og það minnsta, sem hún gat gert, var að breyta í þá átt að bæta veginn, sem nú liggur milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, heldur en að vísa málinu alveg á bug.

Ég ætla að öðru leyti ekki að bæta við það, sem hv. flm. hefir svarað n. Ég mun greiða frv. atkv. áfram. En ég hefi fundið að því við hv. flm., að ekki á að byrja á verkinu fyrr en á næsta ári, en við gætum athugað það til 3. umr., hvort ekki væri rétt að koma með brtt. um það, því ég trúi því tæplega, að menn vilji vísa þessu máli frá, þegar hér er verið að samþ. stórar samgöngubætur í öðrum héruðum, þar sem ekki er eins brýn þörf og hér, þó að slarka megi með þann veg, sem nú er, en hann er ekki tilsvarandi því, sem hann þyrfti að vera, með þeirri umferð, sem orðin er.

Frsm. (Páll Hermannsson): Hv. flm. hefir nú frá sínu sjónarmiði fært fram ýmsar ástæður, sem honum virðast mæla með því, að það eigi að hefjast handa og byggja nýjan veg milli Hafnarfjarðar og suðurlandsbrautar, eða í rauninni milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur. Hv. flm. vildi halda því fram, að það mundu liggja einhverjar aðrar ástæður fyrir áliti vegamálastjóra heldur en þær, sem fram eru teknar í skýrslu hans. Ég vil ekki blanda mér inn í það atriði, því ég veit ekkert um það. Mér skilst helzt á honum, að þessar ástæður muni vera þær, að vegamálastjóri taki hæfilegt tillit til þess,

hvaða hagræði það yrði Hafnarfirði og máske austursveitunum líka, ef nýi vegurinn yrði til þess að auka viðskiptin. Það er nú vitanlega gott fyrir austursveitirnar að eiga völ á fleirum en einum stað til viðskipta, en mér skilst samt, að Reykjavík muni allra hluta vegna hljóta að sitja fyrir höfuðviðskiptunum. Það gera svo margar ástæður, sem fyrir hendi eru. Ég verð að álíta, að nýr vandaður vegur milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar yrði alveg að byggjast á þeirri miklu umferð, sem þar er á milli. Hv. flm. var líka að gera aths. við útreikning vegamálastjóra. Ég vil ekki blanda mér inn í það. Ég hygg, að vegamálastjóri hafi látið uppi þessar áætlanir af mjög vel yfirveguðu máli, og verð ég því að treysta þeim talsvert.

Hv. flm. benti á það, að ef nýr vegur yrði lagður á þessum fyrirhugaða stað, þá mundi hann hafa það í för með sér, að ræktun ykist meira meðfram veginum en annars mundi verða. Það má vel vera, að svo verði, þó ég efist um það. Ég býst við, að hvort sem lagður er nýr vegur eða ekki, muni ræktun aukast út frá Reykjavík. En ef þessi vegur er gerður með hliðsjón af hinni miklu umferð, sem nú er milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, þá er hann of dýr ræktunarvegur. Ég hefi kort af þessu svæði og mér sýnist, að afleggjarinn út frá aðalveginum, sem mundi nægja sem ræktunarvegur, muni vera svo margfalt ódýrari en þessi vegur. Það, sem mér virðist, að menn hljóti fyrst og fremst að veita eftirtekt, er það, að nýr vandaður vegur getur orðið upp undir ¼ millj. kr. dýrari en samskonar umbætur á gamla veginum milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, og vegalengdin þar á milli, sem n. álítur, að hljóti að vera aðalatriðið í sambandi við þennan veg, verður ¼ lengri eftir nýja veginum en eftir þeirri leið, sem er.

Hv. flm. benti á það, að vegarstæðið eins og það er nú væri frá náttúrunnar hendi þannig, að það gæti ekki orðið eins góður vegur þar eins og á nýju leiðinni. Það má vera, ég er ekki svo kunnugur, að ég geti dæmt um það. Ég býst við, að mishæðóttara sé á gamla veginum, en eins og kunnugt er, eru bifreiðar alltaf að verða betur og betur útbúnar, ekki sízt að því leyti, að þær sakar nú mun minna en áður, þó um dálítinn halla sé að ræða. Og það mætti vera meiri munurinn á vegarstæðunum, ef sá mismunur gæti vegið upp á móti mismun vegalengdanna. Annars geri ég ráð fyrir, að það þýði ekki mikið fyrir okkur hv. þm. Hafnf. að ræða um þetta, því ég býst við, að það, sem hv. dm. fyrst og fremst taka til greina, séu upplýsingar, sem vegamálastjóri hefir gefið í þessu efni, og svo þeirra persónulegu skoðanir á málinu. Hv. 2. landsk. var að átelja n. fyrir það, að hún ekki einasta legði til, að frv. yrði felllt, heldur gerði hún ekkert til þess að bæta úr þeirri þörf, sem nú væri á að bæta veginn milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur. Það er ekki rétt, að n. hafi alveg leitt það atriði hjá sér, því í nál. er gert ráð fyrir, að umbætur verði gerðar smátt og smátt, eftir því sem umferðin og aðrar ástæður krefja, og svo verði að lokum gerðar höfuðumbætur á veginum, þegar umferðin er orðin svo mikil, að hún réttlæti það, að sett verði varanlegt slitlag, malbikun eða steinsteypa, eftir því sem þá þykir við eiga. Það er litið svo á erlendis, að það þurfi a. m. k. 500 bifreiðarferðir á dag til þess að gera það forsvaranlegt fjárhagslega að setja varanlegt slitlag á vegi. Nú greinir menn á, hver muni vera umferðin á þessari leið eins og stendur, en þó maður gangi út frá því, að umferðin sé upp undir 400 bílar á dag, þá er engin vissa fyrir því, að hún muni hraðvaxa, en hún má vaxa allmikið enn til þess, að það verði talið skynsamlegt að byrja á því að setja þarna varanlegt slitlag. Það er langt frá því, að þetta sé fjölfarnasta leið landsins; vegurinn austur er miklu fjölfarnari, og eins og kunnugt er, er ekki ennþá komið á hann varanlegt slitlag.

Bjarni Snæbjörnsson: Það eru einungis nokkur smáatriði, sem ég vildi svara hv. frsm., og þá er það fyrst og fremst um þessi auknu viðskipti við austursveitirnar. Ég veit náttúrlega ekki, hvað þau myndu verða mikil, en það liggur í augum uppi, að Hafnarfirði eins og hann er settur og eins lítil viðskipti og hann getur haft við aðra staði, nema þá sveitirnar fyrir sunnan sig, yrði það mikill léttir,

ef einhver verzlun gæti komið þangað. En svo ég víki aftur að þessum áætlunum, sem vegamálastjóri hefir gefið og mér virðist, að hv. frsm. vildi álíta, að ég væri að vefengja að ástæðulausu, þá vildi ég segja það, að þegar ég var á nefndarfundi með samgmn. og vegamálastjóra, þá var hann ekki farinn að athuga, hvað t. d. beygjan við Kópavog mundi kosta og að setja þar nýja brú. Vegamálastjórinn sagði hreint og beint á fundi n., er hann kom á, að hann hefði ekki athugað þetta. En svo slettir hann á 20 þús. kr. fyrir þessu. Ég hefi borið þá áætlun undir verkfræðing, sem að vísu hefir ekki praktiska reynslu á við vegamálastjóra, en hefir ágætt próf. Hann segir, að þetta hljóti að kosta a. m. k. þrefalt meira en vegamálastjóri áætlar. Það lítur því svo út, sem vegamálastjóri vilji gera sem allra minnst úr því, sem lagfæring á gamla veginum kostar.

Hv. frsm. sagði, að þetta væri of dýr ræktunarvegur. Það má nú segja það. En eins og ég sýndi fram á í samanburði mínum og ekki hefir verið mótmælt, þá fengist þessi nýja leið fyrir 100 þús. kr., í stað þess að vegamálastjóri áætlar hana 318 þús. kr., en gamla veginn eftir að búið er að malbika hann áætlar hann 605 þús. kr., eða samtals báðir vegirnir 923 þús. kr. En nýi vegurinn álítur hann, að kosti 806 þús. kr. malbikaður. Sparast þá á annað hundrað þús. kr., ef við fáum þennan veg, og það þrátt fyrir hina lágu kostnaðaráætlun, sem vegamálastjóri gerir um endurbót gamla vegarins, þá sparast þó þetta með nýjum vegi. Um afleggjarana er það að segja, að það er betra að vera laus við þá, það er bæði kostnaður og óþægindi af að halda þeim við, auk þess sem þeir eru til tafar. Þá var það með hallann. Hv. frsm. sagði að vísu, að bílarnir væru orðnir kraftmeiri nú en áður, en þótt svo sé, þá kostar það þó bæði aukið slit á vélinni og benzíneyðslu að fara upp brattar brekkur. Er því hagur að því, að vegarstæðið sé sem hallaminnst. Þá má og geta þess, að bugður eru margar og slæmar. Einkum eru bugðurnar er upp á hálsana kemur hættulegar; þegar sólin glampar í augun á bílstjórunum, sjá þeir ekki hvað framundan er. Af því hafa hlotizt slys oft og mörgum sinnum. Þá sagði hv. frsm. loks, að ekki væri víst, þó að bifreiðaumferðin hefði aukizt um 100 bíla á dag á síðastl. tveimur árum, að hún héldi áfram að aukast. Ég vil í sambandi við það benda á, að þar sem umferðin hefir aukizt svo mjög á þessum árum, sem hafa þó verið kreppuár, þá eru líkur til, að hún muni aukast stórkostlega strax og kreppunni léttir. Ég er því viss um, að þess verður ekki langt að bíða, að umferðin fari upp í 600 bifreiðar á dag. Er þá komið upp í þá umferð, að ekki væri forsvaranlegt lengur að hafa þennan veg ómalbikaðan, og það að dómi vegamálastjóra. Þetta er afarfjölfarinn vegur, líklegast fjölfarnasti vegurinn á landinu. Að vísu eru víst engar tölur um akveginn austur yfir Heiði, ofan Rauðavatns. En þess ber að gæta, að til Hafnarfjarðar er umferðin hin sama allan ársins hring. Þótt komið geti fyrir, að snjóar teppi þennan veg í bili, þá er það ekki þolað lengi. Fólkið hér suður með sjónum þarf að hafa stöðugt samband við Reykjavík. Það kemur því ekki fyrir til lengdar, að leiðin sé lokuð meira en tvisvar á vetri 2—3 daga í einu. Það er því víst, að enginn annar vegur er jafnfjölfarinn hér á landi, nema þá vegarspottinn héðan úr bænum og inn í Sogið. Og ef ástæða er til að leggja veg austur yfir Heiði, eins og nýlega var samþ. hér og ég greiddi atkv. með, þá er ekki síður ástæða að taka þennan veg til athugunar.

Ég þarf svo ekki að segja mikið meira. Ég tel mig hafa gert fulla grein fyrir því, að þegar litið er á það tvennt, hvort leggja skuli nýjan veg eða malbika gamla veginn, eins og vegamálastjóri vill gera, þá er það sparnaður, sem nemur á annað hundrað þús. kr. að leggja nýjan veg, og jafnvel meira. Og þá erum við líka lausir við afleggjara, einnig til Vífilsstaða, sem auka ríkinu útgjöld og fólkinu erfiði.

Frsm. (Páll Hermannsson): Hv. þm. Hafnf. vill álíta, að verði nýr vegur lagður, þurfi enga afleggjara í framtíðinni. Mér skilst þó, að ef þarna kemur upp byggð meðfram veginum, verði ekki komizt hjá því að hafa afleggjara út frá aðalveginum og að þeim verði einnig að halda við. Þá er og annað. Ef halda verð-

ur við tveimur vegum þessa leið, þá er það ekki lítill kostnaðarauki. Á síðustu 14—15 árum hefir verið varið til viðhalds núverandi vegi milli Hafnarfj. og Rvíkur 150 þús. kr. Og þótt sá viðhaldskostnaður yrði eitthvað minni, er umferðin hyrfi að mestu á nýjan veg, þá yrði hann þó alltaf nokkur.

Ég verð að segja, að ég skildi ekkert í reikningsfærslu hv. þm. Hafnf. Hann virtist fá það út úr tölum sínum, að nýr vegur yrði ódýrari en endurbót á gamla veginum, enda þótt vegamálastjóri sýni fram á það með glöggum tölum, að nýr vegur verði ¼ millj. kr. dýrari. Það verður aðeins spásaga *mín og annara*, hve fljótt bílaumferðin muni aukast svo, að hún verði 500—600 bílar á dag. En þegar þar að kemur, að það er vitað, að hún hafi náð því, þá er tími til þess kominn að ráða við sig, hvort rétt sé að malbika þessa leið. En það er malbikunin, sem mest hleypir fram stofnkostnaðinum. Um þetta er óþarfi að deila nú. Þegar umferðin hefir aukizt svo, að réttmætt þyki að setja slitlag, þá verður það sjálfsagt gert. En þar sem hv. þm. var að benda á, að umferðin myndi vera minni nú, vegna yfirstandandi kreppu, þá veit ég ekki um, hversu rétt það er. Ég get ekki séð, að bílaumferð sé neitt minni hér í Reykjavík eða kringum Reykjavík heldur en áður hefir verið. Eftir upplýsingum hv. þm. Hafnf. lítur út fyrir, að bílferðir hafi aukizt nú á síðustu tímum, þótt erfiðir séu, án þess að ég sé þó viss um, að flutningaþörfin hafi aukizt nokkuð síðustu tvö árin. Hér er það líklega tízkan, sem nokkru veldur.

Annars læt ég útrætt um þetta mál. Ég hygg, að það sé svo upplýst orðið, að hv. þdm. geti vel áttað sig á því.

Bjarni Snæbjörnsson: Það er aðeins örstutt aths. viðvíkjandi viðhaldi beggja veganna. Vegamálastjóri segir, að gamli vegurinn muni ekki verða notaður neitt, þegar nýi vegurinn sé kominn, nema vegna þeirra bæja, er fram með honum liggja, og verði þá viðhaldið alveg hverfandi lítið. En nú hin síðari ár hefir viðhaldið kostað 15 þús. kr. árlega. Þetta sýnir, að þörf er á góðu slitlagi. **(PH:** Vegurinn hefir líka mikið batnað). Hann hefir lítið batnað. Viðhaldið hefir verið líkt og þegar verið er að halda við moldarkofum. Það er verið að skjóta í þau sprekum og moldarhnausum. Þau verða kannske betur útlítandi í bili, en ekkert betri hús en þau voru áður.

Hv. frsm. sagðist ekki skilja, að þetta yrði til sparnaðar, að leggja nýjan veg, þar sem vegamálastjóri gerir ráð fyrir því, að hann verði allt að ¼ millj. kr. dýrari. En það er af því, að vegamálastjóri gerir ekki ráð fyrir að leggja nýja veginn, þegar hann gerir samanburð sinn. Þá gleymir hann því, að hann áleit áður í skýrslu sinni, að nauðsyn bæri til að leggja þennan nýja veg og hvað heppilegast sé í framtíðinni, af því hann er á móti þessu máli. Ég segi líka, að mér finnst það vera alveg augljóst mál, að ef þarna verður gerður malbikaður vegur, verður nýja leiðin valin, af því menn munu sjá, að það verður til hagnaðar.

Frsm. (Páll Hermannsson): Það er aðeins örstutt aths. Ég get ekki varizt þeirri hugsun, að hv. þm. Hafnf. vilji halda því fram, að vegamálastjóri hafi í máli þessu gefið skýrslu móti betri vitund, af því, eins og hann segir, að vegamálastjóri sé á móti því, að nýr vegur sé lagður. Ég ætla nú ekki að fara að áfellast hv. þm. fyrir þetta. En ég vil aðeins láta það koma fram sem álit mitt, að vegamálastjóri muni hafa gefið um þetta mál sem önnur alveg óhlutdræga skýrslu og eftir beztu vitund.

ATKVGR.

1. gr. felld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónÞ, PM, BSn, GL, HSteins, JakM, JBald.

nei: JónJ, JónasJ, MT, PH, EÁrna, IP, GÓ.

Frv. þar með fallið.

6. Sveitarstjórnarlög.

Á 44. fundi í Ed., 6. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 12, 31. maí, 1927 (þmfrv., A. 320).

Á 47. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 12 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jón Baldvinsson): Frv. þetta hefir verið flutt á tveimur undanförnum þingum, en hefir hafnað í allshn. þessarar d. Ég geri ráð fyrir því, að það fari enn til hennar, og vil ég mælast til þess, að hún afgr. það og að það fái að ganga áfram. Frv. er einfalt og er því fljótlegt að átta sig á því. Það fer aðeins fram á það, að í stað þess, að nú þarf 300 íbúa til þess að kauptún eða þorp fái rétt til að verða sérstakur hreppur með eigin sveitarstjórn, þá þurfi samkv. frv. ekki nema 200 íbúa til þess að öðlast sömu réttindi. Önnur breyt. er ekki í frv. þessu á sveitarstjórnarlögunum. Er því frv. ekki lengi athugað. Legg ég til, að því verði að umr. lokinni vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 320, n. 541).

Frsm. (Jón Jónsson): Þetta frv. fer fram á tvær breyt. á sveitarstjórnarlögunum. Önnur er sú, að lækka íbúatölu þeirra kauptúna, sem geta átt heimting á því að verða sérstakt sveitarfélag, úr 300 niður í 200.

N. hefir ekki orðið þess vör, að það hafi komið að sök, þótt íbúatalan væri miðuð við 300. Nú munu vera 7 þorp á öllu landinu, sem hafa íbúatölu á milli 200—300. N. hefir ekki orðið vör við, að frá neinu af þessum þorpum hafi komið fram beiðni um að færa þetta takmark niður, og virðist því ekki vera brýn þörf á því að samþ. þetta frv. En n. þótti frv. varhugavert og taldi, að það mundi geta stofnað til flausturslegra skipta á fámennum sveitarfélögum. Enda er það ekki útilokað, að kauptún, slík sem nefnd eru í frv., geti orðið sjálfstæð sveitarfélög, ef þörf virðist á, skv. 3. gr. sveitarstjórnarlaganna. Þar er atvmrh. gefin heimild til þess að skipta hreppi, ef samkomulag næst um það í héraði. N. leggur því til, að frv. verði felld.

Jón Baldvinsson: Ég held, að ég verði að þakka hv. allshn. fyrir það, að hún hefir látið mál þetta frá sér fara, þótt engin ástæða sé til þess að þakka henni meðferðina. Hv. allshn. leggur til, að þetta litla frv. verði felld, og vill með því meina litlum kauptúnum að losna úr tengslum við sveitahéruð, sem oft er þó nauðsynlegt, vegna ólíkra hagsmuna. Mér er kunnugt um, að í mörgum smáþorpum er talsverð óánægja yfir böndum við sveitarfélög, þó að það hafi ef til vill ekki komið mikið fram opinberlega ennþá. Svo er það á Hvammstanga, þarna í nágrenni við hv. 3. landsk., enda mun honum sérstaklega umhugað að láta það kauptún ekki losna úr böndum. Svona er það á Vopnafirði og víðar. Þessi skipting fer ekki fram í neinu flaustri, eins og hv. 3. landsk. lét í ljós, heldur eftir þeim reglum, sem settar eru um slíkt í sveitarstjórnarlögunum. Skipting fer auðvitað ekki fram nema hlutaðeigandi yfirvöld samþykki hana. Þetta flaustur, sem hv. þm. er að flagga með, er því bara grýla, og ekkert varhugaverðara að samþ. frv. vegna þeirra aths. hans. Alstaðar þar, sem margt fólk býr saman, þó ekki sé fleira en hér er til tekið, eru verkefnin ólík því, sem þau eru úti um hinar dreifðu byggðir. Í kauptúnum er að ræða um margar sameiginlegar framkvæmdir, sem alls ekki er hægt að koma við þar, sem býli eru dreifð. Ég get t. d. nefnt vatnsveitur og rafveitur. Slíkar framkvæmdir, sem kauptúnin hafa sérstaklega gagn af, geta sveitirnar hindrað, ef þær eru í hreppsfélagi með kauptúninu. Þetta eru mjög sterk rök með þessu frv. Skiptingin færi auðvitað fram eftir reglum sveitarstjórnarlaganna, og engin hætta á því, að með þessu yrðu stofnuð óstarfhæf sveitarfélög. Frsm. upplýsti, að þorp, sem hér gæti verið um að ræða, væru 7 hér á landi, og ég sé ekki neina ástæðu til annars en að veita þeim þennan rétt, og gæti það einnig komið til gagns fyrir sveitir, sem vildu losna úr sambandi við kauptúnin. Ég sé enga ástæðu til þess að binda það sam-

an, sem ekki vill saman vera. En það væri ef til vill réttara, að kauptúnin létu vilja sinn skýrar í ljós en þau hafa gert hingað til. — En ég held, að fyrir hv. 3. landsk. vaki það, að þetta kauptún fyrir norðan, sem ég nefndi áðan, fái ekki að losna úr tengslum við sveitarfélag það, sem það nú er í, og þetta vill hann til þess að bændur geti ráðið meiru í kauptúninu en þorpsbúar sjálfir. En slíkt nær ekki nokkurri átt. Ég vonast því til, að hv. dm. samþ. þetta frv., þrátt fyrir till. hv. nefndar.

Frsm. (Jón Jónsson): Hv. 2. landsk. talaði um það, að með þessu frv. væri skapaður einhver réttur fyrir hinar dreifðu byggðir landsins. Ég sé ekki, að þetta frv. skapi nokkurn slíkan rétt. Réttur-inn — ef rétt skyldi kalla —, sem það skapar, er eingöngu fyrir kauptúnin, en ekki sveitirnar, sem að þeim liggja. Hann talaði einnig um það, að ég væri á móti þessu máli vegna einhvers þorps í nágrenni mínu. Næsta þorp við mig er Blönduós, og það varð sérstakt sveitarfélag fyrir nokkrum árum. En hvað Hvammstanga viðvíkur, þá held ég, að þessi lög geti ekki náð til hans, enda hefi ég ekki orðið var þess, að íbúar þar óskuðu eftir þessari skiptingu. Ég held, að sveitirnar í kringum Hvammstanga séu nú ekki meira á móti henni en það, að ýmsir í þeim vilji meira að segja veita stuðning til hennar. Hv. þm. nefndi ekki nein kauptún, sem óskuðu, að þetta frv. yrði samþ. Helzt var hann þó að ympra á Vopnafirði, en það liggur þó engin ósk fyrir um þetta (**JBald:** Ekki það!!), og held ég, að það væri skaðlaust, þó það biði þangað til óskir kæmu fram um það. Ekki hefir hv. þm. minnzt neitt á það, og hefði hann þó átt að gera það við 1. umr., ef það hefði verið. (**JBald:** Það kom síðar). Ég held, að það sé heldur ekki rétt af smáum þorpum að vera að braska við að verða sérstök sveitarfélög, því það getur orðið alvarlegt, bæði fyrir þau sjálf og sveitirnar í kring. Mér er t. d. kunnugt um eitt þorp fyrir norðan, skammt frá mér, í hreppi þar sem eru fáir bæir, svo að bæði sveitarfélögin yrðu mjög vanmáttug, ef kauptúnið tæki sig út úr. Nei, ég held, að það sé a. m. k. rétt að lofa kauptúnunum að leita á, og mér finnst allt mæla með því að samþ. ekki þetta frv. að svo komnu.

Jón Baldvinsson: Hv. 3. landsk. gat lítilsháttar um vatnsveituna á Hvammstanga. Þó það komi nú ekki þessu máli við, þá vil ég, fyrst það hefir nú blandazt inn í umr., ekki láta ógert, út af því, sem hv. þm. sagði, að skýra frá því, að ég hefi hreyft þessu máli á hverju þingi síðan ég fyrst bar það fram, nema kannske á sumarþinginu — ég man það ekki —, en á vetrarþinginu 1931 hreyfði ég þessu máli og gerði þá fyrirspurn til stj. um það, hvað liði þeirri rannsókn, sem var samþ. að láta gera, og var þá sagt, að verkfræðingurinn, sem framkvæmdi rannsóknina, hefði ekki enn skilað neinum plöggum til stj. Og það var af því — mér var skrifað það að norðan —, að hann væri ekki búinn að fá neina greiðslu fyrir rannsóknirnar. Ég þykist vita, að þetta geti varla verið rétt, en hitt er víst, að það gengur mjög stirðlega að fá þessar rannsóknir frá stj., þó að þingið hafi skipað, að þær skyldu framkvæmdar. En um það getur hv. þm. verið öruggur, að vatnsveitan á Hvammstanga kemur fyrir þingið einu sinni enn.

Hv. þm. var að tala um, að það hefði ekki heyrzt frá kauptúnum neitt í þá átt, að þau vildu, að þetta frv. væri samþ. Ég skal nú lesa hér upp erindi frá Vopnafirði, svo að hv. þm. geti heyrt, hvort þetta er rétt hjá honum, úr því hann veit ekki um þetta erindi, þó því hafi verið lýst úr forsetastóli fyrir nokkru. Það hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Vér undirritaðir Alþingiskjósendur í Vopnafjarðarkauptúni skorum á Alþingi það, sem nú er háð, að samþykkja frumvarp það til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögunum, sem felur í sér það ákvæði, að kauptún með tvö hundruð íbúum geti orðið sérstakt sveitarfélag, og sem flutt er af alþingismanni Jóni Baldvinssyni.

Vopnafirði, 15. apríl 1932".

Undirskriftir 50 alþingiskjósenda.

Þetta sýnir, að það er þó svolítið, sem liggur fyrir af vilja kauptúnanna til að fá frv. í gegnum þingið. Og ég hugsa, að það sé ósk fleiri kauptúna, sem líkt stendur á

fyrir, og það liggur í þeim ástæðum, að þau hafa önnur áhugamál og önnur viðfangsefni að glíma við, sem eru ólík þeim, sem sveitarfélögin eða sveitirnar í kring hafa.

Frsm. (Jón Jónsson): Það er aðeins örstutt aths. — Hv. þm. dró á endanum upp eitt plagg til stuðnings sínu máli, frá Vopnafirði. Hann segir, að undir því séu 50 kjósendur, sjálfur hefi ég ekki lesið það, því mér hefir sézt yfir þetta plagg, en ég sé undir eins, að þetta er ekki nema svo sem ½ hluti kjósenda í þessari sveit, sem hafa óskað þessa, og það sýnir, að ekki hefir nú málið mjög mikið fylgi. Hvort það eru fleiri kjósendur í þorpinu en sveitinni í kring, er mér ekki kunnugt um, en hitt er víst, að það eru miklu fleiri kjósendur en þetta í þorpinu, svo að það er líklega ekki nema helmingur kjósenda í þorpinu, sem hefir skrifað undir þetta, og sýnir það, að ekki er nú brýn nauðsyn á að skipta þorpinu út úr hreppnum. Öðru sé ég ekki ástæðu til að svara.

ATKVGR.
Frvgr. felld með 7:3 atkv.
Frv. þar með fallið.

7. Laun embættismanna (frv. MT. o. fl.)

Á 64. fundi í Ed., 30. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 16, 13. júní 1925 [Laun embættismanna] (þmfrv., A. 583).

Á 65. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 66. fundi í Ed., 3. maí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Magnús Torfason): Ég þarf nú ekki annað en vísa til þeirrar grg., sem fylgir frv., þó stutt sé. Þar er í fáum orðum eiginlega tekið allt það fram, sem styður það, að slík till. sem þessi er komin fram. Það er alveg víst, að við eigum mjög erfitt með að komast yfir kreppuna, og ég fyrir mitt leyti er þeirrar trúar, að hagur ríkissjóðs sé ekki betri eða efnilegri en svo, að það geti að því rekið, að ríkinu veitist erfitt að greiða sín skyldugjöld, ef ekki er neitt verulegt að gert. Og þá er það trúa mín, að það sé hentugra öllum aðilum að lækka launin nú strax en að láta stórkostlega lækkun ellegar stöðvun borgana á launum til embættismanna bera að allt í einu. Nú er það að vísu svo, að það, sem hér er gert, er ekki nema lítil bót og nær skammt, en því er þannig varið, að ef gera á þá ráðstöfun almennt, að laun allra landsins þjóna verði eitthvað rýrð, þá væri það svo mikið verk, að mér er óhætt að segja, að það er ekki hægt að gera það svo að í lagi sé, nema eftir mjög mikinn undirbúning, sem stj. ein hefir tök á að láta fara fram, og að minnsta kosti er það ofvaxið öllum þm. að inna slíkt af hendi með öllum öðrum störfum, sem þeir hafa að gegna.

Önnur sérstök ástæða er þó til þess, að þetta frv. er komið fram. Við vitum, að það hefir verið hugsað, að lækka laun allra þeirra manna, sem ekki taka laun eftir sérstökum launalögum, um allríflega upphæð, og verða þá eftir aðallega þeir menn, sem laun taka samkv. launalögunum. Þá er og á það að líta, að þeir menn, sem eru í opinberri þjónustu, hafa alveg sérstaka skyldu til að láta sér annara um þjóðarhaginn en menn almennt; þeir hafa það samkvæmt sinni stöðu sem þjónar þjóðarinnar og landsbúskaparins, og hafa það líka vegna sinna eigin hagsmuna, eins og ég drap á áðan.

Það, sem hér er fram komið, er líka í samræmi við það, sem gerzt hefir í öðrum löndum, sem kreppan hefir komið við líkt og hér. Það er öllum kunnugt, að háir sem lágir hafa í öðrum löndum boðizt til að færa niður laun sín, og það ráð hefir verið tekið hjá ýmsum ríkjum og merkum þjóðum að lækka laun þjóðarþjónanna og spara þau laun, sem þeir og aðrir fá af almannafé. Og það er ekki nema gott til þess að vita. Og þetta er svo almennt í öðrum löndum, að það verður að líta svo á, að það sé með fullu ráði

gert og af fullri nauðsyn. Þess vegna er það ekki ósennilegt, að slíkt og annað eins sé borið fram hér á þingi.

En þó það yrði ekki verulega stór fjárhæð, sem um væri að ræða, að gæti sparazt með þessu, þá mundi það verða svo, að næði slíkt frv. fram að ganga sem þetta, þá mundi það hafa víðtæk áhrif, það mundi verka sem nokkurskonar fyrirdæmi, þannig, að fleiri mundu á eftir fara, bæði sveitarstjórnir og einstakir menn, sem þjónum hafa að launa, og þjónarnir mundu betur geta sætt sig við lækkun, en þetta allt mundi draga þjóðarbúið nokkuð.

Ég vil nú ekki á þessum tímum þreyta menn með langri tölu um þetta mál, en vænti þess, að málinu verði vísað til n., sérstaklega til að athuga tölurnar, sem nefndar eru í þessu frv. Þar er gerður munur á því, hvort menn hafa menn á skylduframfæri eða ekki, en hinsvegar ætla ég mér ekki þá dul að hafa hitt á að setja þær einu réttu tölur í frv., og það verður líka alltaf álitamál.

Ég vil svo enda þessi orð með þeirri ósk, að frv. fái að ganga til 2. umr. og að því verði vísað til allshn.

Jón Baldvinsson: Ég vil aðeins spyrja hv. 1. flm., hversu miklu það nemi fyrir ríkissjóð að fá þennan sparnað í launagreiðslum til embættismanna. Og í öðru lagi þætti mér rétt, að við fengjum að heyra undirtektir hæstv. fjmrh. og hvort hann telur þetta rétta aðferð eftir að búið er að framlengja dýrtíðaruppbótina fyrir næsta ár og ákveða, að hún gildi eins og hún er í launalögunum og eftir þeirri verðlagsskrá, sem samin er samkv. þeim. Mér skilst það vera að ganga á gefin loforð þingsins eða samninga — því það eru í raun og veru samningar — við launamenn landsins, og það á sér varla nokkurn stað að fara að fella þá úr gildi. En sérstaklega vildi ég fá að vita, hve miklu þetta mundi nema og hvort hæstv. fjmrh. telur þetta óumflýjanlega nauðsynlegt mál, og hvort hv. flm. hafa athugað þá hlið þessa máls, sem að starfsmönnunum víkur. Ekkert af þessu kom fram hjá hv. 1. flm. í framsöguræðu hans.

Þetta mál kemur nokkuð seint fram, og þó ég viti ekki, hve þingið stendur lengi, þá býst ég ekki við, að það verði hægt að athuga það svo, að hægt verði að afgr. það. Ég veit að vísu ekki, hve mikið fylgi það hefir, en mér virðist, að það muni skera allmikið niður laun embættismanna, eftir því sem það er orðað, þó ég hafi ekki reiknað út, hverju það nemur fyrir ríkissjóð, og heldur ekki, hverju það nemur í frádrætti í launum hinna ýmsu launaflokka.

En sem sagt, mér þætti fróðlegt að fá þær upplýsingar, sem ég hefi óskað eftir frá hv. flm.

Jakob Möller [óyfirl.]: Það er út af því, að þetta frv. nær ekki nema til nokkurs hluta starfsmanna ríkisins. Eins og kunnugt er, er það mikill fjöldi starfsmanna ríkisins, sem ekki tekur laun eftir launalögunum. Og ég hygg, að mér sé óhætt að staðhæfa það, að þeir menn búi yfirleitt við betri launakjör en þeir, sem taka laun eftir launalögunum. Nú er það kunnugt, að hæstv. stj. hugðist að gera einhverjar ráðstafanir til þess að lækka laun þessara manna í samræmi við lækkun þá, sem varð á dýrtíðaruppbótinni síðast. En ég hygg, að það sé játað af hæstv. stj. sjálfri, að henni hafi alls ekki tekizt þetta. Mér skilst, að frv. það, sem hér liggur fyrir, geri þetta misrétti, sem er í launakjörum starfsmanna ríkisins, ennþá meira en áður. Þess vegna get ég ekki fallizt á það að svo stöddu, að það geti verið rétt að samþ. frv.

Flm. (Magnús Torfason): Ég skal aðeins svara fáum orðum því, sem beint hefir verið til mín og okkar flm. um það, hve miklu sparnaðurinn af þessu frv. kynni að nema. Þessi sama till. var borin fram á síðasta vetrarþingi í hv. Nd., og þá var reiknað út, að sparnaðurinn mundi nema á þriðja hundr. þús. kr. Ég bjóst við, að menn mundu muna þetta, og af því tók ég það ekki sérstaklega fram. Þetta getur að vísu hafa breytzt eitthvað örlítið frá því í fyrra, en ekki svo neinu verulegu nemi.

Ég get ekki fallizt á það, að það, sem samþ. var hér á Alþingi í fyrra um dýrtíðaruppbótina, hafi verið nokkur samningur við launamenn landsins. Ég varð ekki var við, að fram kæmi nokkur full-

trúi frá þeirra hendi til að semja, heldur lít ég á það sem einhliða gerð þingsins, sem þingið vitanlega getur breytt þegar því sýnist og ástæður þykja til þess. Hinu skal ég vitanlega ekki neita, að með því, sem ákveðið var í fyrra, hafi verið vakin nokkur von hjá launamönnum um það, að dýrtíðaruppbótin yrði látin haldast eitthvað framvegis, og að sumir hafi kannske gert nokkuð mikið úr þeirri von. En gagnvart því opinbera er það að segja, með tilliti til þeirra breyt., sem gerðust skömmu eftir síðasta þing, að full ástæða sýnist til að losa ríkissjóð við þessi útgjöld. Það er að vísu rétt hjá hv. 1. þm. Reykv., að það er viss hópur manna, sem þetta frv. nær ekki til, og það eru einmitt þeir, sem mest bera úr býtum, en eins og ég gat um, virðist hæstv. fjmrh. hafa fullan hug á því að reyna að laga þetta. Þá er það ennfremur einn flokkur manna, sem frv. nær heldur ekki til, en það eru þm. sjálfir. En hvað þá snertir býst ég fastlega við, að þeir muni ekki fara fram á að halda sínum launum óskertum og muni þeir afsala sér sinni dýrtíðaruppbót án þess að þurfi að samþ. um það nokkur lög, því vitanlega fer ekki vel á því, að þeir taki uppbótina af öðrum, en skilji sjálfa sig eftir.

ATKVGR.

Frv. felld frá 2. umr. með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EÁrna, IP, JónJ, JónasJ, MT, PH, GÓ.

nei: GL, HSteins, JakM, JBald, JónÞ, PM, BSn.

Forseti (GÓ): Þetta eru tíðindi, sem ekki koma fyrir á hverjum degi. (**JónÞ:** Þau eru nú ekki nema eðlileg, þegar um jafnvitlaust mál er að ræða og þetta frv. er). Ég skil nú ekki í því, að hv. 1. landsk. hafi ekki oft vitað svona vitlaust mál koma fyrir þingið, en slík afgreiðsla sem þessi á sér ekki stað á hverjum degi.

8. Ungmennaskóli með skylduvinnu nemenda.

Á 20. fundi í Nd., 4. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir sýslu- og bæjarfélög til að starfrækja lýðskóla með skylduvinnu nemenda gegn skólaréttindum (þmfrv., A. 89).

Á 22. og 23. fundi í Nd., 7. og 8. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Nd., 9. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Magnús Guðmundsson: Hv. aðalflm. frv. þessa er veikur, og þar sem ég er einn af flm. þess, vil ég mælast til, að það fái að ganga áfram til 2. umr., helzt umræðulaust, því að þetta er gamall kunningi hér í d., sem flestir hv. dm. þekkja. Umr. um það á þessu stigi virðast því þýðingarlitlar. Óska ég því svo vísað til menntmn. að umr. lokinni.

Bernharð Stefánsson: Ég ætla ekki að fara að ræða mál þetta nú, en mér dettur í hug, að það sé ekki sem heppilegastur staður fyrir það í menntmn., því að það hefir verið þar oft áður, og reynslan hefir orðið sú, að það hefir lítinn árangur borið. En þar sem í því er ýmislegt fleira en það, sem beinlínis getur tilheyrt menntamálum, t. d. ákvæðin um þegnskylduvinnuna, þá finnst mér rétt að vísa því til annarar n. en það hefir verið í áður, og verður að telja, að því sé þá bezt borgið í hv. allshn., því að eins og kunnugt er, er þetta að nokkru leyti héraðsmál, en svo ber vel í veiði, að í þeirri n. eiga sæti báðir þm. þess héraðs, sem málið er komið frá. Legg ég því til, að frv. verði vísað til allshn. að umr. lokinni.

Magnús Guðmundsson: Ég er þess fullviss, að till. hv. 1. þm. Eyf. er sprottin af umhyggju fyrir málinu, og vil ég því láta hana hlutlausa, og tel málinu jafnborgið í hvorri n. sem er.

Jón Ólafsson: Það lítur út fyrir, að þessu máli ætli nú sem fyrr að fylgja

sömu heilindi frá flm. hendi sem áður hafa einkennt allt þeirra háttalag um flutning málsins. Hv. þdm. vita ofurvel, að ég hefi alltaf verið á móti málinu, og býst við að verða það enn. Þó er því talið bezt borgið í þeirri n., sem ég á sæti í. Ég hefi því beinlínis ástæðu til að vita slíkan leikaraskap og þá hv. þm., sem eru að flissa og hlæja að málinu, en flytja það þó. Annars á mál þetta samkv. eðli sínu að vera í menntmn. Um það er óþarfi að vera að deila. En ég vil vekja athygli hv. flm. á því, að það er vítavert, að þm. geri leik að því að flytja frv., ef þeir meina ekkert með því, þar sem það kostar ríkissjóð ærið fé að vera þing eftir þing að láta prenta það upp. Ég vil því skora á þá og aðra hv. þdm. að láta málið ganga til þeirrar n., sem það á að vera í samkv. þingvenju, svo að það á sínum tíma fái þá afgreiðslu, sem meiri hluti Alþingis vill skapa því á þinglegan hátt.

Bernharð Stefánsson: Ég get ekki skilið, að þetta mál þurfi að vera í menntmn. Fjallar það um fleira en menntamál. Er t. d. talað um að leggja skylduvinnu á unglinga í sýslufélögum. Heyrir það undir almenna löggjöf, en ekki menntamál. Er það og ekki dæmalaust, að málum, er fjölluðu um skólamál, væri vísað til allshn. Hygg ég það munu vera rétt, að frv. því, er hér var fyrir skömmu, um ljósmæðraskóla, hafi verið vísað þangað. Gæti þetta frv. eins verið í allshn. og hitt.

Þó að annar af þm. Rang. sé frv. mótfallinn, þá er hinn flm. Ætla má, að báðir séu manna kunnugastir þessu máli. Þar sem þeir eru báðir í allshn. og á gagnstæðri skoðun, mætti gera ráð fyrir, að allshn. hefði bezt tök á því að athuga málið frá báðum hliðum. A. m. k. kemur þm. Rang. þetta mál mest við, að því bezt, að þeir eigist við um það í n.

Forseti (JörB): Ég vil mælast til þess við hv. þdm., að þeir fjölyrði ekki svo mjög um þetta atriði.

Sveinbjörn Högnason: Í sambandi við till. hv. 1. þm. Eyf. um að vísa málinu til allshn., vil ég geta þess, að það var fengið menntmn. á sumarþinginu, en dagaði þar uppi, enda þótt menntmn. hefði ekki ýkja mikið að starfa. En menntmn. ætti vitanlega að hafa betri aðstöðu til að athuga þetta mál, því að eins og kunnugt er, hefir allshn. geysimikið að starfa. Er það sjálfsagt betra fyrirkomulag, að mál, er snerta skóla landsins almennt, verði sett í menntmn. Eru það engin rök hjá hv. 1. þm. Eyf., að þm. Rang. séu málinu kunnugastir. Er þetta t. d. annað þingið, sem ég sit á, en frv. hefir verið flutt hér áður 4 sinnum. Tel ég víst, að hv. flm., sem svo oft hafa flutt það áður, séu því alveg eins kunnugir. Tel ég æskilegt, að þetta mál sé hjá þeirri n., sem hefir bezta aðstöðu til að athuga það vel, en ekki hjá allshn., sem langmest hefir að starfa, og þetta getur heldur ekki talizt að heyra undir þá n. eftir eðli sínu. Vil ég því eindregið mælast til þess, að því verði vísað til menntmn.

Lárus Helgason: Ég tel óþarft að ræða mál þetta meira. Finnst mér réttast, að það væri ekki látið ganga lengra en til þessarar umr. Ég held, að þingið hafi annað við tímann að gera en að eyða honum í þetta mál, sem er flutt hér á þingi ár eftir ár, án þess nokkur alvara fylgi frá hv. flm., og hefir reynslan sýnt, hvernig farið hefir áður. Greiði ég því atkv. á móti því, að málið fari áfram.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12:8 atkv. og til menntmn. með 12:9 atkv.

Á 56. fundi í Nd., 20 apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Nd., 23. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Bjarni Ásgeirsson: Mér er illa við, að málið sé tafið úr því að það hefir einu sinni fengið að komast svo framarlega á dagskrána, að röðin er komin að því. En þótt önnur umr. fari fram nú, óska ég, að atkvgr. verði frestað, þar sem sumir flm. eru ekki í bænum, því að ég vil ekki stofna málinu í voða. (**MG:** Og auk þess munu liggja hér fyrir brtt. frá fjarstöddum þm.).

Forseti (JörB): Ég sé, að ýmis vandkvæði eru á því nú að taka málið fyrir, en nú er þó ekki lengur hægt að kvarta yfir, að það hafi ekki verið tekið á dagskrá.

Magnús Guðmundsson: Hæstv. forseti veit, að hv. frsm. er ekki í bænum.

Forseti (JörB): Ég mun þá fresta umr. og taka málið af dagskrá að sinni.

Á 60. fundi í Nd., 26. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 89, n. 318, 476).

Frsm. meiri hl. (Sveinbjörn Högnason): Það mun nú sumum hv. þdm. finnast, að það sé að bera í bakkafullan lækinn að bera fram nýtt frv. um skólastofnanir í héruðum landsins, eftir þær framkvæmdir í skólamálum, sem gerðar hafa verið hér á landi hin síðari ár, þar sem lögtekið hefir verið og komið í framkvæmd nýju skipulagi á alþýðufræðslunni. Þetta er að vísu rétt. En þess ber og að gæta, að þetta fyrirkomulag er nýtt og engin reynsla fengin um það enn, að hverju haldi það skipulag kemur. Verður því að álykta, að ekkert sé á móti því að reyna annað fyrirkomulag samhliða, ef einhverjir óska, á þessum málum. Með það fyrir augum hefir meiri hl. menntmn. orðið sammála um að leggja til, að þessi heimild verði veitt, og leggur því til, að frv. verði samþ. með örlitlum breyt. — Minni hl. n. hefir ekki skilað áliti. Er mér ekki kunnugt, hvað hann leggur til málsins, en sennilega mun hann gera grein fyrir afstöðu sinni undir umr.

Ég get að sinni verið stuttorður um þetta mál. Í því liggja ekki fyrir neinar nýjar upplýsingar. Nægir því að mestu að vísa til nál. meiri hl. Frv. er auk þess kunnugt frá fyrri þingum, þar sem þetta er í 4. sinn, sem það hefir verið flutt, og hefir því verið til umr. áður.

Eins og kunnugt er, þá er frv. þetta samið af sýslumanninum í Rangárvallasýslu, Björgvin Vigfússyni. Hefir hann með frábærri elju og dugnaði barizt fyrir þessu máli undanfarið áraskeið. Hefir hann bæði rætt um málið og ritað og kynnt það landslýð öllum. Munu og flestir hv. dm. hafa öðlazt sérstaka fræðslu frá hendi sýslumannsins um þetta mál, þar sem hann hefir átt tal við þá um þetta mikla áhugamál sitt. Ég vil þó benda á, að einn höfuðkostur þessa frv. er það að gera lýðfræðsluna svo almenna sem kostur er á. Einnig má telja það kost, að frv. gerir ráð fyrir því, að sú skyldukvöð verði lögð á æskumenn í þeim héruðum, sem þetta verður framkvæmt, að þeir vinni sér rétt til ókeypis skólavistar með störfum í þágu hins opinbera. Í því út af fyrir sig geta einnig legið holl uppeldisáhrif eigi síður en sjálfri skólaverunni, ef vel er vandað til um verkstjóra og allt fyrirkomulag við vinnuna. Við flm. höfðum orðið þess varir í samræðum við aðra hv. þdm., að þeir setja það fyrir sig, að eitt ákvæði frv. gæti orðið til þess að binda ríkissjóði fjárhagslegan bagga, án þess að ríkið væri við því búið að inna hann af höndum. Meiri hl. menntmn. hefir talið rétt að koma í veg fyrir þetta og hefir því borið fram brtt. um, að skóla samkv. þessu frv. megi því að eins reisa, þegar fé er veitt til þess í fjárl. Er það þá á valdi viðkomandi þinga, hvort ástæða þykir til að byggja slíka skóla í hvert sinn. Í öðru lagi hefir verið um það talað, að í frv. væri ekki næg trygging fyrir því, að skólar, starfræktir á þessum grundvelli, héldu áfram að starfa, og ekki væri víst, að ríkið fengi sitt aftur, ef slíkur skóli legðist niður. Er því tryggt með brtt., að ríkið fái sitt aftur, ef hætt yrði að starfrækja slíkan skóla. — Annars vil ég benda á, að fjárhagshliðin vegna þessa fyrirkomulags er sízt hættulegri fyrir ríkissjóð heldur en eftir því fyrirkomulagi, sem nú gildir um héraðsskólana og gagnfræðaskólana. Hér er aðeins ætlazt til, að stofnkostnaður slíkra skóla sé greiddur af ríkisfé, en rekstrarkostnaðurinn lendir á þeim sýslu- eða bæjarfélögum, sem starfrækja skóla eftir þessari reglu. Er engum vafa undirorpið, að útgjöld ríkisins verða miklu minni á þennan hátt heldur en með árlegum útgjöldum rekstrarkostnaðar. Um hitt má fremur deila, hvort þessi leið er ekki óheppilegri fyrir þau sýslu- og bæjarfélög, sem hana fara. En þau verða auðvitað sjálfráð um það, hvort þau binda sér þann bagga,

Ég vil benda á það, að máli þessu hefir stöðugt aukizt fylgi eftir því, sem það hefir betur verið kynnt almenningi, eins og áskoranir um að samþ. það sýna. Sama hygg ég, að raunin sé hér í þessari hv. d. um fylgi þess. Ég hygg því, að það hafi nú orðið nægilegt fylgi hér, svo að það nái nú að ganga fram.

Ég sé, að brtt. eru fram komnar frá hv. þm. Borgf. Ég veit nú satt að segja varla hvernig ég á að skilja þær. Ég vil spyrja hv. flm. þeirra, hvort ekki muni vera þar um að ræða prentvillu, hvort fyrir „sýslunefnd Rangárvallasýslu" hafi ekki átt að standa „sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu"? Till. hans bera vott um, að hann sé hlynntur frv. og telji, að það verði til hagsbóta því héraði, sem notar þetta fyrirkomulag. En þar sem hv. þm. er þekktur að því að vilja ekki láta sitt hérað verða afskipt, þegar um einhver gæði er að ræða, þá þykir mér eigi ólíklegt, að misprentun hafi orðið í brtt. á þann veg, sem ég hefi lýst. Hitt þykir mér öllu ótrúlegra, að hann sé nú farinn að bera hag Rangárvallasýslu svo mjög fyrir brjósti. Ef svo væri, þá gæti það gert mig afbrýðissaman. Það eru ótrúleg umskipti frá því, sem var í hinum margumtöluðu kartöflum, því að þá vildi hv. þm. ekki gera Rangárvallasýslu allt of hátt undir höfði. En vera má, þó, að hv. þm. vilji nú iðrast þeirra synda sinna og ætli nú að bæta fyrir þær með þessu. Við, sem þetta frv. flytjum, álítum, að það sé komið út fyrir þann grundvöll, sem því var ætlaður, ef brtt. verða samþ. Og að það geti tafið fyrir framkvæmdum skólamálsins innan Rangárvallasýslu, og þar með gert frv. vita gagnslaust.

Ingólfur Bjarnarson: Það er ekki fyrirferðarmikið þetta frv., sem hér liggur fyrir, og eftir þeim litla áhuga, sem komið hefir fram hjá flm. þess á því að skýra frv., þegar það hefir legið fyrir þinginu, bæði nú og að undanförnu, þá skyldi maður ætla, að hér væri ekki um mikið nýmæli að ræða. Því að það hefir nú verið svo, að þessu máli hefir venjulega verið reynt að lauma inn í d. umræðulaust, og þótt hv. frsm. talaði um, að það væri þrautrætt hér, þá er það mælt af ókunnugleika, því að venjulega hefir ekki verið sagt eitt orð um frv., þegar því hefir verið vísað í n., og lengra hefir það nú ekki komizt fyrr en nú.

Ég verð nú að líta svo á, og ég býst við allir þeir, sem athuga þetta mál, að hér sé um stórkostlega stefnubreyt. að ræða um ungmennafræðslufyrirkomulagið í landinu, ef að l. verður. Nú rétt nýlega hafa verið settir allmiklir lagabálkar um ungmennafræðslu í landinu, með l. um unglingaskóla í sveitum, frá 1929 að ég ætla, og l. um gagnfræðaskóla í kaupstöðum, frá 1930. Og ég held, að mér sé óhætt að segja það, að til þessara lagabálka hafi verið mjög vel vandað og að þeir hafi byggzt á þeirri þróun, sem orðið hefir í skipun fræðslumálanna hjá okkur í seinni tíð og reynzt vel. En með stefnu þessa frv. virðist mér, að eigi að gerbreyta þeim grundvallaratriðum, sem nú gilda í fræðslulöggjöf okkar, og má nefna ýmis dæmi þess. Fyrst vil ég þá minna á, að í l. þeim, sem ég nefndi áðan, er gert ráð fyrir, að þeir skólar, bæði héraðs- og gagnfræðaskólarnir, séu samskólar fyrir pilta og stúlkur, og ætlazt til, að aðstaða þeirra sé sem jöfnust til að geta notið þeirrar menntunar, sem þeir skólar hafa upp á að bjóða, og til þess veittur stuðningur ríkis og héraða að gera þessum ungmennum sem léttast fyrir fjárhagslega að sækja skólana. En hér eftir þessu frv. sé ég ekki betur en að það eigi að útiloka konur frá þessum skólum, og hinsvegar líka sýnilegt, að það eru lagðar miklu meiri byrðar á piltana, sem komast að þessum skólum en nú er, eða m. ó. o., kennslugjaldið er margfalt.

Ég skal nú finna þessum orðum mínum stað. Í gagnfræðaskólal. er ætlazt til, að helmingur nemendanna fái ókeypis kennslu, og mjög lágt skólagjald, sem hinn helmingurinn á að greiða, frá 20—40 krónur, og í héraðsskólunum 60 krónur. En í þessu frv. er heimtað miklu hærra kennslugjald; það er heimtað, að þessir 18 ára piltar vinni 7 vikur að vorinu, kauplaust, og fyrir það fái þeir svo ókeypis húsvist og kennslu. Þetta má auðvitað reikna misjafnlega mikið, eftir því á hvaða stað það er, en ef ég tek t. d. Reykjavík og geri ráð fyrir 7 vikna vinnu fullvinnandi manns — því að 18

ára piltur verður að teljast fullvinnandi maður — þá er ekki hægt að reikna þetta minna en 400 kr. En hvort sem maður reiknar þetta eða eitthvað annað, og þó maður lækki það töluvert, sem mun nú vera óhætt víða úti um landið, þá er það þó sýnilegt, að þessum ungmennum verður bundinn margfaldur baggi á við það, sem nú er. Má í raun og veru skoða þetta sem fullkomna útilokun fjölda ungmenna frá skólagöngu, að lokinni barnafræðslunni. Og í þessu er stefnumunur mikill, og að því, er ég tel, mjög óheppilegur, þar sem þau lög, sem nú gilda, gera ráð fyrir að létta þeim unglingum skólagönguna sem mest, sem ekki hafa ráð á að ganga á æðri skóla og hugsa sér að fá fræðslu, sem þessir lægri skólar veita, en þetta frv., sem hér liggur fyrir, stefnir að því að útiloka fyrst og fremst frá skólagöngu helming ungmenna, og leggja margfalt gjald á hina. Finnst mér það ákaflega einkennilegt, hversu þessir ágætu flm. málsins hafa sótt það fast — ég meina miðað við það, hve **lengi** þeir hafa barizt fyrir þessari hugmynd, þó bardaginn hafi í raun réttri ekki verið harður, því að það hefir oft ekki verið talað eitt orð fyrir málinu, en reynt að lauma því til n. umræðulaust. Ég man nú ekki, hvað langt er orðið síðan þetta mál kom hér fyrst, en það mun ekki vera langt frá, að nú orðið megi fara að nefna það „7 ára stríðið", því að árið 1926 kom fyrst út um það pési, og ég held frv. samhliða, en það má þó vel vera, að það hafi ekki þá komizt fyrir þingið. En það er samt orðinn æði langur tími, sem það hefir legið fyrir þinginu, og ég vildi óska, að það tæki nú að styttast í því, að þingið þyrfti að hafa þetta mál með höndum, og ég fyrir mitt leyti skal gera mitt til, að það megi nú takast.

Ég vík að því aftur, að það ber nokkurn vott um, hvað þeim flm. hefir verið annt um þetta mál, hvað þeir hafa verið þögulir um það og lítið gert til að skýra það. Það væri t. d. æskilegt, að þeir hefðu sýnt fram á þá miklu nauðsyn, sem liggur að baki þessu frv., t. d. þeirri að svipta konur öllum rétti til þessara skóla. Ég býst við, að sú nauðsyn sé ekki hverjum manni augljós, og sömuleiðis ekki sú að leggja þungann sem allramest á þá menn sjálfa, sem í skólana ganga, og létta honum af héruðunum, og enda ríkinu að sumu leyti. — Ég skal líka víkja að þeirri hlið málsins, sem veit að ríkinu, kostnaðarhliðinni, að því er ríkissjóð snertir. Eftir l. þeim, sem nú gilda um skólabyggingar, er ætlazt til þess um stofnkostnað gagnfræðaskólanna, að ríkið leggi fram $^2/_5$ hans á móti kaupstöðunum, og um héraðsskólana, að það leggi fram ½ á móti héruðunum. En eftir þessu frv. er gert ráð fyrir, að ríkið sjái alveg um byggingu þessara skóla, þ. e. a. s. borgi allan kostnaðinn, bæði í kaupstöðum og eins í sveitum. Mér finnst satt að segja, að hv. flm. telji ríkið ekki í miklum vanda statt fjárhagslega, þar sem þeir telja gerlegt að leggja þennan bagga á ríkið. Og ég vil benda á, að þetta mundi koma allhart niður á því, sérstaklega til að byrja með, ef svo færi, að öll þau héruð, sem þegar hafa komið upp héraðsskólum hjá sér, gengju undir þessa heimild. Ég sé ekki betur en að ríkissjóður yrði þá að taka á sig þann helming byggingarkostnaðar þessara skóla, sem nú eru reistir, sem héruðin hafa lagt fram. Og ég held, að þessir skólar séu 5. Og eftir frv. er ekki gert ráð fyrir öðru en að ríkið láti byggja þessa skóla, þegar liggur fyrir um það hin tilskilda beiðni frá héruðunum, en eftir brtt. frá menntmn. á að taka upp í frv., að þetta skuli þó ekki gera, nema það sé tekið upp í fjárl. hverju sinni. Þetta er nú náttúrlega nær, en þó er grundvöllurinn sá sami, að ríkið ber stofnkostnaðinn allan, þegar byggt er, og sjálfsagt er ekki meiningin að hætta að byggja þessa skóla. Og þegar kemur að því að byggja gagnfræðaskólana í kaupstöðunum, sem nú liggur einmitt fyrir, verður það ríkinu allt þungur baggi, þar sem um allstórar byggingar er að ræða.

Ég sé nú enga ástæðu til að tala lengra mál um þetta frv. Mér finnst ræða hv. frsm. ekki hafa gefið mikið tilefni til þess. Hann dvaldi aðallega við brtt. þær, sem n. hefir borið fram og brtt. frá hv. þm. Borgf., sem mér fannst hann leggjast á móti. Ég geri ráð fyrir, að mótmæli hans gegn því fyrirkomulagi að láta lögin aðeins gilda fyrir Rangárvallasýslu séu sprottin af því, að hann hafi fundið, hverjum órétti ungmenni í hans sýslu

yrðu beitt, ef þau yrðu tekin út úr og látin búa við það skólafyrirkomulag, sem hér er lagt til. Er ég honum alveg samdóma um það. Það væri það óréttlæti, sem ég gæti ekki greitt atkv. með, þótt það væri vitanlega sýnu nær en hin víðtækari heimild, sem felst í frv., þar sem gert er ráð fyrir, að hver og ein einasta sýsla og bæjarfélag geti látið ríkið byggja skóla, algerlega á ríkiskostnað.

Já, ég hefi ekki minnzt á það enn, en því má þó ekki gleyma, sem er talið svo geysilega mikilsvert af flm., að ríkið á þó ekki að kosta rekstur þessara skóla að neinu leyti. En hver á þá að reka þá? Jú, það er fundið ráð til þess líka. Kostnaðinn allan eiga nemendurnir að greiða. Því að eins og ég hefi getið um, er það í riti því, sem ég nefndi áðan, sá rauði þráður, sem gengur gegnum allt þetta mál, að létta fræðslukostnaðinum af héruðunum og láta sumpart ríkið og sumpart unglingana sjálfa greiða hann, en gjaldendurnir eiga sem allra minnst að legga á sig til þessara hluta. Þetta getur náttúrlega verið álitamál, en frá mínu sjónarmiði er þetta fordæmanleg stefna. Og ég get varla skilið, að hv. þm. yfirleitt finnist þetta heppilegt eða vilji breyta núgildandi ákvæðum í þetta horf. Vil ég leyfa mér að koma með rökst. dagskrá, sem ég skal lesa upp og hljóðar svo:

„Þar sem frv. það, sem hér liggur fyrir, kemur í mörgum höfuðatriðum í beinan bága við grundvallaratriði gildandi l. um ungmennafræðsluna í landinu, bægir konum meðal annars frá því að njóta hennar og margfaldar kennslukostnað nemendanna, en stefnir þó jafnframt að stórauknum stofnframlögum ríkisins til héraðsskólanna og gagnfræðaskóla í kaupstöðum, telur d. með öllu ófært að ganga inn á þá stefnu, sem frv. skapar, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá“.

Ég vildi með þessari dagskrá stefna að því, sem ég lofaði áðan, að gera mitt til að koma þessu máli út úr þinginu, og vona, að mér megi takast það og að svo margir hv. dm., sem nægir, muni stuðla að því með því að samþ. þessa dagskrá.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, en það getur vel verið, að ég taki aftur til máls, ef tilefni gefst til þess.

Halldór Stefánsson: Minni hl. n. hefir ekki gefið út neitt álit um þetta frv., eins og getið er um í nál. meiri hl. Við höfum, minnihlutamenn, að vísu ekki borið okkur sérstaklega saman um afstöðu okkar til málsins, en ég hygg þó, að mér sé óhætt að segja það fyrir okkur báða, eins og eðlilegt má vera, að það sé sama ástæðan hjá okkur báðum, sem sé sú, að við gátum ekki fallizt á frv. Að öðru leyti get ég ekki talað fyrir okkur báða.

Ástæðan til, að ég hefi ekki getað fallizt á frv., er í fyrsta lagi sú, að í frv. felst æðióbilgjörn kvöð til þeirra manna, sem væntanlega yrðu nemendur í þessum skólum, kvöð, sem fer langt fram yfir það, sem aðrir ungir menn, sem stunda vilja tilsvarandi nám við það, sem skylduvinnan eftir þessu frv. gefur rétt til, þurfa á sig að leggja. Hér er sem sé ætlazt til, að unglingar í þeim héruðum, sem kæmu þesskonar skólafyrirkomulagi á hjá sér, kosti að mestu leyti rekstur unglingaskólanna. Hér er um mikla breyt. að ræða frá því, sem verið hefir. Skólagjöld hafa að vísu verið í flestum héraðsskólum og gagnfræðaskólum, en það gjald hefir ekki verið hátt, og allmargir nemendur hafa verið undanþegnir því gjaldi. En nú á samkv. þessu frv. að leggja svo þungar kvaðir á unglingana í þeim héruðum, sem koma á hjá sér þessu skipulagi, að ekkert er líklegra en að ungmennin vilji ekki þola þann órétt og þessi héruð tæmist því alveg af karlmönnum á þessum aldri, því að við vitum, að það er einkenni æskumanna að vilja ekki láta kúga sig. Verður því ekki annað sagt en að í allmikið óefni sé stefnt, ef þessar ráðstafanir skyldu verða til þess, að unga kynslóðin flytji sig burt úr héruðunum.

Önnur meginástæða þess, að ég gat ekki fallizt á frv., er sú, að mér virðist mjög varhugavert að leggja svo mikla kvöð á ríkissjóð sem gert yrði, ef sýslu- og bæjarfélög tækju upp þetta fyrirkomulag, því að samkv. frv. á ríkið eitt að kosta skólabygginguna að öllu leyti. Ég get ekki skilið, að menn geti í fullri alvöru haldið því fram, að ríkið sé viðbúið að uppfylla slíkar kröfur, ef þær koma frá mörgum héruðum, e. t. v. í einu, en það lítur þó út fyrir, að þeir, sem á þetta

frv. fallast, álíti, að ríkissjóður sé þessu viðbúinn.

Þá er og þess að geta, að nú á síðustu árum hefir skólum landsins mjög mikið fjölgað, og hefir ekkert komið í ljós enn, sem bendir til þess, að þessir alþýðuskólar, sem búið er að koma á fót bæði í sveitum og kaupstöðum, séu ekki nægilega stórir fyrir þá unglinga, sem vilja ganga í slíka skóla, og þá sýnist það vera mjög ópraktiskt að fara til viðbótar að byggja skóla, sem engin þörf kynni að vera fyrir.

Við skulum hugsa okkur, að eitthvert hérað eða kaupstaður vildi koma á hjá sér þessu skipulagi og gerði samkv. rétti sínum eftir þessu frv. þá kröfu, að ríkið byggði skóla. En áður en skólinn er fullgerður og hægt er að fara að heimta þessa kvöð af ungu mönnunum, þá veit enginn, hvernig þeir muni við þessu bregðast. Ef svo færi, að ungir menn vildu alls ekki sæta þeim kjörum, sem þeim eru þarna boðin, en flyttust burt úr héraðinu, þá stendur þetta skólahús vitanlega autt, og hefir ríkið þá lagt þarna í skólabyggingu alveg að óþörfu.

Viðvíkjandi till. meiri hl. n. um breyt. á frv. skal ég geta þess, að ég tel þær heldur til bóta, og ef frv. og brtt. koma til atkv., þá mun ég greiða atkv. með brtt., þó að ég hinsvegar muni ekki greiða frv. atkv., þó að þær verði samþ.

Að lokum skal ég geta þess, að í þessu frv. er ein hugmynd, sem ég get gjarnan fallizt á, en það er hugmyndin um þegnskylduvinnu. Ef frv. verður samþ. við 2. umr., þá hefi ég hugsað mér að bera fram allvíðtækar brtt. við 3. umr., sem gengju í þá átt, að héruðunum væri heimilt að leggja nokkra þegnskylduvinnu á unga menn — miklum mun minni en frv. ætlast til — gegn því, að héraðið útvegaði þeim mönnum eins vetrar vist í einhverjum skóla, sem hver maður mætti sjálfur kjósa, hvort sem það væri alþýðuskóli eða sérskóli. Þessi þegnskyldukvöð mætti vera miklum mun léttari, því að hver einstaklingur ætti ekki að þurfa að vinna meira en sem svaraði því, sem héraðið yrði að greiða í skólagjald fyrir nemandann. Þá þyrfti hver maður ekki að vinna nema 3—4 vikur, og væri það þó nokkuð nær sanni en það, sem hér er farið fram á. Þá ættu unglingarnir líka völ á hvaða alþýðuskóla eða sérskóla sem er á öllu landinu, og eins og menn þekkja er nokkur útþrá í ungum mönnum, og margir óska heldur að fara í skóla í öðru héraði, jafnvel þó að þeir eigi kost á skóla heima í sínu héraði.

Ég ætla þá ekki að lýsa þessum till. nánar á þessu stigi málsins, því að það kemur kannske ekki til þess, að ég beri slíkar till. fram, a. m. k. verður það ekki, nema frv. verði samþ. við þessa umr. og tekið fyrir aftur.

Pétur Ottesen: Þegar þetta mál hefir áður verið til umr. hér á þingi, hafa þau orð stundum verið látin falla, að það væri ekki af miklum heilindum flutt, a. m. k. að því er snertir suma flm. þess. Ég minnist þess, að hv. 1. þm. Rang. hefir valið flm. þessa máls mjög háðuleg orð fyrir þá léttúð, óeinlægni, fals og hræsni, sem kæmi fram hjá þeim við flutning þessa máls. Ég verð að segja, að eftir því sem fram hefir komið hér í dag, virðist, að lítil framför hafi orðið hjá flm. þessa máls frá því, sem áður var, þegar hv. 1. þm. Rang. var að gefa þessa lýsingu á þeim. Einn af flm. þessa frv., sem er jafnframt frsm. meiri hl. n., gat ekki látið vera að glepsa í hv. þdm. að ástæðulausu út af því einu, að hér hafa komið fram till., sem bera frekar vott um velvild en andúð gagnvart þessu máli. Þetta ber ekki vott um mikil heilindi hjá hv. frsm., því að hann gerir þetta vitandi vits um það, að slík framkoma er frekar til að spilla fyrir málinu og tefja framgang þess heldur en að greiða götu þess.

Þær brtt., sem ég hefi flutt við þetta frv., eru þær einar, að sú almenna heimild til að koma á skólum með þessu fyrirkomulagi skuli takmarkast við Rangárvallasýslu eina. Ástæðan til þessara brtt. er sú, að ég vil fyrir mitt leyti stuðla að því, að gefinn sé kostur á því, að þetta fyrirkomulag verði reynt á einhverjum stað. Og hvar ætti það frekar að verða gert heldur en í Rangárvallasýslu? Eins og kunnugt er, er málið sprottið upp þar. Höfundur þess er Björgvin Vigfússon, sýslumaður Rangæinga. Hann hefir einlægan áhuga á þessu máli, og sýnist því réttast, að þessari hugmynd verði komið

fram einmitt þar. Þess vegna álít ég, að með þessum brtt. sé ég að vinna málinu gagn, en ekki ógagn.

Ég ætla, að þetta frv. hafi fyrst verið borið fram á þingi árið 1929. Eins og hv. þm. S.-Þ. hefir minnzt á, hafði áður komið fram á þingi erindi um málið, en í frumvarpsformi var það ekki borið fram fyrr en á þinginu 1929 og fylgdi því þá alllöng grg. samin af sýslunefnd Rangárvallasýslu, og auk sýslunefndarinnar eru þar tilgreindir nokkrir aðrir menn, sem stóðu að þessu frv., og var þar efstur á blaði hv. frsm. meiri hl. menntmn. og þar að auki nokkrir aðrir menn. Málið er þannig fætt og uppalið í Rangárvallasýslu, en ekki er kunnugt um, að ein einasta sýsla önnur eða nokkurt bæjarfélag hafi óskað eftir að taka þessa hugmynd upp, því að eins og hv. þm. S.-Þ. tók réttilega fram, þá stefnir þróun héraðs- og alþýðuskólanna í allt aðra átt, og hefir það líka sýnt sig í löggjöf um lýðskóla í sveitum og kaupstöðum, sem var afgr. frá Alþingi nú fyrir fáum árum.

Það liggur því beint fyrir, að Alþingi svari þessari málaleitun með því að láta að vilja þessa sýslufélags og gefa því heimild til að koma upp skóla hjá sér með þessu fyrirkomulagi, en sé hinsvegar ekki að troða upp á önnur sýslu- og bæjarfélög slíkri heimild, sem þau alls ekki óska eftir. Með því að bera fram brtt. mínar, hefi ég gert málinu þann mesta greiða, sem því hefir verið gerður, og farið þá einu leið, sem fær er til að koma málinu í höfn. Og það er því meiri ástæða til að veita Rangárvallasýslu þessa heimild fyrir það, að í þessari sýslu er enginn skóli kominn enn, og geta sýslubúar því beitt öllum sínum krafti og áhuga að því að byggja upp sína alþýðumenntun á þessum grundvelli.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um hin almennu atriði þessa máls, en ég ætla, að ég hafi nú svarað þeirri spurningu, sem hv. frsm. meiri hl. varpaði fram, hvort það væri ekki prentvilla í brtt. mínum, að þar stendur Rangárvallasýsla, en ekki Borgarfjarðarsýsla. Ég vona, að honum hafi nú skilizt, að það var Rangárvallasýsla, en ekki Borgarfjarðarsýsla, sem ég ætla þarna að verða að liði. Það er öllum kunnugt, í hvaða horf Borgfirðingar hafa nú komið sínum skólamálum, og mér er ekki kunnugt um, að þar hafi komið fram óskir um að breyta þeim málum í það horf, sem hér um ræðir.

Hv. þm. fitjaði upp á umr. og viðskiptum, sem urðu hér milli okkar um frv. til laga um innflutning á kartöflum. Þótti honum ég með minni framkomu þar ekki vera sem greiðviknastur og sanngjarnastur í garð Rangæinga. Þetta er byggt á hinum mesta misskilningi, eins og ég oft og mörgum sinnum hefi leitazt við að sannfæra hv. frsm. um. Það var hann, sem var með sinni framkomu í því máli að vinna bæði Rangæingum og öðrum kartöfluframleiðendum hér á landi hið mesta ógagn með því að verða til þess að fella þetta frv., sem fór fram á það eitt að tryggja íslenzkum kartöfluframleiðendum markað þann, sem til er í landinu sjálfu, eingöngu á þeim tíma, sem nóg er til í landinu af þessari vöru. Með því að leggjast á móti þessu frv. lagði hann stein í götu þess, að við næðum sem fyrst því marki, sem okkur er nauðsynlegt að keppa að í þessu efni, en það er að verða sjálfum okkur nógir með framleiðslu á þessari nauðsynjavöru. Hv. 2. þm. Rang. og aðrir mótgangsmenn þessa frv. unnu þarna íslenzkum landbúnaði mjög óþarft verk, enda varð hv. þm. að verja allri dymbilvikunni, og nokkru meira þó, til að forlíka þetta við kjósendur sína austur í Rangárvallasýslu, og var það ekki nema að vonum. Ég vona því, að sú áminning, sem hann fékk fyrir framkomu sína í þessu máli austur þar, eins og hann átti skilið, verði til þess að leiða hann hér á rétta götu, svo að hann standi í því máli þeim megin, sem betur gegnir, þegar það mál verður tekið upp á næsta þingi. Ég veit, að það á tæplega við að tala um kartöflur í sambandi við þetta mál, en vegna orða hv. þm. komst ég ekki hjá því, og mun ég framvegis sýna óþreytandi elju í að uppræta þennan skaðlega hugsunarhátt hans og spara í engu tíma og erfiði til að búa hann undir það að snúast skynsamlegar við þessu máli síðar meir.

Að endingu vil ég svo segja það, að ef meðhaldsmenn þessa frv. fella brtt. mínar, þá eru þeir vísvitandi að eyðileggja þetta áhugamál sitt, því að mínar till. eru

það eina, sem líkindi eru til að geti bjargað þessu máli, því að þær gefa þessu sýslufélagi, sem eitt hefir áhuga fyrir þessu máli, svo að kunnugt sé, heimild til að koma því í framkvæmd, og mér þykir það í meira lagi undarlegt, ef hv. 2. þm. Rang. þykir Rangæingum ekki fullur sómi sýndur í þeirri afgreiðslu málsins. Hv. flm. hljóta því að samþ. brtt. mínar, ef allur flutningur þessa máls er ekki eintómur leikaraskapur. Brtt. mínar eru því fullkominn prófsteinn á þessa hv. þm., hvort þeim er alvara með þetta mál, og fer vel á því, að þeirra sanna innræti komi þar í ljós, og að till. mínar verði þannig til að afhjúpa þetta líkneski, sem við höfum verið að horfast í augu við á undanförnum þingum.

Haraldur Guðmundsson: Ég er einn af flm. þessa frv., sem mörgum hv. þdm. virðist svo mjög ægilegt. Mér finnst, að hv. þdm. hafi séð framan í ægilegri frv. án þess að blikna eða blána, svo að ég get ekki skilið þá skelfingu, sem nú hefir gripið þessa hv. þdm.

Ég ætla hvorki að ræða hér um kartöflur né afhjúpun minnisvarða, heldur vil ég aðeins gera grein fyrir því, að ég hefi sérstöðu gagnvart þessu frv., og skýra með fáum orðum, hver sú sérstaða er. Ég hefi skýrt höfundi frv. og meðflm. mínum frá því, að mitt fylgi við frv. sé bundið við það, að á því verði gerðar nokkrar breyt. Ég tel það fyllilega rétt og sjálfsagt, að sýslu- og bæjarfélög hafi rétt til að ákveða námsskyldu unglinga í eitt eða tvö ár einhverntíma á aldrinum 14—19 ára. Jafnframt þessu vil ég, að það fyrirkomulag sé tekið upp, að nemendunum sé gefinn kostur á því að vinna af sér kostnað við skólavistina með því að vinna einhver störf í þágu sins sýslu- eða bæjarfélags.

Mönnum kann að finnast, að það sé krókaleið, að bera þetta frv. fram til að koma þessu í kring. En mér þykir ekki líklegt, að það mundi fá góðar viðtökur hér í d. að lögtaka 2 ára skólaskyldu fyrir unglinga að loknu barnaskólanámi, og því hefi ég fallizt á, að þessi leið yrði farin, að sýslu- og bæjarfélögum sé veittur réttur til að fyrirskipa slíkt nám og um leið að gera nemendum léttara fyrir með því að gefa þeim kost á að vinna þann kostnað af sér, sem þessu námi er samfara.

Ég hygg, að ekki þurfi að hafa mörg orð um það, hver nauðsyn það er að vanda uppeldi barna og unglinga, og öllum, sem eitthvað þekkja til kennslustarfa, er það kunnugt, að hversu þýðingarmikil sem kennslan er fyrir börn 14 ára og yngri, þá ber hún þó jafnvel ennþá meiri árangur á aldrinum 14—18 ára. Þetta er ástæðan til þess, að ég hefi gerzt meðflm. þessa frv. Ef frv. fær að ganga lengra, sem ég geri ráð fyrir, þá mun ég flytja brtt. við það við 3. umr. Brtt. n. tel ég vera fremur til bóta og mun ég því greiða þeim atkv. Ég skal ennfremur geta þess, að ef ekki væri unnt að bjarga málinu með öðru móti en að samþ. brtt. hv. þm. Borgf., þá gæti svo farið, að ég greiddi þeim atkv. Þar er um byrjunarviðleitni að ræða, og ef hún tækist vel, þá væri líklegt, að önnur sýslu- og bæjarfélög kæmu þar á eftir.

Frsm. meiri hl. (Sveinbjörn Högnason): Mér kemur einkennilega fyrir sá mikli gustur, sem nú virðist vera í ræðum hv. þdm. gegn þessu frv., vegna þeirrar viðtöku, sem það hefir hlotið hér á undanförnum þingum, enda þótt það hafi ekki náð fram að ganga. Hv. þm. S.-Þ. sagði, að málið hefði mjög lítið verið rætt hér áður í þd. og aldrei skýrt. Ég hefi nú fyrir mér umr. í Alþt. frá 1930, sem eru alllangar, og þar hefir meira að segja hv. þm. sjálfur sýnt málinu þann heiður að taka þátt í umr., en eins og kunnugt er, þá gerir hann það sjaldan og sýnir ekki mörgum málum þá virðingu að halda ræður um þau. Af þessu sést, að þetta frv. hefir verið rætt og skýrt áður hér í hv. þd.

Þá minntist hv. þm. S.-Þ. á, að á frv. væru aðallega þeir agnúar, að fyrst og fremst færi það beinlínis í bága við grundvöll þeirra l., sem nú gilda um unglingafræðsluna í landinu, og væri það mjög til hins verra. En ef svo er, þá hygg ég, að ekki verði mörg sýslu- eða bæjarfélög til þess að taka þetta fyrirkomulag upp. Annars lít ég svo á, að það skipulag, sem nú gildir um unglingafræðsluna í landinu, sé ekki orðið svo fastbundið eða

þrautreynt, að annað geti ekki komið þar til greina, sem reyna megi.

Þá var það ekki rétt hjá hv. þm., að undir núverandi skipulagi sé nemendum gert sem auðveldast að njóta unglingafræðslu; þvert á móti er þeim gert torvelt fyrir í því efni. En eins og ég tók fram í framsöguræðu minni, þá stefnir þetta frv. að því að efla almenna lýðfræðslu, og í frv. eru atriði, sem leiða til þess beinlínis, að undantekningar verða, ef allir unglingar nota sér ekki skólavistina.

Í öðru lagi taldi hv. þm. S.-Þ., að fjárframlög ríkissjóðs til héraðsskóla mundu aukast stórkostlega, ef þetta frv. yrði að l., en aftur á móti yrði létt af héruðunum fjárframlögum til skólastofnana. Eins og ég hefi áður tekið fram, þá á ríkissjóður nú að leggja ⅔ til bygginga gagnfræðaskóla í kaupstöðum, og helming stofnkostnaðar til héraðsskóla í sveitum. En árlegur rekstrarstyrkur úr ríkissjóði til þessara skóla er til verulegra muna meiri en stofnkostnaðurinn. Eins og hv. form. fjvn., þm. S.-Þ., má vera kunnugast, er nú þegar álitleg fúlga í fjárl. — 171280 kr. — ætluð til rekstrar þessum skólum, og er nokkurn veginn gefið, að sú upphæð hlýtur að aukast, þegar fleiri skólar bætast við. Þessi árlegi rekstrarstyrkur, sem ríkissjóður verður að greiða, eykst stöðugt, og á hverju ári er varið meiru fé úr ríkissjóði til rekstrar skólunum heldur en þó að nýr skóli væri reistur á hverju ári. Ég tók það fram í framsöguræðu minni í dag, að það fyrirkomulag, sem hugsað er í þessu frv., kæmi léttara við fjárhag ríkissjóðs heldur en það skipulag, sem nú gildir, og þykist ég nú hafa bent á nægar sannanir í því efni. Ég sé ekki, að það sé ákaflega varhugavert, þó að ef til vill fyndist heppilegra skipulag í skólamálunum en það, sem nú er lögfest. Ég skal ekki fullyrða, að það felist í þessu frv., en þar er þó gerð tilraun til þess að dreifa fræðslukostnaðinum í landinu meira en nú er og skapa breiðari grundvöll undir skipulagið á unglingafræðslunni en nú er. Ég teldi það ekki óheppilegt, þó að sú bót yrði ráðin á þessu máli, að rekstrarkostnaði héraðsskólanna yrði að nokkru létt af ríkissjóði, en fræðslan næði þó betur tilgangi sínum en verið hefir og kæmi jafnar niður á héruðin. Ég hygg, að ég hafi nú sýnt fram á það, að þær ástæður, sem dagskrártill. hv. þm. S.-Þ. byggist á, að frv. brjóti í bág við gildandi héraðsskólalög og auki útgjöld ríkissjóðs til alþýðufræðslunnar í landinu, séu ekki á rökum reistar, og að þess vegna sé ekki forsvaranlegt að vísa frv. frá.

Hv. 1. þm. N.-M. óttaðist, að héruðin mundu tæmast af ungu fólki, ef þessi kvöð, sem talað er um í frv., yrði lögð á ungu mennina, því að þeir mundu ekki vilja sæta þeim kjörum til skólavistar, sem frv. gerir ráð fyrir. Skólarnir mundu tæmast og framlög ríkisins til þeirra mundu þar af leiðandi ekki koma að notum. — Ég hygg, að þegar það er athugað, að samkv. frv. á ekki að stofna til þessa skólaskipulags, nema ⅔ kjósenda í einu bæjarfélagi eða héraði óski eindregið eftir því, þá sé það nokkurn veginn tryggt, að hver einasti kjósandi í héraðinu sé því fylgjandi. Og þá skil ég ekki í því, að hin uppvaxandi kynslóð leggist svo á móti því máli, sem samþ. hefir verið af öllum þeim, sem atkvæðisrétt hafa í héraðinu og bæjarfélaginu. Ég get ekki hugsað mér, að svo mikið ósamræmi geti átt sér stað í skoðunum og vilja þroskaða fólksins og unglinganna, þótt það kunni að vera eitthvað. Og hvað því viðvíkur, að fé ríkissjóðs sé kastað á glæ, ef skóli, sem reistur hefir verið, tæmist af nemendum, þá eru með brtt. meiri hl. n. reistar skorður við því, þar sem ákveðið er, að hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélag endurgreiði ríkissjóði stofnkostnað skólahúsanna með afborgunum á 40 árum, ef hætt er við að starfrækja hann skv. þessum l. Hv. 1. þm. N.-M. sagðist í raun og veru telja sig hlynntan þegnskylduhugmyndinni, en vildi þó ekki leggja meiri kvöð á unglingana en sem svaraði skólavistarkostnaði þeirra annarsstaðar; vildi hann, að þeim væri útveguð skólavist fyrir þá þegnskyldu, sem þeir inntu af höndum. En slíkt er vitanlega engin þegnskylda og mætti miklu fremur kalla það atvinnubætur, ef unglingunum er útveguð atvinna og greitt fullt kaup fyrir, með því að láta þá fá ókeypis skólavist. Hitt er

þegnskylda að vinna nauðsynjastörf fyrir landið sitt eða sveitina, án þess að heimta fullt kaup fyrir, endurgreitt í reiðu silfri eða á annan hátt þegar í stað.

Ég hefi frá upphafi, frá því að ég fyrst man eftir, hneigzt að þegnskylduhugmyndinni og álít, að ef þegnskylduvinnu væri stjórnað af góðum og vitrum mönnum, þá mundi hún leiða margt gott af sér. Við þurfum að gera miklar framkvæmdir og umbætur á þessu landi á stuttum tíma, og það er lítt hugsanlegt, að við höfum reiðufé til þess að greiða fyrir þær að svo stöddu.

Hv. þm. Borgf. lét svo um mælt seint í ræðu sinni, eftir alllangan formála, að hann flytti brtt. sínar við þetta frv. af mikilli góðvild til málsins, einlægni og skilningi á gildi þess. En ég verð nú að segja, að ég get hvergi fundið þessa góðvild og skilning skína út úr brtt., þegar þær limlesta frv. að öllu leyti og það á að útiloka, að sú heimild, sem í frv. felst, fáist nema fyrir eitt einasta hérað. — Eða telur hv. þm. það velvilja til málsins að banna Borgfirðingum, Reykvíkingum, Hafnfirðingum og öllum öðrum bæjar- og sveitarfélögum að fá þessi heimildarlög? Er það velvilji til málsins að útiloka flesta landsmenn frá því að geta notið þess? Ef hv. þm. Borgf. álítur það, þá leggur hann annan skilning í orðið velvilji heldur en ég og flestir aðrir gera. Hv. þm. vildi aðeins gera þessa tilraun á einum stað, en ef hann gerir það af einlægni og velvilja til málsins, þá skil ég ekki, hvaða ástæðu hann hefir til þess að sporna við því, að fleiri héruð fái að gera slíka tilraun og reyna, hvert gildi hún hefir fyrir þau, ef hann, að því er mér skilst, álítur þetta til góðs fyrir eitt hérað.

Hv. þm. taldi, að engar óskir né áskoranir hefðu komið fram um þetta annarsstaðar en úr Rangárvallasýslu. Ég er nú ekki kunnugur óskum manna í öðrum héruðum um þetta efni, en þó minnist ég þess, að vikið hafi verið að þessu nýskeð á fundi á Austurlandi og bornar fram óskir til Alþingis í þá átt, sem þetta fer. Og ekki er langt síðan þinginu barst áskorun um þetta efni frá stj. Sambands sunnlenzkra kvenna. Þessar áskoranir eru ekki úr Rangárvallasýslu; hún stendur ekki ein að þessu máli, eins og hv. þm. Borgf. vill vera láta. Flm. frv. eru líka fulltrúar annara héraða víðsvegar á landinu. Því er nú miður, að Rangárvallasýsla á ekki svo marga fulltrúa á hv. Alþingi. Hv. þm. Borgf. sagði, að með þessu frv. væri verið að troða því fyrirkomulagi, sem í því felst, upp á önnur héruð, sem ekki vildu við því líta. En þetta er hinn mesti misskilningur. Hér er aðeins um heimildarl. að ræða fyrir þau héruð, sem vilja reyna þetta fræðsluskipulag, en enga skyldukvöð. Hv. þm. taldi það nægilega skýringu fyrir mig, að óþarft hefði verið af mér að telja það prentvillu í brtt. hans, að frv. skyldi gilda fyrir Rangárvallasýslu en ekki Borgarfjörð, að Borgfirðingar væru nýskeð búnir að koma fullkomnu skipulagi á unglingafræðsluna í sínu héraði. — En mér er nú ekki grunlaust um, að hann hafi sjálfur ekki verið svo óðfús til að koma á því fyrirkomulagi, sem nú er í héraði hans, og ég hafði því fulla ástæðu til að halda, að hann óskaði einhvers annars.

Ég ætla ekki að tala um kartöflur, eins og hv. þm. Borgf., í sambandi við þetta mál, en þó get ég frætt hann um það, að ég hefi engar ásakanir fengið úr minu kjördæmi fyrir framkomu mína í kartöflumálinu. En mér þykir ekki ósennilegt, að hann hafi fengið ákúrur frá kjósendum sínum fyrir sína takmarkalausu þröngsýni og einstrengingshátt í því máli, sem tefldi því vitanlega í opinn dauðann.

Um brtt. hv. þm. Borgf. vil ég segja það, að ég þekki engin dæmi þess áður í skólalöggjöfinni, að fyrir aðeins eitt hérað eða sýslu séu látin gilda sérstök l. Mér finnst sjálfsagt, að ef þingið setur heimildarl. um þetta fyrirkomulag, þá sé hvaða héraði og bæjarfélagi, sem það vill, gefinn kostur á að reyna þau, og að það eigi ekki að skipta neinu máli, hvar þeir menn eru búsettir í landinu, sem kynnu að hafa hug á að reyna lýðskólarekstur í sambandi við skylduvinnu.

Pétur Ottesen: Hv. frsm. meiri hl. þurfti ekki að koma það mjög undarlega fyrir sjónir, þó að allmikill gustur blési gegn þessu frv. hér í þd., því að hann fór sjálfur þannig af stað í framsöguræðu

sinni, án þess að nokkur ástæða væri til þess; annars hefði enginn gustur orðið í ræðum annara þdm. — Hv. þm. þótti það ekki bera vott um mikla einlægni hjá mér í þessu máli, að ég vil með brtt. mínum einskorða þetta skólafyrirkomulag við Rangárvallasýslu. En ég hefi áður gert grein fyrir því og bent hv. þm. á, að hvergi annarsstaðar hafa komið fram óskir um þetta og engir orðið jafnsnortnir af þessari hugmynd og Rangvellingar, sem búnir eru að ræða um hana í mörg ár í sýslunefndinni, nema ef vera skyldi kvenfélagasamband Rangvellinga. Það er svo fráleitt, að nokkrir aðrir hafi kvakað til Alþingis um þetta mál. Ég held, að þó að hv. þm. tali mikið um, að þess séu engin dæmi, að slík l. sem þessi séu sett fyrir eitt sýslufélag, þá megi einnig benda honum á, að þess séu engin dæmi, að mál, sem eru lík þessu, hafi borið að þinginu á sama hátt og þetta. En þá virðist réttast að afgr. málið einmitt þannig, að hlutaðeigandi héraði verði einu veitt sú heimild, sem það óskar eftir. Mér heyrist, að hv. frsm. sé fremur vantrúaður á réttmæti þessa máls og á það, að sýslungar hans taki upp þessa hugmynd og íklæði hana holdi og blóði veruleikans. En ég geri nú samt ráð fyrir, að þeir vilji reyna þetta og þyki sú reynsla vera öðrum holl til eftirbreytni. Þá geri ég og ráð fyrir því, að Alþingi standi ekki í vegi fyrir því, að þetta skipulag verði fært út á víðara svið og til annara héraða, enda verður þá betur hægt um málið að dæma, þegar nokkur reynsla væri fengin. Og þá væri fyrst hægt að segja með sanni, að Borgfirðingum sé bannað að taka upp þetta skipulag, þegar Alþingi synjar þeim um að uppfylla slíkar óskir frá þeirra hendi, er þær koma fram, en fyrr ekki. Og þær óskir liggja ekki fyrir nú. Hv. frsm. var eitthvað að tala um, að ég hefði ekki verið heils hugar í héraðsskólamálum Borgfirðinga. Þegar það mál kom fyrir sýslun. Borgarfjarðarsýslu, bar það fyrst undir mig, og þar stóð ég að því ásamt öðrum sýslunefndarmönnum, að sýslan veitti fé til skólans. Þessar dylgjur hv. þm. eru því alveg úr lausu lofti gripnar, og ef hann vill í alvöru halda því fram, að ég hafi verið óheill í skólamáli míns héraðs, þá getur það ekki verið sprottið af öðru en því, að hann finnur bezt til óheilindanna hjá sjálfum sér í þessu máli, sem hér liggur fyrir. Og sannast þá hér eins og oftar hið fornkveðna: „Margur heldur mann af sér“.

Halldór Stefánsson: Ég get ekki látið alveg hjá líða að víkja að einstökum atriðum í svarræðu hv. frsm. Hann sagðist ekki geta hugsað sér mikið ósamræmi á milli skoðana hinna eldri kjósenda og unglinganna í sama héraði, eða að það skólaskipulag, sem samþ. væri af miklum meiri hl. eldri kjósenda, yrði í andstöðu við unga fólkið í héraðinu, skoðanir þess og vilja. En það þarf ekki annað en að líta á aðstöðumun aðilja til að skilja þetta. Þessar kvaðir, sem gert er ráð fyrir í frv., koma ekki niður á fullorðna fólkinu, sem á að lýsa afstöðu héraðsbúa til málsins með atkv. sínum. Hinsvegar getur það á engan hátt skuldbundið unglingana til að ganga undir þessar kvaðir, og málið er ekkert borið undir þá, sem mestan hlut eiga að máli. Og það er ekki nema eðlilegt, að unglingarnir líti öðruvísi á þessar kvaðir en elda fólkið. Sjónarmiðin eru gerólík. Ég held, að hv. frsm. hafi ekki enn gert sér það ljóst, hversu miklu meiri kvaðir eru með þessu lagðar á ungu mennina í þeim bæjum og héruðum, þar sem þetta yrði lögtekið, heldur en á öðrum stöðum, sem ekkert slíkt skipulag hefðu. Hv. þm. sagði, að það væri engin þegnskylda að inna af höndum þær kvaðir, sem fullt endurgjald kæmi fyrir, en þannig yrði útkoman samkv. uppástungu minni. Það má til sanns vegar færast. Ég ætla þeim ekki meiri vinnukvöð en sem svarar því, sem þeir eiga að fá í staðinn, húsvist og kennslu, m. ö. o. skólagjald, sem ég ætla, að nemi um 60 kr. á mann yfir veturinn. En eigi nemendur hinsvegar að leggja fram 7 vikna vinnukvöð, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., þá er ekki hægt að meta þá kvöð minna en 200—300 kr. fyrir hvern ungling. Og minnsti mismunur á þessum upphæðum — 60 kr. og 200 kr. — er 140 kr. — Það er hreint ekki svo lítil kvöð.

Hv. frsm. sagði, að með brtt. meiri hl. n. væri séð fyrir því, að ríkissjóði yrði

enginn bagi að því, þó að skólahús stæðu tóm. Það kann nú að vera rétt að vissu leyti, en það er ekki öllu borgið fyrir það, þó að ríkissjóður kunni að fá stofnfjárframlag sitt endurgreitt, því að þá fá veslings héruðin og bæjarfélögin að borga brúsann og leysa út þennan óþarfaskatt á 40 árum. Það skiptir ekki miklu máli, hvort það verða héruðin eða ríkissjóður, sem fá skellinn. Það er skaði eigi að síður. En það mætti líka hugsa sér, að þegar héruðunum væri farið að leiðast að svara út þessum greiðslum, þá myndu þau telja, að Alþingi ætti líka að nokkru leyti sök á þessu, þar sem það hefði heimilað, að í þetta væri ráðizt, og þá kynnu héruðin að óska eftir því, að þingið léti slíkar endurkröfur falla niður. Þess eru mörg dæmi, að héruð og stofnanir hafi farið fram á eftirgjafir á skuldum og skuldbindingum gagnvart ríkissjóði.

Ingólfur Bjarnarson: Hv. frsm., 2. þm. Rang., vildi bera brigður á, að það væri rétt, sem ég sagði, að flm. þessa máls hefðu lítið gert til að skýra það bæði fyrr og síðar, þegar það hefir legið hér fyrir þinginu. Færði hann það fram máli sínu til sönnunar, að allmikið hefði verið rætt um það á þinginu 1930. Ég sé nú við nánari athugun, að það var ekki algerlega rétt, sem ég sagði, að málið hefði aldrei komizt lengra en til n., því að á þinginu 1930 komst það til 2. umr., en þeirri umr. var þó aldrei lokið. Það er annars dálítið fróðlegt að rifja það upp, með hvaða kappi og áhuga unnið var að framgangi þessa frv. á því þingi. Því var fyrst útbýtt á áliðnu þingi og var tekið á dagskrá í fyrsta sinn 7. apríl, en þá var það þó tekið út af dagskrá. 9. apríl kom það svo aftur á dagskrá og var þá vísað til 2. umr. og n., án þess að nokkur tæki til máls. Man ég þó glöggt eftir því, að nokkurt umtal varð um það í d. og að óskað var eftir, að flm. tækju til máls um það, en þeir vildu fyrir hvern mun koma því umræðulaust til nefndar, sem og varð fyrir atbeina hæstv. forseta. Málið kemur svo til 2. umr. 15. apríl. Þá eru flm. þess heldur ekkert sérlega fúsir til að ræða það. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa nokkur orð upp úr ræðu þáv. þm. Dal., Sigurðar Eggerz, sem sannar þetta. Hann byrjar ræðu sína svo:

„Sátt að segja finnst mér nál. ótrúlega stutt um þetta stóra mál og heldur lítill ákafi í hv. frsm. minni hl., að hann skuli ekki einu sinni biðja um orðið, þegar er þó verið að brjóta upp á nýrri meginreglu í fræðslumálum vorum".

Þetta bendir til, að flm. hafi ekki verið fúsir til að ræða frv. Þessi brýning þáv. hv. þm. Dal. virðist þó verða til þess, að þáv. hv. 1. þm. Rang., Einar Jónsson, tekur til máls, og vil ég með leyfi hæstv. forseta lesa upp nokkur orð af því, er hann segir. Hann byrjar ræðu sína svo:

„Eftir að ég hefi lesið nál. þeirra merku manna, sem skipa menntmn. þessarar hv. d., virðist mér þetta merkilega mál vera álíka vel statt hér á hv. Alþingi eins og heima í Rangárvallasýslu. Þótt 7 merkir þm. — eða 6, svo að ég ekki telji sjálfan mig með — flytji nú þetta frv. fyrir hinn mæta sýslumann okkar Rangæinga, þá er ég hræddur um, að því fylgi ekki mikil alvara frá þeirra hálfu. Og af því ég er hreinskilinn maður, verð ég, þótt mér þyki það sárt, að segja það sama um alvöru Rangæinga sjálfra yfirleitt í þessu máli".

Mér finnst gott að láta þessi orð þáv. þm. Rang. koma fram nú, þegar enn er verið að tala um þetta merkilega mál, þar sem honum mátti vera manna bezt kunnugt, hvaða hug flm. og héraðsbúar Rangárhéraðs báru þá til þessa máls. Þm. heldur svo áfram ræðu sinni í sama anda, og er óþarfi að lesa meira úr henni.

Hv. frsm. taldi það höfuðkost þessa frv., að það gerði ungmennafræðsluna sem almennasta. — Ég get nú ekki vel komið þessum tilgangi saman við það, sem stendur í frv., en þar er einungis gert ráð fyrir því, að þessir skólar séu fyrir pilta; kvenþjóðinni er alls ekki ætlað að vera þar með. Hv. frsm. fann víst ekki ástæðu til að gera grein fyrir því, hvers vegna á að meina konum að ganga í þessa skóla, því að hann minntist ekki á það með einu orði. Ég hefi að vísu heyrt einhverja segja, að konur mundu geta fengið upptöku í þessa skóla. En ég get ekki séð, að það samrímist ákvæðum frv. Og þótt þetta væri eitthvað óljóst eftir því, þá tekur það þó af öll

tvímæli, að þeir 3 menn, sem að þessu frv. standa utan þings, hafa árið 1926 gefið út pésa, þar sem þetta er skýrt tekið fram, hvað konurnar snertir. Þar stendur svo — með leyfi hæstv. forseta:

„Annars geta verkefnin verið margvísleg og ótæmandi í jafnstrjálbyggðu og lítt ræktuðu landi og móðurjörð vor er, bæði fyrir karla og konur, en í bili ætti að duga að „realisera" fyrirkomulagið fyrir karlkynið". — Hér er það skýrt fram tekið, að konum er ekki ætluð þátttaka í þessum skólum. Og þá er það heldur ekki í frv., því að með því eru hv. flm. þess að „realisera" þá hugmynd, sem hér er svo fagurlega lýst.

Ég verð að skoða þennan pésa sem bibliu hv. flm. Það, sem kann að vera óljóst orðað í frv., má alltaf skýra með því, sem í pésanum stendur. — Í þessari „biblíu" stendur meðal annars þetta:

„Oss minnir, að vér höfum lesið eða heyrt, að Englendingar hafi á stríðsárunum lögleitt skólaskyldu til 18 ára aldurs fyrir alla unglinga. Vér værum þá með nokkuð stóru stökki, frá 14—18 ára, með sérstöku fyrirkomulagi eftir okkar ástæðum, að fara eins og í humáttina á eftir stærsta veldi heimsins í þessum efnum. Mætti segja: „Ekki er leiðum að líkjast". Þó öfundum vér ekki Englendinga af skólaskyldunni. Skylduvinna með skólaréttindum er mikið annars eðlis".

Þetta varpar ljósi yfir það, hvaðan þessi hugmynd er runnin. Það er sem sé verið að fara í humáttina á eftir Englendingum, og þó er nú reyndar gefið í skyn, að hér sé verið að taka stökk fram fyrir þá.

Hv. frsm. taldi það kost við þetta frv., að með því væri verið að færa starfrækslu skólamálanna út á víðara svið, en mér finnst þetta frv. ganga í þveröfuga átt, eins og ég hefi lýst. Það leggur þyngstu byrðarnar á ungmennin sjálf, sem yfirleitt eru fátæklingar og eiga fæst kost á göngu í æðri skóla. Það getur því ekki talizt heppileg braut að láta kostnaðinn lenda að mestu á nemendunum, og er það gagnstætt því, sem núgildandi l. um ungmennafræðslu ákveða. En um þetta finnst líka í „biblíunni". Þar er talað um ókosti núverandi skólafyrirkomulags og segir þar svo:

„Eru þrír höfuðókostir skóla þessara. Sá er **fyrstur**, að kostnaður við **rekstur** þeirra leggst aðallega eða að mestu leyti á herðar þeirra, er aldrei verða skólans aðnjótandi, og **hinn**, að skólar þessir eru þess eigi megnugir eða ekki sniðnir til þess að vera framhald af barnafræðslunni, þannig, að þeir nái til allra, og í þriðja lagi af því að námstíminn er e. t. v. of langur og kennslan eingöngu bókleg".

Og síðar segir svo:

„Þessi hugmynd vor byggist á því, að þegar um reglulega lýðmenntun (menntun fjöldans) er að ræða, en ekki menntun eða undirbúningsmenntun opinberra starfsmanna þjóðfélagsins, þá sé mest réttlæti í því fólgið, að hver **sú kynslóð**, er sjálf verður persónulega aðnjótandi þeirrar fræðslu, sem hér er stefnt að — og mætti heita hin æðri lýðmenntun, í mótsetningu við barnafræðsluna —, **bæri sjálf að mestu kostnaðinn**, sem þessi fræðsla hefir í för með sér, þegar hún er þess megnug".

Ég vil benda á það, að þar sem talað er um „kynslóð" í þessum pésa, þá er það skólafólkið, sem átt er við. — Ennfremur segir þar:

„Hitt virðist miklu fremur eiga skylt við þjóðnýtingu og jafnaðarmennsku, þegar öll kostnaðarbyrðin við unglingafræðsluna er lögð á herðar eldri kynlóðarinnar".

Af þessu kemur það glögglega fram, að höfuðtilgangurinn er sá, að eldri mennirnir þurfi ekki að leggja á sig gjöld vegna menntunar ungmennanna. Þann kostnað á að leggja á herðar ungmennanna sjálfra eða nánar sagt þeirra pilta, sem eru á skólaskyldualdri.

Ég hefi ekki getað sannfærzt um ágæti þessa frv. af ræðu hv. frsm. Vænti ég því, að dagskrártill. mín nái þeim vinsældum, að hún verði samþ.

Bjarni Ásgeirsson: Hv. þm. S.-Þ. kvartaði yfir því, að málið hefði lítið verið rætt af flm. frv. En hv. þm. hefir þó sjálfur sannað, að þetta er ekki rétt, því að hann hefir nú sjálfur verið að bera hér á borð „gamlar lummur" frá fyrri ára umr. um málið, sem sýnir, að um það hefir verið rætt af flm. þess.

Þó þetta mál sé orðið gamalkunnugt í þinginu, þá vil ég samt segja nokkur orð, áður en það fer til atkvgr. Ég verð þá, eins og hv. þm. Seyðf. líka gerði, að láta í ljós undrun mína yfir þeim viðtökum, sem þetta mál fær. Það er engu líkara en að hér sé eitthvað stórhættulegt á ferðinni, svo mikill virðist óttinn við málið vera. Maður gæti hugsað sér eitthvað svipaðan ótta hjá sumum mönnum, ef þetta frv. væri t. d. um það að skylda sýslufélögin til að fara að brugga „Íslending", eða þá að veita ætti heimild um að undanþiggja börn í heilum sýslum námi í skrift og lestri. Einhver slík býsn gæti maður hugsað, að hér væru á ferðinni, sem nauðsyn væri að standa fast á móti, eftir þeirri dagskrá, sem fram er borin. En þetta er þá hvorki meira né hættulegra en það, að allir unglingar, að vísu ekki kvenmennirnir, sem náð hafa fermingaraldri, eiga að fá skólavist í einn vetur gegn því framlagi að vinna sjö vikna tíma að vori eða sumri. Hér er því fyrst og fremst um bóklegt nám að ræða. En ég hefi a. m. k. skilið þetta mál svo, að hér væri líka um verklegt nám að ræða í þennan 7 vikna tíma, sem sagt bóklegt nám í 6 mánuði og verklegt nám í 7 vikur. Ég held því, að ef nokkurt frv. ætti skilið að fá nafn, sem vottaði verðmæti þess, þá ætti þetta að heita „ræktun lýðs og lands". — Ég sé því ekki, að þeir, sem vilja berjast fyrir þeim málum, sem fósturjörðinni eru til mestra heilla, geti lagzt á móti þessu máli.

Hv. frsm. hefir nú svarað einstökum atriðum allrækilega. Þarf ég því ekki að fara verulega út í þau.

Það hefir mikið verið talað um óbilgjarnar kröfur, sem lagðar væru á herðar unglinganna. Þetta má í fljótu áliti virðast svo. En þess má þó gæta, að ekki er hægt að greina verulega í sundur fjárhag unglinga og aðstandenda þeirra. Í rauninni myndi því þetta koma á eldri mennina engu síður. Hv. frsm. hefir nú þegar svarað þeirri aths., að þetta yrði þung kvöð fyrir ríkissjóð. Hann hefir sýnt fram á það, sem er alveg rétt, að þar sem héruðunum er ætlað að halda uppi öllum starfskostnaði vegna skólanna, þá er það miklu minna, sem ríkissjóði er ætlað, þótt hann leggi til stofnkostnaðinn, heldur en hann verður að greiða með núverandi fyrirkomulagi skólamálanna. Ef þetta kemst í framkvæmd, þá eru héruðunum lagðar stórar byrðar á herðar. En það er hart, ef héruðin óska einhuga eftir þessu fyrirkomulagi, að þing og ríkisvald vilji ekki veita þeim aðstoð sína til að koma því í framkvæmd.

Það hefir mikið verið talað um réttlætismál á þessu þingi. Hér er nú um eitt réttlætismálið að ræða í viðbót. Vil ég fastlega óska þess og vona, að hv. þm. sýni réttan skilning á því og góðan hug sinn til þess. Ég á bágt með að trúa því, að þingið vilji ekki leyfa hverju því héraði að koma þessari skólaskipan á hjá sér, sem samþykki það með yfirgnæfandi atkvæðum héraðsbúa.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Svo rík áherzla hefir verið á það lögð af sumum ræðumönnum að koma fram þessu máli, að ég get ekki á mér setið að koma hv. þm. S.-Þ. til aðstoðar.

Ef ætla mætti, að hugur fylgdi máli um að fá frv. samþ., þá mætti kannske skoða huga sinn um það, hvort ekki væri vert að samþ. það. En ég hefi hingað til ekki orðið var við nema einn mann, sem einhuga hefir barizt fyrir frv., en hann er líka einbeittur. En ég hefi heldur ekki orðið var við neinn annan, ekki einu sinni í Rangárþingi. Ég man eftir því eitt sinn, það mun hafa verið á þinginu 1930, að málið kom fyrir menntmn., þar sem ég átti sæti. Ætluðum við þá að svæfa málið í n. En flm. þess vildu fyrir hvern mun fá það afgr. úr n., svo að þeir gætu sýnt það og sannað við 2. umr., að þeir væru á móti málinu. Það má vera, að flm. málsins nú séu sannfærðir um ágæti þess. En það er þá a. m. k. mjög óheppilegt, að slíkir flm. hafa ekki fengizt fyrr, því að nú má segja, að þetta mál sé orðið of seint á ferðinni, ef því er ætlað að koma til framkvæmda. Nú er búið að byggja þá unglingaskóla í sveitum, sem nægja munu í bráð eða verður lokið á þessu ári. Er ekki annað sýnilegt en að skólarnir muni nægja þeirri eftirspurn, sem hægt er að gera ráð fyrir hin næstu ár. Það svæði, sem hinum nýja skóla er ætlað að starfa á, heyrir undir Laugarvatnsskólann, sem er stærsti héraðsskóli

landsins. Get ég ekki séð, að ríkið geti styrkt fleiri skóla á Suðurlandsundirlendi, meðan Laugarvatnsskólinn er nógu stór. (SvbH: Er Laugarvatnsskólinn nógu stór nú?). Þar hefir engum verið vísað frá, og allra sízt Rangæingum. — Þar við bætist, að Rangárvallasýsla er of lítil sem sérstakt skólahérað. Ég get hugsað mér, að ef allir sæktu skólann, sem á skólaaldri eru, þá gætu það orðið um 30 manns árlega. Er þá gert ráð fyrir því, að enginn flýði héraðið, þegar lagðar eru nýjar og sérstakar kvaðir á héraðsbúa vegna skólans. Unglingaskólahéruðin þurfa að vera stærri. Skólavistin verður við það þróttmeiri og fjölþættari — og m. a. notast kennslukraftarnir betur. Fyrir utan þetta, þá verður að telja það stóran ókost frv., að alveg er gengið framhjá menntun kvenþjóðarinnar.

Ég held mér sé óhætt að fullyrða, að slíkir skólar verða aldrei bornir uppi af vinnu nemendanna. Nemendurnir eiga yfirleitt fullt í fangi með að vinna fyrir sér og sínum, að því leyti, sem þeir kunna að veita stuðning fátækum foreldrum án þess að öllum skólakostnaði sé hlaðið á þá í viðbót. Ég hefi enga trú á því, að hægt sé að auka þeirra útgjöld. Mér virðist þær 60 kr., sem nú verður að greiða sem skólagjald, næg upphæð fyrir nemendur að greiða í viðbót við allan annan kostnað, sem af skólagöngunni leiðir og nemendur við þessa skóla, sem hér um ræðir, væru heldur ekki lausir við. Ég geri því ekki ráð fyrir, að ungu piltarnir yrðu ginkeyptir fyrir því að sækja skóla, sem legðu slíka fyrirvinnuskyldu á herðar þeim. Og ég er viss um, að ef farið yrði af stað með slíkan skóla, þá kæmi hann á ríkið að öllu leyti eftir fáein ár. Héraðið mundi gefast upp við að halda skólanum áfram, bæði fyrir getuleysi og byrjandi þreytu frumherjanna. Ef svo skólinn þá þætti eiga nokkurn rétt á sér, mundi allur kostnaðurinn við starfrækluna fara yfir á ríkið.

Nú er það skipulag haft, að ríkið greiðir 200—300 kr. vegna hvers nemanda, sem sækir héraðsskólana. Fyrir héruðin er ekki hægt að hugsa sér ódýrara fyrirkomulag. — Þá er og það að athuga, að ef ríkið hefir peningaráð á næstu árum, þá er nóg annað við féð að gera, þar sem óbyggðir eru enn gagnfræðaskólar kaupstaðanna. Og þar sem enn er heldur ekki víst, hver einlægni fylgir þessu máli, þótt forgöngumaður þess hafi sýnt mikinn dugnað, sem betur væri kominn annarsstaðar, þá verð ég að fylgja dagskrártill. hv. þm. S.-Þ. og vænti þess, að hún fái samþykki hv. d.

Frsm. meiri hl. (Sveinbjörn Högnason): Það fara nú að verða langdregnar umr. um þetta mál, og skal ég ekki lengja þær mikið. Ég kemst þó ekki hjá því að gera litlar aths. við þær mótbárur, sem fram hafa komið gegn frv.

Hv. þm. Borgf. var enn að reyna að bera af sér sakir. Hann þykist vera með einhverja björgunarstarfsemi í þessu máli, en ég get alls ekki fundið, að það sé neitt slíkt, sem fyrir honum vakir í brtt. hans. Í báðum ræðum sínum hefir hann mikið minnzt á kartöflur, og mér er ekki grunlaust um, að hann hafi valið brtt. sínar með það fyrir augum að fá tækifæri til þess að tala um kartöflur. Ég býst við, að hann geti lengi haldið áfram að tala um kartöflur, ef hann heldur sömu reglu, því að oft munu koma fyrir þingið mál, sem eins gefa tækifæri til þess og þetta.

Hv. 1. þm. N.-M. minntist á, að ég hefði haldið fram, að ekki væri um neina þegnskyldu að ræða í þessu frv. Þetta er misskilningur hjá honum; ég tel einmitt, að það innifeli dálitla þegnskyldu. En hún átti engin að vera hjá honum, þegar hann vildi láta vinna þrjár til fjórar vikur og að fullt endurgjald kæmi fyrir.

Það er alveg ástæðulaust að vera að tala um það, að þessu fyrirkomulagi yrði komið á gegn vilja æskunnar. Það er kunnugt, að hún er gjörn á að ganga undir stór mál, sem hún álítur, að til heilla verði fyrir samtíð sína og framtíð þjóðarinnar. Ég er því sannfærður um, að svo framarlega að það fengist nægilegur meiri hl. fyrir því að koma þessu skipulagi á í einhverju héraði, þá yrði það ekki gegn vilja æskunnar, heldur mundi málið vera borið fram að hennar vilja og fyrir hennar dáð, eins og flest þau mál, sem til framtíðarheilla horfa. Ég hefi enga trú á, að hægt verði að koma slíku í framkvæmd, nema æskan rétti þar fram sína örfandi hönd.

Hv. þm. S.-Þ. minntist á það, að þetta mál hefði lítið verið rætt. T. d. hefði enginn tekið til máls við eina umr. þess á þinginu 1930. Ég veit, að hv. þm. er svo kunnugur gangi mála hér á Alþingi, að hann veit, að mörg mjög merkileg mál hafa gengið í gegnum eina eða fleiri af umræðunum, án þess nokkur hafi tekið til máls.

Hv. þm. S.-Þ., og eins hæstv. fjmrh., bera mjög fyrir brjósti kvenþjóðina í sambandi við þetta mál. Það virðist jafnvel vera það, sem þeir setja mest fyrir sig, að ekki er gert ráð fyrir í frv., að það sama gangi yfir kvenfólkið og karlmennina. Ég get lýst því yfir sem flm., að ég er fús til samkomulags við þá um það að finna eitthvert skipulag í sambandi við þetta skólafyrirkomulag, sem einnig nær til kvenfólksins. Og mér finnst ekkert ósamræmi í því, þótt fyrst í stað sé ekki farið fram á annað en að reyna megi þetta skólafyrirkomulag fyrir karlmennina.

Hæstv. fjmrh. hafði það einkum á móti þessu frv., að flm. þess myndu ekki standa að baki því af heilum hug. Ég hefði nú fremur búizt við því að heyra úr einhverri annari átt slíkar dylgjur í okkar garð um óheilindi og yfirdrepskap og ég álít honum ekki sæmandi að vera með slíkar dylgjur í garð margra þm.

Hæstv. fjmrh. vildi benda okkur Rangæingum á Laugarvatn, þar sem er myndarlegasti lýðskóli þjóðarinnar. Það er nú bara svo, að Rangæingar hafa enn ekki notað þann skóla, og er hann þrátt fyrir það fullskipaður. Þess vegna virðist vera full þörf fyrir sérstakan skóla í Rangárvallasýslu fyrir æskulýðinn þar. Ég tel vafalaust, að í Rangárvallasýslu, og þó sérstaklega ef um leið er tekið tillit til Skaftfellinga, er fullkomlega jarðvegur fyrir sérstakan skóla og nægilegur mannfjöldi til þess að starfrækja hann. Ég er viss um, að hvort sem það fyrirkomulag, sem hér er um að ræða, verður tekið upp eða ekki, þá krefst æskan í Rangárvallasýslu þess, áður en langt um líður, að fá skóla heima í sínu héraði. Og ég sé þá ekki neinar frambærilegar röksemdir gegn því, að Rangæingar og aðrir, sem líkt stendur á fyrir, megi sjálfir skera úr um það, hvort þeir vilja fá skóla með því skipulagi, sem nú tíðkast, eða reyna annað fyrirkomulag, t. d. það, sem hér er stungið upp á. Ég vænti því, að hv. d. sjái, að hér er um fullkomið sanngirnismál að ræða, og að það á fullan rétt á sér, að samþ. séu um það heimildarl. í þeim búningi, sem meiri hl. allshn. leggur til.

Ingólfur Bjarnarson: Hv. þm. Mýr. lét svo um mælt, að hann hefði skilið þetta frv. svo, að þar mundi vera um það að ræða, að unga fólkið gæti fengið kennslu í verklegum efnum samhliða bóklegum. Hann virtist nefnilega ekki alveg viss í því, hvað meint er með þessu frv., sem hann er 1. flm. að, en hann kvaðst halda, að þannig ætti nú að skilja það. Ég vil nú benda á, að sé það meiningin með þessari skylduvinnu að veita unglingunum kennslu í verklegum efnum, þá finnst mér mjög óheppilegt, að ekki skyldi vera hægt að láta þá hugsun koma fram í frv., því að þar er ekki talað nokkurn skapaðan hlut um **kennslu** í verklegum efnum; það er bara sagt, að allir ungir menn „skuli vinna kauplaust líkamleg störf í þágu síns sýslu- eða bæjarfélags", þegar þeir eru 18 ára að aldri. Engin bending gefin um, að sú vinna skuli skipulagsbundin á nokkurn hátt, hvað þá meira. Það er yfirleitt ekki skoðað neitt nám, þótt menn vinni að vegagerð, skurðagreftri, túnaávinnslu eða einhverju slíku, þótt hinsvegar megi játa, að flestri líkamlegri vinnu sé samfara einhver lærdómur.

Ég get heldur ekki fundið neitt um það í þessari „biblíu", sem ég áðan talaði um, að þetta sé hugmyndin, sem hv. þm. Mýr. vill vera láta. Mér finnst, að þar tali miklu fremur praktiskir menn, sem vilja tryggja sýslufélögunum ódýran vinnukraft til þess að leggja nauðsynlega vegi, og er það út af fyrir sig ekki nema gott frá sjónarmiði þeirra, sem vegina eiga að kosta. Ég vil leyfa mér að lesa upp það, sem þar stendur um þetta atriði, með leyfi hæstv. forseta:

„— — Verkefnið fyrir skólavinnuna álítum vér yfrið og ótakmarkað, ætlum vér, að sá tími sé skammt framundan, að þjóðin geri sig ekki ánægða með minna en velfæra bílvegi til aðdrátta, en það er hvorttveggja, að stofnkostnaður slíkra

vega er mikill, og svo kemur viðhaldið árlegt og í sífellu. Sýnist því ekki annað úrræði betra eða minna duga en ein kynslóðin eftir aðra leggi hönd á verkið.

Mun í allflestum sýslum landsins eigi veita af minna en 40 mönnum sjö vikna tíma á ári hverju bara til sýsluveganna einna, og sýnist þá ekki þýðingarlaust að eiga þennan flokk ungra manna ávallt vísan .— —"

Þetta bendir á, að hér hafi mest verið hugsað um að fá ódýran vinnukraft til vegagerða, — lögþvinga til þess ákveðinn flokk manna. Það er ekkert minnzt á, að þessi vinna eigi að vera einskonar skóli í verklegum efnum. Ég held því, að sá skilningur, sem hv. flm. hélt, að leggja mætti í frv., hafi ekki við neitt að styðjast.

Hv. þm. talaði um þetta sem réttlætismál. Ég held, að þeim ummælum mætti nú alveg snúa við, því að í frv. er um hið mesta óréttlæti að ræða, enda hafa þeir, sem að frv. standa, forðast að sýna fram á það, hvaða réttlæti er í því að útiloka fullan helming af æsku landsins frá þeirri fræðslu, sem nú er með lögum veitt, nefnilega allar ungar konur. (**SvbH:** Það má taka það inn í frv. við 3. umr., að það nái einnig til kvenfólksins). Það hefir nú ekki bólað á því hingað til, að taka ætti það með. Og þangað til till. koma fram um það efni, getur maður ekki gert ráð fyrir, að það sé meiningin.

Meðal annars fyrir þann hugsunarhátt, sem kemur fram í því hróplega ranglæti, sem gert er ráð fyrir að beita helming allra ungmenna í landinu, tel ég óhugsandi að ganga að þessu frv.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég vildi gefa Rangæingum það ráð, til þess að fá forgangsrétt að Laugarvatnsskóla umfram aðrar sýslur, að leggja fram til hans eitthvert ofurlítið stofnfé. Það gæti orðið þeim ódýrara heldur en að hafa sérstakan skóla. En það, að Rangæingar fengju forgangsrétt að Laugarvatnsskóla með Árnesingum, þyrfti á engan hátt að vera til þess að bægja ungmennum úr öðrum sýslum frá skólagöngu, því að þau myndu þá bara fylla hina alþýðuskólana. Því það er nú svo, að þeir eru ekki fullskipaðir. Þetta væri heillaráð fyrir Rangæinga, að standa að einhverju leyti undir kostnaðinum við Laugarvatnsskóla með Árnesingum og sjá til, hvort plássið þar hrykki ekki. Ég skil ekki, að fólk þarna austur frá þurfi að hafa hátt um skólaleysi í bráð, þegar nú er loksins kominn fullkominn skóli fyrir um 140 manns í nágrenni þess, eftir svo langa bið. Og mér er ekki kunnugt um, að æskulýðurinn á þessum slóðum heimti vegavinnu þá, sem hér er um að ræða. 16—18 ára piltar eru í sveitum vinnandi menn; í því efni þarf ekkert aðhald að setja, svo að frá því sjónarmiði er vinnuskyldan þýðingarlaus. Og ég er mótfallinn því að taka af mönnum frelsið um það, hvar þeir vinna, hvort þeir vilja vinna heima hjá foreldrum sínum eða annarsstaðar. Úti um sveitir þekkjast ekki starfslausir unglingar; þeir munu frekar vera til í kaupstöðunum, en þar býst ég við, að torvelt væri að koma þessu skipulagi á.

Það er misskilningur, að ég gruni þá flm. frv. um óheilindi í málinu, sem nú flytja það og barizt hafa fyrir því nærri hálfan sólarhring. Það voru hinir fyrstu flm. þess, sem ég átti við, því að þeir voru hræddastir við það, að vera **ekki** grunaðir um óheilindi í málinu. Og ég sagðist efast um, að Rangæingar væru yfirleitt heilir í þessu máli, og til þess hefi ég fulla ástæðu. Heilindi núv. flm. frv. dreg ég ekki í efa, en undrast þau hinsvegar stórlega.

Bjarni Ásgeirsson: Ég ætla aðeins að svara hv. þm. S.-Þ. nokkrum orðum. Hann vill rengja það, að meiningin með vinnuskyldunni sé að nokkru leyti sú að kenna unglingunum vinnubrögð. En eftir samtali mínu við þann mann, sem telja má höfund þessa máls, þá vakir fyrir honum, að um leið og vinnan yrði sýslufélögunum að gagni, væri unglingunum kennt að vinna á skipulegan hátt að hverju, sem er. Þó að ekki sé í þessari bók, sem hv. þm. S.-Þ. gerir sér svo títt að vitna í, minnzt á annað en vegavinnu, þá er það víst, að mörg fleiri störf myndu koma til greina.

Ég verð að segja það, að ég hefi alltaf haft trú á því, að þegnskylduvinna í svipuðu formi og hún var borin fram í á árunum gæti orðið þjóðinni til mikils

gagns. Þótt herskylda annarar þjóða sé ekki eftirsóknarverð, þá hefir hún marga kosti. Hún hefir menntað fólkið talsvert, kennt því hlýðni, stjórnsemi, reglusemi og ýmsar borgaralegar dygðir. Ég er ekki í vafa um, að þótt menn væru skyldaðir til þess að vinna vegavinnu ákveðinn tíma í þágu þjóðfélagsins, þá gæti ýmislegt gott af því leitt, ef það væri undir stjórn góðra manna.

Hv. þm. S.-Þ. var harðorður um það, hvað mikið ranglæti kvenfólkinu væri sýnt með þessu frv. Með því slær hann föstu, að hér sé um mikil hlunnindi að ræða fyrir karlmennina, annars væri það ekkert ranglæti gagnvart kvenfólkinu, að það er ekki tekið með. Nú hefir hv. frsm. látið í ljós, að hann væri fús til samvinnu um að breyta frv. í þá átt, að það nái einnig til kvenfólksins, og ég er það líka. Að ekki er farið lengra í frv. en það að láta vinnuskylduna og skólaréttindin ná til pilta aðeins, er vegna þess, að hugsunin var að prófa sig áfram, reyna þetta fyrst. Þessu er hægt að breyta strax, ef fylgi frv. veltur á því.

Það hafa fallið hér orð um það, að flm. frv. hafi lítið talað fyrir því. Ég játa það, að við flm. höfum talað miklu minna um þetta mál heldur en hægt hefði verið. Við hefðum eflaust getað flutt um það sinn fyrirlesturinn hver og hann langan. En það er nú svo um sum mál, að þau mæla með sér sjálf. Þetta er eitt af þeim, og þess vegna er því ofaukið að koma með meiri meðmæli með því heldur en þegar eru fram komin.

Frsm. meiri hl. (Sveinbjörn Högnason): Ég vildi aðeins svara hæstv. fjmrh. nokkrum orðum. Hann vildi bjóða okkur Rangæingum einhver kostakjör við Laugarvatnsskóla og virtist halda, að með því væri þetta mál leyst. En þetta frv. er nú ekki miðað eingöngu við Rangæinga.

Hæstv. ráðh. sagði, að við mundum geta fengið forgangsrétt að Laugarvatnsskóla, án þess að það yrði öðrum að meini, því að hinir skólarnir væru ekki fullskipaðir. En ég vil nú spyrja: Ef þessir nýtízku skólar, sem reistir hafa verið og munu vera einhverjir þeir beztu lýðskólar, sem yfirleitt eru til, eru ekki fullskipaðir, þrátt fyrir það að þeir rúma ekki nema lítið brot af æskulýð landsins, er þá ekki ástæða til þess að halda, að skipulagið, sem þeir starfa eftir, sé ekki sem bezt? Væri ekki ástæða til að reyna að leita fyrir sér, hvort ekki er hægt að finna annað skipulag, sem betra er og fyllti skólana? Við álítum, að það skipulag, sem hér er um að ræða, mundi opna leið til þess, að skólarnir geti náð til allra.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Það á ekki rót sína í skipulagi unglingaskólanna, að þeir eru ekki eins vel sóttir nú eins og æskilegt væri. Skólana sækir ekki nema lítill hl. af unga fólkinu. **(SvbH:** Hvers vegna?). Það er af ýmsum ástæðum. Sumir kæra sig ekki um að stunda frekar nám, sumir komast ekki frá heimilum sínum og sumir geta ekki verið í skólunum vegna fjárskorts. Úr þessum hlutum er ekki hægt að bæta, nema ríkið taki á sig miklar byrðar umfram það, sem nú er. Og ég er þeirrar skoðunar, að ekki sé enn tímabært að fyrirskipa almenna skólaskyldu unglinga. Það þarf að líða töluverður tími frá því, að mönnum er gefinn kostur á að njóta framhaldskennslu og þangað til allir eru skyldaðir til að nota hana.

Mér virðist því, að við séum ekki ennþá komnir á það stig að fyrirskipa skólaskyldu unglinga. Þetta er skýringin á því, að skólarnir eru ekki fullir og að við eigum ekki að fara þá leið að þvinga unglingana til þess að sækja skólana, gegn vilja þeirra sjálfra og án tillits til heimilisástæðnanna, nema þá því aðeins, að ríkið sjái sér fært að leggja fram til skólanna stórum meira fé en nú, t. d. helmingi eða þrefalt meira.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 61. fundi í Nd., næsta dag, var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 89, n. 318 476).

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá þm. S.-Þ. felld með 13:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VJ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BKr, IngB, JónasÞ, LH, StgrS, TrÞ, JörB.

nei: BSt, BÁ, HStef, HG, HV, JJós, JAJ, JÓl, MG, MJ, PO, SvbH, SvÓ.

Fjórir þm. (EA, GÍ, HJ, ÓTh) fjarstaddir.

Brtt. 476,1 (ný 1. gr.) samþ. með 14:8 atkv.

— 476,2 (ný 2. gr.) samþ. með 15:2 atkv.

— 476,3 (ný 3. gr.) samþ. með 13:6 atkv.

— 476,4 (ný 4. gr.) samþ. með 14:5 atkv.

— 476,5.a samþ. með 14:3 atkv.

— 476,5.b samþ. án atkvgr.

5. gr. svo breytt, samþ. með 13:4 atkv.

Brtt. 476,6 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BSt, BÁ, GÍ, HG, HV, JJós, JAJ, JÓl, MG, MJ, PO, SvbH, SvÓ.

nei: BJ, BKr, HStef, IngB, JónasÞ, LH, StgrS, TrÞ, VJ, ÞorlJ, ÁÁ, JörB.

Þrír þm. (EA, HJ, ÓTh) fjarstaddir.

Fyrirsögn eftir 2. umr.:

Frv. til l. um heimild fyrir Rangárvallasýslu til að starfrækja ungmennaskóla með skylduvinnu nemenda gegn skólaréttindum.

Á 63. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. meiri hl. (Sveinbjörn Högnason): Ég vildi óska, að þetta mál yrði nú tekið út af dagskrá, því að það hafa komið fram brtt., sem ekki hefir enn verið útbýtt í d.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Nd., 2. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 544, 563).

Haraldur Guðmundsson: Ég flyt hér á þskj. 563 nokkrar brtt. við þetta frv., í framhaldi af því, sem ég mælti hér við 2. umr. þessa máls.

Þær breyt., sem ég legg til, að gerðar verði á frv. frá því, sem það er á þskj. 544, eru aðallega tvær. Í fyrsta lagi, að frv. sé að því leyti fært í sinn eldri búning, að heimildin til þess að taka upp þetta skólafyrirkomulag sé ekki bundin við Rangæinga eina, heldur nái hún til sýslu- og bæjarfélaga almennt. Og í öðru lagi er það sú aðalbreyt., sem ég minntist á við 2. umr., að í stað þess, að í frv. er um að ræða vinnuskyldu gegn skólaréttindum, er í mínum till. gert ráð fyrir eins til tveggja vetra skólaskyldu og vinnuréttindum á móti, þannig, að nemendum sé gefinn kostur á að vinna af sér kostnaðinn við skólaveruna með vinnu í þágu síns bæjar- eða sveitarfélags. Svo eru nokkrar smærri breyt., sem að nokkru leyti leiða af þessari meginbreyt. Auk þess er í till. mínum konum gert jafnhátt undir höfði og körlum. Í frv. er gert ráð fyrir, að vinnuskyldan og skólaréttindin séu bundin við 18 ára aldur. Í mínum till. er aftur á móti gert ráð fyrir, að skylda megi alla unglinga til að stunda nám einn til tvo vetur, einhvern tíma á árabilinu frá 15 til 19 ára aldurs. Það er tvímælalaust til hægðarauka fyrir unglinganna og aðstandendur þeirra, að geta valið um hvert af þessum árum þeir nota til námsins.

Í frv. er gert ráð fyrir, að „húsvist" og kennsla sé greidd með sjö vikna vinnu að vorlagi í þarfir viðkomandi sýslufélags. Mér virðist óviðkunnanlegt að gera ráð fyrir, að nemendur greiði sérstaklega fyrir húsnæði í skólanum, enda ætti þess ekki að gerast þörf, þar sem í 3. gr. frv. er gert ráð fyrir, að sýslufélögunum séu lögð til skólahús, þeim algerlega að kostnaðarlausu. Hinsvegar væri nokkuð ríflegt að ætla sjö vikna vinnu að vorlagi til þess að greiða með fyrir kennsluna eina. Í till. mínum er gert ráð fyrir, að nemendum sé gefinn kostur á að vinna af sér, ekki einasta kennslukaupið, heldur einnig fæðiskostnaðinn. Af því leiðir, að ekki er hægt að ákveða, hvað vinna á langan tíma; það verður að ákveða með reglugerðarákvæðum eftir staðháttum á hverjum stað.

Um aðrar af till. mínum þarf ég ekki að fjölyrða, því að þær leiðir af þeim breyt., sem ég nú hefi lýst. Þær eru að mestu sniðnar eftir hinu upphaflega frv., að öðru leyti en því, að skólaskylda er tekin upp í stað vinnuskyldu og vinnuréttindi í stað skólaréttinda.

Ég hygg, að margir af hv. þdm. séu mér

fullkomlega sammála um það, að tími sé kominn til þess að taka það til athugunar, hvort ekki er ástæða til að lögbjóða a. m. k. eins árs nám umfram barnafræðsluna. Ég hygg, að reynslan hafi sýnt það, að einn vetur til náms eftir 14 til 15 ára aldur jafngildi, ef um góða kennslu er að ræða, miklu lengri námstíma á yngri árunum. Og ekki verður því neitað, að sú fræðsla, sem heimtuð er undir burtfararpróf úr barnaskólunum, er ekki svo veigamikil, að ekki væri full þörf á að bæta við sem svarar eins vetrar námi á unglingsárunum. Hér er þó ekki gengið svo langt að taka upp almenna skólaskyldu unglinga, heldur er í mínum till. aðeins gert ráð fyrir að veita sýslu- og bæjarfélögum heimild til þess að fyrirskipa eins til tveggja vetra nám unglinga, hvert hjá sér, þegar mikill meiri hl. kjósendanna óskar þess. Þótt ekki sé það fram tekið í till. mínum, geng ég út frá því, að nemendur slíkra skóla sem þar er gert ráð fyrir njóti sama styrks frá því opinbera og nú er veittur til héraðsskóla og gagnfræðaskóla.

Frsm. meiri hl. (Sveinbjörn Högnason): Þetta mál virðist ætla að fá alveg óvanalega meðferð hér í hv. d. og hana fremur óblíða. Hv. þm. Borgf. tókst við 2. umr. að gera á frv. það skemmdarverk, að það er nú í rauninni hvorki fugl né fiskur. Og nú kemur einn af flm. þess og flytur brtt., sem umskapa algerlega þá hugmynd, sem frv. er byggt á.

Ég get vel gengið inn á það, að ýmislegt í þeim brtt., sem hér liggja fyrir frá hv. þm. Seyðf., sé vel þess vert, að það sé athugað í góðu tómi og með nokkrum fyrirvara. En ég tel varhugavert að hlaupa til að samþ. brtt., eins og nú er í pottinn búið, án þess hv. þdm. hafi fengið tíma til þess að átta sig á þeim. Ég er hv. flm. brtt. sammála um það, að það gæti verið æskilegt að lögbjóða skólaskyldu í eitt eða tvö ár eftir ferminguna. En það er breyt. á fræðslul., sem þá þyrfti að fara fram. Ég tel æskilegt, að á næstu árum, eða sem fyrst, verði fræðslulöggjöf okkar yfirleitt tekin til athugunar af nýju og að þá verði m. a. þetta athugað, hvort ekki væri heppilegt að stytta eitthvað verunа í barnaskólunum, og lögbjóða aftur skyldunám unglinga.

Hinsvegar væri með brtt. hv. þm. Seyðf. numinn burt úr frv. sá meginþáttur þess að innleiða skylduvinnu í sambandi við skólavist og í þess stað kæmu aðeins nokkurskonar atvinnubætur fyrir þá, sem skólana vilja nota. Ef þeim þóknast að vinna skólakostnaðinn af sér, þá á sýslufélagið að vera skyldugt til að veita þeim vinnu. Munu hv. þdm. sjá, hvað mjög væri raskað þeim grundvelli, sem frv. var upphaflega byggt á, með þessari breyt.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum. Ég skal aðeins geta þess fyrir mitt leyti, að eins og frv. er nú, eftir það skemmdarverk, sem hv. þm. Borgf. tókst að vinna á því við 2. umr., tel ég það hvorki fugl né fisk og mjög lítils virði fyrir framgang þessa máls.

Ég býst þó við að greiða frv. atkv. mitt út úr d., án þess brtt. hv. þm. Seyðf. komi þar til greina, en ég geri það einungis í þeirri von, að hv. Ed. taki sanngjarnlega á þessu máli og færi frv. í það horf, sem það var í, þegar það kom frá hv. menntmn. þessarar hv. d.

Jónas Þorbergsson [óyfirl.]: Ég vil aðeins lýsa í fám orðum afstöðu minni til þessa máls, áður en atkvgr. fer fram.

Ég verð að taka undir með þeim, sem látið hafa í ljós undrun yfir því, að tíma skuli hafa verið eytt í það þing eftir þing að ræða mál, sem áreiðanlegt er, að sumir af flm. þess hafa harla litla trú á. Ég lít svo á, að á frv. eins og það liggur fyrir séu stórkostlegir gallar, eins og sýnt var fram á við 2. umr., sérstaklega af hv. þm. S.-Þ., t. d. þar sem gert er ráð fyrir, að kvenfólkið eigi ekki að njóta jafnréttis við karlmenn um þau fríðindi, sem ætlazt er til, að þetta mál hafi í för með sér. Ég álít, að það sé hreint og beint varasamt fyrir heiður þessarar hv. d. að láta frv. fara þannig til hv. Ed., og mig furðar á þeirri yfirlýsingu þess flm., sem hér er mest grunaður um heilindi í þessu máli, hv. 2. þm. Rang., að hann álítur, að frv. sé nú hvorki fugl né fiskur, en vill þó senda það út í þá óvissu að láta það ganga áfram til hv. Ed. Ég held, að þessi hv. þm., sem er vanur að fást við greftr-

anir, ætti heldur að sjá þessu máli borgið á þann hátt, sem heppilegastur mun vera, nefnil. hjálpa til að fylgja því til grafar.

Ég ætla svo ekki að eyða fleirum orðum um þetta, en mun greiða atkv. á móti frv. við þessa umr.

Einar Arnórsson [óyfirl.]: Ég var ekki við, þegar þetta mál var til 2. umr. hér í hv. d., og má því vel vera, að ég endurtaki eitthvað af því, sem þá var sagt.

Þótt ég virði þann áhuga og þá ósérplægni, sem komið hefir fram í aðgerðum þess manns, sem mest hefir barizt fyrir þessu máli, þá verð ég að segja það, að ég hefi ekki getað fallizt á þá hugmynd, sem lögð er þar til grundvallar.

Þetta frv. er gamall kunningi hér á þingi, því að þetta er nú í fimmta sinn, sem það er fram borið. Eins og það er nú flutt, af 6 hv. þdm., — það er hvorki meira né minna en kúgildistalan — eru í því mörg ákvæði, sem mér finnst ekki viðlit, að löggjafarvaldið geti gengið að, og skal ég aðeins nefna fáein.

Það er þá fyrst sjálf hugmyndin að þvinga lögráða og sjálfráða menn til þess að vinna í sjö vikur kauplaust, sem ég get ekki fallizt á. Það er í svo algerðu ósamræmi við þær grundvallarreglur, sem gilt hafa í okkar löggjöf. Annaðhvort eru menn sjálfráða eða ekki sjálfráða, og eftir okkar löggjöf eiga átján ára menn yfirleitt að vera sjálfum sér ráðandi, og það er mjög mikið brot á því „principi" að skylda menn til að vinna, og ég hygg, að það yrði þeim sveitum, sem því vildu beita, til lítils góðs í framkvæmdinni. Mér þykir ekki ólíklegt, að ýmsir hinna vinnufæru manna, sem þvinga ætti, ekki til þess að moka skít fyrir ekki neitt, en þó a. m. k. ætti að skylda til að moka skít, myndu skipta um bústað og fara úr þeim sýslum, þar sem þetta ætti að framkvæma. Það yrði a. m. k. ekki til þess að auka vinnukraftinn í þeim sýslum, sem þetta skipulag tækju upp.

Í öðru lagi er það mikla misrétti, sem nefnt hefir verið áður, að það eru aðeins karlmennirnir, sem njóta eiga þeirra hlunninda, sem frv. á að veita, því að hlunnindi eru það frá sjónarmiði flm. Kvenfólkið á eftir frv. ekki einu sinni að hafa þau réttindi að geta fengið að moka skít og fá skólakennslu í staðinn, þó að það vildi, og er þannig algerlega útilokað frá þeim sýsluskólum, sem hér er gert ráð fyrir, að rísi upp.

Í þriðja lagi var það svo eftir 3. gr. frv., eins og það var borið fram, að ¾ kjósenda í hvaða sýslu sem vera skal hefði getað skyldað fjárveitingarvaldið til þess að leggja fram ótakmarkað fé til skólabygginga. Hefði þetta verið samþ., mátti búast við, að með duglegri agitation fyrir málinu gæti ríkið komið til með að þurfa að byggja jafnmörg skólahús eins og sýslu- og bæjarfélög eru samtals á landinu öllu. Ég man ekki, hvað sýslu- og bæjarfélög eru mörg á landinu; líklega um 36. Það hefðu því á sínum tíma getað komið fram um 36 kröfur um skólahúsbyggingar, sem skylt hefði verið að verða við. Að samþ. slíkt ákvæði væri því sama og flytja brot af fjárveitingarvaldinu yfir til sýslufélaganna. Ég efast ekki um, að sumir þeirra hv. þm., sem frv. hafa flutt, hafi athugað þetta, en þeir hafa bara flutt það í þeirri góðu trú, að það mundi aldrei ná fram að ganga.

Með öðrum orðum átti eftir frv. að vera möguleiki á að stofna skóla fyrir karlmenn eingöngu í öllum sýslum og kaupstöðum landsins, í viðbót við alla þá héraðsskóla og gagnfræðaskóla, sem nú eru til. Vitanlega horfir þetta nokkuð öðruvísi við eins og frv. er nú, eftir að brtt. hv. þm. Borgf. voru samþ. Nú er það aðeins ein einasta sýsla á landinu, Rangárvallasýsla, sem veita á heimild til þess að taka upp það skipulag, sem frv. mælir fyrir um. (**PO:** Hún hefir ein óskað eftir því. — **SvbH:** Það er ekki rétt). En frá mínu sjónarmiði er það einnig principbrot að veita einni sýslu út af fyrir sig slíka heimild. Ef einni sýslu er veittur réttur til þess að heimta skólahús af ríkinu, þá er viðbúið, að hinar komi á eftir og segi: „Hvers eigum við að gjalda. Því fáum við ekki sama rétt og Rangárvallasýsla?" — Ég geri því ráð fyrir, að það gæti komið sama skriðan með þessu móti eins og ætla mætti, að komið hefði, ef frv. hefði verið samþ. óbreytt. Hitt er rétt, að þess er ekki að vænta, að frv. hefði eins mikinn kostnað í för með sér í bráð, þótt það væri samþ. eins og það er nú, eins og það hefði getað haft, ef það

hefði verið samþ. eins og það var upphaflega. En þrátt fyrir þessa takmörkun, að heimildin á ekki að ná nema til Rangæinga einna, mun ég ekki skoða huga minn um að greiða atkv. á móti frv. út úr d. Og þótt það kæmist lifandi héðan, er ekki þar með sagt, að það komist út úr þinginu að þessu sinni, því að nú er áliðið þingtímann og hætt er við því, að einhverjir vilji skyggnast í málið í hv. Ed. Að því leyti skiptir e. t. v. litlu máli, hvort frv. verður veitt formleg útför hér eða hvort það kemst lifandi út úr d. í þeirri mynd, sem það nú er í.

Frsm. meiri hl. (Sveinbjörn Högnason): Hv. 2. þm. Reykv. hefir nú borið fram nokkuð af sínum andmælum gegn þessu frv., sem eru að mestu leyti þau sömu sem aðrir andmælendur þess báru fram við 2. umr. Af því að þessi hv. þm. var ekki við þá, er rétt að svara honum nokkrum orðum, og mun ég þó fara fljótt yfir sögu.

Hv. þm. talaði um það eins og honum þætti það mjög fyrirlitlegt, að skylda menn til að vinna eitthvað, sem að gagni má verða, fyrir sýslufélag sitt. Ég held nú, að yfirleitt allt, sem löggjafarvaldið gerir, gangi meira og minna í þá átt að leggja einhverskonar skyldur á borgarana, hvort sem þeir vilja eða ekki. Og ég held, að ef menn eru skyldaðir til einhvers, þá sé það ekkert fyrirlitlegra, þótt það væri að „moka skít", heldur en eitthvað annað. Eða heldur hv. þm., að það sé mjög fyrirlitlegt verk að moka skít?

Annars er nú ekkert rætt um það í frv., hvað menn eiga að vinna þennan sjö vikna tíma, og hvort sem það væri að byggja vegi og brýr eða að rækta jörðina, þá eru það ekki annað en heiðarleg störf, sem engin ástæða er að tala óvirðulega um. Ég sé ekki, að löggjafarvaldið geti komizt hjá því að leggja kvaðir á þegnana, enda er ekkert við það að athuga. Aðalatriðið er, að þær kvaðir geti orðið þegnunum til gagns og blessunar og þjóðfélaginu að liði. Nú er það sannfæring höfundar þessa máls, að vinnuskyldan yrði landi og lýð til blessunar, og einmitt af því að við flm. frv. álítum, að svo gæti orðið, berum við málið hér fram.

Hv. 2. þm. Reykv. talaði um, að vinnuskyldan yrði ekki til þess að auka fólksaflið í þeim sveitum, sem hana tækju upp, því að unglingarnir myndu flýja burt þaðan. Um það er ég honum algerlega ósammála. Svo er um þetta búið, að ⅔ allra kjósenda sýslunnar verða að greiða atkv. með þessu skipulagi, ef taka á það upp, eða næstum því allir þeir, sem kosningu mundu sækja. Og ég tel ekki líklegt, að svo mikill meiri hluti kjósenda gæti nokkru sinni verið í svo algerðu ósamræmi við hina uppvaxandi æsku síns héraðs, að hún mundi flýja undan því skipulagi, sem eldra fólkið óskar eftir henni til góðs.

Ennfremur talaði hv. þm. um hagsmuni kvenfólksins í þessu máli. Ég hefi áður bent á, að ekki þarf annað en að samþ. brtt. um að taka það með. Ég væri fús að ganga inn á þá breyt., ef ekki þarf annað til að bjarga málinu. Höfundur frv. taldi aðeins heppilegra að fara af stað með karlmennina eina í fyrstu. Ég tel sjálfsagt, að kvenfólkið kæmi á eftir og þetta yrði undirstaðan undir almennri lýðfræðslu í landinu.

Hv. þm. minntist á, að með frv. væri verið að draga fjárveitingarvaldið úr höndum Alþingis. Hann hefir víst ekki fylgzt með því, að meiri hl. menntmn. bætti því inn í frv. með sínum brtt., að skólahúsin skyldi byggja eftir því, sem fé yrði veitt til í fjárlögum. (**EA:** Ég talaði um frv. eins og það var upphaflega flutt). Það liggur nú ekki lengur fyrir til umr. þannig. Það er á flestum frv., sem fram eru borin hér, meira eða minna af agnúum, sem nema þarf burt við meðferð málsins, og yfirleitt standa þau til bóta í ýmsum smáatriðum, og hv. þm. veit, að það er ekkert óeðlilegt við það.

Hv. þm. talaði um, að málið horfði öðruvísi við frá sínu sjónarmiði nú, þegar það væru orðnir Rangæingar einir, sem um væri að ræða. Þó skildist mér hann vera á móti frv. eins og það liggur fyrir, vegna þess að það væri principbrot. Það sama hafði ég á móti till. hv. þm. Borgf. við 2. umr.; að sýsla sé þannig tekin út úr af löggjafarvaldinu. En það, sem hv. þm. taldi betra við frv. eins og það er nú, var það, að ekki mundi a. m. k. fyrst í stað koma sama skriðan af kröfum

um skólahúsbyggingar, þótt það væri samþ., eins og komið hefði, ef frv. hefði verið samþ. óbreytt.

Hv. 2. þm. Reykv. minnntist á það, að fjárveitingarvaldið mundi ekki geta staðið á móti þeim skrið, sem mundi koma á sveitar- og bæjarfélögin úti um land, til þess að fá þessi réttindi. Auðvitað kemst slíkur skriður á héruðin, ef þetta fyrirkomulag reynist gott og nothæft, og ég fæ ekki betur séð en að þessi röksemd hv. þm. sé stórt innlegg fyrir málið, ef hann heldur, að því verði svona vel tekið.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um mótbárur hans; þær komu flestar fram við 2. umr. og var svarað þá. Hv. þm. Dal. beindi þeirri spurningu til mín, hvort ég væri ekki fáanlegur til þess að fylgja þessu frv. til moldar nú þegar, fyrst ég teldi, að það væri orðið stórskemmt. En ég vil taka það fram, að ég fylgi því bara í þeirri von, að hv. Ed. breyti því í sitt upphaflega form. Og ég vil segja hv. þm. Dal. það, að ég er ófús á það að molda nokkuð, sem hefir von um bata og líf.

Magnús Guðmundsson: Ég hefi ekki miklu við það að bæta, sem hv. frsm. hefir sagt um þetta mál. Þó get ég ekki neitað því, að allundarleg rök eru færð fram móti þessu máli. Mikið hefir verið talað um það, að það sé ranglæti gagnvart kvenfólkinu, að það skuli ekki vera tekið með í þessu frv., en svo er það aftur talið hróplegt ranglæti, að það skuli eiga að þvinga karlmenn til þess að moka skít í 7 vikur gegn skólaréttindum. Í þessu er auðsætt ósamræmi, og ekki laust við, að rökin stangist, þegar slíkt er borið fram af sama manninum. Ég get tekið það fram, að ég hefi alltaf verið hlynntur þegnskylduhugmyndinni, og er alveg sannfærður um það, að hefði hún verið innleidd, segjum fyrir 200—300 árum, hefði landið litið öðruvísi út nú en raun er á. Og enginn vafi er á því, að þetta frv. fer fram á þegnskylduvinnu, þó að borgun sé nú ákveðin, sem áður mun engin hafa átt að vera. Hefði þetta fyrirkomulag verið við lýði nokkra mannsaldra í einhverri einni sýslu, þá efast ég ekki um, að sú sýsla bæri mjög af öðrum nú. Þetta er fyrir mér aðalatriði málsins, og það hefir gert það að verkum, að ég gerðist meðflm. þessa frv. Og það sýnir bezt, að þessi hugmynd er ekki út í bláinn, að jafnvel þeir, sem andmælt hafa frv., gera ráð fyrir, að þetta fyrirkomulag verði mjög mikið notað, ef það verður lögtekið. Vitaskuld er það stórkostleg skemmd á frv., að það skuli nú aðeins ná til einnar sýslu. Og það er hreint ekki víst, að það sé einmitt sú sýsla, sem hefði orðið fyrst til þess að taka þetta fyrirkomulag upp, ef frv. hefði verið samþ. í sinni upphaflegu mynd. Ég skal gjarnan taka ávítum hv. 2. þm. Reykv. um, að óvarlegt sé að samþ. frv. eins og það var; ríkissjóður mundi ekki standa undir því, ef ⅔ allra sýslufélaga á landinu ákvæðu öll í einu að nota sér fyrirkomulag frv. og heimtuðu framlag það, sem ætlazt var til, að ríkið greiddi. Nú er óþarft að tala um þetta lengur, þar sem búið er að koma í veg fyrir, að þetta geti orðið.

Það er ekki rétt, sem tekið hefir verið fram í þessum umr., að Rangárvallasýsla öll í heild standi að baki frv. Það er einkum einn maður í Rangárvallasýslu, sem á þessa hugmynd, en það er ekki sama og sýslufélagið sem heild óski eftir því, að eitthvað verði að l. Mér skildist það á orðum hv. 2. þm. Reykv., að hann byggist við því, að kröfur um framlag ríkisins mundu hafa streymt inn, ef frv. yrði samþ. eins og það var upphaflega, og eru það ekki svo lítil meðmæli fyrir frv.

Það er eftirtektarvert, að bæði hv. þm. Borgf. og hv. þm. S.-Þ. hafa mælt á móti þessu frv. Í kjördæmum beggja þessara hv. þm. eru nú þegar til myndarlegir alþýðuskólar, og þau þurfa því ekki að nota þetta fyrirkomulag.

Ég er ekkert hræddur um það, að unglingarnir mundu streyma úr sveitunum, þó að þeir ættu að vinna nokkrar vikur að vori til fyrir skólaréttindum. Slíkt er hvorki hægt að sanna né afsanna fyrirfram. Úr því getur reynslan ein skorið.

Mér skildist það á hv. þm. Dal., að hann vildi láta syngja líksöng yfir þessu frv. strax. Ég held, að ekkert liggi á því, megi lofa því að fara til hv. Ed., þar er víst nóg af hreppstjórum til þess að gera slík verk, sem þeir eiga nú að fara að gera samkv. till. hv. þm. Ísaf., en þó að þetta frv. eigi erfitt uppdráttar, býst ég við því, að

hreppstjórafrv. hv. þm. Ísaf. eigi ekki léttari göngu fyrir höndum. Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara um þetta fleiri orðum að sinni.

Sveinn Ólafsson: Það er ekkert undarlegt, þó að skoðanir hv. dm. séu skiptar um þetta mál. Hér á að ryðja nýjar brautir, og það eitt veldur oft óhag og tortryggni. Hér er í annað sinn í þingsögunni komið fram með þegnskylduhugmyndina í ákveðnu formi. En þetta er í miklu smærra stíl en það var hugsað hér áður, þegar Hermann sál. Jónasson hreyfði málinu á þingi. Mér skilst, að fyrir höfundi þessa frv. vaki aðallega tvennt: Í fyrsta lagi hefir hann séð þörf á ráðstöfunum um framhaldsfræðslu unglinga í sveitum, enda er það víða svo, að allur almenningur á tæpast kost á frekari fræðslu en þeirri, sem fæst í barnaskólunum. Í öðru lagi hefir hann fyrir augum verklegar framkvæmdir í sveitum landsins, sem lengi hafa beðið ónunnar, en auðvelt mundi að koma í verk án þvingandi lánakjara fyrir héruðin, ef áhugi fyrir hvorutveggja þessu yrði vakinn. Ég álít, að þessar tvær flugur hafi höfundur frv. ætlað að slá í einu höggi. Og þessi hugmynd hans er alls ekki óhyggileg. Af því að ég hefi þennan skilning á tilgangi frv. og er sannfærður um það, að þetta getur orðið héruðunum að ómetanlegu liði, þegar fram í sækti, hefi ég gerzt meðflm.

Nú er svo komið, að búið er að gerbreyta frv. frá þess upphaflegu mynd. Nú er komin heimild fyrir eitt einstakt sýslufélag til skólastofnunar, í stað þeirrar almennu heimildar, sem var þar áður. En samt eru ennþá ekki fallin burt úr frv. þau tvö aðalatriði, sem ég tel uppistöðu þess, það er þegnskylduvinnan og möguleikinn til þess að koma einhverjum áhugamálum héraðs í verk, sem annars yrðu að bíða langan tíma eftir framkvæmdum.

Ég er alveg sammála hv. 2. þm. Skagf. um það, að hefði þetta fyrirkomulag verið komið á í einhverri sýslu landsins fyrir nokkrum áratugum, mundi það sýslufélag nú skara fram úr öllum öðrum. Og ég geri ráð fyrir því, að ef Rangárvallasýsla tekur upp þetta fyrirkomulag, og það reynist vel, eins og vænta má, þá verði innan tíðar gerð sú breyt. á lögunum, að heimildin verði almenn. Ég vil ennfremur taka undir það með hv. 2. þm. Skagf., að fjarstæða ein sé það, að þessar ráðstafanir mundu fæla æskulýðinn burt úr sveitunum. Mér þætti auk heldur trúlegt, að reynslan sýndi einmitt það gagnstæða. Ef þetta sýslufélag, sem heimildin er nú miðuð við, tæki fyrirkomulagið upp og sýndi á nokkrum árum góðan árangur, tel ég víst, að fordæmið mundi örfa æskulýðinn til þess að leita þangað og prófa þetta nýja skipulag, því að æskunnar einkenni er einmitt nýungagirnin og hneigðin til að brjóta nýjar brautir. Með þessu gæti komið að því, að orðtækið um flóttann úr sveitunum yrði öfugmæli. Hv. frsm. sagði, að eftir breyt. á frv. við 2. umr. væri það hvorki orðið fugl né fiskur. Ég er honum ekki sammála um þetta atriði. Ég álít mjög vel til fallið, að fyrsta tilraunin með þetta skipulag verði einmitt gerð þar, sem fólkið hefir hugsað málið mest og átt kost á því að kynnast hugmyndum höfundar. Það hefir verið leitað atkv. um það á fundum í Rangárvallasýslu, ef mig minnir rétt, hvort óskað væri að fá þetta frv. samþ., og ætla ég, að sú ósk hafi verið samþ. þar með yfirgnæfandi meiri hl. atkv. Ég held því, að einmitt þarna, þar sem fólkið hefir haft lengri tíma og betra tækifæri til þess að kynna sér þetta mál en nokkrir aðrir, eigi að gera fyrstu tilraunina. Eftir atvikum hygg ég, að málið sé engu miður komið, þótt það gangi fram í núverandi mynd. Ef reynsla þessarar fyrstu tilraunar verður góð, verður þetta skipulag vafalaust fært út á víðara svið bráðlega. Ég ætla ekki að byggja neinar vonir á því, að hv. Ed. færi frv. aftur í sinn upprunalega búning, enda mundu breyt. tefja frv. of mikið. Ég mun því fylgja frv. til hins ýtrasta í núverandi mynd þess. — Ég verð að minnast á till. hv. þm. Seyðf. áður en ég lýk máli mínu. Hann vill færa frv. í líkara form því upphaflega, en yrðu till. hans samþ., mundu þær gera málið flóknari í framkvæmd og áhættumeira fyrir ríkissjóð. Sú áhætta er nú að miklu leyti fallin burt, fyrst búið er að binda heimildina við eitt sýslufélag í stað margra. Ég verð

því að leggja á móti till. þessari og tel réttast að bíða með slíkt, þar til einhver reynsla er fengin um skipulagið þar, sem áhugi virðist fyrir því og staðhættir líklega eru beztir.

Einar Arnórsson [óyfirl.]: Hér hafa nú 3 hv. dm., allir flm. frv., staðið upp og varið það, og ég ætla að gera nokkrar aths. við ræður þeirra.

Viðvíkjandi því, sem hv. 2. þm. Rang. sagði um það, að ég áliti, að viss tegund af atvinnu væri sérstaklega niðurlægjandi fyrir þá, sem ynnu hana, er það að segja, að þetta er ekki rétt. Ég kastaði fram alkunnri gamanvísu, sem varð til, þegar mest var rætt um þegnskylduna hér á árunum, og ég býst við, að hv. 2. þm. Rang. hafi kunnað þessa gamanvísu, og því ekki þurft að taka hana svo sérstaklega alvarlega. Spurningin er sú, ef við sleppum öllu gamni, hvort sé æskilegt að innleiða hér þegnskylduvinnu í einhverri mynd.

Atkvgr. um það mál, þegar það var hér á döfinni fyrir mörgum árum, sýndi glögglega vilja almennings í því efni. Það er að vísu prestslegt að vilja þvinga menn til þess að gera það nauðsynlega, við höfum heyrt, að prestarnir hafi það til að vilja þvinga menn inn í himnaríki, þótt menn sjálfir þykist hafa allt öðru að sinna.

Ég efast ekki um það, að sá maður, sem mest hefir barizt fyrir þessari hugmynd, geri það af því, að hann sé sannfærður um það, að þetta sé þarft og gott mál. En þrátt fyrir það er eðlilegt, að menn hafi skiptar skoðanir um það, eins og landsmál yfirleitt. Hv. þm. Seyðf. vill að vísu, að menn fái að vinna af sér skólakostnað, en jafnframt sýna till. hans, að hann felst ekki á aðalhugsun frv., nefnilega þá að þvinga menn til vinnu nauðuga viljuga. Það lítur svo sem nógu vel út, að það þurfi samþykki ⅔ kjósenda til, áður en byrjað verði á því, og hægt að segja, að í héraði, þar sem svo mikill áhugi sé, sé ekki hætt við, að menn mundu skjótast undan skyldum sínum við skólann. Ég held, að þetta sé mjög lauslegt ákvæði. Það er ekki mikill vandi að vekja talsverðan áhuga í hvaða byggðarlagi sem er, ef mikil fríðindi eru í aðra hönd, eins og í þessu tilfelli, að fá veglegt skólahús gefins. Með þetta fyrir augum mætti vafalaust gylla málið fyrir almenningi í byrjun, en ekkert væri líklegra en menn sæju svo eftir öllu síðar meir, enda er jafnvel í frv. gert ráð fyrir því, að þetta skólahald geti alveg lagzt niður, og sett þau ákvæði, að í slíkum tilfellum skuli sýslurnar endurgreiða nokkurn hl. af byggingarkostnaði skólahússins. En sú greiðsluskylda yrði vafalaust alltaf gefin eftir, af því að greiðandinn mundi ekki vera talinn fær um það. Ýmsum, sem hér hafa talað, þótti mótsögn í því, að ég skyldi vera á móti þessu fyrirkomulagi og samt gera ráð fyrir því, að þetta yrði mjög mikið notað. En ef það er athugað, sem ég hefi sagt um úthaldsleysið, sem ég held, að verði uppi á teningnum í þessu máli af hendi sýslufélaganna, þá verður engin mótsögn í þessu. Hætt er við, að allir vilji fá skóla í fyrstunni, en að áhuginn dofni svo fljótt, að verr sé af stað farið en heima setið. Ég held, að það hafi verið hv. 2. þm. Skagf., sem fannst það undarlegt, að menn skyldu tala um misrétti karla og kvenna í þessu sambandi. Nú er svo komið, að kvenfólkið hefir jafnrétti á öllum sviðum við karlmenn, og því á þá ekki að skylda kvenfólkið til þess að raka, prjóna, sauma o. s. frv., og þrýsta þeim svo í hópum í skólana á eftir. Frá sjónarmiði höfundar og flm. hélt ég, að ekkert væri þessu til fyrirstöðu. Ef það er einhver stórkostleg blessun fyrir karlmenn að vera skyldaðir til vinnu, hlýtur það að vera eins fyrir kvenmenn, og því á þá að útiloka það frá blessuninni?

Það var náttúrlega rétt af hv. 2. þm. Skagf. að víta mig fyrir það, að ég var að tala um frv. eins og það var upphaflega, því að það liggur nú ekki fyrir. En ég iðrast nú samt ekki þeirrar syndar, því að það fylgdi þessu svo greinileg syndajátning hjá hv. þm. um það, að það hefði þó verið höfuðgalli á frv. í upphafi, þar sem hann sagði, að það væri ekki rétt hjá mér að vera að tala um þá synd, sem búið væri að bæta úr. Annars talaði hv. 2. þm. Skagf. mjög glaðlega um þetta frv., svo að það var hreinasta skemmtiræða, einkum endirinn á ræðu hans, þar sem hann var að tala um útför frv. Ég hefði

tekið þetta mál miklu alvarlegar en hv. flm. frv. og ætla því ekki að fara að endurtaka útfararræðu hans.

Það má vel vera, að hefði þegnskylduvinna verið innleidd hér fyrir 200 árum, þá liti margt öðruvísi út hér en það gerir nú. En þótt það hefði verið góð ráðstöfun fyrir hálfri, einni eða tveim öldum, þá er ekki víst, að það sé eins góð ráðstöfun nú. Meðan meiri hl. fólksins eða jafnvel allt fólkið átti heima í sveit og dvaldi í sveit, var öðru máli að gegna um þetta; það hefði þá ekki komið eins þungt niður, þegar vinnukrafturinn var nógur, þótt meiri hl. fólks á unga aldri hefði verið tekið af heimilunum, eins og það mundi gera nú. Þótt þá hefði verið tekinn einhver hl. þess til ákveðinna vinnubragða, þá gerði það ekkert til. En hv. 2. þm. Skagf., sem er kunnugur í sveit, veit, að það mundi nú ekki þykja búhnykkur fyrir einyrkja, sem hafa aðeins drengi sína og stúlkur til hjálpar við búskapinn, að láta taka þau af sér allt vorið, allt sumarið eða allt haustið — ég veit nú ekki, hvaða tími yrði valinn. — Ég býst við, að það mundi mörgum smábónda þykja þungar búsifjar. Þótt þetta hefði getað verið gott, meðan allt fólkið var í sveitinni, og vinnukraftur þar því nógur, er það ekki jafngott nú. Því að það eykst ekki vinnukrafturinn í sveitinni við þetta, heldur hefir hann, ef svo má að orði komast, vasaskipti — unglingarnir skiptast á verkum. Vinnukrafturinn er tekinn frá heimilunum og látinn vinna annarsstaðar, og þá er hætt við, að minna verði unnið á heimilunum. A. m. k. mundi það víða verða svo.

Ég get látið þessar sömu aths. mínar eiga við það, sem hv. 1. þm. S.-M. lét um mælt, þar sem hann talaði um þegnskylduvinnuna frá sama sjónarmiði og hv. 2. þm. Skagf. Hitt undraði mig, sú bjartsýni, sem kom fram hjá svo öldruðum og reyndum manni, þegar hann heldur, að það muni sérstaklega veita fólkinu til héraðanna að koma á slíkri skylduvinnu. Um mig verð ég að segja, að ég er ekki svo bjartsýnn, því að mér hefir fundizt og held, að fólk sé yfirleitt svoleiðis, að það vilji fá eitthvað ábendanlegt fyrir vinnu sína. Og það er heldur ekki víst, þótt fólk ætlaði í skóla, að því hentaði að fara það ár, sem skylduvinnan stendur yfir.

Ég held þá, að ég hafi ekki ástæðu til að svara í lengra máli þeim þrem hv. þm., sem talað hafa til mín, og að ég geti látið hér staðar numið.

Jóhann Jósefsson [óyfirl.]: Ég er ekki sammála hv. 2. þm. Skagf., en við erum báðir flm. að þessu máli, um það, að svo mikil skemmd hafi verið gerð á þeirri hugmynd, sem hér liggur til grundvallar við 2. umr., með því að samþ. brtt. hv. þm. Borgf. Eins og vitanlegt er, er þessi hugmynd runnin upp í Rangárvallasýslu, og höfundur hennar er yfirvald sýslubúa. Málið hefir því verið langmest rætt og athugað þar, enda farið fram um það þar einhverskonar atkvgr., svo að mér finnst í sjálfu sér ekki mjög mikið við það að athuga og jafnvel eðlilegt, að fyrsta sporið verði stigið á þann hátt að gefa einhverri sérstakri sýslu lagaheimild til að koma hugmyndinni í framkvæmd, enda var að sjálfsögðu alltaf ætlazt til þess, að þetta yrði reynt í einni sýslu fyrst, og virðist þá Rangárvallasýsla vera til þess sjálfkjörin.

Sjálft frv. sé ég enga þörf á að ræða; það er þegar búið að ræða það frá öllum hliðum, og hv. frsm. n. hefir innt þá skyldu sína vel af hendi að tala fyrir málinu. En mér finnst það vel við unandi til að byrja með, þótt þetta sé ekki bundið nema við eina sýslu. Ég mun að vísu fella mig vel við, ef hv. Ed. vill breyta frv. aftur í sitt upprunalega horf, en á því er þó sá hængur, að þá get ég fullkomlega búizt við, að málið gangi ekki fram á þessu þingi, en verði það látið ganga áfram óbreytt, hefi ég meiri von um, að það verði að l. og að þessi sýsla, fyrst allra, fái tækifæri til að reyna, hvaða kosti þetta fyrirkomulag felur í sér.

Annars hefir málflutningur ýmissa andstæðinga frv. á þessu þingi gengið svo langt, að þeir hafa verið að reyna að færa til verri vegar ýmis ákvæði frv., sem, eins og öll önnur nýmæli, meðan ekki er reynt, hversu þau gefast, er hægt að láta líta svo út, eins og hv. andstæðingar hafa gert, sem hafa reynt að gera frv. hlægilegt — að þau feli í sér hættu, þar sem engin hætta er.

Ég vil minnast á eina mótbáru, sem mjög var haldið á lofti við 2. umr., sérstaklega af hv. þm. S.-Þ. Hann bar mjög fyrir brjósti þá misþyrmingu réttlætisins, sem hann sagði, að væri í frv., þar sem ekki væri tilætlunin, að kvenfólk fengi aðgang að vinnu og aðgang að skólum samkv. þessu frv. Nú má geta þess, að hér hefir aldrei verið haldið fram, hvorki af höfundi frv. og heldur ekki af flm., að hér ætti að gera með einu lagafyrirmæli gerbreytingu á öllu lýðskólafyrirkomulagi í landinu. Frv. er, eins og það ber með sér, tilraun til þess að beina í nýja átt fyrirkomulagi og framkvæmdum á lýðskólafræðslunni í landinu. Þetta hefir vakað fyrir höfundinum, sem byggir á heilbrigðum hugsunarhætti æskulýðsins í landinu og byggir á þroskuðum hugsunarhætti hans. Það getur vel verið, að þetta sé skakkt hjá honum, en þá er hans sök, ef um sök er að ræða, sú ein, að þroski æskulýðsins er ekki sá sami sem hann hefir gert ráð fyrir. Annars virðist það í sjálfu sér, á þessari skólaöld, vera aðgengileg hugmynd, að æskulýðurinn vinni með líkamlegri vinnu sinni á sumrin beinlínis fyrir skólavist sinni á vetrum. Og það er enginn vafi á því, að 18 ára unglingar bíða ekki neitt tjón, hvorki efnalegt tjón né annað, við 7 vikna vinnu, t. d. útivinnu að vorinu — ekki neitt tjón, sem gerir þeim neitt til í lífinu. Hitt er alltaf hægt, að gera úlfalda úr mýflugu, eins og hv. 2. þm. Reykv. gerði, sem vildi gera það afskræmi úr frv., að menn mundu flýja sýslurnar, ef það yrði að l., og gott ef ekki landið líka. En það hefir verið og er lagt miklu meira á unga menn annara þjóða, og hefir þó ekki þar orðið vart við neinn héraða- eða landflótta af þeim sökum.

Þá er það samskólahugmyndin, sem alltaf er verið að hampa. En það hefir nú verið svo fram að þeim tíma, að þessir nýju lýðskólar, héraðsskólarnir, taka til starfa, að karlmenn og kvenfólk hafa verið sitt í hvorum skóla, fyrir utan barnaskólana. Það má sjálfsagt sitt hvað færa fram af þeirra manna hálfu, sem mæla með samskólum. Og ég tel víst, að hv. þm. S.-Þ. og hv. þm. Dal., sem hafa talið það stærsta galla þessa frv., að það veitti ekki jöfn réttindi konum og körlum, séu sjálfir mjög sannfærðir um ágæti samskóla fyrir konur og karla og að þeir séu mjög nauðsynlegir. Í því sambandi tel ég rétt að benda á það, að ég veit ekki til, að neinar skýrslur séu til eða neitt hafi komið fram opinberlega, sem sanni það, að þessir nýtízku skólar eins og t. d. Laugarvatnsskólinn og Reykholtsskólinn, sem eru samskólar bæði fyrir pilta og stúlkur, hafi neina yfirburði sem námsstofnanir fram yfir eldra fyrirkomulagið. Ég held það sé alveg ósannað mál, að það hafi nokkur örfandi áhrif eða bætandi áhrif á menntafýsn pilta og stúlkna, þótt þau stundi nám í slíkum samskóla. Þótt þeir virðist telja það stærsta galla þessa frv., að það bægi stúlkum frá þessum skólum, þá held ég, að þeir eigi eftir að sanna, að samskólarnir séu nokkurn hlut betri. Hitt liggur í augum uppi, og það veit ég, að allir hv. þm. vita, og þá sérstaklega hv. þm. S.-Þ., því að hans hérað hefir nú haft framtak í því efni, að stúlkur þurfa að fá menntun á sínu sviði, alveg eins og karlmenn þurfa menntun í þeim greinum, sem þeir iðka. En það er allt annað húsmæðrafræðsla og þvílíkt eða lýðskólanám, því að ég hygg, að hún sé ekki kennd í samskólunum. Ég er ekki að fullyrða neitt í þessu efni, en bendi aðeins á, að meðan það er ósannað mál, að nýju lýðskólarnir, samskólarnir, gefist betur en sérskólarnir, er engin ástæða til að vera með mikinn harmagrát yfir því, þótt hér sé ekki undireins farið inn á þá braut að hafa samskóla fyrir pilta og stúlkur. Ég get líka bent á, — og í viðtali við höfundinn, sýslumanninn í Rangárvallasýslu, hefi ég þótzt skynja það, að það hafi verið hans hugmynd ávallt, að þetta fyrirkomulag stæði til bóta og að það ætti að hagnýta sér þá reynslu, sem fengist með þetta fyrirkomulag í framtíðinni.

Ég get sagt hv. 1. þm. S.-M. það, að ég get ekki aðhyllzt brtt. á þskj. 563, frá hv. þm. Seyðf., vegna þess að mér sýnist, að það muni stefna málinu, eftir því, sem í það hefir verið tekið hér, í of mikla tvísýnu, og fyrst svo er, mun ég sætta mig við, að málið verði afgr. héðan úr hv. d. í þeim búningi, sem það fékk við 2. umr., í þeirri von, að ávöxturinn verði þá sá, að þetta fyrirkomulag verði reynt á ein-

um stað — það var nú aldrei hugmyndin annað en reyna það á einum stað til að byrja með, og að þjóðin síðar aðhyllist eitthvað svipað fyrirkomulag á lýðfræðslunni í landinu á þeim grundvelli, að unglingarnir fái sjálfir tækifæri til að vinna fyrir sér einn tíma ársins gegn því að fá menntun annan tíma. Og það verður áreiðanlega uppfyllt sú krafa hv. 2. þm. Reykv., að æskan fái ábendanleg og áþreifanleg laun fyrir vinnu sína. Hún mun fá fullt og jafnvel margfalt endurgjald fyrir hana. Því að það er fjarri öllum sanni að bera höfundinum og okkur flm. á brýn, að við séum hér á ferðinni með nokkuð það, sem í nokkru atriði verði til að hnekkja eða kúga æskulýðinn í landinu. Þvert á móti.

Forseti (JörB): Ég vil nú eindregið óska þess, að hv. dm. takmarki umr. sem mest þeir geta, svo að unnt verði að taka fyrir fleiri mál á fundinum, því að eins og sjá má eru mörg mál á dagskrá, en líður nú mjög á fundartímann.

Lárus Helgason: Ég skal gera mitt til að tefja ekki lengi umr. Það er kunnugt í hv. d., að ég vildi í byrjun, að þingið tefðist ekki lengi á þessu máli, en það náði ekki fram að ganga. En ég geri þó ráð fyrir, að málsins vegna verði útkoman ekki betri, því að það er nú sýnt, að það muni ekki ná fram að ganga, sem mér finnst eðlilegt.

Mér þykir það ákaflega einkennilegt, að stór hópur manna, einir 6 hv. dm., skuli fylgja frv. um allvíðtækar skólabyggingar í landinu á sama tíma og búið er að básúna það út fjöllunum hærra, að búið sé að eyða fé landsins í óhæfu í óþarfa skóla. Maður hefir heyrt ekki lítið um þetta. Það er ekkert lítið, sem búið er að deila á stj. fyrir skólabyggingarnar. Ég fer ekki frekar út í það nú. En þetta er bending um, að núna sé ekki tími til þess að vera að ræða um það hér á hv. Alþ., hvort það eigi nú að fara að bæta við þessa skóla eða ekki. Það er vitanlegt, að sumt af skólunum, og það okkar beztu skólar, hafa staðið hálftómir um skeið; það eru búnaðarskólarnir. Nú er það víst, að búnaðarskólarnir eru þeir skólar, sem ungir menn hafa mest gagn af að ganga á, miðað við hina ýmsu smærri skóla í landinu. En á meðan ekki er not fyrir 2 fyrirmyndarskóla, meðan þeir eru ekki notaðir til hálfs, álít ég óþarft að vera að hlaupa til að leggja fé til vafasamra skóla til og frá úti um allar sveitir landsins. Ég held, að það sé óhætt að láta þörfina fyrst kalla. Því að það er tilfellið, að það þarf enginn að búast við, að landinu verði betur borgið fyrir því, þótt verið sé að streða við að leggja skyldukvöð á hvern og einn einasta mann til skólagöngu. Það er margföld reynsla fengin fyrir því, að það er ekki hægt að sjá mikinn mun á því um margt fólk, sem hefir gengið í skóla, hvort það er nokkuð uppbyggilegra en áður. Ég er ekki með þessu að gera neitt lítið úr skólum yfirleitt; það er gott, að námfúsir unglingar geti átt kost á fræðslu. En hitt er jafn heimskulegt að ætla að skylda hvern og einn einasta mann til að ganga í skóla, að ætla að heimta unglingana frá heimilunum, hvernig sem á stendur. Ég býst við, eins og hv. 2. þm. Reykv., að það mundi mörgum þykja súrt í broti og sér gerðar þungar búsifjar á heimilum, þar sem væri nú einn 18 ára piltur, ef það mætti heimta hann burtu, hvernig sem á stæði. Nei, það er áreiðanlega sannur málsháttur, að „viljugan er hvern bezt að kjósa". Ég held það væri nær að stuðla að því að senda efnilega pilta á búnaðarskólana, pilta, sem svo, þegar þeir koma þaðan, gætu kennt út frá sér. Ég held, að það væri eins haldgott eins og að fara að taka menn frá heimilunum og láta þá fara að vinna að vegavinnu eða öðru undir meira og minna lélegri stjórn. Því það þarf enginn að halda, að þetta verði neinn dýrmætur verklegur skóli. Ég hefi ekki séð, að vegavinna sé neinn fyrirmyndarskóli í verklegum efnum, eða að það séu verklærðir menn, sem hafa verið ár eftir ár í vegavinnu. Það er heldur ekki von, því að þeir verða oft að fara eftir fyrirskipunum manna, sem hafa ekki fullkomið vit á því, sem þeir eru að segja fyrir um. Og það verður tæplega hægt að búast við að fá hæfari flokksforingja, ef vinna á á fleiri stöðum en áður, sem óhjákvæmilega yrði að vera, ef nokkuð ætti að verða úr framkvæmdum.

Nú, þegar ekki er útlit fyrir, að hægt

verði að starfrækja þá skóla, sem fyrir eru í landinu, þá þykir mér það næsta undarlegt, að menn skuli vera að flytja ár eftir ár frv., sem bætir svo og svo miklu við af skólum, því að það er ekki að vita, nema þessir skólar kunni að þjóta upp eins og bólur, eins og tekið hefir verið fram af hv. 2. þm. Reykv., því að ef eitt hérað byrjaði á þessu, mundi það þykja hart að neita öðrum, og væri bezt að hleypa þeim fénaði ekki í túnið. Ég held, að það sé bezt að láta þetta mál hvíla sig að sinni, að það sé bezt, að þörfin kalli. Ég hefi ávallt verið á móti allri ónauðsynlegri þvingun. Þegar þegnskylduvinnan var til umr. fyrir 20—30 árum, var ég manna harðastur á móti henni. Og ég hefi alltaf verið á móti þessu frv. frá því fyrsta.

Ég er þá búinn í fáum orðum að lýsa því, hvað ég álít þetta óþarft frv., og ég mun greiða atkv. á móti því. Ég tel, að það hefði ekki átt að tefja þingið eins lengi og raun hefir á orðið.

Bjarni Ásgeirsson: Ég skal verða við óskum hæstv. forseta um að tala ekki lengi, enda hefi ég áður hér í hv. d. gert grein fyrir því, hvers vegna ég flyt þetta frv. Ég býst ekki við, að málið verði skýrt neitt frá því, sem komið er. En ég vil að lokum segja mitt síðasta orð við þessa umr., og þá væntanlega á þessu þingi, því að ég vænti, að ef málið kemst í gegnum þessa umr., sem ég vona, þá geti það gengið gegnum hina d.

Hv. meðflm. mínir hafa nú tekið til máls um frv., og ég sé, að tveir andstæðingar þess hafa kvatt sér hljóðs, svo að ég ætla nú að bæta við nokkrum orðum, svo að þeir geti þá skorið okkur alla niður við sama trog. Því hefir verið haldið fram og okkur borið það á brýn, að lítil heilindi væru í flutningi þessa máls, bæði fyrr og nú, en ég verð að segja, að það sé þá ekki síður ástæða til að segja, að lítil heilindi séu hjá andstæðingum frv. (LH: Þau eru nú miklu meiri). Ég vil taka undir með hv. 2. þm. Skagf., að mér finnst ekki frítt við, að rökin stangist hjá hv. andstæðingum. Það er dálítið einkennilegt að heyra þá fjargviðrast yfir þeirri kvöð, sem frv. leggur á unga menn, jafnframt sem þeir gerast þungorðir um það, að kvenfólkið skuli vera frásneitt þessari kvöð. Ennfremur gera þeir mikið úr þeirri hættu, sem ríkissjóði sé búin, ef frv. hefði verið samþ. sem heimild fyrir héruð landsins almennt, en svo fara þeir, eftir að búið er að binda heimildina við eina sýslu að básúna þann órétt, sem öðrum héruðum sé ger með því að hafa heimildina svo takmarkaða. Það er sem sé leitað að öllum hugsanlegum möguleikum til að hengja hatt sinn á, einn segir þetta og annar segir hitt.

Ég vil þá víkja nokkrum orðum að ræðu hv. þm. V.-Sk., vegna þess að aðrir hv. flm. hafa nú hrakið annað, sem fram hefir verið borið. Hann taldi það einkennilegt á þessum tímum, þegar svo mikið væri talað um, að of langt hefði verið gengið í eyðslu til alþýðufræðslunnar í landinu, að þá skuli vera farið fram á nýja eyðslu á því sviði í þessu árferði. Það má vera, að það sé rétt hjá hv. þm., að of mikið hafi verið veitt til þeirra mála í bili, en enginn þarf þó að ætla, að enn sé fengin sú lausn, sem endast muni um alla eilífð. (LH: Það er þá nógur tími að fara að samþ. um það, þegar ástæður eru til). Það er nógur tími, segir hv. þm. Frv. er nú einmitt þannig byggt, að það er ekki gert ráð fyrir neinum framkvæmdum, fyrr en Alþingi veiti til þeirra fé í fjárl. En við flm. álítum frv. enga dægurflugu, sem ekki þurfi að samþ. fyrr en um leið og skilyrði séu fyrir hendi. Alþingi hefir ekki afsalað sér neinu valdi, þótt frv. sé samþ. Alþingi á jafnan að hafa síðasta orðið um það, hvort eða hvenær eigi að taka til framkvæmda í þessum efnum. Hv. þm. talaði um það, að bezt væri, að málið fengi að hvíla sig. Það má vel vera, að svo verði, þó að frv. væri samþ. Þetta mál þarf undirbúning í héraði. Rangæingar munu hugsa sig um áður en þeir leggja út í þann mikla kostnað, sem fylgir framkvæmd þessa máls, svo að það er engin hætta á, að í það verði ráðizt, áður en eitthvað birtir til hjá þeim, svo að það má einnig ætla, að þá verði farið að létta undir fæti fyrir ríkissjóði. Það virðist eðlilegt, að farið gæti saman, að þegar Rangæingar treysta sér til að taka á sínar herðar rekstur skólans, væri raknað svo fram úr fyrir ríkissjóði, að hann sæi sér fært að veita fé til stofnunar skólans.

Hv. þm. talaði um það, að betra væri að senda unga menn í búnaðarskólana, sem nú stæðu hálftómir, heldur en fara að stofna nýja skóla. Það er alveg rétt að hvetja menn til að fara í búnaðarskólana, en þeir, sem í þá fara, eru líka undanþegnir vinnukvöðinni. En hitt álít ég ekki rétt að skylda alla til að fara þangað. Við höfum nú þegar tekið í lög skólaskyldu barna 10—14 ára, en það er enginn kominn til að sanna það, að sú skólaskylda verði ekki aukin eða henni breytt. Ég fyrir mitt leyti álít, að einn vetur í skóla fyrir unglinga frá 14—20 ára sé meira virði en 2 vetur á aldrinum 10—14 ára og að það sé alls ekki fullrannsakað mál, hvort ekki væri til bóta að breyta skólaskyldunni.

Það er nokkurnveginn augljóst, að það er ástæðulaust að hræðast útgjöld ríkissjóðs af þessu frv., þegar tekin eru til greina öll þau sáld, sem þetta mál fer gegnum, áður en til framkvæmda kemur. Fyrst þarf yfirgnæfandi meiri hl. í héraðinu til að samþ. þessa ráðstöfun, og því er áreiðanlegt, að það yrði ekki gert öðruvísi en með ráðnum hug sýslubúa. Næst kemur það í vald þingsins að ákvarða, hvort sinna skuli málinu. Í þriðja lagi, ef önnur héruð kynnu að óska þess að koma þessu fyrirkomulagi á hjá sér, sem alls ekki kemur til mála, nema sú reynsla væri fengin, sem fýsileg þætti, og þá er það enn á valdi þingsins að veita eða synja þeim héruðum um leyfi til að taka upp fyrirkomulagið.

Þótt það megi að sjálfsögðu viðurkenna, að skólamál okkar séu yfirleitt komin víða í allgott horf, þá þarf enginn að álíta, að það sé orðið alfullkomið, heldur mun í þeim efnum verða sífelld framþróun, og það má vel vera, að einmitt þetta frv. sé sá vísir, sem síðast verði það fyrirkomulag, er hallazt verði að.

Að síðustu vil ég segja það, að ég fæ sízt skilið þá andúð, sem þetta mál hefir orðið fyrir hér í hv. þd. Hér er þó ekki um annað að ræða en að veita Rangæingum heimild til að reyna þetta fyrirkomulag hjá sér eftir þann formlega undirbúning, sem málið þarf að fá, heimild til að gera tilraun, sem væri mjög merkileg fyrir alla þjóðina.

Ingólfur Bjarnarson: Ég hafði ekki ætlað mér að taka til máls við þessa umr., en það hefir nú svo margt verið borið fram hér til stuðnings þessu máli, að það er ekki gott að sitja undir því, án þess að mótmæla mestu fjarstæðunum, enda hefir verið sérstaklega beint til mín skeytum. Það er nú hvorki meira né minna en að allir flm., sex að tölu, hafa staðið á fætur til að tala fyrir frv., þetta kúgildi, sem hv. 2. þm. Reykv. kallaði svo. Við 1. umr. stóðu þeir einnig flestir upp, að mig minnir, og héldu langar ræður. Þetta er svo óvanaleg aðferð í ekki stærra máli, að það er ekki hægt að láta sér detta í hug annað en að hér sé um hinn mesta loddaraleik að ræða. Við þessa umr. er aðeins um 1 brtt. að ræða, sem umr. snúast þó mjög lítið um, enda verður ekki annað séð en að aðaltilgangurinn með þessu mikla málþófi sé að auglýsa það, hve fast flm. fylgi frv. Það vantar nú bara, til þess að kóróna þessa framkomu, að einhver flm. gefi sömu yfirlýsingu og einn flm. gaf við umr. um frv. árið 1929, að í raun og veru væru þeir allir flm. á móti frv. Það vantar nú aðeins slíka yfirlýsingu til þess að kóróna málið. Í fyrstu fer frv. fyrir n., sem gerbreytir því, síðan flytur hv. þm. Borgf. við það róttækar brtt., sem snýr því öllu við, og að lokum kemur brtt. frá einum flm., sem gerbreytir frv. enn. Engu að síður eru flm. með frv. og segja þó, að hver breyt. hafi stórskemmt það. Samt berjast þeir, meðan nokkur lífsvon er með nokkurt ákvæði þess, þótt allt sé gerbreytt frá því, sem þeir lögðu til. Hv. 2. þm. Rang. virtist setja von sína á hv. Ed. um að laga frv. En vonandi kemur aldrei til þess, að á það reyni. Hv. þm. Vestm. neitaði því, að frv. gerði ráð fyrir gerbreyt. á núverandi skólaskipulagi. Ég sýndi fram á það við 2. umr., að svo væri, og hæstv. fjmrh., sem áður var fræðslumálastjóri og átt hefir mikinn þátt í því að grundvalla það fyrirkomulag, sem er, staðfesti þau ummæli mín og sagði, að þetta væri bylting á núv. fyrirkomulagi. Það nægir að benda á, að eftir gildandi fyrirkomulagi alþýðuskólanna eiga öll ungmenni í landinu, karlar og konur, sæmilega léttan aðgang að skólum, en með frv. er gert ráð fyrir, að nóg sé „að

„realisera“ skólana fyrir karlkynið“. Hv. þm. Vestm. gaf í skyn, að kvenfólkinu væri engin þörf á að fá aðgang að þessum skólum. Hann var að spyrja um það, hvort samskólar karla og kvenna væru betri en sérskólarnir. Hér er ekkert um það að ræða, því hann gerir ekki ráð fyrir neinum skólum fyrir kvenfólk, hvorki samskólum né sérskólum. Hann var að tala um, að það væri nauðsynlegt fyrir kvenfólkið að ganga á húsmæðraskóla. Er sú yfirlýsing kynleg frá honum, því að minna mætti hann á, að hann var á sínum tíma ekkert sérlega fylgjandi húsmæðraskólunum, enda geta vitanlega ekki nema fáar konur komizt þar að. Ef hann álítur, að samskólarnir séu eitthvað viðsjárverðir, þá lægi næst, að hann legði til að skipta skólunum, en ekki að útiloka kvenþjóðina frá þeim. Hv. þm. Mýr. var að kasta því fram, að rökin vildu stangast hjá okkur, þegar við teldum ófært að samþ. þvingunarkvöð á karlmennina, en hörmuðum svo, að kvenfólkið væri útilokað. Þetta er alger rangfærsla, eða misskilningur. Við andmælendur frv. teljum það herfilega afturför frá því, sem nú er lögskipað um fræðslumálin, að leggja þessa kvöð á piltana, sem frv. gerir, og þó enn þrapallegri rangsleitni að útiloka kvenfólkið frá aðgöngu að lýðskólunum. Teljum við hvorttveggja afturför og viljum enga þvingun samþ., hvorki fyrir karla né konur, í þessu efni. Hv. þm. Vestm. talaði um það, hve það væri holt fyrir unga menn að fá að vinna 7 vikna tíma yfir sumarið. Ég skal benda honum á, sem hann virðist enga hugmynd hafa um, að til þess að geta komizt í skóla með núverandi skipun þurfa flest ungmenni að vinna bæði vor, sumar og haust, og veitir ekki af. Og fjöldi ungmenna getur ekki þrátt fyrir það veitt sér það sárþráða hnoss, að fara í skóla, af því blátt áfram, að þau vantar peninga til þess. Hv. þm. virðist hafa þá hugmynd, að ungmenni úti um sveitir landsins eða í kaupstöðunum gangi iðjulaus og því sé þetta hin mesta blessun að gefa þeim kost á 7 vikna vinnu. Þess vegna mættu þau krjúpa á kné og þakka hv. flm. auðmjúklega fyrir það, t. d. að fá að vinna kauplaust í 7 vikur hjá sýslumanninum á Efra-Hvoli eða prestinum á Breiðabólsstað eða bóndanum á Reykjum. Slík kvöð mundi hinsvegar í flestum tilfellum verða til þess, að unglingunum væri fyrirmunað að komast í skólana, því að það, sem þeir hefðu afgangs þessum 7 vikum, til að vinna fyrir skólakostnaðinum, mundi ekki hrökkva til að borga skólaveruna. Það er eins og hv. þm. haldi, að unglingarnir hafi fulla vasa af peningum. Og máske óttast hann um, hversu þeir kunna að vera fengnir, eins og höfundar frv., því að þeir geta þess — ég held í „bibliunni“ —, að það gæti verið hættulegt, ef peningarnir, sem gengju til að greiða skólagjald, væru ef til vill fengnir fyrir einhverja rányrkjuvinnu, „eða fyrir fiskþvott í útverum“ — eins og það er orðað þar — kannske fiskþvott í Vestmannaeyjum? Já, þvílík hætta!!! Nei, sannleikurinn er nú sá, að unglingar í sveitum og kaupstöðum þessa lands eiga fullt í fangi með að nota sér það eftirlæti, sem ríkið gefur þeim kost á með núverandi skipulagi um skólagöngu í unglingaskólana, þótt þeim kannske takist það, ef heilsan ekki bilar, þótt ekki sé farið að taka af þeim 7 vikna vinnu, til þess að gera þeim það mögulegt. Ég veit ekki, hvort það er tilgangur hv. flm. að útiloka unglingana frá skólunum með þessu ákvæði, en þeir ættu að geta séð, að sú verður afleiðingin. Hv. 1. þm. S.-M. var að tala um það, að ég hefði sagt, að þetta ákvæði mundi fæla unga menn frá því að vilja dvelja í þeim héruðum, þar sem þessi vinnukvöð gilti, og taldi það fjarstæðu. Ég vil benda honum á, að ef þetta ákvæði væri t. d. lögleitt í Mjóafirði, þar sem hv. þm. á heima, að unglingarnir yrðu að vinna þar kauplaust í 7 vikur gegn ókeypis kennslu í skólunum, sem þeir síðan alls eigi gætu notfært sér vegna þessarar þungu kvaðar, en á Norðfirði væri aftur á móti engin slík kvöð lögð á, þá þætti mér ekki undarlegt, þó að unglingarnir í Mjóafirði, sem þyrftu að þræla í sjö vikur kauplaust, öfunduðu jafnaldra sína í nágrannakaupstaðnum, sem alveg væru lausir við þessa kvöð. Það er ekki svo að skilja, að kennslan og húsnæðið sé það eina, sem nemendurnir þurfa að greiða. Þeir þurfa einnig að borga fæði, bækur

og fleiri kostnað í skólunum, og það verður flestum nægilega erfitt, þótt þessi lögþvingaða vinna bætist ekki ofan á.

Brtt. hv. þm. Seyðf. gerir töluverða röskun á vinnuhugmynd þessa frv. Er þar jafnvel gengið ennþá lengra en í frv. Þar er sýslun. og bæjarstj. gefið vald til þess að ákveða, hve lengi menn skuli vinna kauplaust. Eftir þeirri brtt. gæti t. d. bæjarstj. í Vestmannaeyjum skyldað alla unga menn í kaupstaðnum til þess að vinna kauplaust allt sumarið fyrir bæinn, vitanlega gegn skólaréttindum, sem þeir svo gætu ekki notað sér. Ég verð að líta svo á þetta frv. og brtt., að því sé fleygt hér inn í d. lítt hugsuðu, og þeir, sem með því tala, leggja mjög misjafnan skilning í, hvað í því felist.

Hv. þm. Vestm. talaði um það, að ég mundi hafa góða reynslu í því, að karlar og konur væru saman í skóla. Að svo miklu leyti, sem ég hefi reynslu í því efni, þá hefi ég ekkert nema gott um hana að segja. Ég á tvær dætur og einn son, sem öll hafa gengið í alþýðuskóla í mínu héraði. Er ég mjög ánægður yfir minni reynslu í þessu efni. Hann var og að minnast á árlegar skýrslur þessara skóla. Já, ég hefi lesið þær skýrslur með ánægju. En hér er ekki verið að tala um að skipta skólunum, eins og ég hefi áður vikið að, hér er aðeins verið að útilika kvenþjóðina frá skólagöngunni. (**JJós:** Hv. þm. misskilur). Það getur verið. Það er erfitt að festa fingur á því, hvað hv. flm. meina, því að þeir leggja mjög mismunandi skilning í hvað felist í frv. Hv. 2. þm. Skagf., sem nú kvaddi sér hljóðs, talaði um þegnskyldu og að nú mundi fallegt að litast um í sveitum lands vors, ef þegnskylduvinna hefði verið starfrækt síðustu 200 árin. Það er létt að kasta fram fullyrðingum um að forfeður okkar hafi hagað sér óviturlega í einu og öðru. En allt þegnskylduvinnuskraf er alveg út í hött í sambandi við þetta frv., sem ekkert víkur að þeirri hugmynd.

Ég játa það að vísu, að eftir 200 ár myndi öðruvísi um að litast í sveitum landsins, ef það væri fyrirskipað, að öll vinnufær ungmenni væru skyldug til að vinna eitt ár, hvort heldur væri 7 vikur eða allt sumarið að nauðsynjamálum héraðanna. En ég verð að halda fram, að með þessu móti væru lagðar svo þungar kvaðir á ungmennin, að ekki væri við hlítandi. Vel má vera, að það sé hugmynd flm., að þetta sé gott og blessað, en ég get ekki skrifað undir það.

Pétur Ottesen: Ég hafði ekki ætlað að taka til máls við þessa umr. Það er aðeins að gefnu tilefni frá hv. 2. þm. Rang., að ég geri það. Hann sagði, að með því að samþ. mína till. hefði málið verið eyðilagt og með því hefði verið lýst vantrausti á þýðingu þessa máls, því að það er vitanlegt, að samkv. mínum till. er það lagt á vald Rangæinga að leiða þetta mál fram og sýna gildi þess, þýðingu og yfirburði fram yfir það fyrirkomulag, sem nú er. Það er lagt á þeirra vald að sýna, hvort sú hugmynd, sem vakir fyrir höfundi þessa frv., hefir það gildi, sem bent var á við 2. umr. Mér finnst það eðlilegt, að Rangæingar einir leiði þetta í ljós, því að það sýslufélag eitt hefir farið fram á samþykkt þessa frv. Vil ég því leiðrétta það, sem rangt var hjá hv. 2. þm. Skagf., að Rangárvallasýsla hefði ekki óskað eftir þessu, heldur væri það aðeins tengt við einstaka menn þar, því að höfundur frv. væri búsettur þar í sýslunni. Í upphafi grg. frv., eins og það var borið fram á þinginu 1929, stendur: „Frv. þetta er samið af sýslunefnd Rangárvallasýslu og flutt samkv. áskorun aukasýslufundar 24. nóv. 1928". Þetta tel ég ljóslega sanna, að þetta mál sé framkomið í þinginu fyrir tilstilli Rangárvallasýslu. Með afgreiðslu þess vildi ég gefa sýslunni tækifæri til að koma þessari hugmynd í framkvæmd.

Ég þarf ekki að svara því frekar, að þetta sé skemmdarverk á frv. frá sjónarmiði þessara þriggja hv. flm. Nú fyrst er málið á eðlilegri braut. Það kom fram hjá hv. 1. þm. S.-M., sem er einn af flm., að hann felldi sig betur við frv. í þessum búningi. Hv. þm. Vestm., sem líka er einn flm., lýsti eindregnu fylgi sínu við frv. eins og það er nú, og sagði, að með því að samþ. það, eins og það nú lægi fyrir, væri hægt að fá fullkomna reynslu fyrir því, hvort þessi hugmynd væri svo góð sem þeir álitu. Hv. þm. Mýr. taldi kosti frv. nú fram yfir það, sem áður var, þá,

að engin hætta væri á því, að stefnt verði til meiri kostnaðar en réttlátt væri með því að binda framkvæmd þessa við einungis eitt sýslufélag, m. ö. o. að helmingur af flm. hefði lýst eindregnu fylgi sínu við afgreiðslu málsins á þeim grundvelli, sem það nú liggur fyrir. Jafnvel hefði einn flm. gengið svo langt að telja þessa afgreiðslu heppilegri en að afgreiða frv. í sinni upphaflegu mynd. Hvað því líður, að með þessu frv. hefði verið unnið skemmdarverk á þessu máli, þá er það svo rangt sem framast má vera. Með því að færa frv. í þetta form, þá hefir einmitt verið gerð tilraun til þess að bjarga málinu á þessu þingi. Þetta var eina leiðin til þess, og það var það, sem ég sá. Þó að ég sé ekki sérlega trúaður á þetta fyrirkomulag, þá leit ég svo á, að það væri rétt fyrir þingið að setja sig ekki á móti því, að það sýslufélag, sem mælt hefir með þessu fyrirkomulagi, fái leyfi til að reyna þessa hugmynd, en drepa hana ekki í fæðingunni. Það var einungis þetta, sem mín brtt. byggðist á. Mér var kunnugt um, að aðstaðan í d. var þannig, að frv. myndi hafa verið fellt á þeim grundvelli, sem fól í sér svo víðtæka heimild. En hinsvegar virtist mér leið til að bjarga málinu á þessa braut; og það sýndi sig við 2. umr., að þetta var allt rétt. Ég hefi því ekki unnið hér neitt skemmdarverk, heldur hið gagnstæða, og hafa þessar till. mínar orðið til þess að bjarga málinu hér í d. Og svo framarlega sem því verður auðið að koma til Ed. og fá afgreiðslu þar, þá mun mega segja sama um það. Ég held því, að það, sem hv. 2. þm. Skagf. talaði um, að annaðhvort prestar og þá sérstaklega hreppstjórar væru að jarðsetja þetta frv., hafi ekki við rök að styðjast. Hér er það hreppstjórinn, sem vill halda lífinu í frv., en presturinn, hv. 2. þm. Rang., var á leið með það til grafar. Hefði þá mátt segja, að hann hefði orðið til þess að kasta á það rekunum, eða m. ö. o. að reka endahnútinn á með því.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál.

Magnús Guðmundsson: Það eru aðeins örfá orð. Hv. 2. þm. Reykv. gekk inn á það, sem ég sagði, að það myndi líta öðruvísi út í sveitunum, ef þetta frv. hefði verið samþykkt fyrir löngu. En hann segist álíta, að það hafi enga þýðingu að setja slík l. nú vegna fólksfæðar í sveitunum. Þetta er ekki nema fjarstæða, því að ekki er þó neinn hér í d., sem álítur, að eigi að hætta að vinna fyrir sveitirnar, af því að fólkinu hefir fækkað þar. Eftir því sem fólkið er færra í sveitunum, eftir því er meiri þörf á að gera eitthvað fyrir þær, og hlutfallslega verður þessi kvöð ekki neitt þyngri á fólkinu, þótt það sé færra en áður var. En það vinnst minna, þegar fólkið er færra; það er rétt.

Hv. þm. Vestm. áleit ekki, að frv. hefði verið skemmt við 2. umr. hér í d. með till. hv. þm. Borgf., en ég álít frv. stórskemmt. Nú getur það ekki náð nema til einnar sýslu, en áður til allra. Um þetta tjáir ekki að deila. Ég mun greiða atkv. með frv., en ekki get ég þakkað hv. þm. Borgf. fyrir hans till., því að það er engin sönnun fyrir því, að frv. hefði ekki gengið í gegn, óbreytt, þótt meiri hl. yrði til að samþ. brtt. við 2. umr. Ég geri ráð fyrir, að frv. hefði gengið í gegn óbreytt, hefðu hans till. ekki komið fram, og ég held, að hann hafi ekki haldið lífinu í frv. — Hv. þm. V.-Sk. minntist á það, að hér á landi væru nú ýmsir skólar sama sem tómir og því ekki ástæða til að hugsa um að bæta fleirum við. En ætli það sé ekki dálítið umhugsunarvert, hvort skólafyrirkomulagið sé ekki eitthvað undarlegt og breytinga þörf, þegar sumir skólar standa nær tómir. Ég held, að það væri ekki úr vegi, að reyna, hvort sýslufélögin — eitt eða fleiri, — vildu ekki reyna að veita þar inn einhverju nýju blóði. Hann talaði með mikilli fyrirlitningu um, að vegastörf í sýslunum mundu verða undir ómögulegri stjórn. En aðra eins fjarstæðu minnist ég ekki að hafa heyrt. Hvers vegna skyldu ekki vera til í hverri sýslu hæfir vegaverkstjórar? Ekki er vegamálastjóri í vandræðum með að finna þá, og ekki er hætt við, að héraðsstjórnirnar myndu ekki einnig geta fundið þá.

Hv. þm. S.-Þ. talaði af mestum móði gegn þessu frv., og það er að því leyti eftirtektarverðara, sem það er sjaldgæfara, að hann tekur að sér að rífa niður mál. Ég held það hljóti að vera af því, að hann álíti, að það frjómagn kunni að

vera í þessu máli, ef samþ. yrði, að þeim skóla, sem hann hefir fengið komið upp í sínu héraði, yrði hætt. Ef frv. er eins vitlaust og hann heldur fram, þá er ómögulegt að ímynda sér, að hægt sé að fá ⅔ allra kjósenda í heilli sýslu til þess að samþ. þetta fyrirkomulag. Og hér er ekki um annað að ræða en heimildarl., og því getur aldrei orðið um framkvæmd á frv. að ræða, ef ekki eru ⅔ kosningabærra héraðsbúa, er samþ. það. Það er ekki hægt að telja mönnum trú um, að landsmenn séu svo heimskir að láta glepjast af einhverju, sem er tóm vitleysa. Þar sem umr. eru orðnar svo langar, skal ég ekki frekar fara út í málið.

Frsm. meiri hl. (Sveinbjörn Högnason): Þetta eru orðnar langar umr., og skal ég ekki vera þess valdandi að lengja þær mjög úr hófi frá því, sem orðið er. Þó get ég ekki stillt mig um að svara hv. þm. Borgf. nokkrum orðum. Það er svo um hann sem aðra, ef þeir vinna eitthvert skemmdarverk, þá eru þeir að telja mönnum trú um, að þau séu til góðs. Ég skil ekki í því, að hann gæti, þótt hann héldi hér margra klst. ræðu, talið nokkrum trú um, að hann hefði unnið gagnlegt starf fyrir þetta mál með brtt., sem hann fékk samþ. Vitanlega er það hinn mesti hemill, sem hægt er að setja á framkvæmd málsins. Sér er nú hver stuðningurinn við mál, til þess að koma því áfram og reyna gildi þess, að banna hvarvetna á landinu að reyna það nema á einum einasta stað. Það er meiri hugurinn, einlægnin og góðvildin, sem þar fylgir máli til hjálpar. Hann taldi það vera að lýsa vantrausti á málefninu, ef ég gæti ekki fallizt á, að þessu yrði þannig hagað. Ég fyrir mitt leyti sé ekki, á hvern hátt er hægt að lýsa meira vantrausti á því en að banna yfirleitt, að nokkur megi reyna það nema þessi eina sýsla, þar sem það á upptök sín. Hann talaði af miklum móði um, að ef þessi breyt. hefði ekki verið gerð á frv. hér í d., þá hefði það ekki náð fram að ganga og eigi fengið nægilegan stuðning í Ed. Ég veit ekki um einn einasta mann í þessari d. eða Ed., sem myndi hafa brugðizt fylgi við frv., þótt þessi breyt. hv. þm. Borgf. hefði ekki komið fram, nema hann sjálfan, því hann hefði vissulega brugðizt fylgi við það, enda látið svo í veðri vaka. Á því sést enn betur, af hve heilum hug þetta var gert.

Hv. þm. S.-Þ. minntist aðallega á það, hve við töluðum á víð og dreif um málið, en vildi svo vera láta sem slíkt kæmi ekki frá þeim, sem andmæltu, þótt hv. 2. þm. Reykv. byrjaði hér á að ræða almennt um málið og þær breyt., sem fram eru komnar, eins og ekkert hefði verið við það fengizt áður og verið væri að taka það til 1. umr. hér í hv. d. Ég vil að lokum benda á eitt atriði hjá hv. þm. S.-Þ., þar sem hann gerði mjög mikið úr því, að með þessari breyt. sé gert svo dýrt fyrir unglinga að menntast, að innan skamms myndi enginn eiga kost á að komast í skólana. Ég get ekki hugsað mér, hvernig hægt er að fá þetta út úr frv., sem reynir að reisa hinar sterkustu stoðir, sem hugsazt getur, til þess að sem flestir unglingar geti notið lýðfræðslu í landinu, þar sem beinlínis er gert að skyldu, að allir unglingar, 18 ára að aldri, skuli vinna sér inn skólaréttindi, og geta gengið í skóla og geta opnað þá fyrir sér fjárhagslega. Eins og tekið er fram strax í nál. meiri hl. menntmn., er það einn höfuðkostur við þetta frv., að það reynir að styðja að því, að sem flestir unglingar á okkar landi geti í framtíðinni komizt inn í skólana. hvort sem þeir eru ríkir eða snauðir, bara ef þeir hafa heilbrigðan og hraustan líkama til að vinna það starf, sem ætlazt er til að leysa vinnuskylduna af hendi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 66. fundi í Nd., næsta dag, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 563,1 felld með 18:3 atkv.
— 563,2—6 teknar aftur.

Frv. fellt með 15:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JAJ, JÓl, MG, MJ, PO, SvbH, SvÓ, BSt, BÁ, JJós.

nei: JónasÞ, LH, StgrS, TrÞ, VJ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BKr, EA, HStef, HJ, HV, IngB, JörB.

HG greiddi ekki atkv.

Tveir þm. (ÓTh, GÍ) fjarstaddir.

9. Framfærslulög (frv. JBald).

Á 28. fundi í Ed., 14. marz, var útbýtt:
Frv. til framfærslulaga (þmfrv., A. 159).

Á 31. fundi í Ed., 17. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Það er eins með þetta frv. og mörg önnur, sem þingið hefir nú til meðferðar, að það hefir sézt á Alþingi fyrr. Þess vegna þarf ég ekki að þessu sinni langar útskýringar eða formála, þar sem hv. þdm. er málið vel kunnugt frá því á fyrri þingum. Þetta er í þriðja skiptið samfleytt, sem ég hefi flutt þetta frv., og það sýnir bezt þörfina á því að breyta fátækral., að nú eru ekki færri en þrjú frv. samtímis í þinginu, sem fjalla um slíkar breyt. á fátækralöggjöfinni, að vísu eftir mismunandi sjónarmiðum. Frv., sem gengur í sömu átt og þetta, er nú til meðferðar í Nd. Þetta frv. er shlj. frv., sem vísað var til n. á þinginu í sumar, að öðru leyti en því, að nú geta bæjar- og sveitarfélög talið með framfærsluútgjöldum það fé, sem veitt er til atvinnubóta og annara ráðstafana, til að forða mönnum frá sveit. Vitanlega getur slíkt orkað nokkurra tvímæla í framkvæmdinni, en það er ekkert efamál, að atvinnubótafé sveitarfélaga og bæja er beinlínis greitt til þess að draga úr fátækrakostnaðinum; það væri rangt að telja þetta fé ekki með, enda gætu sveitarfélögin farið kringum það að öðrum kosti og tilfært slíkar fjárveitingar beint sem fátækrakostnað. Þess vegna er það miklu einfaldara og hentugra fyrirkomulag, sem hér er stungið upp á. Sama er að segja um sjúkrastyrki; það er fé, sem annars færi út úr sveitarsjóðunum beint sem fátækrahjálp að mestu leyti. Að öðru leyti en þessu eina atriði er frv. með öllu óbreytt, og get ég því látið nægja að vísa til aths. og umr. fyrr og síðar um þetta mál, en þó vil ég bæta því við, að þörfin fyrir endurskoðun fátækralöggjafarinnar hefir aldrei verið brýnni en nú, því að ég fullyrði, að viðskipti sveitarfélaganna innbyrðis eru nú komin í það öngþveiti, að nú verður úr að skera. Reikningar sveitarfélaganna sýna, að viðskipti milli þeirra eru orðin örðug og fastar fátækraskuldir sumra þeirra nema tugum þúsunda, og mörg sveitarfélög hafa út af þessum sökum leitað til ríkisins um hjálp.

Að lokinni þessari umr. vænti ég þess, að frv. verði vísað til n., sem að venju yrði þá allshn. Vil ég mega vænta þar rækilegrar athugunar máli þessu til handa og að n. afgreiði það svo tímanlega, að það megi lúkast á þessu þingi. Ég vil taka það sérstaklega fram, að það getur vel verið, að n. sú í Nd., sem hefir samskonar frv. til athugunar, þurfi að hafa samstarf við Ed.-nefndina, og vil ég skora á hv. n. þessarar d. að taka frumkvæði að því, því að ella gæti vel farið svo, að málið biði í nefndum allt til þinglausna, vegna þess að hvor n. um sig ætlaði hinni að afgreiða málið og losna þannig sjálf við það.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Í sambandi við fyrirspurn frá hv. 6. landsk. um daginn um það, hvað liði aðgerðum ríkisstj. út af þál. síðasta þings um breyt. á fátækralögunum, gat ég þess þá, að á leiðinni væru till. um þau efni. Nú leyfi ég mér að afhenda þeirri n., sem frv. þetta fær til meðferðar, frv. með ýtarlegri grg. frá skrifstofustjóranum í atvmrn. og hagstofustjóra. Fylgja grg. nákvæmar skýrslur um, hvernig fátækrakostnaður kemur niður á einstaka hreppa landsins, miðað við mannfjölda, skattskyldar tekjur og skuldlausar eignir. Af þeim skýrslum sést greinilega, hversu gífurlegt ósamræmi er í þessum efnum og hversu brýn þörf er umbóta á fátækralöggjöfinni. Sem dæmi má nefna tvo hreppa, Fáskrúðsfjarðarhr. í S.-Múlasýslu og Fljótshlíðarhr. í Rangárvallasýslu. Í hinum fyrrnefnda eru fátækraútgjöldin 20,90 kr. á mann, á 100 kr. skattskyldar tekjur 49,24 kr., og á 100 kr. af skuldlausri eign 10,92 kr. Hinsvegar eru fátækraútgjöldin í Fljótshlíðarhreppi 0,12 kr. á hverjar 100 kr. skuldlausar eignir, þar sem voru nær 11 kr. í Fáskrúðsfjarðarhreppi. Í sumum hreppum í A.-Skaftafellssýslu er enginn fátækrakostnaður.

Með því að nú eru slík mál sem þetta til meðferðar í báðum d. þingsins, má ætla,

að einhver lausn fáist á þessi mál á þessu þingi, enda er þess brýn nauðsyn. Ég mun afhenda hv. allshn. þessarar d. þessi gögn til frekari athugunar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 64. og 65. fundi í Ed., 30. apríl og 2. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 66. fundi í Ed., 3. maí, var frv. enn tekið til 2. umr.

Jón Baldvinsson: Ég vil þakka hæstv. forseta, að hann hefir nú tekið þetta mál á dagskrá, þó að n. sú, er hefir haft það til meðferðar, hafi ekkert látið til sín heyra um frv. En vegna þessa, að hvorki aths. né brtt. hafa komið fram við frv. frá n., þá er raunar lítið nýtt að segja í málinu.

Eins og hv. dm. vita, felur frv. í sér þá aðalbreyt. í fátækramálum að gera landið að einu framfærsluhéraði. Með því er komið í veg fyrir sveitarflutning og afnumin öll viðskipti milli sveitarfélaga út af þurfalingum, sem menn vita, að komin eru í hið mesta öngþveiti og flækju. Af þeim ástæðum liggja nú fyrir þinginu þrjú eða fjögur frv., sem fara í þá átt að breyta fátækralöggjöfinni, en ekkert þeirra frv. gengur eins langt til lagfæringar á misfellunum og þetta.

Ég þykist nú vita, að hv. allshn. sé ekki með þessu frv., úr því að hún hefir flutt annað frv. um sama efni, þó að allir nm. muni ekki heldur vera því samþykkir, en það frv. mun nú koma til umr. hér síðar í dag. Ég álít ekki að svo stöddu þörf á að ræða sérstök atriði þessa frv., en ég vil vænta þess, að hv. d. haldi því lifandi, ef hitt skyldi bila. Það er ekki séð fyrir úrslit þessara mála hér á þingi. Mér skilst, að allmargir menn í hv. Nd. vilji byggja á þeim grundvelli, sem þetta frv. felur í sér. Vænti ég því, að hv. þm. samþ. einstakar gr. frv. eins og þær eru, eða láti það bíða 3. umr. að gera brtt., þar til sést, hver afdrif hin frv. muni fá.

Jón Jónsson: Eins og hv. dm. er kunnugt, fer þetta frv. fram á gagngerða breyt. á fátækralöggjöfinni. Landið er óbeinlínis gert að einu fátækrahéraði með því að gera fátækrakostnaðinn sameiginlegan fyrir allt landið. Þetta er svo stórfelld breyt., að við í allshn. álitum, að ekki gæti komið til mála, að hv. d. afgr. þetta mál án nákvæms undirbúnings, og að hæstv. stjórn þyrfti að sjálfsögðu að hafa málið til meðferðar. Við teljum það gefið, að framfærslukostnaður verði meiri í landinu með þessu fyrirkomulagi, með því að einstakar sveitarstjórnir hafa nú ekki lengur sérstaka ástæðu til þess að setja aðhald í því efni. Ég geri þá till. í málinu f. h. allshn., að því verði vísað til stjórnarinnar. Að öðru leyti get ég vísað til þeirra umr., sem fram fóru um málið á síðasta vetrarþingi.

Bjarni Snæbjörnsson: Þegar þessi tvö frv. komu fram sitt í hvorri d. snemma á þinginu, þá bjóst ég við, að einhver endanleg lausn fengist á þessu máli, því allir eru sammála um það, að fyrirkomulag það í fátækramálum, er við búum við, sé óviðunandi. Í umr. var talað um og búizt við samvinnu milli allshn. beggja deilda, og þar sem einn af flm. frv. í Nd. var sjálfur form. allshn., þá bjóst maður við, að eitthvað yrði nú gert. En eftir upplýsingum frá hv. allshn. þessarar hv. d. hefir tíminn liðið svona, að aldrei hefir fengizt tækifæri þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir og eftirgangsmuni að fá hv. allshn. Nd. á fund til þess að ræða um málið. Margir hafa orðið fyrir vonbrigðum út af því, að ekkert hefir verið gert í málinu, því það má telja vonlaust um þetta frv., og væri réttara að vísa því frá þegar heldur en að vera að tefja dýrmætan tíma þingsins með því að ræða það fyrst og vísa því síðan frá. Það er ekki um annað að gera fyrir þessa d. en að bíða átekta um, hvað gerist í Nd. Það er að vísu rétt, að ýmsir kaflar í því frv. eru ekki svo góðir sem ákjósanlegt væri, um það t. d., hvernig fátækrakostnaðurinn er reiknaður og honum skipt, en frv. hefir þann kost, að sveitarfélögin hafa töluvert hönd í bagga með um þessi mál, enda eðlilegt, að sveitarfélögin hafi „interessu“ af því að fara varlega í að stofna til kostnaðar,

Ég ætla ekki að lengja umr. um þetta frv., af því ég álít eins og ég tók fram, að það verði aðeins til að tefja þingstörfin. En ég get ekki stillt mig um að láta í ljós undrun mína yfir því, að sjálfur form. allshn. hv. Nd. skuli hafa flutt frv. um þetta nauðsynjamál, en ekki látið sér detta í hug að láta neitt nál. koma fram.

Jón Baldvinsson: Ég var búinn að heyra eitthvað svipað áður frá hv. 3. landsk. viðvíkjandi þessu frv., og hann viðurkenndi, að þetta væri svo stórar breyt., að hann hugsaði ekki til að samþ. þær. Hann segir, að þetta mál þurfi meiri undirbúning og rannsókn en það hafi fengið, og með því að vísa því til stj. náist þetta. Nú víkur einmitt svo við, að stj. hefir haft með höndum rannsókn og undirbúning fátækrafrv., sem kom hér fram á þinginu, og mér heyrðist á þeim allshnm. og ýmsum öðrum hv. dm., að þeir væru ekki ánægðir með þann undirbúning og lítið á þeim skýrslum að græða, sem voru, að því er mig minnir einungis yfir stutt tímabil, eitt ár eða svo. Ég býst því við, að stj. sé búin að leggja af mörkum það, sem hún ætlar sér, og að þingið verði að skera úr því, hver vilji þess er í þessu máli og ákveða sjálft, hvort samþ. skuli þær till. stj., sem hér liggja fyrir; en þær eru lítilsháttar breyt. á fáum gr. fátækral. og engin aðalatriði eru þar tekin, heldur smákrukkað í þetta gamla fyrirkomulag. Í þeirri grg. er þó játað, að viðskipti sveitarfélaganna séu orðin svo erfið og stappið á milli þeirra svo mikið, að þörf sé á að leysa úr því. Ég vil benda á, að þetta frv. gerir ekki ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram fé fram yfir það, sem nú er. Hinsvegar er í frv. til framfærslulaga haldið því, sem nú er í fátækralögunum, að ef framfærsluþurfi fari eftir læknisráði í sjúkrahús, önnur en holdsveikraspítala eða geðveikrahæli, þá fái hann styrk úr ríkissjóði. Það er þó takmörkunum bundið, hve margir geti hlotið þennan styrk úr hverju hreppsfélagi; þessu er haldið í frv., en í stjfrv. er gert ráð fyrir að verja svipaðri upphæð til greiðslu fyrir þau sveitarfélög, sem verst verða úti út af fátækrakostnaði. Í þessu frv. er aftur á móti aðeins gert ráð fyrir, að stjórnarráðið hafi forgöngu í því að jafna á milli sveitarfélaganna, og er að því vikið í 43. gr., að þar sem ætlazt er til, að stjórnarráðið fái alla reikninga við fátækrakostnað, jafni það honum niður eftir þar til settum reglum, sem ákveðnar eru í þessari sömu gr.

Mér skildist á hv. þm. Hafnf. og hv. 3. landsk., að þeir telja, að eftir þessu frv. myndi verða minna aðhald fyrir sveitarfélögin en nú er. En það kemur þó til þeirra kasta að bera fyrst og fremst mikinn hluta af fátækrakostnaðinum, og þótt það fáist eitthvað endurgreitt síðar meir, þurfa þeir samt að leggja þetta út án þess að vita, hve mikið af því fáist endurgreitt. Það fer eftir niðurjöfnun, sem gerð er e. t. v. ári síðar. Ég held því, að þetta sé misskilningur hjá hv. þm. Hafnf. Það er ekki ætlazt til, að ríkissjóður leggi fram neina peninga fram yfir það, sem nú er.

Það hafa ekki komið fram fleiri aðfinnslur en þetta, og tel ég þær ekki stórvægilegar. Ef hv. þm. Hafnf. er áhugamál að fá þessum lögum breytt og ef hann hefði séð einhverjar veilur í þessu frv., sem hann hefði viljað láta vera öðruvísi, þá er hægurinn hjá að bera fram brtt. til þess að færa það í hið bezta horf. Frv. hefir verið á dagskrá hér í eina tvo daga og því nægilegur tími til þess. Ég held sannast að segja, eins og hv. þm. Hafnf., að þeir, sem hafa borið málið fram í Nd., séu meira að friða sína eigin samvizku, þar sem þeir gátu tekið málið fyrir og form. n., sem var einn aðalflm., gat séð um, að það væri athugað og afgr. til. d., hvað sem síðar hefði um það orðið. Ég hygg, að ekki verði hjá því komizt, að þetta spursmál verði að leysast á einhvern hátt, en það verður verra viðureignar með hverju ári og hverjum mánuði, sem líður. Og til þess er engin önnur leið en að jafna þessum kostnaði niður á landsmenn eftir einhverjum ákveðnum reglum. Það verður að fara hér svo sem í öðru, að þeir beri byrðarnar, sem geta, og taki þátt í að styðja hina, sem síður mega. Það er þetta, sem er aðalatriðið í frv., en e. t. v. ekki nógu langt gengið. Það hefði mátt leggja á ríkissjóð eitthvað fram yfir það, sem nú

er gert í fátækral. Í stjskr. landsins er mönnum veittur sá réttur, að ef þeir hafa ekki nægilegt fyrir sig að leggja, þá geti þeir fengið styrk úr einhverjum opinberum sjóði til þess að halda í sér og sínum lífinu. Ég man ekki, að það sé tekið fram í stjskr., að þetta skuli endilega vera af sveitarsjóði, svo að menn eiga þá kröfu til ríkissjóðs, ef sveitarfélögin bila. En það er víst komið svo um allmörg sveitarfélög, að þau eru að bila við greiðslur fátækrakostnaðar. Þau hætta að geta staðið í skilum, hætta að geta fullnægt þessu ákvæði stjskr., að þeir, sem ekki geta framfleytt sér og sínum, eigi heimtingu á styrk úr opinberum sjóði, og þá er enginn skyldur annar en ríkissjóður að koma þar til skjalanna og veita þar úrlausn.

Ég mun láta skeika að sköpuðu um, hvernig fer með frv. þetta og álít ekki til neins að ræða um það, að hv. 3. landsk. hefir gert þá till. að vísa málinu til stj. Stj. hefir þegar skilað áliti um þetta mál, og sé ég ekki neina ástæðu til að vísa því þangað. Það er eins gott að drepa það strax.

Jón Jónsson: Hv. þm. Hafnf. kvartaði yfir lélegri afgreiðslu þingsins á þessum fátækramálum. Það má segja, að ekki hafi verið fljótt við brugðið, en þó verð ég að halda því fram, að ef frv. það, sem er hér síðar á dagskránni í dag, nær að verða að lögum, sé mjög sómasamlega gengið frá afgreiðslu málsins í þetta skipti. Ég verð að halda því fram, að aðalannmarkarnir, sem komið hafa fram á fátækralöggjöfinni, séu hin mikla misjöfnun milli sveitarfélaganna um framfærslu. Ef frv. það, sem ég áður gat um, verður gert að lögum, væri á því ráðin mikil bót, sú bót, sem eftir atvikum er frekast hægt að gera. Mér skildist hv. þm. átelja mjög form. n. í Nd. og nefndina fyrir slælega framgöngu. Mér fyndist þingið myndi hreinsa sig nokkurnveginn af afgreiðslunni, ef það leyfði þessu síðara frv. fram að ganga.

Hvað aths. hv. 2. landsk. viðvíkur um tilgangsleysi till. minnar um að vísa málinu til stj., þar sem hún myndi ekki sinna þeirri afgreiðslu mikið, þá er ekkert hægt um það að segja. Því að það, sem hún hefir lagt núna fyrir þingið, segir ekki beint um það, vegna þess að þingið í sumar vísaði einungis til hennar ákveðnu atriði og bað hana að athuga lausn ákveðins vandamáls, og það hefir hún gert. Ef þingið aftur á móti vill fá viðtækari athugun, þá tel ég sjálfsagt, að stj. muni taka það til athugunar, hvort fært væri að gera það, svo að mér finnst þetta mjög samræmanlegt. Stj. mun þá athuga, hvort hún kemst að líkri niðurstöðu og í frv., þótt ég voni, að hún komist það nú ekki. En ég tel sjálfsagt, að hún athugi það og leggi niðurstöðurnar á einhvern hátt fyrir þingið. (**JBald:** Ég held, að það sé bezt, að hún athugi það ekki.). Það hefir nú hver sína meiningu um það.

Bjarni Snæbjörnsson: Það eru aðeins fáein orð. Hv. 3. landsk. fannst mikil bót í því frv., sem hv. allshn. hefir borið fram og verður til umr. seinna í dag. En ég verð að segja það, að það er ekki nema bara bót, en ekki nein lausn á málinu. Maður getur sagt sem svo, að það, sem horfir við fyrir sveitarfélögum sé aðalatriðið fyrir þau, en ekki aðalatriðið fyrir mennina, sem eiga að þiggja styrkinn. Það, sem einmitt er hið sárgrætilega, er mannúðarleysið, er lýsir sér í sveitarflutningunum, og þau vandræði, sem af þeim hljótast. Ég verð að segja það, að ef þetta frv. allshn. hefir verið að einhverju leyti bót, þá hefir hv. 3. landsk. gert sitt til þess að spilla því með till. sínum um að stytta sveitfestitímann niður í tvö ár. Með því móti eykst hreppapólitíkin gagnvart þessum vesalingum, sem eiga að þiggja styrkinn. (**JónJ:** Þvert á móti). Þetta er sannleikur. Það vita þeir, sem dvalið hafa í bæjum, og því situr tæplega á þessum hv. þm. að vera svo kampakátur yfir þessari réttarbót, sem allshn. hefir borið fram. Hann hefir gert sitt til að gera hana að sáralitlu gagni fyrir þá, sem þennan styrk þurfa að þiggja.

Páll Hermannsson: Ég tel víst, að það fari svo um þetta frv., að það verði ekki að lögum á þessu þingi, a. m. k. virðist mér allar ástæður, sem fyrir hendi eru, benda til þess. En ég vil taka það fram,

að ég er í rauninni þakklátur hv. 2. landsk. og hans flokki fyrir þær till., sem þeir hafa þing eftir þing borið fram í fátækramálum. Mér skilst, að þeir hafi fyrstir allra komið auga á það, að ástand fátækramálanna hefir verið lítt þolandi, og alltaf er að koma betur og betur í ljós, að það er að verða óþolandi. Á það hefir verið minnzt, að líkindi væru fyrir, að í gegnum þingið kæmist einskonar bráðabirgðaumbót á þessu ástandi, og ég hygg, að þessa bráðabirgðabót, ef bót verður, megi þakka hinni stöðugu sókn jafnaðarmanna á hendur þess ólags, sem í fátækramálunum hefir ríkt. Mér finnst vel þess vert að láta þessa getið frá þeirra hálfu, sem svona líta á. Ég er sammála þeim, sem halda því fram, að frv., sem hér verður til umr. næst á eftir, sé bráðabirgðabót, en ég er jafnframt sammála hinum, sem ekki vilja viðurkenna þetta nema aðeins bráðabirgðabót. Þótt ég líti svo á, að frv. muni ekki verða að lögum á þessu þingi, mun ég samt gefa því atkv. mitt til 3. umr. Mér þykir rétt að lofa því að lifa núna fyrst, til þess að sjá, hvað verður um frv., sem kemur næst á eftir. Það er vitanlega þessu máli mikið tjón, að ekki hefir unnizt tími til að endurskoða það, og hefir það því ekki fengið þá lagfæringu, sem ætlazt er til, að mál fái við afgreiðslu í nefndum.

Guðrún Lárusdóttir: Hv. þm. Hafnf. tók eiginlega að mestu leyti fram það, sem ég hefði viljað segja. Það er nú svo um þessi frv., sem standa hér hlið við hlið á dagskránni, að tæplega er hægt að tala um annað án þess að minnzt sé á hitt. Og ef farið er í samanburð, þá blasir fyrst við mér sá mismunur, að það frv., sem kemur hér á eftir, er nokkurskonar forsvari eða fulltrúi sveitarfélaganna, gjaldendanna, þeirra, sem eiga að bera byrðarnar. En það frv., sem nú er til umr., er forsvari eða fulltrúi einstaklinganna, fátæklinganna, sem eiga að búa við lögin. Ég geng þess ekki dulin, að þótt ýmislegt megi með gagnrýni finna að frv. til framfærslulaga á þskj. 159, þá ber það þó með sér talsverðar réttarbætur til þurfamannanna. T. d. er þar ein gr., sem ég held, að mörgum mundi þykja vænt um, að yrði að lögum, en það er 33. gr. frv., þar sem talað er um, hvaða styrkir það séu, sem eiga að vera óafturkræfir, sem sé þeir styrkir, sem menn þurfa að þiggja af óviðráðanlegum orsökum, svo sem vegna heilsuleysis, slysa eða ómegðar og annars þvíliks. Það er nefnilega geysilega mikill munur á því, af hverju styrkþágan stafar. Allir sjá, að það er mikill munur á því, hvort menn þiggja styrk vegna veikinda eða einhverrar óforsjálni, slysa eða leti og ómennsku, vanrækslu eða fyrir illa meðferð á fjármunum, og þannig má lengi telja. Þessi grein tekur það skýrt fram og greinir í sundur, hvaða styrkir skuli teljast sveitarstyrkir og hverjir ekki.

Þegar frv. var hér til umr. á sumarþinginu, benti ég á nokkur atriði, sem ég hefði viljað koma að í því. Mér fannst, að úr því að farið var að gera svo róttækar breyt. á fátækralögunum, þá hefði átt að nota tækifærið til að smeygja þar inn sem flestu af því, er gæti orðið lítilmögnum þjóðfélagsins að liði.

Ég vil minnast á 19. gr. fátækralaganna, þar sem talað er um greiðslu barnsmeðlaga. Nefnd kvenna hér í bænum, mæðrastyrksnefndin, lét bera fram á Alþingi frv. til leiðréttingar á meðlagsgreiðslunni, en málið strandaði ásamt fleiri málum við þingrofið fræga; það kom sem sé daginn eftir að frv. var lagt fram hér í hv. d., og málinu hefir ekki verið hreyft síðan, sökum þess að barnsmeðlög hafa hækkað allmikið á yfirstandandi ári, svo að við má una næstu þrjú árin. 19. gr. fátækralaganna gerir ráð fyrir, að barnsmeðlags skuli krafizt af lögskyldum framfærslumönnum barnsins, að undangengnu árangurslausu lögtaki hjá barnsföður, áður en til sveitarinnar sé leitað eftir meðlagsgreiðslunni. Getur hér orðið alltafsöm innheimta, og ólíkt betra að byrja hjá sveitinni, láta sveitarstjórnina leggja út upphæðina og innkalla hana svo hjá viðkomandi framfærslumanni. Liggur það í augum uppi, hve örðugt það getur orðið og vandræðalegt fyrir barnsmæður að standa í slíku þjarki út af meðlagi barna sinna, og réttlát lausn á málinu, að barnsmæður hafi beinan aðgang að sveitinni með slíkar greiðslur, án þess að þurfa að fara nokkrar krókaleiðir. Ég gæti tínt

fleira til, en næsti liður á dagskránni gefur tilefni til að halda áfram umr. um fátækramálin. Ég vil láta það í ljós, að yfirleitt er ég sammála þessu frv. og vil gjarnan greiða því atkv. mitt.

ATKVGR.

Till um að vísa málinu til ríkisstj. felld með 7:6 atkv.

1. gr. samþ. með 8:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MT, PH, BSn, GL, HSteins, IP, JakM, JBald.

nei: JónJ, JónÞ, GÓ.

PM,[1]) EÁrna[2]) greiddu ekki atkv.

Einn þm. (JónasJ) fjarstaddur.

2.—11. gr. samþ. með 7:4 atkv.

12.—19. gr. samþ. með 7:1 atkv.

20.—22. gr. samþ. með 7:2 atkv.

23.—30. gr. samþ. með 7:2 atkv.

31.—41. gr. samþ. með 7:3 atkv.

42.—45. gr. samþ. með 7:2 atkv.

46.—49. gr. samþ. með 7:1 atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 7:3 atkv.

Á 69. fundi í Ed., 7. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Jón Baldvinsson: Það liggur í hlutarins eðli, að ég hefi ekki ástæðu til að gera aths. við frv. þetta, sem flutt er af sjálfum mér og hv. d. samþ. óbreytt við 2. umr. En þó vildi ég minnast á, að ég tel vel ráðið, að hv. d. lofi frv. að ganga til hv. Nd., svo að hún geti athugað það í sambandi við annað frv., svipaðs efnis, sem hún hefir fengið, ef vera mætti, að eitthvað verulegt yrði gert til þess að breyta fátækralöggjöfinni og bætt úr þeim örðugleikum, sem héruðin eru stödd í vegna fátækrakostnaðarins. Þess vegna sýnist mér fara vel á því að lofa frv. að ganga til hv. Nd.

ATKVGR.

Frv. fellt með 5:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BSn, HSteins, JBald, MT, PH.

nei: EÁrna, IP, JónJ, JónÞ, GÓ.

JakM[1]) greiddi ekki atkv.

Þrír þm. (GL, JónasJ, PM) fjarstaddir.

10. Dragnótaveiðar í landhelgi.

Á 38. fundi í Nd., 30. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 55, 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi (þmfrv., A. 263).

Á 45. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 59. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 16 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Héðinn Valdimarsson): Ég vil ekki tefja framgang þessa máls með langri framsöguræðu og vil því leyfa mér að vísa til grg. frv. og óska, að það fari til sjútvn. að lokinni þessari umr.

Eins og kunnugt er, hefir frv. þetta legið fyrir tveim síðustu þingum, en ekki náð fram að ganga. Þó tókst í fyrra á annan hátt að hafa dragnótaveiðar nokkurn hluta ársins, og kom það vissum hluta landsmanna vel. Nú er mikill áhugi fyrir því meðal bátaútvegsmanna að fá einhverja fasta lagaheimild fyrir þessu, og því er frv. fram komið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14:1 atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 70. fundi í Nd., 9. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 263, 474, n. 585 og 622).

---

1) Með svofelldri grg.: Ég álít frv. ekki nægilega undirbúið til þess að samþ. það.

2) Með svofelldri grg.: Ég vil fyrst sjá, áður en ég greiði þessu frv. atkv., hvernig því frv., sem n. hefir flutt, reiðir af.

1) Með svofelldri grg.: Af því að hv. d. hefir afgr. annað frv. um sama efni, þar sem skipað er á annan veg þessum málum, finnst mér deildin ekki geta afgr. frá sér þetta frv., sem byggt er á öðrum grundvelli, og greiði þess vegna ekki atkvæði.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Þetta frv. er flutt af hv. 3. þm. Reykv., og hefir meiri hl. sjútvn. fallizt á að mæla með því, þó dálítið breyttu. Frv. fer fram á það, að dragnótaveiðar séu bannaðar eingöngu frá 1. marz til 31. júlí hvert ár. En sjútvn. hefir lengt þennan tíma, þannig að hún leggur til, að bannið sé frá 1. jan. til 15. júlí. Ennfremur hefir n., í stað þess eins og frv. fer fram á að fella burt 8. gr. l., heimild fyrir einstök héruð til að koma á banni hjá sér, lagt til, að heimilt verði að veiða með dragnót 2 mánuði hvert ár innan landhelgi einstakra lögsagnarumdæma á öðrum tíma en ákveðið er í frv. Ég þarf ekki að rekja þetta mál, því það hefir verið mikið rætt á síðustu þingum og samþ. í d. þessi atriði í málinu. Minni hl. sjútvn. hefir ekki getað orðið samferða meiri hl. og leggur til, að frv. verði felt. Fyrir alllöngu síðan kom brtt. á þskj. 474 frá hæstv. dómsmrh. um það, að í staðinn fyrir 1. marz til 31. júlí kæmi 1. febr. til 31. maí. Þetta framlengir leyfið til að veiða með dragnót í landhelgi allan júnímánuð. Svo langt hefir n. ekki viljað ganga. Hinsvegar fór hún nokkurskonar millileið í málinu eins og þskj. 622 ber með sér.

Ég ætla ekki að hafa hér fleiri orð. Þetta mál var rætt mikið á síðasta þingi, bæði með og móti, og síðan þær umr. fóru fram hefir verið gefinn út bæklingur af fiskifræðingnum Árna Friðrikssyni, þar sem sýnt er fram á, að það er ekki skynsamleg stefna að banna dragnótaveiðar svona langan tíma, til þess að Íslendingar verði af þessum veiðum, til hagsmuna fyrir útlendinga.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég hefi flutt brtt. við upprunalega frv. og vil segja um hana nokkur orð frá sjónarmiði stj., ekki að því leyti sem hún er atvinnumál, heldur sem löggæzlumál. Öllum er kunnugt, að ástæðan til þess, að þingið hefir hallazt að því að loka landhelginni nokkuð mikið fyrir dragnótaveiðum innlendra manna, hefir verið sú, að við erum í sambandi við aðra þjóð, sem er miklu mannfleiri og getur haft ákaflega mikil áhrif í þessu efni og hefir viljað nota sinn rétt hér. Ennfremur hefir þingið fram að þessu stuðzt nokkuð við skoðun fræðimanna, sem álíta nauðsynlegt að friða ungviðið sem mest í landhelgi til þess að halda við veiðinni. Um þetta mál urðu miklar umr. á síðasta þingi, og það var í raun og veru að því komið, að það væri gerð á þessu nokkur rýmkun til bráðabirgða, vegna þess ástands, sem nú vofir yfir, þessa erfiða ástands fiskimannanna. Það varð nú ekki, en í þinglok, af því að málið dagaði uppi, skrifaði meiri hl. þm. undir áskorun til stj. um það að leyfa með bráðabirgðalögum, ef nauðsyn bæri til, undanþágu svipaða og meiri hl. sjútvn. leggur nú til. Þetta var að vísu ekki gert, en það komu í ljós ákaflega miklir erfiðleikar á að framfylgja þessum lögum. Ég vildi skjóta því til þess manns hér í d., sem hefir verið einna hættulegastur mótstöðumaður þess að leyfa rýmkun, hv. þm. Borgf., hvernig hann áliti, að hægt sé að framfylgja þessum lögum, ef t. d. allir hans fiskimenn hafa út úr neyð farið að veiða í landhelgi og þar af leiðandi gerzt brotlegir við lögin. Það yrði þá að taka alla fyrirvinnu á Akranesi og láta hana afplána sektina fyrir þetta. Þetta atvik kom fyrir í haust sem leið í álíka stóru plássi og Akranesi, í Keflavík. Þar höfðu yfir 20 formenn orðið brotlegir við lögin gagnvart sínum nábúum í Garðinum. Ef ekki hefði farið svo, að Garðsbúar litu á nauðsyn nágranna sinna og féllu frá ákærum, þá hefði orðið að taka alla fyrirvinnu í þorpinu og láta vinna af sér þetta brot í fangelsi um langan tíma. Ég vil taka það fram, að þetta er ekki einungis hér suður með sjó; þetta getur komið fyrir víðsvegar um landið, en ég skal ekki nefna nein dæmi, sem svipað hefir átt sér stað. En ég vil benda á það, að fyrir stj., hver sem er, getur farið svo, að erfitt verði að framfylgja þessum l. eins og þau hafa verið, þegar hallæri er í landinu, og þetta er máske eina bjargarvonin, að veiða með dragnót í landhelgi á sömu miðum, sem þessir sömu fiskimenn eru vanir að leggja net sín og þeir skoða sín heimamið. Þá fer að vanta siðferðislegan rétt til þess að ganga hart að þessum mönnum. Nú álít ég að vísu ekki ástæðu til, að þingið geri breyt. í þessu efni til langframa, en mér finnst eins og á stendur með afkomu fiski-

manna, að fullkomin ástæða sé til að gera nokkur bráðabirgðaákvæði um þetta, og þess vegna er till. mín á þskj. 474 um það, að landhelgin sé friðuð aðeins vertíðina, eða vel það, og þessi undanþága gildi í 2 ár. Þessi till. mín er gerð í samráði við forseta Fiskifélagsins, sem er ákaflega áhugasamur um allt, sem við kemur málum sjómanna, og hans skoðun er sú og þar styðst hann við álit fiskifræðingsins Árna Friðrikssonar, að engin ástæða sé til að friða landhelgi fyrir dragnót nema um hrygningartímann sjálfan. Öllum hv. þm. er kunnugt um skoðun fiskifræðingsins, og hún gengur í raun og veru móti löggjöfinni, sem við höfum nú. En aftur á móti er þetta hagsmunamál, og á þann hátt hefir verið um það deilt. Menn líta á þetta sem hagsmunamál milli einstakra hreppa og verstöðva. Ég lít þess vegna þannig á, að vegna þess sérstaka erfiða ástands, sem er í landinu, þá sé rétt, að það sé gert sem hallærisráðstöfun að banna ekki dragnótaveiðar nema yfir vertíðina. En þar sem meiri hl. sjútvn. telur þetta of langt gengið, þá tel ég enga von til þess, að þetta fái samþ. á þingi. Ég verð að játa, að næst minni till. álít ég vera till. n., sem gengur út frá því að lengja veiðitímann og heimila stj. að upphefja stund og stund í einu bann á einstökum stöðum. Þetta hefir að vísu aldrei verið reynt, en af ástæðu, sem hv. þd. skilur, en aldrei hefir verið farið mikið út í við umr., þá hefir þessi aðferð vissa kosti. Ég treysti því, að þeir, sem eru mótfallnir því að gera stórar breyt., geti samþ. till. n., þannig að þetta fyrirkomulag verði athugað, hvort ekki væri hægt að hjálpa fiskimönnum með undanþágum á vissum veiðistöðvum um stundarsakir. Þegar menn athuga, hvað nú kreppir mjög að fiskimönnum landsins og að aflamöguleikarnir eru helzti þátturinn í bjargráðamöguleikum okkar fiskimanna, og þegar heilir firðir, eins og t. d. Austfirðir, hafa á síðasta ári lagt stórfé í að kaupa þessi veiðitæki og þar við bætist, að neyð almennings getur knúð bátaeigendur til þess að virða lögin að vettugi, þá vil ég treysta því, að hv. d. láti sinn dóm í málinu ganga, ekki þó með löngum umr., játandi eða neitandi, svo að úr því verði skorið, hvað þingið vill í þessu efni.

Frsm. minni hl. (Björn Kristjánsson): Þetta mun vera í 3. eða 4. sinn, sem flutt er hér á þingi frv. um að stytta lögákveðinn friðunartíma fyrir dragnótaveiði. — Málið hefir verið sótt og varið og af miklu kappi frá báðum hliðum, og býst ég þess vegna ekki við að þurfa að fara mörgum orðum um það, því hv. þm. munu vera þær umr. í svo fersku minni, að ekki þurfi að lengja þær mikið að þessu sinni. Þeir hv. þm., sem vilja stytta friðunartímann, halda því fram, að hér sé um hagsmunamál að ræða fyrir sjómennina og jafnframt, að þessi dragnótaveiði sé skaðlaus eða skaðlítil fyrir þá, sem aðrar fiskiveiðar stunda. Í þessu efni bera þeir fyrir sig fiskifræðingana Árna Friðriksson og Bjarna Sæmundsson. En nú hafa fjöldamargir sjómenn úti um land sent þinginu áskoranir, sem eru í þá átt, að þessi veiðiaðferð stórspilli öðrum fiskveiðum. Nú býst ég við, að fiskifræðingurinn hafi rétt fyrir sér að vissu leyti og að þessi veiði spilli ekki botninum. En þar með er ekki sagt, að hún geti ekki spillt öðrum fiskveiðum, þegar dragnótaveiði er stunduð á sama tíma sem vertíðin stendur yfir á þessum hlutaðeigandi flóum. Þess vegna get ég skilið, að við Faxaflóa, þar sem veiðin mun vera stunduð að mestu leyti á sumrin, ef þetta frv. verður samþ., sé hún kannske ekki eins skaðleg fyrir fiskveiðar að öðru leyti eins og við Norðurland, þar sem veiðin er stunduð einungis á þeim tíma, sem vertíðin stendur yfir, en það eru sumarmánuðirnir. Úr mínu héraði, sérstaklega frá þeim sveitum, sem liggja að Þistilfirði og Skjálfandaflóa, hafa komið fjöldamargar fundargerðir og símskeyti frá sjómönnum, þar sem þeir halda fram eftir sinni reynslu, að hvenær sem dönsku veiðiskipin hafi verið þar að dragnótaveiði, hverfi annar fiskur af þeim slóðum. Ég get hugsað mér, að þetta þurfi ekki að reka sig á kenningar fiskifræðingsins, því þó veiðin spilli ekki botninum, þá getur hún þó fælt burt fiskinn. Það er sérstaklega í Þórshöfn, sem hafa komið ljós dæmi um þetta frá reynslu sjómanna, sem ómögulegt er að

vefengja, því enda þótt ég vilji sízt gera lítið úr vísindaþekkingu fiskifræðingsins, þá verð ég samt að trúa betur staðreyndum. Þegar litið er á þessar umsagnir sjómanna frá mínu héraði, þá þarf ekki að þykja undarlegt, þó ég geti ekki fylgt þessu frv. um að lengja veiðitímann. Ég er ekki sjómaður og hefi aldrei verið það, en ég lenti einu sinni af tilviljun um borð í dönsku dragnótaveiðiskipi, sem var á veiðum í Öxarfirði. Meðan ég var um borð voru teknir upp nokkuð margir drættir. Þegar varpan kom upp að skipshliðinni, kom í ljós, að hún var hálffull af sandi. Var hún þá látin stíga upp og niður á víxl til þess að þvo úr henni sandleðjuna, en það tókst ekki nema að nokkru leyti, og þegar loks var hvolft úr henni á þilfari skipsins, var mikill sandur innan um fiskinn og varð að margmoka þessu til á þilfarinu þangað til hægt var að tína úr þann fisk, sem nothæfur þótti. Þar ægði öllu saman. Þarna var koli af öllum vaxtarstigum, frá örlitlum seiðum og upp í stóra kola, og aðrar fisktegundir, ýsa og þorskur, og öllu var kastað út, nema stærri skarkolanum. Í þetta skipti hefir ekki komið eitt einasta kvikindi lifandi í sjóinn aftur. Þessi reynsla mín kemur því í bága við það álit fiskifræðingsins, að allt, sem ekki er hagnýtt af veiðinni, lifi og þroskist áfram í sjónum aftur. Ég álít því, að þessi veiði sé ekki eins hættulaus fyrir kolann eins og af er látið, og því síður fyrir aðrar fisktegundir. Þetta styrkir mig einnig í þeirri trú, að sjómenn hafi að miklu leyti rétt fyrir sér, þegar þeir halda fram, að dragnótaveiðin sé til stórskaða fyrir þeirra veiði. Þrátt fyrir þetta var ég í sumar nokkuð á báðum áttum, þegar þetta mál var til umr., hvort rétt væri að standa móti því, að veiðitíminn væri lengdur, ef þetta væri virkilega svo mikið hagsmunamál fyrir sjómenn eins og af var látið. En síðan hefi ég fengið meiri kunnugleika á því, hvernig dragnótaveiðin hefir heppnazt, og þær fregnir, sem ég hefi af þeim fengið, benda alls ekki í þá átt, að þetta sé eins mikið hagsmunamál fyrir sjómennina eins og af er látið. Hv. 1. þm. S.-M. minntist á dragnótaveiðar Austfirðinga í sambandi við annað mál og gat þess, að þær hefðu orðið til skaða fyrir Fisksölusamlag Austfjarða, þannig, að útgerðarmenn hefðu keypt mikið af þessum veiðarfærum, sem svo var ekki hægt að nota. Sjómennirnir héldu, að það væri mikil gullnáma að fást við þessar dragnótaveiðar og ákváðu að panta þessi veiðarfæri fyrir 50 þús. kr., og þetta samlag gekkst fyrir þessum pöntunum. Var svo byrjað á þessari veiði á nokkrum bátum, en sama og ekkert aflaðist. En fyrir bragðið fór svo, að fiskimenn, sem stunduðu þorskveiðar á línu, fengu ekki einn eyri fyrir sinn kælda fisk, því verðið liggur bundið í þessum ónotuðu veiðarfærum. Auk þess stórskaðaðist fisksölusamlagið óbeinlínis á þessu dragnótabrölti. Það varð að borga ákveðna mánaðarleigu fyrir flutningaskipin, en vegna þess að margir bátar voru bundnir við dragnótaveiðarnar, barst minni fiskur á land, svo að miklu seinna gekk að fá fullfermi í skipin, og af því leiddi, að flutningsgjaldið varð miklu hærra en ella hefði þurft að vera. Ég hefi heyrt, að 1930 hafi gengið tveir bátar frá Vestmannaeyjum fyrir austan og öfluðu vel. En í sumar komu 10 bátar þaðan og enginn aflaði neitt teljandi. Á Húsavík varð niðurstaðan sama. Þar aflaðist lítið og kolinn var smár og fékkst lítið fyrir hann. Á Vestfjörðum var þetta einnig reynt síðastl. sumar og niðurstaðan varð hin sama, lítil veiði og minna verð en búizt var við. Virðist því ekki, að hér sé um eins mikla gullnámu að ræða og ætla mætti eftir umr. á sumarþinginu. Á Öxarfirði stunduðu einnig tveir bátar, annar frá Keflavík, en hinn frá Vestmannaeyjum, þessar veiðar. Þeir öfluðu að vísu dálítið, en þó mun óhætt að fullyrða, að þeir hafi lítið eða ekkert haft upp úr veiðunum fram yfir útgerðarkostnað.

Á sumarþinginu var sagt, að verð á skarkola væri fast að 1 kr. tvípundið. Þetta munu þó hafa verið allmiklar ýkjur, því að í sumar var verðið ekki nema 30 aurar, og stórsköðuðust þó allir kaupendur.

Það hefir verið sagt, að með friðun landhelginnar værum við að ala upp kolann fyrir Englendinga. En ef kolaveiðarnar væru eins arðsamar fyrir oss og sumir láta í veðri vaka, mætti það vera

einkennilegt, hve lítið Íslendingar hafa gefið sig að þeim, jafnmikinn dugnað og fiskimenn vorir, og þá einkum togarafiskimenn, sýna annars. Það er sagt, að við veiðum ekki nema 1/10 af kola á móts við það, sem Englendingar veiða hér við land, og skýringin getur varla legið í öðru en því, að þessar veiðar séu okkur svo dýrar, að þær borgi sig ekki. Reynslan mun hafa kennt fiskimönnum vorum, að þorskveiðarnar borgi sig bezt.

Hitt er annað mál, að veiðar þessar geta samt sem áður borgað sig fyrir Dani, sem hafa miklu ódýrara rekstrarfé en við, sleppa við gjöld af veiðunum, sem innlendir menn verða að greiða, svo sem útflutningsgjald o. fl., og hafa þar að auki margfalda æfingu í veiðiaðferðunum.

Ég viðurkenni, að ég er ekki sérfróður í þessum málum, en ég þykist þó hafa fengið góðar og gildar sannanir fyrir því síðan í sumar, að ekki sé rétt að slaka á löggjöfinni um þetta efni. Ég veit, að hv. þm. Borgf., sem er kunnugri þessum málum en ég, leggur mér lið í umr. og þarf því ekki að segja meira að sinni.

Pétur Ottesen: Það má nú segja, að þeir, sem brjóta vilja niður þær varnarráðstafanir, sem felast í lögunum um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi, séu farnir að færa sig upp á skaftið. Í stað þess að dragnótaveiðar eru leyfðar aðeins í 3 mánuði á ári nú, þar sem þær eru ekki alveg bannaðar, eins og sumstaðar er gert, er nú farið fram á, að landhelgin sé opnuð í 8 mánuði, eða jafnvel 8½ mánuð, ef heimildin, sem meiri hl. n. vill setja nú í lögin, kemst inn í þau og verður notuð af stj. Hér er því stefnt að því að opna allt upp á gátt og rífa allar varnarráðstafanir niður. Má búast við, að sporið verði stigið til fulls næst og lögin alveg numin úr gildi. Er það og mála sannast, að verði lögunum breytt nú í þá átt, sem til er ætlazt, er tæplega mikill söknuður í því, sem eftir er, því að þeir mánuðir, sem veiðin á að vera bönnuð eftir frv., eru einmitt þeir mánuðir, sem engin kvik branda fæst á grunnmiðum, svo að samþykkt frv. er sama og að fella lögin úr gildi.

Frsm. minni hl. hefir sýnt ljóslega fram á, að dragnótaveiðar hér við land hafa ekki orðið Íslendingum nein gullkista. Býst ég við, að þegar allur kostnaður, kaupgjald og veiðarfæri o. þ. h. er reiknað með, megi álykta, að aflinn hafi ekki hrokkið fyrir kostnaði. Á Akranesi var keypt talsvert af þessum veiðarfærum og reynt með þeim innan flóans. Niðurstaðan varð helbert tap og veiðarfærin grotnuðu niður, enda hafa þessar veiðar ekki verið reyndar í tvö ár.

Hæstv. dómsmrh. þarf því ekki að bera neinn kvíðboga fyrir því, að fyrirvinnurnar á Akranesi verði settar í tukthúsið, eða dæmdar í sektir fyrir yfirtroðslur á þessum lögum né öðrum.

Hv. frsm. minni hl. minntist á það dæmi, sem liggur næst, þar sem eru hin stórfelldu dragnótakaup á Austfjörðum fyrir 50 þús. kr. Þótt margir, sem veiddu á önnur veiðarfæri, legðu fram afla sinn til kaupanna, fékkst ekki andvirði dragnótanna upp úr aflanum, beinlínis af þeirri ástæðu, að engan kola var að fá, enda höfðu bæði Danir og Færeyingar verið þar áður og verið búnir að ganga svona rækilega frá möguleikum til fiskifanga á þessum miðum. Þetta sýnir ljóslega, hve afli á grunnmiðum gengur fljótt til þurrðar. Frsm. minni hl. hefir einnig bent á, að Vestmannaeyingar þeir, sem verið hafa með dragnót fyrir norðan, hafa ekki aflað nema örlítið upp í kostnað.

Hæstv. dómsmrh. lét svo um mælt, að þessi rýmkun á dragnótatímanum ætti að vera til að forða þjóðinni frá hungursneyð. Ég held, að reynslan hafi sýnt, að grunnmið og flóar þoli ekki lengri veiðitíma með þessu veiðarfæri en þann, sem nú er leyfður, ef ekki á að uppyrja þar á skömmum tíma alla veiði, svo að ekkert verði eftir. Þessi rýmkun veiðitímans yrði því ekki til að forða frá neinni hungursneyð, enda hefir ekki skort aflabrögð undanfarið, þótt hart sé í ári.

Hæstv. dómsmrh. kvaðst tala um þetta sem löggæzlumál. Hann sagði, að ekki væri hægt að framfylgja lögunum. Ég býst við, að hann hafi hér átt við atvik, sem gerðust suður með sjó síðastl. haust, er nokkrir menn þar syðra gerðust brotlegir við lögin. En það er óneitanlega hættuleg braut, sem farið er inn á, ef taka á upp þá reglu að afnema hver þau

lög, sem einhver brýtur. Síðað þjóðfélag verður ekki byggt upp öðruvísi en að framfylgja lögunum. Ég get ekki séð, að erfiðara geti verið að framfylgja þessum lögum en lögum um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi, og býst ég þó ekki við, að það sé meining ráðh. að afnema þau lög, þó þau séu brotin. Ummæli ráðh. eru því út í hött, en ef ætti að taka þau alvarlega, yrði afleiðingin af þeirri stefnu sú, að alla þá löggjöf ætti að afnema, sem eitthvert erfiði og kostnaður fylgdi.

Hér hefir að nýju verið talað um álit sérfræðinganna í þessu sambandi, en eins og áður hefir verið bent á, virðast skoðanir þessara sérfræðinga, einkum þó Árna Friðrikssonar, stangast á við alla reynslu um þessar veiðar. Ég ber fullkomna virðingu fyrir vísindum og fræðimennsku, en ég get hvorki borið virðingu fyrir né treyst þeim vísindum, sem reka sig á almenna reynslu. Bók fiskifræðingsins, sem ég hefi að vísu ekki lesið vandlega ennþá, virðist mér enganveginn geta talizt rólegt, óhlutdrægt vísindarit, heldur miklu fremur ‚agitations'-rit, sem berst fyrir því, að allt sé opnað upp á gátt. Það kemur fram í bókinni, eins og í skýrslu hans til þingsins, að hann gengur þess ekki dulinn, að miklar dragnótaveiðar valdi eyðileggingu á kolanum. Þrátt fyrir það vill hann stefna að því að opna landhelgina upp á gátt. Auk þess er það margsannað, að dragnótaveiðar spilla fyrir öðrum fiskveiðum á sama svæði. — Eins og hv. frsm. minni hl. sýndi fram á, er engin trygging fólgin í ákvæðum frv. um möskvastærðina. Hann benti á dæmi, sem hann þekkti af eigin reynd um það, hversu ungviðið, sem lendir í næturnar, kremst og merst í meðförunum, svo að næstum engin branda kemst lífs af í sjóinn aftur. Þetta ákvæði er því hégómi einn, og mig furðar á því, að hv. 1. þm. S.-M. skuli flytja þetta frv. og halda í þetta ákvæði, því að í fyrra lét hann svo um mælt, að hann hefði notað dragnætur og verið sjálfur áhorfandi að því, hve þetta væri alveg þýðingarlaust.

Það má því með sanni segja um þetta frv., að hér er um engar bjargráðaráðstafanir að ræða, heldur hið gagnstæða, því að hér er verið að nema úr gildi öryggisákvæði, sem sett eru til að vernda ungviðið og veita því friðland innan landhelginnar. Þessar öryggisráðstafanir á að nema úr gildi um leið og verið er að gera kröfur til, að landhelgin verði rýmkuð. Með þessu sláum við það vopn úr hendi okkar, að landhelgin eigi að vera griðastaður ungviðisins, og afleiðingin verður sú, að við stöndum miklu verr að vígi eftir en áður um kröfur okkar gagnvart erlendum þjóðum.

Um það þarf ekki að ræða, því að um það liggja fyrir órækar upplýsingar, að Danir eru þess albúnir að freista hér hamingjunnar með dragnótaveiðum, ef löggjöfin stæði ekki í vegi með því að banna dragnótaveiðina yfir sumarmánuðina eða þann tíma, sem aðstaðan til veiðanna er bezt fyrir fjarliggjandi þjóðir. Því fleiri sem veiðarnar stunda, því meiri verður auðvitað eyðileggingin og spillingin, og enginn mannlegur máttur getur spyrnt við Dönum úr landhelginni, ef hún er opnuð upp á gátt, eins og frv. ætlast til. Þótt líklegt sé, að Dönum þættu ekki þessar veiðar fýsilegar til frambúðar, má þó telja víst, að þeir stunduðu þær nægilega lengi til að gereyða stofninn og spilla öðrum fiskveiðum. Síðan þyrfti að setja nýjar takmarkanir, eins og fiskifræðingurinn segir, og ef til vill að setja upp kolaklak, og þá er víst, að kostnaðurinn af því klaki fellur í skaut okkar, en ekki Dana.

Ég vil vænta þess, að menn líti hér fremur á framtíðarhagsmuni en ímyndaða stundarhagsmuni, því að annað næst ekki með þessari opnun. Vera má, að þeir beri hærri hlut, sem að þessu frv. standa, og fái skemmdartill. sína samþ., en augu manna munu opnast, þótt síðar verði, fyrir því, að hér hefir illt verk verið unnið.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Ég ætla ekki að lengja umr. mikið. Ég vil aðeins leiðrétta örfá atriði í ræðum andstæðinga frv.

Hv. þm. N.-Þ. færði sér það til afsökunar fyrir því, að hann legðist gegn frv., að margar og almennar raddir væru uppi í kjördæmi hans um skaðsemi dragnótaveiði, og er það að vísu nokkur afsökun.

En eigin reynsla hans í þessu máli er lítils virði, þar sem hann hefir ekki haft aðstöðu til þess að kynna sér það, nema þennan stutta tíma á dragnótabátnum. Þá fannst honum undarlegt, að Íslendingar, jafnduglegir fiskimenn og þeir væru, gætu ekki veitt kolann eins og Englendingar. Ástæðan fyrir því er sú, að Englendingar hafa stærri og fjölmennari flota hér við land en við og eru orðnir miklu vanari skarkolaveiðum. Mismunurinn á veiðinni er líka mjög mikill. Á árunum 1915—19 er skarkolaveiði Íslendinga t. d. að meðaltali 140 smál. á ári, en Englendinga 1758 smálestir. 1920—24 er meðalafli Íslendinga 522 smál. á ári, en Englendinga 5892 smál., eða meira en 10-falt hærri. 1925—29 er meðalafli Íslendinga 454 smál., en Englendinga 5570 smál. á ári. Þetta er samkv. skýrslum Árna Friðrikssonar fiskifræðings, sem styðst við opinberar skýrslur um alþjóðaveiðar, sem gefnar eru út í Frakklandi og taldar eru hinar ábyggilegustu heimildir, sem fáanlegar eru um þessa hluti, byggðar á hagskýrslum landanna. Þessi mikli munur er fyrst og fremst því að kenna, að Bretar hafa miklu fleiri skip en Íslendingar, og auk þess erum við að nokkru leyti byrjendur hvað togaraveiðarnar snertir, en Englendingar eru þar miklu eldri í hettunni. Ég hefi t. d. heyrt, að meðal gamalla enskra togaraskipstjóra séu margir, sem þekkja sjávarbotninn kringum Ísland betur en nokkur Íslendingur. Er þetta í sjálfu sér ekkert undarlegt, því að margir þeirra hafa stundað veiðar hér við land frá blautu barnsbeini svo að segja.

Hv. þm. Borgf. hélt að vanda langa og harðorða ræðu og deildi mjög á okkur, sem viljum breyta til með dragnótaveiðarnar. Hann sagði, að hér væri verið að rífa niður þann múr, sem mest væri til verndar fiskveiðum okkar. Um þetta hefir hann aðeins sína persónulegu skoðun. Undir umr. um þetta mál í fyrra talaði hann mikið um þá andúð, sem væri í Noregi á móti dragnótinni. En síðan hefi ég frétt, að fram sé komið í norska þinginu frumvarp um breyting á fiskveiðalöggjöfinni að því er snertir skarkolaveiðar þar við land. Vilja Norðmenn nú, og þ. á m. þeirra mesti sérfræðingur í þessum málum, direktör Bjerkan, leyfa kolaveiðar allt árið nema um hrygningartímann, sem er 2 mán. tími. En þeir hafa sömu varúðarregluna að því er möskvastærðina snertir og er í frv. þessu. Í álitsskjali Bjerkans er farið inn á þær raddir, sem heyrst hafa í Noregi gegn dragnótaveiðunum, og sýnt fram á, að þær séu oft ekki á þekkingu byggðar. Ég ætla ekki að fara að þreyta hv. dm. á því að lesa upp álitsskjal þetta, en ég vil benda á það, að Norðmenn telja ákvæðið um möskvastærðina nægilegt til verndar ungviðinu, og Bjerkan segir sjálfur, að sér sé kunnugt um, að einmitt það ákvæði komi að beztu haldi því til verndar. Kemur þetta því mjög í bága við álit hv. þm. N.-Þ. Bjerkan segir í ástæðunum með frv., að kolann saki ekki, þó að hann sé veiddur oftar en einu sinni í „snurrevaad"; það þekki hann vel frá fiskirannsóknarferðum sínum. Annars skal ég ekki deila um þetta við þá hv. þm. Borgf. og hv. þm. N.-Þ.

Hv. þm. Borgf. sagði, að meiri hl. sjútvn. vildi leyfa, að kolinn væri veiddur í 8½ mán. Þetta er ekki rétt, því þó að till. okkar væru teygðar út eins og hægt er, ná þær ekki yfir nema 7½ mán. Er kolinn því samkv. þeim friðaður í 4½ mán. Þegar svo þess er gætt, að friðunartíminn nær yfir allan hrygningartímann, og ennfremur er litið á það, að í Noregi er lagt til, að friðunartíminn sé aðeins tveir mánuðir, þá verður tæplega annað sagt en að till. okkar sé vel í hóf stillt.

Þá hefir verið vitnað í það hér, að ýmsum hafi mistekizt kolaveiðar í fyrra og að bátar, sem þær stunduðu bæði fyrir Austur- og Norðurlandi, hafi haft minna upp úr sér en skyldi. Í þessu sambandi er þess fyrst að gæta, að sjómenn yfirleitt voru mjög óvanir þessari veiðiaðferð, og því var ekki nema eðlilegt, að árangurinn yrði misjafn; ennfremur má vel vera, að áraskipti séu að því, hvað kolinn er mikill.

Mér þótti hv. þm. Borgf. taka helzt til djúpt í árinni, þegar hann sagði, að frv. væri til skemmdar og ills eins fyrir kolaveiðar Íslendinga, þegar sýnt hefir verið fram á það, að þau lagaboð, er nú gilda um kolaveiði, eru mest til hagsbóta út-

lendingum einum, en síður okkur. Með því að vernda kolann inni í landhelginni ala Íslendingar hann vandlega upp fyrir útlendingana, er fiska utan og innan landhelgilínunnar. Við höldum því aftur fram, að Íslendingar eigi sjálfir að fá sinn hlut óskertan af þessari veiði, og því viljum við leyfa bátum að stunda hana lengri tíma en nú er leyfilegt samkvæmt gildandi lögum. Verði frv. því samþykkt, fáum við meiri hlutdeild í veiði þessari en verið hefir hingað til.

Jón Auðunn Jónsson: Ég verð að segja það, að eftir þeirri reynslu, er ég fékk af dragnótaveiðum síðastl. haust, þá held ég, að ekki sé um gullnámu að ræða að stunda þá atvinnugrein. Það fóru margir bátar til Austurlandsins til þess að stunda þessar veiðar. Þeir öfluðu sæmilega fyrstu vikuna, en er þeir voru búnir að fara dálítið yfir svæðið, dró úr aflanum og menn sáu fljótlega, að ekki myndi borga sig að stunda þessar veiðar. Líkt þessu gekk til á Vestfjörðum. Þar byrjuðu nokkrir bátar, en hættu fljótlega. Það má vel vera, að veiði þessi hafi gengið svona treglega af því, að menn hér á landi eru yfirleitt óvanir henni. En það er eitt atriði, sem gefur mér ástæðu til þess að halda, að kolaveiðin verði ekki arðvænlegur atvinnuvegur. Kolinn, bæði fyrir Vestfjörðum og Austfjörðum, er svo smár, að hann er mjög verðlítill á enskum markaði. Félag það, er ég starfaði fyrir, keypti t. d. kola síðastl. haust fyrir 27 þús. kr. Útkoman varð sú, að það vantaði um 1700 kr. til þess, að við fengum það upp, er við gáfum fyrir hann. Eftir þessari reynslu, sem ég hygg, að sé svipuð og hjá öðrum, er keyptu kola síðastl. haust, virtist hann ekki sérstakur nytjafiskur.

Einu sinni keyptum við af bát 9 tonn af kola, þar af seldust 28 körfur vel, á 60 shillings boxið. Hin frá 8—11 shillings og nokkur á 20 shillings. Þá hefi ég og átt tal við mann, er keypti kola á Austurlandi. Reynsla hans var mjög svipuð og okkar, er keypt höfum á Vestur og Suðurlandi. Hér á Suðurlandi var útkoman með kolaveiðarnar mjög misjöfn síðastl. haust. Ein sending, sem send var héðan í október eða nóvember, seldist svo lágt, að það fékkst aðeins upp, sem gefið var fyrir kolann hér. Vantaði alveg fyrir kössum, flutningsgjaldi, vátryggingu o. fl.

Ég er nú alls ekki að fullyrða, að kolaveiðarnar geti e. t. v. ekki orðið arðvænlegri en hin undanfarna reynsla virðist benda til. En það virðist nær fullsannað, að koli, sem veiddur er á grunnu vatni, sé yfirleitt smærri og því verðminni en sá, sem veiddur er í djúpu vatni. Koli undir 12 þuml. er sáraverðlítill, svo verðlítill, að það er beinlínis skaði að hirða hann og selja, auk þess, sem mikið af veiði slíks kola getur orðið til þess að ganga of nærri stofninum. Er því ekki arðvænlegt að stunda kolaveiðar þar, sem svo hagar til, að ekki er hægt að veiða hann nema í grunnu vatni. Annars er það svo, að þessi kolaveiði fer nokkuð eftir því, hversu kunnugir sjómennirnir eru og vanir veiðiaðferðinni. Ég minnist þess t. d., að koli, sem ég sá hjá dönsku skipi, er fiskaði við norðurland, virtist þó nokkuð stærri en sá, sem Íslendingarnir veiddu. Mismunurinn hygg ég að stafi af því fyrst og fremst, að Danirnir hafi veitt á meira dýpi en Íslendingarnir, og í öðru lagi af því, að þeir voru mjög kunnugir og vanir þessum veiðiaðferðum, þar sem þetta skip hafði t. d. stundað kolaveiðar í samfleytt 5 ár. Má því vel vera, að þessir menn og Danir yfirleitt hafi hagnað af kolaveiðunum hér við land, þó að við töpum á þeim, og liggur margt fleira til grundvallar fyrir því en að þeir fái verðmeiri afla. Þeir hafa t. d. færri menn og með lægra kaupi á skipum sínum en við eigum kost á að fá.

Ástæðan fyrir því, að útlendingar hafa ekki stundað veiði þessa hér við land meira en raun hefir á orðið, er sú, hve veiðitíminn hefir verið stuttur. Verði nú horfið að því ráði að lengja hann, þá mun dönskum og færeyskum veiðiskipum fjölga hér að miklum mun. Ég held því, að á meðan við erum að gera frekari tilraun með þessa veiði, læra betur að fiska, afla okkur betri veiðarfæra og kynnast miðunum, þá sé ekki rétt, heldur hreint og beint skaðlegt að opna meira en gert hefir verið í þessu efni.

Meðan ég dvaldi á Húsavík í fyrra fór

ég tvisvar sinnum út í skipin og sá, hvernig þau veiddu kolann, og ég get sagt það sama og hv. þm. N.-Þ., að það var ekki svo lítað af smákola, sem kom upp. Að sjálfsögðu var honum fleygt út aftur, en meirihlutinn var þá dauður.

Þeir hv. þm. Borgf. og hv. þm. N.-Þ. hafa fært svo skýr rök fram gegn þessu frv., að ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar.

Frsm. minni hl. (Björn Kristjánsson): Hv. frsm. meiri hl. sjútvn. fór vægilega í sakirnar, þegar hann var að andmæla mér, svo ég get verið stuttorður. Hann vildi gera lítið úr minni þekkingu á málinu. Játa ég, að reynsla mín, sem ég lýsti í minni fyrri ræðu, er aðeins byggð á einu dæmi, sem ég var sjónarvottur að, en sú reynsla hefir þó sönnunargildi fyrir mig. Við það tækifæri er ég sannfærður um, að engin skepna hefir komizt lifandi í sjóinn af því, sem kastað var. Hlýt ég því að álíta, að þessi veiðiaðferð sé hvergi nærri eins skaðlaus eins og af er látið.

Um kolaveiðarnar sjálfar er það að segja, að þær snerta ekki beinlínis hagsmuni manna í mínu kjördæmi. En fyrir mér er það aðalatriðið, hvort þessi veiðiaðferð fælir burt annan fisk eða ekki, og svo hitt, hvort þetta sé yfirleitt hagsmunamál fyrir þá, sem vilja stunda dragnótaveiðar.

Ég held því fram, að dragnótin fæli burt fiskinn frá þeim stöðum, sem hún er notuð og að veiðiaðferðin sé síður en svo líkleg til að gefa mikinn arð. Hvorugu þessu hefir verið andmælt með skýrum rökum.

Fjöldi sjómanna á Norður- og Austurlandi fullyrðir, að fiskur hafi alltaf horfið, þegar dönsk dragnótaskip hafa verið að verki. Og þegar verið er að tala um, að eitthvað þurfi að gera til þess að bjarga mönnum frá hungursneyð, þá ber ekki aðeins að líta á hag þeirra, sem dragnótaveiðina stunda, heldur líka á það, að þeir, sem lifa á þorskveiðum, séu ekki sviptir tækifæri til að bjarga sér.

Hvað hitt atriðið snertir, að þetta sé sérstakt bjargráð, er það að segja, að reynsla síðustu ára hefir ekki sýnt það. Hefir bæði veiðin verið lítil og verðið lágt. Og af reynslu Austfirðinga síðastl. sumar er hægt að benda á það, að tálvonir um gróða af notkun þessa veiðarfæris hafa gert skaða, sem tugum þúsunda nemur. Aftur á móti hefi ég ekki heyrt þess dæmi, að mikið hafi hafzt upp úr veiðinni. Getur það reyndar verið, að svo hafi verið við Faxaflóa og Vestmannaeyjar, en varla annarsstaðar. Reynsla Austfirðinga síðastliðið sumar bendir til þess, að veiðin sé ákaflega fljótt þurrausin á veiðistöðvunum þar. Tveir bátar öfluðu ágætlega 1930, en þegar til koma 20 bátar eða fleiri, þá eru miðin þurrausin á fáum dögum.

Ef til vill getur sá slæmi árangur, sem orðið hefir af notkun dragnóta, að einhverju leyti stafað af æfingar- og kunnáttuleysi okkar sjómanna, og má því vel vera, að seinna meir, þegar við höfum vanizt veiðiaðferðinni, geti hún orðið arðvænleg. En út frá því sjónarmiði sýnist mér einsætt að friða sem mest landhelgina, meðan Danir og Færeyingar, sem standa miklu betur að vígi með að notfæra sér dragnótina, hafa sama rétt eins og við. Má ætla, að þegar sambandslögin falla úr gildi, verði fengin meiri kunnátta, og þá er það tímabært að slaka á friðuninni.

Mér þótti vænt um umsögn hv. þm. N.-Ísf. um reynslu hans, sem kom vel heim við reynslu mína. Hann tók líka greinilega fram, að salan væri erfið og engin féþúfa. Eitt er undarlegt í þessu máli, sem sé það, hvað fáar raddir hafa komið fram um það að slaka á friðuninni. Hefir oft verið bent á það frá Norðurlandi og Austfjörðum, að þörf sé á því að herða á henni, en óskir um tilslakanir hafa fáar eða engar komið fram frá sjómönnum, nema úr Keflavík síðastl. haust. Bendir það til þess, að sjómönnum sé það ekki eins mikið áhugamál að draga úr friðuninni og sumum öðrum. Mér hefir ekki fundizt það tiltökumál, þótt hv. þm. Vestm., sem alltaf hefir verið með því að slaka til á friðuninni, sé því nú enn fylgjandi, en hitt finnst mér undarlegra, að hv. 1. þm. S.-M., sem á næstsíðasta þingi mun hafa greitt atkvæði við nafnakall á móti tilslökuninni, skuli nú hafa snúizt hugur. Ef á annað borð á að slaka til, þá gæti helzt komið til mála sú tillaga hv. meiri hl. sjútvn. að gefa stj.

heimild til þess að lengja veiðitímann á sérstökum stöðum. En ég vil þó mæla á móti allri tilslökun, með tilliti til þeirrar reynslu, sem fengizt hefir.

Sveinn Ólafsson: Ég hefi ekki mikla ástæðu til þess að blanda mér inn í þessar umr., þótt hv. þm. N.-Þ. hafi að nokkru leyti skorað á mig. En ég vil minna á það, sem komið hefir fram hjá hæstv. dómsmrh., að bjargráðaráðstöfun sú, sem hér um ræðir, er e. t. v. sú eina, sem hægt er að ráðast í nú vegna hins aðþrengda bátaútvegs. Nú verður að grípa hvert ráð, sem hægt er, til þess að bæta hag fjöldans, sem við sjóinn býr og minnst viðnám getur veitt í kreppunni. Hv. þm. virtist hneykslast á því, að ég fylgdi nú rýmkun veiðiréttarins með dragnótum, af því að ég hefði áður verið á móti henni. Þetta þarf ekki að vera honum ráðgáta. Það er kunnugt, að þegar l. um dragnótaveiðar í landhelgi voru sett 1928, þá var aðalorsökin til þess, að veiðiréttur landsmanna var svo mjög takmarkaður, sú harðvítuga samkeppni, sem átti sér stað frá hálfu Dana og Færeyinga. Var það sameiginlegt álit flestra þm. þá, að takmarka ætti veiðiréttinn sem mest, vegna þegnréttarins sameiginlega við Dani, til þess að landsbúar gætu einir setið að arðvænlegri veiðum í landhelgi eftir 1943. En nú stendur svo á, að úr öllum landshlutum er óskað eftir atbeina til þess að létta kreppuástandið og hlynna að hnignandi atvinnu. Hefir okkur því, sem viljum annars geyma hlunnindi landhelgiveiðanna um sinn, snúizt að vissu leyti hugur. Viljum við nú í aðkallandi nauðsyn gera eina af þeim fáu tilraunum, sem hægt er að gera, til þess að létta undir með veiðimönnum landsins og rýmka veiðileyfið. Ef tekin verður upp mögnuð samkeppni um dragnótaveiðina af Dana hálfu og Færeyinga, mun árangurinn koma fljótt í ljós, og er þá hægt að færa löggjöfina í sama horf aftur. Þótt sú samkeppni kynni að verða harðvítug, ætti þó það að vinnast, að hagur landsins barna yrði eitthvað betri á þessum örlagaþrungnu tímum. Þykist ég nú ekki þurfa að gera aðra eða frekari grein fyrir því, hvers vegna ég legg ekki eins mikið kapp á það og áður að geyma þessi hlunnindi ósnortin til seinni tíma. Vafalaust er víða í verstöðvum landsins áhugi fyrir tilraunum til dragnótaveiðar, enda veiðitækin nú víða fengin.

Út af upplýsingum hv. þm. um tilraunir til dragnótaveiða á Austfjörðum síðastl. haust vil ég geta þess, að þótt þær tilraunir gæfust illa, er lítið á því að byggja. Veiðitækin komu ekki fyrr en komið var fram á vetur, þegar ekki var hægt að hafa þeirra full not. Hitt, sem hann nefndi um sunnlenzka veiðimenn, sem eystra voru að kolaveiðum, er engu síður villandi. Þeir öfluðu að vísu lítið, næstl. haust, og stafaði það sumpart af lítilli kolagengd, en sumpart af því, að veiði hófst seint og kolinn var þá genginn í djúpið. Hinsvegar veiddu þessir sunnlenzku dragnótabátar vel 1930, sem stunduðu veiðarnar. Eru auðvitað áraskipti að göngu kolans eins og annara fiska. Má líka á það minna, sem ýmsum hv. þdm. er kunnugt, að fyrir Austurlandi eru fáir staðir hentugir fyrir kolaveiði, vegna hafdýpis, sem víða nær fast að ströndinni.

Með þessu álít ég mig hafa svarað því, sem ég þarf að svara. Með frv. eru skapaðir möguleikar til þess að létta sjálfsbjargarviðleitni margra, — ekki aðeins Austfirðinga, sem hafa varið miklu fé til að afla sér þessara veiðitækja án þess að fá færi á að notfæra sér þau verulega, heldur líka verstöðva margra hér syðra og vestra. Má vel svo fara, að hægt verði þegar í sumar að gera tilraunir í þessu efni, sem að mikilsverðu liði koma, ef frv. þetta verður samþykkt.

Pétur Ottesen: Ég verð að segja það, að mér finnst þeim skjátlast þeim skýru mönnum, sem halda því fram, að verið sé að bjarga landinu með því að opna nú landhelgina fyrir Dönum, sem eru 30 sinnum fólksfleiri en við og a. m. k. 30 sinnum auðugri, og auk þess hafa þá aðstöðu í þessum efnum, að þeir að kalla eingöngu hafa þroskað og alið sjómenn sína upp til þessara veiða. Það hefir mikið verið ritað um það í dönsk blöð, hve Danir hefðu slælega notað sér þau réttindi, sem við fengum þeim í hendur með sambandslögunum, og hefir þar aðallega verið átt við fiskiveiðaréttinn við strend-

ur landsins, en það er vitanlegt, að það, sem fyrst og fremst hefir hamlað upp á móti því, að Danir notuðu sér þennan rétt svo að kvæði að — því að undanfarið hafa þeir aðeins haldið hér úti fáum skipum yfir sumarið — eru þau ákvæði gildandi laga, sem nú á að fara að fella úr gildi, en loka landhelginni fyrir þeim þann hluta ársins, sem þeir einkum telja sér fært að sigla hingað og vera við slíkar veiðar, þ. e. yfir sumarmánuðina. Nú eru dragnótaveiðar leyfðar 3 haustmánuðina, en samkv. þeim till., sem hér liggja fyrir, yrðu þær leyfðar í 8½ mánuð, og þegar búið er að opna svo landhelgina upp á gátt fyrir Dönum um þessar veiðar, verður enginn þröskuldur í vegi þeirra um að fara að nota sér þessi réttindi sín hér við land. Mér er það því hin mesta ráðgáta, hvernig það á að geta verið eitt hið helzta bjargræði, sem Alþingi getur fest hendur á, að fara nú að steypa yfir okkur öllum þeim danska dragnótaveiðaflota, eins og verða mundi, ef þetta frv. nær fram að ganga, enda vænti ég fastlega, að slík ógæfa eigi ekki eftir að koma fyrir. Hinsvegar hefir reynslan sýnt það, að þegar dragnótaveiðar eru stundaðar á einhverju svæði til mikilla muna, gengur veiðin vonum bráðar til þurrðar, svo að ekki er að vænta afla á hverjum stað lengur en sem svarar þeim tíma, sem nú er leyfilegt að stunda þessar veiðar. Og mér kemur það því undarlega fyrir sjónir, að hv. 1. þm. S.-M. skuli líta á þetta eins og eitthvert bjargræði, eftir þá reynslu, sem fékkst fyrir austan um þessar veiðar síðastl. haust. Hv. þm. var að vísu að reyna að skýra þetta svo, að ekki hefði verið hægt að byrja veiðarnar fyrr en svo seint, að kolinn hafi verið kominn á djúpmiðin, en þetta er ekki rétt, eins og sést á því, að bátar, sem byrjuðu fyrr, öfluðu lítið sem ekki, svo að í sama stað hefði komið, þó að dragnæturnar hefðu fengizt fyrr. Niðurstaðan hefði orðið sú sama: aflaleysi og kostnaður við útvegun nótanna (SvÓ: Hvernig var það í hitteðfyrra?). Þá voru 2 bátar við þessar veiðar, eins og hv. þm. mun vita, og öfluðu þeir að vísu dálítið, en ekki þurfti meira til þess, að þeir skæfu svo innan alla firði og víkur fyrir austan, að nóg væri til að eyðilegga veiðina með öllu. Þetta sýnir vel, hvernig fara mundi um þessar veiðar, þegar Danir færu að stunda þær af kappi auk okkar, enda held ég, að meira ógæfuspor verði vart stigið en að fara að opna landhelgina um þessar veiðar, og það ekki eingöngu fyrir innlenda menn, heldur og líka fyrir Dani og Færeyinga, sem sitja um að komast inn á þessi mið. Og það er meiri en lítil umhyggja, sem menn bera fyrir þessum þjóðum, ef nú á að fara að offra hagsmunum íslenzku þjóðarinnar í nútíð og framtíð þeirra vegna, því að eins og hv. frsm. minni hl. réttilega tók fram, snertir þetta ekki eingöngu kolaveiðarnar, heldur tekur og líka til fleiri fiska, og þá fyrst og fremst allra botnfiska, og enda jafnvel algengt með Dönum, að þorskur sé veiddur í dragnætur. Ég hefi og orð hv. 1. þm. S.-M. sjálfs fyrir því, að dragnótaveiðarnar spilla líka fyrir öðrum veiðum. Honum farast svo orð (Alþt. 1931, sumarþing, C., bls. 180—181): „Auk þess lít ég svo á, að með þessu ákvæði um möskvastærð verði ungviðið bæði drepið og botngróðrinum spillt. Ég hefi sjálfur notað dragnót og verið við dragnótaveiðar. Dragnót er ekki, eins og hv. þm. (HG) segir, aðeins notuð þar, sem slétt er og sandbotn; hún er notuð víðar og sópar með sér gróðrinum og ungviðinu, sem svo ferst innan um stærri fiskinn".

Allt er þetta hverju orði sannara hjá hv. 1. þm. S.-M. Dragnótin dregur upp nytjafiskinn og uppfæðinginn, rótar um öllu því, sem fyrir er, og skemmir botngróðurinn og eyðileggur þannig lífsskilyrðin fyrir þeim fiskum, sem halda sig á þessum grunnsævismiðum. Þessi varð og raunin á í Garðsjónum, eftir að Keflvíkingar, sem hér hefir verið talað um, höfðu farið þar dragnótum sínum um botninn. Eftir það tók fyrir allar lóðaveiðar á þessum slóðum. Var ekki kvika bröndu að hafa á lóðir í Garðsjónum eftir að Keflavíkurflotinn hafði steypt sér yfir miðin þar með dragnætur sínar.

Það er ekki í fyrsta skiptið nú, að lítið er gert úr áliti og reynslu sjómanna okkar ísl. í sambandi við þetta mál. Þeir menn, sem vilja opna allt upp á gátt og gera að engu allar varnarráðstafanir í þessum efnum, segja ekkert mark takandi á reynslu sjómannanna. Þeir hafi

ekki vit á þessum málum og engin skilyrði til að draga ályktanir um þessa veiðiaðferð. Hið eina, sem líta má á í þessu máli, er álit sérfræðinganna og vísindamannanna á þessu sviði. Verð ég að segja það, með allri virðingu fyrir þessum vísindamönnum, að ég missi að mörgu leyti trúna á þessa fræðimennsku, þegar hún fer í bág við margra ára reynslu sjómannanna við strendur landsins. Það verður ekki tekið mark á þeirri þekkingu, sem ekki kemur heim við reynsluna.

Hv. þm. Vestm. talaði um það, að í Noregi væri nú uppi sterk hreyfing fyrir því að leyfa þar dragnótaveiði, og nefndi hann til um þetta, að fiskiveiðaráðunautur einn norskur berðist fyrir því af miklu kappi að koma þessu í kring. Benti ég á það í fyrra, að fjöldi norskra sjómanna hefði risið upp til mótmæla gegn dragnótaveiðinni og krafizt þess, að hún yrði takmörkuð til mikilla muna og helzt bönnuð með öllu, og færðu norsku sjómennirnir mörg og sterk rök fyrir því, að fiskiveiðarnar almennt væru í hættu vegna dragnótaveiðanna. Ég benti einnig á það, að Danir sjálfir, sem stunda þó flestra þjóða mest dragnótaveiðar, hafa nú horfið að því að takmarka þær allverulega, svo að þar er nú bannað að veiða með dragnótum tiltekinn tíma á hverju ári, svipað og er í lögum hér, og auk þess sem Danir þannig banna dragnótaveiðar um ákveðinn tíma af árinu, hafa einstakar héraðsstj. leyfi til að leggja bann við veiðunum á þeim tímum, sem þær eru ekki bannaðar að lögum. Sýnir þetta það, að reynslan hefir kennt Dönum, að nauðsynlegt er að takmarka dragnótaveiðarnar, og löggjöf þeirra í þessu efni er um margt svipað því, sem verið hefir í lögum hér hjá okkur síðan 1928. Sýnist og svo sem sjálfsagt sé að taka tillit til þessarar reynslu um dragnótaveiðarnar, sem Danir hafa fengið, og ætti hún sízt að leiða menn inn á þær brautir að fara nú að opna allt upp á gátt í þessum efnum, enda sitja Danir einir að sínum veiðum, en um okkur er það að segja, að með því að fara að opna landhelgina er tveimur öðrum þjóðum gefinn sami og jafn réttur um þessar veiðar og landsins eigin börnum.

Hv. þm. Vestm. talaði mikið um það, að með þessum takmörkunum á dragnótaveiðinni, sem hér eru nú í lögum, væri verið að ala upp kolann handa Englendingum, og las hann upp langar og miklar skýrslur til að sanna það, að Englendingar veiddu meiri kola hér úti á Íslandsmiðum en landsmenn sjálfir. Að Englendingar veiða hér meira af kola á djúpmiðunum, á vitanlega að nokkru leyti rót sína að rekja til þess, hve enski togaraflotinn, sem veiðar stundar hér við land, er miklu stærri en okkar innlendi togarafloti, en auk þess hefir reynslan kennt Íslendingum það, að það borgar sig betur að leggja áherzluna á þorskveiðarnar en kolaveiðarnar, og halda ísl. togararnir sig því ekki eins til þeirra miða, sem kolans er frekast von, og ensku togararnir gera. Annars er það nú svo, að ef draga á þá ályktun af því, að Englendingar veiða hér meira af kola en við, að þess vegna eigi að opna landhelgina upp á gátt fyrri kolaveiðum, ekki aðeins landsmanna sjálfra, heldur og einnig Dana og Færeyinga, yrði rökrétt afleiðing af því, að meiri hl. sjútvn. bæri hér fram till. um að leyfa ísl. togurunum að vaða inn í landhelgina til þorskveiða, af því að þeir veiða einnig minna af öðrum nytjafiskum en þau fleiri hundruð erlendra togara, sem veiðar stunda hér við strendur landsins. Þetta væri alveg hliðstætt, því að það virðist ekki fremur vera ástæða til þess að nota landhelgina til að ala upp nytjafiskana handa öðrum þjóðum, og því eðlilegast að leyfa togurunum landhelgina óhindrað með öllu. Að þetta þó ekki er gert, stafar af því, að mönnum er ljóst, hve áríðandi það er að friða landhelgina fyrir öllum botnvörpu- og dragnótaveiðum, sem eru skaðlegar fyrir fiskinn og viðkomu hans. Rannsóknir hafa leitt það í ljós, að dýraríkið er fjölskrúðugast innan landhelginnar, og er þetta fyrst og fremst að rekja til þess, að landhelgin er friðuð fyrir þessum veiðum. Og það lægi enda nær fyrir okkur að gera ráðstafanir til þess að færa landhelgina út en að vera að draga saman seglin í þessum efnum. Hafa og komið fram till. í þessa átt hér á Alþingi og allt verið gert til þess að reyna að opna augun á þeim þjóðum,

sem stunda veiðar hér við land, fyrir því, hvílík nauðsyn er á að færa hið friðaða svæði út, til þess að tryggja betur viðkomu fiskjarins og gera þannig þennan atvinnuveg öruggari en hann nú er öllum þeim, sem skip senda á miðin hér í kringum landið. Með þessum ráðstöfunum, sem hér er farið fram á, erum við að spila úr höndum okkar möguleikunum til þess að geta með tímanum fært út landhelgina og fengið þannig friðað stærra svæði en nú er friðað. Og það er ef til vill þungamiðjan í þessu máli, hvað við liggur, að ekkert sé gert, sem torveldi okkur þá leið að færa landhelgina út. Slíkar till. sem þessar setja þann þröskuld í veg okkar að þessu marki, sem erfitt getur orðið að komast yfir í framtíðinni.

Ég þarf ekki að tala frekar en gert hefir verið um ákvæði frv. um möskvastærðina. Þau eru þýðingarlaus, eins og hv. frsm. minni hl. benti á, enda er reynsla allra, sem við þessar veiðar hafa fengizt, sú, að varpan sópar öllu upp, smáu sem stóru, og liggur tortímingin fyrir því, og ekkert annað. Botnvarpan er svipuð um þetta, þó að hún gangi að vísu ekki eins nærri smáfiskum og seiðum eins og dragnótin, sem kemur til af því, að hún liggur fjær botninum, af því að undir strengnum á henni er trékefli, sem ekki er á dragnótinni, og allt það, sem í dragnótina kemur, er undir sömu Adamssyndina selt: dauðann og tortímginguna.

Ég sný þess vegna ekki aftur með það, sem ég hefi áður sagt, að það er svo fjarri því, að þetta frv. sé eitthvert bjargræðisfrv., að það þvert á móti skerðir bjargræðismöguleika landsmanna í nútíð og framtíð, enda gerði hv. 1. þm. S.-M. fastlega ráð fyrir því, að ekki mundi standa á Dönum inn á miðin eftir að búið væri að gera þessar breyt. á lögunum, og er þetta í samræmi við það, sem áður hefir verið haldið fram í umr. um þetta mál, og út frá þessu bjóst hv. 1. þm. S.-M. jafnframt við því, að ekki mundi á löngu líða áður en gripa þyrfti til þess að færa þetta aftur í svipað horf og nú er. Ég vænti því þess, að hv. þdm. athugi þetta mál rækilega frá öllum hliðum og geri sér ljóst, hvílík hætta getur af því stafað að gera slíkar tilslakanir og gert er ráð fyrir í þessum till., og það verður aldrei nógsamlega brýnt fyrir mönnum, hver hætta vofir yfir okkur á þessu sviði, ef farið verður að opna landhelgina upp á gátt um þessar veiðar, og þannig kallað bæði á Dani og Færeyinga inn á miðin til þess að draga upp hverja kvika bröndu, sem hægt verður að finna inn á hverjum flóa og vík í kringum landið, því að sú mundi afleiðingin áreiðanlega verða, ef það nær fram að ganga, sem til er stefnt með þessum breytingum.

ATKVGR.

Brtt. 474 teknar aftur.

— 622,1 felld með 9:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÓl, MG, MJ, SvbH, SvÓ, BÁ, GÍ, HJ, JAJ.

nei: PO, VJ, ÞorlJ, ÁÁ, BKr, EA, HStef, JJós, JörB.

HG, IngB greiddu ekki atkv.

Átta þm. (JónasÞ, LH, ÓTh, StgrS, TrÞ, BJ, BSt, HV) fjarstaddir.

1. gr. felld með 10:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvbH, SvÓ, VJ, ÁÁ, BÁ, GÍ, HG, JJós, JÓl, MJ.

nei: ÞorlJ, BKr, EA, HStef, HJ, IngB, JAJ, MG, PO, JörB.

Átta þm. (StgrS, TrÞ, BJ, BSt, JónasÞ, LH, ÓTh) fjarstaddir.

Frv. þar með fallið.

11. Gelding hesta og nauta.

Á 17. fundi í Nd., 1. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um geldingu hesta og nauta (þmfrv., A. 61).

Á 20. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Þorleifur Jónsson): Landbn. hefir falið mér að hafa orð fyrir þessu litla frv., en þar sem frv. er einfalt og auðskilið, er ekki þörf á langri framsögu.

Þetta frv. er orðið hér gamalkunnugt. Það lá fyrir þinginu 1930 og vetrarþing-

inu 1931, en dagaði uppi á þeim báðum sökum tímaskorts, en ekki vegna andmæla.

Frv. felur í sér tvö ákvæði: 1) Að sýslunefndir hlutist til um það, að hæfilega margir geldingarmenn séu til í sýslu hverri. Skulu þeir hafa vottorð frá dýralækni eða lækni um, að þeir séu starfinu vaxnir og hafi lært að nota svæfingarmeðal við geldingu. 2) Að skylt sé að svæfa alla hesta og naut, sem gelt eru.

Þetta er mannúðarmál, sem allir hljóta að verða samdóma um. Er því óþarft að fara fleiri orðum um það að sinni, en óska vil ég þess, að frv. gangi til 2. umr.

Jón Auðunn Jónsson: Ég er nokkuð á annari skoðun en hv. landbn. og frsm. hennar. Ég hygg, að hættulegt geti verið að fá almenningi í hendur lyf það, sem notað er við svæfingu. Mér þætti því réttara og tryggara, að dýralæknum og héraðslæknum yrði falið að sjá um þetta verk. Það er vafasamt, að rétt sé að fá öllum í hendur þetta lyf, sem vottorð hafa um, að þeir geti gelt. Ég sé heldur enga ástæðu til þess að gera það, því dýra- og héraðslæknar ættu að geta innt þetta af hendi, er þeir eiga leið um héruðin hvort sem er. Ætti það ekki að auka mjög á kostnað við framkvæmd á geldingu. Það þykir galli, hve erfitt er að fá dýralækna til að ferðast um, þótt nauðsynlegt sé. Ef þeir færu árlega eina ferð yfir hérað sitt, þá ætti að mega láta þá framkvæma geldingu án mikils aukins kostnaðar.

Frsm. (Þorleifur Jónsson): Það er að vísu gott að viðhafa alla nauðsynlega varasemi, en þar sem hv. þm. N.-Ísf. fann það helzt að frv., að ekki væri hættulaust, að allur almenningur færi með svæfilyf það, sem nota á við geldingu, þá vil ég vekja athygli á því, að frv. gerir ekki ráð fyrir slíku. Það heimilar aðeins þeim mönnum að fara með lyf þetta, sem hafa lært það og leikni hafa og þekkingu á því að framkvæma geldingar. Hér verður aðeins um fáa einstaklinga að ræða, eftir því hvað sýslunefnd telur hæfilegt í hverjum stað. Þessi aðferð hefir þegar verið framkvæmd sumstaðar án þess nokkurt slys hafi orðið af, svo heyrzt hafi. Ég hefi einnig heyrt, að einn hestakaupmaður hafi jafnan haft með sér kloroform, er hann var að kaupa hross. Gerði hann það, ef hann keypti hryssur, sem nýteknar voru frá folöldum, og þær klumsuðu, þá svæfði hann þær, og þeim batnaði klumsið. Sést af því, að ekki hefir þótt hættulegt að fá mönnum lyf þetta í hendur. Annars er rétt, að landbn. beri sig saman við dýralækni um þetta atriði.

Hitt, sem hv. þm. talaði um, að réttara væri að láta dýralækna framkvæma geldingar, þá hygg ég, að erfitt myndi að koma því í framkvæmd alstaðar. Nú er það svo, að geldingar hesta verður samkv. l. að framkvæma á ákveðnum tíma. Gæti orðið erfitt fyrir dýralækni að ferðast um svo víðáttumikil umdæmi sem þeir hafa, og margt gæti að þeim kallað annað á sama tíma, sem þeir yrðu að sinna. Svo veit ég, að það er í því dýralæknisumdæmi, sem ég er búsettur í, og svo mun það víðar vera. Það mundi því valda miklum örðugleikum fyrir dýralækna að eiga að framkvæma þetta verk, auk þess sem það yrði óhæfilega dýrt fyrir hestaeigendur. Ég vil halda því fram, að frv. þetta eigi mjög mikinn rétt á sér. En sæju menn sérstaka annmarka á að framkvæma ákvæði þau, sem í því felast, má ræða það nánar við 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14:1 atkv.

Á 23. fundi í Nd., 8. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15:1 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 15:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15:1 atkv.

Á 25. fundi í Nd., 10. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 61, 129).

Frsm. (Þorleifur Jónsson): Ég vil leyfa mér að vekja athygli á brtt. á þskj. 129, frá landbn. Það hafði láðst að setja í frv. ákvæði um, hvert sektirnar rynnu, en í

brtt. er bætt úr því og ákveðið, að þær renni í ríkissjóð, og eins er það fyrirskipað, að mál út af þessum brotum skuli rekin sem almenn lögreglumál, en um það vantaði einnig ákvæði í frv. Vænti ég þess, að hv. þd. taki þetta til greina og samþ. frv. svo breytt.

ATKVGR.
Brtt. 129,a samþ. með 15 shlj. atkv.
— 129,b samþ. með 15 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 14:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 26. fundi í Ed., 11. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 145).

Á 28. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Guðrún Lárusdóttir: Mér þykir vænt um, að frv. þetta er fram komið og vildi óska, að það kæmist í gegnum þingið. En ég vil taka það fram, að mér finnst það ekki ganga nógu langt, því að það eru fleiri dýr en hestar og naut, sem hlífa þarf við þeim sársauka, sem fylgir þeirri aðgerð, sem hér er um að ræða. Virðist mér, að ákvæði frv. þurfi einnig að ná til sauðfjár, og það því fremur, sem nú er gert ráð fyrir, að breyta þurfi búskaparlagi bænda á þann veg að hafa sauðlömb til lógunar á haustin í stað hrútlamba, því að kjöt af þeim er talið betri verzlunarvara en kjöt af hrútlömbum. Ég fæ nú ekki séð, að það sé síður nauðsynlegt að vernda litlu lömbin frá þeim kvölum, sem frv. þetta á að vernda hesta og naut frá. Vil ég því beina þeim tilmælum til bænda þeirra, sem sæti eiga í þessari hv. deild, og til hv. landbn., sem málið fær til meðferðar, að taka þessa hlið málsins, er ég benti á, til rækilegrar athugunar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 145, n. 198, 309, 332).

Frsm. (Páll Hermannsson): Þetta frv. hefir legið fyrir hv. Nd., flutt þar af hv. landbn., og hlaut samþ. þeirrar d. breytingalaust. Fyrirsögn þess segir til um efnið. Samkv. frv. á hér eftir að svæfa þá hesta og nautgripi, sem þessi uppskurður, gelding, er gerður á. Landbn. lítur svo á, að frv. þetta beri að samþ. Hún kvaddi á fund sinn dýralækni og bar frv. undir hann, og það er í samráði við hann, að n. flytur brtt. sínar á þskj. 309. Þessar brtt. ganga báðar í þá átt, að tryggja möguleika á því, að lögunum verði fylgt, ef þau komast í gildi.

Fyrri brtt. fjallar um, að þeir, sem eiga að taka að sér svæfingu á þessum gripum, geti átt kost á nægilegum undirbúningi til þess að þeim farist slíkt verk vel úr hendi. Gr. leggur þá kvöð á dýralækna, að þeir kenni mönnum þetta.

Síðari brtt. er á þá leið, að lögin komi síðar til framkvæmda en til er ætlazt í frv. Er hún af sömu rótum runnin og hin, miðar að því, að hægt verði að framfylgja lögunum, þegar þau ganga í gildi. N. þótti sá tími, sem frv. tiltekur, helzt til stuttur og áleit, að ekki væri tryggt, að þá yrðu til menn í öllum plássum, sem kynnu þessar aðgerðir.

Hv. þm. Snæf. á brtt. við frv. á þskj. 332. Ég held, að mér sé óhætt að lýsa því yfir fyrir n. hönd, að hún fallist alveg á þá till. — Ég minnist þess, að þegar þetta mál var hér til 1. umr. vakti einhver dm., ég hygg að það hafi verið hv. 6. landsk., máls á því, hvort ekki mundi hægt að færa frv. lengra út, svo að það næði til fleiri húsdýra, t. d. sauðfjárins. Landbn. athugaði þetta, en komst að þeirri niðurstöðu, að slíkt væri varla framkvæmanlegt.

Halldór Steinsson: Ég verð að láta í ljós það álit mitt, að þetta sé mjög ómerkilegt mál. Það er að vísu ekki ómerkilegt að sýna skepnunum mannúð, en hafi það verið aðaltilgangur þessa frv., nær það allt of skammt. Það tekur út úr tvær dýrategundir, hesta og nautgripi, en vitanlegt er, að það er fjöldi annara dýra, sem þarf að gera sömu aðgerðir á. Það er alveg hárrétt, sem hv. 6. landsk. sagði við 1. umr., að þyki ástæða til þess að gera nefndar ráðstafanir með þessi dýr, því

þá ekki eins önnur, t. d. lömbin. Að mínu áliti er ekki síður ástæða til þess að draga úr þjáningum ungviðisins en þeirra fullorðnu. Annars verð ég að segja, að ég tel þessar aðgerðir ekki svo sársaukafullar á fullorðinni og hraustri skepnu, að taki því að gera umfangsmiklar ráðstafanir þess vegna. Enda mætti alveg eins draga úr sársaukanum með staðdeyfingu, og væri það miklu umfangs- og hættuminna.

Ég held því, að leið sú, sem farin er í frv., sé ekki sem réttust, og ég held meira að segja, að hv. n. hefi verið á svipaðri skoðun; það sýnir m. a. brtt. hennar, sem kveður svo á, að lögin skuli ekki koma til framkvæmda fyrr en 1935, svo að ekki virðist liggja mikið á þessum umbótum.

Ég legg sem sé ekkert upp úr þeirri ástæðu hv. n., að svo langan undirbúning þurfi til framkvæmda. Það þarf ekki margra ára nám til þess að kunna að fara með klóróform. En þetta sýnir, að hv. n. er á sama máli og ég um, að frv. sé nauða ómerkilegt.

Ég sé ekkert athugavert við brtt. n., þær eru heldur til bóta, nema það sem sagt er, að orðið „héraðslæknir" skuli falla burt. Ég held, að héraðslæknir kunni alveg eins vel að kenna meðferð klóróforms eins og dýralæknar. Þar að auki er víðast hvar miklu hægra að ná í héraðslækni en að þurfa að sækja einhver námskeið hjá dýralækni. Þetta gerir framkvæmd laganna bara umstangsmeiri.

Þá kem ég að brtt. mínum. Þó að ég telji málið ekki mikils virði, held ég, að yrði það samþ. óbreytt, gæti það verið talsvert varhugavert. Þar stendur, að menn, sem eiga að taka að sér þennan starfa, hafi hindrunarlaust aðgang að svæfingarefni hvenær sem er. Þetta nær ekki nokkurri átt, að gefa ólærðum mönnum slíkan aðgang að þessum sterku eiturlyfjum, sem geta verið stórhættuleg í höndum manna, sem ekki kunna með þau að fara. Þess vegna flyt ég brtt. um, að dómsmrh. skuli setja reglugerð um sölu og afhendingu svæfingarlyfja til geldingamannanna.

Guðrún Lárusdóttir: Ég lét þess getið hér við 1. umr., að mér þætti vænt um þetta frv. Mér þykir vænt um allar þær tilraunir, sem gerðar eru til þess að rétta hluta smælingjanna mállausu, sem alveg eru háðir meðferð mannanna. Ég lét þá í ljós von um, að hv. landbn. reyndi að endurbæta þetta frv., svo að fleiri skepnur nytu góðs af því en upphaflega var til ætlazt. Hv. n. hefir samt, af mér óskiljanlegum ástæðum, ekki séð sér fært að gera þetta. En n. hefir borið fram aðrar brtt., t. d. þá, að dýralæknar skuli kenna mönnum að fara með svæfingarlyf. Það gæti einmitt verið spor í rétta átt og stuðlað að því, að fleiri dýr yrðu aðnjótandi þessarar náðar en frv. minnist á. Ég tel víst, að mannúð aukist svo í náinni framtíð og að menn fari þá að taka það upp hjá sjálfum sér að nota svæfingar við geldingu dýra. — Mér lízt aftur mjög illa á brtt. við 4. gr. frv. Nú þegar eru til margir menn, sem kunna þessar aðferðir, og sumstaðar er farið að nota þær nú, svo að ég held, að þessi langi undirbúningstími sé hreinasti óþarfi. Ég sé ekki betur en að dýrin séu nógu lengi búin að bíða eftir þessari réttarbót frá mannsins hendi og eigi fulla heimtingu á þeirri vægð eða hlíf, sem frv. tryggir þeim. Við stöndum öll í ógoldinni þakkarskuld við dýrin okkar, og færi illa á því, ef ónotað yrði tækifærið, sem hér liggur fyrir, til þess að grynna ögn á þeirri skuld. Ég tek það fram, að ég get ekki greitt atkv. með þessari brtt. og vildi óska, að sem flestir hv. dm. greiddu atkv. á móti henni. Það er engin ástæða til þess að draga þetta dýraverndunarmál í tvö ár enn.

Frsm. (Páll Hermannsson): Hv. þm. Snæf. sagðist leggja lítið upp úr þessu frv. Hann verður auðvitað að hafa sína skoðun um það. Ég játa það, að sem læknir hefir einmitt hann mikinn rétt til þess að tala um þetta frv. Hann taldi því það helzt til lasts, að það gengi of skammt. Ef frv. er svo ákaflega þýðingarlítið, sem hv. þm. vill vera láta, þá sakar það minna, þó það taki ekki til fleiri húsdýraflokka. En að því leyti, sem sérstaklega hefir verið minnzt á lömbin eða sauðfé yfirleitt í þessu sambandi, þá vil ég segja um það, að gelding lamba er nú ekki orðin almenn og miklu fágætari en áður var. En ef um það væri að ræða

að fara aftur að taka það upp að ala upp sauði, þá leit landbn. svo á, að svæfing gæti varla komið þar til greina, af því að þá væri orðið um svo marga einstaklinga að ræða, sem þyrftu að ná til svæfingamanna, að það þyrfti að vera á hverju heimili maður, sem með svæfingarmeðul kynni að fara, og það áleit n., að varla gæti komið til mála.

Hv. þm. Snæf. sagði, að sársaukinn við þetta væri fremur lítill á fullorðnum dýrum. Ég er nú ef til vill ekki eins bær um þetta að dæma og hann, þar sem hann er læknir. En ég hygg þó af minni leikmannsþekkingu, að þessu fylgi meiri sársauki á fullorðnum dýrum en ungviði. Hesti t. d., sem geltur er nokkurra ára gamall, álít ég, að sé það meiri sársauki en unglambi.

Hv. þm. hélt fram staðdeyfingu. Ég hefi ekkert vit á því og skal ekki um það deila við hv. þm., en n. leitaði um þetta upplýsinga hjá dýralækninum hér í Reykjavík, og hann taldi það bæði hættulegri og vandasamari aðferð að deyfa en að svæfa.

Að við vildum binda það við dýralækna að leiðbeina mönnum um að fara með svæfingarmeðul, stafaði eingöngu af því, að það er skylda þeirra. En hinsvegar þætti okkur bara vænt um, ef læknar yfirleitt gætu leiðbeint um þetta, því það gæti oft komið sér vel, þar sem hér verður um allmarga menn að ræða, er verk þetta þurfa að vinna.

Hv. þm. taldi það ófært og galla, að framkvæmd laganna dragist frá því, sem ætlað var í frv. Í frv. var gert ráð fyrir, að þau kæmu í gildi um næstu áramót. N. leit svo á, að það væri engin vissa fyrir því, að þá væru til nógu margir menn, sem kynnu þetta, og þá yrði það aðeins til þess, að það yrði að brjóta l., að láta þau ganga svo fljótt í gildi, nema mikil óþægindi hlytust af, sem n. fannst ekki ástæða til. Hitt er náttúrlega álitamál, hvort þetta er ekki óþarflega langur frestur, rúm 2 ár, en mér skilst þó, að það muni ekki velta á miklu, a. m. k. ekki frá sjónarmiði hv. þm. Snæf., ekki meira en honum þykir um þetta mál vert, hvort þetta kemur til framkvæmda árinu fyrr eða síðar; hitt þótti n. velta á meiru, að þegar það kæmi til framkvæmda, þá væru til nógu margir menn, sem kynnu að fara með svæfingarmeðul, svo ekki þyrfti að brjóta lögin.

Með þessu hefi ég í raun og veru svarað hv. 6. landsk. að því leyti, sem ræða hennar var þess eðlis, að hún þurfti svara við.

Halldór Steinsson: Ég vil aðeins leiðrétta eitt atriði í ræðu hv. frsm. Ég sagði ekki að ég teldi þessar aðgerðir sársaukaminni á fullorðnum dýrum en ungum. Ég býst við, að sársaukinn sé jafn í báðum tilfellum. En ég sagði, að maður gæti betur lagt sársauka á fullorðna, hrausta skepnu en á ungviði. A. m. k. líta læknar svo á, að þeir geti fremur lagt sársauka á hraustan, fullorðinn mann en á barn, þeir vilja frekar hlífa þeim við miklum sársauka. Og ég býst við, að það sama eigi við um menn og skepnur í þessu tilfelli. Fullorðnar skepnur munu harka betur af sér en ungviði.

Hitt vil ég ekki við kannast, að staðdeyfing sé umfangsmeiri eða vandasamari en svæfing. Hún er þvert á móti miklu hentugri, því hana geta allir skynbærir menn lært á stuttum tíma og notað hana án þess að það geti orðið að skaða. Þess vegna er staðdeyfing betri og umfangsminni en svæfing, ef á annað borð um deyfingu á að vera að ræða á þessum skepnum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 7:1 atkv.

Brtt. 309,1.a. felld með 5:5 atkv.

— 309,1.b. samþ. með 7 shlj. atkv.

— 332 samþ. með 8:1 atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.

Brtt. 309,2 (ný 4. gr.) samþ. með 7:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8:1 atkv.

Á 48. fundi í Ed., 11. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 355).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8:2 atkv. og endursent Nd.

Á 48. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 355).

Á 50. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. tekið til einnar umr. (A. 355, 391).

Frsm. (Þorleifur Jónsson): Þetta litla frv. er nú komið aftur frá Ed. og hefir tekið þar nokkrum breyt. Eru þær það, að dómsmrh. setji reglur um sölu og afhendingu svæfingalyfs til geldingamanna og að dýralæknum sé skylt að kenna geldingaaðferðir og notkun svæfingalyfs án endurgjalds. Við þetta hefir landbn. ekkert að athuga. Það er aðeins 1 atriði, tímatakmarkið um það, hvenær l. gangi í gildi, sem n. vill breyta. Í frv. stendur nú, að l. skuli ganga í gildi 1. jan. 1935, en þegar það fór héðan til Ed., var ákveðið, að þau gengi í gildi 1. jan. 1933. Landbn., sem tekur þetta mál alvarlega, þykir óþarflega langur frestur gefinn um framkvæmd laganna eins og frv. nú segir til. Hefir hún því komið fram með brtt. á þskj. 391 um að færa tímatakmarkið í sama horf og það var í þegar það fór héðan frá d., og leggur því til, að l. komi til framkvæmda 1. jan. 1933. Vill hún ráða hv. d. til að samþ. þessa brtt.

ATKVGR.
Brtt. 391 samþ. með 14:1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 14:1 atkv. og endursent Ed.

Á 51. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 393).

Á 55. fundi í Ed., 19. apríl, var frv. tekið til einnar umr. (A. 393, 461).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 461. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Jón Jónsson: Hv. Nd. hefir breytt lítilsháttar þessu frv. frá því, sem það var þegar þessi hv. d. skilaði því til Nd. Þá var gert ráð fyrir í frv., að það kæmi ekki til framkvæmda sem lög fyrr en 1. jan. 1935, en hv. Nd. hefir breytt þessu ákvæði í 1. jan. 1933. Okkur hér, bæði landbn. og hv. d., hafði fundizt nauðsynlegt að fresta framkvæmd þessara laga, til þess að héruðin hefðu nægan tíma til að útvega sér hæfa menn til þessa vandasama starfa, að svæfa þessi dýr, sem frv. ræðir um. Það er sjáanlegt, að eigi frv. að koma til framkvæmda þegar á næsta ári, þá verður ekki undirbúningurinn nægilegur. Ég vil því mælast til þess við hv. d., að hún sjái sér fært að breyta frv. aftur í sama horfið. Ég tel það svo nauðsynlegt, að ég býst ekki við að sjá mér fært að greiða atkv. með frv., ef sú breyt nær ekki fram að ganga hér í hv. d.

ATKVGR.
Brtt. 461 samþ. með 10:2 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 9:3 atkv. og afgr. til Sþ.

Á deildafundum 20. apríl var frv. útbýtt frá Sþ. eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A.465).

Á 8. fundi í Sþ., 10. maí, var frv. tekið til einnar umr. (A. 465, 666).

Frsm. landbn. Nd. (Þorleifur Jónsson): Hvað mál þetta snertir, þá hefir aðeins orðið ágreiningur um eitt atriði á milli landbn. Ed. og Nd., sem sé það ákvæði, hvenær lögin eigi að ganga í gildi. Landbn. Nd. hafði ákveðið, að þau skyldu ganga í gildi 1. jan. 1933, og var það samþ. í deildinni við hverja umr. eftir aðra, en Ed. breytti þessu. Þó ekki sé hér um stórmál að ræða, þá hefir landbn. Nd. samt flutt brtt. um að færa frv. í það form, sem það var samþ. í við allar umr. í Nd.

Hv. Ed. hefir litið svo á, að mál þetta væri svo erfitt, að það þyrfti langan undirbúningstíma. En á þetta hefir landbn. Nd. ekki getað fallizt. Hún telur, að þar, sem næst í dýralækni, þurfi ekki langan undirbúningstíma, því að þeir kunna að fara með svæfingarlyfið. Sama máli er að gegna um menn, sem lært hafa að gelda hesta hjá dýralæknum. Þeir geta ekki þurft langan tíma til þess að læra að fara með þessi svæfingarlyf, en þeir eru ekki svo fáir, og ég býst fastlega við, að þeir séu einhverjir í hverri sýslu landsins. Líka hefi ég heyrt, að þegar sé farið að viðhafa þessa aðferð við geldingar hesta í ýmsum héruðum, t. d. í

Borgarfjarðarsýslu. Ég fæ því ekki séð, að það sé ekki nægilegur undirbúningstími frá því að lögin ganga í gildi og þar til ákvæði þessi koma til framkvæmda. Sýslunefndir geta t. d. nú þegar farið að láta menn búa sig undir þetta, og til þess verður að teljast nægilegur tími þar til vorið 1933, að gelding hesta fer fram skv. ákvæðum í lögum. En verði frv. samþ. eins og það er nú, þá líða enn 2½ ár þar til farið verður að nota þessa mannúðlegu aðferð, en það teljum við óþarflega langan undirbúningstíma. Landbn. Nd. virðist þetta líka óþarflega langur frestur, þegar þess er líka gætt, að fyrr á tímum, þegar lítið var um lærða lækna, fengu þeir oft ólærða menn til þess að hjálpa sér við uppskurði, og þá til þess að svæfa sjúklingana. Þetta heppnaðist oftast vel. Hefðu læknarnir ekki árætt þetta, hefðu þeir staðið uppi ráðalausir, en það hefði getað orðið mörgum manninum að aldurtila. Ég held því, að varfærni hv. Ed. í þessu efni sé á of háu stigi, því að ég verð að álíta, að það, sem fyrir henni vakir, sé varfærni ein, en ekki það, að hún vilji þessu mannúðarmáli illa, því eins og kunnugt er, er frv. þetta einn liðurinn í þeirri löggjöf, sem sett hefir verið um mannúð og mildi dýrunum til handa. Að nauðsyn beri til að halda áfram á þeirri braut að vernda dýrin fyrir vondri og ómannúðlegri meðferð, býst ég við, að allir séu sammála um. — Ég skal svo ekki verða þess valdandi, að um mál þetta verði eins miklar umr. og það, sem síðast var verið að ræða hér, en vænti þess, að brtt. landbn. Nd. verði samþ., svo að ákvæði frv. komi sem fyrst til framkvæmda, en á því er full nauðsyn.

Frsm. landbn. Ed. (Páll Hermannsson): Svo sem að líkum lætur, þá koma hér fyrir sameinað Alþingi þau mál, sem ágreiningur verður um á milli deildanna. Eins og hv. frsm. landbn. Nd. tók fram, þá er ágreiningurinn í þessu máli á milli deildanna um það, hvenær ákvæði frv. þessa eigi að koma til framkvæmda. Mál þetta var upphaflega borið fram í hv. Nd. og samþ. þar. Þegar það kom til Ed., áleit landbn. þar, að inn í það vantaði ákvæði, svo að hægt væri að framkvæma hugsun þess. Eins og kunnugt er, þá er ætlazt til samkv. frv., að hross og naut séu svæfð þegar þau eru gelt, en í frv. eins og það kom frá Nd. var ekkert ákvæði, sem tryggði það, að þeir menn, sem ætlað var að framkvæma þetta, fengju aðgang að því að geta lært það, sem til þess þarf að geta gert það sómasamlega. Þessu breytti Ed. og á það hefir hv. Nd. getað fallizt. Hitt atriðið, að lögin komi ekki til framkvæmda fyrr en eftir 2½ ár, er sama eðlis. Það er sett til þess, að ekki þurfi að brjóta lögin þegar til framkvæmdanna kemur. Landbn. Ed. fékk upplýsingar um það hjá dýralækni, að það þyrfti langan tíma til þess að kenna nægilega mörgum mönnum í landinu að svæfa hesta og naut, svo hægt yrði að framkvæma ákvæði frv., ef að lögum yrði, og fyrir þær sakir m. a. setti landbn. tímann svona langan og þegar minnsta brot gegn lögunum á að varða 50 kr. sekt, þá er það skylda löggjafarvaldsins að gera það, sem í þess valdi stendur, til þess að menn séu beinlínis ekki neyddir til að brjóta þau, en það tel ég að sé gert ef mönnum er ekki ætlaður nógu langur tími til undirbúnings framkvæmd þeirra.

Verði frv. samþ. eins og það liggur fyrir nú, þá eru 2½ ár frá því lögin öðlast staðfestingu og þar til þau koma til framkvæmda, en að þeim tíma liðnum mætti búast við, að nægilega margir menn yrðu búnir að læra svæfingu og geldingu hesta og nauta, svo að undantekningarlaust yrði hægt að framfylgja ákvæðum laganna.

Annars hygg ég, að mál þetta sé svo ljóst, að þm. hafi áttað sig á því, hvað hér er um að ræða. Ágreiningurinn er aðeins um það, hvort frest skuli gefa eða hvort lögin eigi að ganga í gildi og koma til framkvæmda um næstu áramót. Ég tel tímann til næstu áramóta of stuttan til þess að hægt verði að tryggja nægilega marga menn til þess að vinna þetta starf, svo ekki þurfi að brjóta gegn lögunum.

ATKVGR.

Brtt. 666 samþ. með 19:12 atkv.

Frv., svo breytt, fellt með 15:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, JónasJ, JónasÞ, LH, MG, MJ, PM, PO, StgrS, SvbH, SvÓ, VJ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, BSn, BKr, GÍ, GL, IngB.

nei: ÍP, JakM, JAJ, JónJ, JÓl, JörB, MT, PH, TrÞ, EA, GÓ, HStef, HSteins, HJ, EÁrna.

HG greiddi ekki atkv.

Fimm þm. (JBald, JónÞ, ÓTh, BJ, HV) fjarstaddir.

12. Síldarmat.

Á 36. fundi í Ed., 23. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um síldarmat (þmfrv., A. 243).

Á 37. fundi í Ed., 29. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Ég var ekki við, þegar þetta mál lá fyrir til 1. umr. í d., en ég tel rétt, að frá n. fylgi nokkur orð, og geta þau alveg eins átt við nú eins og við 1. umr. Um ástæður til þess, að þetta frv. er borið fram, þarf ekki að fjölyrða, því þær eru teknar fram í grg. frv. En um efni frv. og einstakar gr. vildi ég fara nokkrum orðum. Svo sem stendur í grg., þá er frv. í flestum aðalatriðum byggt á frv., sem lagt var fyrir þingið 1928. Var það frv. samið af mþn., sem atvmrn. hafði skipað til þess að endurskoða þáv. löggjöf um síldarmat. Þó hefir sjútvn. fundizt ástæða til að víkja nokkuð frá þessu frv. frá 1928, og er það aðallega í 4. gr. þessa frv.

Í frv. frá 1928 var svo ákveðið, að öll síld skyldi flokkuð eftir stærð og gæðum. Þótt slíkt mat sé nauðsynlegt, þá er það svo mikið verk að flokka alla síld eftir stærð, að ekki er hægt að búast við, að því fáist framgengt fyrr en eftir langan tíma. Er þá gagnslaust að hafa slíkt ákvæði í l. Því er það ákvæði sett inn í 4. gr., að fyrst um sinn skuli aðeins 15% af síldinni flokkað eftir stærð, en 80% einungis eftir gæðum. En svo er gert ráð fyrir því, að viðkomandi ráðh. geti með reglugerðarákvæði aukið þá síld, sem flokkuð er eftir stærð, um 15% á ári. Hyggur n., að á þann hátt geti það náðst, að öll síld verði að lokum flokkuð eftir stærð, eins og tíðkast hjá öðrum þjóðum. En að flokka síld eftir stærð er svo mikið verk, að ekki þykir fært að fara harðar í það meðan fólk er óvant og eftirlitsmenn líka.

Þá hefir n. gert nokkrar smærri breyt. frá frv. 1928, en þær eru þess eðlis, að þær munu varla valda ágreiningi. Eftir matslögum þeim, er áður giltu, var skipum heimilt að láta meta síld, sem þau höfðu látið salta úti á sjó í tunnur. Þessu var haldið í frv. 1928, en nú hefir n. þótt rétt að fella þetta burt, vegna þess að hætta þykir á, að slík síld verði ekki góð vara, og svo er mjög tvísýnn hagur fyrir skipin að framkvæma þessa söltun, sem kostar töluverðan útbúnað.

Þá vil ég enn geta einnar breyt., sem n. hefir gert. Hún er sú, að ekki er ákveðið í frv., hvar aðsetursstaður yfirmatsmannsins á Austfjörðum skuli vera. Áður var ákveðið, að hann ætti setu á Seyðisfirði. En nú er þetta látið óbundið. Þetta byggist á því, að sumir firðir aðrir eru aflasælli en Seyðisfjörður og því meira að meta þar. Að binda aðsetursstaðinn við Seyðisfjörð var t. d. ekkert réttmætara en að binda hann við Reyðarfjörð. En n. hallaðist að því að hafa þetta óbundið og að yfirmatsmaðurinn gæti haft búsetu þar, sem bezt hentar. Það getur t. d. varla skipt máli hvað ferðakostnað snertir, því ferðalög verða alltaf nokkur, hvar sem hann situr. Að öðru leyti er frv. þetta miðað við frv. 1928 og því ekki ástæða til að fjölyrða frekar um það. N. hefir lagt mikla vinnu í að athuga þetta og kvatt sér til aðstoðar við það fyrrv. yfirmatsmann Jón Bergsveinsson og notið leiðbeiningar hans. Af frv., ef að lögum verður, stafar nokkur kostnaður fyir ríkissjóð. Kostnað við yfirmat hefir síldareinkasalan greitt síðan 1928, en nú kemur hann á ríkissjóðinn, svo sem áður var. Undan því er

ekki hægt að komast, þann kostnað er ekki hægt að taka annarsstaðar. Þessi kostnaður verður sennilega um 12 þús. kr. Ég býst við, að hægt verði að komast af með þá upphæð, eftir reynslu fyrri ára. Ég vildi taka þetta fram, svo að fjvn. þessarar hv. d. væri ljóst, hvern kostnað mundi leiða af samþ. þessa frv.

Að lokum vil ég taka það fram, að af samþ. þessara l. leiðir, að setja verður reglugerð um matið á síldinni. Sú reglugerð er aðaltrygging þess, að síldarmatið komi að notum. Hún þarf því að vera vel samin og nákvæm. Vil ég því leggja áherzlu á, að vel sé til hennar vandað og að stj. kveðji til ráða með sér um samning hennar þá menn, er vel hafa vit á þessu máli. Vænti ég svo, að hv. d. greiði vel fyrir frv. þessu. Og komi einhverjar aths. eða till. til breyt. fram, þá er n. fús til að taka þær til athugunar fyrir 3. umr.

Jakob Möller [óyfirl.]: Ég hefi verið samþykkur því, að sjútvn. flytti þetta frv., sem er sniðið eftir frv. frá 1928, að viðbættum þeim breyt., sem gerðar hafa verið á því að till. fyrrv. yfirmatsmanns Jóns Bergsveinssonar. Ég var ekki á fundi, þegar málið var afgr. frá n., og hefi því ekki athugað allar breyt., sem n. hefir gert, t. d. með fjórða yfirmatsmanninn, að hann skuli hafa aðsetur á Austurlandi, en annars óákveðið hvar. Ég er nú í vafa um, að rétt sé að gera þá breyt. Eftir því getur yfirmatsmaðurinn átt heima eitt árið hér og annað þar. Og þótt aðsetur sé ákveðið, þarf matsmaðurinn ekki að eiga heimili þar. Þannig átti matsmaðurinn á Seyðisfirði heima á Svalbarði og síldarmatsmaðurinn á Akureyri í Rvík. Aðsetursákvörðunin nær vitanlega ekki nema til þess tíma, er þeir þurfa að vera til taks að meta. Eins væri um matsmanninn fyrir Austfirði. Það kæmi ekki í bága, hvar hann ætti heimili, þótt aðsetursstaður sé ákveðinn. Það væri t. d. óheppilegt, að hann hefði aðsetur á Fáskrúðsfirði eða Djúpavogi. Það er eðlilegra, að hann hafi það þar, sem síldarsöltun er mest, en það er á Seyðisfirði og Reyðarfirði, þar mun varla vera hægt að gera á milli. En Seyðisfjörður liggur þó meira „centralt", og er því rétt að halda gamla ákvæðinu, að hann eigi búsetu þar. Ef brtt. kemur fram um það til 3. umr., mun ég fylgja henni, en hvort ég kem fram með slíka brtt. eða ekki, er ég ekki ráðinn í.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Það er rétt, að hv. 1. þm. Reykv. var ekki við, þegar frv. var afgr. frá n. Mér var falið að útbúa frv. eins og n. hafði samþ. að ganga frá því. En hv. þm. var víst ekki við, þegar þetta, sem hann gerði að umtalsefni, var ákveðið.

Ég vil leiðrétta dálítinn misskilning, sem kom fram í ræðu hans, enda þótt ég geri það ekki að neinu kappsmáli, hvort yfirmatsmaðurinn hefir búsetu á Seyðisfirði eða annarsstaðar á Austfjörðum. Þessi misskilningur er, að Seyðisfjörður liggi „centralt". Hann er eiginlega á öðrum enda síldarstöðvanna eystra. Ég veit ekki til, þótt athugaður sé útflutningur margra ára, að neitt hafi verið flutt út norðan við Seyðisfjörð, og það um fleiri áratugi. En útflutningur frá Reyðarfirði hefir jafnan verið miklu hærri en frá Seyðisfirði. Ef því ætti að gera upp á milli þessara staða eftir því, hvar líkur væru til, að meiri söltun væri, þá yrði Reyðarfjörður ofan á. Reyðarfjörður og Eskifjörður liggja að vísu saman, svo ekki er hægt að aðskilja útflutninginn frá þeim báðum. Fyrir sunnan Reyðarfjörð er Fáskrúðsfjörður, þar sem einnig hefir verið söltuð síld. Reyðarfjörður stendur því ekki fjær en Seyðisfjörður, ef ákveða ætti búsetuna eftir því. En ég vil þó ekki gera þetta að neinu kappsmáli. Í frv. eru laun yfirmatsmannanna ákveðin 2000 kr. Er það svo lágt, að ekki er vert að setja þeim það skilyrði um búsetu, sem getur valdið þeim óþægindum. (**JBald**: Þeir fá líka ferðakostnað greiddan). Þetta er ekkert athugavert, þar sem söltun fer fram á 2½ mánuði. En á Austfjörðum hagar þessu öðruvísi til. Þar hefir alloft einnig verið saltað að vetrinum. Þetta atriði er ekki lítils virði, þegar aðsetursstaður er ákveðinn. Þótt ég sé kunnugur þarna, vil ég þó ekki, að ákveðið sé, að yfirmatsmaðurinn hafi búsetu á Reyðarfirði. Ég vil láta þetta liggja laust og að atvikin skapi það, hvar hann hefir búsetu. Það getur aldrei orðið stór bagi fyrir neinn, hvar aðsetrið er.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—11 gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 41. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 243).
Á 43. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., 23. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 243, n. 450).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Þetta frv. er flutt af sjútvn. Ed. Eins og kunnugt er, voru afnumin síldarmatslög þau, er verið höfðu í gildi, þegar síldareinkasalan var sett á stofn, en reglum um matið fyrirkomið í lögum síldareinkasölunnar, er koma skyldi í stað hinna fyrri matslaga. Nú er síldareinkasalan lögð niður og öll lagaboð í sambandi við hana úr gildi fallin. Því hefir sjútvn. Ed. séð ástæðu til að bera þetta frv. fram. Sjútvn. þessarar hv. d. felst á, að nauðsyn sé á nýrri lagasetningu um þetta efni, en er hinsvegar ekki á sama máli og sjútvn. Ed. um framkvæmd matsins. Þar sem sjútvn. Ed. gerir ráð fyrir, að skoðun og mat skuli fara fram á allri nýrri síld, höfum við að fróðra manna ráðum farið inn á aðra braut. Við teljum ekki þörf á mati á nýrri síld, og álítum eigi heldur, að slíkt mat veiti tryggingu fyrir því, að varan sé góð, þegar hún er látin í skip, nema þá fari fram á henni gagngerð skoðun, en slíkt hlýtur að hafa mikinn aukinn kostnað í för með sér.

Því miður verður að viðurkenna, að þrátt fyrir mat og skoðun á síld undanfarið, ýmist nýveiddri eða þegar hún er afskipuð, koma íslenzk matsvottorð yfirleitt að litlu gagni. Enn hefir ekki tekizt að gera matið svo úr garði, að erlendir kaupendur telji fulla tryggingu í því fyrir gæðum vörunnar. Þetta skýtur skökku við saltfisksmatið, sem yfirleitt er viðurkennt og nýtur trausts hjá útlendum kaupendum. Takmarkið hlýtur að vera það, að koma síldarmatinu í sama horf með tíð og tíma.

Sjútvn. Nd. hefir því eigi viljað leiða inn skyldu um mat á nýrri síld, heldur aðeins kveða svo á í frv., að ný síld skuli metin, ef aðilar óska þess. Þessi ósk getur komið fram af fleirum en einni ástæðu, en þó einkum af tvennu. Hún getur einkum komið fram þegar samningar eru á milli veiðiskipa og saltenda í landi og ágreiningur verður um gæði á síld. Í öðru lagi getur verið, að síld sé flutt út innan þess tíma frá söltun, sem hægt er að meta síldina sem saltaða síld, en sá tími er 3 vikur. Í slíku tilfelli getur vel komið fyrir, að seljendur óski mats á síldinni nýrri. Þetta getur að vísu komið fyrir af fleiri ástæðum, en oftast mun önnurhvor þessi ástæða valda því, ef slík ósk kemur fram.

Aðalbreyt. frá frv. er sú, að sjútvn. liggur til, að nýja síld skuli því aðeins meta, að aðilar óski. Hins vegar vill n., að skylt sé, að síldin sé metin áður en hún fer á skipsfjöl.

Við höfum einnig gert afbrigði frá frv. að því er snertir fjölda yfirmatsmanna. Í frv. er gert ráð fyrir, að þeir verði 4, með 2000 kr. árslaunum. Sjútvn. leggur hinsvegar til, að yfirmatsmaður verði aðeins einn með 4000 kr. launum. Þessi laun eru að vísu ekki há, en þar sem gert er ráð fyrir, að hann fái ferða- og símakostnað endurgreiddan, má telja víst, að fá megi hæfan mann fyrir þessi laun. En menn, sem aðeins fá 2000 kr. á ári, geta ekki haft matið að aðalstarfi. En þótt launin séu hér eigi áætluð hærra en 4000 kr., er hér tilætlunin, að yfirmatsmaðurinn hafi matið að aðalstarfi, en undirmatsmennirnir séu valdir af lög-

reglustjórum eftir tillögum hans. Við gerum ráð fyrir, að yfirmatsmaðurinn ferðist á milli síldarstöðva til að leiðbeina um matið og fari til útlanda í samráði við atvmrh. til að kynna sér óskir og kröfur kaupenda og markaði fyrir íslenzka síld. Þetta eru þær tvær höfuðbreyt., sem n. hefir gert á frv., að ákveða útflutningsmat í stað söltunarmats og að hafa einn yfirsíldarmatsmann í stað fjögurra.

Þá höfum við tekið upp í till. okkar samskonar ákvæði um ábyrgð matsmanna á verkum sínum og úrskurðum og eru í l. um fiskimat. Við ætlumst til, að ef það sannaðist, að matsmaður leggi hlutdrægan úrskurð á vöru, þá eigi sá, sem fyrir tjóninu verður af hans völdum í þessu efni, kröfu á hann til bóta á þeim skaða, er hljótast kynni af slíkum úrskurði. Þetta er eins og ég dráp á, alveg í samræmi við þá ábyrgð, sem nýlega hefir verið lögð á herðar fiskimatsmönnum landsins í þeirra starfi.

Til þess að koma þessum breyt. á, varð n. svo að segja að umsteypa frv. (**HStef:** Og eyðileggja það.) og koma með viðtækar brtt., eins og þskj. 450 ber með sér. Ennfremur má geta þess, að sjútvn. þessarar d. vildi taka tillit til þess, sem farið er að tíðkast með yngri síld en þriggja vikna. Það er vitanlegt, að seinni árin hefir verið tekið upp það ráð að flytja út léttsaltaða síld. Það fyrirkomulag hefir átt talsverðum vinsældum að fagna í Þýzkalandi, þar sem aðalmarkaðurinn er fyrir þá síld. Það er hin svo kallaða „matjes"-söltun, sem Skotar og Hollendingar nota og er alþjóðlegt heiti á þeirri söltunaraðferð. Sú síld, sem þannig er flutt út, á ekki að þurfa að vera matsskyld, þegar matið er bundið við fullsaltaða síld, sökum þess að regluleg saltsíld verður ekki metin fyrr en hún hefir legið a. m. k. 20 daga í salti. Í till. okkar er ekki gert ráð fyrir því, að mikið af saltsíld verði flutt út svo nýtt og létt saltað, að ekki komi til með neitt mat. Þessar till. eru afleiðingar af því, sem markaðurinn krefur, standa í sambandi við fengna reynslu og eru samkv. till. fjölda síldarverkunarmanna á síldveiðasvæðinu. Hv. 1. þm. N.-M. skaut hér inn í, að breyt. okkar miðuðu að því að eyðileggja frv. Þetta er alrangt.

Ég held, að ég þurfi ekki að hafa fleiri orð um brtt. n. Sumar af till. frv. hafa verið teknar upp breyttar, aðrar lítið breyttar, þótt við séum frv. ekki sammála í þessum tveim höfuðatriðum, sem ég minntist á. Að öðru leyti ber þskj. 450 greinilega með sér, hverju við viljum fylgja í frv. og hverju ekki. Ég vil aðeins leggja áherzluna á það, að okkar till. eru fram komnar í sambandi við það, sem reynslan hefir sýnt og þörfin krefur nú um meðferð síldarinnar.

Jón Auðunn Jónson: Mér finnst vanta í þetta frv. ákvæði um, að saltendur síldar séu skyldaðir til að gefa upp í lok hverrar viku, hve mikla síld þeir hafa saltað. Það er nauðsynlegt, og ekki sízt í síldarverzluninni, að vita, hve mikið er saltað af hverri tegund vikulega. Ég hafði í gærkvöldi lagt fram brtt. í því skyni að fá þetta inn í frv., en hún er ekki komin ennþá, og vænti ég, að hæstv. forseti vilji láta atkvgr. bíða þangað til hún kemur. Auðvitað get ég komið með hana skriflega. Ég held, að ég muni hana eins og hún var orðuð. En ég tel sjálfsagt, að þetta verði gert, því að það er ekki lítils virði fyrir verzlunina, að menn viti, hve mikið er til af vörunni á hverjum tíma.

Þá er annað atriði, sem ég vildi minnast á, sem ég er samt eigi eins viss um, að setja beri ákvæði um í frv., en það er um það, hvenær síldarsöltun megi hefjast. Hitt veit ég, að sé byrjað mjög snemma, svo snemma, að síldin sé ekki orðin markaðshæf vegna megurðar, þá getur það skaðað verzlunina með þessa vöru og þar með síldarútveginn. Ég veit nauðsynina á þessu, en sé ekki í fljótu bragði, á hvern hátt er hægt að koma því fyrir í frv., en ég vildi þó vekja máls á þessu. Þegar síldin er metin við útflutning, er minni freisting til að salta lélega og óútgengilega markaðsvöru, og því mun vera hægt að fresta því á þessu ári að setja ákvæði um, hvenær byrja megi að salta. Hinsvegar er ákvæði í þessu frv. um, að kveðja má matsmenn til að segja til um, hvort síldin sé söltunarhæf. Ef t. d. einn maður kaupir af öðrum vissan tunnufjölda saltsíldar, þá getur hann krafizt þess, að matsmenn líti á síldina áður en söltunin fer fram. Ég tek undir

það með hv. sjútvn., að aðaltryggingin fyrir gæðum síldarinnar er það mat, sem fer fram eftir að síldin hefir legið 2—3 vikur í salti. Flestir, sem fást við síldveiðar, eru orðnir svo kunnugir þessari vöru og vita, hvað þarf til þess, að hún sé hæf markaðsvara, að ég sé litlar líkur til, að þeir fari að gera sér stórskaða með því að salta lélega vöru, annaðhvort of gamla eða of magra síld.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Það er alveg rétt, sem hv. þm. N.-Ísf. sagði, að við höfum ekki í þessu frv. tekið upp ákvæði um aflaskýrslur. En það voru víst þær, sem hann átti við. **(JAJ:** Já). Okkur fannst þessar skýrslur ekki standa í beinu sambandi við lög um síldarmat. Hinsvegar er hægt að taka inn ákvæði um þessar skýrslur, og gæti n. t. d. í samráði við hv. þm. N.-Ísf. tekið þetta til athugunar til 3. umr., ef hann vildi, því að æskilegt væri, að þetta mál tefðist sem minnst héðan af. En um hitt atriðið, ákvæðin um, hvenær síldarsöltun megi hefjast, er það að segja, að fram hjá því hefir n. gengið viljandi, þar sem hún ætlaðist til samkv. þriðju brtt. sinni, að yfirsíldarmatsmaður og undirsíldarmatsmaður í umboði hans hafi úrskurðarvald um söltunarhæfi vörunnar. Þegar yfirmatsmaður hefir úrskurðarvald um söltunarhæfi síldarinnar, ætti ekki að þurfa önnur ákvæði um, hvenær byrja mætti söltunina. N. hefir yfirleitt viljað leggja sem mest vald í hendur yfirmatsmannsins, í því trausti, að til þess starfs verði valinn hæfur maður. En hún hefir líka lagt honum á herðar mikla ábyrgð í þessu efni. — N. virðist óheppilegt, að ákvæði, er snerta gæði vörunnar, komi úr annari átt en frá yfirmatsmönnum. En hinsvegar skal ég fúslega mælast til þess við form. n., að hann stuðli að því að þetta geti orðið, ef hv. þm. N.-Ísf. vildi eiga tal við n. um þetta atriði. Æskilegt væri, að málið fengi afgreiðslu á þessum fundi til 3. umr. og að hv. þm. N.-Ísf. vildi geyma till. sína til þess tíma.

Jón Auðunn Jónsson: Ég vil einungis lýsa yfir því, að ég mun geyma brtt. mína til 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 450,1 (ný 1. gr.) samþ. með 14:1 atkv.

— 450,2 (ný 2. gr.) samþ. með 14:1 atkv.

— 450,3 (ný 3. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

— 450,4 (ný 4. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

— 450,5 (ný 5. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

— 450,6 (ný 6. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

— 450,7 (ný gr., verður 7. gr., í stað 7.—9. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

10.—11. gr. (verða 8.—9. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 513, 514).

Á 60. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 513, 514).

Jón Auðunn Jónsson: Ég þarf ekki að gera neina grein fyrir brtt. minni, því ég minntist á hana við 2. umr. Hún er aðeins um það, að þeir, sem verka síld, skuli gefa skýrslu um, hve mikið þeir hafa verkað og á hvern hátt. Þetta er nauðsynlegt til að geta vitað um, hve mikið er saltað á hverjum tíma, og er öllum fyrir beztu, enda hefir það verið svo í framkvæmdinni undanfarin ár.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Ég vil aðeins geta þess sem frsm. n., að í n. hefir ekki verið hreyft neinum mótmælum gegn þessari till. Ég fyrir mitt leyti hallast að henni.

ATKVGR.

Brtt. 514 samþ. með 15 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PO, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, VJ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, GÍ, HStef, HJ, IngB, JJós, JAJ, MG, MJ, JörB.

HG, JónasÞ greiddu ekki atkv.

Sex þm. (BKr, EA, HV, JÓl, LH, ÓTh) fjarstaddir.

Frv. endursent Ed.

Á 61. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 529).

Á 69. fundi í Ed., 7. maí, var frv. tekið til einnar umr. (A. 529, 616).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Það var nokkuð tímanlega á þingi, að sjútvn. þessarar hv. d. flutti frv. um síldarmat. Það frv. var samið á sama grundvelli og frv. um sama efni, er mþn. 1927 samdi og lagt var fyrir Alþingi 1928. Þetta frv. lagði n. til grundvallar með lítilfjörlegum breyt., en hélt stefnu þess að mestu leyti. Og við samningu frv. hafði n. með í ráðum Jón Bergsveinsson yfirsíldarmatsmann.

Frv. þessu var tekið vel hér í hv. d. og gekk greiðlega í gegnum hana. En þegar til hv. Nd. kom, brá svo við, að hv. sjútvn. þeirrar d. umsteypti því, svo að þegar það kemur hingað aftur, þá er það allt annað frv. Þó að frv. hefði verið breytt að orðalagi, þá var ekkert við það að athuga, en hér er um gerólíkar stefnur að ræða, svo að mikið ber á milli.

Frv. það, sem sjútvn. þessarar hv. d. flutti, lagði til grundvallar, að öll síld yrði metin við söltun. Þessu hefir hv. sjútvn. Nd. hafnað og fengið samþ., að öll síld, sem út er flutt yngri en þriggja vikna, skuli undanþegin mati. Auk þess er gengið svo frá útflutningsmatinu, að látið er nægja, að skoðaðar séu 4—6 tunnur af hverjum 100, sem út eru fluttar, og mega þá allir sjá, um hverskonar mat er að ræða, þegar ekki er skoðað nema 4—6% af þeirri síld, sem út er flutt. Í því sambandi vil ég benda á, hve langt við mundum komnir að vinna fiskimati okkar það traust, er það nýtur, ef við hefðum ekki gert hærri kröfur til matsins en að skoða 4—6 pakka af hverjum 100, sem út eru fluttir.

Í frv. sjútvn. Ed. var miðað við, að öll síld skuli metin við söltun og verði svo undir umsjón matsmanna þangað til hún er flutt út og þá er framkvæmt endurmat, ef hún hefir legið lengri tíma en 3 vikur.

Þar sem svo mikið ber á milli sjútvn. í hv. Nd. og Ed., hefir n. hér ekki séð sér annað fært en að breyta frv. aftur í það sama horf og hv. Ed. afgr. það frá sér. Og þannig er frá þessu gengið í brtt. á þskj. 616.

Ég tel óþarft að hafa langt mál um þetta. Hv. d. hefir áður sýnt fullan skilning á máli þessu, og geri ég því ráð fyrir, að hún gangi að brtt. n. Ég vil taka fram, að það er erfitt að bera saman fiskimat og síldarmat. Þó að síldin sé fiskur, er mat á henni miklu skyldara mati á kjöti. Ég geri ráð fyrir, að sjálfsagt þyki, að mat á kjöti fari fram áður en saltað er niður í tunnurnar og kjötið þá skoðað, í stað þess að rífa upp úr tunnunum og skoða hvern bita.

Ég ætla ekki að halda lengri ræðu. Ég hefi lýst fyrir hv. d., hvað sjútvn. deildanna ber á milli og vænti því, að brtt. okkar verði samþ. og frv. endursent hv. Nd.

Annars skal ég engu spá, hvernig fer um frv., en mín sannfæring er, að það sé ekki betri lausn á málinu að samþ. það eins og hv. Nd. hefir gengið frá því. Þá getum við alveg eins látið allt standa eins og það er um eitt ár enn.

Ég læt þá staðar numið hér og vænti, að hv. d. láti sér nægja þessar skýringar og fallist á brtt. okkar á þskj. 616.

ATKVGR.

Brtt. 616,1 samþ. með 9:1 atkv.
— 616,2 samþ. með 9:1 atkv.
— 616,3.a samþ. með 9 shlj. atkv.
— 616,3.b, samþ. með 9 shlj. atkv.
— 616,4 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 616,5 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 616,6 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 616,7.a samþ. með 9 shlj. atkv.
— 616,7.b samþ. með 9 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 9:1 atkv. og endursent Nd.

Á 70. fundi í Nd., 9. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 664).

Á 72. fundi í Nd., 11. maí, var frv. tekið til einnar umr. (A. 664, 682).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Það er í stuttu máli frá því að segja, að Ed. hefir breytt þessu frv. og fært það í sitt upprunalega form. Sjútvn. þessarar hv. d. leggur aftur á móti til, að frv. verði fært

aftur í sama horf og það var í, þegar d. skilaði því frá sér síðast. Við sjáum ekki neina ástæðu til þess, að Ed. geti ekki fallizt á þær skynsamlegu till., sem hér voru samþ. Hv. Ed. hefir viljað halda í gamlar leifar frá síldareinkasölufyrirkomulaginu, sem síður á við, þegar útflutningur þessarar vöru er orðinn frjáls.

ATKVGR.

Brtt. 682,1 samþ. með 14:1 atkv.
— 682,2 samþ. með 16:1 atkv.
— 682,3 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 682,4 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 682,5 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 682,6 samþ. með 16 shlj. atkv.
— 682,7 samþ. með 15:1 atkv.
— 682,8 samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Sþ.

Á deildarfundum 12 maí var frv. útbýtt frá Sþ. eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 708).

Á 10. fundi í Sþ., 17. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. sjútvn. Ed. (Ingvar Pálmason): Ég hefði gjarnan óskað þess, að hv. frsm. sjútvn. Nd. hefði verið viðstaddur og hlustað á þau fáu orð, er ég hefi um þetta mál að segja. En sé þess ekki kostur, mun þó eigi annað tjá en að halda áfram málinu.

Um þetta mál er svo ástatt, að um það er mikill ágreiningur milli deilda. Mál fara oft til Sþ. út af ágreiningi um eitt einstakt atriði. En hér er um algerðan stefnumun milli deilda að ræða.

Áður en ég vík að frv. sjálfu, vil ég rifja upp tildrögin að því, að það var flutt. Á öndverðu þingi fór hæstv. atvmrh. þess á leit við sjútvn. Ed., að hún undirbyggi og flytti frv. til l. um síldarmat. Ég fyrir mitt leyti tók þessu fremur þunglega í byrjun. En eftir að hafa ráðfært mig við meðnm. mína í sjútvn., varð það þó að ráði, að við tókumst á hendur þetta vandaverk. Frá því er að segja, að haustið 1926 var skipuð n. til að semja frv. um síldarmat. Í henni áttu sæti Jón Bergsveinsson síldarmatsmaður, Kristján Bergsson forseti Fiskifélagsins og Vigfús Einarsson skrifstofustjóri í atvmrn. Þeir sömdu svo frv., og varð það ekki tilbúið fyrr en svo, að það var lagt fyrir þingið 1928. Á því þingi voru samþ. lög um einkasölu á síld, og var allt síldarmat með þeim lögum lagt í hendur stjórnar einkasölunnar, svo að frv. dagaði að því sinni uppi í þinginu. En þar sem eldri ákvæði um síldarmat voru með einkasölulögunum úr gildi numin, er nú, þegar þau lög eru numin úr gildi, ástæða til að setja lög um þetta efni. Nú tók sjútvn. Ed. það ráð að leggja frv. frá 1928 til grundvallar fyrir samningu þessa frv., en hefir þó breytt frá því í smáatriðum. Kvöddum við til aðstoðar Jón Bergsveinsson fyrrv. yfirsíldarmatsmann. Hefir hann manna mesta reynslu í þessum efnum, og í samráði við hann gerðum við þessar smávægilegu breyt. Frv. kom svo fyrir Ed. og fékk þar góðar undirtektir. Var það samþ. þar við 3. umr. mótatkvæðalaust og afgr. til Nd. En þegar þangað kom, varð nokkuð annað uppi. Sjútvn. semur nýtt frv. og breytir stefnu þess algerlega. Er ég þá kominn að því, sem ber á milli.

Eins og frá frv. var gengið í Ed., átti öll sú síld, sem ætluð var til söltunar og sölu á erlendum markaði, að metast strax nýveidd og vera undir umsjón matsmanns unz hún væri flutt út, og að hún skyldi endurmetin ef grunsamt þætti að hún hefði skemmzt áður en hún væri flutt út. En frv. þetta, eins og Nd. hefir gengið frá því, gerir eingöngu ráð fyrir mati á síld, sem legið hefir 20 daga eða lengur í salti og er ætluð til útflutnings, en síld, sem skemur hefir legið í salti, skuli undanþegin mati með öllu. Þó er heimilt að láta mat fara fram á henni, ef ágreiningur rís á milli kaupanda og seljanda. Mun það vera öllum þingheimi ljóst, að hér er um afarmikinn ágreining að ræða. Til þess að gera ljósara fyrir mönnum, hvað það er, sem sjútvn. deildanna ber á milli, vil ég benda á nokkur atriði.

Í frv. er gert ráð fyrir því, að síldin skuli metin á þann hátt, að opnaðar séu og skoðað í 6—8 tunnur af hverjum 100. Ef matsmaðurinn finnur ekkert athugavert við þessar 6—8 tunnur, þá á hann að gefa vottorð um það, að síldin sé ekki einungis góð og nothæf verzlunarvara,

heldur og líka um stærð og ásigkomulag hennar að öðru leyti. Við teljum, að slíkt vottorð hljóti að vera óábyggilegt og ekki meira virði en þau vottorð, sem tíðkazt hafa til skamms tíma, að hreppstjórar gæfu um nothæfni íslenzkrar vöru. Til tryggingar fyrir kaupanda, að varan sé góð, er þetta mat gagnslaust eða a. m. k. mjög ófullkomið. Við getum hugsað okkur hvað langt við hefðum komizt með að vinna saltfiski okkar það álit, sem hann hefir nú fengið, ef við hefðum ekki notað öruggari aðferðir við matið en það, að skoða 4—6% af fiskpökkunum og votta svo alla sendinguna góða og gilda vöru, bæði að stærð og gæðum. Nú er svo komið, að kaupendur treysta fiskmatinu og vita jafnan eftir vottorðum matsmanna, hverskonar vöru er um að ræða. Þessu er enn ekki orðið svona varið með síldina. Meðferð hennar er ekki orðin svo örugg, að þetta gildi um hana. Þarf því til þess að vanda, að hún vinni álit, og er þá þetta mat, sem frv. ráðgerir, hvergi nærri nógu tryggilegt. Þessi aðferð er líka erfið í framkvæmd og verður dýrt að framkvæma það á þennan hátt, svo að tryggilegt megi teljast. Auk þess er hætt við, að síldin líði við það að vera tekin úr tunnunum og verði þá ekki eins góð vara, og loks er með þessu fyrirkomulagi, með svo flausturslegu móti, ekki fengin full trygging fyrir því, að varan sé góð og eins og hún er sögð. Til þess að tryggja slíkt fullkomlega, þarf að meta síldina nýja. Ég vil til samanburðar benda á aðra framleiðsluvöru okkar, kjötið. Það myndi þykja ankannaleg aðferð, ef það væri ekki metið fyrr en það er flutt út, þá fyrst væri skoðað í nokkrar tunnur og það væri allt matið. En ef slíkt er ekki hyggilegt með kjötið, þá er það þó enn síður með síldina.

Það er vitanlegt, að sú hefir verið orsök þess að einhverju leyti, að sjútvn. Nd. breytti þessu ákvæði, að hún hefir viljað spara ríkissjóði og síldarútflytjendum kostnað þann, er leiddi af mati á nýrri síld. Að þessu er vikið í nál. hennar. En ef við á annað borð trúum á það, að hægt sé að gera síldina að seljanlegri vöru á útlendum markaði eftir mati hér heima, þá verðum við að eyða í það bæði fé og tíma. Ég get sagt það sem mitt álit, að ef nokkur möguleiki á að vera um hagnað af síldarútvegi eða síldarsöltun til útflutnings, þá er eina vonin til að ná því marki sú, að við getum tryggt kaupendum það, að þeim sé einungis boðin góð vara, sem reynist eins og hún er sögð. Við vitum, að okkur er það ofurefli að keppa við nágrannaþjóðirnar um veiðina hér við land. Okkur hefir ekki tekizt að færa tilkostnaðinn við veiðarnar í það horf, að við þar séum samkeppnisfærir við nágrannana. Hinu býst ég við, að á sviðum vöruvöndunar og vörugæða getum við verið samkeppnisfærir, því við ættum alltaf og ætíð að geta boðið betri vöru. En því aðeins getum við það, að við höfum opin augun fyrir því að setja þær reglur og gera þær ráðstafanir, sem þarf til tryggingar því, að varan verði alltaf góð og sé sú vara, sem hún er sögð vera, því það er eina leiðin til að vinna vörunni álit. En til þess verður að gera eitthvað svipað og gert er ráð fyrir í frv. Ed. Hitt er annað, að það eru sjálfsagt mörg smærri atriði í till. okkar Ed.-manna, sem orkað geta tvímælis, enda er sennilegt að samkomulag hefði getað orðið um þau, ef það hefði verið reynt. Ég vil t. d. benda á það nýmæli, að yfirsíldarmatsmaður skuli vera aðeins einn. Ég lít svo á, að ekki sé hægt að búast við, að við matið náist svo mikið eftirlit, að hægt sé að búast við fullum árangri, þegar yfirmatsmaðurinn er ekki nema einn. En ég lít þó svo á, að þessi hugmynd um einn yfirsíldarmatsmann, sem ætlað er að ferðast á milli síldveiðistöðvanna, eigi þó í sjálfu sér við nokkur rök að styðjast. Það atriði býst ég því við, að hefði verið hægt að laga milli deilda, ef um það hefði verið að ræða. En þegar nú jafnmikið ber á milli og hér gerir, þá er það ofurskiljanlegt, að sjútvn. Ed. hafi komið fram með brtt., og gátum við auðvitað ekki komið með þær öðruvísi en þær voru síðast fram bornar í Ed., enda get ég lýst yfir því, að við sáum ekki nokkra minnstu ástæðu til að draga neitt úr þeim.

Ég geri ráð fyrir, að ég sé nú búinn að lýsa því svo vel fyrir þingheimi, í hverju ágreiningurinn er fólginn, og að hv. þm. sé orðið svo ljóst, hvað milli ber, að þeir geti nú gert sér grein fyrir, hvora leiðina

sé heppilegra að velja í þessu máli. Ég tel, að við sjútvnm. í Ed. og Ed. öll, sem má segja að standi að þessum brtt. — ég hygg, að það hafi verið eitt atkv., sem ekki var með þeim — höfum þá gert síðustu tilraun til lagfæringar á þessu máli. Ennfremur get ég lýst yfir því fyrir mína hönd, að færi svo, að brtt. okkar nái ekki samþykki, mun ég greiða atkv. á móti frv. eins og það liggur fyrir. Um afstöðu meðnm. minna þá, skal ég ekkert segja. Ég hefi ekki umboð til þess. En afstöðu mína byggi ég á því, að ég tel, að það sé eins gott að hafa ekkert mat eins og að hafa þetta mat, sem ég tel kák eitt. En ég byggi líka afstöðu mína á öðru, sem sé því, að ég hefi mikinn grun um, að sú stefna sjútvn. Nd., sem kemur fram í frv., sé fram komin fyrir ákafa einstakra manna, sem ekki eru óvilhallir í málinu. Og mér er kunnugt um, að sömu menn eru til með að hafa ekkert mat. Og ég verð að segja fyrir mig, að ef ekki er hægt að koma matinu í það horf, að vænta megi, að trygging sé fyrir því, að þessi vara sé svo ábyggilega góð verzlunarvara, að menn geti selt hana eftir íslenzku matsvottorði, þá er eins gott að hafa ekkert mat og engin vottorð, nema vottorð hreppstjóra um það, að varan sé íslenzk framleiðsla og forsvaranleg verzlunarvara, eins og gilt hefir hingað til. Því ég er fullviss um það, að það líða ekki mörg ár þangað til þeir, sem mikið eiga í hættu við þennan atvinnuveg, koma til þingsins og segja: Við viljum fá mat á síldina. Og ég vænti, að löggjafarþing okkar verði alltaf svo skipað, að það bregðist vel við þeirri kröfu, og að þessi vara verði ekki íslenzku þjóðinni það harmabrauð í framtíðinni, sem hún hefir verið henni hingað til.

Sveinn Ólafsson: Hv. frsm. sjútvn. Nd. er hér ekki nærstaddur, og verð ég því að hlaupa í skörðin fyrir hann og minna lítillega á þetta mál.

Þessi ágreiningur, sem orðinn er deildanna á milli um síldarmatið, er nú upplýstur af hv. frsm. sjútvn. Ed., og hefir hann skýrt rétt og öfgalaust frá því, hvað á milli ber. En það, sem verulega skiptir máli í þessu sambandi, og það, sem gerir hinn verulega stefnumun hjá sjútvn. deildanna, er það, að n. í Nd. lítur svo á, að dauði bókstafurinn, sem gilt hefir frá 1919 eða lengur um mat á nýveiddri síld, sé ekki til þess fallinn að binda sig lengur við hann. Það hafa aldrei verið rækt fyrirmæli þessara laga frá 1919 um mat á nýveiddri síld, nema á stöku stað. Það hefir ekki verið hægt að rækja þau nema á stöku stað. Það segir sig sjálft, að veiðimenn, sem dreifðir eru um mörg hundruð mílna langa strönd, geta ekki kallað á matsmenn í hvert sinn, sem bátur kemur að landi með nýja síld og vill salta hana. Þetta er aðeins framkvæmanlegt þar, sem mikið berst að á einn stað, og hefir ekki heldur verið framkvæmt nema þar, ef þá nokkurstaðar nema að yfirvarpi.

Hitt er augljóst, að ef síldarmat á að fyrirskipa hér og það á að fá nokkurt gildi fyrir útflytjendur og álit útlendra kaupenda á síldinni að byggjast á því — ef vér eigum þannig að eignast öruggt mat, þá er ekki um annað að ræða en útflutningsmat. Það þýðir ekkert að segja útlendum kaupanda, að litið hafi verið á síldina áður en hún var söltuð, og þá hafi hún verið góð vara eftir áliti íslenzkra síldarmatsmanna. Það segir sig sjálft, að þó að síld sé af beztu tegund, þegar hún er söltuð, þá getur hún verið orðin óbrúkleg vara eftir 3 eða 4 vikur, ef ekki hefir verið með hana farið eins og átti við.

Nú er það svo, að sjútvn. beggja d. ber saman um það, að útflutningsmat þurfi að vera. Þó mun n. í Ed., eins og sést á þeim brtt., sem hún flytur á þskj. 719, ekki líta svo á, að það þurfi að vera í öllum tilfellum, því hún gerir ráð fyrir útflutningsmati á síld, þegar yfirmatsmaður **telur þess þörf.** En það er í mesta máta vafasamt, að yfirmatsmaður geti úr því skorið öðruvísi en með hárnákvæmri skoðun, hvort síldin sé góð vara þegar hún er send úr landi. Því þótt ætlazt sé til, að síldin sé söltuð undir eftirliti matsmanns, þá er vitanlegt að ekki getur hann alstaðar nálægur verið meðan á söltun stendur, og ekki er heldur hægt að vita, hvað varan kann að líða við hirðuleysislega umgengni og meðferð eftir á og áður en hún er flutt á skipsfjöl. N. í Nd. leggur því aðaláherzluna á útflutningsmat á síld og telur, að það sé það eina mat, sem

nokkuð verði á byggt. Hún gerir að visu ráð fyrir, að meðan síld er flutt út og geymd undir eftirliti síldarmatsmanna, þá þurfi ekki að rífa upp úr nema fáum tunnum, svo sem 4—6 við útskipun, af hverju hundraði, því síldarmatsmenn muni hverju sinni geta aflað sér upplýsinga um það, hve vel síldin hafi verið hirt. En jafnframt ætlast hún til, ef síldarmatsmaður hefir orðið var við misfellur í meðferð síldarinnar, að þá verði rannsóknin ýtarlegri.

Um þetta má vitanlega deila, og má vel vera, að reynslan verði fyrst að skera úr um það, hvort nauðsynlegt er að fara frekar út í að skoða síldina en n. í Nd. leggur til. En það verð ég að benda á, að það er einmitt þetta, sem jafnan hefir dugað bezt, að eigendurnir hafi hitann í haldinu vegna sinna eigin hagsmuna. Og þeir eiga mest á hættu, ef síldin er skemmd, og verður þetta því til þess, að þeir gera það, sem þeir geta, til þess að síldin verði góð útflutningsvara, og munu ekki vegna þessara sinna eigin hagsmuna vanrækja að fara eftir settum reglum um meðferð síldarinnar, þegar þeir geta ekki skotið skuldinni á aðra, ef illa fer.

Nú var um fjölda ára útflutningur á síld héðan áður en lögskipað var síldarmat, og ég er ekki viss um, að það hafi verið verulega betur hirt um síldina eða hún notið meira álits þann tíma, sem síldarmat hefir verið í lögum, en áður. Þann tíma, sem lögskipað hefir verið að meta alla síld, hafa einmitt komið fyrir stóróhöpp við síldarsöltun, heilir farmar skemmzt svo, að þeir hafa orðið lítt nýtir og óseljanlegir, svo sem 1919. Það hefir sjálfsagt líka stundum stafað af því, að ekkert eftirlit hefir verið haft með síldinni frá því saltað var og stundum um of byggt á fersksíldarmati.

Þessi ágreiningur milli n. er í raun og veru ekki sérstaklega róttækur, og skal ég ekki þrátta lengi um hann, en verð þó að minna á það, að ýmsar af matsskyldum vörum, sem út eru fluttar, svo sem ull, fiskur og fleiri vörur, eru alls ekki metnar fyrr en þær eru sendar. Um þær gildir því útflutningsmat. Það væri líka þýðingarlaust að hafa á þeim mat í öðru skyni en að sanna, að það séu góðar vörur, þegar þær eru fluttar á skipsfjöl. Það mundi ekki verða talið nægja, þó vottorð segðu, að þetta hefðu einu sinni verið góðar vörur, ef þær væru það ekki, þegar þær væru afhentar til markaðar.

Hv. frsm. n. í Ed. benti á það í ræðulok, að þessi stefnumunur, sem fram hefir komið milli sjútvn. Nd. og Ed., mundi að líkum vera að kenna áhrifum einhverra utannefndarmanna, sem ekki væru óvilhallir í þessu máli. Ég skildi þetta ekki fyllilega og skil það ekki ennþá. Ég veit ekki um neitt þvílíkt, og það hefir alls ekki neinn undirróður eða nein launmál átt sér stað um þetta mál við n. í Nd. Og ég get sagt það fyrir mig og meðnm. mína, að við lögðum í þetta mál mikla vinnu og unnum að því í eindrægni og af alúð; veit ég líka vel, að enginn utan n. hefir haft áhrif á úrslit málsins í n. Ég held, að fyrir öllum vaki það að ná æskilegasta og bezta takmarkinu í þessu máli. En það er eðlilegt, að menn greini á um leiðirnar að takmarkinu. N. í Nd. byggir ekki á mati á nýveiddri síld og álítur að það hafi ekki veruleg áhrif á sölu hennar á útlendan markað, en matið er hinsvegar geysilega umfangsmikið, og er vitað, að þetta fersksíldarmat hefir verið stórlega vanrækt undanfarið.

Skal ég svo ekki fjölyrða frekar um þessi atriði. Ég vil vona, að allir hv. þm. hafi fylgzt svo vel með þessu máli og kynnt sér það svo vel, að það sé óþarft að vera að þrátta um það lengur; get ég því látið þessa deilu niður falla af minni hálfu, enda eru hér menn, sem eru miklu kunnugri því en ég, hvað henta muni bezt á þessum tíma, þótt ég hafi reyndar nokkuð fengizt við síldarsöltun og kynnzt henni um 50 ár.

Guðbrandur Ísberg: Hv. 1. þm. S.-M., form. sjútvn. Nd., hefir nú hlaupið í skarðið fyrir hv. frsm. n., sem er veikur, og svarað mestu af því, sem hv. 2. þm. S.-M. sagði og svara þurfti. Ég vil þó drepa á fáein atriði.

Ég vil þá fyrst benda á, að þegar fersksíldarmat var ákveðið með l. frá 1919, þá stóð allt öðruvísi á í síldarmálunum en nú. Þá var mjög mikið gert að því að selja síld manna á milli hér innanlands. Hún hafði þá oft verið í margra manna höndum áður en hún kom erlendum kaupend-

um í hendur. Undir þessum kringumstæðum er það mjög skiljanlegt, að menn hafi viljað hafa fersksíldarmat, þegar sá maður, sem fyrst saltaði síldina, gat talið sig góðan, ef hann losnaði við hana svo fljótt, að skemmdir gætu ekki verið komnar í ljós, því hann var þá laus við alla ábyrgð.

Annað, sem mun hafa ýtt undir fersksíldarmatið, var það, að á stríðsárunum voru oft seldir heilir farmar af síld gegn vottorðum hérlendra manna, því þeir erlendu menn, sem keyptu síldina, áttu þá ekki hægt um vik að koma hingað sjálfir og skoða hana og gátu því ekki séð hana fyrr en þeir voru búnir að veita henni móttöku erlendis.

Nú er þetta mjög mikið breytt. Í byrjun starfstíma einkasölunnar var talið, að íslenzk síldarmatsvottorð væru alveg gagnslaus, vegna þess að erlendir kaupendur annaðhvort skoðuðu síldina sjálfir hér heima áður en hún var afhent eða sömdu svo um, að síldinni yrði ekki veitt móttaka fyrr en eftir skoðun erlendis. En venjulega skoðuðu þeir hana hér heima. Mat undir þessum kringumstæðum var því alveg þýðingarlaust og gagnslaust. Þá kostaði það 13 aur. á tunnu. Í tíð einkasölunnar fór matinu ekki fram, en frá því að kosta 13 aur. á tunnu áður en einkasalan hófst komst það upp í að kosta yfir 40 aur. á tunnu síðastl. ár. Að því leyti var um framför eða afturför í matinu að ræða, eftir því sem menn nú vilja orða það. En að flestra dómi, sem til þekktu, var síldarmatið miklu lakara í lok einkasölutímans en verið hafði í byrjun hans og næstu ár á undan.

Hv. 2. þm. S.-M. gerði samanburð á fiskmati og síldarmati. Ég tel ekki rétt að lina neitt á kröfunum um mat á fiski, því kaupendurnir taka fullt tillit til þess og verður það því að teljast nauðsynlegt. En kaupendur síldarinnar taka ekkert tillit til þeirra vottorða, sem henni fylgja, vegna þess meðfram, að síld er vara. sem geymist miklu ver en saltfiskur. Ef eitthvað er skemmt af henni, þegar hún er söltuð, getur það valdið stórkostlegum skemmdum í allri síldinni síðar.

Nú má enginn halda, þó ég geri mun á fiski og síld, miðað við það ástand, sem nú er, að ég álíti að við eigum að leggja árar í bát og hætta að vanda síldina sem vöru og meta hana. Nei, þvert á móti leggur sjútvn. til, að síldin verði metin til útflutnings. En n. vill láta útflutningsmat nægja, því það er það, sem síldarkaupendurnir leggja alla áherzluna á.

Nú er svo komið, að það má telja víst, að það verði engir milliliðir milli framleiðendanna og hinna erlendu kaupenda. Það getur því ekki orðið um neitt brask með síld að ræða hér innanlands, og þess vegna bera framleiðendurnir sjálfir alla ábyrgð á því, að sú síld sé góð, sem þeir selja, og það er nægilegt aðhald fyrir þá til að hafa síldina góða.

Í þessu sambandi vil ég minna á, að Skotar, sem um mjög langt skeið hafa verkað síld til útflutnings, hafa ekkert skyldumat á síld. Mjög mörg þeirra eldri firmu, sem búin eru að fá gott orð á sig, selja sína síld alveg ómetna; þau hafa að vísu sína eigin matsmenn, og eins mun það verða hér. Þau láta sína eigin menn gæta þess, að varan sé góð og að það sé aðeins söltuð óskemmd síld, og kaupandinn lætur sér þetta nægja, þegar gömul og þekkt firmu eiga í hlut. En yngri firmu verða að snúa sér til matsmanna á meðan þau eru að vinna sér álit.

Ég held, að það væri ekki úr vegi að taka upp sama fyrirkomulag hér og knýja með því framleiðendurna sjálfa til að vanda sem bezt vöruna. Þess vegna hefir sjútvn. Nd. lagt áherzlu á útflutningsmatið, að hún telur, að með því fáist betri vöruvöndun. En samt sem áður álít ég það ekkert vandræðamál, þó frv. verði fellt og engin lög séu til um mat á síld næsta ár. Það er í raun og veru engin breyt. frá því, sem verið hefir, að öðru en því, að síldarsaltendur sjálfir velja sér þá matsmenn til að sjá um, að varan verði góð, því þeir eiga allt á hættu, ef illa tekst til. Og hinir erlendu kaupendur munu á þessu ári skoða síldina eins og undanfarið, hvort sem hún er metin af matsmönnum, skipuðum af ríkinu eða ómetin sem kallað mundi verða, en þó í raun og veru metin af trúnaðarmönnum síldareigendanna, sem allt ættu undir því, að varan reyndist góð.

Það er aðeins að einu leyti óheppilegt, ef ekki er hægt að ráða þessu máli til lykta nú. Í lögum, sem samþ. voru í fyrra

um endurgreiðslu á tolli af síldarkryddi, er byggt á því, að til séu lögskipaðir matsmenn. En vitanlega má útnefna matsmenn, þó þeir séu ekki skipaðir, eins og í þessu frv. er gert ráð fyrir.

Jakob Möller [óyfirl.]: Hv. þm. Ak. sagði, að síldarmatið hefði fyrst verið lögskipað 1919, en þetta er ekki rétt, það var gert 1911, en svo var þeirri löggjöf breytt. Ástæðan til þess var sú, að veiðiaðferðir breyttust. Menn fóru að veiða síld í stórum stíl í snurpinætur, svo að þá lentu oft mörg hund. og jafnvel þús. tunnur saman í eina kös. Við það jókst mjög hættan á því, að síld skemmdist. Þetta var ástæðan til þess, að mat á nýrri síld var lögskipað.

Þetta mat er ekki fyrirskipað vegna einstakra saltenda, heldur vegna heildarinnar, vegna álitsins á þessari vöru út á við. Það er sett því til tryggingar, að ekki sé söltuð eða seld sú síld, sem frá upphafi hefir verið óhæf til söltunar, en sú trygging fæst ekki nema með mati á síldinni nýrri, vegna þess að mest af síldinni er flutt út, þegar hún hefir legið örfáa daga í salti, og þá er útflutningsmat þýðingarlaust, af því að þá sjást ekki þær skemmdir, sem kunna að vera í henni og eru komnar í ljós eftir þá 20 daga, sem tilskipað er, að skuli líða frá söltun og þar til útflutningsmat fer fram.

Hv. þm. sagði, að saltendur síldarinnar mundu sjá sinn hag í því að hafa vöruna góða og því ekki salta nema óskemmda síld. Þetta kann að vera rétt í sumum tilfellum, en það er þó engin trygging fyrir kaupendur, því að þótt sumir kunni að vera svo samvizkusamir, að þeir salti ekki nema góða síld, þá er samt hætt við, að aðrir verði svo kærulausir, að þeir fyrir ímyndaðan stundarhagnað salti og selji síld, sem er skemmd. Þetta er það, sem á að fyrirbyggja með nýsíldarmatinu.

Sannleikurinn í þessu máli er sá, að ef nokkur eftirspurn er á síld, þá er hún flutt héðan til útlanda áður en hún er búin að liggja 20 daga í salti og getur því ekki komizt undir útflutningsmat. En ef síldin er ekki flutt út fyrr en hún hefir legið svo lengi í salti, að framkvæma megi útflutningsmat, þá stafar það af því, að þá er eftirspurnin að minnka. Er þá líklegt, að einmitt sú síld, sem útflutningsmatið hefir farið fram á, verði alls ekki seld, því að þá er markaðurinn yfirfylltur. Þetta mat, sem sjútvn. Nd. byggir allt á, er því þýðingarlaust. Má þess vegna alveg eins fella frv., því að þetta mat eins og Nd. vill hafa það kemur aldrei til með að hafa neina praktiska þýðingu.

Það verður mjög mikið vart við þann misskilning hjá mönnum, að síldarmatið sé sett til að bæta aðstöðu hvers einstaks síldarsaltanda. En það er ekki meiningin. Það er sett því til tryggingar, að sem mest almennt gagn verði af þessum atvinnuvegi. Það er sett til að tryggja það, að einstakir menn misnoti ekki aðstöðu sína til að salta og selja skemmda síld, þessum atvinnuvegi til tjóns.

Hér hefir mat á fiski verið tekið til samanburðar, en þar er tvennu ólíku saman að jafna. Þegar fiskur er metinn til útflutnings, þá sjá allir þær skemmdir, sem á honum kunna að vera. Með síldina er öðru máli að gegna. Þó að síldin sé farin að skemmast áður en hún er söltuð, þá kemur það ekki nærri því strax í ljós, og þá er það afarmikil freisting fyrir síldarsaltendur að salta hana og selja þannig, af því að hún getur ekki heldur komið undir mat áður en hún er flutt út. Svo er líka annað, að síldinni er miklu hættara við skemmdum heldur en fiski, bæði undan og eftir söltun.

Þá er og þess að gæta, að þótt síldin sé óskemmd, þá getur hún verið þeim annmörkum háð, að hún sé ósöltunarhæf. Hún getur verið svo mögur eða svo full af átu, að hún sé óhæf til söltunar. Þetta allt þarf að athuga, svo að ekki komi síld á markaðinn, sem er gersamlega óhæf til sölu, því að það verður framar öllu öðru til að eyðileggja þennan atvinnuveg.

Það er yfirleitt svo, að þegar þannig á að taka fram fyrir hendurnar á mönnum um þeirra framkvæmdir, þá rís mikil andúð gegn því. Menn hugsa þar mest um sinn eiginn hag, en minna um hag heildarinnar. Alþ. verður því að koma hér til skjalanna og sjá málinu borgið á þann hátt, sem þessum atvinnuvegi í heild sinni er fyrir beztu. Ef þingið vill ekki falla frá því, að eftirlit þurfi að vera með þessum atvinnuvegi, þá á það að

samþ. lög eins og þau, sem sjútvn. Ed. leggur til, en láta sér ekki nægja það málamyndarmat, sem sjútvn. Nd. vill hafa, því að það hefir enga þýðingu fyrir verzlun með þessa vöru.

Guðbrandur Ísberg: Mér var vel kunnugt um það, að lög um síldarmat voru til eldri en frá 1919, en ég miðaði við heildarlögin, sem voru sett 1919, en numin úr gildi með einkasölulögunum 1928.

Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að við vildum fella síldarmatið niður. Það er alveg rétt, við viljum fella það niður sem skyldu. En við gerum ráð fyrir, að nýsíldarmat megi framkvæma hjá þeim síldarsaltendum, sem óska þess. Nú er það svo, að margir af þeim, sem líklegastir eru til að salta síld á næsta ári, eru gamlir síldarútgerðarmenn, sem eru þekktir erlendis. Ef þeir geta selt sína síld án þess að mat fari fram, þá er það af því, að þeir hafa tiltrú kaupendanna. Það má telja víst, að þeir, sem þekktir eru að vöruvöndun, gætu með tímanum selt sína síld ómetna, eins og Skotar. Aftur má búast við, að þeir sem ekki hafa selt síld áður, verði að láta meta sína síld, og þá eiga þeir eftir okkar till. ekki aðeins að geta fengið til þess lögskipaða matsmenn, heldur á útflutningsmat að vera skyldukvöð, sem enginn kemst undan.

Ég benti á það áðan, að fersksíldarmatið, sem framkvæmt hefir verið að undanförnu, hefir alls ekki verið tekið gilt af útlendum kaupendum. Þeir hafa, auk þess sem þeir hafa skoðað síldina, þegar þeir tóku á móti henni, haft menn á stærstu síldveiðistöðvunum, sem hafa fylgzt með allri meðferð síldarinnar frá því hún kom í land. Þeir treystu ekki íslenzka matinu betur en þetta og var það kannske ekki að undra, því að margir af matsmönnum höfðu aldrei að síld komið áður og voru því með öllu óhæfir til að leysa þetta starf af hendi. Mér er kunnugt um, að sumir þessara manna voru skólapiltar, sem aldrei höfðu fyrr á æfi sinni komið að síld. Það má vera, að þeim hafi fljótlega lærzt að þekkja skemmda síld frá óskemmdri, en allir sjá, hve mikil trygging slíkt er fyrir vöruvöndun, að nota óvana menn við matið.

Það mun vera svo, að hv. þm. hafi nú tekið afstöðu til þessa frv., og er ekki annað líklegra en að frv. verði fellt, og þykir mér það illa farið. Ég mun samt ekki sjá mér fært að greiða atkv. með þeim brtt., sem komið hafa fram frá Ed., og verður því að skeika að sköpuðu um það, hvort frv. verður samþ. eða ekki.

Jakob Möller [óyfirl.]: Hv. þm. Ak. sagði, að það væri ekki meiningin að fella niður fersksíldarmatið nema sem skyldumat. En með því að fella það niður sem skyldumat er burt numin öll sú þýðing, sem þetta mat getur haft, því að þeir, sem biðja um mat á sína síld, eru það samvizkusamir, að þeir geta vel gætt þess sjálfir, að síldin sé óskemmd hjá þeim. Matið er til orðið vegna þeirra manna, sem líklegir væru til að selja skemmda vöru, en eftir till. sjútvn. Nd. eiga þeir, einmitt þeir, sem helzt þarf að líta eftir, að geta sloppið við allt mat.

Hv. þm. talaði um það, að fersksíldarmatið væri ekki tekið gilt af útlendingum. Það hefir ekki heldur dottið neinum í hug, að það ætti að verða tekið gilt sem útflutningsmat. Það á bara að tryggja, að síldin sé ekki skemmd, þegar hún er söltuð. En ég get sagt hv. þm. það, að útflutningsmatið er stundum ekki tekið gilt heldur. Það hefir oft komið fyrir, að útlendingar hafa keypt síld, sem var úrskurðuð góð, þegar hún var flutt út, og síðan fengið erlenda matsmenn til að skoða hana, og þá hefir hún verið dæmd óhæf sem verzlunarvara. Við erum því engu nær, þó að við höfum þetta ágæta útflutningsmat, sem hv. þm. mælir svo mikið með. Sannleikurinn er sá, að þegar mikið berst að af síld og verð fer lækkandi, þá leita kaupendur allra ráða til að losna við gerða samninga, þ. á. m. að fá matsmenn í sínu heimalandi til að meta síldina óhæfa verzlunarvöru, í þeirri von, að þeir geti komizt síðar að betri kaupum.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Mér virðist þessu máli þannig komið, að til allmikilla vandræða horfi fyrir síldarútgerðina á komanda sumri. Sá ágreiningur, er upp hefir risið milli sjútvn. Ed. og Nd., er út af fyrir sig ekki mik-

ill, en þó lítur helzt út fyrir, að hann verði til þess, að engin lög um síldarmat verði afgr. frá þessu þingi, þar sem þingsköp mæla svo fyrir, að í Sþ. þurfi ⅔ hlutar alls þingheims að vera frv. fylgjandi til þess að það verði lögfest.

Mér virðist út frá minu leikmannssjónarmiði, að talsverð vandræði geti hlotizt af þessu fyrir þennan atvinnuveg, þegar á heildina er litið. Það hlýtur að verða þessari atvinnugrein til skaða, ef þetta frv. verður fellt og engar hliðstæðar ráðstafanir verða gerðar af hálfu þess opinbera til að reyna að tryggja sölu þessarar vöru, með því að hafa á henni opinbert mat. Það þarf ekki annað en að benda á það, hver áhrif það hefði á álit manna á þessum atvinnurekstri, ef niður yrði fellt að mestu eða öllu leyti það eftirlit, sem haft hefir verið með útflutningi þessarar vöru. Það er enginn vafi, að það mundi verða til hins mesta ógagns fyrir þennan atvinnuveg i heild i framtíðinni, þó að einstakir menn kynnu að hafa eitthvað upp úr því i bili. Ég álít því, að það sé óforsvaranlegt af Alþ., ef það afgr. ekki einhver lög um þetta, sem veita mönnum þó einhverja tryggingu í þessu efni.

Ég skal játa, að ég hefi ekki mikla aðstöðu til að gera upp á milli skoðana Ed. og Nd. í þessu máli. En þó liggur nærri að hallast frekar að till. Ed., af því að hún byggir till. sínar á þeirri reynslu, sem fengin er, og skoðunum þeirra manna, sem kunnugastir eru þessum málum. Það skipulag, sem n. í Nd. stingur upp á, er aftur á móti nýtt og engin reynsla fengin fyrir því. Og þar sem við verðum að ganga út frá því, að mat á síld eigi að fara fram eins og á öðrum útflutningsvörum, þá finnst mér, að þeir, sem stinga upp á þessu nýja skipulagi, verði að sætta sig við að láta það gamla skipulag standa, meðan það nýja hefir ekki fengið nægilegt fylgi, en taka málið þá upp af nýju á næsta þingi og reyna þá að vinna þessum nýju kenningum sínum fylgi.

Þetta er það, sem ég vil biðja hv. þm. að athuga. Alþ. má með engu móti skjóta sér undan þeirri skyldu og ábyrgð, sem á því hvílir í þessu efni. Það má alls ekki skiljast svo við þetta mál, að engin matslög séu til þessum atvinnuvegi til styrktar.

Guðbrandur Ísberg: Hæstv. forsrh. lagði áherzlu á það, að sjútvn. Nd. hefði enga reynslu á bak við sínar till. Þetta er alveg rétt, og ég get líka viðurkennt, að það liggur reynsla á bak við till. sjútvn. Ed. En hvernig er þá sú reynsla? Það hefir verið framkvæmt svo kallað nýsíldarmat, en hvað segja erlendir kaupendur um það? Þeir hafa það að engu, og þess vegna verður að skoða það sem algerlega gagnslaust.

Hæstv. ráðh. sagði ennfremur, að sjútvn. Ed. byggði á till. manna, sem væru mjög kunnugir þessum málum. Sjútvn. Nd. byggir líka á till. manna, sem ættu að vera þessu kunnugir, þar sem eru fyrrv. síldarmatsmenn á stærstu síldveiðistöðvum landsins. Hún byggir líka á till. ýmissa síldarútgerðarmanna, sem ættu að hafa fullkomna þekkingu á þessum málum. A. m. k. ættu síldarmatsmenn, sem við þetta missa stöðu sína og eru ekki útgerðarmenn, ekki að leggja þetta til af eigingjörnum ástæðum, því að þessi ráðstöfun væri þeim til tjóns, en ekki til hagnaðar. Ég vil því leyfa mér að halda því fram, að sjútvn. Nd. standi a. m. k. eins vel að vígi að því er snertir upplýsingar og álit kunnugra manna.

Ég geri ráð fyrir, að þetta mat verði framkvæmt að nokkru eftir sem áður, þó að það sé ekki skylda. Hygg ég, að það verði einkum nýgræðingar, sem óska eftir því, af því að þeir eru óþekktir af öllum síldarkaupendum, en eins og ég tók fram áður, þá geri ég ráð fyrir, að eldri síldarsaltendur, sem standa í föstu sambandi við erlenda kaupendur og eru þekktir að vöruvöndun, þurfi ekki matsins með. Ég byggi hér á reynslu Skota, sem hafa stundað þessa útgerð miklu lengur en við. Þeir hafa ekkert skyldumat, og þó er síld þeirra viðurkennd að vera góð vara. Það sýnir, að það er hægt að framleiða góða vöru án þess að hafa skyldumat. Afkoma framleiðendanna er komin undir því, að varan sé góð, og það er nóg aðhald. Auðvitað getur það komið fyrir, að einhver salti og selji síld, sem er ekki góð, en það yrði til þess, að sá maður þyrfti ekki að reyna að selja

síld oftar. Mér þykir því næsta ólíklegt, að menn fari að gera leik að því að útiloka sig þannig með öllu frá þessum atvinnurekstri.

Ég get tekið undir það, sem hæstv. forsrh. sagði, að það er leiðinlegt að geta ekki fengið samþ. nein lög hér á þingi um síldarmat, en hinsvegar tel ég það ekki skipta svo miklu máli, að það geti á neinn hátt orðið síldarútgerðinni að falli, því að vitanlega má taka málið upp á næsta þingi, og verður vafalaust gert. Þá er það aðeins næsta sumar, sem engin lög verða gildandi um síldarmat. Er ólíklegt, að mikil vandræði hljótist af því, þar sem líklegt er, að aðeins örfáir menn salti síld næsta sumar.

Ég get því ekki fallizt á að greiða till. sjútvn. Ed. atkv., en mun halda mér við frv. eins og Nd. afgr. það.

Jakob Möller [óyfirl.]: Hæstv. forsrh. sagði, að vandræði gætu hlotizt af, ef engin lög væru til um síldarmat. Ég sé satt að segja engan mun á því, hvort engin lög eru til eða þá að þetta frv. verði afgr. eins og Nd. gekk frá því, því eins og ég er margbúinn að sýna fram á og hv. þm. Nd. hafa ekki borið á móti, þá verður samkv. frv. Nd. í raun og veru ekkert mat framkvæmt.

Út af því, sem hv. þm. Ak. sagði, að það mundi máske geta hent óhlutvanda nýgræðinga við síldarútveginn að selja skemmda vöru, þá vil ég bara trúa honum fyrir því, að til þess gæti ég engu síður trúað gömlum síldarspekúlöntum heldur en nýgræðingum í þeirri atvinnugrein.

Sveinn Ólafsson: Ég ætla ekki að tefja málið frá því að koma til atkv. innan stundar og skal ekki flytja langa ræðu. Það má heita, að öllum þeim, sem talað hafa í þessu máli, hafi komið saman um það, að lögskipaða matið, sem gilt hefir og farið fram á síldinni undanfarið, hafi að litlu eða engu haldi komið. Spurningin, sem fyrir liggur, er þá aðeins um það, hvort hægt sé að láta fara fram það mat á síld hér á landi, sem kaupendur síldarinnar erlendis bera traust til. Ég get ekki álitið, að það markmið náist með því, að mat sé látið fara fram á nýrri síld, af þeirri einföldu ástæðu, að það veitir enga tryggingu fyrir því, að síldin sé góð vara þegar hún kemur á markaðinn. Þetta er búið að staðhæfa oft í umr. Eins og tekið hefir verið fram, er skoðanamunurinn á milli sjútvn. Ed. og Nd. innifalinn í því, að sjútvn. Nd. kannast ekki við, að þetta málamyndamat, sem gert er ráð fyrir á nýveiddri síld, hafi neina þýðingu eða hafi komið að liði áður, né heldur muni gagn gera; en hinsvegar er augljóst, að það hefir mikinn kostnað í för með sér. Og það gegnir hinni mestu furðu, að sjútvn. Ed. vill fórna helmingi meira fé til síldarmatsmanna vegna fersksíldarmats heldur en sjútvn. Nd., með ráði kunnugra manna, telur nauðsynlegt að greiða úr opinberum sjóði. Það er augljóst mál, að ef ætti að framfylgja þeirri firru að meta alla nýveidda síld, þá þyrfti a. m. k. um 150 síldarmatsmenn, ef nokkur trygging ætti að vera fyrir því, að slíkt mat yrði ekki dauður bókstafur. Ég verð að taka undir það með hv. þm. Ak., að það væri ekki stór skaði skeður, þótt mat á nýveiddri síld félli niður um eitt ár eða svo, og þó að síldarútflytjendur fengju þá jafnvel að reyna sig á því að flytja síldina ómetna á erlendan markað og á eigin ábyrgð. Það er öllum vitanlegt, að matið hefir verið að engu haft undanfarið af útlendum síldarkaupendum, a. m. k. fersksíldarmatið, og þess vegna er rétt að sjá, hvað við tekur, ef það verður fellt niður.

Frsm. sjútvn. Ed. (Ingvar Pálmason): Það stendur svo á, að brtt. á þskj. 719, frá sjútvn. Ed., heyra allar saman sem ein heild, og leiðir þar hver af annari. Þess vegna verður að samþ. þær allar eða enga, og má því bera þær upp í einu lagi.

Forseti (EÁrna): Það er rétt, sem hv. frsm. sjútvn. Ed. segir, að annaðhvort verður að samþ. allar brtt. eða enga. En þó er tæplega hægt að bera þær allar upp í einu lagi, og vil ég fyrst sjá, hvernig atkvgr. fer um 1. lið brtt., og ber ég hann fyrst upp til atkv.

ATKVGR.

Brtt. 719,1 samþ. með 24:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngB, IP, JakM, JBald, JónJ, JónasJ, LH, MT, PH, StgrS, TrÞ, VJ, ÁÁ, BJ, BSt, BSn, GÓ, GL, HStef, H-Steins, HJ, HG, HV, EÁrna.
nei: JAJ, JÓl, JónasÞ, JörB, MG, MJ, PM, PO, SvbH, SvÓ, ÞorlJ, BÁ, BKr, GÍ.

Fjórir þm. (JJós, JónÞ, ÓTh, EA) fjarstaddir.

Brtt. 719,2 samþ. með 23:11 atkv.
— 719,3 samþ. með 22:10 atkv.
— 719,4—7 samþ. með 21:9 atkv.

Frv., svo breytt, felldt með 13:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁÁ, BJ, BSt, BSn, BKr, GÓ, GL, H-Stef, HJ, HG, IngB, IP, JakM, J-Bald, JónJ, JónasJ, JónasÞ, MT, PH, PM, StgrS, TrÞ, EÁrna.
nei: BÁ, GÍ, HSteins, JAJ, JÓl, JörB, LH, MG, MJ, PO, SvbH, SvÓ, VJ.

HV, ÞorlJ greiddu ekki atkv.

Fjórir þm. (EA, JJós, JónÞ, ÓTh) fjarstaddir.

Frsm. sjútvn. Ed. (Ingvar Pálmason): Ég tók ekki eftir því, að þessir tveir hv. þm., sem ekki greiddu atkv. um frv., gerðu neina grein fyrir atkv. sínu, en það er þeim skylt að gera, ekki sízt ef örlög frv. velta á þeim.

Forseti (EÁrna): Úrslit málsins velta ekki á þeim. Þó að þeir hefðu greitt atkv. með frv., þá var það ekki nóg til þess að það yrði samþ.

Héðinn Valdimarsson: Ég hefi ekkert á móti því að rökstyðja afstöðu mína í þessu máli, og hún var þannig, að ég gat fremur fylgt brtt. en frv. eins og það lá fyrir, en þrátt fyrir það var ég ekki ánægður með það eftir að búið var þó að breyta því. Þó að það sé e. t. v. nokkuð seint fram borið, þá óska ég eftir því, að hæstv. forsrh. geri grein fyrir því, hvers vegna hann greiddi ekki atkv. í fimmtardómsmálinu. Ætti honum ekki að vera síður skylt en öðrum þm. að gera grein fyrir atkv. sínu.

Forseti (EÁrna): Þessa atkvgr. þarf ekki að ræða, því að eins og ég áður tók fram, þá hafði það engin áhrif á úrslit málsins, hvort þessir 2 þm. voru með því eða móti. Meðferð málsins er því lokið.

13. Verðtollur (frv. PO og BÁ).

Á 26. fundi í Nd., 11. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 47, 15. júní 1926, um verðtoll (þmfrv., A. 157).

Á 30. og 32. fundi í Nd., 16. og 18. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Nd., 21. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Pétur Ottesen): Það er gerð grein fyrir tilgangi þessa frv. í þeim ástæðum, sem því fylgja. Ég sé því ekki ástæðu til að fjölyrða um frv. að svo stöddu, en legg aðeins til, að því verði vísað til fjhn. að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 62., 64. og 66. fundi í Nd., 28. og 30. apríl og 3. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Nd., 4. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 157, n. 343, 354, 613).

Frsm. meiri hl. (Halldór Stefánsson): Ég stend upp til að minna á það, að meiri hl. fjhn. hefir ákveðið að mæla með þessu frv. Meiri hl. hefir getað fallizt á þá meginstefnu og hugsun, sem frv. er byggt á, sem er annarsvegar það, að styðja innlenda framleiðslu, og hinsvegar að nota innlenda framleiðslu sem ýtarlegast til eigin þarfa. Þetta gera aðrar þjóðir líka meira nú en nokkru sinni áður. Og það er blátt áfram sjálfsbjargar- og sjálfstæðismál fyrir okkur, að leggja nú sem mesta áherzlu á þessi atriði. Sá meiri hl., sem mælir með frv., vill þó ekki ganga svo langt í einstökum atriðum eins og hv. flm., sem sjá má á nál. hvað snertir það ákvæði frv. að auka

toll á grænmeti. Grænmeti er ódýr vara, samanborið við þyngd. Þungatollurinn af því er 6 aur. á kg. og sem verðtollur misjafnt, eftir því hver tegund grænmetis það er, er þungaskatturinn frá 20—25%. En till. okkar um niðurfelling grænmetis úr frv. er þó ekki eingöngu gerð vegna þess, að á því er hár tollur áður, heldur af því, að þetta er talin holl og góð vara, og af því, að ekki er heldur hægt að segja, að við séum komnir á það stig í ræktun grænmetis, að við fullnægjum þörfinni, eða að von sé um, að það verði gert fljótlega. Okkur þótti því ekki rétt að bæta 30% á 20—25% toll, sem fyrir var. Það hefði þá orðið ósambærilegt við allar aðrar vörur. Einn nm. hefir óbundið atkv. um einstök atriði, þó hann að öðru leyti geti mælt með frv. Á þskj. 354 flytur hann till. um að fella niður úr frv. prjónagarn. Á prjónagarni er nú þungatollur, 18 aurar á kg., en ætlazt var til, að við bættist 30% verðtollsauki.

Eins og kunnugt er, þá er nú sendur út meiri hluti hinnar íslenzku ullar, sem svo selst fyrir mjög lítið verð. Hinsvegar er aðstaða til að vinna úr henni allt það prjónagarn, sem við þurfum við, ýmist á heimilunum sjálfum eða í verksmiðjum innlendum. Má því segja, að ömurlegt sé að flytja mikið inn af þessari vöru. Hinsvegar verður að játa það, að sumt fólk er svo hégómlegt, að því þykir íslenzk ull ekki hæfa sér til klæðnaðar. Má því búast við, að það fólk kaupi prjónagarn frá útlöndum, þótt það sé hátt tollað. Þarf ekki að hlífast við að tolla það, þar sem sá tollur kæmi niður á hégómagirni manna, en ekki á brýnar nauðsynjar. Ég sé þó, að hv. flm. hefir þótt fulllangt gengið í þessu, því hann hefir borið fram miðlunartill. á þskj. 613, um 15% á prjónagarn, í stað 30%, og mætti a. m. k. ætla, að deildin vildi ganga svo langt, sem þessi miðlunartill. hv. flm. gerir ráð fyrir.

Ég hefi þá nokkurnveginn gert grein fyrir þessu máli frá hálfu n. og einstakra manna úr n. Býst ég ekki við, að ég þurfi að taka meiri þátt í umr. til meðmæla með frv., þar sem margir aðrir hv. þm. og þá fyrst og fremst flutningsmennirnir, munu vera fúsir til þess, ef ástæða er til.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Þetta frv., sem liggur hér fyrir, er liður í stefnu, sem er oft að skjóta upp höfðinu hér á Alþ., og er það mál alkunnugt og rökin fyrir því svo gömul, margupptuggin og þvæld á allan hátt, að við, sem ekki gátum fylgt þessu frv. í fjhn., töldum eiginlega enga þörf á að gefa út sérstakt nál. um það, vegna þess að við álitum nóg að gera bara grein fyrir, að við héldum við okkar fyrri skoðun á málinu og værum á móti því, sem hér er um að ræða.

Það má auðvitað lengi færa rök fyrir, að leiðinlegt sé, að ekki skuli vera hægt að láta innlenda framleiðslu ganga fyrir erlendri, og að það sé því rétt að vernda hina innlendu með svo og svo háum tollum eða algerðu banni á tilsvarandi erlendri framleiðslu. En rökin á móti því hafa verið og eru enn þau, að móti því kemur sú borgun, að varan verður dýrari og dýrtíðin eykst. Þetta er óhjákvæmilegt. Það væri æskilegt að finna upp eitthvert meðal til þess að sjá um, að menn gætu framleitt þessar vörur í landinu fyrir jafnt verð og þær útlendu eru, fluttar til landsins. En reynslan af öllum slíkum tollum verður sú, að varan hækkar, enda er það eina aðferðin, sem gerð er fyrir innlenda framleiðslu, að þeir, sem hana láta af hendi, geti fengið fyrir hana hærra verð; annað græddu þeir út af fyrir sig ekkert á þessu. Ég hygg, að það verði alltaf haldin veik röksemd fyrir slíkum tolli, að hægt sé að framleiða nóg af þessari og þessari vöru í landinu, því að þessi takmörk má alltaf færa út. Það eru a. m. k. mjög margar vörur, sem hægt er að framleiða í landinu sjálfu, ef það má bara selja þær fyrir það verð, sem þarf til þess að framleiðslan borgi sig. Við gætum t. d. verndað innlendan eldspýtnaiðnað, ef við legðum nógu háan toll á erlendar eldspýtur. Þá mundi maður að síðustu fá svo hátt verð fyrir innlenda framleiðslu, að hægt væri að búa þær til í landinu. Það er vandi að segja, hvar á að nema staðar í þessum efnum. Það hefir verið til sú stefna með ýmsum þjóðum, að koma á þennan hátt upp nýjum iðngreinum, beinlínis á kostnað landsmanna. Þessi stefna hefir verið uppi í Bandaríkjum N.-Ameríku, enda fyrst tekin þar upp. Er það eitt af aðaldeilu-

málum meginflokkanna þar í landi, hvort þetta skuli gert eða ekki. Ég vil ekki líkja svona smávegis aðgerðum við beina verndartollastefnu, en hún styðst þó við sömu röksemdir; hún er angi af hinu sama. Ég ætla ekki að tala um það í þessu sambandi, hvað hér er oft hrein og bein hreppapólitík og eiginhagsmuna með í spilinu. Það kemur bezt í ljós, þegar farið er að tala um, hvað af hinni innlendu framleiðslu skuli vernda. Þá er hver höndin upp á móti annari. Skipasmiðirnir vilja láta tollvernda báta, bændurnir sínar afurðir, og þeir, sem setja upp verksmiðjur til að framleiða niðursoðna mjólk, vilja láta vernda niðursoðna mjólk. Má sjá þetta í grg. frv. Það er hér t. d. eitt atriði, sem ég, með leyfi hæstv. forseta, skal lofa mönnum að heyra: „Nú er um það bil að taka til starfa mjólkurniðursuðuverksmiðja í Borgarnesi". (PO: Hún er tekin til starfa). Jæja, ég býst við, að það sé ein ástæðan til þess að setja niðursoðna mjólk í hærri toll en nú er. Nú dettur mér ekki í hug að andmæla því, að það væri heppilegt, að hægt væri að koma upp slíkum atvinnurekstri og t. d. þessari mjólkurniðursuðuverksmiðju. Ég vil ekki amast við því; en spurningin er, hvort þeir, sem verða að neyta mjólkurinnar, eiga að bera kostnaðinn að meira eða minna leyti, í stað þess að láta styðja fyrirtækið af hinum sameiginlega sjóði landsmanna. Það hefir verið gert. Hið háa Alþ. hefir bætt í fjárl. nokkrum styrk til þess að koma á stað slíkum fyrirtækjum. M. a. hafa þessari Mjallarverksmiðju í Borgarfirði verið veitt nokkur verðlaun fyrir hvern kassa af niðursoðinni mjólk, sem hún hefir framleitt, og ég álít heppilegt að styðja þetta þannig, svo framarlega sem um heilbrigðan atvinnurekstur er að ræða að öðru leyti.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta frekar. Maður sáþreytist á að tala alltaf um þetta sama, en verður þó að gera það með nokkrum orðum í hvert skipti, sem slíkar till. koma fram.

Haraldur Guðmundsson: Ég og við Alþýðuflokksmenn munum greiða atkv. gegn þessu frv. Mér þykir rétt að benda hv. dm. á, að það fer nú eins og oftar svo, að einmitt í þeim málum, sem talin eru stefnumál flokkanna, bræðir Framsókn og Íhald sig mjög innilega saman. Þeir sessunautarnir, hv. þm. Borgf. og hv. þm. Mýr., sem teljast sinn úr hvorum flokki, gerast nú samflm. að þessu frv. Um íhaldsmanninn er ekkert sérstakt að segja í þessu sambandi. Það er í samræmi við stefnu hans flokks að afla ríkissjóði sem mestra tekna með tollum á vörum, hvort sem þær eru nauðsynlegar eða ekki. Hinsvegar hefir Framsóknarflokkurinn það á stefnuskrá sinni að fella niður tolla á nauðsynlegum varningi. Sú stefnuskrá er víst nærri árs gömul. En ef ég man rétt, þá var hún nýlega rifjuð upp í hinu ágæta blaði flokksins — Tímanum — og sérstök áherzla þar lögð á, að stefna flokksins sé að afnema nauðsynjatolla. Mér er spurn — hvaða afstöðu tekur Framsóknarflokkurinn til þessa þm. síns, sem hefir gerzt flm. þessa frv., sem hér um ræðir? Engum blandast hugur um, að grænmeti og niðursoðin mjólk eru nauðsynjavörur, en samt sem áður leggja flm. til, að á þær sé lagt, til viðbótar öðru innflutningsgjaldi — þ. e. vörutolli — 30% af innkaupsverði. Ekki er nú smátt af stað farið, að taka þriðjung innkaupsverðsins til viðbótar sem verðtoll. Egg og eggjaduft er nú tollað 15%, en á eftir frv. að tollast með 30%, eða hækka um helming, og þó hvílir ekki óverulegur tollur á þeim, þar sem er vörutollur, sem ekki fellur einungis á vöruna sjálfa, heldur og á umbúðir allar. Nú geri ég ráð fyrir, að flm. muni halda því fram, að þetta sé ekki sérstaklega gert til að afla ríkissjóði tekna, heldur til þess að vernda innlenda framleiðslu, sem þeir munu kalla svo. Ég lít svo á, og er í því efni að miklu leyti sammála hv. 4. þm. Reykv., að það hafi sýnt sig, að afleiðing verðtolla sé yfirleitt sú, að kaupendur fái dýrari og verri vöru en ella myndi. Þessi hefir raunin orðið undantekningarlaust þar, sem ég þekki til. Verndartollar hafa, þar sem þeim hefir verið beitt, komið fram í hækkuðu verði og óvandaðri framleiðslu. Ef Íslendingum lánast að búa til jafngóðar vörur og geta selt þær með svipuðu verði og erlendar, þá er ég ekki í neinum vafa um, að þær vörur myndu fremur verða keypt-

ar en hinar, sem að eru fluttar. Ég vil benda á, að þótt í engu sé breytt lagabókstaf frá því, sem nú er, þá eru þessar vörutegundir, svo sem garn, egg og mjólk, mjög sterkverndaðar. Á þær vörur, sem inn eru fluttar, fellur fyrst og fremst vörutollur, flutningsgjald og fleiri kostnaðarliðir, sem fellur algerlega niður að því er snertir innlenda framleiðslu. Ég hygg, að það sé að nokkru rétt — a. m. k. hvað snertir einstaka landshluta —, að nóg sé hægt að framleiða þar af eggjum fyrir íbúana. En mér er heldur ekki kunnugt um, að þar, sem svo er ástatt, sé flutt inn nokkuð af erlendum eggjum. Mjólkurniðursuðuverksmiðjan í Borgarfirði er nýtekin til starfa. Mjöll, sem hefir starfað þar undanfarið, hefir notið styrks úr ríkissjóði ásamt þeirri vernd, sem vörutollur til viðbótar innflutningskostnaði veitir. Mjöll hefir fengið verðlaun á hvern einasta kassa. Voru þau að vísu lækkuð nokkuð, en síðast er þau voru veitt, munu þau hafa verið 1,50 kr. fyrir hvern kassa. Ég get undir sumum kringumstæðum verið því meðmæltur, að á þennan hátt sé stutt í byrjun að slíkum atvinnurekstri og að verðlaun séu veitt á svipaðan hátt og í þessu tilfelli. En að ætla sér að styðja að því með því að gera vöruna dýrari fyrir neytendur og mega eiga það víst, að með því yrði vöruvöndun verri, er fjarstæða. Ég mun því, eins og ég hefi sagt, greiða atkv. gegn þessu frv., jafnvel þótt brtt., sem flestar eru til nokkurra bóta, verði samþ.

Ég get ekki stillt mig um að benda á í sambandi við frv., að mér virðist ekki gerhugsað hjá hv. flm., þegar þeir halda því fram, að þeir séu að styðja að aukinni atvinnu í landinu. Í frv., eins og það er upphaflega borið fram, er gert ráð fyrir, að allt garn, hvort heldur er prjónagarn eða annað, sé tollað með 30%. Nú er kunnugt um að a. m. k. ein, ef ekki tvær stórar vinnustofur vinna mikið úr þessu garni ásamt innlendu garni, sem notað er að einhverju leyti með, og hygg ég, að við að vinna úr þessu erlenda garni hafi skapazt vinna fyrir allmargt fólk. Annar flm. hefir séð sig um hönd og lagt til, að garnið verði ekki fært upp nema í 15%, en það er þó nóg til þess að reyna að stöðva þennan atvinnurekstur. Það þýðir ekkert fyrir flm. að reyna að berja höfðinu við steininn. Landsmenn kunna ekki við að ganga klæddir í dúka úr íslenzkri ull eingöngu; mönnum líkar ekki sá fatnaður, og það er ekki til neins að ætla að kúga menn með tollum til að taka upp þann sið. Með bættri vinnslu á íslenzkri ull gæti farið svo, að hér á landi yrðu fleiri tegundir dúka, sem landsmönnum líkaði. Ennfremur geri ég ráð fyrir, að okkar ull sé sérstaklega heppileg til þess að vinna úr henni ákveðna vöru, sem selzt gæti á erlendum markaði, en það eru gróf teppi, dúkar og annað þesshátar. Auk þess segja fróðir menn, að ef fengnar væru vélar til að aðgreina þelið og togið, mætti vinna úr toginu falleg og dýr teppi, sem auðvelt væri að selja á erlendum markaði fyrir talsvert hátt verð. Í þá átt ætti að stefna hér hjá okkur, en ekki ætla sér, með jafnóhæfilegri tollaálagningu og hér er gert ráð fyrir, að þvinga landsmenn til að nota þann varning, sem þeir geta ekki látið sér lynda.

Annars er ekki ástæða til að fjölyrða um þetta, en ég vil taka undir með hv. 4. þm. Reykv., að maður verður dálítið þreyttur á að tala um þessi sömu atriði. Hér hafa komið fram tvö til þrjú þing frv. til l. um verðtoll á niðursoðinni mjólk, en þau hafa alltaf verið drepin hér í d., og vona ég að hugur hv. þdm. sé enn hinn sami, að hallast ekki að því að taka upp þessa verndartollastefnu, sem hér er farið fram á.

Bergur Jónsson: Ég ætla ekki að tala almennt um greinar frv., en aðeins mæla með brtt., sem ég hefi leyft mér að bera fram ásamt hv. 1. þm. Skagf. En hv. þm. Seyðf. tók að mestu leyti af mér ómakið. Í hinu upphaflega frv. er gert ráð fyrir að setja prjónagarn, sem eigi hefir áður verið verðtollað, undir hærri verðtollsflokkinn — 30%. Við höfum lagt til á þskj. 354, að garn verði algerlega tekið út úr frv. og undanþegið verðtolli. En hv. flm. frv. hefir farið meðalveginn og lagt til, að það verði sett undir 15% toll. Ég get ekki gert mig ánægðan með þessa millileið, en vildi, að það fengi að vera áfram einungis undir þungatolli eins og hingað til. Eins og hv. þm. Seyðf. benti

á, er mikill iðnaður, sem hefir skapazt hér á landi einmitt með erlendu prjónagarni, og einmitt vegna þess, hve okkar ull er gróf og hörð, er ekki hægt að nota hana til þeirra hluta, sem erlent prjónagarn er nú notað til. Ég get bent á verzlanir hér í bænum, sem einungis verzla með íslenzkar prjónavörur, en sem eru að miklu leyti úr erlendu prjónagarni, og þýðir ekki, eins og hv. frsm. n. sagði, að tala um, að hér sé um hégóma að ræða. Ef skapa skal innlendan iðnað á einhverju sviði, verður hann að framleiða vörur, sem kaupendur vilja kaupa, og vörur úr íslenzku garni þýðir ekki að bjóða. Þessi till. hv. flm. um að taka erlent prjónagarn undir verðtollslögin verður einungis til þess að kippa úr þessum vísi til innlendrar framleiðslu, sem þarna hefir skapazt, og er því að mínu áliti til ills eins.

Jóhann Jósefsson: Ég var búinn að biðja um orðið áður en þeir töluðu þessir þrír hv. síðustu ræðumenn, og er sannast að segja flestallt fram tekið af því, sem ég vildi sagt hafa. Ég vil samt sem áður, úr því að ég stóð upp, bæta mínum mótmælum við þau mótmæli, sem þegar eru fram komin gegn þessu frv. Mér finnst satt að segja, að flm. hljóti að hafa sett þetta frv. á þskj. 157 fram án verulegrar íhugunar. Þar er farið fram á að tolla nú hátt niðursoðna mjólk m. a., einnig grænmeti o. fl. o. fl. Þessar vörur hafa hingað til verið undanþegnar verðtolli, og það er svo með niðursoðna mjólk, að þrátt fyrir mjólkur framleiðslu í landinu þarf víða að flytja inn niðursoðna mjólk. Og meðan svo er, finnst mér ekki koma til mála að leggja á hana háan verðtoll. Innflutningur niðursoðinnar útlendrar mjólkur hverfur af sjálfu sér, þegar mjólkurframleiðsla landsmanna er komin í það horf, að nægileg er og sala vörunnar er komin í sæmilegt horf. Það er minnzt á það hér í grg. frv., að í Borgarfirði sé nú verið að efla mjólkurniðursuðuverksmiðju, sem þar starfi. Það er nú ekki nema ágætt, að svo er. Og ég er viss um, að þegar þessi verksmiðja kemst á það stig, að hún hefir góðar vörur að bjóða fyrir sanngjarnt verð, þá verða alls ekki nein vandræði að finna kaupendur. Ég hygg, að áður hafi þessi tilraun ekki verið framkvæmd með nægilegum hyggindum. Sérstaklega var mikill misbrestur á því, hvernig mjólkin frá verksmiðjunni gafst. Ég get talað um þetta af persónulegri reynslu. Ég hefi staðið að því í fleiri skipti að kaupa mjólkursendingar frá þessari verksmiðju, en alltaf orðið fyrir vonbrigðum. Virtist það alltaf vera eitthvað, sem gerði það að verkum, að mjólkin geymdist mjög illa. Vonandi verður úr þessu bætt, og eftir því, sem flm. segja í grg. frv., ætti nú að mega vona, að þessi mjólk verði samkeppnisfær við útlenda mjólk, og þá veit ég, að hún ryður sér braut af sjálfu sér. Ég held satt að segja, að það sé ómögulegt að halda því fram, að fólkið vilji yfirleitt heldur erlenda vöru en íslenzka, þegar hin íslenzka stendur hinni erlendu jafnfætis. Það virðist vera auðvelt að fá fólk til að kaupa íslenzkar matvörur, þegar þær standa hinum erlendu á sporði. Má t. d. nefna, hversu íslenzka smjörlíkið hefir þurrkað allt erlent smjörlíki af markaðinum. Ég hefi ekki skýrslur um það, hve mikið hefir verið unnið hér af niðursoðinni mjólk síðastl. ár, en árið 1930 hafa verið flutt inn yfir 400 þús. kg. af þeirri vöru, og ég fullvissa hv. flm. þessa frv. um það, að enginn gerir það að gamni sínu að panta þetta frá útlöndum. Þetta er flutt inn í sjóþorpin víðsvegar um land, vegna þess að þörfin er fyrir það. Og meðan svo er, eins og upplýsingar frá hagstofunni sýna, að þörf er fyrir innflutning niðursoðinnar mjólkur í landið, getur ekki komið til mála að gera fólkinu í kaupstöðunum erfiðara fyrir með því að skattleggja þessa vörutegund, hvað sem framkvæmdum þeirra í Borgarfirði líður. Það er gott til þess að vita, að þeir starfræki sína verksmiðju vel, en það er ótímabært að fara strax að leggja verndartoll á fyrir þær vörur. Er um þetta nokkuð sama að segja og var með kartöflurnar hér á dögunum, þegar þessir sömu hv. flm. vildu banna innflutning á erlendum kartöflum, þótt vitað sé, að landsmenn framleiða hvergi nærri nógar kartöflur til eigin þarfa.

Þá vildi ég aðeins minnast á grænmeti, en þau vilja flm. setja í þá háan verndartoll, að það yrði sama sem ókaupandi.

Grænmetisát hefir ekki verið mjög mikið hér á landi, en nú virðist það fara mjög í vöxt, og er gott til þess að vita, að Íslendingar bera meira skyn en áður á að borða holla fæðu. Og þótt lítilsháttar ræktun á grænmeti eigi sér stað hér á landi, þá gengur það barnaskap næst, sérstaklega fyrir flm., sem er einn aðalgrænmetisframleiðandi á landinu og veit vel, hve mikið er ræktað, að koma með sama sem innflutningsbann á þessar vörur á þessu stigi málsins. Auk þessa er það fremur „taktlaust", að menn skuli vera að koma með lagaboð, sem verður varla sett nema í náið samband við eigin hagsmuni. Sem sagt er það að minni hyggju óviturlegt að leggja hömlur á það, að grænmetisneyzla aukist með þjóðinni, með því að leggja toll á útlent grænmeti. Ætti þá a. m. k. að vera hægt að sýna fram á það, að grænmetisframleiðsla væri næg í landinu. En því er ekki til að dreifa. Bið ég hv. þm. Borgf. að leggja ekki orð mín út á sama veg og þegar rætt var um innflutningsbann á kartöflum. Sagði ég þá, að fyrsta skilyrðið væri það, að hægt væri að sýna, að nóg væri ræktað í landinu sjálfu. Sagði hann, að með þessu hefði ég skrifað undir verndartollastefnuna. En það geri ég ekki, þótt ég segi þetta.

Að því er grænmetið snertir, sýnist það vera sæmileg vernd fyrir þá, er rækta það, að á hið útlenda grænmeti leggst ný fragt, vörutollur og hafnargjöld. Ætti þetta að vera nóg til þess, að sjá mætti þessa vöru í friði, svo að ekki væri verið að elta hana með 30% verðtolli í ofanálag.

Að því er snertir prjónagarn, hafa aðrir sagt það, sem ég vildi sagt hafa. Mun ég greiða atkv. á móti þessu , eins og hv. þm. Seyðf. og hv. 4. þm. Reykv.

Pétur Ottesen: Ég get eftir atvikum verið meiri hl. fjhn. þakklátur fyrir afgreiðslu þessa máls. Hefir meiri hl. n. að mestu leyti orðið sammála okkur flm. um það, að nauðsyn bæri til þess, að löggjafarvaldið léði til þess styrk sinn að hlynna að innlendri framleiðslu, eins og við förum fram á í frv., sem sé, að innlendri framleiðslu sé tryggður sá markaður, sem til er í landinu. Af sumum vörum er nú þegar framleitt nóg í landinu sjálfu. Það, sem skortir á, að þörfunum verði fullnægt, kemur innan skamms, sérstaklega ef Alþingi vildi sýna þessari viðleitni skilning og samúð, því að framfaraþrá manna er mikil á þessum sviðum. Frá öfgalausu sjónarmiði felst ekki annað í þessu frv. en að tryggja íslenzka framleiðslu. Það er verið að leggja sig í líma til þess að auka innlenda framleiðslu og tryggja henni markaðinn, sem til er í landinu fyrir þessar vörur.

Það hefir verið fundið frv. til foráttu, að það valdi verðhækkun o. s. frv. Það er tilbúningur og heilaspuni, neyðarvörn þeirra, sem hafa bitið sig fasta í það, að ekkert megi gera í þessu efni. Það er verið að hrúga inn í landið vörum, sem hægt er að framleiða í landinu sjálfu, fyrir hundruð þúsunda eða millj. kr. árlega. Skil ég ekki þennan hugsanagang yfirleitt, en þó einkum þegar svo er ástatt sem nú, að erfitt er um allar atvinnubætur og ekki horfur á öðru en að sumir atvinnuvegir landsmanna leggist í auðn, af því að markaðsskilyrði erlendis eru svo erfið, að ekki svarar kostnaði að framleiða fyrir þá markaði. Það er óskiljanlegt, að ekki skuli allir landsmenn geta sameinazt um það, að framleiðslan notist sem bezt í landinu sjálfu, því að svo er bezt hamlað á móti kreppu, að landsmenn hafi sem mest not uppskeru sinnar.

Hv. 4. þm. Reykv. taldi, að þetta væri áframhald stefnu, er hér hefði áður komið fram á Alþingi, verndartollastefnunnar. Hefir verið bent á, að þessi stefna er nú að ryðja sér til rúms í öðrum löndum, og getum við ekki tekið okkur þar út úr, án þess að ganga í berhögg við hagsmuni sjálfra okkar. Þegar aðrar þjóðir loka markaði fyrir okkur vörur eða leggja svo þunga tolla á þær, að það verkar lamandi á atvinnuvegi okkar og verður sama sem innflutningsbann á vörurnar, þá ættum við ekkert tillit að taka til þess! Það væri sama og að leggja árar í bát, sama og uppgjöf þjóðarinnar við það að bjarga sér. Auðvitað getum við ekki nema að litlu leyti bjargað okkur á þennan hátt, en það væri þó óforsvaranlegt að gera ekki í þessu efni það, sem við getum. Og þessi stefna er nú að verða sterkari og sterkari með þjóðinni. Var hafizt handa

af framsýnum og gætnum mönnum, sem undirbjuggu íslenzku vikuna, sem hefir sett mót á íslenzku þjóðina. Á eftir að verða meira gagn að þessu, þegar þessi fagra hugsun þroskast meira og dafnar. Ef Alþingi vill ekkert gera í þessu efni, þá sýnir það, að þingið er í ósamræmi við það sem er að gerast með þjóðinni utan Alþingis. Er það varasamt fyrir Alþingi að brjóta í bág við jafnalmenna stefnu og þá, sem nú er uppi með þjóðinni, að tryggja framleiðendum sem bezt þann markað, sem til er í landinu, og yfirleitt efla innlenda framleiðslu til eigin nota. Öll mótspyrna gegn þessu er í andstöðu við þá stefnu, sem nú ryður sér mjög til rúms hér á landi.

Hv. þm. Seyðf. talaði um, að verið væri að efla innlendan iðnað með því að gera vöruna dýrari fyrir neytendur, og minntist í því sambandi á mjólkurniðursuðuverksmiðju þá, sem komið hefir verið á fót í Borgarfirði. Ég get upplýst það, að mjólk frá þessari verksmiðju, sem komin er nú hér á markaðinn, er að verði og gæðum fyllilega samkeppnisfær við niðursoðna mjólk frá útlöndum. Þegar svo þar við bætist, að mjólkurniðursuðverksmiðja Borgfirðinga getur meira en fullnægt þörfum landsmanna, þá er hér ekki um annað að ræða en það, hvort ekki geti komið til mála, að þessi framleiðsla sæti ein að innlenda markaðinum.

Við álítum sjálfsagt að gera ráðstafanir til þess, að þetta geti orðið nú þegar. Er það vanafesta hjá landsmönnum, sem veldur því, að þeir kaupa sérstakar tegundir mjólkur, þótt aðrar jafngóðar komi á markaðinn. Þetta mun reyndar hverfa smám saman, en þó er rétt að stuðla að því að tryggja þessari góðu innlendu framleiðslu markaðinn nú þegar. Er óþarfi að vera að taka 400 þús. kr. af andvirði því, sem fyrir íslenzkar vörur fæst, til þess að flytja inn mjólk frá útlöndum. Sú tilhögun, sem hér er farið fram á, léttir líka fyrir um gjaldeyrisspursmálið.

Er mér það ráðgáta hvernig vanafesta getur þannig hlaupið með menn út í öfgar, að þeir vilji ekki stuðla að þessu máli. Reynslan hefir sýnt, að mjólk sú, sem nú er soðin niður hér, stendur fullkomlega á sporði hvað gæði snertir beztu tegund erlendrar mjólkur, sem hingað flyzt.

Hv. þm. Vestm. minntist á það, að mjólkin frá Mjöll hefði reynzt stundum miður vel. Það er rétt, að svona var það um eitt skeið. En það er óþarfi að blanda því saman við það, sem nú er. Verksmiðjan hefir verið byggð upp á ný, það hafa verið fengnar nýjar vélar og fagmaður frá útlöndum, til þess að tryggja góða vöru. Eru hér sömu tryggingar fyrir þessu sem í beztu verksmiðjum erlendis.

Hv. þm. Vestm. talaði um það, að menn gerðu það ekki að gamni sínu að kaupa miklar mjólkurbirgðir frá útlöndum. Þetta átti við, meðan engin slík verksmiðja var til í landinu, er fullnægði eftirspurninni, en nú er það bæði ónauðsynlegt og skaðlegt að vera að flytja inn útlenda mjólk. Þeir, sem eru að vinna á móti þessu máli, gera ekki þjóðinni þarft verk.

Hv. þm. Vestm. líkti þessu banni á mjólk við innflutningsbann á kartöflum, sem lá hér fyrir þessu þingi, enda þótt hér væri ekki framleitt nóg af kartöflum. Verð ég að segja hv. þm. það enn einu sinni, að það bann átti aðeins að gilda á þeim tímum, sem nógar birgðir væru í landinu af þessari vöru, en að öðru leyti var innflutningur frjáls og óhindraður. Þetta bann var því mjög takmarkað. Ég leiðrétti þetta hjá hv. þm. tvisvar eða þrisvar við umr. um kartöflurnar. Þykir mér leiðinlegt, að ég skuli ekki komast hjá því að endurtaka þetta.

Um eggin, sem við leggjum líka til, að komi undir A-flokkinn í 1. gr. l., er það að segja, að eggjaframleiðsla hefir sexfaldazt hér á síðustu árum, og þessi aukning hefir meðal annars átt sér stað með þeim hætti, að menn hafa sett upp stór eggjabú, sem rekin eru með sama sniði og beztu nýtízkubú erlendis, bæði um útungun og annað. Það er því uppi í landinu mjög mikil og sterk viðleitni til þess að fullnægja eggjaþörf landsmanna, og mundi það spor stigið til fulls á örskömmum tíma, ef Alþingi vildi leggja því nokkurt lið, með því að tryggja framleiðendum hinn innlenda markað. Hafa þeir ætíð á boðstólum góð, nýorpin egg, en aftur á móti hefir það verið algengt, að hingað hafa komið skemmd og brotin

egg frá útlöndum, sem fleygja hefir þurft í sjóinn. (EA: Þjóðernissinnuð egg geta líka brotnað).

Hv. þm. Seyðf. talaði um stefnumál flokkanna í þessu efni, kvað hann sjálfstæðismenn hafa eina stefnuna, framsóknarmenn aðra og sócialista hina þriðju, nefnilega þá, að berjast á móti öllum stuðningi við íslenzka atvinnuvegi. Eru þeir alltaf að berjast á móti því, að íslenzkum atvinnuvegum sé veittur stuðningur. Stefna sócialista er sú í þessum málum, að veita beina styrki til einstakra manna, atvinnuleysisstyrki eða styrki til að vinna fyrir verk, sem engin trygging er fyrir, að árangur verði af. Hér er stefnumunur milli sócialista og hinna flokkanna, sem vilja styðja innlenda framleiðslu. Þetta er skýr og ljós stefnumunur, og þakka ég hv. þm. fyrir það að hafa gefið mér tilefni til þess að benda á þetta.

Út af orðum hv. þm. Seyðf., að þessari niðursuðuverksmiðju í Borgarfirði, sem nú starfar, hafi verið veittur styrkur í fjárl., vil ég geta þess, að hún hefir engan styrk fengið frá því opinbera og fer heldur ekki fram á hann. Eini styrkurinn, sem hún fer fram á við Alþingi, er sá, að það veiti stuðning til þess, að hún geti setið að markaðinum, gegn því, að hún skapi jafngóðar og ódýrar vörur og þær, er koma frá útlöndum.

Held ég þá, að ég hafi komið inn á flest atriðin, er snerta þann stuðning, er hér er um að ræða við mjólkur- og eggjaframleiðsluna. Vil ég þá minnast með nokkrum orðum á prjónagarnið. Höfum við flm. látið skattinn ná til þess líka og rökstutt þá till. með því, að ull landsmanna er því nær óseljanleg á erlendum markaði. Þar sem þörf manna á ull til klæðnaðar hlýtur að vera mikil í jafnköldu landi, þá hlýtur hér að vera mikill markaður fyrir ullina. Viljum við stuðla að því, að ullin verði betur notuð en nú er til fatagerðar hér innanlands. Er ekki hægt að mæla á móti því, að mikil vinna skapast fyrir landsmenn við það, að hér verði unnið úr þeirri ull, sem ekki selst, eða þá fyrir lágt verð. Sparast við það mikil innkaup á klæðnaði úr bómull, eða þá okkar eigin ull, sem gengið hefir gegnum erlendar verksmiðjur. Er mikil ástæða til þess að gera eitthvað í þessu efni, því að klæðagerð hefir tekið hér miklum framförum, og hér er nú farið að vefa ágæta dúka, sem allir geta verið vel sæmdir af.

Auk þess hefir mikil framför orðið í heimilisiðnaðinum á síðustu árum. Spunavélar er mjög víða komnar, sem flýta vinnslu ullar og gera hana auðveldari. Verksmiðjur hafa líka verið settar upp, sem spinna band úr ullinni og hafa það til sölu. Eru því miklu fullkomnari skilyrði en áður voru til að færa klæðagerðina inn á það svið, að nota til hennar íslenzka ull, í stað hræónýts bómullarfatnaðar, sem búinn er til erlendis að öllu leyti, og prjónagarns, sem talið er að vera úr ull, en siglir oft undir fölsku flaggi, þannig að í því er oft meira og minna af ódýrum og ónýtum efnum. Er því sannarlega tími til þess kominn fyrir þingið að gera það, sem í þess valdi stendur, til þess að notuð sé hin íslenzka ull sem allra mest í landinu sjálfu, eins og líka þær matvörur, sem hér eru framleiddar. Ég hefi flutt till., sem við flm. frv. erum að vísu báðir um, þótt aðeins mitt nafni standi á henni, um að lækka tollinn á prjónagarni í 15%.

Í sambandi við það, sem hér hefir verið haldið fram, að vegna þess að upp er komin prjónastofa, ein eða jafnvel fleiri, sem vinnur prjónaföt úr ullarefni, þá myndi þessi innlenda prjónafatagerð fara um koll, ef settur væri mjög hár tollur á innflutt prjónagarn, get ég sagt, að ég tel það virðingarvert að koma upp slíkri stofnun eða stofnunum, og það þótt unnið sé úr erlendu efni að einhverju leyti. En við ætlum ekki neitt að ganga í berhögg við þær með þessu. Aðeins yrði því náð í enn fyllra mæli, að þessar stofnur ynnu sem mest úr innlendu efni, úr íslenzku prjónagarni úr íslenzkri ull, sem framleitt væri hér á snyrtilegan hátt og þyldi hvað það snerti samanburð við erlent garn, en yrði fullkomnara og tryggara fyrir það að vera gert úr haldgóðu efni, hinni íslenzku ull, miklu haldbetra en blandað útlendu efni, eins og fljótt sýnir sig í sliti. — Það ætti því ekki að verða til neins ógagns fyrir prjónastofurnar, þótt slíkur tollur sé samþ. En hinsvegar ætti það að vera trygging fyrir

því, að íslenzkt ullargarn yrði notað meira.

Hv. þm. Seyðf. var að tala um, að það væri að berja höfðinu við steininn að ætla sér að koma því fram, að við Íslendingar fengjumst til að klæðast íslenzkum flíkum yzt sem innst. Ég trúi þessu ekki, og ég held, að það yrði þungt lóð á þessari vogarskál, ef Alþ. vill einhuga styðja að því að tryggja íslenzkum framleiðendum, að vörur þeirra verði sem allra mest notaðar í landinu sjálfu, eftir því sem hægt er á hverjum tíma.

Þá varð hv. þm. Vestm. ærið fjölrætt um grænmeti. Hann sagði, að grænmetisneyzla ykist hröðum skrefum, og væri það eðlilegt, þar sem þetta væri holl fæða og góð. Þetta er vitanlega alveg rétt. Við höfum allt fram að síðustu árum ekki framleitt nógu fjölbreyttar matjurtir, til þess að fullnægja kröfum manna á þessu sviði, eftir að grænmetisnotkun fór að aukast. En svo er fyrir að þakka, að augu manna hafa á síðustu árum opnazt fyrir því, að bæta má úr þessari þörf á þann hátt að nota jarðhitann við ræktun þess grænmetis, sem hið kalda veðurfar leyfir annars ekki, að sé ræktað hér. Og nú er svo komið, að nota má jarðhitann til þess að bæta upp það, sem hér skortir á sól og sólarhita. Og á veturna, þegar frost og snjór hamlar annars öllum gróðri, þá má nota jarðhitann til að veita nytjajurtum þann yl, að þær nái sama þroska og væru þær ræktaðar í Ítalíu. Reynslan hefir sýnt, að nota má sól og yl sumarsins hér, og svo jarðhitann, þegar kaldara er, til að rækta hér hitabeltisgróður. Við erum nú langt komnir áleiðis með að fullnægja þeirri þörf, sem hér er fyrir grænmeti, ásamt því, sem við getum fullnægt þörfinni fyrir aðrar matjurtir. Er því engin hætta á að veita þann stuðning, sem hér er talað um, sem er það, að láta það fé renna í atvinnuvegi landsmanna, sem nú fer út úr landinu. Má segja, að það sé stór ávinningur, að þjóðin geti á sem flestum sviðum orðið sjálfbjarga, og þá einnig í þessu efni.

Ég skal þá enda mína ræðu. Ég vænti þess, þrátt fyrir þá sorglegu reynslu, að andmæli hafa komið fram gegn þessum till., að þá verði samt nógu margir hv. þm., sem átta sig á því, að hér er um þjóðhagslegt gagn að ræða. Hitt væri sorglegur vottur, ef svo margir hv. þm. væru orðnir það utangáttar um þörf þjóðarinnar, að þeir stæðu gegn öllum þeim hreyfingum, er stuðla að framgangi íslenzkrar framleiðslu, hvort heldur það er til framleiðslu matvæla eða til klæðagerðar.

Einar Arnórsson: Ég get verið stuttorður, því að búið er nú þegar að taka fram ýmislegt það, sem rétt er að nefna í sambandi við þetta mál. Þarf ég því eigi að endurtaka það.

Það var viðbúið og vitanlegt, að hv. þm. Borgf. mundi tala fyrir þessu máli af miklum krafti og mælsku, líkt og hann gerði þegar kartöflubannið var til umr. hér í vetur. Höfuðrökin voru hin sömu: að tryggja markaðinn. Jafnframt hefir hv. þm. látið þess getið, að vörur þær, sem hér um ræðir, niðursoðin mjólk, egg og grænmeti, framleiddar hér á landi, stæðust fyllilega samanburð við erlendar vörur hvað gæði snertir. Ég efast ekki um, að þetta sé rétt hjá hv. þm. Borgf., að sú niðursoðin mjólk, egg og grænmeti, sem framleitt er hér, sé eða a. m. k. þurfi ekki að vera að neinu lakari vara en samskonar útlend vara, sem hér er kostur á að fá. En af þessu leiðir þá óhjákvæmilega það, að íslenzka varan er ekki síður útgengileg. Mér er nú alveg óhætt að fullyrða, að t. d. margir Reykvíkingar kaupa fremur innlenda vöru en útlenda, ef kostur er á jafngóðri innlendri vöru og verðið er ekki að mun hærra. Ég held því, að það sé ekkert nema misskilningur, að tryggja þurfi markaðinn fyrir slíka innlenda vöru hér. Ég held, að hann sé vel tryggður. Vegna hans þarf ekki að tolla þessar vörur.

Ég held nú, að í þessu efni sé bezt að vera alveg hreinskilinn og segja eins og er, að tilgangurinn með frv. er sá einn, og enginn annar, að fá **hærra verð** fyrir þessar vörur en annars væri. Þetta verður a. m. k. afleiðingin af samþykkt frv., og vitanlega er það líka tilætlunin. Ég er ekki að lá framleiðendunum, þó að þeir vilji fá tolla lagða á í þessu skyni. En þeir verða líka að skilja, að neytendurnir, þeir sem kaupa vöruna, vilja heldur ekki borga öllu meira fyrir hana en þeir

annars mundu þurfa, ef samkeppnin væri frjáls. Hér verða hvorir að skilja aðra. Það er skiljanlegt, að framleiðendurnir vilji fá hátt verð fyrir vörur sínar. En það er líka jafnskiljanlegt, að við, sem kaupum þær, viljum ekki gefa fyrir þær hærra verð en þörf er á.

Það er ekki svo, að framleiðsla á eggjum hér á landi sé enn svo mikil, að hún fullnægi þörfinni, a. m. k. ekki á sumum tímum árs. Meðan svo er, þá sýnist mér ákvæði frv. um að leggja 30% verðtoll á egg mundi leiða til þess, að eggjaskortur yrði hér á sumum tímum árs, eða þá að eggin yrðu afardýr — eða þá hvorttveggja. En þegar magn einhverrar framleiðslu er komið á það stig, að það fullnægir eftirspurninni, þá er engin þörf á verndartollum. Þá verður íslenzka framleiðslan eingöngu keypt og hinni erlendu þar með útrýmt. Við höfum dæmi um þetta, þar sem er smjörlíkisgerðin íslenzka. Og svo verður um hverja þá vöru aðra, sem verður kunn að því að vera bæði góð og ódýr og nægilega mikið er framleitt af. Þegar svo er komið, þokar útlenda varan sæti fyrir henni og hverfur af markaðinum.

Um þessar vörutegundir, sem hér eru nefndar, er það að segja, að ég held, að það sé ábyrgðarhluti að hefta innflutning þeirra eða gera þær dýrari en þörf er á. Ég er ekki læknisfróður, en mér er sagt — og ég þykist vita, að það sé satt —, að grænmeti og egg séu nauðsynleg sjúkrafæða. Að þær fæðutegundir hafi í sér efni, sem ómissandi séu til viðhalds heilsu og þrótti mannlegs líkama. Að gera slíka vöru dýrari en þörf er á, er ekki rétt, og eiginlega mikill ábyrgðarhluti, jafnvel þótt íslenzk framleiðsla eigi í hlut. Ég hefi heyrt lækna halda því fram, er ég nú hefi sagt, og hefi ég trúað því. En nú er ég svo heppinn, að sjálfur landlæknirinn á sæti hér í þessari hv. deild. Getur hann þá leiðrétt, ef ekki er rétt með þetta farið. En annars þykist ég vita, að hann sé sammála mér um þetta.

Ég skil það vel, að það eru héraðshagsmunir, sem hér eiga hlut að máli, og þá sérstaklega þeirra héraða, sem að hv. flm. standa. Ég er ekki að lá þeim, þótt þeir komi með hugmynd í svipaða átt sem þessa, eða kartöflubannshugmyndina, sem leitt hefði til hins sama, ef hún hefði komizt til framkvæmdar.

Það var handhæg rökfærsla hjá hv. þm. Borgf., að vitna til þess alheimsstríðs, sem nú fer fram á viðskiptasviðinu og lýsir sér í þykkum og háum tollmúrum. En ég vil segja, að allir slíkir múrar, ef þeir eru ekki til allsherjarþjóðhagseflingar, eiga engan rétt á sér. Um það ættu allir að geta verið sammála. Og þótt mikið sé gert að þessu nú, þá varir það ástand varla lengi. Vegna alþjóðahagsmuna verður að rífa þá múra niður, sem nú eru byggðir. Það er heldur ekkert almannasamþykki fyrir því, að þessi stefna sé rétt. Hún getur máske verið gagnleg á vissum sviðum og vissum tímum. En það er ekki gagnlegt í neinu þjóðfélagi að hlynna að fáum mönnum á kostnað allra hinna. Og þótt með þessu frv. sé hlynnt að nokkrum framleiðendum, sérstaklega þó hér í nágrenni Reykjavíkur, þá er það ekki rétt stefna, þar sem hún myndi leiða til þess, að aðrir — og það fjöldinn — yrði annað tveggja að vera án vörunnar eða kaupa hana hærra verði, a. m. k. suma tíma árs.

Eins og líklegt var, þá hafa nú rökin með og móti þessu frv. lent mjög í hinu sama fari og átti sér stað, þegar kartöfluumr. fóru fram. Og þar sem þær umr. urðu mjög langar — þær stóðu víst yfir nærfellt viku —, þá ætla ég fyrir mitt leyti ekki að gera leik að því, að þessar umr. verði jafnlangar, enda ætti það að vera óþarfi, þar sem svo skammt er umliðið frá kartöflumálinu. Læt ég því máli mínu lokið.

Bjarni Ásgeirsson: Ég býst við, að hv. þm. hafi tekið eftir þingplaggi einu frá einum af kunnustu listamönnum landsins. En með þessu plaggi taldi hann sig afhenda þinginu allstóran sjóð, sem hann taldi listamenn landsins eiga kröfu til frá landinu, en þeim ekki verið greitt. Listamaðurinn lagði svo fyrir, að þingið ávaxtaði fé þetta, en sjálfur vildi hann þó fá nokkur hundruð þúsunda útborguð til sinna eigin nota. En auk þess átti að greiða 50 þús. vegna hanzkagerðar, þannig að það væri styrkur til þeirra kvenna, er vildu koma á hanzkagerð, og sem þær nytu, gegn því að þær hættu við

hanzkagerð, meðan það atriði væri rannsakað, hve margir útlendingar töpuðu atvinnu, ef hafin væri hanzkagerð hér á landi. Ég hygg nú, að margir hv. þm. hafi brosað að þessu. En ég held þó, að hinn virðulegi listamaður hafi hitt hér naglann á höfuðið. Það er eins og hér sé talað út úr hjarta margra hv. þm. Þegar till. hafa verið gerðar í þá átt að vernda landsins eigin framleiðslu, þá hafa í báðum deildum þingsins jafnan fundizt nógu margir hv. þm. til að koma í veg fyrir þær tilraunir, og þá um leið orðið málsvarar þeirra erlendu manna, er atvinnu töpuðu, ef innlend framleiðsla væri aukin. Það var gerð tilraun til að bæta hér framleiðsluskilyrði á kartöflum, með því að tryggja innlendum framleiðendum forgangsmarkað. Það frv. var drepið hér í þessari deild, með aðstoð sumra bænda, sem mátti þó heita furða. Þá var kartöflukjallarinn. Hann fór að vísu gegnum þessa deild, en þar var það hv. Ed., sem vann miskunnarverkið fyrir hina útlendu framleiðendur. Þá var gerð till. um það, að veita stuðning til að koma á fót innlendri skógerð úr innlendum skinnum og tryggja þar með innlendum höndum vinnu og íslenzkri skinnavöru markað. En sú till. var drepin. Þá var farið fram á lítilsháttar aðstoð til að koma upp hanzkagerð. Það var líka drepið. Í stuttu máli: Hver tilraun, sem gerð hefir verið til að auka innlenda framleiðslu og þá jafnframt hefir horft til atvinnubóta — allar drepnar.

Það er ekki ástæða til að tala langt mál um sama efni og áður er þrautrætt. Ég verð þó, til viðbótar því, sem hv. þm. Borgf. þegar hefir minnzt á, að svara nokkrum atriðum, er fram hafa komið hjá hv. andmælendum þessa frv. Ég verð þá fyrst að segja, að ég skil ekki, á hvern hátt við Íslendingar, frekar en allar aðrar þjóðir, eigum að komast út úr þeim erfiðleikum, er að okkur steðja nú, ef ekki á þann hátt, að styðja sem bezt að því að auka framleiðsluna innanlands. Það er verið að reyna að tryggja íslenzkum framleiðendum betri markað og íslenzkum mönnum meiri vinnu, með því að framleiða vöruna í landinu sjálfu og fækka á þann hátt þeim erlendu vörum, sem streyma inn yfir þjóðina. Þá má segja, að Alþingi sé sannkallað kærleiksheimili erlendum framleiðendum, ef það álítur, að betra sé til útlanda að sækja en heima að taka, því að það stendur hvergi skrifað, að maður — eða alþingismaður — eigi að elska náungann hærra en sjálfan sig.

Þeir hv. þm., sem andmælt hafa frv. þessu, hafa slegið því fram, að verndartollar gerðu vöruna dýrari og gerðu hana verri. Við skulum segja, að varan verði ofurlítið dýrari í svipinn. En það er ekki aðalatriðið, að framleiðendur fái ofurlítið hærra verð fyrir vöruna. Aðalatriðið er, að neytendurnir hafi peninga til þess að kaupa fyrir. Það er hægara fyrir mann, sem hefir atvinnu, að kaupa vöru, þótt ofurlítið dýrari sé, en ef hann er atvinnulaus. Atvinnulausum manni kemur það að litlu gagni, þó að honum sé bent á hundódýra vöru, ef hann hefir ekki peninga til að greiða hana með, og gildir þar sama um, hvort sem varan er komin annarsstaðar frá eða framleidd í landinu sjálfu. Þess vegna þurfum við fyrst og fremst að hlynna að því, að atvinnulíf þjóðarinnar haldi áfram að blómgast, svo að nóg atvinna verði í landinu sjálfu. Og undirstaðan, sem reisa verður á, er sú, að vernda og styðja framleiðendurna, svo að atvinnurekstur þeirra geti borið það kaupgjald, sem nú er heimtað.

Ég skal ekki neita því, að sá stuðningur, sem þessu frv. er ætlað að veita íslenzkum framleiðendum, geti orðið þess valdandi, að varan hækki eitthvað örlítið í bili. En ég vil bæta við, að erlendis er reynslan sú, þar sem unnið hefir verið að því að koma fótum undir atvinnurekstur þjóðanna, að þá eykst framleiðslan og jafnframt framboð vörunnar, en með auknu framboði lækkar varan í verði, og er það samkv. því heimslögmáli í viðskiptum, er gildir um framboð og eftirspurn. Ég skal nefna sem dæmi, að fyrir nokkrum árum var lögleiddur tollur á innfluttum eggjum í Noregi. Þegar tollur þessi kom á, hækkaði verð á eggjum, en framleiðslan færðist í aukana, svo að eftir örfá ár voru Norðmenn orðnir sjálfum sér nógir og þurftu engin egg að flytja inn, en jafnhliða féllu eggin í verði niður í eða niður fyrir það verð, sem var áður en tollurinn var settur. Þetta varð

aðeins til þess að hleypa fjöri í atvinnureksturinn, og gat því, með aukinni framleiðslu, borið sig, þótt lægra verð fengist fyrir vöruna en áður.

Ég er sannfærður um, að þó að tollar eins og þeir, sem frv. þetta fer fram á að verði settir, hækki vöruverð í bili, þá muni þess skammt að bíða, að vörurnar lækki aftur í verði fyrir aukið framboð og aukna kunnáttu framleiðenda. Slík vernd löggjafarvaldsins mundi því verka eins og örlítill stofnstyrkur til framleiðenda, og fæ ég ekki betur séð en það væri löggjöfum þjóðarinnar til sóma.

Hv. þm. Seyðf. og ýmsir fleiri, sem mælt hafa gegn frv. þessu, telja, að engin hætta sé á, að innlend vara verði ekki keypt, ef hún sé jafngóð og vönduð og sú erlenda. M. ö. o. að ef innlend framleiðsla er samkeppnisfær við þá útlendu, þá kaupi menn hana. En þetta held ég að sé nokkuð hæpið, því að heyrt hefi ég menn segja: ef íslenzk vara er betri og ódýrari en sú erlenda, þá er skylt að kaupa hana, — annars ekki.

Í þessu sambandi vil ég minna hv. þm. Seyðf. á, að eitt af áhugamálum hans er að vernda innlenda verkamenn fyrir innflutningi erlendra verkamanna og að hann berst fyrir því, að innlendir verkamenn sitji fyrir þeirri vinnu, sem til fellst í landinu. Nú vil ég svara honum í sama tón og segja, að það sé engin hætta á því, meðan íslenzkir verkamenn eru ekki kauphærri og vinna betur en þeir erlendu, að við tökum ekki þá íslenzku framyfir þá útlendu. En fyrir þessu vill hv. þm. Seyðf. ekki beygja sig. Hann vill banna erlendum verkamönnum að vinna hér, þó að þeir bjóði sig fyrir miklu lægra kaup en þeir íslenzku. Á þennan hátt hefir hv. þm. viljað hjálpa innlendum verkamönnum.

En hvað eru íslenzkir bændur annað en verkamenn, og er ekki verið að fara fram á sömu vernd þeim til handa og hv. þm. Seyðf. hefir beitt sér fyrir í því dæmi, er ég nefndi? Ég fæ ekki betur séð en að svo sé. Með því að banna innflutning erlendra verkamanna er verið að tryggja innlendum mönnum vinnu í landinu sjálfu. Með frv. okkar er verið að tryggja bændum þau verkalaun fyrir vinnu sína, að þeir geti lifað og starfað. Og ég fæ ekki skilið, þó að þeir heiti bændur, að þá megi ekki tryggja þeirra vinnu, svo þeir geti lifað eins og aðrir verkamenn í sínu eigin landi.

Ég hefi litlu að svara hv. þm. Vestm., enda hefir meðflm. minn, hv. þm. Borgf., gert það vel og rækilega. En þó get ég ekki látið vera að svara aths., er hann beindi til mín sérstaklega. Hann komst svo að orði, að það væri í mesta máta ósmekklegt, er menn kæmu með lagasetningu til þess að tryggja sína eigin hagsmuni, og nefndi í því sambandi grænmeti, sem ég hefði orðið til að rækta í allstórum stíl hin síðari ár.

Það er ekki nýtt fyrir okkur hv. þm. Borgf. að fá slíkar sendingar frá hv. þm. Þetta er aðeins áframhald af vinarkveðjum, er þeir voru að smásenda okkur á meðan deilan stóð um kartöflurnar hér í hv. deild. Ef það á að verða venjan, að enginn þm. megi bera fram á þingi neitt það mál, er á einhvern hátt kann að snerta hagsmuni hans, þá verða bændur að haga öðruvísi vali fulltrúa sinna og velja þá menn, sem hvergi koma nærri atvinnurekstri þeirra. Ég skal fúslega játa, að í hvert skipti sem ég er að berjast fyrir hagsmunum bænda, er mér ljóst, að ég get það ekki á annan hátt en stuðla að eigin hagsmunum jafnhliða. Ég verð því annaðhvort að gera, eigi ég að komast hjá því, að leggja niður umboð mitt eða hætta búskap og taka upp aðra atvinnu. En það eru fleiri stéttir en bændur, sem fulltrúa eiga úr sínum hópi hér innan veggja. Og ég veit ekki betur en að hv. þm. Vestm. noti hvert tækifæri, sem gefst, og haldi langar ræður til að berjast fyrir hagsmunum sjávarútvegsins. Er hann þá ekki um leið að berjast fyrir sínum eigin hagsmunum? Og er það þá ekki nákvæmlega sama smekkleysið, sem hefir hent hann og okkur hv. þm. Borgf.? Annars mætti þá líka ráðleggja Vestmannaeyingum, þegar þeir velja sér fulltrúa næst, að taka bónda ofan úr sveit, sem aldrei hefði á sjó komið og helzt aldrei sjó séð, og fela honum að fara með umboð sitt á Alþingi. Vænti ég ekki annars en að hv. þm. Vestm. taki þessari uppástungu vel og viðurkenni þetta eina ráðið til þess að forða fulltrúa Vestmannaeyja frá því smekkleysi að berjast fyrir hagsmunum

sínum jafnhliða hagsmunum kjósendanna.

Hv. 2. þm. Reykv. var nú miklu sanngjarnari í mótmælum sínum en áður í deilum um kartöflurnar og vildi nú ekkert lá okkur flm., þó að við berðumst fyrir hagsmunum þeirrar stéttar, sem við heyrðum til og færum með umboð fyrir á Alþ. Var þarna um annað hljóð að ræða en áður kvað við úr sama horni og öðruvísi framkoma hans en hv. þm. Vestm. Hv. 2. þm. Reykv. vildi slá því föstu, að vernd frv. væri einhliða — snerti aðeins hagsmuni framleiðenda, en ekki neytenda, og það dygði ekki að bera fram mál, sem væri hagsmunamál nokkurra manna, er framleiða vöruna, en ekki hinna, sem neyta hennar.

En á hverju lifum við öðru en framleiðslu lands og sjávar? Öll önnur starfsemi byggist á þeim grundvelli og allt líf í landinu. Þess vegna er nauðsynlegt, að framleiðslan geti tekið sem mestum þroska, geti blómgazt og þrifizt, því að á henni lifir þjóðin. Ef rætur trésins visna og kulna, þá visnar tréð og kulnar alveg upp í toppinn.

Þá vildi hv. 2. þm. Reykv. halda því fram, að Íslendingar væru á engan hátt bundnir við gerðir annara þjóða í tollamálum, og var með því að reyna að hrekja rök þau, er hv. þm. Borgf. hafði borið fram í máli þessu. Hv. þm. Borgf. sýndi fram á, að nú væri svo komið um allan heim, að þjóðirnar teldu nauðsynlegt að vinna að sínum eigin hagsmunum og hefðu í því skyni hlaðið um sig tollmúrum á öllum sviðum til þess að auka framleiðslu sína. Hv. 2. þm. Reykv. taldi þetta rétt vera, en hélt því hinsvegar fram, að það væri ekki eftirsóknarvert fyrir Íslendinga að taka þetta upp, enda hefði slík stefna ekki verið lengi ríkjandi í heiminum. En eigi þetta við hjá öðrum þjóðum, hlýtur það einnig að eiga við hér. Það er sama, hvaða skoðun við Íslendingar höfum á þessu, ef það hentar öðrum þjóðum, þá verðum við að dansa með, þó að sumum sé það óljúft. Þegar aðrar þjóðir loka til hálfs markaði fyrir okkur, þá neyðumst við að gera hið sama, til þess að reyna að skapa markað í okkar eigin landi fyrir þær vörur, sem við getum framleitt sjálfir, en höfum áður sótt til þeirra. Við verðum alltaf að beygja okkur undir það, sem stærri löndin vilja vera láta. Það er t. d. fávizka að vera að deila um, hvort hér eigi að koma á kommúnistisku þjóðfélagi eða ekki. Um leið og stóru löndin eru ákveðin í því máli — um leið og komúnisminn er kominn þar á, þá væri hann samstundis kominn hingað. Það er sama í þessu falli sem öðrum stærri málum. Við Íslendingar verðum að dansa með og fara að dæmi stærri þjóða, ef við eigum að hafa rétt til þess að lifa á okkar eigin landi.

Ég skal nú til stuðnings máli mínu lesa hér upp úr skýrslu nöfn nokkurra landa, sem komið hafa á hjá sér verndartollum, svo að menn sjái, að þetta er ekkert nýmæli í heiminum. Öll þessi lönd, er ég nefni, komu tollunum á hjá sér síðari hluta ársins í fyrra.

Þar er fyrst að telja Ítalíu, sem hækkaði innflutningstolla 24. sept. um 15%. Um sama leyti varð mikil tollhækkun í Póllandi. Í Indlandi var hækkaður tollur á vélum og öðrum iðnaðarvörum 30. sept. Í Argentínu var innflutningstollur hækkaður 8. okt. um 10% og sama dag í Suður-Afríku um 5%. Í Finnlandi hækkuðu tollar um miðjan nóvembermánuð á fjöldamörgum vörum, og í Frakklandi um sama leyti frá 7—15%. 22. nóv. hækkaði Holland toll á ýmsum fæðuvörum um 10%. Í Englandi er settur 50% tollur á ýmsar iðnaðarvörur 25. nóv. og 27. s. m. hækkar tollur í Danmörku á óþarfavarningi. Sama dag hækkar Belgía toll á kjöti, smjöri, smjörlíki o. fl. vörum. 10. des. hækkar Brasilía innflutningstolla frá 20—35%. Í Englandi er settur tollur á grænmeti og blóm 29. des., og allir vita um 10% tollinn, sem Englendingar leggja á fisk og fiskmeti. Og loks hefir Ítalía takmarkað innflutning á nautakjöti frá síðustu áramótum.

Það er sama, hvert við lítum, alstaðar hafa verið settir tollar til þess að vernda og auka innlenda framleiðslu, og fæ ég ekki séð, hvernig Íslendingar eiga að bjargast, þegar þeirra framleiðsla er tollað af öðrum þjóðum. Hví skyldi menn ekki vilja nota tækifærið til þess að auka vinnu í landinu með því að framleiða sem mest úr skauti jarðar af því, sem við

þurfum til lífsviðurværis? Þegar settur er tollur á fiskinn okkar, hví megum við þá ekki setja toll á grænmeti og egg, er við flytjum inn frá öðrum þjóðum? Það er deginum ljósara, hvort sem okkur þykir það leitt eða ljúft, að við Íslendingar neyðumst til að verja hendur okkar og fylgja í því dæmi annara þjóða.

Hér er að vísu ekki um neina stórkostlega fjárhæð að ræða, sem sparaðist landinu við það, að Íslendingar gætu sjálfir framleitt vörur þessar. Þó vil ég geta þess, að árið 1929 nam innflutningur mjólkur 517550 kr., og sama ár voru fluttir inn garðávextir og grænmeti fyrir 427 þús. kr. og egg fyrir röskar 140 þús. kr. M. ö. o. er hér að ræða um þrennskonar landbúnaðarvörur, sem við á einu ári fluttum inn í landið og greiddum fyrir röska eina millj. króna. Upphæðin er ekki stór, en þó gæti ég trúað, að bankastjórar okkar veltu vöngum, þegar farið væri að biðja um gjaldeyri, sem næmi þessum innflutningi, og margir mundu þá taldir stórbændur, ef þessi upphæð rynni í þeirra vasa, í stað þess að fara til útlanda. Og þó að ekki hafi verið innflutt meira en þetta, þá er ekki þar með sagt, að það hafi verið nóg, eða að í landinu sé ekki þörf á því, að lifað sé meira á þessum vörum. En hitt er víst, að landið getur fætt langtum fleiri menn á þessum vörutegundum en það hefir gert, og við það sparast mikið. Og þessi litli tollur, sem farið er fram á með frv., að lagður verði á þessar vörutegundir, hann er ekki annað en hjálp til að koma auknu fjöri og getu í menn að framleiða sem mest, er síðan haldi áfram að framleiða meiri vöru og ódýrari en var meðan allt var gert af þjóðfélaginu til að þvælast fyrir og varna því, að hægt væri að notfæra sér þann markað í landinu sjálfu, sem bæði guð og menn höfðu ætlazt til frá upphafi.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Það hafa nú verið haldnar alllangar ræður með þessu máli, og lítur því út fyrir að sóknarlið verndartollastefnunnar sé enn viljugra en við, sem erum að streitast á móti, enda er það að vonum og ekki óvanalegt.

Ég ætla þá að víkja að nokkrum atriðum í ræðu hv. þm. Mýr. Mér virtist hann hálfpartinn drótta því að okkur andmælendum frv. — einkum þó hv. þm. Vestm. —, að við beittum óbilgirni í ræðum okkar. En mér dettur í hug gamla spakmælið: Ber þeirri hendi hreinni að vera, sem afþvær annara saur. Hv. þm. var sem sé ekki alveg laus við ósanngirni í okkar garð. Hann vildi koma á okkur því ámæli, að við værum að ganga erindi útlendinga og ástæðan væri sú, að af því að hér ættu erlendir framleiðendur hlut að máli, þá stæðum við á móti verndartollum. Jafnframt bar hann okkur á brýn, að við færum fram yfir skyldubodorð kristindómsins, að elska náungann eins og sjálfa okkur, og sagði, að við vildum elska erlenda framleiðendur meira, og að fara mundi illa fyrir okkur af því við værum kristnir. Honum þótti við óþarfir í umr. þessum, og kemur þá til að athuga, hvort hagsmuni þjóðfélagsheildarinnar sé verið að vernda eða skemma með frv. þessu.

Við játum, að tollvernd hjálpi þeim hóp manna, sem nýtur hennar. En inn í þá hagsmuni fléttast ótalmargt fleira en þeir gera sér grein fyrir, sem hér berjast mest fyrir tollvernd. Það þarf ekki nema að benda á, að sú þjóð, sem er elzt, reyndust og vitrust í fjármálum og þjóðmegunarfræði, en það eru Englendingar, hefir staðið áður og lengst streizt á móti verndartollum. Og það er fyrst nú, er allir níðast á þeim, að þeir láta undan og taka þá upp. Og mun þar hafa mestu ráðið um, að þeir vita aðstöðu sína betri gagnvart Frökkum. Og Englendingar, sem eru fríverzlunarmenn, hefðu aldrei tekið upp þessa stefnu af því, að þeir telji hana þjóðhagslega betri, heldur nota þeir hana í bili, af því að þeir voru neyddir til þess vegna þess viðskiptastríðs, er þeir eiga í.

Hv. þm. bar fram eina röksemd, sem ég tók ekki eftir í ræðu hv. þm. Borgf., en það er sú röksemd, sem erlendis er oftast borin fram tollverndinni til stuðnings. Það er um þá atvinnumöguleika, sem skapist í landinu, ef tollurinn er lagður á. Menn hafa sagt sem svo: „Er það nokkur meining að láta þúsundir og jafnvel milljónir manna ganga atvinnulausa í landinu, en styðja ekki okkar framleiðslu þannig, að menn geti fengið tækifæri til að vinna að þessu í landinu sjálfu“. Þetta

er sú meginröksemd, sem þar hefir komið fram, þó að henni hafi ekki mikið verið beitt hér. En þessi röksemd er mjög tvíeggjuð, og sést það bezt, ef reynslan er athuguð, því að í því landi, þar sem tollverndin hefir allra mest verið notuð, sem sé Bandaríkjunum, hefir nú að undanförnu verið meira atvinnuleysi en víðast annarsstaðar. Bandaríkjamenn hafa þannig fengið að sjá, að með tollverndinni skapast svo mikil dýrtíð, að framleiðendur af þeim sökum eiga við eins mikla erfiðleika að stríða eins og þótt þeir þyrftu að keppa við framleiðslu annara þjóða.

Þá er það eitt enn, sem komið hefir fram sem rök í þessu máli, en það eru gjaldeyrisvandræðin. Menn segja, að það sé hart að verða að biðja bankana um hundruð þúsunda til að kaupa vörur, sem hægt er að framleiða í landinu sjálfu. Þetta er einhliða röksemd. Það er ekki nóg út af fyrir sig, þó að bankarnir séu ekki beðnir um mikið af erlendum gjaldeyri; önnur hlið málsins er að afla erlends gjaldeyris fyrir bankana. Ég er alls ekki viss um, að bankarnir standi neitt betur, þó að beðið sé um minni gjaldeyri heldur en að þeim krafti sé beitt til að framleiða þessa vöru, sem aflar erlends gjaldeyris.

Ég skal játa, að hv. þm. Mýr. kom með eina röksemd, ef hún er örugg. Hún var sú, að við það að koma á verndartolli ykist framleiðsla landsmanna svo mikið, að innlend samkeppni mundi lækka verðið jafnmikið og erlend samkeppni hefir gert áður. Í því efni vil ég aðeins segja það, að það er betri einn fugl í hendi en tíu á þaki. Það er bara spurningin, hvort þetta dugir. Það er ekki hægt að byggja þar á meira og minna óljósum sögum af eggjaframleiðslu Norðmanna. Ég veit ekki, eftir hve góðum heimildum hv. þm. Mýr. hefir þær frásagnir. Ég vil alls ekki vera að væna hv. þm. þess, að hann sé að skrökva að okkur, en þó að svona lagað geti komið fyrir í einu tilfelli, þá er ég hræddur um, að hér hjá okkur, þar sem allt er svo einfalt og í smáum stíl, mundi þetta ekki koma til.

Það er einnig sennilegt, að það yrði svo t. d. með framleiðslu á niðursoðinni mjólk, að þótt þessi tollur yrði lagður á, þá yrði þessi vara ekki framleidd á fleiri stöðum en svo, að þar væru gerðir samningar á milli, eða jafnvel að þessi fyrirtæki yrðu sameinuð undir eina stjórn, eins og varð með ölframleiðsluna hér. Ölgerðirnar voru tvær, en nú eru þær sameinaðar í eitt. Ég heyrði líka að hv. þm. Borgf. sagði, að Baulufélagið gæti vel framleitt alla þá niðursoðna mjólk, sem þarf handa landsmönnum. Það væri mjög óskandi, að það gæti komizt fram, þó að það virðist nokkuð langt í land með það.

Það væri vel athugandi að vernda einhverja framleiðslu, sem sennilegt væri, að gæti aukizt svo mikið, að verð hækkaði ekki. En það er aðalgallinn á tollverndinni hvað verðið á þeirri vöru, sem vernda á, hækkar mikið. Ég get þessa alls til að sýna, hve opin eyrun ég hefi fyrir sanngjörnum röksemdum frá flm. frv. Og ég vil eins óska, að þeir hefðu jafnopin eyru og sanngjarnan hug til röksemda okkar, sem erum að verja þá, sem eiga að neyta þessarar vöru.

Ég skrifaði ekki mikið hjá mér úr hinni löngu ræðu hv. þm. Borgf. Ég bjóst ekki við, að umr. yrðu svo ákaflega langar um þetta mál, af því hvað mikið hefir verið rætt áður um mál náskylt þessu. Hann sagði, að það væri ástæðulaust að ímynda sér, að þessar vörur yrðu nokkuð dýrari, þó að samkeppni erlendra vara við þær væri útilokuð með þessum tolli. Þetta er nákvæmlega einkasöluröksemd. Það er alltaf sagt, að bezt sé, að einn fáist við að framleiða eða verzla með hverja vörutegund, það sé engin hætta á, að verðið hækki fyrir það. En þetta sannfærir ekki þá menn, sem eru þeirrar skoðunar, að einkasölufyrirkomulagið sé ekki betra. Reynslan hefir sýnt, að það er ekkert, sem tryggir, að framleiðslan sé sem bezt og ódýrust, nema samkeppnin. Menn vanda vöru sína ekki eins mikið, þegar þeir vita, að fólk verður að kaupa hana, hvort sem hún er góð eða ekki, og þeir hirða ekki um að selja vöruna fyrir lægra verð, þegar þeir vita, að menn eiga ekki annars úrkosta en að kaupa af þeim. Það þarf ekki annað en að horfa á einkasölustofnun við hliðina á samkeppnisstofnun til að sannfærast um þetta. Við skulum koma inn á pósthúsið eða símstöðina og svo inn í vefnaðarvöruverzlun og sjá

muninn á afgreiðslunni. Hvernig ætli það gengi í þeirri vefnaðarvöruverzlun, sem setti hátt búðarborð þvert yfir búðina og hefði aðeins 2—3 menn við afgreiðsluna og fjölgaði ekki mönnum t. d. fyrir jólin eða á öðrum þeim tíma, þegar mest er að gera? Samkeppnin knýr menn til að gera allt sem bezt fyrir neytendur.

Ég skal ekki fara langt út í það, sem hv. þm. Mýr. talaði um þessa alþjóðastefnu, sem gerði það að verkum, að við yrðum að leggja þennan toll á. Ég vil benda honum á það, þó að ég hafi ekki kynnt mér það mál svo vel, að ég hafi tölur á reiðum höndum nú, að þegar við erum að bera okkur saman við Englendinga, þá verðum við að gæta þess, að þeir taka svo lítið af sínum ríkistekjum með tollum. Það er mjög víða svo, að tollar eru minna notaðir sem tekjustofn fyrir ríkissjóð heldur en hjá okkur, sem öflum mikils hluta af okkar ríkistekjum með þeim hætti. Aðrar þjóðir nota tollana miklu fremur sem einn lið í sinni verzlunarpólitík og mega ganga þar mjög langt til að komast til jafns við okkur.

Þá sagði hv. þm. Borgf., að þessi tollastefna væri svo búin að sigra í landinu, að Alþingi yrði að viðundri, ef það vildi þar annað en þjóðin. Hún hrópaði á tolla, og ef þingið vildi ekki samþ. þá, væri það komið út úr því lífræna sambandi við þjóðina. Þessi orð hv. þm. þarf ég að taka til nánari athugunar, því að í fljótu bragði lítur svo út, sem þetta sé rétt hjá hv. þm.

Það er satt, það er mikið hrópað á tolla bæði til sjávar og sveita. Iðnaðarmenn heimta tolla, bændur heimta tolla, og ýmsar aðrar stéttir heimta þá. En ef við athugum þetta nánar, þá sjáum við, að þetta er ekki svo almennt sem sýnist. Hver stétt heimtar tolla handa sér, en þeim kemur aldrei saman um, hvaða tolla eigi að leggja á.

Ég var á fundi hér í Rvík í vetur ásamt öðrum þm. Þar voru iðnaðarmenn, sem óskuðu eftir tollvernd. Þá stóð einn hv. þm. upp, sem er ekki svo fjarri þessu frv., og mælti eindregið með tollverndinni. Rétt á eftir stendur upp bátasmiður og dregur þá eðlilegu ályktun af ræðu þm., að þá muni vera nauðsynlegt að fá tollvernd fyrir innflutningi á smíðuðum bátum. Þá stóð þessi sami hv. þm. upp aftur og sýndi fram á, að það mætti alls ekki, því að það hefði reynzt svo í því plássi, þar sem hann þekkti til, að útlendir bátar væru svo prýðilega góðir og ódýrari en íslenzkir bátar, að ef ætti að bæta því á aðra örðugleika, sem bátaútgerðin ætti nú við að stríða, að tollur væri lagður á útlenda báta, svo að menn neyddust til að kaupa þá íslenzku, þá væri það algert rothögg á þennan atvinnuveg. Svona eru raddirnar. Hver stétt vill fá verndartoll fyrir sig, en má ekki heyra aðra tolla nefnda. Þessar kröfur um tolla eru kröfur einstakra manna, sem vilja aðeins láta vernda sinn atvinnuveg, en eru alls ekki sannfærðir um, að verndartollastefnan sé nú yfirleitt fyrir beztu. Eins er þetta hér á þingi, þeir hv. þm., sem bera þessar kröfur fram, eru þar ekki að tala fyrir munn almennings, heldur bera þær aðeins fram fyrir sig og þá stétt manna, sem þeir álíta sig fulltrúa fyrir. Enn sem komið er hefir meiri hl. þm. staðið á móti slíku, og vona ég, að svo verði enn, því að þá er Alþingi í samræmi við vilja meiri hl. þjóðarinnar.

Það er eins og ég sagði í minni fyrri ræðu, að það er hægt að auka innlenda framleiðslu með háum tolli. Við sjáum t. d., hvernig það hefir orðið með þann gífurlega háa toll, sem lagður hefir verið á vínið. Hann hefir orðið til þess að koma upp innlendri framleiðslu. Þessir framleiðendur eiga þó við afarmikla örðugleika að stríða, eiga alltaf sektir og fangelsi yfir höfði sér. En tollurinn er svo hár, að þessi atvinnuvegur helzt við þrátt fyrir alla örðugleika, og þó er þessi íslenzka vara dýr að sögn, og sagt er, að hún sé ekki alltaf sem bezt. En tollurinn er svo hár, að í skjóli hans er hægt að framleiða Höskuld og annað slíkt, sem ég veit ekki, hvort hv. þm. Borgf. er svo fús á að vernda.

Þá gat hv. þm. um það, að mjólkurniðursuðuverksmiðjan í Borgarfirði væri komin á laggirnar og að hún væri fullkomlega samkeppnisfær. Þetta er gleðilegt, og ég veit, að allir, bæði þm. og aðrir, gleðjast yfir því, ef þessi innlenda framleiðsla getur gengið vel. En hvers vegna er varan samkeppnisfær hvað snertir verð? Það er af því, að það er ekki

til neins að bjóða vöruna fyrir hærra verð en það, sem er á útlendu mjólkinni. En það er ekki víst, að mjólkin yrði svona ódýr, ef hár tollur væri á útlendu mjólkinni, því að þá þyrfti ekki að selja þá íslenzku eins ódýrt. En nú er það eftir að sýna sig, hvort þetta fyrirtæki ber sig, hvort það í raun og veru getur staðizt með því að selja mjólkina með þessu verði.

Það er ekkert nema rökvilla og vitleysa að segja, að menn vilji heldur kaupa útlenda vöru en innlenda, a. m. k. þekki ég þess ekki dæmi. T. d. má minna á innlendu kaffibætisverksmiðjuna. Á mínu heimili hefir þessi innlendi kaffibætir alltaf verið keyptur, en svo var það einn dag, að ég fékk afargott kaffi, og það var þá reyndar Ludvigs Davids kaffibætir, sem látinn var í könnuna í þetta eina skipti. Samt var það ákveðið á „ráðherrafundi" að halda áfram að styðja þá innlendu framleiðslu, og ég varð afarglaður, þegar ég las þá fréttagrein, að í ráði væri að flytja Ludvigs Davids verksmiðjuna hingað til lands og gera hana að íslenzku fyrirtæki.

Eins er það með kartöflurnar. Menn kaupa heldur íslenzku kartöflurnar, jafnvel þótt þær séu dýrari og mörgum þyki þær ekki betri. Það hefir líka sýnt sig hér, að ýmsar iðngreinar hafa unnið sig upp á þann heilbrigða hátt, t. d. smjörlíkisgerðirnar. Nú flyzt ekkert erlent smjörlíki hingað til lands, en í samkeppninni, sem var á milli innlends og útlends smjörlíkis, urðu menn að streitast við að framleiða það sem allra bezt og hafa það sem ódýrast. Ég er viss um, að smjörlíkisgerðirnar hafa grætt á því, að þær voru ekki verndaðar með neinum tolli. Hefði það verið gert, þá væri íslenzka smjörlíkið nú hvorki eins gott eða ódýrt eins og það er. Það er ekki heldur nein von til þess, að menn leggi sína krafta meira fram en svo, að þeir hafi sitt mál fram.

Í þessu sambandi vil ég minnast á eitt dæmi, þó að það sé um óskylt efni. Fyrir nokkrum árum var reynt í Danmörku að fækka stúdentum með því að þyngja prófið, svo að fleiri af þeim féllu. En þá kom það í ljós, að þeir féllu ekki fleiri, þeir lögðu bara þeim mun meira á sig, og þess vegna stóðust þeir prófið, þó að það væri þyngt.

Svona er það með allt. Því meira sem menn verða að leggja á sig, því betri árangur fá þeir. Það er til skaða að hjálpa mönnum þannig, að þeir þurfi ekki að gera eins og þeir geta. Það verður til þess, að menn minnka. Allir vita, að þeir, sem búa í hinum svokölluðu góðu löndum, eru ekki eins þroskaðir og þeir, sem eiga heima í erfiðari löndunum. Þeir minnka, af því að þeir þurfa ekkert á sig að leggja. Eins er það með framleiðsluna. Að sama skapi og erfiðleikarnir og samkeppnin er minni þurfa framleiðendurnir minna að hugsa um að bæta sinn atvinnurekstur. Þeir þurfa ekki að gera eins og þeir geta, og það er til þess, að allt verður verra. Það er eins með efnagerðina, með hreinlætisvörur og ýmislegt annað, sem framleitt er hér. Þessi iðnaðarfyrirtæki hafa átt í harðri samkeppni, og það hefir orðið til þess, að menn hafa fengið verulega góða vöru, sem hægt er að segja, að sé raunverulega samkeppnisfær.

Ég sé líka, að eggjaframleiðsla er að stóraukast, og lítur út fyrir, að við getum orðið sjálfum okkur nógir með egg án þess að nein eggjatollvernd komi. Get ég tekið undir það, sem hv. þm. Borgf. sagði, að innlend egg, sem við vitum, að eru nýorpin, eru kaupandi fyrir meira verð heldur en útlend egg, sem eru nýorpin þannig, að það stendur bara í búðarglugganum, að þau séu nýorpin, en reynast svo kannske meira og minna skemmd.

Ég sé, að fundartími er í þann veginn að enda, og vil ég því ekki halda ræðu minni áfram, þó að margt mætti fleira um þetta segja. Við, sem erum hér í minni hl., höfum ekki gefið út neitt nál., og því hefi ég ekki rétt til að tala í þriðja skiptið. Mun ég þó láta við þetta sitja og láta máli mínu lokið.

Jóhann Jósefsson: Mér þótti hv. flm. þessa frv. helzt til háfleygir í ræðum sínum og gjarnari til þess að fara út á víðari grundvöll en ástæða er til í þessu máli. Hv. þm. Borgf. talaði mikið um, að atvinnugreinar landsmanna væru að leggjast í auðn og hversu heilög skylda

það væri að framleiða sem mest í landinu sjálfu af því, sem þjóðin þyrfti sér til lífsviðurhalds, og í raun og veru var sami tónninn í ræðu hv. þm. Mýr. Við andmælendur þessa frv. erum í rauninni ekki að mótmæla því, að það sé í sjálfu sér þörf á að styrkja innlenda framleiðslu. En það verður að gæta þess að gera það án þess að miklum hluta þjóðarinnar sé um leið gerður óréttur. Ég get ekki skilið, að það sé mikið hjálpræði að því fyrir fólk, sem þarf að kaupa mjólk, egg og grænmeti á þessum erfiðu tímum, þó að hv. flm. takist að koma því fram, að útlend niðursoðin mjólk, grænmeti og egg verði tolluð um 30%. Þeir, sem óhjákvæmilega þurfa að kaupa útlenda mjólk, munu telja, að þeim sé ekki gerður mikill greiði með þessu frv.

Hv. 4. þm. Reykv. sagði í ræðu sinni, að ýmiskonar hreppapólitík vildi slæðast inn í þetta mál. Þeir, sem hefðu hag af því, að verndartollur væri lagður á þessar vörur, vildu berja þetta mál fram, en hinir, sem teldu það óhagræði fyrir sig eða sín héruð, skipuðu sér á móti því. Og þegar það er augljóst, að heil héruð og jafnvel landsfjórðungar hafa stórtjón af þessum þrákelknislegu tilraunum hv. flm. til hagsmunastreitu fyrir einstök héruð, þá er það beinlínis skylda okkar hinna að benda á hinar illu afleiðingar þeirra og mótmæla, mér liggur við að segja, þessum einokunartilllögum.

Hv. þm. Borgf. fór mjög lofsamlegum orðum um hina nýju mjólkurniðursuðuverksmiðju í Borgarnesi og sagði, að hún hefði hin fullkomnustu nýtízkutæki, og er ekki annað en gott um það að segja. Hv. þm. sagði, að það væri fullkomin ástæða til að krefjast þess, að hún sæti ein fyrir mjólkurmarkaðinum í landinu. Ég hygg, að þar sé nú til of mikils ætlazt; þó að þetta fyrirtæki sé vel útbúið, þá er varla hugsanlegt, að það sé tímabært að gera þessa kröfu nú. Það er ekkert smáræði, sem hv. flm. fer fram á fyrir þessa verksmiðju; það er hvorki meira né minna en að öll önnur niðursoðin mjólk verði skattlögð um 30%, til þess að verksmiðjan hafi rýmri markað og skilyrði til þess að fá hærra verð fyrir mjólkina. Hv. þm. Borgf. hefði átt að nefna þetta frv. öðru nafni og kalla það frv. til laga um sérstök fríðindi handa niðursuðuverksmiðjunni í Borgarnesi. Það var ekkert að athuga við það, þó að krafizt væri nokkurrar lögverndar fyrir verksmiðjuna, en þær kröfur mega ekki vera of einhliða. Ef þessari verksmiðju verður veitt svo prýðileg aðstaða, að hún verði ein um mjólkursöluna, þá á þingið að krefjast fullra trygginga fyrir því, að verksmiðjan selji mjólkina við lægsta verði, samanborið við það, sem hún fæst annarsstaðar. En frá hv. flm. hefir ekkert komið í þá átt, þeir virðast ekkert hugsa um hag neytenda, en stara aðeins á hagsmuni verksmiðjunnar.

Það er rangt hjá hv. þm. Borgf., að það sé sama og uppgjafaryfirlýsing hjá þjóðinni, ef þingið gengur ekki inn á verndartollastefnuna.

Hv. þm. Mýr. var sár yfir því, að ég taldi það ekki vel við eigandi, að hann skyldi flytja sjálfur till. um verndartoll fyrir grænmeti, þar sem hann er sjálfur svo að segja eini framleiðandi þeirrar vöru hér á landi. Hann fer fram á, að innflutt grænmeti verði skattlagt um 30%, til þess að hann fái sjálfur miklu betri aðstöðu en hann hefir nú til framleiðslu og verzlunar á grænmeti. Hann taldi það nauðsynlegt, að löggjöfin veitti honum og öðrum meiri hvöt til aukinnar framleiðslu í landinu á þessari vörutegund, og sú aukning mundi leiða til þess, að verðið lækkaði. Það má nú vel vera, en þó er það enganveginn víst. Eða má ég spyrja hv. þm., — hefir hann ekki fullkomna aðstöðu nú þegar til þess að selja allt grænmeti, sem hann framleiðir? Ég hefi heyrt, að svo væri, og er mér ánægja að því. Enda veit ég ekki til, að aðrir en hann framleiði þetta grænmeti hér á landi svo teljandi sé. Ennfremur vil ég spyrja hann að því, hvort hann treysti sér ekki til að láta þessa framleiðslu ganga sæmilega, þó að ekki verði lögleiddur nýr skattur á aðflutt grænmeti. Það er vitanlegt, að grænmeti er miklu nauðsynlegri fæðutegund en áður var álitið. Og þess vegna ættu bæði hann og aðrir að stuðla að því, að sem allra mest sé notað af þeirri vöru í landinu og að auðvelt sé að fá hana. Ég benti honum á, hvað mikið hún væri nú tolluð, og ætti það að

vera honum nægileg stoð, án þess að nýr tollur væri settur á grænmeti.

Um hinar tvær vörutegundirnar get ég verið fáorður. Ég skal ekki bera á móti því, að komið hafi fyrir, að útlend egg hafi verið ekki sem bezt. En íslenzk egg eru alveg ófáanleg á ýmsum tímum, svo a. m. k. bökurum er nauðugur einn kostur að nota útlend egg, ef þeir eiga að geta haldið áfram starfi sínu. Hér er því verið að gera tilraun til að hátolla nauðsynlega fæðutegund, sem ekki er framleitt svo mikið af í landinu sjálfu, að ekki sé óhjákvæmilegt að flytja hana inn. Hinsvegar skal ég viðurkenna með hv. þm. Borgf., að innlenda framleiðslu á þessari vörutegund og fleirum megi auka svo, að framleiðslan fullnægi innlendri eftirspurn, og það á líka að vera lausnin á málinu.

Árið 1930 var flutt inn 2½ millj. kg. af kartöflum og grænmeti. Slíkt gerir enginn að gamni sínu, ef hægt væri að fá vöruna í landinu. Sama ár voru fluttar inn 400 smál. af niðursoðinni mjólk. Vonandi á þessi innflutningur eftir að minnka, ekki vegna hátolla, heldur vegna aukinnar innl. framleiðslu. Það er sú eðlilega framþróun. Innlend mjólk á að rýma erlendri mjólk af markaðinum á sama hátt og innlent öl og smjörlíki hafa útrýmt samskonar vörutegundum erlendum. Og ég efast ekki um, að svo fari með tímanum.

Ég vil beina fyrirspurn til hv. þm. Mýr., sem er kunnugur grænmetisverzlun og einn af stærstu grænmetisframleiðendum í landinu. Telur hann, að á þessu stigi málsins sé framleitt svo mikið grænmeti í landinu, að það fullnægi eftirspurn? Ég býst við, að hann svari því neitandi. En hví á þá að leggja háan verndartoll á þá vöru, sem vantar inn í landið?

Hv. þm. Mýr. fann góðan lykil að atkv. þdm., er hann sagði, að þetta frv. væri fyrir bændur. Ef til vill má segja, að það sé fremur fyrir bændur en iðnaðarmenn og verkamenn, en þó er það ákaflega takmörkuð tala af bændum, sem góðs nýtur af því, og ég hygg, að það sé svo þröngur hringur, að ekki sé hægt að kalla þetta áhugamál bænda yfirleitt. En það hefir löngum fengið góðan byr hér að viðhafa það slagorð, að gera eitthvað fyrir bændur. En sannleikurinn er sá, að hér er aðeins um hagsmunamál örfárra manna að ræða.

Ég vil ekki þreyta hv. deild á því að fara að gera að umtalsefni hinar almennu aths. hv. þm. Mýr. um ástandið í heiminum og nauðsynina á því að fara að dæmi annara þjóða og loka landinu með verndartollum. Ég býst við, að sá langi listi, er hann las upp um þetta efni, muni vera réttur. En hinu má ekki gleyma, að margir telja þessa stefnu hina mestu bölvun þjóðanna. Tolla- og útilokunarstefnan, sem nú geysar yfir heiminn, á rætur sínar í afleiðingum ófriðarins mikla. Tollmúrarnir lengdust stórkostlega við myndun margra nýrra ríkja. Merkur maður danskur hefir sagt, að ef lagður sé landfræðilegur mælikvarði á tollmúrana, hafi þeir lengst úr 80000 km. í 200000 km. Þetta er stríð allra á móti öllum, eins og komizt er að orði í þýzkum bankaskýrslum nýkomnum, og hefir orðið þess valdandi, að menn hafa aftur orðið að hverfa að því í viðskiptalífinu að taka upp vöruskiptaverzlun.

Þetta ástand er orðið tilfinnanlegt, og þeim fjölgar óðum, sem vilja fá það afnumið. Það er ekki hægt að bæta fyrir landslýðnum með verndartollum. Neytendum er íþyngt, án þess að nokkuð verulega sé bætt fyrir seljendum.

Hv. 4. þm. Reykv. sýndi fram á, hvernig verndartollarnir verka, og þarf ég ekki að endurtaka það. Hann sýndi fram á, að ráðið til þess, að innlend framleiðsla rýmdi burt hinni erlendu, væri það, að nóg væri til af samkeppnishæfri innlendri vöru. En hv. þm. Borgf. vill skattleggja erlenda mjólk með 30% verðtolli, til þess að mjólkurverksmiðjan ráði sjálf verði á mjólk sinni með því að útiloka aðila mjólk aðra.

Hv. þm. Borgf. sagði, að það væri heilög skylda að nota innlenda framleiðslu í landinu. Ég er honum sammála um það og vona, að slíkt geti orðið að mestu leyti með tímanum.

En ef út í það á að fara að búa að sínu, eins og stendur,verðum við Íslendingar ekki bezt úti. Hér koma ávallt hagsmunir fleiri aðilja til greina. Þegar setja skal á tolla fyrir seljendurna, verður líka að líta á hag neytenda. Ef hv. deild gerir það, mun hún sjá, að þetta frv. er ekki

tímabært. Það getur að vísu verið notalegt fyrir þá, sem framleiða egg og grænmeti, að fá tollvernd til að geta setið einir að markaðinum. En meðan þeir ráða ekki yfir því vörumagni, sem fullnægir kröfum markaðsins, er engin ástæða til fyrir Alþingi að ljá þeim slíka vernd á kostnað neytenda í landinu.

Bjarni Ásgeirsson: Ég sé að hér á að viðhafa málþóf, og lýsi ég því yfir því, að ég og hv. þm. Borgf. munum geyma svör okkar og aths. til 3. umr.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Ég veit ekki, hvað hv. þm. Mýr. á við með því, að málþófi sé beitt hér. Ef nokkrir hafa gert það, eru það hv. flm. þessa frv.

Ég vildi víkja að nokkrum atriðum í ræðum hv. flm., hv. þm. Mýr. og hv. þm. Borgf. Hv. þm. Borgf. sagði, að niðursuðuverksmiðjan í Borgarnesi framleiddi jafngóða mjólk og beztu erlendu mjólk og seldi með samkeppnishæfu verði. Ég hygg, að þetta sé rétt. En ef svo er, hvaða ástæða er þá til að fara að leggja 30% verðtoll á erlenda mjólk í viðbót við vörutoll, flutningsgjöld og hafnargjöld, sem á þá mjólk hlaðast? Ekki skil ég, að Borgarnesmjólkin batni við það! Afleiðingin hlyti að verða sú, að innlenda mjólkin hækkaði stórum í verði. Annars væri tilgangslaust að vera að bera þessa tollhækkun fram. Tilgangur frv. er alls ekki sá, að afla tekna handa ríkissjóði, heldur fyrir þá seljendur, sem eiga grænmetisekrur og eggjabú. Fyrir bændur almennt hefir þessi tollur alls enga þýðingu, því að bændur yfirleitt eiga ekki þessi jarðnesku gæði, sem ég var að minnast á. Hv. þm. Mýr. sagði, að í þessu frv. fælust þær einu atvinnubætur, sem vit væri í, og væri munur á sér eða sósialistum, sem heimtuðu atvinnubætur í tíma og ótíma, og atvinnuleysisstyrki, ef þær fengjust ekki. Þetta er auðvitað ekki svaravert. Sannleikurinn er sá, að sárfáir bændur hafa hagnað af þessum ráðstöfunum, og þann hagnað verða neytendur að greiða með stórkostlegri álagningu.

Hv. þm. Mýr. sagði, að niðursuðuverksmiðjan hefði ekki sótt um styrk, heldur aðeins að fá að vera ein um sölu niðursoðinnar mjólkur hér. Það er nú svo sem ekki til mikils mælzt. Í frv. er ekkert verð ákveðið á mjólkinni, og er það þó hið minnsta, sem flm. hefðu sóma síns vegna átt að taka fram í frv., að verðlag yrði ekki hækkað. Hinn aukni markaður hefði átt að vera ærin hlunnindi fyrir verksmiðjuna. En við þessu er ekki að búast, þar sem tilgangur frv. er sá einn, að skapa verðhækkunarmöguleika.

Hv. þm. Mýr. talaði mikið um óstandið á verzluninni hér, og var svo að heyra, að það væri einkum fólgið í því, að kaupmenn flyttu stundum inn skemmd egg og yrðu að fleygja skurninu með fúlu innihaldi. Ekki sé ég, hvernig hv. þm. ætlar að fara að réttlæta málstað sinn með þessu. Kaupmaðurinn tapar á þessu, en egg verða flutt inn eftir sem áður. Annars eru flest egg stimpluð og egg til bökunar og suðu aðgreind, svo að ég hygg, að hv. flm. hafi ofmælt um þessar eggjaskemmdir. Og ekki er ólíklegt, að egg gæti eins skemmzt, þótt tollur sé lagður á þau. Og eigi alveg að hætta að flytja egg inn, er hætt við, að egg, sem eru flutt t. d. frá Grindavík til Austfjarða, geti orðið fúl á leiðinni.

Hv. flm. er kunnugt um að ýmsar hömlur eru nú á innflutningi þessara vara. Í fyrsta lagi verður að fá leyfi innflutningsnefndar, sem munu vera skömmtuð mjög úr hnefa, og þar við bætast hömlurnar á gjaldeyrisverzluninni. Það mun satt vera, að mestar hömlur séu lagðar á innflutning þeirra vara, sem hægt er að framleiða í landinu. Því minni ástæða er til, að frv. sem þetta komi fram.

Hv. þm. Mýr. vildi leggja að jöfnu baráttu sína og hv. þm. Borgf. fyrir banni á innflutningi á nauðsynjavörum almennings við mótspyrnu okkar Alþýðuflokksmanna gegn innflutningi erlends verkafólks. Vitanlega þarf ekki að eyða orðum að þessum samanburði. En hann er fróðlegur að því leyti, að hann sýnir, hvernig þessir menn líta á verkafólkið. Þeir skoða það sem markaðsvöru, eins og t. d. kartöflur, en ekki sem mannlegar lifandi verur. Þessi andi kemur svo oft fram, að mér finnst rétt að benda á þetta.

Flm. vita vel, að tollhækkun á þeim vörum, sem ekki er framleitt nóg af í landinu, hlýtur óhjákvæmilega að leiða af sér verðhækkun sökum vöntunar á

vörunni. Og í ýmsum hlutum landsins eru samgöngur ekki betri en það, að ódýrara er að flytja þangað vörur frá útlöndum en með strandferðaskipunum, auk þess sem þær ferðir eru beinni og greiðari.

Ég skal ekki fara að ræða um það almennt, hvaða fylgi verndartollastefnan hefir úti í löndum. Það er rétt, að í ýmsum löndum hefir upp á síðkastið mikið verið gert að því að leggja verðtolla á vörur, sem talið er auðvelt að framleiða í landinu sjálfu. En hitt orkar ekki tvímælis, að í hugum langflestra, og þar á meðal margra þeirra, sem í bili telja sig neydda til þess að fylgja þessari verndartollastefnu, er sú skoðun mjög ákveðin, að verndartollar yfirleitt séu eitt það mesta böl, sem þjóðirnar eiga nú við að búa. (**PO**: Getum við afnumið það?). Nei. En við erum engu bættari, þó að við tökum upp verndartolla að þarflausu. Öðrum þjóðum dettur yfirleitt ekki í hug að vernda aðrar framleiðslugreinar með verndartollum en þær, sem mjög verulega þýðingu hafa fyrir atvinnulíf þeirra. En framleiðsla þessara vörutegunda, sem hér er um að ræða, hefir svo sáralitla þýðingu í atvinnulífi okkar Íslendinga, að jafnvel í römmustu verndartollalöndum mundi vera talin fjarstæða að tolla þær undir sömu kringumstæðum.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa um þetta fleiri orð að sinni. Ég mun greiða atkv. með þeim brtt., sem draga úr frv., en jafnvel þó þær verði allar samþ., mun ég greiða atkv. móti frv. sjálfu.

ATKVGR.

Brtt. 354 samþ. með 13:8 atkv.

— 613 felld með 14:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: TrÞ, ÞorlJ, BSt, BÁ, HStef, IngB, MG, PO.

nei: SvÓ, VJ, ÁÁ, BJ, BKr, EA, GÍ, HG, JJós, JÓl, MJ, StgrS, SvbH, JörB.

Sex þm. (HJ, HV, JAJ, JónasÞ, LH, ÓTh) fjarstaddir.

Brtt. 343 samþ. með 14:4 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 15:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngB, MG, PO, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BKr, HStef, JörB.

nei: EA, GÍ, HG, JJós, JÓl, MJ, VJ.

Sex þm. (JAJ, JónasÞ, LH, ÓTh, HJ, HV) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 14:4 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14:5 atkv.

Á 70. fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 640, 641).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 641 samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 16:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BÁ, BKr, HStef, HJ, IngB, JónasÞ, LH, MG, PO, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt, JörB.

nei: EA, GÍ, HG, HV, JJós, JAJ, JÓl, MJ.

Fjórir þm. (ÁÁ, BJ, ÓTh, VJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 71. fundi í Ed., 10. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 670).

Á 72. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 8 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 7:3 atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 20. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. felld með 7:4 atkv.

Frv. þar með fallið.

14. Jarðræktarlög (frv. BÁ og StgrS).

Á 33. fundi í Nd., 19. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 43, 20. júní 1923 (þmfrv. A. 226).

Á 38., 40., 41. og 44. fundi í Nd., 30. marz, 1., 2. og 4. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 59. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 15 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Bjarni Ásgeirsson): Þetta mál er hér kunnugt og þaulrætt. Hér er farið fram á þá breyt. á skipun stjórnar Búnaðarfél. Íslands, að í stað þess, að tveir af stjórnarnefndarmönnum eru nú kosnir af landbn. Alþingis verði þeir framvegis kosnir af búnaðarþingi, en ríkisstj. velji hinsvegar tvo endurskoðendur. Þetta er eindregin og margendurtekin áskorun frá búnaðarþingi. Ég býst við að öllum hv. þdm. sé þetta mál mjög ljóst og þarf því ekki að fara um það fleiri orðum. Ég álít óþarfa að vísa málinu til n., svo einfalt og alþekkt sem það er.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Það eru ekkert annað en söguleg rök, sem valda því, að upp hefir verið tekinn sá háttur hér að fela sérstökum félögum framkvæmd sérstakra málefna, sem eins gætu fallið undir stjórnarráðið. Búnaðarfélag Íslands og Fiskifélagið koma í stað deildar í stjórnarráðinu, er hefðu með höndum málefni sjávarútvegs og landbúnaðar.

Ég er alveg samþykkur þessu fyrirkomulagi. Ég álít, að meiri trygging sé fyrir því, að starfað sé að málum með meiri áhuga á þennan hátt en ella. En ég er hræddur um, að sú sókn og ágengni af hálfu annars þessa félags, sem einna ljósast kemur fram í þessu frv., geti orðið til þess, að sterk stefna myndist í þá átt að draga þessi mál alveg undir stjórnarráðið. Það er svo með þennan rétt eins og annan, að bezt er að halda á honum í hófi. Því hefi ég jafnan verið þessu frv. andvígur. Ég tel eðlilegt, að Alþingi eigi beinan þátt í kosningu stjórnar þessa félags, þegar litið er á starfssvið félagsins. En hitt eru þó veigameiri ástæður, að Búnaðarfél. er fengið mikið fé í hendur og það hefir úthlutun á enn meira fé frá ríkinu. Það er því engin furða, þótt Alþingi vilji hafa einhverja íhlutun um það, hvernig þessu fé er varið. Frv. ætlar að bæta Alþingi upp íhlutunarmissi sinn með tveim stjórnskipuðum endurskoðendum. En allir sjá muninn á því að hafa íhlutun um, hversu með fé er farið, eða hafa aðstöðu til að sjá eftir á, hvernig hefir verið farið með það. Þetta er því í sjálfu sér einskis virði.

Mér virðist blasa við, ef svona verður að farið, að búnaðarþingið eigi eitt að ráða stjórn Búnaðarfél., að hæglega geti orðið árekstur milli búnaðarþings og Alþingis, t. d. ef endurskoðandi lætur í ljós óánægju, en fær ekki till. sínum framgengt. Þessi árekstur getur auðvitað aðeins orðið öðrum aðiljanum til ills. Það er eins og hugvitsmaðurinn Stephenson sagði, er hann var spurður, hvernig færi, ef kýr stæði á járnbrautinni fyrir lestinni. Hann kvað það myndi verða verst fyrir kúna sjálfa. Eins myndu árekstrar á milli Alþingis og Búnaðarfélagsins verða verstir fyrir hið síðarnefnda. Alþingi hefir fjárráð félagsins í hendi sér og getur skammtað úr hnefa. Ég álít harla óheppilegt að skapa möguleika til slíkra árekstra, og óska að hv. þdm. vildu hugsa sig um tvisvar áður en þeir stofna til þeirra með því að greiða frv. atkv.

Magnús Guðmundsson: Ég vil stinga upp á því, að málinu verði vísað til nefndar, og vona, að hv. flm. hafi ekki á móti því.

Flm. (Bjarni Ásgeirsson): Ég vil svara hv. 4. þm. Reykv. nokkrum orðum. Mér þykir vænt um, að hann lítur svo á, að heppilegra sé, að búnaðarmálin séu í höndum Búnaðarfél. Íslands heldur en deildar í stjórnarráðinu, eins og tíðkast að nokkru leyti með öðrum þjóðum. En rökrétt afleiðing af þeirri skoðun hans ætti að vera sú, að vera þá ekki að klípa af valdi Búnaðarfél. til að fara með þessi

mál, úr því að hann treystir því til þess.

Hv. þm. vildi halda því fram, að það kapp, sem Búnaðarfél. legði á þetta mál, gæti orðið til þess, að málið snerist við og sú stefna efldist að draga málin undir stjórnarráðið. Ég get nú ekki séð, af hverju það ætti að verða, ef menn hafa þá skoðun, að Búnaðarfél. fari vel og viturlega með vald sitt, og annað kemur ekki fram. Meðan svo er, er engin hætta á, að sú skoðun verði ofan á að draga búnaðarmálin úr höndum félagsins.

Þótt rétt sé, að félaginu sé lagt mikið fé, þá er langt frá því, að Alþingi hafi ekki eftirlit með því, hvernig þessu fé er varið. Mjög miklu af fé því, sem Búnaðarfél. hefir undir höndum, er ráðstafað með sérstökum lögum frá Alþingi. Í öðru lagi: Áætlun félagsins er á ári hverju yfirfarin af atvmrh. og lögð fyrir fjvn. þingsins, er síðan gera sínar till. til þingsins, sem auðvitað hefir bæði rétt og mögu leika til breytinga. Ég get heldur ekki fallizt á, að einskis virði sé, að endurskoðendur félagsins séu skipaðir af stj. Með þeim hætti á atvmrh. jafnan greiðan aðgang að öllum þeim upplýsingum um hag félagsins, sem hann óskar eftir.

Hv. þm. sagði, að ef til árekstrar kæmi milli Alþingis og Búnaðarfél., væri það Alþingi, sem hefði tögl og hagldir. Þetta er einmitt trygging fyrir því, að Búnaðarfél. hagi starfsemi sinni svo, að aldrei komi til árekstrar. Ég er því ekki hræddur um, að svo fari. En ég get vel hugsað mér annan árekstur, ef stj. félagsins á að vera skipuð framvegis eins og nú. Segjum svo, að stj. Búnaðarfél. fari ekki eftir ályktunum búnaðarþings. Þegar það ætlar svo að krefja stj. reikningsskapar, getur það að vísu látið þá menn fara, sem það hefir valið í stj., en þeir menn, sem Alþingi hefir valið, geta setið kyrrir. Af þessu hlyti að leiða árekstur, og þótt til slíks hafi ekki komið enn, er þetta óeðlilegt fyrirkomulag, sem fyrr eða síðar getur orðið að ásteytingarsteini.

Hv. 2. þm. Skagf. hefir lagt til, að málinu verði vísað til n. Ég tel það óþarfa, en mun þó ekki beita mér gegn því.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Hv. þm. Mýr. vildi draga þá ályktun af mínum orðum, að þar sem ég teldi ekkert óeðlilegt við það, þótt Búnaðarfél. Íslands, m. a. af sögulegum rétti, færi með þessi mál, þá ætti ég að vera með því að auka stöðugt óskorað vald félagsins yfir þessum málum. Þetta þarf alls ekki að vera. Það getur vel þótt heppilegt að gefa ákveðinni stofnun eða starfsgrein svo og svo mikið sjálfstæði, en af því leiðir alls ekki, að sjálfsagt sé að gera þær fullkomlega sjálfstæðar. Við skulum taka t. d. skólamál. Það getur þótt heppilegt að gefa bæði einstökum skólum og jafnvel öllu skólakerfi einhvers lands svo og svo mikið sjálfstæði, án þess þó að mönnum detti í hug að skapa með því nokkurt ríki í ríkinu. Það mætti skipa yfirskólanefnd, sem sæi um öll skólamál í landinu, og gefa þeirri n. talsvert víðtækt vald, þótt úrskurðarvaldið lægi hjá sjálfu ríkisvaldinu, sem féð leggur fram og vill því hafa síðasta orðið. Eins og nú er má vel vera, að einmitt hafi hitzt á hið rétta meðalhóf. Ég er ekkert á móti gildandi fyrirkomulagi og mér finnst það heldur réttara að lofa þróuninni í þessum málum að ráða nokkuð miklu, en þar fyrir er alls ekki hægt að ályktа, að maður vilji með þessu stofna til ennþá meira sjálfræðis.

Hv. þm. er ekkert hræddur við þá árekstra, sem geta orðið milli Alþ. og Búnaðarfél., svo lengi sem stjórn Bfél. fer viturlega að. En árekstrarnir verða nú einmitt út af því, hvað viturlegt sé. Búnaðarfélagsstjórnin, sem kosin er af búnaðarþinginu, ber því, ef svo mætti segja, ábyrgð fyrir búnaðarþinginu einu, eftir því sem gert er ráð fyrir í frv. En nú gæti svo farið, að Alþ. sýndist eitt og búnaðarþinginu annað. Á þá Búnaðarfélagsstj. að bera ábyrgð fyrir búnaðarþinginu einu eða búnaðarþ. og Alþ., og þá í hvaða hlutföllum fyrir þessa tvo aðila? Mér virðist hv. þm. Mýr. álíta yfirleitt, að árekstrar geti orðið háskalegir, ef stjórnin ber ekki ábyrgð fyrir búnaðarþinginu, þótt hann játi í öðru orðinu, að þessir árekstrar hafi ekki orðið hættulegir, og það er gott að hafa einhverja reynslu í þeim efnum. Ef árekstur verður milli Búnaðarfélagsstj. og búnaðarþingsins, sé ég ekki ástæðu til þess, að Bfélstj., sem nú er skipuð að nokkru leyti af Alþ., þurfi að vera bundin við þessa ráðgefandi

samkundu — búnaðarþingið. A. m. k. skoða ég það aðeins sem ráðgefandi. Það er til að efla áhugann, koma með nýjar hugmyndir, en á ekki að verða ríki í ríkinu. Búnaðarþingið á alls ekki að geta lagt þannig fyrir stj., að hún verði að fara eftir því. En hvernig væri það, ef þessum málum væri skipað hjá okkur eins og þeim er yfirleitt skipað annarsstaðar í heiminum, að þetta sé einungis stjórnarráðsdeild? Og hvernig fer yfirleitt um öll önnur mál og allar starfsgreinir, sem ekki hafa nein ráðgefandi þing, t. d. kirkjumál? Kirkjuþing eru kvödd saman, en þau eru einungis ráðgefandi og það dettur engum í hug, að þau eigi að hafa slík völd til að ráðstafa sínum málum.

Í þessu efni er auðvitað aðalatriðið að hafa eitthvert fé til að starfa fyrir. Í sambandi við það, að þeir, sem þarna hafa mestan áhuga, geta látið í ljós vilja sinn og haft eðlileg áhrif á gang mála, er þó það að segja, að þeir, sem leggja fram féð, verða að hafa síðasta orðið, og er bezt, að það geti gerzt á friðsaman hátt, en ekki eftir stórkostlegan árekstur. Mér er auðvitað kunnugt um það, sem hv. þm. talaði um, að mjög mikið af því fé, sem búnaðarþingið hefir til umráða, er bundið fé. En ég sé ekki heldur þótt aukið sé sjálfstæði félagsins, að það komi þessu máli neitt við. Ekki ræður það frekar með hinni nýju stjórn sinni, sem búnaðarþingið eitt kýs, yfir því fé, sem algerlega er bundið að lögum. Það gagnar því ekkert aukið sjálfstæði. Það er bara ráðstafað fé, sem félagið á að útbýta eftir settum reglum.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vildi bæta við örfáum orðum út af aths. hv. 4. þm. Reykv. í þessu máli. Þar sem hv. þm. bar Búnaðarfél. og búnaðarþingið saman við ýmsar aðrar stofnanir í landinu, eins og t. d. Fiskifélagið, þá er það ekki allskostar rétt hjá hv. þm. Búnaðarfél. Íslands og búnaðarþingið er nú orðið þannig skipað, að ekki er nema ein stofnun í landinu hliðstæð við það, og það er Alþ. sjálft. Það er nú þannig gengið frá búnaðarþinginu, að allir þeir bændur, sem að jarðabótum vinna, verða að vera í búnaðarfélögum landsins, og þessir menn einir senda sína fulltrúa á fundi búnaðarsambandanna og þessir fulltrúar **einir** eru það, sem svo kjósa fulltrúa til búnaðarþingsins. Þess vegna er það engin tilviljun eða byggt á neinum lausum grundvelli, hvernig búnaðarþingið er skipað. Það er að sínu leyti byggt alveg eins upp og Alþ., eins og það eru bændur í bændahéruðunum og yfirleitt kjósendur landsins, sem senda okkur sem sína fulltrúa hingað til þingsins, þannig er sami grundvöllurinn undir Búnaðarfél. Íslands. Því er það, að Búnaðarfél., sem reist er á þessum fasta grundvelli, hefir meiri rétt til þess að koma til Alþ. og segja: Það er réttmætt að fela okkur þessi mál til meðferðar, þar sem svona er gengið frá öllum undirbúningi.

Ennfremur minntist hv. 4. þm. Reykv. á það, að í núgildandi fjárl. og því fjárlagafrv., sem vér nú höfum nýlega afgr. frá þessari d., væru sérstök ákvæði í sambandi við fjárveitinguna til Bfél. Ísl., sem tryggðu Alþ. líka, sem sé þau ákvæði, að fjárveitingin, sem nú er gert ráð fyrir að sé 200 þús. kr., er veitt með því skilyrði, að atvmrn. samþ. fjárhagsáætlun búnaðarþingsins. Þarna hefir búnaðarþingið líka aðhald.

Að lokum vil ég segja það, sem ég hefi sagt hér áður tvisvar eða þrisvar sinnum í sambandi við þetta mál, að það, sem ég legg áherzluna á, jafnframt því sem ég tek undir með hv. aðalflm. og staðfestir eindregið ósk, sem kom fram frá búnaðarþinginu, að gott samkomulag verði milli Alþ. og búnaðarþingsins, því að verst væri, ef stofnað yrði til ófriðar og reipdráttar milli löggjafarvaldsins og búnaðarþingsins.

Ég tek undir það með hv. 2. þm. Skagf., að undir öllum kringumstæðum eigi þetta mál að fara til landbn.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Að svo miklu leyti sem hæstv. forsrh. ber fram ný rök fyrir þessu máli, get ég ekki séð, að þau séu mjög knýjandi. Þau hnigu aðallega í þá átt, að af því að Bfél. Ísl. hefði nú þegar miklu meira sjálfstæði en nokkur önnur stofnun á landinu, þá ætti það að fá enn þá meira sjálfstæði. Það er ekkert annað sérstakt við þessa stofnun en það, að hún hefir nú miklu

meira vald yfir sínum málum en nokkru öðru félagi eða stofnun er fengið yfir sinni starfsgrein, og það út af fyrir sig er engin ástæða til að auka enn við vald Bfél. Ísl. Hitt, að svo vel sé búið um kosningar til búnaðarþingsins, að þess vegna sé óhætt að fela því þetta mikla vald og gera það að ríki í ríkinu, er heldur engin ástæða, þegar hver einasta stofnun, sem fengi slíkt vald, myndi þegar í stað, þótt það væri ekki sett sem skilyrði, koma upp hjá sér eins föstu kosningafyrirkomulagi og Bfél. Ísl. hefir nú. Ef t. d. kirkjunni væri fengið líkt vald yfir sínum málum og kirkjuþingið gæti falið sínum forstjórum að ráðstafa fé til kirkjumála, þá yrði vitaskuld útbúið, annaðhvort með lögum eða samþykktum innan félagsskaparins, fast skipulag.

Viðvíkjandi eindregnum kröfum, sem koma fram, þá legg ég nú lítið upp úr þeim. Það eru alltaf þessar kröfur frá hverri starfsgrein um að fá að hafa hina og þessa hlutdeild í sínum málum. Læknarnir vildu t. d. helzt hafa læknaþing og ráða sínum málum algerlega og þurfa sem minnst að sækja undir aðra. Þetta er alstaðar svo, en Alþ. verður að ákveða, hve langt slíkt á að ganga.

Það má ekki skilja þessi orð mín svo, að ég sé út af fyrir sig að amast við þessu, heldur er ég eins og ég gat um í upphafi viss um, að aukið vald Bfél. Ísl. leiðir til þeirra árekstra, að eftir hinni sögulegu þróun verður ekki farið og þær raddir verða háværari, sem krefjast, að þessum málum verði hér sem annarsstaðar skipað með lögum og lögð undir stjórnarráðið sem sérstök deild þess, og ég álít, að það eitt verði til hins verra. Ég álít, að hin ráðgefandi samkoma sé mjög heilbrigt sambland af áhrifum Alþ. og áhuga bændanna, sem vitanlega hafa mesta þekkingu og finna bezt, hvar skórinn kreppir í þessum efnum.

Hannes Jónsson: Ég er nærri hissa á því, að það skuli geta komið fram mótmæli gegn þessu frv., sérstaklega vegna þess, að þær breyt., sem orðnar eru á skipun búnaðarþingsins, eru þannig, að þær munu áreiðanlega hafa margt gott í för með sér. En til þess að þær breyt. nái fullkomlega tilgangi sínum, þarf einmitt sú skipun að komast á Bfél. Ísl., sem farið er fram á í frv. Það þarf að gera allt til þess að auka sem mest áhugann í starfsemi félaganna. Og þau, sem senda sína fulltrúa á búnaðarþingið, munu finna meiri hvöt hjá sér til að vinna af alúð, er þau geta ráðið hverjir eru í stj. Búnaðarfélagsins. Það er líka nauðsynlegt, að ekki komi til árekstra milli þingsins og Búnaðarfél. Þetta samstarf verður því að tryggja á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir. Við skulum hugsa okkur t. d., að Alþ. hefði látið reisa fótstall undir minnismerki Jóns Sigurðssonar hér á Austurvelli og hefði hugsað sér að láta standmyndina snúa að alþingishúsinu. Hugsum okkur ennfremur, að einhver annar hefði átt að setja myndina á stallinn, t. d. eigandi kaffihússins „Vífils" hér á móti, og hann hefði látið hana snúa að sér, en bakhlutann að alþingishúsinu. Búnaðarfél. Íslands ætlar að reyna að tryggja sér, að bakhluti stj. snúi ekki að sér. Þetta er eðlilegt. Það þarf að vera samræmi í öllum framkvæmdum Búnaðarfélagsins, og það verður því aðeins, að það ráði eitt yfir sínum málum. Það er ekki nema firrur, að Búnaðarfél. fái svo mikið fé frá Alþ., að réttlátt sé, að Alþ. ráði yfir því. Þingið er sjálft búið að ákveða, hvernig þessu fé skuli varið, og félagið hefir því engin áhrif í þeim efnum. Búnaðarfél. hefir ekkert annað að gera en að safna skýrslum og greiða samkv. þeim.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Það er aðeins út af þessari smellnu samlíkingu hv. þm. V.-Húnv. um minnismerki Jóns Sigurðssonar hér á Austurvelli að ég stend upp. Mér fannst hún sanna ágætlega mitt mál. Því að hvers vegna sneri eigandinn henni svo öfugt? Alþ. hafði falið honum of mikið sjálfræði. Ef Alþ. hefði um leið og það veitti féð áskilið sér atkv. um framkvæmdina, þá hefði aldrei komið til árekstra. Þetta er nákvæmlega það dæmi, sem ég hefi dregið hér fram. Alþ. á ekki að setja upp sjálfstæðar stofnanir, veita fyrst fé til þeirra, láta síðan stofnunina sjálfa snúa því upp, sem ætlazt var til, að sneri niður, og bakhlutanum þangað, sem andlitið átti að snúa.

Hannes Jónsson: Þetta er röng ályktun hjá hv. 4. þm. Reykv. Alþ. hefir fyrst og fremst sett standmyndina þarna af því, að fyrirfram var ákveðið, hvernig hún ætti að snúa. En svo riftast þetta allt, þegar annar aðili kemur og lætur hana snúa eftir sínu höfði. Þeir, sem leggja grundvöllinn, ráða einir, hverjir eiga að framkvæma þessi verk og hverjir eiga að stjórna þeim. Þessi líking hefir umhverfzt allherfilega í höfði hv. þm., gagnstætt öllum réttum hugsanagangi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 16 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Nd., 25. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 226, n. 646).

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Ég tel óþarfa að hafa langar umr. um þetta mál. Það er þrautrætt og getur því ekki komið neitt nýtt fram, þó farið væri að ræða það nú. Leyfi ég mér því aðeins að óska þess, að það fái að ganga gegnum hv. d.

Pétur Ottesen: Ég get tekið undir með hv. þm. Mýr., að ekki sé ástæða til að ræða efni frv. þessa nú. Það hefir legið fyrir undanförnum þingum, og hafa þá verið færðar fram greinilega þær ástæður, sem taldar hafa verið með breyt. þeim á jarðræktarlögunum, sem frv. felur í sér, og jafnframt þær ástæður, sem færðar hafa verið fram gegn henni. Skal ég því ekki fara út í það nú, en vísa til þess, sem ég hefi áður sagt um málið og þingtíðindin geyma. En ég vil benda á, að síðastl. vetur skipaði stj. mþn. til þess að taka til athugunar stjórn búnaðarmálanna, og ég held, að jafnframt hafi verið verkefni hennar að taka til athugunar, hvernig stjórn Búnaðarfél. Ísl. skyldi fyrir komið. Mér er svo ekki kunnugt um annað en að n. þessi semdi frv. um þessa hluti, sem lagt var svo fyrir búnaðarþingið sem háð var hér í vetur, og að niðurstaða búnaðarþingsins hafi orðið sú, að leita umsagna búnaðarsambandanna og hreppabúnaðarfélaganna um málið fyrir næsta búnaðarþing. Það virðist því að ófyrirsynju að vera nú að bera frv. þetta fram, þar sem fyrir liggja um málið till. frá stjórnskipaðri nefnd, till., sem verið er nú að ræða af þeim aðilum, sem málið láta til sín taka. Eins og nú standa sakir sé ég því ekki ástæðu til, að þingið fari að taka ákvörðun um málið, þar sem búast má við, að fram komi hér á Alþingi till. um það frá mþn., eftir að Búnaðarfélagið og búnaðarsamböndin hafa gert sínar aths. við þær. Ég held því, að sú eina afstaða, sem Alþingi getur tekið nú til málsins, eftir því sem það liggur fyrir, sé sú, að vísa því til stjórnarinnar, og ég leyfi mér hér með að gera það að till. minni.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Það er rétt, sem hv. þm. Borgf. skýrði frá, að fyrir liggur frv., sem mþn. samdi, en í því frv. er einmitt tekið fram, að búnaðarþingið skuli ráða stjórn Búnaðarfél. Ísl. og um það munu allir búnaðarþingsmenn sammála. Það er því ekki það atriði frv., sem sent hefir verið til umsagnar búnaðarsamböndunum og búnaðarfélögum hreppanna, heldur allt önnur atriði. Það er því alveg óhætt að samþ. frv. þetta, sem hér liggur fyrir, því að ákvæði þess munu aldrei koma í bága við frv. mþn. hvað þetta snertir.

Pétur Ottesen: Ég verð enn þá að láta undrun mína í ljós yfir því, að hv. þm. Mýr. skuli vera að stritast við að láta nú ganga atkv. um þetta mál á 102. degi þingsins, þar sem málið er ekki komið lengra áleiðis en það, að það er nú ekki komið lengra en til 2. umr. í fyrri deildinni og fyrir liggja aðrar till. um skipun þessa máls.

Það er alls ekki rétt hjá hv. þm. Mýr., að það séu ekki atriði, er snerta stjórn Búnaðarfél. Ísl. í frv. mþn., sem nú er verið að athuga í búnaðarsamböndum og hreppabúnaðarfélögum, það eru alveg þvert á móti einmitt þau atriði frv., sem ollu því, að búnaðarþingið tók þá ákvörðun að senda þessum aðilum málið til umsagnar. Þetta mál, ásamt þeim till. til breyt., sem þessir aðilar kunna að gera, verður svo að sjálfsögðu tekið af nýju til athugunar á næsta búnaðarþingi, og má því búast við, að það komi þaðan til Alþingis. Það er því með öllu ástæðulaust

og fjarri öllum sanni að vera að bera fram nú á þessu þingi slíka breyt. á stjórn Búnaðarfél. sem þá, er hér um ræðir.

ATKVGR.

Till. þm. Borgf. um að vísa málinu til stjórnarinnar felld með 10:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já: JAJ, MG, PO, VJ, BSt, EA, GÍ, HStef, HG, JörB.

nei: JÓl, StgrS, SvbH, SvÓ, ÞorlJ, ÁÁ, BÁ, BKr, HJ, IngB.

Átta þm. (JónasÞ, LH, MJ, ÓTh, TrÞ, BJ, HV, JJós) fjarstaddir.

Frvgr. samþ. með 11:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HJ, IngB, JÓl, StgrS, SvbH, SvÓ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, BKr.

nei: EA, GÍ, HStef, HG, JAJ, MG, PO, VJ, JörB.

Átta þm. (HV, JJós, JónasÞ, LH, MJ, ÓTh, TrÞ, BJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3 umr. með 11:10 atkv.

Á 85. fundi í Nd., 27. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Jörundur Brynjólfsson: Ég tel mig ekki þurfa að hafa mörg orð um þetta mál. Afstaða mín til þessara breyt. á stj. Búnaðarfél. er kunn frá fyrri þingum. Ég hefi verið henni fráhverfur, og er svo enn, að ég tel ekki rétt að breyta til í þessum efnum, fyrr en frekari skipun verður gerð á stj. æðstu búnaðarmálanna.

Á síðastl. hausti var ég við það riðinn ásamt hv. þm. Mýr., og einum manni í viðbót utan þings, að semja frv. til l. um skipun æðstu stj. búnaðarmálanna. Var það frv. lagt fyrir búnaðarþingið, sem taldi ekki rétt að ráða málinu til lykta að sínu leyti og sendi það til umsagnar hreppabúnaðarfélögunum og búnaðarsamböndum landsins, til þess svo að fá fram álit þessa aðilja á því, hvernig bezt yrði fyrir komið skipun á stj. æðstu búnaðarmálanna. Málið er því í undirbúningi hjá þessum aðiljum nú, og tel ég bezt við eiga að gevma að gera þessa breyt. á skipun æðstu stj. búnaðarmálanna, unz komnar eru till. um það frá búnaðarfélögunum úti um land, og mig undrar það, að Búnaðarfél. skuli fara þess á leit, að þessi breyt. verði gerð nú, og ekki geta fallizt á, að hún sé látin bíða þar til búnaðarfélögin úti um land hafa látið uppi álit sitt og óskir í þessum efnum. Finnst mér óviðeigandi, þar sem málið þannig er undir rannsókn og í undirbúningi hjá þeim réttu aðiljum, að farið sé að gera þessa breyt. á skipun æðstu stj. búnaðarmálanna, og fæ ég enda ekki séð, að neitt sé svo aðkallandi í stjórnarháttum Búnaðarfél. eins og er, að það krefjist þess, að þessi breyt. sé gerð. Ef mönnum sýndist svo, væri og hægurinn á á næsta þingi að gera þessa breyt., og fyndist mér því bezt við eiga að bíða um þetta álits búnaðarfélaganna úti um land, enda má telja fullvíst, að fullt tillit verði tekið til þeirra í þessum efnum, þegar þar að kemur, og þykir mér meira en lítið óviðfelldið af Alþingi að fara að gera þessa breyt. nú, þar sem auk þess má ganga að því vísu, að gerð yrði breyt. á þessari skipan þegar á næsta þingi. Tel ég mjög illa farið, ef þessi d. færi að afgr. þetta mál nú eins og sakir standa, og hefir mér því dottið í hug að bera fram svo hljóðandi rökst. dagskrá í málinu:

„Með því að frv., samið af sérstakri n., sem til þess var skipuð á síðastliðnu ári að gera till. um æðstu stj. búnaðarmála í landinu, þar á meðal um tilhögun á stj. Búnaðarfél. Íslands, hefir að tilhlutun búnaðarþings verið sent búnaðarsamböndum landsins og hreppabúnaðarfélögum til athugunar fyrir næsta búnaðarþing, er síðan taki málið til meðferðar af nýju, áður en það verði lagt fyrir Alþingi, þykir d. rétt að bíða till. allra þessara aðilja áður en til mála komi að gera nokkra breyt. í þá átt, sem frv. fer fram á, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá".

Sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið, þar sem það liggur svo einkar ljóst fyrir, og mun ég nú afhenda hæstv. forseta þessa dagskrártill.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Ég vil aðeins segja það, að það kom ekkert það fram í ræðu hæstv. forseta þessarar d., sem ekki hafði áður komið fram í ræðu hv. þm. Borgf. við 2. umr. þessa máls. Það er rétt, að málið er nú í undirbún-

ingi hjá búnaðarfélögunum úti um land, fyrir tilstilli Búnaðarfél., en þau atriði, sem hér er farið fram á að lögfesta, eru í samræmi við þær till., sem fyrir liggja í þessum efnum, eins og ég hefi áður sagt. Vil ég því eindregið skora á hv. d. að fella dagskrártill., og ég vil beina þeirri ósk til hæstv. forseta, að hann láti atkvgr. fara fram með nafnakalli.

Jörundur Brynjólfsson: Það er rétt, að þau atriði, sem hér er um að ræða, felast í frv. n., sem ég drap á áður og sent hefir verið út um land til umsagnar búnaðarfélaganna, en í því frv. felast og ýms önnur atriði, sem ekki eru í þessu frv., sem hér liggur fyrir; eru það atriði er snerta l. Búnaðarfélagsins, samþykkt á fjárhagsáætlun þess o. s. frv., og má ennfremur geta þess, að skv. þessum till., sem sendar hafa verið út um land, verður stj. Búnaðarfél. ekki einráð um ýms málefni félagsins og framkvæmdir þess, heldur háð íhlutun æðri stjórnarvalda. Er hér því allmikill munur á.

Ég vil svo ekki fjölyrða frekar um þetta og vænti þess, að hv. d. fari ekki að samþ. frv., því ef svo verður, verður áreiðanlega að taka málið fyrir þegar á næsta þingi og gera á því allverulegar breytingar.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá 1. þm. Árn. felld með 12:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÍ, HStef, HG, HV, JAJ, MG, MJ, PO, SvÓ, VJ, EA, JörB.

nei: HJ, IngB, JÓl, LH, StgrS, SvbH, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BKr.

Fjórir þm. (JJós, JónasÞ, ÓTh, TrÞ) fjarstaddir.

Frv. fellt með 12:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LH, StgrS, SvbH, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BKr, HJ, IngB, JÓl.

nei: MG, MJ, PO, SvÓ, VJ, EA, GÍ, HStef, HG, HV, JAJ, JörB.

Fjórir þm. (JónasÞ, ÓTh, TrÞ, JJós) fjarstaddir.

Lagafrumvörp afgreidd með rökstuddri dagskrá.

1. Kartöflukjallari og markaðsskáli.

Á 20. fundi í Nd., 4. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um kartöflukjallara og markaðsskála (þmfrv., A. 92).

Á 22. og 23. fundi í Nd., 7. og 8. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 24. fundi í Nd., 9. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Pétur Ottesen: Hv. þm. Mýr., sem ætlaði að hafa orð fyrir landbn. í þessu máli, er nú veikur. Fyrir því leyfi ég mér að fara þess á leit við hv. d., að mál þetta fái nú að ganga til 2. umr. og að umr. um það verði geymdar þangað til.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., 11. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Pétur Ottesen: Það var nú raunar hv. þm. Mýr., sem átti að reifa þetta mál f. h. n. En hann er nú veikur og þar sem landbn. óskar mjög að þetta mál geti gengið áfram tafarlaust, vildi ég fara nokkrum orðum um þetta frv. Eins og menn sjá á þessu frv., þá er það nálega í sama búningi og gerð eins og það var samþ. hér í þessari deild á sumarþinginu. Aðalbreyt. í frv. nú er, að gert er ráð fyrir í 1. gr., að kjallarinn, sem byggja á í Rvík, verði nokkru minni en gert var ráð fyrir í frv. því, sem lá fyrir sumarþinginu. Þá var gert ráð fyrir, að hann ætti að rúma allt að 10 þús. tunnur, en nú er miðað við 6 þús. tunnur. Þetta dregur vitanlega nokkuð úr þeim kostnaði, sem gert er ráð fyrir, að af kjallarabyggingunni leiði fyrir ríkissjóð.

Önnur aðalbreyt. frá því, sem áður var, er að sett eru inn í frv. bráðabirgðaákvæði um það, að stj. taki kjallara á leigu, þar til betur lætur í ári, til þessarar geymslu og geri á honum nauðsynlegar breytingar. Og það, sem n. og þeir, sem að þessu máli standa, hafa í huga, er, að fengið yrði húsrúm í kjallaranum undir þjóðleikhúsinu, sem nú er verið að reisa hér í bænum. Mér hefir verið sagt af mönnum, sem hafa athugað þennan kjallara, að með tiltölulega litlum kostnaði verði hægt að gera hann svo úr garði, að þar geti orðið örugg geymsla, og hvað rúmið snertir, þá er það yfirfljótanlega nóg til að uppfylla þá þörf, sem gera má ráð fyrir, að verði á næstunni í þessu efni. Ég býst við, að stj. geti fengið þetta húsrúm með góðum skilmálum og að samkomulag við þá, sem ráða yfir þjóðleikhúsbyggingunni, muni auðfengið. Það, sem þarf að gera, er aðallega í því fólgið að útbúa frekari einangrun til varnar frosti í kjallaranum. Auk þess er nauðsynlegt að fá þar rafmagnsloftræstingu, svo sem gert er alstaðar erlendis, þar sem um geymslu á jarðarávöxtum yfir lengri tíma er að ræða. Í grg. og líka í umr. um þetta mál á sumarþinginu var talað töluvert mikið um, hvaða þýðingu það hefði að koma upp slíkum kjallara, svo mér virðist ekki ástæða til að fara að rifja það upp fyrir hv. dm. Ég vildi bæta því við í sambandi við þetta frv., sem einungis miðar að því að koma upp kartöflu-

geymslu í Rvík, að landbn. hefir hugsað sér, að það þyrfti að sjá fyrir þörfum manna í þessu efni í öðrum landshlutum. Hún hefir hugsað sér að bera fram þá breyt. á jarðræktarlögunum, að heimilt sé að veita nokkurn styrk úr ríkissjóði til slíkra bygginga á nokkrum öðrum stöðum á landinu. Þetta verður nánar skilgreint þegar það frv. kemur fyrir hv. d.

Ég held, að ekki þurfi að fara lengra út í þetta mál, en vænti þess, að d. taki vel í þetta frv. eins og á sumarþinginu, svo það geti orðið afgr. sem lög frá þessu þingi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 14. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 92, 171).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 171. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Halldór Stefánsson: Ég vil aðeins með fáum orðum vekja athygli á brtt. mínum við frv. þetta, á þskj. 171. Brtt. eru eiginlega ekki nema að mjög litlu leyti efnisbreyt., en mér þykir of einskorðað í frv. að miða þessar framkvæmdir aðeins við eina tegund garðávaxta, kartöflurnar. Vildi ég því með brtt. þessum, að ákveðið yrði, að þetta skyldi ná jafnt til allra tegunda garðávaxta og grænmetis. Hygg ég, að þessi kjallari og markaðsskáli geti komið að einu og sama gagni fyrir allar tegundir garðmetis. Það skiptir ekki miklu máli, þótt ég hafi valið þessari fyrirhuguðu byggingu annað nafn en í frv., eða kallað hann geymslu- og markaðsskála fyrir íslenzkar framleiðsluvörur. Ég geri með þessum brtt. ráð fyrir því, að ein gr. frv. falli niður. Í þessu felst þó ekki nein efnisbreyt. heldur er ein gr. í mínum till., sem nær yfir efni beggja.

Ég vil svo ekki fjölyrða um þetta mál frekar að sinni, því að ég veit menn muni skilja efni till. minna til hlítar, er þeir hafa lesið þær.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Ég hefi því miður verið fjarverandi vegna lasleika meðan þetta mál hefir legið fyrir til umr., og er mér því ekki vel kunnugt um; hverjum orðum kann að hafa verið farið um það, en eftir því, sem ég hefi frétt, hefir það fengið góðar viðtökur og vil ég þakka d. fyrir þann skilning, sem hún með því hefir sýnt málinu.

Ég hefi heldur ekki haft nema lítinn tíma til þess að athuga brtt. á þskj. 171, frá hv. 1. þm. N.-M. Þó lít ég svo á, að þær séu heldur til baga fyrir málið og með öllu þarflausar. Það, sem hv. þm. vill með till. sínum láta koma skýrt í ljós, er rétturinn til þess að geyma fleiri garðávexti í geymslu þessari en kartöflur einar. Ég held, að þetta komi allt af sjálfu sér í frv. eins og það liggur fyrir frá landbn., því að þótt geymslustaðurinn sé nefndur kartöflukjallari, er vitanlegt að aðrir garðávextir yrðu geymdir þar, þótt **aðallega** yrðu það kartöflur. Held ég, að engu þurfi að breyta um nafn frv. eða nokkur ákvæði þess til þess að slá þessum skilningi föstum; slíkt má gera með umr. um málið, að svo miklu leyti sem það er ekki gert í frv. sjálfu.

Þá er önnur höfuðbreyt. hjá hv. þm., þar sem hann ætlast ekki til, að aðrir fái þarna geymslu en þeir, sem framleiða ísl. markaðsvörur. Skilst mér á brtt., að þeim einum sé leigður kjallarinn til afnota, en hinsvegar ekki kaupendum. Þetta getur orðið til hins mesta óhagræðis bæði fyrir framleiðendur og eins þá, sem framleiðsluvörurnar kaupa. Á haustin er það mikilsvert fyrir bændur að geta losnað við þessa framleiðslu sína. Hinsvegar er bæði einstaklingum og félögum, sem kynnu að vilja kaupa garðávexti af þeim í stórum stíl, gert það mjög erfitt, ef þeim er varnað að fá að geyma þá á þessum hentuga stað. Ég vil því halda fast við að bæði kaupendum og seljendum sé jafnheimill aðgangur að kartöflukjallaranum. Það ákvæði frv. miðar svo mjög að því að greiða fyrir sölu á innlendri framleiðslu, að ég hygg, að fyrir því verði eigi séð á hagkvæmari hátt.

Það má vel vera, að fleiri atriði séu í þessum brtt., sem máli skipta, þótt ég hafi ekki rekizt á fleiri, en væntanlega kemur það þá fram hjá öðrum, sem þetta mál

ræða. Annars þykist ég sjá, að brtt. þessar séu fluttar af velvild til málsins, og þakka því flm. það, en ég held, að þær séu á engan hátt nauðsynlegar, og þeir annmarkar fylgja þeim, er auðveldlega geta orðið til þess að spilla framgangi málsins. Leyfi ég mér því að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt á þessu þingi.

Halldór Stefánsson: Mér skildist, að í raun og veru sé enginn verulegur ágreiningur milli mín og hv. frsm. n. um efni þessara till. N. telur, að það, sem ég vilji með brtt. mínum, að frv. nái jafnt yfir alla garðávexti, felist í frv sjálfu. En fyrst þetta er svo, skil ég ekki, hvers vegna ekki má setja það í texta frv. sjálfs og breyta fyrirsögninni. Hv. frsm. benti á eitt atriði í till. mínum, sem má skoðast sem veruleg efnisbreyt., en það var þar sem ég fer fram á, að kjallarann eigi að vera heimilt að leigja „framleiðendum ísl. markaðsvöru". Í frv. er einnig gert ráð fyrir því, að kaupendur fái þarna geymslustað. Fyrir mér vakti, að eðlilegast væri, að ísl. kartöfluframleiðendur og annars garðmetis mynduðu með sér félagsskap um söluna og yrðu á þann hátt bæði framleiðendur og seljendur. En sé þetta ekki tilætlunin, þykir mér heldur ólíklegt, að það geti komið að þeim notum, sem ætlazt er til og það myndi gera, ef félagsskapurinn næði einnig til sölunnar. Ef þetta er ekki tilætlunin, mætti auðvitað bæta úr því, þótt það sé of seint í þessari d. án afbrigða, en ég myndi ekki hafa á móti því að bæta inn í 2. brtt. við 2. umr., svo að á eftir orðunum „framleiðendum ísl. markaðsvöru" komi: og þeim, er verzla með ísl. markaðsvöru. — Ef hæstv. forseti og hv. d. vildu leyfa það, ætla ég að bera fram brtt. þessu viðvíkjandi, svo að það þurfi ekki að vera ágreiningsmál.

Pétur Ottesen: Ég vil aðeins benda hv. flm. brtt. á, að sú töluvert mikilvæga breyt., sem hann gerir á þessu frv., er eins og hv. þm. Mýr. hefir bent á, til mikils spillis og trafala fyrir framgang þessa máls. Í 1. brtt. hans er ekki ætlazt til, að heimild fyrir ríkisstj. til þess að selja markaðsskálann nái lengra en það, að stj. sé aðeins heimilt að selja hann samvinnufél. garðmetisframleiðenda. En í 5. gr. frv. stendur — og er það í fullu samræmi við ákvæði 2. gr. —, að selja megi skálann samlagi eða samvinnufélagi kartöfluframleiðenda og þeirra, er verzla með innlendar kartöflur.

Ef hv. 1. þm. N.-M. ætlar nú að fara að bera fram brtt. við sínar fyrri brtt., í þeim tilgangi að færa þetta í samræmi við ákvæði frv., leiðir það af sjálfu sér, að hann verður einnig að breyta brtt. sinni við 2. gr., sem hann ætlar að láta koma í stað 2. gr. frv. En annars skilst mér, að úr því að hv. þm. er n. sammála um höfuðatriði frv., þá sé það, sem á milli ber, svo smávægilegt, að hann ætti alls ekki að halda þeirri breyt. til streitu. Það er mjög misráðið að vilja útiloka þá menn frá því að nota markaðsskálann, sem verzla með íslenzkar kartöflur án þess að hafa jafnframt með höndum framleiðslu á þeim, og hefir hv. þm. Mýr. bent rækilega á það, hversu mikilvægt framkvæmdaratriði það sé, að þessir menn hafi einnig aðgang að kartöflukjallaranum og markaðsskála.

Mér finnst því, að þar sem hv. 1. þm. N.-M. er landbn. sammála um höfuðatriði þessa máls, þá ætti hann að taka aftur þessar brtt. sínar, því þær miða að því að draga úr notum og gagnsemi frv.

Halldór Stefánsson: Ég vil aðeins leyfa mér að vekja athygli á því, að ég er flm. ekki samdóma um það, að selja eigi þeim, sem samtök hafa aðeins um verzlun með ísl. kartöflur og aðra garðávexti, byggingar þessar ríkissjóði að skaðlausu. En undir eins og samvinnufélag framleiðenda er stofnað í þeim tilgangi, þá er heimildin góð og gild eins og ég set hana fram. En eigi það að vera meiningin, eins og mér skilst á hv. þm. Borgf., að ekki mætti selja þessar byggingar öðrum en samlagi seljenda, þá er ég því mótfallinn efnislega. En skv. því, sem ég hefi áður sagt, ætla ég að leyfa mér að afhenda hæstv. forseta brtt. þessu viðvíkjandi.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt svo hljóðandi skrifl. brtt. frá hv. 1. þm. N.-M. við brtt. II. á þskj. 171: Á eftir orðunum „framleiðendum ísl. markaðsvöru" komi:

og þeim, er verzla með ísl. framleiðsluvörur.

Til þess að brtt. þessa megi taka til umr. og atkvgr., þarf að leita tvöfaldra afbrigða frá þingsköpum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 178) leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Pétur Ottesen: Það er aðeins út af þeim orðum hv. 1. þm. N.-M., að hann væri því mótfallinn, að þeir menn, sem verzla með ísl. kartöflur, ættu þess kost ásamt samvinnufél. framleiðenda að gerast eigendur þessa kartöflukjallara, að ég vil enn benda honum á það, sem í 5. gr. frv. stendur um þetta atriði. Þar segir svo: „Byggingar þessar er stj. heimilt að selja, ríkissjóði að skaðlausu, samlagi eða samvinnufél. kartöfluframleiðenda og þeirra, er verzla með innlendar kartöflur". Það er sem sé gert ráð fyrir því, að þessir aðilar í félagi geti orðið eigendur kjallarans, ef þeir að öðru leyti uppfylla sett skilyrði. Það, sem í þessu felst, er það, að enginn einstakur maður, heldur eingöngu samlag kartöfluframleiðenda og þeirra, er verzla með innlendar kartöflur, getur komið þarna til greina sem aðili við kaup á þessum byggingum. Þetta er sett með það fyrir augum, að við teljum ekki æskilegt, að ríkissjóður standi á bak við fyrirtæki þetta lengur en nauðsyn krefur, eða meðan verið er að koma þessu á fót. Aðstoð ríkissjóðs á einungis að verða til þess að koma fyrirtækinu af stað. Því viðtækari sem sá félagsskapur er, sem hér er um að ræða, því meiri trygging er fyrir því, að hann hafi það bolmagn, sem þarf til þess að kaupa þessar byggingar og starfrækja þær, en þetta ákvæði hv. þm. verður Þrándur í Götu þess, að ríkissjóður geti losnað við þetta fyrirtæki, og að það komist að öllu leyti í hendur hinna réttu aðila. Þess vegna vil ég f. h. n. fara fram á það, að hv. d. skerði ekki þann möguleika, sem í frv. felst til þess að byggingar þessar geti orðið eign þeirra manna, sem nota þær og starfrækja. Þar sem hv. þm. vill ekki taka brtt. sínar aftur, vil ég mælast til þess við hv. deild, að hún felli þær og samþ. frv. óbreytt.

ATKVGR.

Brtt. 171,I felld með 13:9 atkv.

— 171,II—VIII og 178 teknar aftur.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 29. fundi í Ed., 15. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 92).

Á 31. fundi í Ed., 17. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., 30. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 92, n. 253).

Frsm. (Páll Hermannsson): Þetta frv. lá hér fyrir síðasta þingi, að heita má í sömu mynd og það er nú. Að vísu er í 1. gr. frv. nú aðeins gert ráð fyrir, að kartöflukjallarinn rúmi 6000 tunnur til geymslu, en í fyrra frv. var gert ráð fyrir 10000 tn. geymslurúmi. Í frv. því, sem flutt var á síðasta þingi, var gert ráð fyrir að heimila úr ríkissjóði 50 þús. kr. til að reisa þessa byggingu, en í þessu frv. eru aðeins heimilaðar 40 þús. kr. til þessara framkvæmda. Tilgangur þessa frv. er sá, að greiða fyrir sölu á innlendum kartöflum og öðrum þess háttar framleiðsluvörum hér í Reykjavík, og jafnframt að ýta undir ræktun garðávaxta. Í frv. er gert ráð fyrir, að stj. skuli heimilt að láta reisa geymsluskála fyrir vörur hér í Reykjavík og verja til þess 50 þús. kr. Í ákvæðum, sem gilda til bráðabirgða, er stj. heimilað að taka á leigu hús eða kjallara, sem hæft er til þessara afnota, og láta útbúa það eins og nauðsyn krefur vegna geymslunnar, á meðan ekki verður við komið að byggja kjallara þann, sem um getur í frv. Landbn. hefir gengið út frá því, að þessi leið yrði notuð til að byrja með. N. er sammála um, að frv. sé svo þýðingarmikið, að rétt sé að samþ.

það og gera þessa tilraun, sem hnígur að því að koma landsmönnum til að nota sem mest sína eigin framleiðslu; það á fullkomlega við nú á þessum krepputímum. Ég held, að hv. þdm. sé frv. svo kunnugt frá síðasta þingi, að ég þurfi ekki að fjölyrða frekar um það. Að lokum vil ég f. h. landbn. leggja til, að frv. verði samþ.

Halldór Steinsson: Ég vil aðeins gera stutta grein fyrir atkv. mínu. Ég verð að segja, að ég get ekki verið með að samþ. þetta frv., fyrst og fremst af þeim ástæðum, að þar er farið fram á 40 þús. kr. útgjöld úr ríkissjóði, og er það allmikil fjárhæð í þessu árferði. Virðist mér kenna ósamræmis í því þegar á þessu þingi eru felldar niður ýmsar fjárveitingar til verklegra framkvæmda og fluttar sparnaðartill. á ýmsum sviðum, að þá sé jafnframt verið að heimila stj. að greiða svo háa upphæð úr ríkissjóði sem þetta frv. fer fram á.

Ég verð nú að líta svo á, að þessi fyrirhugaði kartöfluskáli komi ekki að notum nema takmörkuðu svæði hér á Suðvesturlandi; og ég verð að segja, að þeim héruðum, sem eiga að njóta þessara framkvæmda, er ekki ofvaxið eða ofætlun að sjá sér sjálfum fyrir haganlegu geymslurúmi og sölustað hér í Reykjavík fyrir kartöflur sínar og aðra garðávexti. Ég get ekki séð, að nokkur skylda beri til að greiða úr ríkissjóði stóra fjárupphæð í þessu skyni, þar sem sá styrkur mundi ekki koma landsmönnum að notum.

Jón Baldvinsson: Þegar þetta mál var hér til meðferðar í fyrra í þessari hv. þd., þá hneykslaði ég suma hv. þm. með því að stinga upp á því, að leikhúskjallarinn nýi yrði notaður í þessu skyni til geymslu fyrir garðávexti. Ég er ekki frá því, að þetta væri hentug úrlausn á þessu máli, ef hægt væri að fá samkomulag um hana. Að öðru leyti vil ég taka undir með hv. þm. Snæf., að mér þykir undarlegt, að þessi heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði skuli vera borin hér fram nú, þegar hæstv. fjmrh. stendur daglega með sveittan skallann í báðum deildum Alþingis til þess að sanna þingheimi, að ríkissjóður þurfi að fá 1½ millj. kr. tekjuauka til þess að standast brýnustu útgjöld. Hér er í þessu frv. farið fram á talsverða upphæð til útgjalda: 40 þús. kr. í einu lagi, og ómögulegt er að segja fyrir fram nema það geti orðið meira og að þessi fyrirhugaða bygging verði dýrari en ráðgert er, því þó að verkfræðingum eða húsameisturum verði falið að gera um það áætlanir og teikningar, þá gæti svo farið, ef að vanda lætur, að síðasti kostnaðarreikningurinn við byggingarnar stemmi ekki upp á eyri við kostnaðaráætlunina. En hinsvegar verður ekki hægt fyrir stj. að láta stöðva byggingarnar í miðju kafi, þegar þessi áætlunarupphæð er búin. Það gæti valdið meiri skaða heldur en að bæta við t. d. 20 þús. kr. og halda verkinu áfram, þannig að náð verði þeim tilgangi, sem lögin ætlast til. Stj. yrði nauðug eða viljug að verja því fé til byggingarinnar, sem þarf til þess að hún komi að tilætluðum notum.

Ég veit ekki, hvort þeir menn, sem að þessu frv. standa, hafa gert sér ljóst, hvort viðunanlegt húsnæði mundi vera fáanlegt hér í Reykjavík til þessara afnota og með hvaða kjörum. En eins og nú er ástatt, þá held ég, að flestallir vöruskálar kaupmanna hér í bænum hljóti að vera meira og minna tómir. Ég skal játa, að ég hefi ekki athugað, hvort hentugt húsnæði væri hér fáanlegt, en ég vil spyrja hv. landbn., hvort hún hefir ekki kynnt sér það. Það skiptir miklu í þessu máli, hvort reist verður nýtt hús fyrir 40 þús. kr. eða meira eða að leigt verður húsnæði og lagfært lítilsháttar, sem gæti komið að fullum notum.

Það er rétt, sem hv. frsm. sagði, að þetta gæti orðið að nokkru gagni fyrir innlenda framleiðslu og aukið hana, því að erfiðleikar á sölu garðávaxta um leið og uppskerunni er lokið hindra það, að einstakir menn stækki garða sína og taki ný lönd til garðræktar. Ég geng því inn á það, að þetta mundi auka framleiðslu á garðávöxtum, ef góð geymsla fengist á þeim þar, sem markaðurinn er mestur. En hitt gæti líka komið til mála, að reisa geymsluskála fyrir garðávexti á fleiri stöðum en hér í Reykjavík, og væri ef til vill meiri nauðsyn á því annarsstaðar, því að samgöngur eru greiðastar hér við Reykjavík.

Ég held, að þó að tilgangurinn með þessu frv. sé góður, þá hafi málið ekki verið rannsakað sem skyldi, sérstaklega að því er snertir húsnæðið. — Einni fyrirspurn vildi ég beina til hv. frsm., hvort nefndin ætlast til, að í frv. felist tvennskonar heimild til stj., fyrst og fremst heimild til þess að láta reisa byggingu og í öðru lagi heimild til þess að leigja húsnæði til vörugeymslu. Ég get vel hugsað mér, að það sé gott, að hið opinbera hafi forgöngu um þetta mál, af því að framleiðendur garðávaxta eru svo dreifðir og óvíst, að þeim takist að hafa samtök til þessara framkvæmda. Og þó að þessi forganga hafi einhvern kostnað í för með sér til að byrja með, þá ætti hann ekki að vera þungbær fyrir ríkissjóð, þó að framleiðendum garðávaxta sé máske ekki kleift að leggja hann fram.

Með frv. þessu er farið fram á allstóra upphæð til útgjalda, þegar miðað er við þá kveinstafi, sem daglega heyrast um fjárhag ríkisins úr stjórnarflokknum. Ég sé mér því ekki fært að greiða atkv. með því heimildarákvæði frv. En hvort ég sit hjá eða ekki, skal ég ekkert um segja að svo stöddu.

Frsm. (Páll Hermannsson): Hv. þm. Snæf. benti á, að hér væri um allháa fjárupphæð að ræða, eða um 40 þús. kr., sem verja mætti samkv. þessu frv. úr ríkissjóði, og það er vitanlega rétt, að þetta er allhá upphæð, eins og nú standa sakir. En á hitt má líta, að hér er aðeins um heimild að ræða, og í öðru lagi er ótvírætt gert ráð fyrir því í bráðabirgðaákvæðum, sem fylgja frv., að framkvæmdir verði á annan hátt til að byrja með; þar er ætlazt til, að stj. leigi geymsluhús fyrir vörurnar, og ég held, að ég hafi getið þess í fyrri ræðu minni, að landbn. ætlaðist til, að þessi leið yrði farin í bili. Sami hv. þm. benti á, að þetta bjargráð kæmi ekki að notum nema takmörkuðu svæði. Það er að vísu rétt, en þetta er aðeins byrjunin, og það er rétt, að hún sé gerð í langfjölmennasta hluta landsins, það hefir vitanlega mesta þýðingu. Í Reykjavík er langmestur markaður fyrir innlenda framleiðslu.

Hv. 2. landsk. var að spyrjast fyrir um, hvort n. hefði nokkuð kynnt sér, hvort líkur væri fyrir, að húsrúm fengist leigt hér í bænum til vörugeymslu. Ég skal játa, að n. hefir ekkert grennslazt eftir því, enda ekki talið það sitt hlutverk. En í hv. Nd. mun það hafa komið til orða, að hægt væri að nota kjallara þjóðleikhússins. Ég veit ekki, hvort hann er nothæfur, en ef svo er, þá sé ég ekkert á móti því, ef ekki þarf að kosta þar miklu til umbúnaðar áður. Hv. 2. landsk. benti á, að frv. kæmi að talsverðu gagni fyrir framleiðendur, sem vildu rækta meiri kartöflur en þeir gera nú; en það kemur líka þjóðarheildinni að miklu gagni að því leyti, að það sparar innkaup á erlendum vörum. Sami hv. þm. benti á, að þörf mundi vera fyrir þessa geymsluskála víðar en hér, og er það vafalaust rétt, en brýnust er hún hér á Suðvesturlandi og því eðlilegast, að þar sé byrjað. Annars minnir mig, að í frv. til breyt. á jarðræktarlögunum, sem var hér til umr. í þd. í gær, séu ákvæði um að greiða fyrir byggingu slíkra geymsluskála með styrkveitingum samkv. jarðræktarlögunum. Hv. 2. landsk. spurðist fyrir um það, hvort frv. ætti að skiljast á þann hátt, að í því fælust tvennskonar heimildir til stj., fyrst og fremst til þess að byggja geymsluskála og í öðru lagi til að leigja geymslurúm til bráðabirgða. Landbn. lítur svo á og ætlar stj. að leysa málið á þann hátt, sem henni virðist tiltækilegast.

Einar Árnason: Ég tel vafasamt, að ég geti fylgt þessu frv., m. a. af sömu ástæðu og hv. þm. Snæf. benti á, sem sé fjárhagsatriði málsins. Ég sé ekki, að ríkissjóður hafi ráð á að leggja fram þetta fé, sem frv. heimilar til þessara framkvæmda. Og í öðru lagi virðist það vera alveg óákveðið, hvernig þessi bygging á að vera og hvernig ríkisstj. er ætlað haga afnotum byggingarinnar. Það stendur í 2. gr. frv., að þegar kjallarinn er fullgerður, skuli hann leigður íslenzkum kartöfluframleiðendum og þeim, er verzla með íslenzkar kartöflur. Ég held, að þetta geti orðið nokkuð umfangsmikið fyrir stj., ef hún á að leigja þetta húsrúm hinum og öðrum, sem þess óska. Annars vil ég ekki neita því, að það geti verið gott, ef ástæður leyfa, að greiða fyrir því, að kartöfluframleiðendur geti

komið sölunni á framleiðslu sinni í betra lag en nú er, en mér virðist, að þetta eigi að vera utan við verksvið ríkisstj., þannig að hún þurfi ekki að sjá um þessar framkvæmdir eða að ríkissjóði sé gert að leggja fram mikið fé til að byggja yfir kartöflurnar. Hinsvegar lít ég svo á, að ef stj. hefði ráð á geymsluhúsi í Reykjavík til þess að greiða fyrir því, sem ætlazt er til í frv., þá gæti það vel komið til mála, þó án sérstaks tilkostnaðar fyrir ríkissjóð. Hefi ég þar sérstaklega í huga sérstaka byggingu, sem nýbúið er að reisa hér í Rvík fyrir opinbert fé og ekki er enn farið að nota, vegna þess að hún er ekki fullgerð, og verður það sennilega ekki næstu árin. Þess vegna vil ég leyfa mér að bera fram svofellda till. til rökst. dagskrár:

Í því trausti, að ríkisstjórnin aðstoði félagsskap innlendra kartöflframleiðenda, ef með þarf, um húsrúm í Reykjavík til geymslu og sölu á kartöflum, ríkissjóði að kostnaðarlausu, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Jón Jónsson: Ég verð að segja það, að ég átti alls ekki von á þessum undirtektum, sem þetta litla frv. hefir fengið. Hv. ræðumenn hafa talað um, að hér væri um stórfelld útgjöld að ræða fyrir ríkissjóð, en sú upphæð, sem heimiluð er samkv. 1. gr. frv., er allt að 40 þús. kr. Hv. ræðumenn minnast lítið á það, að með þessu frv. og öðru, sem drepið var því miður við 3. umr. í Nd., væri hægt að spara þjóðinni mikil útgjöld út úr landinu. Samkv. hagskýrslum hefir verið greitt út úr landinu á aðra millj. kr. fyrir garðávexti árlega. Mér finnst, að það þurfi að gera allt til þess að spara slíkar greiðslur og styðja þjóðina til þess að búa sem bezt að sínu, jafnvel þótt fórna þurfi til þess 40 þús. kr. greiðslu úr ríkissjóði. Það er ekki mikið, ef það hefir veruleg áhrif til þess að auka garðræktina. En nú þarf ekki að ráðast strax í þá byggingarframkvæmd, sem frv. gerir ráð fyrir, því að eins og hv. frsm. benti á, þá er stj. heimilað með bráðabirgðaákvæði að byrja með því að leigja geymslurúm fyrir vörurnar, og þá verða útgjöldin lítil fyrst í stað. Ég álít það mjög óviðeigandi, ef Alþingi synjar um styrk til þeirrar tilraunar, sem hér er farið fram á til viðreisnar framleiðslunni. Á þessum krepputímum eigum við að sækja sem minnst til útlanda, og ég minni aftur á það, að hér er um að ræða útgjöld, sem nema á aðra millj. kr. árlega. Það er ekki lítilsvert, ef hægt væri að snúa þessu við og láta þessar krónur renna í vasa innlendra framleiðenda. Þess vegna vona ég, að þetta litla frv. gangi fram. Um dagskrártill. þá, sem fram er komin frá hv. 2. þm. Eyf., er það að segja, að mér þykir hún taka of miklum vetlingatökum á þessu máli, þar sem skilyrði er sett um það, að fyrirgreiðsla stj. í þessu máli megi engan kostnað hafa í för með sér fyrir ríkissjóð. Þetta þykir mér helzt til mikil nærsýni og smámunasemi.

Magnús Torfason: Það hefir nú um stund staðið nokkur gjóstur af Snæfellsjökli hingað í deildina. Við höfum fundið það í dag, að hann andar á norðan, og lítur út fyrir, að þetta litla frv., sem hér er til umr., eigi að fá að kólna úti í þessu norðanhreti. Það er fundið að þessu frv., að það leiði til útgjalda fyrir ríkissjóð. Ég get ekki neitað því, að svo kunni að fara. En hitt er ég viss um, að það leiðir ekki til útgjalda fyrir þjóðina, síður en svo. Ég er ekki í vafa um það, að ef komið verður upp sæmilegri geymslu fyrir jarðepli og aðra garðávexti hér í Rvík, þá mundi verða stórgróði að því fyrir þjóðina, þegar fram í sækir, og reyndar að nokkru leyti nú þegar. Ég hélt, að hv. 2. landsk. kynni samkv. stöðu sinni, að meta þýðingu þess hér á Alþingi, að stefnt sé að því að spara erlendan gjaldeyri. Mér virðist þetta sparnaðarhjal, sem verið er með hér í sambandi við þetta mál, hafa við heldur lítið að styðjast, þar sem hv. frsm. n. hefir lýst því yfir, að það sé ætlazt til þess, að stj. hafi fullt vald til þess að nota bráðabirgðaákvæði frv. Enda sé ég ekki betur en í orðun þessa ákvæðis, sem hefst þannig: „Meðan ekki verður við komið —“ o. s. frv., felist fullt leyfi til þess að byggja ekki kjallarann fyrr en ríkissjóður hefir virkilega ráð á því. En að hv. 2. landsk. sé á móti því, að ráðizt verði í framkvæmdir, sem til þjóðþrifa geta orðið, ef fé er fyrir hendi til þess, því get ég ekki trúað, eftir

stefnu hans hér á þingi fyrr og síðar.

En það er eitt, sem ég vil benda á í sambandi við þetta mál. Hér er ekki aðeins að ræða um sparnaðarmál og atvinnumál fyrir þjóðina, heldur má líka jafnvel telja það heilbrigðismál. Útlendu kartöflurnar, sem fást hér á vorin, eru, ef þær eru ekki keyptar með sérstöku okurverði, alls ekki góður matur. Íslenzku kartöflurnar geymast betur en þær útlendu, ef þær eru í sæmilega heppilegri geymslu, og verða því hollari og betri fæða.

Ég man ekki betur en að með næstu viku eigi að byrja svokölluð íslenzk vika og að þá eigi að leggja áherzlu á að auka og nota innlendar afurðir. Ég vil nú skjóta því til hv. d., að hún leyfi frv. þessu í dag að ganga til 3. umr. og til hæstv. forseta að hann taki það aftur á dagskrá á mánudaginn kemur, og geta þá hv. dm. byrjað vikuna með því að drepa frv. Væri það allsæmileg byrjun á hinni svokölluðu íslenzku viku, sem hér á að stofna til.

Halldór Steinsson: Hv. 3. landsk. sagði, að sér hefði komið mjög á óvart þau andmæli, sem hér hefðu komið fram gegn þessu frv. En ég held, að hv. þm. hefði ekki þurft að koma þau svo mjög á óvart, því frv. var hér til umr. á síðasta þingi, og ég man ekki til, að það fengi svo góðar undirtektir þá í þessari hv. d., að hv. þm. hafi haft ástæðu til að ætla, að það gengi andmælalaust gegnum hana nú.

Þá fór hv. þm. út í dálitlar öfgar, þar sem hann sagði, að þeir, sem legðust á móti þessu frv., væru á móti því að spara á aðra millj. kr. fyrir landsmenn, og að þær 40 þús., sem gert er ráð fyrir að kosta til, væru smáræði samanborið við þann mikla gjaldeyrissparnað, sem af þessu leiddi. Þetta finnst mér ganga nokkuð langt hjá hv. þm., því það er vitanlegt, að þó þessi kartöflukjallari væri byggður hér í Reykjavík, þá yrðu það aðeins nærsveitirnar, sem þess nytu. Það yrðu fyrst og fremst Akranes, og svo e. t. v. Árnessýsla. Allur þorri landsmanna mundi fara á mis við þessi gæði, vegna þess að svo mikill kostnaður yrði við að flytja kartöflur frá þeim í þennan markaðsskála, að þær mundu ekki standast samkeppni við útlendar kartöflur hér.

Hv. 2. þm. Árn. var mjög skáldlegur í upphafi ræðu sinnar og sagði, að það blési kalt af Snæfellsjökli gegn þessu máli. Það er gleðilegt, að sá kuldagjóstur hefir þó ekki orðið til þess að drepa út allan kartöflugróður í huga hv. þm. Hann sagði, að hér væri ekki farið fram á nein útgjöld fyrir þjóðina. Ég veit ekki hvernig hv. þm. getur sagt, að 40 þús. kr. fjárveiting sé engin útgjöld fyrir þjóðina; ekki verða þær borgaðar af öðrum en þjóðinni.

Jón Baldvinsson: Maður skilur auðvitað, að hv. 2. þm. Árn. er þetta kappsmál, því það kemur eflaust að gagni einhverjum mönnum í hans héraði. En mér finnst maður verði fyrst og fremst að líta á, hvað kemur að gagni landsmönnum í heild. Ég verð að segja, að ég er hálfhræddur við allan þennan yfirgang kartöflumannanna hér á þinginu, sem greinilegast hefir komið fram í hv. Nd., þegar farið var fram á að banna algerlega innflutning á kartöflum hluta af árinu. Það er líka svo í þessu frv., að ákveðið er, að aðeins skuli geymdar íslenzkar kartöflur í fyrirhuguðum kjallara. Í þessu máli ætti fyrst og fremst að líta á það, að landsmenn geti fengið sem beztar og ódýrastar kartöflur. Og hví gæti þá ekki komið til mála að kaupa kartöflur frá útlöndum á þeim tíma, sem þær eru ódýrastar, og geyma þær hér til þess tíma, sem óskemmdar kartöflur fást ekki nema fyrir okurverð. Aðalatriðið er, að neytendur fái þessa vöru sem bezta og ódýrasta, en mér skilst þetta frv. eins og það liggur fyrir muni ekki hafa áhrif í þá átt, og það muni ekki vera tilgangurinn með því.

Hv. þm. sagði, að ég yrði að líta á nauðsynina á að minnka innflutning á erlendri vöru. Það stendur nú svo á á þessum krepputíma, að skortur er á erlendum gjaldeyri til að kaupa fyrir nauðsynjar okkar frá útlöndum. Flestir vona, að þetta sé aðeins tímabil, sem við þurfum að komast yfir með því að kaupa sem minnst inn. Nú held ég, að þó frv. þetta yrði samþ., mundi það engin teljandi áhrif hafa á kartöfluinnflutninginn

á yfirstandandi og næsta ári. Aftur á móti þyrfti að kaupa efni til byggingarinnar frá útlöndum. Er því þetta mál mjög vafasamt frá sjónarmiði gjaldeyrisverzlunarinnar.

Ég sé ekki, að hv. 2. þm. Árn. og hv. 3. landsk. hafi bent á nokkra ástæðu, sem gerir það nauðsynlegt að ráðast í þessar framkvæmdir nú. Ef stj. gengist fyrir því að reisa slíka byggingu, mundi hún sennilega verða afhent einhverju kaupfélagi eða kartöflufuhring, sem tæki svo kartöflusöluna í sínar hendur. Allar hugleiðingar hv. 2. þm. Árn. út af íslenzku vikunni minna mann dálitið á vísuorðin „Bara ef lúsin íslenzk er, er þér bitið sómi". Ég veit ekki, hvort hv. sessunautur minn (MT) trúir sjálfur á þetta, en gott er að heyra, að þrátt fyrir allan norðannæðinginn hér andar þó hlýjum sunnanblæ frá honum.

Ég vildi gjarnan, að dagskrá hv. 2. þm. Eyf. yrði samþ. En ég veit ekki, hvort þörf er að hafa í henni orðin „ríkissjóði að kostnaðarlausu". Ég veit ekki, hvort stj. gæti nokkuð gert með því móti, hvort hún mætti einu sinni ljá ráðunauta sína til að starfa að þessu. Ég vil því skjóta því til hv. 2. þm. Eyf., hvort hann vill ekki fella þessi orð niður úr dagskránni. Þá gæti ríkisstj. veitt aðstoð sína án þess að leggja fram þær 40 þús. kr., sem eftir frv. á að veita. Annars hefði verið æskilegra, að hæstv. fjmrh. hefði verið hér viðstaddur við þessa umr., svo spyrja mætti hann, hvort nokkrar líkur eru til, að frv. kæmi til framkvæmda að svo stöddu, þó samþ. væri, hvort ríkissjóður hefir nokkurt fé til að leggja í þetta. Mér þætti fróðlegt að heyra úr ráðherrastól, hvað stj. hugsar sér um framkvæmd málsins og hvort nokkurt fé sé fyrir hendi til slíkra hluta.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég hefi því miður ekki nema að litlu leyti getað fylgzt með þessum umr., en mér skilst á öllu, að það liggi við borð, að annaðhvort verði samþ. sú rökstudda dagskrá, sem hv. 2. þm. Eyf. hefir borið hér fram, eða þá að frv. verði fellt, enda var nokkur ástæða til að búast við, að svo færi, eftir undirtektunum, sem það fékk á sumarþinginu, þegar hv. d. var eins skipuð og nú; mun það þá hafa verið fellt með sjö eða átta mótatkv.

Mér finnst, að e. t. v. væri hægt að finna einhvern meðalveg í þessu máli, sem bæði meðmælendur og andmælendur frv. gætu sætt sig við. Eins og kunnugt er, hefir hv. landbn. Nd. óskipt flutt frv. og í Nd. var það samþ. með talsverðum meiri hluta. En upphaflega er það komið frá búnaðarþinginu. Það, sem mér skilst aðallega vera þyrnir í augum hv. þm. í þessari d., er heimild frv. til að leggja út í 40 þús. kr. kostnað. En ég vil benda á, að það er nokkurt millibil milli þess að veita þá heimild og hins, að vilja ekki gefa heimild til neinna aðgerða, og inni á þeirri hugsun virtist mér hv. 2. landsk. vera, þegar hann var að tala um dagskrá hv. 2. þm. Eyf. Ég fyrir mitt leyti hafði gert ráð fyrir, að eins og nú er ástatt mundi vart verða gert annað en það, sem talað er um í bráðabirgðaákvæðum frv. Ég vil því bera hér fram þá uppástungu, að hæstv. forseti taki málið út af dagskrá að þessu sinni, til þess að gefist tóm til að athuga, hvort ekki fengist samkomulag um að breyta frv. í þá átt, að gefin sé heimild til þeirra aðgerða, sem bráðabrigðaákvæðin ræða um, að stj. geti veitt kartöflufuframleiðendum nokkra aðstoð, þó það hefði einhvern smávegis kostnað í för með sér. (**HSteins:** Hvað mikinn?). Það mætti setja eitthvert takmark fyrir því í frv. Mér finnst, að það væri illa farið, ef þingið vill ekkert gera á þessum tímum til þess að ýta undir kartöfluræktog skapa kartöflufuframleiðendum aðstöðu til að geta geymt vöru sína og haft hana á boðstólum lengri tíma en nú er.

Þetta er sú bending, sem ég vildi koma fram með, af því ég býst við, að erfitt verði að fá frv. samþ. í þeirri mynd, sem það nú er í.

Frsm. (Páll Hermannsson): Ef farin verður sú leið að taka málið út af dagskrá í þetta skipti til þess að athuga till. hæstv. forsrh., þá óska ég ekki eftir að nota minn ræðutíma fyrr en við framhald umr.

Forseti (GÓ): Ég fyrir mitt leyti hefi ekkert á móti því að taka málið út af

dagskrá, og geri það hér með, ef enginn mælir því í gegn.

Umr. frestað.

Á 53. fundi í Ed., 16. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Jón Baldvinsson: Ég vildi gera fyrirspurn til hv. landbn., sem hefir haft málið til meðferðar, um það, hvað hún hefir gert við frv. síðan það var hér við fyrri hluta þessarar umr. Mér skildist þá, að hv. n. væri ætlað að yfirvega það, hvort ekki væri heppilegt að breyta frv. á þann hátt, að það fæli í sér heimild fyrir stj. til þess að leigja geymslustað fyrir kartöflur, en ekki til að byggja. Ég vildi aðeins heyra það, hvað n. hefir gert allan þennan tíma, sem liðinn er síðan frv. var hér til umr. síðast.

Frsm. (Páll Hermannsson): Þegar þetta mál var hér í hv. d. við fyrri hluta þessarar umr., komu fram uppástungur um það, hvort n. vildi ekki taka til íhugunar að breyta frv. á þá leið, sem hv. 2. landsk. minntist á. Frá hv. 2. þm. Eyf. kom þá fram í málinu rökst. dagskrá, sem fól í sér það, að þessi væri vænzt, að ríkisstj. greiddi fyrir sölu jarðepla án þess að lagt væri í kostnað við það frá ríkisins hálfu, ef mig minnir rétt.

Hæstv. atvmrh. beindi því ennfremur til n., hvort hún vildi ekki breyta frv. á þann hátt, að það gerði aðeins ráð fyrir heimild til þess að leigja húsnæði til kartöflugeymslu, þó það kostaði eitthvað.

N. hefir nú yfirvegið þetta mál á fundi, og hefi ég ekki önnur boð að flytja frá n. viðvíkjandi frv. en þau, að hún sér ekki ástæðu til þess að breyta frv., heldur að láta fara um það hér í hv. d. eins og verða vill.

Það sjá allir, að það tekur því ekki að fara að samþ. dagskrá á þá leið, að ríkisstj. megi greiða fyrir þessu máli án þess að kosta nokkru til, því það getur stj. alveg eins fyrir því, þó að Alþingi samþ. enga dagskrá.

N. vill láta afgr. frv. eins og það liggur fyrir. Hinsvegar hefir hún gert ráð fyrir því, ef frv. nær samþykki, að sú leið verði tekin að leigja húsrúm fyrir þessa starfsemi, þó hún telji ekki ástæðu til að fastbinda það með lögum, hvor leiðin verði farin. N. verður að álíta málið þannig vaxið, að það sé nauðsynlegt að greiða fyrir sölu þeirrar innlendu vöru, sem hér er um að ræða, og ýta með því undir þessa þörfu framleiðslugrein landsmanna, sem nú er svo mikil þörf fyrir til notkunar í landinu sjálfu.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá 2. þm. Eyf. samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JakM., JBald, JónÞ, BSn, EÁrna, GL, HSteins, GÓ.

nei: IP, JónJ, JónasJ, MT, PH, PM.

2. Sala á landi Garðakirkju.

Á 17. fundi í Ed., 1. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um sölu á landi Garðakirkju á Álftanesi (þmfrv., A. 57).

Á 20. fundi í Ed., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Þetta frv. fer fram á að heimila ríkisstj. að selja Hafnarfjarðarkaupstað þann hluta úr landi Garðakirkju á Álftanesi, er fellur í hlut heimajarðarinnar við skipti þau, er nú fara fram á áður óskiptu landi heimajarðarinnar. Þetta frv. fer því í sömu átt og mörg lagafrv., sem komið hafa fram á undanförnum árum og miða að því að selja ræktanleg lönd til bæja og kaupstaða, til þess að auka atvinnu- og bjargarmöguleika íbúanna og koma fótum undir jarðræktarstarfsemi við sjávarsíðuna.

Frv. þetta er flutt að beiðni bæjarstj. Hafnarfjarðar, og hefir verið leitað álits Sigurðar Sigurðssonar búnaðarmálastjóra um það, og er álit hans prentað sem fskj. við grg. frv. Þar segir m. a. á þessa leið:

„Hafnarfjarðarkaupstaður á lítið ræktanlegt land, enda eru tún þar eigi talin meira en 35 ha. og garðar 4 ha. Nautgripir eru taldir 70 og uppskera af garðávöxtum um 300 tnr.

Nú er íbúatala í Hafnarfirði 3500, og þyrfti þá til að fullnægja mjólkurþörf bæjarbúa að vera þar um 590 mjólkurkýr, og ef nægilegt ætti að afla af garðávöxtum, mætti það eigi minna vera en 3550 tnr.

Hafnarfjarðarkaupstaður á einna minnst af ræktanlegu landi af öllum kauptúnum landsins. Því er lífsnauðsyn fyrir hann að fá umráð yfir nokkru landi, og er þá næst land Garðakirkju. Mikið af því liggur vel til ræktunar, einkum það, sem liggur næst veginum milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur.

Ég leyfi mér því að mæla eindregið með því, að frumvarp þetta nái fram að ganga".

Í grg. frv. er ennfremur vikið að því, hversu lítið og lítt ræktanlegt land kaupstaðurinn hefir til umráða, og að áhugi manna sé mikill fyrir ræktun, ef hún væri möguleg í kaupstaðnum, og að ekki sé um annað ræktanlegt land að ræða í námunda við Hafnarfjörð, en í landi Garðakirkju. Ef sala þessi kæmist í framkvæmd, sem engin ástæða er til að efast um, þá er sjálfsagt, að ríkið setji það skilyrði, að bæjarstj. seldi landið ekki aftur í hendur einstakra manna, því þá væri lítið unnið við samþykkt þessa frv. Slíkar kvaðir eru algengar á þeim löndum, sem seld hafa verið til kaupstaða og kauptúna fyrir atbeina ríkisvaldsins, sbr. í því sambandi þegar Akranes fékk land til ræktunar ekki alls fyrir löngu.

Ég tel víst, að þessu frv. verði vel tekið, sem og öðrum slíkum frv. áður, og leyfi ég mér að leggja til, að því verði vísað til hv. alshn. að lokinni þessari umr.

Bjarni Snæbjörnsson: Ég vil taka í sama streng og hv. flm. um það, að hér er um hið mesta nytsemdarmál fyrir Hafnarfjarðarbæ að ræða. Einnig vil ég girða fyrir misskilning í sambandi við flutning málsins. Þar sem ég er bæði í bæjarstj. Hafnarfjarðarkaupstaðar og auk þess þm. kjördæmisins, kynni það í fljótu bragði að virðast einkennilegt, að ég skuli ekki hafa flutt þetta frv. og mætti skilja það svo, að ég sé þessu máli mótfallinn, en það er öðru nær, enda er þetta einróma vilji allrar bæjarstj. og allra bæjarbúa. Það er nú svo um Hafnfirðinga, að þeir hafa mjög lítið ræktanlegt land til umráða og vantar tilfinnanlega beitiland fyrir nautpening sinn, sem af þeim sökum er miklu minni en ef beitiland væri nægilegt. Ef við fengjum þetta land til umráða og eignar, þá myndi það eflaust vera íbúum kaupstaðarins til stórmikils hagnaðar og framfara. Ég vil eindregið mæla með því, að þetta frv. fái sem beztar undirtektir í deildinni og að það fái afgreiðslu á þessu þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., 11. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 57, n. 662).

Frsm. (Einar Árnason): Allshn. leggur til, að þetta frv. verði afgr. með rökst. dagskrá, og er hún á þskj. 662. Í nál. eru teknar fram ástæður n. fyrir þessari afgreiðslu. Jafnframt er þar og sagt, og get ég endurtekið það, að allshn. er hlynnt því, að Hafnarfjörður fái þarna land, eftir því sem fært þykir eða hann hefir þörf fyrir. Allshn. leitaði bæði álits biskups og dómsmrn. um þetta frv. Kemur það fram í svörum þeirra, að þeir eru hlynntir þessu máli, en agnúar eru hinsvegar á því að afgr. málið strax, vegna ýmsra ástæðna, og er nauðsynlegt, að frv. fái betri undirbúning áður en það nær samþ. Alþ. Í bréfi því, er biskup sendi, segist hann ekkert sjá til fyrirstöðu því, að þetta sé gert. En mótmæli hafa þó einnig komið gegn þessari sölu. Eru þau frá hreppsnefnd Garðahrepps, og segir hún, að land þetta sé nytjað af 16 bæjum í þeim hreppi og þeim nauðsynlegt að halda afnotum af þessu landi að meiru eða minna leyti. N. telur því nauðsynlegt, að málið sé betur athugað og undirbúið fyrir næsta þing. Sé m. a. tekið til athugunar, hve mikið megi missast af landi þarna, eða hvort fært sé að láta Hafnfirðinga fá allt það land, er þeir biðja um og þeim er nauðsynlegt að fá. Og þó n. leggi það til, að frv. verði ekki samþ. nú, þá ber ekki að skilja það svo, að hún sé málinu andvíg. Að vísu tefst málið um eitt ár, en það ár ber að nota til þess, að

það geti komið vel undirbúið fyrir næsta þing.

Jón Baldvinsson: Þetta mál hefir lengi legið fyrir hv. allshn. og kemur nú loks með þeim hætti, sem nál. ber vott um, að ekki er ætlazt til, að það gangi fram á þessu þingi. Ég tel þessa afgreiðslu ekki æskilega. Hafnfirðingum liggur á landi strax, og það af fleiri en einni ástæðu. Það er alkunna, að í Hafnarfirði er ekkert land, sem hæft er til ræktunar. Hinsvegar er þeim bæ eins og öðrum þörf á að auka ræktun vegna íbúa sinna. Þeir tímar, sem nú eru, veita heldur ekki svo mikla atvinnu, að vanþörf væri á að bæta afkomuna með því að njóta einhverra landsnytja. Þeim væri því hin mesta þörf á því að fá þetta land nú, einmitt þegar lítið er um atvinnu og þeir því hefðu tíma til að leggja vinnu í ræktun þess. Mótmæli búenda í Garðahreppi tel ég ekki næga ástæðu til þess að málinu verði frestað. Þeir munu nota land þetta sem beitiland. Sé ég ekki, að sú þörf sé meiri en þörf Hafnfirðinga, sem mundu rækta landið strax. Í bréfi dómsmrn. er tekið fram, að hugsa verði fyrir þörf sóknarprests til þessa lands. En á bréfi biskups er það að sjá, og hið sama skildist mér á ræðu hv. frsm., að þarna yrði naumast prestssetur tíðar, heldur mundi hann sitja í Hafnarfirði. Get ég hugsað, að biskup hafi gert sér betri grein fyrir þessu en dómsmrn. Er því sú ástæða niður fallin með bréfi biskups.

Það arkar að auðnu, hvernig atkvgr. fer um þetta mál. Ég geri ekki ráð fyrir því, að málið verði afgr. til fullnustu frá þinginu nú, þótt dagskrártill. yrði felld, sem þó eru engin líkindi til, að gert verði. En það er jafnan svo með þessar dagskrár, að hæstv. stj. lítur frekar á þær sem handhæga afgreiðslu til að koma máli fyrir kattarnef á liðlegan hátt heldur en að hún telji sér skylt að gera mikið í því máli, sem svo er afgr.

Bjarni Snæbjörnsson: Ég verð að segja fyrir mig, að ég get ekki heldur fylgt þessari rökst. dagskrá. Eins og tekið hefir verið fram, er Hafnfirðingum mjög nauðsynlegt að fá þetta land, sem hér er farið fram á, bæði til beitar og ræktunar. Sérstaklega er sú þörf aðkallandi í því atvinnuleysi, sem nú er í Hafnarfirði eins og annarsstaðar. Og ég efast ekki heldur um, að það sé rétt hjá hv. 2. landsk., að það sé einlægur vilji hans og yfirleitt þeirra, sem að þessu máli standa, að það komist í framkvæmd. En hinsvegar verð ég að segja, að það hefði sennilega mátt takast að koma því ofurlítið betur áleiðis heldur en gert hefir verið. Hv. 2. landsk. hefir yfirleitt reynzt mjög samningaliðugur maður, a. m. k. þann stutta tíma, sem ég hefi verið með honum hér á þingi. Og ég sé líka einmitt nú í dag, eftir því sem flokksblað hans upplýsir, að hann ætlar sennilega ekki að breyta um þær starfsaðferðir, sem hann áður hefir haft. Því finnst mér, að ef honum hefði verið það mál, sem hér liggur fyrir, mjög mikið kappsmál, þá hefði verið hægt að koma því einhvernveginn inn í samningana, þannig að það fengi afgreiðslu á þessu þingi, svo hægt væri að byrja á atvinnubótunum.

Ég vona, að hv. 2. landsk. skilji, við hvað ég á, þar sem ég hefi séð í flokksblaði hans, að það sé komið eitthvað þannig á döfina, að um samninga sé að ræða milli hæstv. stj. og þingflokkanna. Það hefir eins og ég gat um áður, fyrr komið fram hjá þeim hv. þm., að hann er góður að koma sínum málum fram með tilstyrk annara mála, sem á döfinni eru samtímis í þinginu.

Jón Baldvinsson: Mér er ekki alveg ljóst, hvað hv. þm. Hafnf. á við með hjali sínu. Honum skilst, að ég hefði getað komið þessu máli fram með einhverjum samningum. Ég hefi gert það fyrir þetta mál, sem þm. venjulega gera fyrir þau mál, sem þeir taka að sér. Ég hefi borið það hér fram samkv. beiðni hlutaðeigenda og ég hefi talað nokkrum sinnum við hv. form. allshn. um frv. og ýtt á eftir því, að n. tæki það til athugunar.

Hv. allshn. hefir nú talsvert á sig lagt fyrir málið. Hún hefir farið suður að Görðum til þess að líta á, hvernig þar hagar til, og mæla landið, skrifað biskupi og dómsmrn. um málið og yfirleitt hefir hún gert allt mögulegt fyrir það — nema það, að láta það ganga áfram gegnum þingið.

Ég hefði e. t. v. skilið það, ef hv. þm. Hafnf. hefði staðið hér upp og sagt eitthvað í þá átt: Þér var nær að hafa mig með. Því ég get hugað mér, að það vaki eitthvað slíkt fyrir hv. þm., að nú sjái ég, að þetta frv. komist ekki fram, af því að gengið hafi verið framhjá þm. kaupstaðarins, sem á fimm flokksbræður hér í deildinni og einn flokksbróður í hv. allshn. Í þessu ljósi skoða ég ávítur hv. þm. til mín, um að ég hafi ekki fylgt þessu máli eins fast eins og ég hefði getað.

Það, sem hv. þm. var að tala um, að stæði í Alþýðublaðinu í dag viðvíkjandi einhverju öðru máli, sé ég ekki, að komi þessu máli neitt við. Ég hefi aðeins litið fljótlega á það, sem þar stendur. Það, sem hv. þm. á við, er sennilega ekki nema einhver orðrómur, sem gengur um stjórnarskrármálið.

Annars býst ég við, að hvorugur okkar hv. þm. Hafnf. vilji fara að binda þetta litla mál við afgreiðslu stjórnarskrármálsins. Hv. þm. sagði, að ef mér hefði verið þetta kappsmál, þá hefði ég sennilega getað komið frv. betur áleiðis. Ég get sagt honum, að ég flutti málið í fullri alvöru og ég hefi sýnt það með því að tala nokkrum sinnum um það við hv. allshn. Þar eigum við Alþýðuflokksmenn ekki fulltrúa frekar en í öðrum n. þingsins. Annan kost átti ég ekki. Ég hefði e. t. v. getað snúið mér til hæstv. forseta fund eftir fund og beðið hann að reka á eftir n., en það er nú mín reynsla, að þegar farið er að þráreka svo eftir nefndum, þá séu þær til með að sitja nokkuð fast á málunum. Ég reyndi hitt, sem ég áleit líklegra til úrslita, að tala við form. n. Það hefir þó því miður farið svo, að málið mun ekki geta fengið afgreiðslu á þessu þingi, og tek ég undir það með hv. þm. Hafnf., að það er mjög óheppilegt, að Hafnfirðingar skuli ekki geta fengið landið útmælt á komandi hausti.

Bjarni Snæbjörnsson: Það er síður en svo, að ég sé með nokkra afbrýðissemi í garð hv. 2. landsk. út af þessu máli. En það er bara þetta, að þó hv. þm. segist vonast til, að hann hafi gert allt sem hægt er að gera á þinglegan hátt í þessu máli, þá verð ég að segja, að ýms mál voru á döfinni á síðasta þingi, sem reynt var að gera ýmislegt meira fyrir, til þess að koma þeim gegnum þingið, heldur en bara að bera þau fram og tala fyrir þeim hér í deildinni. Það var þetta, sem ég átti við, og annað ekki. Ég efast ekki um, að hv. 2. landsk. hafi talað við n. og viljað, að málið kæmi fram í hv. d., og þar fram eftir götunum. En það er ekki þar með sagt, að hann hafi gert það að því kappsmáli, sem hann hefir gert ýms önnur mál. Enda kallar hann þetta smámál. Það má vel vera, að það sé ekki í sjálfu sér beinlínis stórmál, en það er þó töluvert mikils virði fyrir Hafnfirðinga. Og mér fannst sem sagt, að hv. þm. myndi einhverntíma hafa brallað annað eins eins og þó hann hefði reynt að koma þessu máli einhvernveginn lengra áleiðis.

Frsm. (Einar Árnason): Það er vitanlega rétt, sem haft hefir verið orð á hér, að þetta mál var nokkuð lengi hjá allshn. Og það var, sannast að segja, meðfram af því, að n. var málinu hlynnt, en sá hinsvegar nokkra agnúa á að mæla með því, nema kynna sér það sem bezt áður, og í það fór nokkur tími. Það er rétt, sem hv. 2. landsk. sagði, að n. fór þarna suður eftir til þess að skoða landið og þau býli, sem þar eru.

Auk þess hefir allshn. haft mjög mikið að gera á þessu þingi. Hún hefir fengið til sín upp undir 40 mál og hefir þegar afgr. um 30. Hygg ég, að það hafi ekki aðrar n. í þinginu afgr. jafnmörg mál.

Af þessum ástæðum hefir þetta mál tafizt nokkuð hjá n. Ég fyrir mitt leyti hefði gjarnan óskað, að það hefði verið svo vel undirbúið, að það hefði getað gengið nú þegar gegnum þingið, svo að Hafnfirðingar hefðu getað farið að taka þarna til óspilltra málanna, en eins og ástatt er, treystir n. sér ekki til að mæla með frv. óbreyttu.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 662, frá allshn., samþ. með 8:4 atkv.

3. Söltunarlaun úr búi Síldareinkasölu Íslands.

Á 32. fundi í Nd., 18. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um greiðslu söltunarlauna úr búi Síldareinkasölu Íslands (þmfrv., A. 216).

Á 37. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Nd., 31. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 16 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Guðbrandur Ísberg): Skv. síldareinkasölulögunum átti einkasalan að annast um söltun og sölu á allri síld. Þetta gerði hún eiginlega allan þann tíma, sem hún starfaði, að því undanteknu, að síðastl. sumar var svo kallað, að síldarsöltunin væri gefin frjáls, en í reyndinni hafði það ekki aðra breyt. í för með sér en þá, að menn gátu sjálfir ákveðið, hverja þeir létu salta síldina, en einkasalan ákvað eftir sem áður, hve há söltunarlaunin skyldu vera. Síðastl. sumar ákvað einkasalan með fundarsamþykkt að greiða saltendum söltunarlaun vegna síldareigenda. En þegar þessi ákvörðun hafði verið tekin, stóð hún ekki nema skamman tíma, líklega vegna þess, að einkasalan hefir ekki haft fé til að greiða söltunarlaunin þegar til kom. Þó er það vitað um einn síldareiganda að hann fékk sinn hluta greiddan að fullu. En allur þorri saltenda fékk aðeins nokkurn hluta söltunarlaunanna greiddan.

Nú er ennfremur ákveðið í einkasölulögunum, að áður en greitt sé út á síld, skuli greiða allan kostnað við síldina. Síldarsaltendur áttu því skilyrðislausan rétt til þess, að fá söltunarlaun sín greidd áður en farið var að greiða út á síldina sjálfa. Þetta mun Síldareinkasalan líka hafa ætlað sér að gera, en vegna þess hve erfiðlega gekk með söluna, lítið fé fyrir hendi og framleiðendur áttu erfitt með framleiðsluna, þegar ekkert fékkst greitt, var horfið að því að greiða 2 kr. út á hverja tunnu síldar, áður en söltunarlaun voru greidd. Þetta hefir stjórn einkasölunnar vafalaust gert með það fyrir augum, að úr þessu yrði fljótt bætt. En það fór á annan veg. Þegar einkasalan var tekin til skiptameðferðar, var greiðslu söltunarlaunanna enn eigi lokið. Nú munu allir sjá, sem nokkuð þekkja til þessara mála, hvernig ganga muni að heimta aftur þessar 2 kr., sem ranglega voru greiddar út á síldina. Útgerðarmenn og sjómenn veittu þessari litlu greiðslu móttöku í góðri trú. Og þó reynt væri að heimta greiðsluna af þeim aftur, t. d. með málssókn, þá yrði það alls ekki hægt. Enda er það mála sannast, að hlutur útgerðarmanna og sjómanna er nógu skarður samt, þó eigi sé reynt að reyta þessar 2 krónur af þeim aftur. En réttur saltenda er hinn sami eftir sem áður. Þeir áttu lagalega heimtingu á að fá sín söltunarlaun greidd, áður en greitt var út á síldina. Það var lögbrot gagnvart þeim, að svo var ekki gert. Nú getur maður hugsað sér, að þeir hefðu getað snúið sér til stj. einkasölunnar og krafizt þessa. En það verður ekki gert héðan af, og þá stendur næst að snúa sér til ríkisstj., sem er sá aðili, er ber ábyrgð á þeim mönnum, sem einkasölunni hafa stjórnað, og sumir af þeim skipaðir af stj.

Nú má segja, að þessi söltunarleyfi séu í eðli sínu verk- eða vinnukaup, og það eru þau að vísu, a. m. k. að mestu leyti. Þess vegna ætti að vera hægt að heimta þau sem forgangskröfu úr búi síldareinkasölunnar. Það hefir líka verið höfðað mál til þess að fá rétt síldarsaltenda viðurkenndan sem forgangskröfu. Málarekstur þessi tekur langan tíma og óvíst um úrslit málanna, og því er í frv. þessu farið fram á, að síldarsaltendum verði greidd söltunarlaun sín af tollum þeim, sem ríkissjóður á hjá einkasölunni. Þetta er réttmætt, því það er aðeins fyrir lögbrot, framin af þessari stofnun, að síldarsaltendur hafa ekki þegar fengið þetta greitt. Í annan stað er það alls ekki sæmandi, að ríkið fari að heimta háa tolla af þessum atvinnuvegi, þegar hann í raun og veru hefir ekkert fengið greitt fyrir efnivöruna sjálfa. Að því er snertir þessar 2 kr., er greiddar voru út á síldina, var a. m. k. 1,50 kr. tekin af saltendum, af þeirri upphæð,

sem þeir hefðu átt að fá greidda sem söltunarlaun, og það mun sýna sig, að í rauninni hefði heldur ekki átt að greiða þessa 0,50 kr. á tn., sem þá eru eftir, þegar efnahagur einkasölunnar hefir verið gerður upp.

Nú mun ríkissjóður telja sig eiga í ógreiddum tollum hjá einkasölunni hátt á þriðja hundr. þús. krónur. Það nægir því fyllilega til þess að greiða kröfur saltenda í búinu, án þess að gengið sé á hlut nokkurs annars kröfuhafa.

Það hefir verið bent á þetta sem tiltækilega leið til þess að bæta fyrir þau afglöp Síldareinkasölunnar, að brjóta lögin á þann hátt að greiða út á síld, áður en framleiðslukostnaður hafði verið greiddur. Ég sé ekki, að hægt sé að fara aðra leið, sem leysi heppilegar þetta mál. Annars má benda á það, að ef svo færi, að síldarsaltendur hefðu eitthvað upp úr þeim málum, sem þeir hafa höfðað, bæði þeim, sem byggð eru á því, að söltunarlaun séu forgangskröfur, og þeim, sem byggð eru á haldrétti síldarsaltenda í óafhentri síld, þá kæmi sú greiðsla ríkissjóði til góða, ef þá væri búið að greiða síldarsaltendum söltunarlaunin, en annars til frádráttar kröfum þeirra.

Ég vil að svo mæltu leyfa mér að mælast til þess, að frv. þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til sjútvn.

Sveinn Ólafsson: Það stendur líkt á um þetta mál og það næsta á undan á dagskránni (um greiðslu andvirðis millisíldar), en þó er þetta fremur í áttina til að leita sanngjarnlegrar lausnar á kröfum viðskiptamanna þeirra, sem eiga ógreiddar fjárhæðir hjá síldareinkasölunni.

Hér er í rauninni um reglulegar forgangsréttarkröfur að ræða, þar sem eru vinnulaunin. Þetta veit ég vel, og því hefði, að minni hyggju, ekki neinn verulegur ágreiningur um þetta frv. átt að vera, ef ekki stæði svo einkennilega á, að frv. gerir ráð fyrir því, að þeir saltendur, sem að einhverju leyti hafa fengið greidd verkalaun sín, skuli fá þau að fullu áður en aðrir saltendur fá nokkuð greitt. Þeir eiga því að sæta þrotabússkiptunum, sem ekkert hafa áður fengið. Þetta liggur í orðum frv., þar sem stendur: „Úr búi Síldareinkasölu Íslands skal greiða sem forgangskröfu allar söltunarlaunakröfur síldarsaltenda frá síðastl. sumri, sem viðurkenndar voru með því að greiða meiri hluta þeirra". Nú er það víst, að austanlands, þar, sem einkasalan hafði enga sérstaka bækistöðu til þess að taka á móti og verka síld, hafa eigendurnir sjálfir lagt til þetta verk og kostað söltunina, en enga borgun fengið. Eiga þeir vissulega ekki sínar forgangsréttarkröfur til vinnulauna. En með frv. þessu á að bola þeim út og ræna þá fé, til hagsmuna saltendum nyrðra. Frv. þetta er því undir sömu fordæminguna selt og hitt frv., nema lakara sé, sökum orðalags gr. Annars hefði mátt vera betur frá þessu gengið og frambærilegra, en í þessari mynd á frv. engan rétt á sér.

Magnús Guðmundsson: Ég vil út af orðalagi 1. gr. frv., þar sem talað er um forgangskröfur, spyrja, hvort þessir menn, sem síldina hafa saltað, hafi verið starfsmenn einkasölunnar sjálfrar. Mér skilst það skipta verulegu máli, því að ég held ekki, að þeir eigi forgangskröfur á hendur einkasölunni, ef þeir hafa ekki verið hennar eigin starfsmenn. Annars finnst mér þetta frv. vera varhugavert að því leyti, að þar stendur, að þeir skuli fá öll sín laun greidd, sem þegar hafa fengið meiri hluta þeirra greiddan. Hvað er þá um þá menn, sem ekkert hafa fengið?

Ég er hissa á því, að ekkert skuli heyrast um þetta frá hæstv. stj., en nú sé ég, að hæstv. forsrh. kveður sér hljóðs, svo að búast má við, að hann gefi upplýsingar.

Ef eitthvað hefði átt að gera með þetta frv., og eins það frv., sem var næst á undan á dagskránni, hefði átt að setja þau inn í frv. um gjaldþrotaskipti einkasölunnar. Það er næsta undarlegt að vera að hafa þrenn lög um þetta mál.

Ég tók ekki eftir því hjá hv. flm., um hve mikið fé hér væri að ræða. Ég veit ekki, hvort það hefir verið athugað, en nauðsynlegt er að fá allar upplýsingar.

Mig minnir, að hinir ógreiddu tollar nemi um 300 þús. kr. Væri nógu fróðlegt að vita, hve mikill hluti þess myndi fara til greiðslu á verkalaunum.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég tók svo eftir af ræðu hv. flm. við fyrra frv., sem hér var á dagskrá og afgr. var til sjútvn. áðan, og sem á það sammerkt við þetta frv., að það er um launagreiðslukröfur á hendur Síldareinkasölunni, að það væri með ráðnum huga, að hann taldi rétt að bera fram um þessi atriði sérstök frv., en ekki blanda þeim inn í bráðabirgðalögin viðvíkjandi skilum einkasölunnar. Ég hygg, að þetta sé greiðari afgreiðsla, en að sjálfsögðu er það rétt að taka til ýtarlegrar athugunar þessar kröfur, sem bornar eru fram af þeim hv. þm. Eyf., sem sæti á í þessari hv. d., og hv. þm. Ak. Sumt er, ef ég man rétt, borið fram af hv. þm. Ak. einungis og sumt af hv. 1. þm. Eyf. Þessar kröfur hafa áður verið á ferð í atvmrn., og hefir þeim verið vísað til skilanefndar til athugunar. Ég gekk út frá því og lét það í ljós, þegar þessar kröfur komu fram, að sjálfsagt væri, að þær kæmu fram á Alþ. og yrðu þar sérstaklega afgr.

Nú vil ég leggja til, að þessu frv. verði eins og hinu vísað til sjútvn., í þeirri von, að hún, í samráði við lögfræðing og skilanefndarmenn taki það til athugunar, hvað gera á í þessu efni. Sérstaklega um þetta mál finnst mér vafasamt, hvort eigi að gefa út sérstök lög. Finnst mér réttara að hlíta almennum ákvæðum, sem til eru í þessu efni. Vildi ég, að máli þessu yrði vísað til sjútvn., en annars tel ég ekki ástæðu til að láta uppi skoðun mína á því, þar sem ég er ekki lögfræðingur.

Flm. (Guðbrandur Ísberg): Ég vil þakka vingjarnlegar undirtektir um þetta mál. Mun það vera rétt, að nægja myndi að fara venjulega leið og gefa síldarsaltendum yfirleitt forgangskröfurétt, en eins og hv. 2. þm. Skagf. benti á, getur verið dálitill vafi um þetta atriði vegna þess, að ekki er hægt að segja, að allir, sem höfðu á hendi síldarsöltun, væru bundnir starfsemi Síldareinkasölunnar.

Annars vil ég svara hv. 1. þm. S.-M. því, að mér var ekki kunnugt um, að um síldarsaltendur væri að ræða, sem ekki hefðu fengið greitt eitthvað af söltunarlaunum.

Í 1. gr. frv. liggur aðaláherzlan á því, að réttur síldarsaltenda sé viðurkenndur, en hefði ég vitað, að til væru síldarsaltendur frá síðastl. sumri, sem enga greiðslu hefðu fengið, þá hefði ég orðað greinina öðruvísi.

Annað atriði, sem hv. 2. þm. Skagf. minntist á, var það, er hann spurði, hve mikill hluti af hinum ógreiddu tollum myndi fara til greiðslu á verkalaunum. Munu það vera um 200 þús. kr., en tollar þeir, sem ríkissjóður á hjá Síldareinkasölunni, nema talsvert miklu meiru. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fara nánar út í þetta við þessa umr.

Forseti (JörB): Af því að það var ætlun mín að taka fyrir 3. mál (till. um skipun n. til að gera till. um niðurfærslu á útgjöldum ríkisins) þegar á þessum fundi, sé ég ekki fært að halda lengur áfram umr. um þetta mál.

Umr. frestað.

Á 40., 41., 44., 48., 49., 50., og 51. fundi í Nd., 1., 2., 6., 11., 12., 13., og 14. apríl, var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Nd., 15. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

Magnús Guðmundsson: Það er svo langt liðið síðan fyrri hl. umr. þessarar fór fram, að ég er nærri búinn að gleyma, hvað ég ætlaði að segja. En það, sem verið var að ræða um sérstaklega, er sú skylda, sem hv. flm. ætlast til, að lögð verði á bú Síldareinkasölunnar um að greiða söltunarlaun þeirra manna, sem unnið hafa að síldarsöltun vegna einkasölunnar. Það, sem ég vil fá skýrt og greinilega upplýst, er það, hvort hér sé um að ræða menn, sem skoðast megi að hafi verið ráðnir starfsmenn Síldareinkasölunnar, eða ekki. Mér finnst hæpið, að þeir menn geti talizt starfsmenn einkasölunnar, sem t. d. hafa unnið hjá manni, sem fengið hefir leyfi til síldarsöltunar hjá Síldareinkasölunni. Slíkir menn geta ekki, að mínu viti, átt neinar kröfur á Síldareinkasöluna. En séu þeir starfsmenn hennar, skilst mér, að þeir eigi forgangskröfu um launagreiðslu úr búi einkasölunnar.

Ef menn, sem að lögum eru ekki starfsmenn einkasölunnar, eru samt sem áður

gerðir jafnréttháir starfsmönnum hennar, þá er með þessu farið inn á víðara svið en ætlazt er til með skiptalögunum. — En sem sagt, ég vænti skýrari yfirlýsingar um þetta og tel ófært að hrapa að því að samþ. frv. og þar með fella úrskurð um atriði, sem ekki er vitað um, hvernig liggur í.

Flm. (Guðbrandur Ísberg): Það er, eins og hv. 2. þm. Skagf. sagði, langt um liðið síðan umr. þessa máls var frestað, enda kom það í ljós af ræðu hans, því að annaðhvort hefir hann ekki tekið eftir því, sem ég sagði í síðari ræðu minni, er málið var hér til umr., eða hann hefir gleymt því.

Frv. ber ekki með sér, að þær greiðslur, sem farið er fram á, byggist á forgangskröfu, því að ef um það væri að ræða, þyrfti ekkert lagaboð um slíka greiðslu. Eins og ég tók fram við fyrri hl. þessarar umr., er hér um sanngirniskröfu að ræða, af því að gengið hefir verið á rétt síldarsaltenda, sem áttu heimting á, að verkunarlaun við síldarsöltun á vegum einkasölunnar yrðu greidd, áður en nokkuð var greitt út á síldina sjálfa.

Viðvíkjandi upphæðinni skýrði ég frá á dögunum, að hún mundi nema sem næst 210 þús. kr. En nú hefi ég spurzt fyrir um þetta af nýju og fengið þær upplýsingar hjá skilanefnd, að til frádráttar komi allmiklar kröfur á síldarsaltendur. Hve miklu þær kröfur nema, er ekki vitað með vissu enn, en þó er gert ráð fyrir, að þessi frádráttur muni skipta tugum þúsunda. Þetta atriði og fleira í því sambandi er ekki nægilega upplýst enn.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri, en vil endurtaka þau tilmæli mín, að málið fái að ganga til 2. umr. og verði vísað til hv. sjútvn.

Haraldur Guðmundsson: Ég tel sjálfsagt, að frv. þetta fari í öllu falli til 2. umr. og nefndar. En ég vil vekja athygli á því nú þegar við 1. umr., að mér finnst vel til fallið, að hv. sjútvn. kynni sér rækilega hjá skilanefnd öll þau gögn, er sýni, að hve miklu leyti skemmdir hafi orðið á saltaðri síld í sumar og hvort þeir saltendur, sem skemmzt hefir hjá, eigi ógreiddar kröfur á einkasöluna. Hv. flm. var að impra á, að skilanefnd teldi sig hafa kröfur á hendur nokkrum saltendum vegna síldarskemmda. Þetta verður að rannsaka til hlítar og hv. sjútvn. verður að sjá um að svo verði gert.

Annars vil ég benda á, að svo virðist vera, sem síldarsöltuninni hafi verið fyrir komið með mismunandi hætti í hinum ýmsu landsfjórðungum. Á Austurlandi voru engin söltunarlaun greidd af einkasölunni á þeirri síld, er hún leyfði að salta. Útgerðarmenn söltuðu sjálfir, en fengu svo ábyrgð Síldareinkasölunnar fyrir upphæð út á hverja tunnu, sem svaraði söltunarlaunum. Ef gengið er út frá, að Síldareinkasölunni sé skylt að greiða söltunarlaun á Norðurlandi, þá hlýtur það sama að eiga að gilda um Austurland, þó að útgerðarmenn hafi þar sjálfir séð um söltunina. Þetta vil ég mælast til, að hv. sjútvn. athugi og kynni sér mjög rækilega.

Jón Auðunn Jónsson: Mér þætti næsta undarlegt, ef þessu frv. væri ekki leyft að fara til 2. umr. og nefndar. Það stendur nú svo fyrir mér, að um samninga hafi verið að ræða á milli einkasölunnar og saltenda. Á Vesturlandi er maður, sem saltaði allmikið af síld síðastl. sumar, og hann vissi ekki betur en að hann væri að gera það fyrir Síldareinkasöluna. En hann hefir ekkert fengið fyrir starf sitt, og ekki heldur það, sem hann hefir lagt út úr eigin vasa. Þegar menn vinna slíkt fyrir síldarútveginn í heild, þá er hart, að þeir fái ekki endurgreitt útlagt verkakaup til verkafólks. Aftur á móti er mér kunnugt um, að sumir síldarsaltendur hafa fengið fullnaðargreiðslu hjá einkasölunni, og er það ekki nema eðlilegt, því að það er ekki svo, að þessir menn hafi grætt á sinni vinnu. Svo er það vitanlegt, að Síldareinkasalan setti hámarksverð á söltunarlaun á hverjum stað, sem svo var sniðið við hóf, að þeir menn, sem lánuðu bæði bryggjur og söltunarstöðvar, hefðu lítið fengið fyrir það, þó að allt hefði verið greitt eins og til stóð samkv. samningum.

Sveinn Ólafsson: Ég mun ekki setja mig á móti því, að þetta frv. gangi til n., þótt ég álíti, að það eigi þangað lítið er-

indi. Hv. þm. Seyðf. hefir bent á ýmislegt af því, sem ég ætlaði að segja, en að vísu hafði ég nefnt sumt af því við fyrrihluta þessarar umr. Þó er rétt að bæta því við til frekari skýringar, að svo stóð á fyrir síldarsaltendum á Austurlandi síðastl. sumar, að á ábyrgð Síldareinkasölunnar voru seldir víxlar til greiðslu á verkalaunum og jafnvel tunnum og salti, sem síldarsaltendur þar lögðu sjálfir fram, gagnstætt venju nyrðra, þar sem einkasalan lagði til hvorttveggja. Þessir víxlar féllu svo á mennina um síðastl. áramót. Þeir hafa orðið að sæta afarkostum vegna þess að þeir voru settir þarna í hættu fyrir einkasöluna, sem gjaldþrota var orðin og þar með víxlaábyrgð hennar ónýt. Ef nokkrir síldarsaltendur eiga að hafa forgangskröfur í bú Síldareinkasölunnar, þá eru það þeir, sem harðast hafa orðið úti og gabbaðir verið með táldrægum loforðum. Síldarsaltendur á Norðurlandi, sem hafa fengið nokkurn hluta af söltunarlaununum greiddan eiga hér engan forgangskröfurétt, heldur þeir, sem ekkert hafa fengið greitt, þó að þeir auk vinnu legðu til bæði tunnur og salt. Með þessu hefi ég raunar sagt, hvernig ég muni taka þessu frv. í sjútvn.

Flm. (Guðbrandur Ísberg): Mér þótti kynleg sú yfirlýsing hv. 1. þm. S.-M., að þetta frv. ætti ekkert erindi til nefndar, samtímis því, sem hann lýsir þeim afarkostum, sem síldarsaltendur austanlands hafi orðið að sæta síðastl. sumar. Þetta frv. á að ná til allra síldarsaltenda, hvar sem er á landinu, og þá auðvitað einnig til Austfjarða, og bæta úr þeim órétti, sem þeir og aðrir síldarsaltendur hafa verið beittir. Í sjútvn. er einmitt hægt og skylt að taka til nánari athugunar aðstöðu þeirra síldarsaltenda á Austurlandi, sem að sögn hv. þm. hafa orðið harðast úti, sem ég og geri ráð fyrir, að rétt muni vera. Gæti n. þá breytt frv. í það horf, er rétt þætti með tilliti til Austfirðinganna, og ætti hv. þm. S.-M. að verða allra manna síðastur til að sporna við því, að frv. fari til n. Vil ég svo vona, að hv. 1. þm. S.-M., að fenginni þessari skýringu styðji að því, að frv. gangi til 2. umr. og n.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15:1 atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Nd., 30. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 216, n. 504 og 524).

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Ég ætla, að óþarft sé að fjölyrða um frv. á þskj. 216, eins þótt nokkur ágreiningur hafi risið í sjútvn. út af efni þess og n. klofnað. Þskj. 504 ber með sér niðurstöður meiri hl. n., og hún leggur til, að málið verði að þessu sinni afgr. með rökst. dagskrá. Ástæðan til þess er fyrst og fremst sú, að ekki er kunnugt ennþá, hverjir viðskiptamenn einkasölunnar verða harðast úti við þrotabússkiptin, og virðist því, ef hverfa ætti að því ráði að fórna einhverju af tekjum ríkissjóðs af einkasölunni til að jafna skakkaföllin hjá öðrum skiptavinum hennar, að réttast sé að láta það koma niður á þeim, sem harðast hafa orðið úti í viðskiptunum. Nú verður í fljótu bragði ekki séð, að það muni vera síldarsaltendur nyrðra, sem vitað er, að hafa þó fengið nokkuð af innieignum sínum greitt, jafnvel helming þeirra. En um aðra skiptavini einkasölunnar er það kunnugt, að sumir þeirra hafa ekkert fengið greitt, hvorki verkalaun, síld eða umbúðir. Af þessum ástæðum leggur meiri hl. n. til, að frestað verði málinu þangað til sjá megi, hverjir eigi ríkasta sanngirniskröfu til þess að fá eitthvað bætt af þeim skakkaföllum, sem þeir hafa biðið í skiptum sínum við Síldareinkasöluna. Að skipa nú fyrir með lögum um forréttindi til handa einstökum gjaldheimtumönnum og gera þá rétthærri en alla aðra finnst meiri hl. n. ekki geta til greina komið. Auk þess orkar það líka mjög tvímælis, hvort rétt er, eins og frv. gefur í skyn, að líta á söltunarlaunin eins og forgangsskuld, þar sem í þeim eru fólgin ýms óskyld gjöld, bryggjuleigu o. fl. Og þótt síldarsaltendur hafi haft með höndum síldarsöltun, fyrir einkasöluna, þá munu þeir tæplega verða taldir hjú hennar eða verkamenn í orðsins eiginlega skilningi.

Ég vil geta þess áður en ég lýk máli mínu, að ég tel þá ekki hafa orðið harðast úti, sem lagt hafa Síldareinkasölunni

til hráefni eingöngu eða aðeins verkað síldina, heldur hina, sem lögðu jafnhliða síldinni til tunnur, salt og verkun síldar. En svo var um menn þá á Austurlandi, sem afhentu einkasölunni síld og áttu því, í líkingu við þá, sem söltuðu norður frá, að fá eitthvað greitt, en fengu ekkert. Þeim bauðst sú greiðsla ein, að Síldareinkasalan ábyrgðist víxla, sem þeir seldu til lúkningar nokkurs hluta af áætlaðri skuld einkasölunnar, en sjálfir urðu þeir að greiða þá víxla við síðustu áramót þegar ábyrgð einkasölunnar var að engu orðin. Þessir menn hygg ég, að hafi orðið harðast úti, og ef til kæmi, að einhverjum ætti að ivilna um viðskiptin við einkasöluna, ættu þeir að ganga fyrir, er svo er ástatt um sem ég nú lýsti.

Ég sé ekki ástæðu til að taka fleira fram, eins og atvikin liggja til um þetta mál. Legg ég til, að því verði frestað og dagskrá meiri hl. n. samþ.

Frsm. minni hl. (Guðbrandur Ísberg): Eins og sjá má af þskj. 524, leggur minni hl. til, að frv. verði afgr. með örlitlum breyt.

Við 1. umr. frv. dró ég fram helztu rökin fyrir þeirri málaleitun, sem farið er fram á með frv., og tel því ástæðulaust að endurtaka þau nú, þar sem líka líður senn að þinglausnum og vonlaust um, að frv. nái fram að ganga að þessu sinni.

Annars hefði ég kosið, að frv. hefði fengið að ganga til 3. umr., en sé þó hinsvegar ekki ástæðu til að beita mér gegn því, að rökst. dagskráin á þskj. 504 verði samþ.

Ég tel sjálfsagt, að málið verði tekið upp aftur á næsta þingi, og verður þá auðveldara að glöggva sig á því, er fyrir liggja dómar í málum þeim, sem síldarsaltendur hafa höfðað til þess að fá skorið úr um forgangskröfurétt þeirra á söltunarlaununum. Svo að því leyti hlýtur aðstaðan að verða betri þá en nú, er allar slíkar upplýsingar liggja fyrir.

Sé ég því ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta að sinni.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 504, frá meiri hl. sjútvn., samþ. með 16:2 atkv.

---

4. Ríkisútgáfa skólabóka.

Á 7. fundi í Nd., 22. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um ríkisútgáfu skólabóka (þmfrv. A. 32).

Á 9. fundi í Nd., 24. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Vilmundur Jónsson): Þetta frv. er flutt hér í þriðja sinn, og vænta flm. þess, að það geti nú orðið í síðasta sinn. Þörfin á að bæta úr því skipulagsleysi, sem verið hefir um útgáfu skólabóka, er hin sama og áður, og jafnvel brýnni, vegna þess hve illa lætur nú í ári.

Annars sé ég ekki ástæðu til að orðlengja frekar um málið, en geri að till. minni, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. menntmn. til góðrar fyrirgreiðslu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til menntmn. með 17 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Nd., 3. júní, var frv. tekið til 2. umr. (A. 32, n. 406).

Vilmundur Jónsson: Ég hafði vænzt þess, að hv. frsm. segði nokkur orð fyrir hönd n. í sambandi við þetta mál, en sé nú, að hann ætlar ekki að gera það.

Ég er ekki þakklátur hæstv. forseta fyrir að taka þetta mál á dagskrá nú, enda virðist mér sem það sé aðeins gert málinu til háðungar, og það er víst, að hæstv. forseti hefði getað fundið til annað ómerkara mál, ef tilgangurinn er sá einn með því að hafa málið á dagskrá, að lengja þetta ómerkilega þing.

Ég vil mótmæla hinni rökstuddu dagskrá n. sem hverri annari endaleysu, þar sem fela á stj. að gera það, sem frv. var ætlað að gera, og stj. vitanlega er með öllu ókleift að inna af höndum. Til þess að lækka verð á skólabókum er ekki önnur leið fær en sú, sem farin er með frv., og það er vitaskuld út í bláinn að ætlast til þess, að stj. geti nokkuð hafzt að í þessum efnum. Það er að vísu satt, sem í nál. segir, að ríkissjóður hefir ekki úr

miklu fé að spila eins og stendur, en hitt er þó enn sannara, að fátækt fólk má ekki við því í þessu árferði ofan á allt annað, að borga margfalt verð fyrir skólabækur handa börnum sínum.

Mér virðist þó sem nær væri fyrir hv. d. að fella frv. hreinlega en að vera að samþ. þessa vitlausu dagskrá.

Forseti (JörB): Ég get ómögulega séð, að það sé málinu til háðungar, þó að það sé tekið á dagskrá, svo að það verði rætt. (**MJ:** Það væri háðung, ef frv. væri samþ).

Vilmundur Jónsson: Ég furða mig ekkert á þesu innskoti hv. 4. þm. Reykv. Hann hefir áður látið uppi skoðun sína á þessu frv. á mjög eftirtektarverðan hátt, á þinginu 1931, en þá fórust honum svo orð (Alþt. 1931, Sumarþing, C. 958. dálki, 22.—27. l. a. n.): „Það, sem mér líkar verst við þetta frv., er það, að með því á að taka ágóðann af atvinnu fárra manna til þarfa fjöldanum".

Þykir mér rétt að minna á þessi orð nú, þar sem ekki virðist vera neinn ágreiningur milli stóru flokkanna um afgreiðslu þessa máls, frekar en önnur mál hér í þinginu, þessa síðustu daga, og þarf hv. 4. þm. Reykv. því sennilega ekki að óttast það, að þingið verði sér til háðungar að þessu leyti.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 406, frá menntmn., samþ. með 12:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EA, HStef, HJ, JJós, JAJ, JÓl, LH, MJ, PO, SvÓ, BSt, BÁ.

nei HG, HV, JónasÞ, StgrS, VJ, BKr, JörB.

Níu þm. (GÍ, IngB, MG, ÓTh, SvbH, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ) fjarstaddir.

Lagfrumvörp, vísað til ríkisstjórnarinnar.

1. Skiptalög.

Á 48. fundi í Nd., 11. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á skiptalögum, nr. 3, 12. apríl 1878 (A. 368).

Á 52. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 16 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Þetta litla frv. flytur samgmn. aðeins til þess að koma því nýmæli inn í skiptalögin, að símagjöld hafi sama forgangskröfurétt í þrotabúum og önnur opinber gjöld. Að vísu hefir verið litið svo á undanfarið af almenningi, að símagjöld hefðu þennan forgangsrétt jafnt öðrum gjöldum til ríkissjóðs. En af því að það hefir nýlega komið fyrir, að einn skiptaráðandi hefir gengið gegn þessu áliti og úrskurðað, að símagjöld hefðu ekki þennan forgangsrétt, þá gæti svo farið, að fleiri kæmu á eftir, sem litu eins á. Og þá er augljóst, að á ríkissjóði mundi það bitna. Réttaróvissa um þessi gjöld hlýtur að koma sér illa og auka umstang og vafninga, þegar þau hlíta ekki sömu ákvæðum og önnur opinber gjöld, svo sem tollar og skattar. Annars sýnir grg. frv. bezt, hver nauðsyn er á þessari tryggingu, sem í frv. felst, og vænti ég, að eftir að hv. þdm. hafa kynnt sér málavöxtu, viðurkenni þeir, að sömu ákvæði eigi að gilda um forgangskröfurétt símagjalda sem annara opinberra gjalda til ríkissjóðs, sveitarsjóða og bæja eða kirkna.

Jónas Þorbergsson: Í sambandi við þetta frv. vil ég vekja athygli á því, og beini því sérstaklega til hv. samgmn., að stofnað hefir verið til nýrra gjalda til ríkisstofnunar, sem eru sama eðlis og símagjöldin, en það eru afnotagjöld útvarpsnotenda til ríkisútvarpsins. Vildi ég óska, að hv. n. sæi sér fært fyrir 2. umr. frv. að bæta afnotagjöldum til ríkisútvarpsins inn í 1. gr. frv., af því að líkt er háttað um þau og símagjöldin, að þau eiga að styðja ákveðna ríkisstofnun í landinu. En ef hv. samgmn. vill ekki taka þetta til greina, mun ég sjálfur bera fram brtt. þessa efnis við 2. umr.

Magnús Guðmundsson: Ég get ekki betur séð en að þetta frv. sé algerlega óþarft. Á því er enginn vafi, að símagjöldin falla undir 83. gr. skiptalaganna. Þar stendur, að skattar og gjöld til ríkissjóðs hafi forgangsrétt í dánarbúum, og hið sama er um þrotabú. Ég sé ekki betur en að símagjöld og útvarpsgjöld heyri þar undir. Ef setja á inn í lögin ákvæði um, að einhver sérstök gjöld, sem upp eru talin, hafi forgangsrétt, þá gæti það litið þannig út, að önnur gjöld til ríkissjóðs eða ríkisstofnana heyrðu ekki undir þessa gr. og hefðu þess vegna ekki þennan forgangsrétt, sem gert er ráð fyrir í 83. gr. skiptalaganna.

Ég vil skora á hv. samgmn. að athuga þetta mál betur, og ég held, að það bezta, sem hún gæti gert fyrir málið, væri að taka þetta frv. aftur. Þessi úrskurður eins skiptaráðanda, sem virðist vera tilefni þessa frv., virðist mér ótvírætt rangur. Það er margsinnis búið að úrskurða um þessi efni hér í Reykjavík við meðferð þrotabúa á þá leið, að símagjöld hafi for-

gangsrétt. Þó að það komi fyrir, að gagnstæður úrskurður falli hjá einhverjum skiptaráðanda, þá sannar það ekki neitt um réttan skilning þessa lagaboðs, og þetta frv. bætir ekkert úr því. Við slíkan úrskurð er ekkert annað að gera en áfrýja honum til hæstaréttar, ef það þykir þá borga sig, en um það er mér alveg ókunnugt. Ég álít, að það væri nóg, að stjórnin gæfi út umburðarbréf um þá venju, sem er mynduð í þessu, því að ég er þess fullviss, að það er deilulaus venja hér í bænum að telja símagjöld forgangsskuld.

Einar Arnórsson: Hv. 2. þm. Skagf. hefir nú tekið fram það, sem ég ætlaði að segja, og sé ég ekki ástæðu til að endurtaka það, en get aðeins staðfest það með honum, að öll gjöld til ríkissjóðs, sem eigi eru sérstaklega veðtryggð og eigi eldri en skiptalögin segja, koma undir 83. gr. b. 3. lið skiptalaganna. Það er villandi, að taka sérstaklega fram um forgangskröfurétt á símagjöldum, því að þá kæmi til álita að álykta gagnstætt um hin, sem eigi eru nefnd þar, að þau hefðu ekki forgangsrétt. Mætti því ekki nema þar staðar við símagjöld, heldur yrði að telja upp alla romsuna af opinberum gjöldum, og bæta við t. d. erfðafjárgjaldi, vitagjaldi o. s. frv. Það er auðskilið mál, að ef tekið er aðeins eitt af þessum gjöldum, þá mundi það gera skiptaráðendur óvissa, því að þeir hefðu þá ástæðu til að halda, að einungis það, sem nefnt er, ætti forgangsrétt, en hitt, sem ekki er nefnt, kæmi þar eigi til greina. Það er mjög óheppilegt að gefa tilefni til þess. — Ég hefi kynnzt þrotabúaskiptum hér í Reykjavík og man ekki betur en að símagjöld hafi verið greidd eftir 83. gr. b. 3. lið skiptalaganna. Ég get því hugsað mér, að þetta frv. mundi valda misskilningi, ef að lögum yrði. Hin eina breyting, sem ég gæti hugsað mér, að ekki þyrfti að leiða til hins verra, væri það að nefna einstök gjöld sem dæmi þeirra, er hafa forgangsrétt, þ. á. m. símagjöld. En að taka einhvern gjaldaflokk út af fyrir sig, yrði aðeins til þess að villa þá, sem eiga að framkvæma skiptalögin.

Að því er afnotagjald til útvarpsins snertir, þá gildir vitanlega hið sama um þau og önnur gjöld til ríkissjóðs, á meðan ríkið rekur útvarpið. Á því er enginn vafi. Ég held, að hv. flytjendur þessa frv. geti tekið það til baka að skaðlausu, en vilji þeir það ekki, þá mætti breyta orðalagi á 1. gr., þannig að símagjöld væru aðeins nefnd sem dæmi.

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Ég skal kannast við það, að hv. 2. þm. Skagf. og hv. 2. þm. Reykv. hafa mikið til síns máls. Fljótt á litið virðist ekki rík ástæða til að flytja þetta frv., ef skiptalögin væru almennt skilin eins og þeir skilja þau. En frv. er flutt samkv. ósk landssímastjóra, og tilefnið var það, að einn skiptaráðandi felldi nú í vetur úrskurð í þessu efni, gagnstætt því sem venja hefir verið, og þvert á móti þeim úrskurðum, sem áður hafa fallið um forgangskröfurétt símagjalda. (**EA:** Hvar var það?). Í Hafnarfirði. Með ákvæðum þessa frv. á að útiloka það, að slíkt geti komið fyrir oftar. Ég get fallizt á þá tillögu hv. 2. þm. Reykv., að setja ekki í lögin tæmandi upptalningu, heldur nefna símagjöldin o. fl. eins og dæmi þess, hvað átt væri við í lögunum, þegar talað er um forgangsréttarkröfu á gjöldum til ríkissjóðs. Ég get líka fallizt á það, sem hv. þm. sagði, að frv. í þeirri mynd, sem það hafði frá hendi landssímastjóra, geti gefið tilefni til misskilnings, á þá leið, að einhver ótiltekin gjöld verði ekki álitin hafa forgangskröfurétt, þótt til ríkissjóðs féllu.

En að því er kemur til afnotagjalda af útvarpstækjum, þá minnir mig, að það sé beinum orðum fram tekið í útvarpslögunum, að þau gjöld hafi forgangskröfurétt. Ef svo er ekki, þá getur vel átt við að breyta 1. gr. þessa frv. í þá átt, að hún væri skýring á því, við hvaða opinber gjöld væri átt í þessari breyttu gr. skiptalaganna, og nefna þ. á m. símagjöld og útvarpsgjöld. Það er ekki annað en gott um það að segja, að lögfræðingar deildarinnar gefi sínar skýringar á þessu máli, og vona ég, að gott samkomulag geti fengizt um afgreiðslu málsins fyrir 2. umr. og um þá búningsbót, sem rétt þykir, að frv. fái.

Magnús Guðmundsson: Ég skal ekki lengja mikið umr., því að það er óþarft. Eins og tekið er fram í grg., er enginn efi á, að símagjöldin hafa forgangsrétt, eins og önnur opinber gjöld, enda hafa áður verið felldir úrskurðir um það. En út af þessu eina tilfelli um nýlega uppkveðinn úrskurð er ekki ástæða til að breyta lögunum, þegar margir úrskurðir hafa áður fallið gagnstætt honum. Og viðvíkjandi þessum eina úrskurði verður engin bót ráðin önnur en sú að áfrýja honum.

Ég er ekki heldur viss um, að það sé heppilegt að nefna símagjöldin sem dæmi þess í skiptalögunum, hvaða gjöld hafi forgangsrétt, og sé ekki meiri ástæðu til þess að nefna þau en hver önnur gjöld, því að það er enginn vafi á því, að gjöld til ríkissjóðs hafa undir öllum kringumstæðum forgangsrétt. Ég er hræddur um, að ef einhver gjöld eru nefnd sem dæmi í lögunum, þá gæti það leitt til ágreinings um forgangsrétt annara gjalda. Að vísu legg ég ekki á móti því, að frv. gangi til 2. umr., en ég held, að hv. n. geti ekki gert annað betra í þessu máli en að láta frv. hvílast að fullu og taka það ekki á dagskrá aftur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 54. og 56. fundi í Nd., 18. og 20. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Nd., 23. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 368, 481).

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Við 1. umr. þessa máls komu fram nokkrar aths. við frv., aðallega tvennskonar. Í fyrsta lagi, að ekki væri nauðsynlegt að lögfesta fyrirmæli þess, og í öðru lagi, að ef það yrði lögfest, mundi bezt fara á því að ákveða forgangskröfuréttinn ekki einungis fyrir símagjöld, heldur einnig fyrir afnotagjöld til útvarps. Vegna þessarar síðari aths. hefir meiri hl. samgmn. flutt brtt. við frv. á þskj. 481, og er það þó fremur um orðabreyt. að ræða en að efni.

Út af því, að hér komu fram yfirlýsingar frá tveim hv. þm. í þessari deild við 1. umr. málsins um það, að óþarft væri að setja í lög einstök fyrirmæli um það, að símagjöld hefðu forgangskröfurétt við þrotabúaskipti sem önnur opinber gjöld, virðist mér ástæða til að minna á það af nýju, að einn skiptaráðandi hefir nú nýlega gengið gegn þeirri skoðun og fellt úrskurð gagnstætt þeim skilningi, sem hingað til hefir ríkt í þessum efnum, og virðist því vera sjálfsagt að ganga svo frá þessu, að skýlaus séu fyrirmælin um forgangskröfurétt símagjalda; tel ég af þeim ástæðum, að frv. eigi fyllsta rétt á sér og að rétt sé að láta það verða að lögum. Sé ég ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, en að því er snertir brtt. á þskj. 481, sem ég áðan drap á, er hún aðeins orðalagsbreyt. og skýrir sig fyllilega sjálf.

Magnús Guðmundsson: Mér þykir það undarlegt, að meiri hl. samgmn. skuli ekki hafa látið sannfærast af þeim rökum, sem hér voru færð fram við 1. umr. þessa máls um ónauðsyn þessa frv. — Aðalröksemdin fyrir málinu er sú, að felldur hafi verið úrskurður um forgangsrétt símagjaldanna, sem kemur í bága við fjölda af úrskurðum annara skiptaráðanda. Mætti það sannarlega æra óstöðuga, ef fara ætti að breyta lögum í hvert skipti, sem felldur er rangur úrskurður, og er enda ómögulegt og eins og hver önnur fjarstæða. En látum það nú vera, ef hér fylgdi ekki sá böggull skammrifi, að þessi upptalning á forgangsréttargjöldunum, sem er í frv., gæti leitt til þess, að forgangsréttur ýmissa annara gjalda yrði vafasamur. Sýnist mér, að þetta sé heppilegast orðað eins og það er í gömlu lögunum, sem kveða svo á, að öll gjöld og skattar til ríkissjóðs hafi forgangsrétt við þrotabúaskipti. Falla símagjöldin auðvitað undir þetta, enda hefir svo alltaf verið skilið, og er frv. því óþarft með öllu, og getur hinsvegar verið villandi, eins og ég benti á. Vil ég þess vegna skora á meiri hl. samgmn. að falla frá frv. og taka það aftur.

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Það vill svo til, að ég er einn viðstaddur af meiri hl. samgmn., sem stendur að þessu frv., og

get ég að sjálfsögðu ekki orðið við ósk hv. 2. þm. Skagf. um að taka frv. aftur fyrir hönd meðnm. minna, sem fjarverandi eru. — Það er að vísu rétt hjá hv. 2. þm. Skagf., að enginn vafi leikur á um forgangskröfurétt þeirra gjalda, sem beint renna í ríkissjóð samkv. lögum. Þar hefir réttarvenjan í sumum efnum skapað óskráð lög. En hér gegnir öðru máli, því að engin bein fyrirmæli eru til um það, að þessi gjöld, símagjöld og afnotagjöld útvarps, skuli renna í ríkissjóð, enda hefir réttarvenjan ekki ennþá bundið neitt fast við borð um þessi gjöld að því er þetta snertir, og úrskurður skiptaráðandans, sem ég áður nefndi, byggðist á því, að símagjöldin væru gjöld fyrir unnið verk, sem ekki yrði réttilega litið á eins og opinbera gjaldagreiðslu. Mér virðist því sjálfsagt, að sett séu lög um þetta atriði, svo að ekki geti leikið neinn vafi á um gjaldheimtuna.

Magnús Guðmundsson: Ég mun ekki ræða þetta mál frekar, en vil aðeins gera það að till. minni, þar sem meiri hl. n. hefir ekki getað fallizt á að taka frv. aftur, að málinu verði **vísað til stjórnarinnar** til athugunar. Ber stj. þá væntanlega frv. fram á næsta þingi, ef hún sér ástæðu til þess, en ég er ekki í minnsta vafa um það, að hún mun ekki bera fram neitt slíkt frv.

ATKVGR.

Till. 2. þm. Skagf. um að vísa frv. til ríkisstjórnarinnar samþ. með 16:3 atkv.

2. Sauðfjármörk.

Á 19. fundi í Nd., 3. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um sauðfjármörk (þmfrv., A. 71).

Á 21. fundi í Nd., 5. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Ég hefi ásamt hv. 1. þm. Eyf. leyft mér að flytja þetta frv. Eins og menn muna vafalaust, flutti ég þetta frv. á síðasta vetrarþingi, en þá varð það ekki útrætt. Ég hygg það ekki orka tvímælis, að hin mesta þörf sé á því að ráða bót á þeim mikla glundroða, sem nú er á sauðfjármörkum víðsvegar um land og ágerist æ meir og meir með hverju ári, eins og bezt sést, ef athugaðar eru markaskrár síðari ára. Sammerkingum fjölgar stöðugt, svo að hin mesta réttaróvissa ríkir nú um það, hverjir sauðfé eigi, sérstaklega eru mikil brögð að þessu um kollótt sauðfé og lömb, því að hyrnt fé brennimerkja menn yfirleitt nú orðið.

Þetta mál var nokkuð rætt á seinasta þingi. Var þá vikið að því af nokkrum hv. dm., að frv. hefði óþarflega mikinn kostnað í för með sér og komast mætti að hagkvæmari samningum um prentun markaskrár en við gerðum ráð fyrir. Ég sé enga ástæðu til að vefengja þetta, en við leituðum okkur upplýsinga um þetta atriði hjá fróðum manni í prentiðn, og byggðum síðan á þeim upplýsingum, en vera má, að hann hafi ekki tekið tillit til þeirra auglýsinga, sem venjulega eru látnar fylgja markaskrám og talsvert fé fæst fyrir. Eitt er það atriði, sem við höfum e. t. v. gert fullmikið úr í fyrra skiptið, en það er það starf, sem fylgir því að sjá um prentun markaskrárinnar. Í fyrra höfðum við ákveðið 3 þús. kr. laun handa þeim manni, sem aðallega sæi um það. En eftir þeim undirbúningi, sem þessi mál eiga að fá úti um héruðin, býst ég við, að þetta starf verði ekki svo ýkjamikið og aðallega í því fólgið að sjá um prófarkalestur. Aðalundirbúningurinn á að hafa farið fram úti um héruðin, svo sem að raða mörkum o. s. frv. Þessi starfsemi hjá markadómi verður því minni en upphaflega var búizt við. Fyrir þá sök höfum við nú fellt úr frv. þessi ákvæði í 6. gr. þess, þar sem þessar launagreiðslur eru ákveðnar. Ég hefi ekki trú á því, að annað skipulag en það, sem við berum hér fram, verði til þess að koma í veg fyrir sammerkingar og námerkingar um land allt, að láta einn dóm skera úr þessum málum.

Um rétt manna til þess að halda mörkum hygg ég, að vel sé fyrir séð í 7. gr. frv., og eftir því sem mig minnir, að skoðanir manna væru á þeim hlutum á

seinasta vetrarþingi, þá mun gr. vera í fullu samræmi við þær.

Þá höfum við gert dálitla breyt. á 8. gr. Hún miðar að því, að maður sá, sem hefir markasöfnun með höndum, fái 20% af markalaunum, en í gamla frv. er ekki gert ráð fyrir nema 10%. Þetta er talsvert mikið starf, og má vera, að þetta gjald sé minna en vera ætti. Ég get vel trúað því, að öll sanngirni mæli með því, að þetta væri ríflegra, en ég vona, að hv. landbn., sem ég býst við, að fái þetta frv. til meðferðar, athugi það atriði nánar.

Sökum þeirra ummæla, sem fram komu á seinasta þingi um kostnað við prentun markaskrár, að í frv. væri allt of ríflega áætlað gjald fyrir hvert mark, þá hefir það verið fært niður, þannig, að fyrir fyrstu tvö mörkin sé aðeins greidd ein króna fyrir markið, og ekkert sérstakt gjald fyrir brennimörk. Eftir upplýsingum frá einstökum þm. á seinasta þingi mun þetta fyllilega óhætt.

Hinsvegar höfum við látið gjaldið haldast, þegar mörkin eru orðin fleiri en tvö. Eigi sami maður fleiri en tvö mörk, skal hann greiða 5 kr. fyrir 1. mark þar fram yfir, 10 kr. fyrir 4. markið og þannig hækkandi áfram um 5 kr. Er þetta gert til þess að koma í veg fyrir óþarflega mikla markafjölgun.

Einnig höfum við gert dálitla breyt. á 20. gr., þannig að refsiákvæðin nái einnig til reglugerðar, sem kann að verða sett samkv. 1.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta, en vænti fastlega, að d. taki frv. vel. Legg ég svo til, að frv. verði að lokinni umr. vísað til landbúnaðarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til landbn. með 17 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 71, n. 525 og 560).

Frsm. meiri hl. (Bjarni Ásgeirsson): Eins og greinir frá í nál. landbn., hefir hún ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Minni hl., hv. 2. þm. Skagf. og hv. þm. Borgf., hefir gert grein fyrir sinni skoðun í sérstöku nál., sem hefir verið útbýtt hér í dag.

Ég hefi litlu við að bæta þau orð, sem fylgja nál. meiri hl. landbn. Vegna þess að sífjölgar námerkingum og sammerkingum, þá veldur það mjög miklum erfiðleikum á sundurdrætti á fé og hvernig menn eiga að heimta fé sitt á haustin. Það hafa verið færðar skýrar sannanir fyrir því, m. a. af sauðfjárræktarráðunaut Búnaðarfélagsins í grein, sem hann ritar um þetta mál. Nú er ég fyrir mitt leyti þeirrar skoðunar, að betra skipulagi mundi hægt að fá á þessum markamálum heldur en það, sem hér liggur fyrir. Þessu máli hefir verið hreyft áður, en undirtektirnar voru daufar, og ég býst við, að þó því verði hreyft nú, þá muni eins fara. Ég sé því ekki annað liggja fyrir en að reyna að bæta úr þessum ruglingi, sem orðinn er milli marka og sífellt fer í vöxt, með því móti að koma betra lagi á skipun þá, sem nú er um sauðfjármörk landsmanna. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er tilraun í þá átt, og álítur meiri hl., að ekki sé afsakanlegt að draga lengur en orðið er að reyna að ráða bót á þessu. Hinsvegar eru ýms atriði í frv., sem n. leggur til, að breytt verði. Þær brtt., sem meiri hl. n. hefir komið sér saman um, eru á þskj. 525. Fyrsta brtt. er við 6. gr. frv. og fjallar um það, að skipa skuli sérstakan markadóm og sérstakan markavörð, sem hafa umsjá með markaskrám og mörkum yfirleitt í landinu og ráða um það, hver skuli halda sínu marki og hvaða ný mörk menn skuli fá, ef ágreiningur verður um það atriði. Það er gert ráð fyrir því í þessari gr., að markaverði og meðdómendum séu greidd sérstök laun úr ríkissjóði fyrir starf sitt. Þessu vill meiri hl. n. breyta þannig, að sauðfjárræktarráðunautur Búnaðarfélagsins sé sjálfkjörinn markavörður og með honum séu skipaðir 2 menn ólaunaðir. Sá eini kostnaður, sem af þessu hlytist fyrir ríkissjóð, yrði beinn útlagður kostnaður n., sem aldrei gæti orðið nein upphæð að ráði, nema aðeins fyrsta árið, sem undirbúningurinn stæði yfir. Á þennan hátt er vafalaust, að skipun þessa máls getur orðið ódýrari en með ákvæðum frv.

Þá er brtt. við 12. gr., sem ákveður,

eftir hvaða röð skuli fara, þegar leitað er að eiganda kindar, sem vafi leikur á. Eftir 12. gr. frv. er þetta nokkuð ruglingslegt, og settum við því nýja gr. um sama efni, þar sem tekið er ákveðið og skýrt fram, eftir hvaða reglum skuli draga fé á haustin og hvað ráði að lokum um eignarrétt til fjár. Ég vil aðeins bera þá gr. upp, því hún skýrir sig sjálf. Eftir till. n. hljóðar hún svo: „Draga skal fénað þannig, að fyrst ræður sýslubrennimark og síðan eyrnamark. Sé kind hornmörkuð eða brennimerkt öðrum en þeim, er eyrnamarkið á, skal hún þeim dregin, er á hornmarkið eða brennimarkið. Beri hornmarki og brennimarki ekki saman, skal brennimarkið ráða. Frá þessu skal því aðeins víkja, að annað sannist réttara". Ég býst við, að þessi röð ráði venjulega í sundurdrætti fjár víðast hvar á landinu, en þar sem farið er að taka nokkuð upp um þetta í l., þá er rétt að hafa það eins greinilegt og skýrt eins og frekast getur verið.

Þá er brtt. frá n. við 14. gr. Í 14. gr. frv. er það ákveði, að andvirði þess óskilafjár, sem kemur fyrir í réttum og selt er, skuli renna til þess sveitarfélags, sem kindin finnst í. Eins og kunnugt er, hagar víða svo til, að það eru sérstök upprekstrarfélög, sem ekki takmarkast af einu sveitarfélagi, heldur mörgum. Þetta rekstrarfélag kostar venjulega leitirnar og réttahaldið. Virðist því eðlilegt, að þar, sem svo stendur á, skuli andvirðið renna í sjóð viðkomandi upprekstrarfélags. Þessu hefir n. viljað slá föstu með brtt., sem hún flytur við 14. gr. frv. Sú brtt. er þannig, að síðari málsgr. hljóði svo: „Allt það fé, sem ekki finnst eigandi að, skal vera eign þess sveitarfélags eða upprekstrarfélags, sem kostnað ber af fjallleitum og réttahaldi þar, sem það finnst, og skal farið með það sem hlutaðeigandi fjallskilareglugerð mælir fyrir um. Þó skal óskilafé, ef það er merkt hreppsbrennimarki, vera eign þess sveitarfélags, er brennimarkið á". Það hefir viðsvegar verið þannig, jafnvel þó fé finnist brennimerkt ákveðnu hreppsbrennimarki, að ef ekki er hægt að sanna eignarréttinn til kindarinnar, þá hefir andvirðið verið látið renna til þess sveitarfélags, þar sem hún fannst. Þetta virðist ekki að öllu leyti sanngjarnt, því vitanlega á að leita að óyggjandi sönnunum fyrir því, hver eigi féð, og er sjálfsagt, ef sterkar líkur benda á ákveðinn eiganda að kind, jafnvel þó markið sé ekki glöggt, að láta hann fá eign sína. En ef ekki er hægt að sanna, hver eigandinn er, en hægt að sanna vegna brennimarks, að ákveðin sveit eigi kindina, þá virðist jafnsjálfsagt, að andvirðið renni til þess sveitarfélags.

Aðrar brtt. eru smávægilegar, ýmist orðabreyt. eða breyt., sem ekki raska efni frv., heldur skýra það nokkuð nánar að dómi n. — Ég held, að ég hafi svo ekki meira um þetta að segja. Málið er kunnugt og skýrir sig sjálft að öðru leyti, og mun ég því láta máli mínu lokið að sinni.

Frsm. minni hl. (Pétur Ottesen): Það er ekki mikið, sem á milli ber hjá meiri og minni hl. N. kannast öll við það, að ástæða sé til að setja nánari reglur og fastari ákvæði um sauðfjármörk, enda er ekki mikill munur á till. meiri og minni hl. Minni hl. vill afgr. málið nú að þessu sinni með rökst. dagskrá, sem innibindur það í sér, að héraðsstjórnirnar fái tækifæri til að segja álit sitt um málið, en meiri hl. bindur samþykkt frv. við það, að það komi ekki til framkvæmda fyrr en 1935. Okkur í minni hl. fannst þess vegna heppilegri leið að nota þennan tíma til þess að gefa héraðsstjórnum, sem frá öndverðu hafa haft þessi mál með höndum, færi á að segja sitt álit um það og leita till. þeirra um þetta mál. Þetta mundi áreiðanlega vera mikill vinningur fyrir málið, að fá álit og till. frá héraðsstjórnum, svo það gæti orðið betur undirbúið og til þess vandað heldur en ef frv. er samþ. nú. Hitt virðist harla tilgangslítið, að samþ. þetta frv. nú, en ákveða jafnframt, að það skuli ekki koma til framkvæmda fyrr en eftir langan tíma. Það er ýmislegt í þessu frv., sem er þannig vaxið, að það orkar tvímælis. Ég fyrir mitt leyti er þess fullviss, að sumum ákvæðum þessa frv. væri miklu betur skipað á annan veg en þar er gert ráð fyrir. Ég vil í því sambandi benda á, að í frv. er gert ráð fyrir að setja allsherjar markadóm, sem á að eiga sæti í Reykjavík. En það er nú komið í fram-

kvæmd á a. m. k. einum eða fleiri stöðum á landinu, að menn á svæðum, þar sem miklar samgöngur fjár eru, hafa komið upp markadómi hjá sér, sem sker úr ágreiningi, sem upp kemur í þessu efni á þessu samgangnasvæði. Þetta hefir gefizt vel. Er því fullkomin ástæða að taka til athugunar, hvort ekki er hægt á eins heppilegan eða heppilegri og kostnaðarminni hátt að koma í veg fyrir sammerkingar og erfiðleika og skaða, sem af því leiðir fyrir sauðfjáreigendur, með því að fara einmitt þessa leið, að ákveða, að markadómur skuli gilda fyrir ákveðið svæði, þar sem miklar samgöngur eru milli héraða á afréttum. Það yrði líka miklu hægra um vik fyrir markadóm, sem þannig tæki yfir ákveðið svæði, að gera fljótlega út um slík mál. Hitt yrði miklu erfiðara og þunglamalegra í framkvæmd, að hafa einn allsherjarmarkadóm í Reykjavík.

Þá vil ég benda á það, að varhugavert er, eins og gert er í þessu frv., að einskorða markaskrárnar við sýslur. Það getur sumstaðar verið miklu hagkvæmara að leggja önnur takmörk til grundvallar fyrir samningu markaskránna. Ég sé það á umr., sem fóru fram um þetta mál á vetrarþinginu í fyrra, að hv. þáv. þm. N.-Þ. (BSv) benti á, að ekki færu saman sýslutakmörk og fjallskilahéraðatakmörk. Ennfremur má benda á, að samin hefir verið sérstök markaskrá yfir svo kallað Ingólfslandnám, það er svæðið milli Ölfusár og Botnsár. Það felst þess vegna í okkar rökst. dagskrá, að stj. sendi þetta mál til umsagnar héraðsstjórna og óski eftir till. þeirra. Og þar sem eins og áður er sagt, að meiri hl. gerir ráð fyrir, að frv. komi ekki til framkvæmda fyrr en 1935, þá skilst mér, að enginn eðlismunur sé á afgreiðslu málsins á þeim grundvelli, sem við í minni hl. leggjum til, en hinsvegar ætti að vera hagkvæmara að nota þennan frest til þess að fá betri grundvöll undir hagkvæma löggjöf í þessu efni. Hér í bænum er nú staddur maður norðan úr Norður-Þingeyjarsýslu, sem hefir mikið hugsað um þetta mál og kvað vera sérstaklega markglöggur maður, eftir því sem hv. þm. N.-Þ. segir. Hann hefir skrifað n. 2 bréf um þetta mál og segir, að það skorti mjög um undirbúning þessa frv. og taka verði betur til athugunar ýms atriði áður en l. eru samþ. um þetta efni. Ég vil ennfremur geta þess, að á þingmálafundum, sem ég hélt í Borgarfirði veturinn 1931, var á flestum fundunum samþ. till. um að skora á Alþingi að afgr. ekki l. um sauðfjármörk án þess að málið væri borið undir héraðsstjórnir. Þessi till. okkar er því í samræmi við óskir bænda þessa héraðs. Það hafði þá heyrzt, að stj. legði fyrir þingið frv. um sauðfjármörk, og þeir álitu bezt fyrir góða og heppilega afgreiðslu málsins, að héraðsstjórnir gætu borið fram till. um það, áður en því væri ráðið til lykta á þingi.

Frsm. meiri hl. (Bjarni Ásgeirsson): Ég skal ekki miklu svara hv. þm. Borgf., því eins og hann sagði, er ekki mikið, sem á milli ber. En ég gleymdi áðan að geta um síðustu brtt. meiri hl. n., sem hv. þm. Borgf. minntist á, um það, að frestað verði framkvæmd l. þangað til 1935. Eins og getur um í nál., þá er það svo, að sumar sýslur eru alveg nýbúnar að prenta sína markaskrá, og því fylgir nokkur fyrirhöfn og kostnaður, en einmitt þessar sýslur eiga samkv. frv. að vera meðal þeirra fyrstu, sem eiga að prenta sína markaskrá eftir að l. eru gengin í gildi. N. vildi hjálpa til að spara þennan kostnað, ekki sízt á þessum tímum, og sérstaklega hitt, að þessi kostnaður kæmi ekki svona hvað ofan á annað. Þetta er ein ástæðan til þess, að við viljum fresta framkvæmd l. til 1935. Ég álít, að það sé eins heppilegt að samþ. frv. nú eins og það liggur fyrir í aðalatriðunum, því maður getur gengið út frá því, að þó ýmsar till. komi frá héraðsstjórnum áður en frv. er samþ., þá verði það aldrei þannig úr garði gert, að ekki verði einhver atriði, sem menn reka sig á við framkvæmd l., að betur mættu fara. Ég álít því að það sé fullt eins heppilegt, að l. séu samþ. nú. Þá vita menn, hvað fyrir liggur, og þá er ekki á næstu árum ráðizt í að prenta markaskrá, sem annars yrði gert. En hinsvegar gæfist mönnum kostur á að athuga einstaka liði þangað til frv. kæmi til framkvæmda og gefa þinginu bendingar, ef

eitthvað væri í l., sem nauðsynlega þyrfti að breyta. Ég býst við, að hvað lengi sem málið er dregið og hvernig sem undirbúningnum yrði hagað, þá sýndi sig í framkvæmdinni eitthvað, sem yrði að breyta. En ef málinu er slegið á frest, þá eru menn í óvissu um, hvort nokkuð verði úr framkvæmd þessa máls. Ég býst við, að ýms héruð muni á næsta ári baka sér sérstakan kostnað með því að prenta upp markaskrár sínar, sem verður ekki gert, ef gengið er frá l. á þessu þingi. Þess vegna vil ég fyrir mitt leyti og fyrir hönd meiri hl. n. leggja til, að frv. verði samþ., en dagskráin felld.

Ingólfur Bjarnarson: Ég stend upp til þess að styðja till. hv. minni hl. n. um að vísa málinu heim til héraðanna. Er það þó ekki af neinni óvild til málsins gert, heldur af hinu, að ég tel, að sú aðferð muni leiða til þess, að málið verði betur undirbúið og lögin því betur úr garði gerð, þegar þau verða sett, eftir að hafa fengið slíka athugun. Ég get nú ekki séð, að um þessa leið þurfi að vera nokkur ágreiningur, einkum þegar þess er gætt, að hv. frsm. meiri hl. lýsti því yfir fyrir sína hönd og annara þeirra, er að þessu frv. standa, að hér væri um frumsmíð að ræða, sem þurfa mundi endurbótar við áður langt um líður. Ágreiningurinn ætti þá að liggja í því, hvort betra væri að samþ. l. fyrst og breyta þeim svo strax aftur, eða að lagfæra fyrst frv. eftir því sem frekast er hægt, og samþ. það svo.

Ég verð nú að segja, að mér þykir meira en nóg að því gert að breyta l. á næsta eða næstu þingum eftir að þau hafa verið sett, en það stafar af því, að er þau koma til framkvæmda, kemur það í ljós, að þau hafa ekki verið nógu vel undirbúin. Vil ég ekki að verið sé að gera leik til þess, og í þessu tilfelli sé ég heldur ekki, hvers vegna ætti að gera það.

Þessi lög verða svo mjög staðbundin við hina ýmsu hluta landsins, að nauðsynlegt má telja að fá bendingar sem víðast að, á hvern hátt þeim verður bezt fyrir komið. En þar sem ég tel, að frv. megi á ýmsan hátt betur fara, ef sú leið verður tekin að lögfesta það nú, geri ég ráð fyrir að koma fram með brtt. við 3. umr. Það er augljóst, að frv. er í sumum atriðum alveg óviðunandi og þarf því að taka breytingum, enda gerði hv. frsm. meiri hl. ráð fyrir því. Annars er það nokkuð einkennilegt, að hann telur sig vera óánægðan með frv., en vill þó endilega fá það afgr. nú þegar. Og þar sem frv. er hvort sem er, þótt lögfest verði, ekki ætlað að koma til framkvæmda fyrr en eftir nokkuð langan tíma, þá tel ég þeim tíma einmitt bezt varið á þann hátt að láta héraðsstjórnirnar segja álit sitt um það og gefa bendingar um það, sem þær telja, að betur megi fara. Vil ég að því styðja með atkv. mínu og greiði því atkv. með dagskrártill.

Bernharð Stefánsson: Ég verð að segja það, að ég hefi ekki mikla trú á því að vísa þessu máli til héraðsstjórnanna. Þetta hefir áður verið gert um sum þau mál, sem varða héruðin sérstaklega; þau hafa þá verið afgr. á líkan hátt og hv. minni hl. vill afgr. þetta frv. Till. þær, sem frá héraðsstj. hafa komið, ef þær hafa þá nokkrar sent, hafa verið svo sitt á hvað, að lítið hefir verið á þeim að byggja sem heild. Er og heldur engin von, að till. sýslunefnda geti orðið samstæðar, þar sem þær hafa engin tök á því að bera sig saman um málin. Ég sé því ekki, hvað þingið verður bættara með því, þótt það fái um 20 álit, sem stefna mundu sitt í hverja áttina.

Mér þykir það alleinkennilegt, að nefndarhlutarnir segjast vera sammála um frv., þó vill annar nefndarhl. samþ. það, en hinn ekki. Mér finnst því, að þá greini nokkuð á. Hv. frsm. minni hl. sagði, að ýmislegt það væri í frv., sem orka kynni tvímælis. Þetta er ekkert undarlegt, því auðvitað er svo með flest eða öll lög, sem afgr. eru, að þar orkar tvímælis að einhverju meira eða minna leyti. Ég er ekki trúaður á það, að þótt þetta frv. verði sent héraðsstj. og beðið um álit þeirra á því og þær sendi það og frv. verði svo samið upp úr þeim álitum, að þrátt fyrir allt þetta muni þó ekki margt verða í því frv., sem orkar tvímælis. Það, sem hv. frsm. minni hl. einkum

taldi orka tvímælis, var ákvæði frv. um allsherjar markadóm fyrir allt landið. Hann minntist á það, sem og er rétt, að sum héruð landsins hafa komið á hjá sér markadómi, og virtist mér hann telja það æskilegri leið. Það er nú rétt, að slíkir markadómar geta gert nokkurt gagn, það sem þeir ná. Þekki ég þetta vel, því hérað það, sem ég á heima í, er þátttakandi í einum slíkum markadómi, og mun hann hafa komið nokkru til vegar á því svæði, er hann nær yfir. En gallinn á honum er sá, að hann nær einungis til annarar handar. Hann nær yfir Eyjafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslu, en ekki yfir héruðin að vestan. Ég held því, að nauðsynlegt sé, til þess að virkilegt skipulag komist á þessi mál, að gefa út lög, sem skipa fyrir um dómstól, sem sker úr öllum þeim ágreiningi, sem upp kemur um mörk. Annað mál er það, að æskilegt væri, að sá dómstóll starfaði með sem minnstum kostnaði, eða jafnvel kostnaðarlaust, ef hægt væri að koma því við. Það vita allir, sem til þekkja, hve mikil vandræði stafa af því, hve illt er að vita með vissu um eignarrétt manna á sauðfé, og að af þeim sökum tapa margir réttmætri eign sinni.

Það kann nú að vera, að þegar farið verður að nota þessi l., komi ýmislegt það fram um einstök atriði, sem þá verði séð, að betur megi fara. (BÁ: Sérstaklega í 15. gr.). Já, það má vera. En ég býst við, hvenær sem lögin ná samþ. og koma til framkvæmda, að hið sama verði uppi, og það eins, þótt leitað verði til allra héraðsstj. áður en l. verða sett. Umsögn þeirra verður varla sá vísdómur, að reynslan kenni mönnum ekki að breyta þurfi til í einstökum atriðum. Og þetta er engin sönnun fyrir því, að ekki sé rétt að setja þessi l. nú. Einmitt þegar lögin eru gengin í gildi og farið er að lifa eftir þeim, kemur það í ljós, hverju þarf að breyta. Hygg ég, að miklu meira verði á því að byggja heldur en þó héraðsstj. kunni að láta uppi álit sitt um það, hvernig þær hyggja, að þetta muni gefast, ef það álit er gefið áður en l. verða samþ. Ég vil því vona, að hv. d. geti orðið ásátt um að samþ. frv., ásamt brtt. meiri hl. landbn., sem ég get yfirleitt fallizt á. Þótt meiri hl. leggi til, að l. gangi ekki í gildi fyrr en 1. jan. 1935, þá skil ég það ekki svo, að hann vilji neitt hika við þessa lagasetningu, heldur sé það aðallega gert vegna þess, að í sumum sýslum eru nú nýprentaðar markaskrár, og mun meiri hl. n. því vilja hlífa þeim frá að leggja út í nýjan kostnað við prentun markaskrár. Frestunartill. meiri hl. byggist því á allt öðru en till. minni hl., sem vill vísa málinu frá með rökst. dagskrá.

Ingólfur Bjarnarson: Það er sjálfsagt ekki nema eðlilegt, að hv. 1. þm. Eyf. geri lítið úr vizku hinna 20 sýslunefnda, á móti þeirri vizku, er hann sjálfur hefir lagt í þetta frv. En þótt frv. sé sjálfsagt gott, þá hygg ég það þó naumast svo gott, að ekki megi um það bæta. Og ef 20 sýslun. væri gefinn kostur á að athuga það, þá hygg ég, að þær gætu bent á einhver atriði í frv., sem betur mættu fara. Ég sé í öllu falli ekki, að af því stafaði máli þessu nein hætta, þótt slíkt væri gert áður en það verður lögfest. Og þótt frv. þetta kunni að vera samið af mikilli vandvirkni og góðum vilja þess eða þeirra, er það sömdu, þá get ég ekki séð, að einn maður eða fáir hafi betri aðstöðu til að búa út slík heildarlög, sem eiga að gilda fyrir landið allt, heldur en ef héraðsstjórnirnar, sem eru kunnugar hver í sínu héraði, gerðu sínar aths., sem svo mætti taka til greina. Ég held því að þann kunnugleika á hinum einstöku héruðum vanti, sem nauðsynlegur er við samningu slíkra laga. Ég veit ekki til, að neitt hafi verið leitað umsagnar kunnugra manna, en augljóst er, að slíkt gæti létt fyrir lagasetningu sem þessari, ef bendingar frá kunnugum mönnum lægju fyrir. Þetta er ekki sagt af neinu vantrausti á þeim, sem frv. sömdu. En þegar svona langt er þangað til l. eiga að fara að verka, þá sé ég ekki, að neinn skaði sé skeður, þó umsagnar héraðsstj. sé leitað. Það þarf ekkert að tefja fyrir því, að l. um þetta efni komi til framkvæmda. Og úr þeim umsögnum, sem héraðstj. senda, má svo taka til greina það, sem nothæft er. Ættu lögin á þann veg að geta orðið betur úr garði gerð.

Viðvíkjandi því, sem minnzt var á markadóm, vil ég skjóta því fram til at-

hugunar, hvort ekki gæti komið til greina að hafa markadóma fleiri en einn. T. d. virðist hugsanlegt, að hafa sérstakan dóm fyrir Austurland, og máske einnig Vesturland. Sauðfénaður þar mun alveg fráskilinn öðrum byggðarlögum, og hægara virðist fyrir þá, sem búa í því héraði, að sækja mál sín undir markadóm, sem þar væri búsettur, heldur en undir einn allsherjar dóm, sem ætti búsetu hér í Reykjavík. Ég vil benda á þetta sem hugsanlega leið.

Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta, til þess er engin ástæða. En ég skil ekki, hvers vegna hv. flm. leggja slíkt kapp sem þeir gera á að lögfesta þetta frv. nú. Ég get ekki séð, að á því sé nein þörf, þar sem það á hvort sem er ekki að koma til framkvæmda fyrr en árið 1935.

Frsm. meiri hl. (Bjarni Ásgeirsson): Hv. 1. þm. Eyf. hefir svarað hv. þm. S.-Þ. Ég þarf því ekki annað að segja en að undirstrika það, að aðalmunurinn á því tvennu, að samþ. frv. nú eða að vísa því til héraðsstjórnanna, er sá, að hætt er við, að þær taki slíkri málaleitan ekki svo mjög alvarlega, að mikið verði á svörum þeirra að græða, ef þær þá annars hafa fyrir því að svara. Ég get heldur ekki hugsað mér, að verulegar aths. komi við frv., nema þá helzt 15. gr., að markasvæðunum yrði öðruvísi niður skipt. Verði hinsvegar frv. samþ., þá verður það tekið alvarlega, og er það kemur til framkvæmda, þá munu þeir gallar, sem á því eru, brátt koma í ljós, og væri þá hægt að taka til greina rökstuddar till. til breytinga. Og slíkar rökst. aths. gætu jafnvel verið komnar fram og teknar til greina áður en l. kæmu til framkvæmda. — Það er þetta, að það sé sýnt með afgreiðslu málsins hér, að það sé meint alvarlega. Annars geta sýslun. hugsað sem svo, að þetta kunni að dragast. Getur það orðið til þess, að þær fari að láta prenta nýjar markaskrár og leggja þannig í óþarfan kostnað.

Hv. þm. S.-Þ. sagði, að ég hefði látið þau orð falla, að ég væri ekki fyllilega ánægður með þetta frv. Þetta er rétt. En til þess að þau orð mín valdi ekki misskilningi, verð ég að skýra nánar, að hverju þau lúta. Það er álit mitt, að annað skipulag væri hentugra á markamálunum, en það er, að hver hreppur og hver sýsla hefði sitt ákveðna mark. Inn á þessa braut hefir nokkuð verið gengið í Kjósarsýslu. Hugmyndin er sú, að sýslan hafi yfirmark, en hreppar undirmark á hægra eyra. Einstakir menn skipti svo á milli sín mörkunum á vinstra eyra. Þessi regla mundi gera skilin betri og sundurdrátt allan öruggari og einfaldari. Þessa leið hefir nú verið reynt að fara hér á Alþ., en hún mætti þá harðri mótspyrnu, vegna fastheldni manna og tryggðar við gömul mörk sín. Ég hygg, að þessu muni engin leið vera að koma fram á Alþingi í náinni framtíð. En þar sem ég er vonlaus um það, þá vil ég taka það næstbezta, sem ég álít þá leið vera, sem með frv. þessu er lagt til að farin verði. Hv. þm. ætti að skilja þetta. Það er alveg það sama og ef ég t. d. ætlaði að ferðast norður í land. Ég mundi ef til vill helzt kjósa bíl til fararinnar, en ef hann væri ekki fáanlegur, þá tæki ég hið næstbezta, sem mundi þá verða hestur, — og þá vitanlega bezta hestinn, sem völ væri á.

Svo er þá þessu varið með afstöðu mína til þessa frv. Sú leið, er ég helzt vildi fara, er áreiðanlega skýrust, heppilegust og ódýrust. En þar sem ég er vonlaus um, að nægur meiri hl. aðhyllist hana, þá tel ég þessa, sem frv. gerir ráð fyrir, heppilegasta — og að frv. verði gert að lögum sem fyrst.

Bernharð Stefánsson: Það var fjarri mér að vilja gera lítið úr héraðsstjórnunum, eins og hv. þm. S.-Þ. gaf í skyn, að ég hefði gert. En hitt sagði ég, að engin von væri til þess, að um 20 héraðsstj. gætu orðið sammála um ákvæði frv. Og ég leyfði mér að fullyrða, að árangurslítið yrði að vísa frv. til þeirra, án þess að nokkuð sé gert lítið úr vizku þeirra. Ég var nú heldur ekki að gera neitt lítið úr henni, þó ég héldi því fram, að reynslan ein gæti skorið úr um ýms atriði. Tillögur, sem frá sýslunefndum kæmu, mundu vafalaust stangast og engu hægara yrði eftir en áður að meta, hvað heppilegast yrði að taka. Svo hefir þetta orðið áður, þegar málum hefir verið vísað til þeirra. Ég efast þó ekki um, að í sýslunefndunum eru ágætir og vitrir menn, en

þeir hafa yfirleitt stuttan tíma til sinna starfa, og hver einstök sýslun. hefir engin tök á því að bera sig saman við aðrar. Er því auðskilið mál, að starfið viðkomandi þessu máli mundi verða mjög í molum.

Hv. þm. sagði, að ég teldi mig einan vitrari en alla sýslunefndarmenn landsins. Ég veit nú ekki, hvenær ég hefi gefið tilefni til slíkra ummæla. Það var jafnvel helzt að heyra á honum, að ég mundi vilja ná undir mig öllu löggjafarvaldi þingsins. Ég kannast a. m. k. ekki við, að svo hafi verið. Hér á Alþ. eiga nú sæti 42 þm. Ég get því ekki séð, að þau lög séu sett af einum manni, sem Alþ. samþ. Hitt er ekkert dæmafátt, að þm. mæli með frv. Það hefi ég gert, og ekkert annað. Ég veit ekki, hvað því veldur, að hv. þm. S.-Þ. viðhafði slík ummæli alveg að ástæðulausu. Hv. þm. var svo að tala um, að í sama stað kæmi fyrir framgang málsins, hvort það yrði afgr. með dagskrá eða að það væri samþ. sem lög, vegna þess hve langt væri þangað til þeim væri ætlað að koma til framkvæmda. En hvenær sem málið verður samþ., þá verður að gefa nokkurn frest til nauðsynlegs undirbúnings fyrir sýslurnar. Og að draga samþykkt þessa frv. og senda það til héraðsstjórnanna hlýtur að verða til þess, að dráttur verði á framkvæmd þessa máls. Þessi frestur, sem ákveðinn er í frv., er ekki gefinn vegna athugunar á atriðum laganna, heldur vegna nauðsynlegs undirbúnings héraðanna. Og þann frest verður æfinlega að gefa, hann er m. a. til þess, að sýslunefndir ráðist ekki í að prenta markaskrár rétt áður og baki sér svo aukinn kostnað.

Þá vék hv. þm. að markadómnum og taldi vafasamt, hvort hann ætti að vera einn fyrir allt landið. Ég hefði ekkert að athuga við það, þótt hann hefði aðra skoðun á þessu efni en ég. En mér finnst þetta ekki stórvægilegra atriði en það, að ég get vel treyst hv. þm. sjálfum til að koma fram með brtt. um þetta atriði. Ég er ekki að krefjast þess, að hv. þm. bindi sig við frv. óbreytt. Það er opin leið að bera fram brtt. við það, sem betur má fara, og frv. verður aldrei afgr. á annan hátt en með þeirri venjulegu þinglegu aðferð.

Hv. þm. S.-Þ. ræddi ekkert verulega um efnishlið málsins, og sé ég því ekki ástæðu til að fara nánar út í það. En mér þótti dálítið kynlegt, hvernig hann tók í mál mitt. Það var eins og honum þætti það goðgá, að ég leyfði mér að mæla með frv., sem ég sjálfur hefi flutt.

Frsm. minni hl. (Pétur Ottesen): Það verða aðeins örfá orð, því hv. þm. S.-Þ. hefir rækilega áréttað það, sem ég sagði í upphafi, að heppilegra væri að fá málið frekar athugað og betur grundvallað, með því að vísa því til héraðsstjórnanna. Hv. 1. þm. Eyf. vildi gera lítið úr því, en eins og ég benti á áður, þá er alveg sérstök ástæða til að vísa þessu máli þangað, því frá öndverðu hafa héraðsstj. haft með höndum alla skipun og framkvæmd fjallskilamála. Það er sérstaklega óráðlegt að ganga framhjá þekkingu og reynslu héraðsstj. sem hafa aflað sér aldalangrar reynslu í þessum málum. Það er alveg rétt, að það má búast við misjöfnum till. En það er eðlilega höfuðkostur, að geta sniðið lögin sem bezt eftir breytilegum staðháttum hinna ýmsu héraða. Það er ákveðið, að frv. komi ekki til framkvæmda fyrr en eftir nokkur ár hvort sem er, og þá er bezt að nota frestinn til að fá sem beztan grundvöll undir lagasetninguna, og út á það gengur dagskrá okkar minni hl. Ég hygg, að sú hætta, að sýslufélögin prenti upp markaskrár sínar rétt áður en lög yrðu sett um þetta efni, sé ekki til staðar, því þegar vitað er, að það liggur í loftinu að setja löggjöf um þetta efni, þá mun því sjálfsagt verða frestað með hliðsjón af því.

Það er ástæðulaust að ætla, að sýslunefndirnar taki það ekki alvarlega, þegar þeim eru send mál til umsagnar. Ég er ekki í vafa um, að það er hyggilegasta aðferðin við afgreiðslu þessa máls að fá umsögn héraðsstj. og það er með öllu ástæðulaust að ætla, að þær leggi ekki fulla rækt við athugun þessa máls, enda skiptir það miklu fyrir héruðin, hversu tekst til með þessa lagasmíð. Á þennan hátt fæst beztur grundvöllur undir það að sníða þessa löggjöf eftir hinum mismunandi staðháttum í landinu.

Lárus Helgason: Ég er einn af þeim, sem ekki vilja stuðla að því, að hrapað

verði að þessu máli. Ég sé ekki betur en það sé óhugsandi, að Alþingi setji lög um þetta efni, sem verði heppileg fyrir alla landshluta, án þess að leita álits þeirra. Vitanlega rennur fénaður ekki landshorna á milli, og ég er viss um, að ef fara á að grauta í því að setja allsherjarlög um þetta efni; þá fer á sömu leið og um árið, þegar drífa átti sýslu- og hreppamörkin í gegn. Hv. frsm. meiri hl. gat þess, að þau hefðu þá fengið þá mótstöðu, að það væri ennþá óhugsandi að koma þeim í gegn, og ég býst við, að farið gæti á sömu leið fyrir þessum lagabálki. Ég hygg það vel ráðið að fresta því um sinn að lögtaka þetta frv. og er því einráðinn í að fylgja dagskránni. Mér væri raunar skapi næst að fylgja því, að Alþingi gerði ekkert í þessu máli, því það eru hin einstöku sýslufélög, sem eiga að ráða í þessu efni, ekki þingið.

Ingólfur Bjarnarson: Hv. 1. þm. Eyf. hefir tekið það mjög óstinnt upp, að ég taldi hann hafa lítið gert úr væntanlegum till. frá sýslunefndunum um þetta mál. En ég þykist hafa haft fyllstu ástæðu til þeirra ummæla. Ég hafði stutt þá till., sem fyrir liggur um að skjóta málinu til sýslunefndanna til umsagnar og álits áður en því yrði ráðið til lykta hér á Alþ. En hv. þm. réðist hart á móti þeirri till. og sagði í því sambandi, að þó málið væri lagt undir 20 sýslunefndir, gæti hann eigi búizt við þeim vísdómi frá þeim, sem fengur væri í fyrir málið, og lagði eindregið til, að frv. væri samþ. eins og það liggur fyrir nú. Þetta virðist mér sannarlega benda á, að hv. þm. telji sitt verk í þessu frv. meira virði en hann getur vænzt, að komi fram frá sýslunefndunum.

Nú segir hv. þm., að hann geri að sjálfsögðu ráð fyrir því, að nokkurn undirbúningstíma muni ætið þurfa frá því að lögin eru staðfest og þangað til þau ganga í gildi. Vil ég benda á, að þessi skoðun er ný hjá hv. þm., því þegar hann leggur frv. fyrir, telur hann rétt og leggur til, að lögin gangi í gildi þegar í stað. Og ég vil halda því fram, að ef leitað væri till. sýslunefnda áður en gengið er til fulls frá þessum markalögum og tekið, eftir því sem henta þætti, tillit til framkominna bendinga, mundi auðvelt að láta lögin þá þegar koma til framkvæmda, betur úr garði ger en nú.

Að sýslunefndir muni haga prentun markabóka sinna eftir þessu frv., ef að lögum yrði, þar til þau kæmu til framkvæmda, tel ég mjög hæpið. T. d. er það lögákveðið víða, með reglugerðum, nær markabækur skuli prentaðar, og tel ég líklegt, að þeim ákvæðum verði að fylgja, þangað til lagaákvæðin kæmu til framkvæmda.

Ég veit vel, að bæði ég og aðrir hv. þm. hafa rétt til að koma fram með brtt. við þetta frv. En af því, að ég fyrir mitt leyti tel mig ekki hafa jafngóða aðstöðu eða þekkingu á málinu eins og viðkomandi héraðsstjórnir mundu hafa, vil ég miklu heldur fara þá leið að bera málið undir þær, áður en því er ráðið til fullnaðar lykta. Ég vil því eindregið styðja hina rökst. dagskrá. Eins og ég benti á, þá er nauðsynlegt að vanda þetta mál sem bezt. Það er almenningi mjög viðkvæmt. Og þar sem sýslunefndir hafa um langt skeið haft á hendi alla skipun þessara mála, er réttmætt og sjálfsagt, að þær fái að gefa sínar bendingar, áður en gengið er til fulls frá framtíðarskipulagi þeirra.

Bernharð Stefánsson: Hv. frsm. minni hl. virtist fallast á það, sem ég sagði, að yfirleitt væri þess ekki að vænta, að till. sýslunefnda yrðu samstæðar. En hann taldi hinsvegar sérstaka ástæðu til að vísa þessu máli til héraðsstjórnanna, af því þær hefðu ávallt haft með slík mál að gera. En það má nú segja svo um fleiri mál. t. d. öll sveitarstjórnarmál. Ég veit samt ekki til, að öllum lögum um sveitarstjórn sé jafnan vísað heim í héruðin áður en þau eru afgr. Samt mun hafa verið leitað álits sveitarstjórna um fátækralögin hér um árið, og það var áreiðanlega ákaflega lítið upp úr svörum þeirra að leggja. Sumar sveitarstj. svöruðu alls ekki, og till. hinna voru auðvitað sitt á hvað.

Hv. frsm. minni hl. sagði, að það mætti ekki ganga framhjá reynslu héraðanna í þessu efni. Náttúrlega má ekki ganga framhjá henni, en ég veit ekki betur en héruðin eigi fulltrúa hér á Alþingi. Hv. frsm. minni hl. er sýslunefndarmaður í Borgarfjarðarsýslu og hv. þm. S.-Þ. sýslu-

nefndarmaður í Suður-Þingeyjarsýslu. Ég skil ekki í, ef þeir eru eins vitrir þegar þeir starfa í sýslunefnd, eins og hv. þm. S.-Þ. segir, að sýslunefndarmenn séu yfirleitt, að þeir þá missi þetta mikla vit þegar þeir koma hingað í þingið. Ég held því, að þeir geti alveg eins flutt skynsamlegar brtt. hér eins og heima í sýslunefndunum.

Hv. þm. V.-Sk. taldi, að Alþingi gæti ekki sett lög um þetta efni, sem væru heppileg fyrir allt landið. Ef svo er um þetta, þá mætti segja það sama um ýmislegt fleira. E. t. v. vill hv. þm. leysa ríkið upp í 20 smáríki með aðskildu löggjafarvaldi. Hann sagði, að sýslufélögin hefðu hingað til haft með þessi mál að gera og það væri bezt, að þau hefðu þau áfram. Ég gæti fallizt á þetta, ef ekki stæði svo á, að sauðféð heldur sig ekki innan ákveðinna sýslutakmarka, og það ekki sízt nú, eftir að fjölmargar ár eru brúaðar. Það eru mörg sýslufélög, sem þurfa aðgerða Alþingis með, til þess að geta komið þessum málum sínum í sæmilegt horf. Ég veit til þess, að leitað hefir verið samkomulags milli sýslufélaga, þar sem fénaður gengur saman. En það hefir ekki fengizt nema að nokkru leyti, og svo úir og grúir þar af sammerkingum.

Hv. þm. S.-Þ. þarf ég í rauninni engu að svara. Hann hefir nú dregið saman seglin og játað, að mér sé leyfilegt að mæla hér með frv. rétt eins og öðrum þm. Hann sagði, að ég hefði sjálfur lagt til, að lögin gengju ekki í gildi fyrr en 1935. Það er ekki rétt; það er meiri hl. n., sem hefir lagt það til, en ekki ég. Hann sagði, að ég hefði samið frv. og mælti nú fast með því og hlyti því að álíta mig vitrari en allar sveitarstj. landsins. Það er rétt, að ég hefi átt þátt í að semja frv. þetta, en það er ekki nema það, sem venjulegt er um öll frv. Þau eru samin og lögð fram annaðhvort af stj. eða einstökum þm., og það er ekkert nýtt, að flm. mæli með frv. sínum. Mig minnir, að það komi ósjaldan fyrir hv. þm. Borgf. Hv. þm. S.-Þ. flytur að vísu sjaldan frv., en þegar hann gerir það, þá held ég, að honum verði það stundum á að mæla með þeim. Þá rangfærði hann enn orð mín viðvíkjandi „vizku“ héraðsstjórnanna og sagði, að ég teldi hana lítils virði samanborið við mína eigin þekkingu á málinu. Ég sagði aldrei neitt í þessa átt, heldur að álit sýslun. mundi varla verða sá vísdómur, að reynslan ekki kenndi mönnum, að annað mætti betur fara, og það er allt annað.

Jörundur Brynjólfsson: Það er þegar búið að ræða þetta mál talsvert, svo ég get farið fljótt yfir sögu. Ég get reyndar játað, að það kann að vera svo, að ekki beri mikið á milli nefndarhlutanna. Þó sakna ég þess mjög hjá hv. frsm. minni hl., hvernig hann hefir orðað dagskrá sína. Þar segir, að vegna þess, hvers eðlis málið sé, þá sé rétt að bera það undir héraðsstjórnir. Af þeim sökum tekur d. fyrir næsta mál á dagskrá. En þar er engin áskorun til stj. um að framkvæma þetta verk, né heldur, að þessum upplýsingum fengnum, að leggja málið fyrir þingið. Dagskráin er að þessu leyti mjög óheppileg. Ég býst að vísu við, að stj. láti sér nægja, ef hv. frsm. lýsir yfir því, að þetta sé meiningin. Annars mun ég bera fram brtt. við dagskrána, svo þetta komi ljóslega fram.

Ég mun ekki fara langt út í umr. um þetta mál. Mér hefir þó virzt sumum hv. þm. finnast þetta mál einkar lítils virði. Einkum hefir þess gætt hjá hv. þm. V.-Sk. Ég minnist þess, að fyrir tveimur árum lá hér fyrir þinginu frv. til l. um refaeldi og eyðingu þeirra. Þá lét þessi hv. þm. til sín heyra og taldi það mál harla lítils virði. Afgreiðsla þess máls varð miður heppileg. Hv. þm. V.-Sk. taldi, að V.-Skaftafellssýslu kæmi málið lítið við. En svo heilsuðu tófurnar upp á V.-Skaftafellssýslu næsta sumar. Er það óviðfelldið, þótt þm. telji einhver mál ekki snerta sitt hérað, að þeir séu tómlátir um þau, er þau varða heill landsins í heild. Verða þeir að setja sig í spor þeirra manna, er kemur málið meir við, en ekki að vera eins og indverskir fakirar, sem líta á naflann á sér, en hafa svo ekki víðari sjóndeildarhring. Mál geta verið mikilsverð, þótt þau snerti aðeins sum byggðarlög. Áður en hv. þm. kemur með fleiri fullyrðingar, ræð ég honum til þess að kynna sér gildandi lagastafi. Eru til ófullkomin l. um þessi efni, ákvæði Jónsbókar, sem nú eru reyndar orðin mjög úrelt. Hvern-

ig ástatt er um þessi mál víða um landið, sést af því, að sýslunefndir hafa þau ekki á valdi sínu, hafa ekki úrskurðarvaldið um þau. Er ekkert, sem bannar manni að hafa hvaða mark, sem honum sýnist. Sýslunefndir reyna að koma í veg fyrir sammerkingar, en þó aukast þær stöðugt, og kemur það því meir í bága, sem vötn eru betur brúuð og fé fjölgar. Væri gaman að heyra álit Húnvetninga, Skagfirðinga, Árnesinga, Borgfirðinga og G.-K.-búa, því að þetta eru allt stór samgöngusvæði og mjög erfitt fyrir sýslur að útkljá slík mál, þar sem ekkert er til að halda sér við. Það er ekkert því til fyrirstöðu, að maður í Borgarfirði taki t. d. upp mark mitt. Þetta sýna markaskrárnar. Eftir síðustu markaskrá hefir maður í Mýrasýslu tekið upp mark manns í Árnessýslu, sem á talsvert fé, og hefir fé gengið saman milli þessara héraða. Efast ég ekki um, að allar sýslur vilji koma í veg fyrir þetta, en þær geta það ekki. Ég man eftir því frá umr. á síðasta vetrarþingi, að hv. 2. þm. Skagf., sem nú situr ekki á þingi, viðurkenndi, að hin mesta nauðsyn væri á því, að hér yrði ráðin bót á.

Um undirbúning málsins er það að segja, að það skiptir að vísu ekki miklu máli, hvort það gengur fram einu eða tveim árum fyrr eða síðar. Aðalatriðið er, að það komist fram. Get ég vel sætt mig við þá niðurstöðu, að leitað verði álits héraðsstjórna, ef menn leggja mikið kapp á það.

Hjá hv. frsm. minni hl. og hv. þm. S.-Þ. kom það fram, að agnúar væru á frv. Játa ég, að það geti verið, að okkur hafi yfirsézt um ýms atriði. En fyrst hægt er að fullyrða, að málið sé illa undirbúið, sakna ég þess, að þeir hafa ekki bent á neitt atriði, þar sem undirbúningi er ábótt. Væri þó mikils um vert, að bent væri á það, hverskonar ákvæði vantar og hverju þyrfti að breyta eða fella niður. En ennþá hefir ekki verið að því vikið. Á síðasta þingi, þegar málið var til meðferðar, var bent á það, að betra væri að hafa marga markadóma fyrir landið, en ekki einn. Vil ég ekki staðhæfa, að bezt sé að hafa markadóminn ekki nema einn. Skal ég nefna dæmi: Stærstu samgöngusvæði hér á landi held ég sé afréttur þeirra Biskupstungnamanna og Austur-Húnvetninga. Það samgöngusvæði nær yfir Árnessýslu, Rangárvallasýslu, G.-Kjósarsýslu, Borgarfjarðar- og Mýrasýslu, Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu. Get ég ekki skilið, hvernig unnt er að útkljá, hverjir rétt hafi til marka og að koma í veg fyrir sammerkingar og námerkingar, nema einn dómur sé fyrir öll þessi héruð. En þótt þetta sé eitt aðalsamgangnasvæðið, þá taka aðrar sýslur við á jöðrunum, svo sem Eyjafjarðarsýsla, Stranda- og Dalasýsla og Snæfellsnessýsla. Svona bindur þetta hvað annað. Það skyldi þá helzt vera Austurland, ásamt austurhluta Norðurlands, sem hefði einhverja sérstöðu, því að litlar líkur eru til þess, að fé gangi yfir Skeiðarársand. En aftur er meiri samgönguhætta milli Þingeyjarsýslna og Austurlands. Get ég tekið undir það, að æskilegt sé, að þetta mál sé sem bezt undirbúið, eins og öll önnur mál. En hinu mótmæli ég, að héraðsstjórnir geti upp á sitt eindæmi ráðið fram úr þessu. Það voru einu sinni gefin út lög um þessi efni, er áttu að vera allsherjarlög fyrir allt landið, eins og sjá má í Jónsbók. Reglugerðarákvæðin, er sett hafa verið um þessi efni, eru ekki fullkomnari en það, að einstaklingar eru eftir sem áður sjálfráðir um mörk sín. Að banna það hefir víst enga stoð í lögum. Það er hægt að meina mönnum að hafa mörk sín í markaskrá, en ekki er hægt að banna þeim að hafa hvaða mark sem er. Þetta sýnir sig í framkvæmdinni.

Einhver hv. þm. sagði áðan, að ekki ætti að vera að setja lög um þetta. Væri það bezt eins og nú er. Vilji menn vera meinsmenn fjölda manna hér á landi, þá er réttast að breyta eftir þessu. Reynslan er þessi, að alltaf hafa verið að aukast vandræðin um þetta efni, og að sama brunni ber þá þekkingu, sem sveitar- og héraðsstjórnir hafa aflað sér hér um. Er gott að njóta slíkrar þekkingar um þessa meinbugi, ef menn trúa því, að á skorti um undirbúning málsins. Ætla ég, að ekki þurfi frekar að víkja að þessu.

Hafi ég skilið meiningu hv. minni hl. rétt, að hann vilji greiða fyrir málinu, þá get ég ekki gert mikið úr því, að hér beri stórt á milli. Er ég ekki óánægður með afgreiðsluna, ef það er vilji minni

hl., að málið sé sem bezt undirbúið. En það er aðalatriðið, að lög séu sett um þetta. Get ég sem flm. verið undirtektum hv. landbn. þakklátur. Þótt ég teldi það heppilegra að fara eftir till. meiri hl. og hafi mikla trú á því, að hans lausn sé betri, þá geri ég ekki mikið úr því, að ekki megi eins fara eftir till. minni hl. En ég vil andmæla þeirri skoðun, sem hér hefir komið fram, að málið sé ekki mikilsvert. Reynslan staðfestir það, að sýslunefndir skortir vald til að bæta úr annmörkunum. Eru erfiðleikarnir alltaf að aukast.

Hv. þm. S.-Þ. bjóst við því, að sýslunefndir myndu láta prenta markaskrár samkvæmt gildandi reglum, þegar tími væri til þess kominn. Held ég, að þær myndu fresta prentuninni í 1 eða 2 ár enn, ef þær vissu, að lög um þetta ættu að ganga í gildi. Get ég upplýst það, að prentun á markaskrá S.-Þ. fór fram á síðastl. sumri.

Frsm. minni hl. (Pétur Ottesen): Ég verð að segja það, að mér þótti ekki lítill munur á því, hvernig hv. 1. þm. Árn., sem er einn flm. málsins, tók á till. minni hl. landbn., og því, hvernig hv. 1. þm. Eyf., sem líka er flm., tók í þær. Hv. 1. þm. Eyf. snerist á móti till. okkar um að fresta málinu til betri undirbúnings. En hv. 1. þm. Árn. viðurkenndi þó, að það skorti á undirbúninginn og að frv. tæki ekki nóg tillit til misjafnra staðhátta á landinu. Féllst hann á það hjá okkur, að rétt væri að leita frekari upplýsinga um málið.

Honum þykir vanta alvöru hjá minni hl. Segir hann, að í till. okkar felist ekki áskorun til ríkisstj. um það að bera þetta undir héraðsstjórnir. En þegar hv. þm. ber þetta saman við nál. okkar, þar sem segir, að mikil þörf sé á því að setja betra skipulag á markamálin, þá skil ég ekki, að hann geti efast um, að okkur sé alvara. Okkur þykir vanta betri upplýsingar, og þær viljum við fá með því að skjóta málinu til héraðsstjórna. Hélt ég, að þetta kæmi ljóst fram í dagskránni. Við gerum ekki ráð fyrir því, að skipuð verði mþn. í þetta mál, því að það er ekki ofverk hæstv. stj. að vinna úr þeim till., sem frá héraðsstjórnum kæmu. Hv. þm. þykir e. t. v. skorta, að ekki skuli skipuð að nýju mþn. í þetta mál. Hélt ég, að það kæmi skýrt fram, að tilgangur okkar með því að vilja ekki samþ. frv. nú, er sá einn, að safna gögnum í málinu. Þykir mér vænt um, að hv. 1. þm. Árn. hefir fallizt á þetta, og vona ég, að það verði ofan á í hv. deild að láta málið fá þessa afgreiðslu.

Ég skal ekki blanda mér í þá deilu, sem hér er risin milli hv. 1. þm. Árn. og hv. þm. V.-Sk. En út af því, sem hv. 1. Árn. minntist á ummæli þáv. 2. þm. Skagf. (JS) á vetrarþinginu síðasta um það, að þörf væri betri löggjafar að því er snertir sammerkingar, vil ég segja nokkur orð. Þetta er rétt, en hann var þó á móti því ákvæði frv. að setja upp allsherjar markadóm, en vildi að markadómar yrðu settir fyrir þau svæði, sem fé gengur saman, og er það í samræmi við þá skoðun, sem við hv. þm. S.-Þ. höfum haldið fram. Tel ég svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta. Vona ég, að hv. 1. þm. Árn. sé nú ljóst, hvað minni hl. landbn. meinar með sinni dagskrártill.

Lárus Helgason: Ég tel, að mér sé ekki vandlifaðra í því efni en öðrum að mega víkja ofurlítið frá efninu. Hæstv. forseti d. deildi á mig fyrir það, að ég hefði komið óheppilega fram í refamálinu fyrir nokkrum árum. Man ég ekki til þess, að ég hafi komið þarna óheppilega fram. Vann ég þá í landbn. og lagði ásamt meðnm. mínum mikið verk í refamálið. Sönnun hans fyrir því, að ég hefði ekki haft rétt fyrir mér í því máli, var sú, að tófur hefðu komið í Skaftafellssýslu sumarið eftir. En ég benti þá á það, að heppilegra myndi að snúa sér í málinu eins og Skaftfellingar gerðu, að eyða refunum algerlega, sem tókst svo vel, að refur sást ekki í V.-Skaftafellssýslu um 25 ára bil. Ég sleppi því að tala meira um þetta mál, og það því fremur, sem ekkert refamál er á dagskrá, en sný mér að því málinu, sem til umr. er. Hika ég ekki við að fullyrða, að sýslunefndir eru þeir réttu aðilar, er hafa eiga málið til meðferðar. Sé ég ekki, hvernig hægt er að ætlast til þess, að Alþingi geti útbúið lög, er átt geti betur við um allt land en það fyrir-

komulag, sem verið hefir til þessa tíma. Hv. 1. þm. Árn. taldi upp svo og svo margar sýslur, þar sem fé gengi saman. Ættu menn að geta komið sér saman um að hafa ekki sammerkt í þessum sýslum. Veit ég ekki betur en að það sé sjálfsögð regla, þegar markaskrár eru prentaðar, að fá markaskrár úr þeim sýslum, sem fé rennur saman úr, og hafa til hliðsjónar. Held ég, að ekki væri skaði að því, þótt málinu væri ekki hraðað úr hófi fram. A. m. k. ætti að vera óhætt að fara að ráðum minni hl. og láta málið ganga til héraðanna. Veit ég, að ekki er gott að meina mönnum að taka upp mörk, en mér þykir einkennilegt, ef menn sækjast eftir því að eiga sammerkt við menn, sem búa í nágrannasýslum. Það hlýtur að vera áhugamál allra hlutaðeigenda að koma þessu á án þess að hafa allsherjarlög fyrir landið. Er það verk sýslufélaga, þar sem fé gengur saman, að bæta úr annmörkunum.

Ég gleymdi áðan að minnast á það, að hv. 1. þm. Árn. var að beina því til mín, að ég væri svo þröngsýnn, að ég sæi ekkert út fyrir mitt umhverfi. Hv. þm. líkti mér í þessu efni við indverska fakíra. Mér er það ekki lagið að horfa eins hátt og hv. þm. gerir venjulega, og við því er ekkert meira að segja. En ég læt mig það engu skipta, hvort hann telur mig þröngsýnan eða víðsýnan. Ég fer minna ferða fyrir því, enda þekkja mig fleiri menn heldur en hv. þm., sem ekki mundu undirstrika þessa samlíkingu.

Hv. 1. þm. Eyf. þarf ég litlu að svara. Hann vék lítið að fyrri ræðu minni. Hann vildi halda því fram, að sýslunefndirnar væru ekki færar um að leysa þetta starf af höndum. Hann segir, að að það úi og grúi af sammerkingum og komi það að enn meiri sök en áður, vegna þess að vötn hafi verið brúuð og samgöngur því betri. Ég get látið duga sem svar við þessu hið sama og ég tók fram áður. Annars hygg ég að þess gæti nú ekki mikið í þessu sambandi, þó vötn hafi verið brúuð. Þau eru það víst óvíða uppi á fjöllum, þar sem þó féð heldur sig yfir sumartímann. En auk þess setur sauðfé það ekki fyrir sig, þótt það verði að synda yfir stórár, ef það hefir hug á að komast yfir þær. Það er sannanlegt, að fé hefir strokið úr Ölfusi í Árnessýslu og austur í Skaftafellssýslu og synt yfir allar þær stórár, sem þar eru í milli.

Ég skal svo ekki hafa mál mitt lengra. Ég tel víst, að rökst. dagskráin verði samþ., því ég tel, að hún eigi fullan rétt á sér.

Jörundur Brynjólfsson: Út af ræðu hv. frsm. minni hl. vil ég láta í ljós ánægju mína yfir því, hvernig hann telur, að skilja eigi dagskrártill. Sé ég af því, að ég hefi skilið hana rétt. Hann ætlast til, að stj. leiti umsagnar sýslun. um þetta, láti svo vinna úr því og undirbúa málið fyrir næsta þing. Ég vildi líka skilja hana svona. Munurinn er því minni en í fyrstu sýndist. Ég tel þó heppilegra, að farið sé eftir till. meiri hl.

Mér láðist áðan að minnast á það, sem bent var á, að heppilegra mundi vera að miða það svæði, sem markaskrá er látin ná yfir, við upprekstrarfélag frekar en sýslur, sem nú er víðast gert. Ég skal nú ekki segja um þetta, en ég get upplýst það, vegna þess sem fram kom, að í markaskrá Árnessýslu eru öll mörk sýslunnar prentuð. En sá maður, sem sá um prentun markaskrár fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu og Reykjavík, fór þess á leit við markeigendur þá, sem búa í Árnessýslu vestan Ölfusár og Sogs, að þeir létu einnig prenta mörk sín með mörkum þessara sýslna, vegna mikils samgangs fjárins á þessu svæði. En mörk þessara manna eru eigi að síður prentuð í markaskrá Árnessýslu.

Að hv. þm. V.-Sk. þarf ég litlu að víkja, og sízt misjöfnu. Það má vel vera, að menn hafi skilið það svo, að ég hafi meint til hans það, sem ég sagði áðan. Þykir mér það leitt, ef hann hefir álitið, að ég vildi ámæla honum, en það ætlaði ég þó ekki að gera. Á hann og slíkt ekki skilið. Ég verð þó enn að segja, að það er misskilningur hjá hv. þm., að sýslunefndirnar hafi það á valdi sínu að lagfæra þá óreiðu, sem nú er á þessum málum. Það er þeim ekki hægt, hve fegnar sem þær vildu. Og það stendur ómótmælt, að sammerkingar og námerkingar milli samgangnahéraða, og jafnvel innan sýslu, aukast að stórum mun og valda hinum mestu vandræðum um fjárskil og þar

með eignamissi. Ég vildi aðeins láta það koma greinilega fram, að sýslun. réðu ekkert við þetta. Þær hafa engin tök á að fá þá menn til hlýðni við sig, sem einráðir vilja vera og fást ekki til að leggja niður mörk sín, þótt sammerkt séu öðrum á samgangnasvæði. Afleiðingin er, að sammerkingum fjölgar og eignaróvissa eykst.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta. Ég vænti þess, hvor leiðin sem farin verður, að þá fáist þó ráðin bót á núverandi vandræðum og réttaróvissu, sem er um þetta efni.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 560, frá minni hl. landbn., felld með 12:8 atkv., að við höfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngB, JAJ, LH, MG, MJ, PO, SvÓ, GÍ.

nei: JJós, JÓl, JónasÞ, SvbH, TrÞ, ÞorlJ, BJ, BSt, BÁ, BKr, HStef, JörB.

HV, ÁÁ greiddu ekki atkv.

Sex þm. (ÓTh, StgrS, VJ, EA, HJ, HG) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 12:4 atkv.

2.—5. gr. samþ. með 12:3 atkv.

Brtt. 525,1 (ný 6. gr.) samþ. með 15:2 atkv.

7.—11. gr. samþ. með 14:2 atkv.

Brtt. 525,2 (ný 12. gr.) samþ. með 14:1 atkv.

13. gr. samþ. með 14:1 atkv.

Brtt. 525,3 samþ. með 14:1 atkv.

14. gr., svo breytt, samþ. með 13:2 atkv.

Brtt. 525,4 samþ. án atkvgr.

15. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

16. gr. samþ. með 14:1 atkv.

Brtt. 525,5 (ný 17. gr.) samþ. með 15:2 atkv.

18.—21. gr. samþ. með 13:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, JÓl, JónasÞ, SvbH, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BKr, HStef, JörB.

nei: LH, MG.

HV, IngB, JAJ, MJ, PO, GÍ, HG greiddu ekki atkv.

Sex þm. (ÓTh, StgrS, SvÓ, VJ, EA, HJ) fjarstaddir.

Brtt. 525,6 (ný 22. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÍ, HStef, IngB, JJós, JÓl, JónasÞ, MG, SvbH, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BKr, JörB.

HG, HV, JAJ, LH, MJ, PO, SvÓ greiddu ekki atkv.

Fimm þm. (HJ, ÓTh, StgrS, VJ, EA) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12:3 atkv.

Á 65. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 586).

Ingólfur Bjarnarson: Ég gat þess við 2. umr. þessa máls, að ég teldi þörf á að breyta sumum ákvæðum frv., sérstaklega að því leyti, sem þau kæmu í bága við aðstöðu míns héraðs í þessu efni. Nú hefi ég ekki haft tækifæri til að semja brtt. við frv. fyrir þessa umr., bæði vegna þess, að stuttur tími hefir verið á milli umr., og þó einkum vegna þess, að ég var fjarverandi úr bænum. En úr því að hv. þd. sá ástæðu til að afgr. frv., enda þótt hún hafi talið sjálfsagt að breyta ýmsum ákvæðum í því áður en það kemur til framkvæmda sem lög, þá sé ég ekki, að brýna nauðsyn beri til að flytja þessar brtt. nú, en vænti þess, að þær verði betur athugaðar, þegar tími vinnst til heima í mínu héraði, og komi svo síðar fram hér á þinginu, áður en lögin koma til framkvæmda. Ég sé því ekki ástæðu til að tefja málið að þessu sinni með því að óska eftir fresti til að bera fram brtt. Án þess svo að vilja lengja umr. finnst mér ég þurfa að leiðrétta þá missögn hv. 1. þm. Eyf., að ég væri sýslun.maður í S.-Þingeyjarsýslu. Síðasta áratuginn hefi ég sem sé eigi setið þar né verið til þess kosinn. Hugleiðingum hv. þm. um vitsmuni mína þar virðist því raunar ofaukið. Og ég býst við, að önnur rök hans í málinu hafi viðlíka mikið við að styðjast.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12:6 atkv. og afgr. til Ed.

Á 65. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 586).

Á 67. fundi í Ed., 4. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 8 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., 14. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 586, n. 716).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Hermannsson): Eins og hv. dm. mun vera kunnugt, hefir það löngum verið svo undanfarið, að sýslunefndir og héraðsstjórnir, hver á sínu svæði, hafa annazt um fjallskil, fjárskil, refaveiðar og ýmislegt í því sambandi, þ. á m. mörkun sauðfjár. Það hefir löngum þótt brenna við, og talið fara heldur í vöxt, að þetta fyrirkomulag hafi ekki fullnægt þeim kröfum, sem gera þarf í sambandi við eignarrétt og eignarhald manna á sauðfénaði. Það hefir ætíð orðið svo, að vanskil hafa orðið mikil á sauðfé, og hefir þótt við brenna, að þessi vanskil stæðu í sambandi við mörkun fjárins. Námerki, þ. e. a. s. mörk, sem eru svo lík, að hægt er að villast á þeim, eru og algeng og valda misdrætti og vanskilum. Sammerkingar, þ. e. a. s., þegar tveir eða fleiri menn eiga sama markið, eru líka allt of algengar og allvíða það bagalegar, að báðum eigendum marksins verður að óliði. Kindur eru teknar í vafa og verða aldrei að notum nokkrum eiganda marksins, þótt víst sé, að einhver þeirra eigi kindina. Þá hefir það einnig komið fyrir, og ber mjög á því enn, að sama mark hafi eitt nafn í þessu byggðarlagi og annað í hinu, þótt ekki sé lengra á milli byggðarlaga en það, að sauðfé geti gengið saman. Þetta veldur því, að miklu verður óhægara að átta sig á markalýsingum eða auglýsingum á mörkum vafafjár, og missa eigendur eign sína stundum af þessum sökum. Þá er það og víst, að víða hagar svo til, að ekki eru skýr eða ákveðin takmörk frá hendi náttúrunnar á milli sýslna, þannig að fénaður gengur mjög saman úr tveimur eða fleiri sýslum. Þar, sem svo hagar til, verður eðlilega að vera náin samvinna milli sýslna og héraða, þegar ákveðið er um, hver skuli eigandi að mörkum, og um prentun markaskrár og annað, er lýtur að eignarhaldi á sauðfé, því að það getur verið eins bagalegt eða bagalegra, að námerki eða sammerki séu á milli sýslna eins og innbyrðis í einu sýslufélagi. En nú hefir samvinna á milli sýslufélaga víða farizt fyrir enn þann dag í dag, og nokkuð ber á þessu í seinni tíð á stöku stað.

Þetta frv. gerir ráð fyrir því, að gerð verði sú höfuðbreyt., að valdið yfir þessum málum verði nú dregið saman og að ekki verði það lengur hver sýsla út af fyrir sig, sem annast um þessi málefni framvegis, heldur verði sú umsjá og valdið yfir þessum málum dregið saman á einn stað fyrir allt landið í heild. Í 6. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að atvmrh. skipi tvo menn í markadóm og að þriðji maðurinn, formaður markadómsins, skuli vera sauðfjárræktarráðunautur Búnaðarfél. Íslands, sem jafnframt er nefndur markavörður. Þessi þriggja manna n. á svo að taka að sér fyrir landið allt þá umsjón með mörkum og markaskrám, sem áður hvíldu á héraðstjórnunum, hverri á sínu svæði. Í 5. og og 7. gr. er nánar tekið fram, hver skuli vera störf markadóms, en þau eru, í auðveldum orðum sagt, að hafa á hendi fyrir allt landið það vald, sem héraðsstjórnir höfðu áður í sambandi við mörkin og þau mál, sem að mörkunum lúta. Gert er ráð fyrir því í 8. gr., að heima í hverri sýslu sé einn maður, sem safnar mörkum á þeim tíma, sem á að prenta markaskrá, og fái fyrir það ákveðið gjald, þar tilgreint. Í 9. gr. eru ákvæði um, hvað skuli greitt fyrir prentun marka. Ætlazt er til, að greidd verði 1 kr. fyrri hvert af fyrstu mörkunum, en 5 kr. fyrir hið þriðja, og svo hækkandi um 5 kr., ef mörkin hjá einum eiganda verða fleiri. Þarna liggur í frv. nokkur umbót á því, sem víða hefir verið venja, að menn hafa stundum haft fjármörk eins mörg og kindurnar, sem þeir hafa átt, og hefir af þessu orðið talsvert óhagræði. En líkindi eru til þess, að þegar sú venja er tekin upp að greiða mikið hækkandi gjald fyrir aukinn

markafjölda, þá leggi menn niður þann ósið að eiga að óþörfu óhæfilega mörg mörk. (GÓ: Fleiri en kindurnar). Til þess er ætlazt, að þetta gjald, sem goldið er, renni í ríkissjóð, en úr ríkissjóði verði svo greiddur allur kostnaður við markadóm, prentun markaskrár og auglýsingar marka í Lögbirtingablaðinu þegar það þarf að eiga sér stað, eftir að hin nýju ákvæði, sem í frv. standa, eru komin til framkvæmda.

Í 15. gr. eru settar reglur um, hvernig skuli skipta landinu niður í flokka í sambandi við prentun markaskráa. Einhverjum kynni að sýnast, að þessu mætti haga öðruvísi en þarna er lagt til. Hitt er vitanlegt, að fara verður eftir föstum reglum frá byrjun, þegar gengið er inn á þá braut að gera allt landið að einu marka- og markaskrárumdæmi og rýma úr vegi hinum mörgu smádómum, sem hingað til hafa verið í landinu. Landbn. hefir talsvert athugað þetta og hefir orðið um það samkomulag að leggja til við d., að frv. verði samþ. með lítilsháttar breyt., sem hér eru á þskj. 716. Þessar breyt. eru auðskildar. Fyrsta breyt. er við 8. gr. frv. Í 8. gr. er gengið út frá því, að maður sá, sem á að safna saman mörkum heima í héraði, fái fyrir sína fyrirhöfn 20% af því gjaldi, sem greitt verður fyrir mörkin úr héraðinu. Það skal játað, að það er nokkurt álitamál, hvaða gjald teljist sanngjarnt í þessu efni. Í frv. því, sem lagt var fyrir vetrarþingið í fyrra, er gengið út frá því, að gjaldið verði 10%, en nú er gengið út frá 20%. N. virtist, að nokkur sanngirni mælti með því, að hér yrði farið bil beggja og lagt til, að í staðinn fyrir 20% komi þarna 15%. Að vísu lítur n. svo á, að þetta yrði e. t. v. meira verk í byrjun heldur en þegar föst skipun yrði komin á markaskrárumdæmi, en að þá mundi mega telja þetta hina sæmilegustu greiðslu.

Þá hefir n. gert brtt. við 11. gr., um að upphaf gr. orðist eins og þar greinir. Það er aðeins orðabreyt., og geri ég ráð fyrir, að hv. dm. sýnist hún sjálfsögð.

Í þriðja lagi hefir n. lagt til, að orðuð verði um fyrri málsgr. 14. gr. Þessi fyrri málsgr. 14. gr. gerir ráð fyrir því, að ef lamb sé ómarkað eða óglöggt markað, þá helgi móðirin eignarréttinn. Það mun hafa verið venja, að svo væri litið á, að ær helgaði eignarrétt á lambi undantekningarlaust, nema hægt væri að sanna annað. Það er ekki óalgengt, að lamb mismarkist undir glöggt og greinilegt mark, er hefir verið gert í ógáti og eigandi marksins er ekki eigandi lambsins. Ærin þekkir lambið í langflestum tilfellum miklu betur en maðurinn. N. leggur því til, að þessu verði breytt á þann hátt, sem í brtt. stendur, að ærin helgi eignarréttinn á lambi, nema hægt sé að sanna, að annað sé réttara.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meir um þetta að sinni, en leyfi mér f. h. n. að leggja til, að frv. verði samþ. með brtt. á þskj. 716.

Einar Árnason: Tilgangur þessa frv. mun eiga að vera sá, að bæta úr þeim göllum, sem taldir eru á fjárskilum í héruðum landsins. Með þessu er löggjafarvaldið að grípa inn í aldagamalt skipulag, sem hingað til hefir verið að öllu leyti í höndum sveitar- og sýslufélaga. Ég ætla ekki að neita því, að þörf kunni að vera einhverra umbóta. En það getur verið álitamál, hvaða leið skal fara. Ég býst við því, að löggjöfin ein út af fyrir sig sé ekki einhlít. Það, sem mestu varðar, er hirðusemi og alúð einstaklinganna sjálfra. Hafa oft komið fram uppástungur um nýtt skipulag sauðfjármarka, en þær hafa jafnan litið fylgi fengið. Þetta fyrirkomulag, sem hér er stungið upp á, er einna frjálslyndast af þeim uppástungum, sem áður hafa fram komið, og má því vera, að í því felist einhverjar umbætur. Fer ég ekki út í einstök atriði frv. En það, sem mér er sárt um, er þetta, að tekið er frá sýslufélögum og héraðsstjórnum að þeim fornspurðum vald, sem þær hafa haft. Hefði ég því óskað eftir, að frv. yrði ekki nú þegar gert að l., en þessum aðilum gert fært að segja álit sitt um málið. Held ég, að það ætti ekki að þurfa að tefja framgang málsins, þar sem frv. sjálft gerir ráð fyrir því, að l. komi ekki til framkvæmda fyrr en 1935. Er því nógur tími til þess að leita álits sveitarstjórna um ýms atriði þess. Hygg ég, að þá kynnu sveitarstjórnir að sætta sig betur við fyrirmæli frv. en verða myndi, ef þetta vald yrði tekið af þeim svona

óundirbúið og fengið löggjafarvaldinu í hendur. Þegar frv. var til umr. í Nd., kom fram rökst. dagskrá þess efnis, að leitað yrði álits sveitarstj. um málið. Leyfi ég mér að taka upp þessa dagskrá óbreytta að efni og legg því til, að frv. sé afgr. með svofelldri rökst. dagskrá.

Með því að mál þetta er þess eðlis, að rétt virðist, að ríkisstj. beri það undir héraðsstjórnir landsins og leiti álits þeirra og tillagna áður en sett eru lög um þetta efni, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Frsm. (Páll Hermannsson): Hv. 2. þm. Eyf. sagðist ekki búast við, að hægt væri með einum saman lögum að bæta úr vandkvæðum og ólagi, sem verið hefir á þessu markmáli undanfarið. Er það rétt hjá hv. þm., að slíkt er ekki hægt. Vanskil, misdráttur og það, að fjáreigandi tapi miklu af eign sinni, stafar ekki af því, að ekki hafi verið til sæmilegar reglur, ef þeim hefði verið framfylgt, heldur mest af því, að einstaklingarnir eru misjafnir hirðumenn. Hitt er víst, að löggjafarvaldið getur mikið hjálpað til, einkum þeim, sem ekki eru trassar. Gæti það hjálpað til við útbúnað skipulags, sem yrði affarasælla en það, sem nú er.

Hv. þm. sagði, að þetta vald væri tekið af héraðsstjórnum að þeim fornspurðum. En ég held, að héraðsstjórnum hafi verið kunnugt, að verið væri að undirbúa þessa löggjöf. Vitanlega var málið til meðferðar á vetrarþinginu 1931. Hefi ég veitt því eftirtekt, að sumstaðar hefir verið minnzt á málið í fundargerðum héraðsstjórna.

Þessi hv. þm. sagðist vilja leita álits héraðsstjórna um málið. Það er hægt að segja, og er ekkert við það að athuga. En ég geri þó ekki mikið úr því, að líklegt væri, að þótt skipulagsbendingar kæmu frá sveitarstjórnum, yrði svo mikið heildarsamræmi í þeim, að mikið yrði á þeim að græða. Held ég ekki, að svo hafi verið um þau mál, sem álits sveitarstjórna hefir verið leitað um. Í áframhaldi af þessari skoðun hv. þm., ber hann fram rökst. dagskrá þess efnis, að málinu verði frestað og það borið undir álit sveitarstjórna áður en það sé til lykta leitt. Ég skal játa það, að þar sem í frv. er gert ráð fyrir nokkrum drætti á því, að málið komist fram, ætti þetta ekki að tefja mikið fyrir því, en ég efast samt um, að mikið gagn hlytist af. Má líta á það, að þegar er búið að leggja þó nokkra vinnu í frv., og þótt hún yrði ekki alveg ónýt, ef málinu yrði frestað, myndi það þó alltaf taka nokkurn tíma. Sé ég því ekki ástæðu til þess að samþ. þessa rökst. dagskrá.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá 2. þm. Eyf. felld með 5:5 atkv.

1. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.

2.—7. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.

Brtt. 716,1 samþ. með 7 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 7 shlj. atkv.

9.—10. gr. samþ. með 6 shlj. atkv.

Brtt. 716,2 samþ. með 7 shlj. atkv.

11. gr., svo breytt, samþ. með 6 shlj. atkv.

12.—13. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.

Brtt. 716,3 samþ. með 7 shlj. atkv.

14. gr., svo breytt, samþ. með 6 shlj. atkv.

15.—22. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 7 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., 17. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 740).

Einar Árnason: Þegar frv. þetta var hér til 2. umr., flutti ég till. um, að því væri vísað til ríkisstj., sem svo bæri það undir álit héraðsstjórna og fengi till. þeirra um þetta mál, áður en það verður lagt næst fyrir þing. En þessi till. mín var felld með jöfnum atkv. hér í deildinni. En þá vantaði 4 menn í hana, svo ég er þess vegna ekki alveg viss um, að fram hafi komið fullur vilji dm. um þetta mál. Ég færði þá fram rök fyrir því, að rétt væri að hrapa ekki svo mjög að því að samþ. þetta frv. Nefndi ég sérstaklega til þess tvær ástæður, er mér virðast liggja fyrir um það. Sú fyrri er, að hér er verið að taka úr höndum héraðsstjórna það skipulag, er þær hafa haft á þessu máli frá alda öðli. Hitt er, að svo er til ætlazt, að lög skv. þessu frv.

komi ekki til framkvæmda fyrr en 1935. Þyrfti það því ekki að tefja málið, þó því væri skotið undir álit héraðsstjórnanna, áður en það er afgr. að fullu.

Það hafa oft komið fram áður till. um breyt. á sauðfjármörkum. Þær uppástungur hafa verið sitt á hvað, en aldrei fengið verulegan byr enn sem komið er. Það hafa jafnan þótt koma fram ýmsir agnúar á því að setja heildarlöggjöf um þetta efni. Ég játa að vísu, að hér er um frjálslegra fyrirkomulag að ræða, heldur en í ýmsum öðrum uppástungum, sem fram hafa komið. En það, að setja einn markadóm fyrir landið allt, hlýtur að verða þunglamalegt fyrirkomulag og hafa aukinn kostnað í för með sér. Í frv. er gert ráð fyrir því, að 3 menn skipi þennan markadóm. Eiga þeir að sjá um útgáfu á markaskrám fyrir landið allt. Skilst mér, að ríkissjóður eigi að fá ákveðið gjald fyrir þetta frá markeigendum, en kosta síðan prentun markaskránna. Nú verður það ekki vitað, hvort þetta gjald vegur á móti útgáfu markaskránna, en ég er þó hræddur um, að tekjurnar verði rýrari en útgjöldin. Kemur þá sá kostnaður á ríkissjóð. (**MT:** Ekki kostnaður á prentun). Ég er þó hræddur um, að kostnaður ríkissjóðs verði nokkur af þessu. Það kostar markadóm áreiðanlega mikla vinnu að sjá um útgáfu markaskráa á hverju ári. Í byrjun mun a. m. k. verða mikið verk að koma þessu í það horf, sem um getur í frv.

Þá er annað, að í frv. er ráð fyrir því gert, að sérstök markaskrá verði gefin út fyrir hverja sýslu. Þetta á máske sumstaðar við, en hreint ekki alstaðar, og getur enda reynzt mjög óheppilegt ákvæði. Það er alls ekki víst, að hagkvæmast sé að fylgja sýslumörkum um það svæði, sem markaskrá nær yfir. Ég vil t. d. benda á, að í markaskrá Suðurþingeyinga er jafnan tekinn með einn hreppur úr Norður-Þingeyjarsýslu, sem liggur vestan Jökulsár á Fjöllum. Þetta skýlausa ákvæði frv. mundi því geta valdið örðugleikum eða óþægindum, nema undantekningar væru gerðar á því.

Þá er í frv., að mér skilst, bann lagt við sammerkingum í nágrannasýslum. Þetta getur nú verið rétt í sumum tilfellum, en þó ekki alltaf. Ég vil t. d. geta þess, að sammerkingar eru leyfðar í Eyjafjarðarsýslu og Suður-Þingeyjarsýslu. Þar hefir verið unnið saman að þessum málum og hefir það leitt til betra skipulags. Markaskrár hafa verið gefnar út samtímis og bannað að hafa sammerkingar aðrar en þær, sem leyfðar eru af markadómi. Þær sammerkingar, sem leyfðar eru, eru svo prentaðar í markaskrám beggja sýslnanna, svo það er sama, í hvorri þeirra maður flettir upp. Markið finnst í þeim báðum. Hér gengur frv. því í bága við það, sem þessar sýslur telja þægilegast fyrirkomulag fyrir sig.

Ýmislegt fleira mætti nefna, sem ég tel varhugavert að lögfesta. Nú vil ég ekki neita því, að það kann að vera erfitt að lagfæra það, sem ábótavant er í núgildandi fyrirkomulagi, nema með löggjöf. En þá þarf að sjálfsögðu að fá áður umsögn héraðanna. Í framhaldi af því, sem ég sagði við 2. umr., vil ég því leggja til, að málinu verði vísað til stjórnarinnar.

Frsm. (Páll Hermannsson): Það er rétt, sem hv. 2. þm. Eyf. tók fram, að hv. deild var ekki fullskipuð þegar 2. umr. fór fram, og má því vera, að allt sé enn á huldu um afdrif frv.

Hv. þm. vill halda því fram, að það sé réttast að vísa frv. til héraðsstjórnanna til umsagnar, til að geta síðar notfært sér bendingar þær, er þaðan kunna að koma. Ég fyrir mitt leyti hefi ekki trú á, að þær bendingar yrðu þannig, að gott yrði að taka þær til greina, ef gengið er inn á það fyrirkomulag, sem frv. ætlast til að verði, að hafa landið allt eitt umdæmi. Ég efast ekki um, að sýslunefndirnar geti gefið góðar bendingar að því er snertir þeirra hérað, en ég efast um, að þær verði svo samræmar, að þær komi að verulegu haldi, ef setja á heildarlöggjöf. Það má náttúrlega til sanns vegar færa, að þetta þyrfti ekki að tefja málið, þar sem svo er ráð fyrir gert, að lögin komi ekki til framkvæmda fyrr en um áramót 1934—35. En ég held, að þetta hafi litla þýðingu.

Annars skildist mér það á hv. þm., að það vekti fyrir honum að leggja á móti frv. Hann taldi upp gallana á fyrirkomulagi þess, taldi það vera þunglamalegt og

kostnaðarsamt. Það þarf sannarlega ekki að vísa málinu til héraðanna til að fá bendingar um þessi atriði. Alþingi er vissulega eins fært að dæma um þetta og gera tillögur um það. Mér virðist gjaldið fyrir birtingu marka í markaskrám vera eins hátt og venja er nú víða á landinu. Ég veit ekki betur en markaskrár hafi borið sig með þessu gjaldi. Þær ættu ekki síður að gera það, þótt þetta frv. yrði samþ. Sá maðurinn, sem á að hafa aðaleftirlitið, er nú launaður starfsmaður hjá Búnaðarfél. Íslands. Það má vera, að ætla þurfi honum einhverja aukaþóknun fyrir þetta, en miklu getur hún ekki numið.

Hv. þm. taldi það óheppilegt, að hver sýsla væri umdæmi út af fyrir sig og að ekki væru leyfðar sammerkingar í tveimur nágrannasýslum. Ég býst við, að út af þessu megi bregða, ef þörf er á, og í 16. gr. er einmitt gert ráð fyrri því. Það er ekki ætlunin að banna sammerkingar nema þar, sem þær verða eigendunum að óliði.

Annars verður hv. d. að sjálfsögðu að skera úr því, hvað við frv. verður gert.

ATKVGR.

Till. 2. þm. Eyf. um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GL, HSteins, JBald, JónÞ, JónasJ, BSn, EÁrna, GÓ.

nei: IP, JakM, JónJ, MT, PH, PM.

3. Veitingasala, gistihúshald o. fl.

Á 64. fundi í Nd., 30. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. um veitingasölu, gistihúshald o. fl., nr. 21, 15. júní 1926 (þmfrv., A. 581).

Á 65. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 15 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Bergur Jónsson): Tilgangurinn með þessu frv. er sá, að taka af þann ósið, að millilandaskip séu notuð sem gistihús, þótt þau hafi ekki slíkt leyfi og fullnægi ekki þeim skilyrðum, sem lög um veitingasölu og gistihúshald setja, né heldur hafi greitt það gjald, sem áskilið er fyrir leyfið. Víðast erlendis mun bann við slíkri starfsemi skipa. Er sérstök ástæða til þess, að löggjafarvaldið taki fyrir þetta, þar sem bæði höfuðstaðurinn og ríkið eru í stórum ábyrgðum fyrir aðalgistihúsið í Reykjavík. Er og ekki ástæða til þess, að erlend skipafirmu dragi gesti frá gistihúsunum hér, þegar nægilegt rúm er þar. En samkvæmt frv. gildir bann þetta því aðeins, að nægilegt rúm sé í gistihúsunum í landi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Nd., 4. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14:1 atkv.

2. gr. samþ. með 14:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 68. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 581).

Á 70. fundi í Ed., 9. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., 17. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 581, n. 737).

Frsm. (Einar Árnason): Frv. þetta er ekki stórt. Það fjallar um það, að skemmtiferðamenn, er koma hingað til lands — og þá aðallega til Reykjavíkur — með áætlunarskipum, er staðnæmast hér, hafi ekki leyfi til að búa um borð í skipunum meðan þau dveljast hér, heldur verði að leita til gistihúsa, ef þau eru til á staðnum. Allshn. Nd. flutti frv. og allshn. þessarar deildar hefir fallizt á að mæla með því, að það verði samþ.

Jón Þorláksson: Ég skal fúslega viðurkenna góðan tilgang þessa frv., að því leyti sem því er ætlað að styðja atvinnu íslenzkra gistihúsa. En satt að segja finnst mér það samt ekki til þess fallið að verða að lögum.

Hv. frsm. gerði ekki alveg rétt grein fyrir efni frv. Hann taldi það vera til að fyrirgirða, að skip, sem kæmu frá útlöndum, og þá aðallega til Reykjavíkur, gætu vistað um borð farþega meðan þau stæðu við. Þetta getur hitt fleiri en slík skip. Það eru mörg skip, sem fara áætlunarferðir til annara staða á landinu og snúa þar við, og ég held, að það væri óheppilegt fyrir alla aðila, ef þessi lög yrðu sett og þeim framfylgt. Nú er það t. d. altítt, að hópar fólks úr Reykjavík taka sér far með millilandaskipum til Akureyrar, dvelja þar meðan skipið stendur við og búa þar um borð. Ég veit ekki, hvort gistihúsum á Akureyri væri nokkur greiði með því gerður, að þvinga þetta fólk til að búa í landi þær nætur, eina eða tvær, sem viðdvölin varir. Það kemur fyrir, að þessi skip fara til Húsavíkur, og það getur átt sér stað, að þau dveldu þar yfir nótt. Þar yrði því líka að reka farþegana í land.

Ég veit, að það hefir vakið ofurlítinn kurr, að annað af þeim erlendu skipafélögum, er hingað sigla, Sameinaða félagið, hefir boðið enskum ferðamönnum, er hingað ætla að ferðast, dvöl á skipum sínum meðan þau standa hér við. En ég held, að það verði enginn vinningur fyrir landið að banda hendinni við slíku með löggjöf, sem mun vera alveg óvenjuleg með siðuðum þjóðum. Þeir menn, er slíkar ferðir fara, hafa stuttan tíma og kæra sig ekki um að eyða nema takmörkuðu fé. Með því að semja við skipafélagið geta þeir vitað fyrirfram nákvæmlega, hverju þeir þurfa að eyða. Þótt það sé erlent félag, sem nú hefir boðið upp á þetta, þá getur það líka hitt Eimskipafélagið, því vel má vera, að það sjái sér hag í því að bjóða upp á þessa kosti líka.

Ég álít, að löggjöf sem þessi sé fram komin af of litlu tilefni og hinsvegar talsvert óvenjulegt inngrip í frjálsræði manna. Ég get því ekki greitt frv. atkv.

Frsm. (Einar Árnason): Það mun vera rétt til getið hjá hv. 1. landsk., að frv. á að vera til stuðnings íslenzkum gistihúsum, og ef svo er, þá á það nokkurn rétt á sér, ef það kemur ekki óþægilega niður að öðru leyti.

Ég skil frv. svo, að þar sé aðallega að ræða um þá menn, er hingað koma frá útlöndum, en ekki um þá, sem fara t. d. héðan til Akureyrar og dvelja þar meðan skipið stendur við. Þar að auki talaði hv. þm. um það, að fólk yrði að reka á land hvar sem skip hefði viðdvöl, en þetta er misskilningur. Það er beinlínis tekið fram í frv., að gistihús verði að vera á staðnum. Ég hygg, að þau séu ekki víða á landinu; það yrði tæplega nema 2 staðir, sem til greina kæmu, Reykjavík og Akureyri.

Annars skal ég ekki deila um þetta mál. Ég játa, að það er smámál, og ég býst við, að n. sæki það ekki fast að fá það samþ. Hún áleit, að það væri meinlaust og kynni frekar að styðja gistihús hér, og hún vildi ekki standa í vegi fyrir slíkum stuðningi.

Jón Þorláksson: Það getur vel verið, að fyrir höfundum frv. hafi ekki vakað annað en það, að meina farþegum, er ferðast milli landa, dvöl í skipunum. En það hefir ekki tekizt að orða frv. svo, því það nær til allra farþega á millilandaskipum, og er ekki um það deilt, að það eru öll þau skip, sem eru í stöðugum ferðum milli landa, þótt þau reki strandsiglingar jafnframt.

En jafnvel þótt þessi skilningur væri viðurkenndur, að frv. tæki ekki til farþega, er ferðuðust hafna milli innanlands, þá getur þetta þó verið varhugavert. Það getur tekið til erlendra skemmti-

ferðaskipa, sem koma hingað og snúa við eftir skamma dvöl. Þetta mundi með öllu útiloka slík skip frá að sækja hingað, því það tíðkast hvergi, að farþegar af slíkum skipum séu reknir í land og neyddir til að leita til gistihúsa. Af því að slík ferðalög tíðkast um allan heim, dreg ég þá ályktun, að svona löggjöf geti hvergi verið til. Og ég er hræddur um, að landinu sem ferðamannalandi verði ekki gerður neinn greiði með slíkri löggjöf.

Nú hefði ég ekkert sérstaklega á móti því að banda hendinni við aðferð þessa erlenda félags og setja slíka löggjöf um þau skip, sem ekki eru eingöngu farþegaskip, heldur annast einnig vöruflutninga. En þetta frv. gengur miklu lengra. Mér virðist hv. allshn. ekki hafa lagt sérstaklega mikla rækt við að athuga það og vil því gera það að tillögu minni, að því verði vísað til stjórnarinnar til fyllri athugunar.

Frsm. (Einar Árnason): Það kemur vitanlega ekki til mála, að venjuleg skemmtiferðaskip geti heyrt undir þessi lög. Hér er átt við þau skip, er hingað sigla eftir föstum áætlunarferðum, og frv. er miðað við það ástand, sem nú er, en það vita allir, að hingað hafa ekki önnur skip fastar áætlunarferðir en þau, sem annast vöruflutninga jafnframt mannflutningum að meira eða minna leyti. Skemmtiferðaskip koma því ekki til greina.

Hv. 1. landsk. áleit, að slík löggjöf væri hvergi til. Um það skal ég ekkert fullyrða. Þó hefir mér verið sagt, að það tíðkaðist ekki erlendis, að farþegar hafi leyfi til að búa í venjulegum áætlunarskipum á viðkomustöðum þeirra, þegar um verulega viðdvöl er að ræða.

Jón Þorláksson: Nú kemur fram enn ný skýring. Undir millilandaskip eiga ekki að falla þau skip, sem eingöngu sigla hingað með farþega. En þetta sést bara ekki á frv., og þegar farið verður að þýða það á útlend mál, þá hygg ég, að þýðandanum muni reynast erfitt að gera grein fyrir því, að undir það falli ekki þau skip, sem kölluð eru skemmtiferðaskip. Ég játa, að þessar skýringar hv. frsm. eru til bóta. En ég vil láta það koma ljóslega fram, að undir frv. falli hvorki menn, er ferðast frá einni höfn á Íslandi til annarar og snúa þar aftur með sömu skipsferð, né starfsemi skipa, er sigla hingað eingöngu með farþega. Ef till. mín um að vísa málinu til stjórnarinnar verður ekki samþ., þá vil ég skjóta því til hv. n. að athuga þetta fyrir 3. umr.

Frsm. (Einar Árnason): Í frv. stendur orðið „millilandaskip", og held ég að orðið sé búið að fá fasta notkun í málinu í merkingunni: „skip, sem siglir eftir fastri áætlun milli Íslands og útlanda", enda hefi ég ekki orðið var við það, að neinum hér hafi dottið í hug að leggja þann skilning í frv., sem hv. 1. landsk. gerir. Ég er þess vegna ekki viss um, að allshn. sjái ástæðu til að breyta frv. af þessum sökum, en hitt orkar meira tvímælis, hvort innanlandsferðir falla undir ákvæði frv., og gæti vel komið til mála, að n. athugaði það atriði frekar til 3. umr., ef málið yrði látið ganga áfram. Það hefir tíðkazt nokkuð á síðari árum, að menn fara í slík innanlandsferðalög á sumrin til þess að skemmta sér, og þá einkum héðan úr Reykjavík til Norðurlands, og væri ef til vill rétt að athuga nánar, hvort slíkt fellur undir ákvæði frv. — Annars mun ég ekki deila frekar um þetta mál en þegar er orðið.

ATKVGR.

Till. frá 1. landsk. (JónÞ) um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 8:4 atkv.

4. Vélgæzla á gufuskipum (frv. sjútvn. Nd.).

Á 38. fundi í Nd., 30. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um viðauka við l. nr. 14, 15. júní 1926, um breyt. á l. nr. 43, 3. nóv. 1915, um atvinnu við vélgæzlu á gufuskipum (þmfrv., A. 262).

Á 40., 41. og 45. fundi í Nd., 1., 2. og 7. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Guðbrandur Ísberg): Frv. þetta er flutt af meiri hl. sjútvn., en samið af skrifstofustjóranum í atvmrn., sem er manna kunnugastur því, hver nauðsyn hefir verið á því að veita undanþágur frá l. um atvinnu við vélgæzlu á gufuskipum undanfarin ár, vegna vöntunar á skólagengnum vélstjórum, og hvernig þessum undanþágum hefir verið háttað. Í frv. er lagt til, að þeir, sem hafa gegnt vélstjórastörfum í 5 ár eða lengur, án þess þó að hafa tekið próf, geti fengið endanlegt skírteini til að vera undirvélstjórar á fiskigufuskipum með minna en 900 hestafla vél eða yfirvélstjórar á gufuskipum með minna en 200 hestafla vél.

Það hefir komið fram í umr. um önnur frv., þar sem um hefir verið að ræða að veita einstökum mönnum undanþágur frá áðurnefndum lögum, hve mikill hörgull hefir verið á vélstjórum á gufuskip. Hefir að staðaldri allt til þessa orðið að veita slíkar undanþágur, til þess að fá nógu marga vélstjóra á skipaflotann. Liggja að vísu fyrir upplýsingar um það nú, að á næstunni muni rætast úr þessu, því að nú eru svo margir ungir menn á vélstjóraskólanum, að skólinn mun fara að fullnægja þessum þörfum. Hinsvegar er það þó mjög hart, ef þessum mönnum, sem gegnt hafa vélstjórastörfum um lengri eða skemmri tíma og hafa öðlazt þá leikni og þekkingu á þessum störfum, sem skólinn annars á að veita, verður bægt frá þeim með öllu, auk þess sem flestir þessir menn eru orðnir rosknir og ganga því fljótt úr skaftinu, en hinir yngri menn hafa tímann fyrir sér í þessu efni. Þá er og á það að líta, að ekki er ætlazt til, að þessir menn hljóti full vélstjóraréttindi skv. frv., en eru settir skör lægra en hinir, sem próf hafa tekið. Undanþáguheimild frv. er og útrunnin í árslok 1935, og er þessi takmörkun sett inn í frv. af n., sem taldi þetta hæfilegan tíma. En vel má vera, að þm. kjósi fremur að hafa um þetta aðra tímatakmörkun, og getur vafalaust orðið samkomulag um það atriði.

Þá gerir 2. gr. frv. ráð fyrir því, að ef menn, sem gegnt hafa vélstjórastörfum lengur en 3 ár, fara á vélstjóraskólann, sé heimilt að stytta smíðanámstíma þann, sem ella er krafizt í skólanum, þó svo, að smíðanámstími þeirra verði aldrei minni en 12 mánuðir.

Hingað til hefir sú verið venjan, að einstökum mönnum væri með sérstökum l. veitt vélstjóraréttindi, þó að þeir hafi ekki tekið tilætlað próf, en sú leið er miklu óheppilegri en að setja um þetta heildarlöggjöf um takmarkaðan tíma.

Ég hefi svo þessi orð ekki fleiri að svo stöddu, en vildi mega vænta þess, að hv. d. tæki þessu frv. vel.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Nd., 20. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11:5 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 13:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14:3 atkv.

Á 58. fundi í Nd., 23. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 60. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Frsm. (Guðbrandur Ísberg): Vegna þess, að það hafa komið mótmæli frá Vélstjórafélagi Íslands, sem útbýtt hefir verið í deildinni í dag, gegn því, að þetta frv. verði samþ., og sjútvn. hefir ennþá ekki getað tekið afstöðu til þeirra, leyfi ég mér að óska þess, að frv. verði tekið af dagskrá.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr.

Magnús Jónsson: Ég tók eftir því, að hæstv. forseti lýsti brtt. við frv. þetta. En þar sem ég, ásamt öðrum, flyt brtt. við frv., þykir mér óþægilegt að þurfa að ræða málið áður en þessar till. eru fram komnar og ljóst er orðið, út á hvað þær ganga. Vil ég því leyfa mér að leggja til, að málinu verði frestað.

Forseti (JörB): Samkv. ósk hv. 4. þm. Reykv. verður málinu frestað um stund.

Síðar á sama fundi var frv. tekið til meðferðar (A. 262, 516, 556).

Frsm. (Guðbrandur Ísberg): Síðan frv. þetta var til 2. umr. hér í d. hafa komið fram aths. við það frá mönnum utan þingsins, forstöðumönnum vátryggingarfélaganna, sem sjútvn. þótti rétt að taka til athugunar. Hefir hún því að nýju haldið fund um málið og samþ. einhuga að bera fram nokkrar brtt. við hið upprunalega frv., og er þær að finna á þskj. 556.

Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að menn, sem hafa vélstjóraréttindi eða bráðabirgðaskírteini til 5 ára eða lengur, geti fengið fullnaðarskírteini hjá lögreglustjórum landsins, sem veiti þeim takmörkuð vélstjóraréttindi til þess að vera yfirvélstjórar á skipum með 200 hestafla vél og undirvélstjórar á skipum með 900 hestafla vél. Hér gæti því verið um það að ræða, ef þetta yrði lögfest eins og það nú liggur fyrir, að þessum mönnum yrði í sumum tilfellum veitt meiri réttindi en þeir áður höfðu með undanþágunni, og í sumum tilfellum minni. Sjútvn. komst að þeirri niðurstöðu að athuguðu máli, að rétt væri að binda undanþáguna við þau réttindi, sem þeir hefðu haft og sem þeim hefði oftast eða alltaf beinlínis verið veitt með samþykki stjórnar vélstjórafélagsins.

Hvað 2. gr. snertir, þá er þar sérstakt atriði, þess efnis, að þeir menn, sem svo sé ástatt um og 1. gr. tiltekur, geti öðlast réttindi með því að stunda nám skemmri tíma en krafizt er af öðrum.

Brtt. hv. 4. þm. Reykv. á þskj. 516 gengur í sömu átt. Sú till. er fjarstæða sem brtt. við 1. gr., hún gæti ef til vill komið í stað 2. gr., og þá gæti komið fram það, sem fyrir hv. flm. vakir. Sjútvn. mun beita atkv. sínum gegn þessari till. sem brtt. við 1. gr., en vel er hugsanlegt, að hún greiddi atkv. með henni sem breyt. á 2. gr.

Það virðist svo, sem vélstjórafélagið leggi kapp á það að koma í veg fyrir, að þessir menn, sem gegnt hafa vélstjórastarfi með undanþágu, geti haldið því starfi áfram. Og þó hafa þessir undanþáguvélstjórar allir fengið atvinnu sína með samþykki þess félags. Alltaf þegar komið hefir til mála að fá hingað erlenda vélstjóra á íslenzk skip, hefir stjórn vélstjórafélagsins sett sig á móti því, en hinsvegar mælt með því, að kyndurum væri veitt undanþága til þess að gegna þessu starfi. Svona hafa þessar undanþágur orðið til. Nú vill vélstjórafélagið endilega henda þessum mönnum í land og setja aðra menn í stöðurnar. Ef þetta hefir verið tilgangurinn frá byrjun með því að varna útgerðarmönnum að taka erlenda kyndara, sem höfðu fulla þekkingu á þessu starfi, en taka í þess stað próflausa menn, til þess að geta rekið þá frá starfinu aftur, verð ég að telja, að það sé nokkuð kaldrifjuð stéttapólitík. Auðvitað mátti ganga að því vísu, hefðu erlendir vélstjórar ráðizt hingað, að þeir hefðu ílenzt hér, og sennilega fengið með tímanum íslenzkan ríkisborgararétt. Því hefir vélstjórafélagið sennilega séð sér leik á borði að mæla með, að flinkum kyndurum yrðu veittar undanþágur, því að þá hefir það alltaf þótzt hafa í hendi sér.

Það hefir verið bent á þá hættu, sem öryggi skipa og lífi sjómanna sé búin meðan notazt er við ólærða vélstjóra. Ef þetta var hættulaust meðan velja varð á milli lærðra erlendra vélstjóra og innlendra kyndara, þá skil ég ekki, að það sé hættumeira nú, þegar þessir menn hafa starfað sem vélstjórar í mörg ár. Ég sé ekki, að stjórn vélstjórafélagsins geti notað þessa grýlu um minnkað öryggi sjómanna og skipa sér til nokkurs gagns.

Þá hefir verið borin hér fram sú röksemd, að sanngjarnt væri að láta þá, sem hafa lagt í langt og erfitt nám í þessum fræðum, ganga fyrir. Þó að ég eða sjútvn. vilji á engan hátt rýra sanngjörn réttindi þessarar stéttar, held ég því fram, að þeir menn, sem gegnt hafa starfi þessu með

sóma í mörg ár, eigi líka réttindi, — þau réttindi að mega halda þessu starfi áfram, þó með þeim takmörkunum, að þeir hafi haft það með höndum í 2 ár.

Þá vil ég minnast á brtt. á þskj. 556. Eins og ég hefi tekið fram áður, hefði, ef frv. yrði samþ. eins og það nú liggur fyrir, í einstökum tilfellum verið hægt að veita vélstjórum með undanþágu meiri réttindi en þeir nú hafa. En með þessari breyt. er alveg fyrir þetta tekið. Ef vélstjóri, sem hefir gegnt vélstjórastarfi í 5 ár með undanþágu á sama skipi með t. d. 100 hestafla vél, þá getur hann fengið réttindi til vélstjórnar á gufuskipum með jafnstórri vél. Þetta er einfaldasta dæmið. En í langflestum tilfellum er því ekki þannig varið, að vélstjóri hafi verið á sama skipi og við vél af sömu stærð langan tíma. Þótti n. því ekki rétt að leggja til, að þessir menn skyldu fá þau réttindi sem vélstjórar, er þeir hefðu mest haft skv. bráðabirgðaskírteini, og leggur því til, að eigi verði frekari réttindi veitt undanþáguvélstjóra til vélstjórnar en hann getur sannað, að hann hafi haft samtals 2 ár samkv. bráðabirgðaskírteini. Þegar um slík ákvæði sem þessi er að ræða, getur oft risið ágreiningur, og því er gert ráð fyrir í frv., að lögreglustjóri afhendi skírteinið, þegar enginn vafi er á um réttindin, en rísi ágreiningur út af skilningi þessara ákvæða, skuli atvmrh. skera þar úr. Ég mun svo geyma frekari umr. þar til hv. 4. þm. Reykv. hefir mælt fyrir brtt. á þskj. 516.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Ég held, að þetta sé 3. frv., sem borið er fram á þessu þingi um þetta efni. Fyrst komu fram frv. sitt í hvorri deild um það, að veita einstökum mönnum vélstjóraréttindi, sem áður hafa gegnt því starfi með undanþágum. Sjútvn. þótti réttara að orða þetta í einu frv., og skal ég játa það, að svo framarlega sem á að veita einstökum mönnum þessi réttindi, verða aðrir að fá þau líka, sem eins stendur á fyrir. En spurningin er bara sú, hvort það sé heppilegt að veita slík réttindi. Ég hefi fengið skrá yfir þá menn, sem hafa fengið þessar undanþágur, og eru á henn nöfn 29 manna, sem hafa gegnt vélstjórastarfi misjafnlega lengi. Auk þess hafa 4 sótt um réttindi til þingsins í vetur, svo að það yrðu alls 33 menn, sem fengju áframhaldandi skírteini, ef frv. yrði að lögum. Eins og ákvæði frv. sýna, eru það allvíðtæk störf, sem ætlazt er til, að þessir menn fái fullan rétt til að taka að sér, en það er nokkuð takmarkað í brtt. sjútvn. Ég verð að líta á þessar brtt. sjútvn. þannig, að hún hafi nú sannfærzt um, að hér er ekki að ræða um eins einfalt mál og hún hélt í byrjun, og því sé hún nú komin á undanhald í málinu. Þó að þessir menn, sem hér um ræðir, hafi gegnt þessu starfi undanfarið, er með þessu verið að veita nýjum straumi inn í vélstjórastéttina, sem er líklegt að tefji fyrir þeim, sem hafa þreytt langt og erfitt nám í þessari grein, í atvinnuleit þeirra. Auðvitað er ekki hægt að lá þeim, sem nú eru í vélstjóraskólanum, þótt þeir séu óánægðir með það, að sumir geti tekið af sér þennan 7 ára krók, og fengið sömu réttindi þrátt fyrir það. Nú sem stendur eru 40 menn á leiðinni, þ. e. a. s. í vélstjóraskólanum. Alls tekur það um 7 ár að ná fullkomnum réttindum. Fyrst þurfa þeir að hafa verið 3—4 ár á verkstæði, svo 2 ár eingöngu við bóklegt nám í skólanum, og þar að auki að hafa siglt eitt ár sem kyndarar. Það er engin furða, þótt menn kjósi heldur að taka af sér þennan krók, ef hægt er að ná sama marki án hans; þetta er ekki svo lítill hluti af lífi manns, sem í þetta fer. Það væri óneitanlega þægilegra að fara til Alþ. og fá sér undanþágu; það er því engin furða, þótt allhörð mótmæli komi gegn þessu frv. einmitt frá þeim, sem nú eru að læra. En það er langt frá því, að andmæli gegn þessu frv. hafi komið frá þeim einum. Þótt menn vildu væna stjórn vélstjórafélagsins um það, að hún horfði blint á stéttarhagsmuni, þá vill nú svo vel til, að hér liggja fyrir mótmæli frá skipaskoðunarstjóra, hr. Ólafi Sveinssyni, frá Gísla Jónssyni skipaskoðunarmanni, og þar að auki frá vátryggingarfélögum hér í bæ. Mig langar til þess að gefa hv. þdm. hugmynd um efni þessara plagga, því að ég veit ekki, hverju á að trúa í þessu máli, ef ekki vitnisburði slíkra manna. Ólafur Sveinsson segir í bréfi sínu, eftir að hafa látið í ljós undr-

un sína yfir því, að slík frv. skuli koma fram:

„Alstaðar í heiminum er unnið að því að auka þekkingu þeirra manna á starfi sínu, er stunda siglingar, en hér virðist eiga að stiga stórt spor aftur á bak. Nýlega hafa verið haldnar alþjóðaráðstefnur í Lundúnum um öryggi mannslífa á sjónum, og einn þátturinn í ákvæðum Lundúnasamþykktarinnar er sá, að gæta þess, að skipin séu vel mönnum skipuð".

Eins og sjá má af þessu, er mikil áherzla lögð á það alstaðar meðal siglingaþjóða, að menn séu vel vaxnir starfi sínu. Og það þarf enga fagmenn til þess að sjá, að öryggi mannslífanna á sjónum er miklu minna, ef við vélstjórn er maður, sem ekki er starfi sínu vaxinn.

Gísli Jónsson skrifar langt mál um þessi frv. og leggur fastlega á móti því, að Alþ. slaki á núgildandi löggjöf um þetta efni. Hann lýsir afleiðingum undanþáganna:

„Menn, sem að mörgu leyti voru mjög efnilegir til vélstarfa, hópuðust að með undanþáguheimild í stað þess að ljúka námi, en samtímis stóð vélstjóraskólinn svo að segja tómur árum saman. — — — Þegar svo undanþáguheimildin var runnin út 1925, vorum við enn í sama öngþveitinu, og heimildina varð enn að framlengja. Aðsókn að skólanum vex í raun og veru ekki eðlilega fyrr en farið er að gera undanþágumönnunum erfiðara fyrir".

Ennfremur bendir Gísli Jónsson á eitt atriði, sem ágætt er að komi fram:

„Eins og yður er ljóst, hefir bæði Eimskipafélag Íslands og togaraeigendur gert sér mjög mikið far um að hafa sem allra kolasparastar vélar í skipum sínum, vegna hins háa kolaverðs, er við eigum við að búa. Til þess að þetta gefi sem allra beztan árangur, hafa á síðari tímum verið sett allskonar nýtízku kolasparanaðartæki í skipin. Tæki þessi koma þó ekki að notum sem skyldi, nema í höndum þeirra manna, sem með þau kunna að fara, en þar spara þau um 25% í eldsneyti, og er það miklu meira en svo, að landsmenn hafi ráð á að notfæra sér það ekki".

Þarna bendir hann á allverulegt atriði í þessu máli. Eftir því, sem vélarnar eru gerðar flóknari, því meira hagsmunamál er það fyrir útgerðarmenn að hafa við þær menn, sem kunna að notfæra sér til fullnustu öll nýtízku tæki. — Ennfremur segir hann:

„Þótt alveg sé litið í burt frá öryggi, sem farmenn eiga heimtingu á um gæzlu véla, og frá þeirri vernd, sem vélstjórastéttin á siðferðis- og lagalegan rétt á sem stétt, þá er það að mínu áliti ákaflega misráðið með tilliti til þjóðarbúskaparins að rýra að nokkru leyti þær kröfur, sem nú eru gerðar til undirbúnings vélstjórum. Reynslan hefir sýnt, að allar undanþágur á þessu sviði draga úr aðsókn að skólanum og skapa vöntun á hæfum mönnum, og að þjóðin hefir ekki ráð á að reka útgerðina á þeim grundvelli".

Þannig komast þessir tveir menn að orði, sem bezt skilyrði hafa til þess að dæma um þetta mál og ekki verður bent á annað en sé óvilhallir í þessu máli. Ennfremur hafa borizt andmæli gegn frv. frá vátryggingarfélögum hér í bæ, og finnst mér þær mótbárur vera einna alvarlegastar og ættu að vera þungar á metunum hvar sem er. Þar segir svo m. a.:

„Sérstaklega viljum vér taka það fram, með tilliti til þeirrar ábyrgðar, sem vér tökum á oss, að oss þykir mikið á því ríða, að þeir menn, sem vélum skipanna stjórna, hafi svo fullkomna bóklega og verklega menntun sem auðið er. Teljum vér það með öllu óhafandi, að menn, sem engrar menntunar hafa notið í þessari grein, fái heimild til vélstjórnar, meðan aðrir vinnast til. Fyrir þá sök mótmælum vér eindregið frv." o. s. frv. — — —„Vér getum þess, að vér þorum ekki að ábyrgjast nema samþykkt slíkra frumvarpa kunni að hafa óheppileg áhrif á vátryggingaiðgjöld íslenzkra skipa".

Þá vil ég ennfremur benda á það, að hæpið er að samþ. frv., sem kannske fara í bág við Lundúnasamþykktina. Í 4. gr. laganna um eftirlit með skipum og öryggi þeirra segir svo:

„Ennfremur getur ráðuneytið sett reglur um það, hvað til þess þurfi, að starfsmenn á skipum, aðrir en þeir, sem verða að fullnægja kröfum þeim, sem lögin um atvinnu við siglingu og vélgæzlu setja, geti fengið vottorð um að vera hæfir til starfa þeirra, er þeim eru ætluð".

Hér er gengið út frá því sem gefnu, að þessi lög um vélgæzlu verði haldin með fullum strangleik, og að setja þurfi sérstaka reglugerð um aðra en þá, sem falla undir þau lög. Ég tel því sennilegt, að þetta frv., sem nú er hér til umr., geti farið í bág við Lundúnasamþykktina.

Ég býst við, að það sé rétt hjá vátryggingarfélögunum, þegar þau benda á, að það sé mjög misráðið, og komi jafnvel í bága við samning þann, sem ég áður nefndi, að fara að veita stórum hóp manna, sem eru ómenntaðir í þessari grein, undanþágu frá lögmætum skilyrðum. — Ég vona, að menn taki það ekki svo, að ég sé að segja, að þessir menn hafi ekki getað stundað starf sitt vel, það hefir sjálfsagt orðið upp og ofan, eftir því sem verkast vildi, en það er engin trygging fyrir því, þegar menntunina vantar. Og það er eins með þessi störf og hver önnur vandasöm störf, að það er sjálfsagt að sýna þeim fullan sóma. En þó svo þessir menn hafi rækt störf sín vel, þá sannar það ekki, að þetta fyrirkomulag sé heppilegt, því menn vita, að þeir hefðu orðið enn meiri prýði sinnar stéttar, hefðu þeir haft sérmenntun, hefðu þeir allir numið til starfsins í byrjun.

Mér finnst, að eins og þau andmæli eru sterk, sem fram hafa komið, þá sé mjög erfitt að mótmæla þeim og viðurhlutamikið fyrir hv. Alþ. að samþ. slíkt frv. sem þetta. Og mér þykir dálítið undarlegt, að hv. sjútvn. skuli öll vera sammála um að flytja slíkt frv. Mér þykir ekkert einkennilegt, þó einstakir þm. beri fram svona mál, til þess geta legið margar ástæður og einkar skiljanlegar. En það er einkennilegt, þegar einmitt sú n., sem á að bera hag sjávarútvegsins fyrir brjósti, fer að bera fram frv. um að gera minni kröfur til einnar nauðsynlegustu stéttarinnar í þessari stóru atvinnugrein.

Eins og ég hefi áður getið um, hafa undanþágurnar stafað af því, að það hafa ekki verið til nógir menn til að taka starfið að sér, og það hafa ekki verið til nógu margir menn í stöðurnar af því, að undanþágurnar hafa verið til. Þetta hefir þannig verið hreinasta svikamylna, sem verið var að koma upp með lögunum frá 1915. En nú hefir litið út fyrir, og lítur út fyrir, að þessi svikamylna ætli að fara að hætta að verka. Í þessum skóla, sem um mörg ár var nærri að segja tómur, eru nú 40 menn, og eftir því, sem mér er tjáð, eru það alveg nægjanlega margir menn til að fylla þau skörð, sem nú eru, og það kemur því ekki til nokkurra mála, að hörgull verði á lærðum vélstjórum eftir að skólinn er búinn að koma upp svona mörgum lærðum vélstjórum. Ég hefi fengið skýrslu um, hvað til sé af lærðum vélstjórum og um vélstjóraþörfina. Sú skýrsla sýnir, að nú sem stendur er þörf fyrir 168 vélstjóra, en lærðir vélstjórar eru 168, eða jafnmargir. En þar frá má draga 15 menn, sem gegna störfum í landi. Það er þá það skarð, sem þarf að fylla með undanþágumönnum, en 14 menn útskrifast af skólanum í vor, svo að heita má, að í vor verði til nægilega margir lærðir vélstjórar í öll skiprúm. A. m. k. má segja, að það sé alveg komið í burðarliðinn að ná því marki, sem vitanlega ber að stefna að, að við höfum nægilega marga menn og varalið í þessari stétt til þess, að engin hætta sé á, að skipaeigendur þurfi að sæta dutlungum þeirra manna innan stéttarinnar, sem vilja setja sig á háan hest. Og ég er viss um, að ef ekki verða hafðar hendur á að eyðileggja starf skólans, þá verður innan fárra ára alveg eðlilegur fjöldi sérmenntaðra manna í þessari grein til í landinu. Og þá mundi það gera ljótan glundroða að fara nú að taka inn í þessa stétt stóran hóp ófaglærðra manna. Þessi þörf, sem var í raun og veru það eina, sem á sínum tíma réttlætti það að veita undanþágur, er nú að hverfa, en einmitt þá á að fara að fitja upp á nýjum lögum til að halda þessu vandræðaástandi áfram.

N. segir í grg. frv., að það sé alkunnugt, að vélstjóraskólinn hafi eigi útskrifað svo marga vélstjóra, að nægt hafi á fiskigufuskip landsins á undanförnum árum, en eins og ég hefi áður lýst, er eðlilegt, að undanþágurnar valdi þessu. Það er mjög eðlilegt, að menn séu ekki að leggja á sig að stunda dýrt og erfitt nám, sem þeir sjá, að aðrir geta sloppið við.

Þá vil ég minnast á eina ástæðu, sem hv. frsm. n. var að bera fram með frv., þá ástæðu, sem ég viðurkenni, að á nokkurn rétt á sér. Hann segir, að það sé kaldrifjuð stéttapólitík að taka hóp manna,

sem hafi unnið við þetta árum saman, og kasta þeim út á kaldan klakann — segja við þá: nú fáið þið ekki lengur að vinna við þetta; nú verðið þið að fara úr þessari atvinnu og taka annað lítilmótlegra starf. Það er alveg satt, ef þetta er sett fram á þennan kaldrifjaðasta hátt, þá má segja, að það líti illa út. En í raun og veru lítur þetta ekki eins illa út og í fljótu bragði virðist, ef það bara er athugað frá réttu sjónarmiði. Þessir menn hafa raunverulega haft þarna um 3 til 12 ára skeið stórkostleg og mikilsverð sérréttindi. Þeir eru ekki verr settir en þeir voru áður eða aðrir menn, sem gegna sömu störfum og þeir gegndu áður. Og þó þeir hafi haft þessi sérréttindi, hafa þeir vitað það frá upphafi, að þetta var bráðabirgðaráðstöfun og að hvenær sem ekki væri lengur þörf á að veita undanþágur, yrðu þær ekki veittar. Því það er engin heimild til þess, hvorki í l. frá 1915 né l. frá 1926, að veita þessar undanþágur lengur en meðan hörgull er á mönnum með fullum réttindum. Þeir hafa því alltaf vitað það, að þeir yrðu að fara úr þessu starfi. Sumir þessara manna hafa líka viðurkennt þetta, því eftir því, sem mér hefir verið tjáð, þá hafa sumir þeirra manna, sem hafa starfað að vélstjórn samkv. bráðabirgðaskírteinum, yfirgefið starf sitt í svip og gengið í vélstjóraskólann til að standa ekki uppi atvinnulausir, er þeim yrði kastað út á kaldan klakann. Þetta er heilbrigð aðferð. Það er ekki erfiðara fyrir þá að nema fyrir það, þó þeir hafi stundað þennan starfa fyrst, heldur þvert á móti léttara, alveg eins og það væri ekki erfiðara fyrir menn að nema t. d. til læknis eða prests, þó þeir hefðu gegnt þeim starfa um tíma. Það yrði náttúrlega miklu léttara. Það er ekkert annað, sem veldur því, að þessir menn hafa kveinað og kvartað um það ranglæti, sem þeir verði fyrir, en það, að þeir hafa sjálfir gert sér of miklar vonir um, að allt myndi halda áfram að vera eins og það hefir verið, af því að skólinn yrði þess aldrei umkominn að útskrifa svo marga menn sem þyrfti.

Þá vil ég minna á það, að vélstjórastaða er vel launað starf og veglegt. Þetta eru hvorki smáar né illa launaðar stöður. Og það eru miklir möguleikar fyrir menn að komast þar áfram — að fá allt af betra og betra starf og engin minnsta ástæða til sérstaklega að ívilna þeim mönnum um nám, sem taka að sér þetta starf. Skólagangan er að vísu nokkuð þung, en alls ekki óeðlilega erfið, og sízt, ef maður vill nú bera það saman við minna launuðu störfin, sem heimtuð eru kandidatspróf til. Tökum t. d. guðfræðingana; þeir þurfa að nema í 11—12 ár og fá svo þriðjung þeirra launa, sem vélstjórar fá. Engum dettur í hug að veita þeim undanþágu frá námi og prófi. Nei, þjóðfélagið má ekki gera sig sekt í þeirri vatnsgrautarmiskunnsemi að vera að ívilna um nám þeim mönnum, sem gegna vel launuðum, vandasömum stöðum, og leggja líf manna og eignir, sem eru miklar að verðmæti, í hættu fyrir það, að þeir vilja ekki eða koma því ekki við að stunda nám, þó nokkrir menn hafi komizt af með það um tíma. Út á þá braut má þjóðfélagið ekki ganga.

Til andsvara því, að þetta sé kaldrifjuð stéttapólitík af okkar hálfu, sem viljum ekki veita þessar undanþágur, gagnvart þessum mönnum, vil ég benda á það, að eftir brtt. okkar er þeim opnuð leið til þess, að þeir þurfi ekki að láta af starfi sínu. Till. gengur út á það, að þeir geti fengið inngöngu í vélgæzludeild vélstjóraskólans samkv. l. frá 1915, og að þessir menn geti þess vegna á fáeinum mánuðum aflað sér þeirrar sérmenntunar, sem þeir eiga að hafa, svo öll stéttin sé sérmenntuð. Nú má að vísu segja, hvað þá sé orðið úr öllum stóru orðunum um vel menntaða vélstjórastétt, ef þessir menn geti orðið fulllærðir á einum 7 mánuðum. En til þess er það að segja, að þessir menn hafa við vinnu sína um mjög mörg ár fengið svo mikla undirstöðu undir námið, móts við þá menn, sem koma nýir að náminu, að þeir ættu á þessum mánuðum að geta aflað sér þeirrar bóklegrar þekkingar, sem þeir þurfa til þess að geta talizt fullgildir menn í sínu starfi.

Viðvíkjandi brtt. hv. sjútvn. á þskj. 556 vil ég segja það, að hún er að vísu að því leyti til bóta frá því, sem er í frv., að hún dregur talsvert úr skaðsemd þess, en það er þó mjög langt frá því, að hún geri það nægjanlega. Ég hefi nú ekki séð hana

fyrr en ég stóð upp, svo ég hefi ekki haft mikinn tíma til að athuga hana. (Einhver: Henni var útbýtt í fundarbyrjun). Já, en þó hún sé komin fyrir nokkru, þá verð ég sem skrifari að vinna fullt verk, svo ég hefi sem sagt ekki séð hana fyrr en nú, að ég stóð upp. En mér virðist, að munurinn á henni og frv. sé ekki annar en sá, að skv. henni eru þau réttindi, sem hver maður fær, bundin við þau réttindi, sem hann hefir haft, og það starf, sem hann hefir unnið við. Þetta takmarkar auðvitað nokkuð áhrif frv. og einskorðar hvern einstakan mann, og er að því leyti til bóta, en hugsunin í brtt. og rundvallarreglan er þó sú, að inn í faglærða stétt kemur hópur 30—40 manna og getur setið þar fyrir þeim mönnum, sem brjótast í því að afla sér sérmenntunar. Og þetta er alveg rangt. Það er miklu réttara að samþ. brtt. okkar hv. 1. þm. Skagf. og samþm. míns, hv. 3. þm. Reykv. um, að menn þessir fái að taka nokkurra mánaða námsskeið, ljúka vélstjóraprófi, og geti svo komið glaðir og ánægðir inn í stéttina og notið með því móti sinna réttinda sem sérmenntaðir menn. Ég fyrir mitt leyti, ef ég gegndi slíku starfi sem þessu og það lægi fyrir mér að velja um, hvort ég vildi heldur fá undanþágu skv. brtt. n. eða skólaréttindi skv. þeirri till., sem ég ber fram, þá vildi ég miklu heldur reyna að klífa til þess þrítugan hamarinn að taka námskeiðið og koma svo sem vel séður og sérmenntaður maður meðal minna stéttarbræðra. Því þeir menn eru ávallt illa séðir, sem hafa fengið einhver forréttindi óverðskuldað. Ég vil því eindregið mæla með því, að brtt. okkar á þskj. 516 verði samþ., og get ég þá vel unað við frv. í þeirri mynd, þó það verði afgreitt.

Frsm. (Guðbrandur Ísberg): Það fer nú að vonum, þó að við, ég og hv. 4. þm. Reykv., verðum ekki sammála í þessu máli. En eitt atriði ættum við þó að geta orðið sammála um, sem sé það, að þetta mál þarf að leysa á einhvern hátt. Verði það ekki leyst nú á þann skynsamlega veg að samþ. frv. það, sem hér liggur fyrir, þá verður það tekið upp aftur á næsta þingi, og svo koll af kolli, unz það fær einhverja lausn, sem verður þá ef til vill lakari fyrir lærðu vélstjórana en þessi. Því þó hv. 4. þm. Reykv. tali máli vélstjórafélagsins, þá eiga undanþágumennirnir líka sinn rétt, sem aðrir þm. eru svo sanngjarnir að sjá og eiga að sjá.

Hv. 4. þm. Reykv. vildi gera mikið úr þeim mótmælum, sem komið hafa frá utanþingsmönnum gegn þessu frv.; sérstaklega vildi hann gera mikið úr bréfi, sem hann las upp úr, frá Ólafi Sveinssyni. Ég veit nú ekki betur en að þennan mann sérstaklega megi skoða sem fulltrúa vélstjórafélagsins, þó hann sé kannske ekki í stjórn þess, enda ummæli hans mjög einhliða og hlutdræg. Ég vil t. d. benda á það, sem hv. 4. þm. Reykv. las upp úr bréfinu, þar sem hann segir: „Hér virðist eiga að stiga stórt spor aftur á bak í öryggi í siglingum". Eins og ég benti á í fyrri ræðu minni, er alls ekki hér um slíkt að ræða. Hvernig fer nokkur maður að láta sér detta í hug að segja, að það sé verið að stíga spor aftur á bak, þó farið sé fram á, að mönnum, sem stundað hafa vélstjórastarf í 5 ár, sé leyft að halda því áfram — frá því, sem áður var, þegar kyndurum, sem aldrei höfðu farið með stjórn gufuvéla, var leyft að taka að sér vélstjórn.

Sama er að segja um mótmæli vátryggingarfélaganna, að á þeim er ekkert að byggja, af sömu ástæðu. Hafi þessi hætta ekki legið fyrir, þegar menn, sem aðeins höfðu verið kyndarar, gátu fengið að stjórna vél, þá liggur hún sannarlega ekki fyrir nú. Og hér er alls ekki um það að ræða að halda áfram að veita undanþágur, heldur einmitt að hætta því, þó þannig, að þeir menn, sem þegar hafa fengið undanþágur, fái áfram að hafa á hendi samskonar störf. Með það ættu allir aðilar að geta verið ánægðir, því það er fullkomlega hættulaust og réttmætt.

Hv. þm. var mjög fjölorður um það, að það væri óréttmætt að hleypa straum ómenntaðra manna inn í störf fagmanna eins og t. d. vélstjóra. Ég get alls ekki fallizt á, að þeir menn, sem um mjög langt árabil hafa verið kyndarar og skarað þar fram úr og síðan fengið vélstjóraréttindi með bráðabirgðaskírteinum, og eru búnir að stunda vélstjórastarfið í 5 ár, séu ómenntaðir í því starfi. Og ég get

varla skilið, að hv. 4. þm. Reykv. haldi þessu fram í alvöru, þó hann fleygi þessu svona fram í d.

Hv. þm. gat um, að tala þessara undanþágumanna mundi vera um 29. Mér satt að segja blöskrar þetta nú ekki, þegar þess er gætt, að það vantar einmitt þessa tölu til þess að til séu nægjanlega margir vélstjórar með prófi. Það er nú svo um hverja stétt sem er, að það ganga alltaf nokkrir menn úr, sem ekki stunda starfið af ýmsum ástæðum. Eftir reynslu annara þjóða mun það vera svo, að úr þessari stétt gangi um 30%, sem snúa sér að öðru eða ganga úr á annan hátt, og ég býst við, að hér á landi verði þetta svipað, því hér er um að ræða margar stöður í landi, sem menn þarf til með samskonar menntun, og það eru margir menn, sem heldur vilja vera á landi en sjó og hverfa því frá vélgæzlu á skipum. En þó að það væri fullskipað í öll rúm, þá eru í þessari stétt, eins og öðrum stéttum, menn, sem eru óheppilegir til starfsins, þó þeir hafi til þess tilskilda menntun. Og þess munu dæmi einmitt um vélstjóra, sem verið hafa á skipum, að það hafi komið fyrir, að þá hefir þurft að flytja um borð af ástæðum, sem ég vil ekki nefna hér, en menn mun renna grun í, hverjar hafi verið, og væri þeim mönnum bezt að komast sem fyrst í land fyrir fullt og allt. Auk þess gengur svo og svo mikið af vélstjórum úr á hverju ári, af ýmsum öðrum og eðlilegum ástæðum.

Hv. þm. minntist á það, að aðsóknin að vélstjóraskólanum væri miklu minni fyrir það, að til væri undanþágur fyrir vélstjóra, en samtímis talaði hv. þm. um það, að undanþágumönnum hefði verið það alla tíð ljóst, að þeir yrðu að hverfa frá starfi sínu strax og nógu margir skólagengnir vélstjórar yrðu til. En hvernig gátu þá undanþágurnar orðið hindrun fyrir því, að menn sæktu skólann, ef þeir gátu byggt á því, að hinir yrðu reknir í land strax og þeir kæmu út af skólanum? Nei, þeir gátu einmitt ekki byggt á þessu, m. a. af því, að það voru til fordæmi, sem bentu í þveröfuga átt. Ég vil t. d. benda á, að þegar lögin um skipstjórnarmenn voru sett, þá voru gerðar undanþágur um þá skipstjóra og stýrimenn, sem gegnt höfðu skipstjórnarstörfum til þess tíma, og þeim leyft að starfa áfram, þó þeir uppfylltu ekki menntunarskilyrði laganna. Hér er í raun og veru um nákvæmlega hliðstætt dæmi að ræða.

Hv. þm. þótti það undarlegt, að sjútvn. skyldi vera sammála um að leggja til, að frv. yrði samþ. Hv. þm. þarf ekki að finnast þetta undarlegt. Sjútvn. hefir ekki eins og hann tekið að sér að reka erindi stjórnar vélstjórafélagsins, heldur hefir hún athugað málið óhlutdrægt frá báðum hliðum og komið þá auga á það, að undanþágumennirnir áttu líka sinn rétt, sem skylt var að taka tillit til.

Hv. þm. lét sér sæma að tala um svikamylnu í þessu máli. Hann nefndi það svikamylnu, að gengið var út á þá braut, að veita vélstjórnarleyfi með undanþágu. Þetta gæti verið réttmætt, ef hann flytti ekki mál sitt í umboði þeirra, sem urðu þess valdandi, að þessi svikamylna varð til, með því að leggja á móti því, að fengnir væru hingað fagmenn frá öðrum löndum, og á þann hátt hafa sjálfir komið á stað þessari svikamylnu og sjálfir verða því að bera afleiðingarnar af því, að hún varð til.

Viðvíkjandi því, að knýja undanþágumennina til að setjast á skólabekkinn, þó þeir séu jafnvel komnir um fimmtugt eða yfir þann aldur, eins og þeir eru mjög margir, þá álít ég það allt of harða og ósanngjarna kröfu. Hinsvegar mun óhætt að ganga út frá, að nokkrir hinna yngri undanþágumanna láti sér ekki nægja þau takmörkuðu réttindi, sem þeir gætu öðlazt samkv. þessu frv., ef að lögum yrði, heldur mundu ganga á vélstjóraskólann. Er þá sanngjarnt að auðvelda þeim skólagönguna með því að gera minni kröfur til þeirra t. d. um smíðanám, og er einmitt gert ráð fyrir þessu í 2. gr. frv. Í þessu erum við, ég og hv. 4. þm. Reykv. á sömu skoðun. Aðeins get ég ekki fallizt á, að till. hans komi fram sem brtt. við 1. gr. frv. Um það getur ekki verið að ræða. Að öðru leyti get ég fallizt á að breyta 2. gr. eitthvað, og get gjarnan átt samninga við hv. þm. um það. Og jafnvel þó frv. yrði tekið út af dagskrá í þeim tilgangi, þá gæti ég fallizt á það, þó með því skilorði, að 1. gr. fengi að haldast óbreytt. Ég vil að síðustu

leyfa mér að undirstrika það, sem ég sagði í upphafi ræðu minnar, að þetta er mál, sem þarf að leysa, og ef það verður ekki gert á þessu þingi, þá verður það gert síðar. Því þó að stöku hv. þm. kunni að gleypa flugu hv. 4. þm. Reykv., þá hygg ég, að þeir við nánari athugun átti sig á því, að frv. er aðeins fram borið til þess að tryggja rétt þeirra manna, sem langan tíma hafa unnið að vélstjórn samkv. bráðabirgðaskírteini, tryggja það, að þeir verði ekki fyrirvaralaust reknir frá þeim störfum, sem þeir flestir eða allir hafa gegnt með mestu prýði. Á hinn bóginn er og í frv. tekið sanngjarnt tillit til skólagengnu vélstjóranna. Þeir einir hafa óskert réttindi og ganga því væntanlega fyrir í allar beztu stöðurnar. Og með frv. er tekið fyrir það með öllu, að veita megi undanþágur eftir árslok 1935.

Jón Ólafsson: Ég hafði ekki ætlað mér að taka til máls í þessu máli, en hv. 4. þm. Reykv. hagaði svo orðum í vörn sinni og upplestri, að ég get ekki hjá því komizt að taka til athugunar nokkur atriði úr ræðu hans. Ég skal fúslega viðurkenna það, að vélfræðingafélag Íslands á skilið viðurkenningu fyrir það, sem það hefir gert til þess að mennta stéttina og stuðla með því að meira öryggi í framtíðinni. Þetta menntunarstarf hefir gengið jöfnum skrefum í rétta átt, þó eins og upplýst hefir verið hér við umr. allt til þessa hafi þurft að nota undanþáguheimildina til þess að fá menn til að hlaupa í þau skörð, sem sérfræðingar voru ekki fyrir hendi til þess að fylla. Nú skildist mér á hv. 4. þm. Reykv., að þetta væru algerlega ómenntaðir menn, og þeir eru það auðvitað frá sjónarmiði þeirra manna, sem telja ekki menntun annað en það, sem lært er af bókum, en í reyndinni mun það vera svo, að þessir menn, sem í mörg ár hafa unnið þessi störf, þeir kunna svo vel til sinna verka, að hinir lærðu mega vara sig á þeim, og það getur meira að segja verið, að hinir ólærðu menn standi feti framar. Það liggur í augum uppi, að sá, sem lesið hefir á hina opnu bók, er að mörgu leyti færari en hinn, sem aðeins hefir setið á skólabekkjunum og enga æfingu hefir í því að fara með þá hluti, sem hann hefir verið að læra um. Ég get upplýst það, að fyrir 25 árum, þegar togaraútgerðin var að hlaupa hér af stokkunum, þá voru teknir 2 menn til þessa starfs, menn, sem enga bóklega menntun höfðu í þeirri grein. Annar var að vísu smiður. Nú er annar þessara manna vélstjóri á Óðni. Þessi maður hefir allan þennan tíma unnið sem vélstjóri, og hann hefir leyst sitt starf svo vel af hendi, að lærðir menn standa honum ekki framar. Hinn maðurinn, sem ég nefndi, hefir stundað sitt starf í 20 ár og þótt gefast allra manna bezt og hefir sérstakt lán fylgt honum og aldrei viljað til slys í starfi hans.

Þegar hér í hv. d. er verið að slá því fram, að mikil nauðsyn sé á að skipta um þessa menn til þess að varðveita öryggi mannslífa, þá get ég ekki að því gert, að mér verður að fara í huganum yfir þau slys, sem komið hafa fyrir vegna klaufaskapar eða vankunnáttu vélamannanna, og þá verður hjá mér sú niðurstaða, að slík slys séu a. m. k. ekki tíðari hjá þeim ólærðu heldur en hinum, sem lærðir eru.

Það, sem gaf mér tilefni til að minnast á þetta, var einmitt það, að þegar Ólafur Sveinsson vélaeftirlitsmaður ríkisins kom af skólanum og tók við sínu starfi, þá þótti kenna þess hjá honum, að hann skorti praktiska þekkingu á þessum efnum. Þó er sá maður vel lærður, skynsamur og mjög samvizkusamur, en þrátt fyrir það vantaði meira að segja svo færan mann það, sem margur ólærður átti. Ég er nú ekki að segja þetta til þess að mæla með ólærðum mönnum fram yfir lærða, heldur er ég að bera blak af þessum vel reyndu, ólærðu mönnum, sem taldir eru nú hættulegir lífi og skipum.

Viðvíkjandi erindi frá vátryggingarfélögunum, sem hér hefir verið minnzt í umr. um þetta mál, vildi ég minna þau heiðruðu félög á að líta á þau mál, sem liggja þeim nær en þetta mál, þar sem félagið hefir látið viðgangast ýms óafsakanleg klaufastrik skipstjóra athugasemdalaust og án þess að taka þar til sinna sjálfsögðu ráða um öryggi. Það hefði verið full ástæða fyrir vátryggingarfél. að sjá um, að slíkir menn misstu sín

réttindi. Ég ber ekki minnstu „respekt" fyrir slíkum mótmælum sem þeim, er komið hafa frá félögunum í þessu máli.

Hv. 4. þm. Reykv. komst að síðustu í hálfgerða mótsögn við sjálfan sig. Hann viðurkenndi það, að nú sem stendur vantaði 15 menn í þær vélstjórastöður, sem til eru, og að margir þeirra manna, sem vélstjóraskólinn útskrifaði, færu út í veður og vind. Þó taldi hann enga þörf á því að veita neinar undanþágur. Reynslan hefir nú verið sú, að undanþágurnar hafa verið nauðsynlegar, og það hefði oft sett útgerðina í hreinustu vandræði, ef til þeirra hefði ekki verið hægt að grípa.

Ég geri ráð fyrir, að þessi þraut með vélstjóravandræðin sé nú leyst. Nú eru nægilega margir lærðir menn á boðstólum, þar sem nú líka engin ný skip bætast við og engir vilja eiga eða gera út skip. En ég vil ekki leysa þetta mál á þann hátt að taka atvinnuna af þeim, sem hjálpuðu þegar ekki var völ á lærðum mönnum. Ég tel, að það eigi heldur miklu fremur að verðlauna þessa menn með því að leyfa þeim að halda áfram við sín störf. Þessir menn hafa margir gegnt starfinu í langan tíma, og það geta allir séð, að það er mörgum vandkvæðum bundið fyrir þessa menn að eiga að fara að setjast á skólabekk. Þeir eru margir eldri menn, sem hafa fyrir heimili og börnum að sjá, og það getur meira að segja verið vafasamt, að þeir hafi aðstöðu til þess að nota sér það námsleyfi, sem frv. gefur þeim. Þeir eiga líka margir hverjir annað skilið en að slíkt sé heimtað. Það getur meira að segja verið beinlínis illa gert, að slíkum mönnum sé bægt frá því starfi, sem þeir hafa um langan tíma stundað með fullkomlega góðum árangri.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um málið að þessu sinni. Ég kann bara afarilla við, að ráðizt sé á þá menn, sem reynzt hafa vel í sínu starfi, þó ekki séu þeir skólagengnir á því sviði. Ég vil svo að endingu endurtaka þá ósk, að sérfræðingarnir af vélstjóraskólanum reynist eins vel í starfi sínu og þeir, sem ekki hafa gengið á neinn skóla.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Ég vil fyrst snúa mér að því að svara hv. 1. þm. Rang. Hann sagðist standa upp til þess að bera blak af þeim mönnum, sem væru ólærðir, en gegnt hefðu þessu starfi lengi. Það fór fyrir hv. þm. eins og hlaut að fara, að hann barðist við sinn eiginn skugga í því efni. Það hefir ekkert verið við þessum mönnum blakað, svo ég yrði var við. (**JÓl**: Svo?). Ég hefi ekkert hnjóðsyrði sagt um þessa menn; hv. þm. er alveg óhætt að lesa ræðu mína upp á það. Ég þekki yfirleitt ekki þessa menn og ég veit ekkert, hverjir þeir eru. Ég sagði aðeins, að þeir væru ekki lærðir, eins og hv. þm. líka viðurkenndi með því að segja, að þeir hefðu ekki gengið á skóla. Ég viðurkenndi, að það gæti vel verið að þessir menn hefðu lært mikið verklega, en að því meiri skaði væri að því, að þeir hefðu ekki gengið á skóla og öðlast þar hina sérfræðilegu þekkingu. Það þarf því ekki að bera blak af þessum mönnum út af því, sem ég sagði eða mun segja. Ég byggði aðeins á þeim efnisgrundvelli í þessu máli, að það verður að tryggja það, að þeir, sem stunda þessi vandasömu og ábyrgðarmiklu störf, verði að stunda sitt nám og taka próf. Það finnast að sjálfsögðu einstöku hæfileikamenn og eins mestu vanmetaskepnur í báðum flokkum, bæði flokki þeirra sjálfmenntuðu og eins þeirra skólamenntuðu, en það þýðir ekkert að tala um það; það er ekki rétt að reikna með undantekningum. Hér verður að reikna með aðalreglunni. Hv. þm. færði fram rök á móti sérmenntuninni og hélt því fram, að margir ómenntaðir menn tækju fram þeim skólagengnu. En það var ekkert annað en gamla alþekkta skoðunin um það, að sérfræðin sé þýðingarlaus, vegna þess að ekki sé víst, að allir sérfræðingar séu betri en allir hinir ómenntuðu, m. ö. o. að það sé alveg óvíst, hvort menntunin sé nú svo nauðsynleg. Það þýðir svo sem ekki mikið að deila við þá, sem hafa þessa skoðun, en það verður ekki komizt hjá því að viðurkenna það, að hún er sorglega algeng. Hún er sorglega almenn þessi oftrú á náttúrugreind manna. Það eru margir menn til, sem telja, að hómopatar séu miklu betri en lærðir læknar, og það má sjálfsagt finna marga, sem taka einhvern ákveðinn hómopata fram yfir alla lærða lækna landsins, allt frá landlækni og niður að ó-

breyttum héraðslækni. Það má sjálfsagt fá fjölda af vitnisburðum frá sjúklingum, sem telja sig hafa fengið mikinn bata af meðulum og ráðum hómopatanna, þó að lærðu læknarnir hefðu ekkert getað hjálpað. Þetta álit er ákaflega ríkt í hugum margra, og það svo, að það er ekki á því alandi.

Mín afstaða til þessa máls er algerlega ópersónuleg; ég þekki ekki þessar stéttir persónulega. Ég trúi því, að í báðum séu margir nýtir menn, en ég er fullviss um það, að þeir, sem þekkinguna hafa, standa betur að vígi í starfinu og hafa meira til brunns að bera en hinir.

Hv. þm. sagði, að vélfræðingafélagið ætti gott skilið fyrir það starf að mennta sína stétt, en ég spyr, því þá að vera að blaka við því? Það er gert með því að veita undanþágur ólærðum mönnum og þrengja með því kosti hinna lærðu. Og ég veit eiginlega ekki, hvað hv. þm. er að þakka vélfræðingafélaginu, úr því hann þorir ekki að óska meira en þess, að hinir lærðu reynist jafnvel þeim ólærðu, ef hinir sérmenntuðu geta ekki orðið betri en það að verða jafnir hinum. Ég sé ekki, að hv. þm. hafi þá neina ástæðu til að vera að þakka þessum mönnum; ég held, að hann ætti miklu fremur að segja þeim að hafa skömm fyrir, ef nemendurnir verða ekki hæfari eftir námið en áður. Það er ekki þakkarvert að halda við kostnaðarsömum skóla, ef menn geta ekki verið sannfærðir um það, að nemendurnir séu færari í námsgreinunum eftir námið en þeir áður voru.

Hv. 1. þm. Rang. sagði, að ég hefði lokið svo minni síðustu ræðu, að ég hefði verið kominn í mótsögn við sjálfan mig, því að ég hefði viðurkennt, að það vantaði menn í þau vélstjórapláss, sem til væru, og ég gæti ekki útvegað þá menn. Ég veit nú ekki, hvaða skylda mér ber til þess að útvega þessa menn; ég held, að það geti nú ómögulega verið mitt hlutverk. En svo viðurkenndi hann, að nú væru einmitt að útskrifast nægilega margir menn í þessar stöður. Það er rétt. Þetta mál er einmitt í burðarliðnum, það er að leysast af sjálfu sér. Það eru um 40 menn á vélstjóraskólanum og það útskrifast þaðan um 20 menn á ári. Það er ómögulegt að sjá annað en að málið sé að komast í höfn, ef ekki eru gerðar ráðstafanir til að eyðileggja það með því að setja lög, er valda óánægju og skapa ranglæti gagnvart þessum mönnum, með því að gera þeirra fyrirhöfn óþarfa. Hv. þm. sagði, að það ætti ekki að refsa þeim, er með sæmd og prýði hefðu leyst af höndum sín störf, það ætti heldur að verðlauna þá. Það er alveg rétt, en þetta er einmitt gert með frv. Þar er heimtað, að nýir vélfræðingar þurfi að stunda 7 ára nám til þess að geta orðið vélstjórar, en gömlu vélstjórarnir eiga að sleppa með aðeins 7 mánaða nám. Og hv. þm. getur ekki neitað því, að talsvert margir menn, sem undanþágur hafa fengið, hafa eftir það friviljugir setzt á skólabekk, af því að þeir fundu, að það var þeim nauðsynlegt. Mér hefir verið tjáð, að rosknir menn, sem eiga konur og börn, hafi gert þetta. Ég þekki mann frá Ísafirði, sem hafði á sínum tíma tekið hið svokallaða minna próf og verið svo vélstjóri á smáskipum. Þegar hann var kominn yfir fimmtugt, fór hann á vélstjóraskólann og náði þar prófi til þess að hafa rétt til að stýra vélum á stærri skipum. Hann sagði mér, að hann hefði að vísu ekki verið liðugur að læra, en ég veit, að kennarar hans hafa kunnað að meta undirbúning þann, er hann hafði fengið, og tekið það til greina, að hann átti það til að bera, sem yngri nemendur höfðu ekki, og hafa því treyst sér til að sjá í gegnum fingur við hann, ef þess hefir þurft.

Mér þótti leiðinlegt að heyra ummæli hv. þm. Ak. um afstöðu mína til þessa máls, þar sem hann talaði um, að ég hefði verið fenginn til þess að reka erindi vélstjóranemendanna. Ég býst þó ekki við, að hann hafi viljað láta skilja það, að hann ætlaði, að ég hefði þegið mútur fyrir málflutninginn. (GÍ: Nei). En annars get ég sagt hv. þm. það, að mér þykir engin skömm að því að reka erindi annara, ef maður álítur það erindi réttlátt eða sanngjarnt, og ég er sannfærður um, að þetta er rétt mál. Mér þykir vænt um að geta sagt það, að ég hefi ekkert kynnzt þessum mönnum fyrr en nú; mín afstaða til málsins stafar því eingöngu af því, að það er yfirleitt mín skoðun, að sérmenntaðir menn séu hæfari en aðrir til þeirra starfa, er þeir hafa búið sig undir. Und-

antekningar frá þessu geta vitanlega verið til, en þetta er engu að síður aðalreglan og aðalstefnan að gera hverja stétt sérmennta í sínu fagi.

Hv. þm. fann að því, eð ég skyldi hafa notað orðið svikamylna, en þetta er ákaflega meinlaust orð; það þýðir aðeins það fyrirkomulag, er svo bindur sig sjálft, að það er erfitt eða ómögulegt að framkvæma það. En með þessu frv. er einmitt verið að skapa slíkt fyrirkomulag. Með því að halda áfram að veita undanþágur er verið að gera skólalærdóminn óþarfan, og af því leiðir eðlilega, að menn hætta að leggja þetta nám fyrir sig. En þegar menn eru hættir að ganga á vélstjóraskólann, þá leiðir af því, að það þarf að halda áfram að veita undanþágurnar. Það mætti kannske lagfæra þetta ákvæði um undanþágurnar með því að láta það aðeins gilda í eitt skipti, en ef undanþágurnar eiga að gilda áfram, þá leiðir það af þeim, að skólinn leggst í rústir.

Ég sé ástæðu til þess að leiðrétta ummæli hv. þm. Ak. um Ólaf Sveinsson. Það er rétt, að hann telur, að frv. sé spor aftur á bak, það sé afturför frá því, sem verið hefir, en að hann haldi þessu fram sem fulltrúi nemenda á vélstjóraskólanum og þess vegna sé ekki hægt að taka mikið tillit til álits hans, er vitanlega ekki frambærileg mótbára. En Ólafur Sveinsson hefir þá stöðu, að hennar vegna er eðlilegt, að meira tillit sé tekið til skoðana hans en margra annara.

Hv. þm. vildi menga vélstjórafélagið um, að það hefði á sínum tíma mælt með því, að þessar undanþágur væru veittar. Út af þessu vil ég fara nokkrum orðum um þetta atriði.

Þegar lögin frá 1915 um vélgæzlu voru sett, sem ákveða sérstök skilyrði fyrir því, að menn megi koma inn í þessa atvinnugrein, áleit ég, að ætti að fara varlega í því að útiloka þá menn, sem starfað höfðu fram að þeim tíma að þessu, af því að þetta eru menn, sem hafa komið þarna til hjálpar á neyðarinnar stund, eins og hv. 1. þm. Rang. komst að orði, og engin meining að ætla að útiloka þá, þar sem innlendum sérmenntuðum mönnum var ekki til að dreifa, þar eð sérmenntunar hafði ekki verið krafizt. Það er því eðlilegt, að vélstjórar hafi verið því meðmæltir í fyrstu, að mönnum, sem starfað höfðu að vélgæzlu, yrði veitt undanþága. En af því leiðir ekki, að þessir sömu menn séu ávallt bundnir við að mæla með slíkum undanþágum. Þegar búið er að starfa eftir þessu kerfi í h. u. b. 20 ár, ætti að mega vænta, að ekki sé lengur ástæða til að veita undanþágur. Í lögunum frá 1915 var ákveðið, að þessum undanþágum skyldi lokið árið 1925, og er það hæfilegur tími — 10 ár — til þess að koma upp sérmenntaðri stétt. Vegna þess hve undanþágurnar drógu úr aðsókn að náminu, voru gefin út sérstök lög 1926 um framlengingu á þessu. Vélstjórafélagið hefir þó, en mest með áhrifavaldi, fengið menn til að fara heldur þá leið að sérmenntast, og hefir komið því það langt, að í skólanum eru nú um 40 nemendur. Þegar þannig er komið, er hægt að loka gersamlega fyrir straumin og óþarfi að eiga á hættu, að svikamylnan, sem ég kallaði svo áðan — ekki í neinu ljótu, heldur svona til að skýra málið —, opnast aftur. Það er eðlilegt, að vélstjórafélagið mælti fyrst með undanþágunum, en síðan á móti, þegar komin er upp sérmenntuð stétt.

Hv. þm. talaði einnig lofsamlega um þá menn, sem starfað hafa með undanþágu, og ég tek undir það með honum, en hann gerði sig sekan, ekki beinlínis í rangfærslu, en einhverju líku, þegar hann sagði, að ég hefði sagt, að þeir væru alveg ómenntaðir. Ég veit ekkert um það. Það má vel vera, að þeir séu hámenntaðir, tali mörg tungumál og kunni bæði latínu og grísku. Ég sagði einungis, að þeir væru ekki **sérmenntaðir.** Og það var alveg hið sama og hv. 1. þm. Rang. sagði, að þeir hefðu orðið að starfa með undanþágu. Að öðru leyti sagði ég ekkert um þeirra menntunarástand. En þar sem þeir hafa ekki sérmenntun, er ekki rétt að veita þeim án nokkurs prófs að ganga að þessum störfum. Það er alveg sama og ef hv. þm. Ak. hugsaði sér, að einhver óskólagenginn maður færi að starfa á skrifstofu hjá einhverjum af lögmönnum landsins. Hann gæti sjálfsagt orðið nógu sniðugur í lögum og flutt mál. Og ef hann væri framúrskarandi, myndi hann verða betri en nokkur af lærðu lög-

fræðingunum. Þó efast ég um, að hv. þm. Ak. myndi vilja opna slíkum mönnum leið í sýslumanns- eða hæstaréttardómaraembætti, eða yfirleitt í embætti, sem sérmenntunar er krafizt til. Og það er af þeirri ástæðu, að við erum ekki færir um að rannsaka hjörtun og nýrun. Við verðum að setja einhver ytri skilyrði, sem verður að fullnægja, setja þau eins skynsamleg og unnt er, sem sýni, hvaða menn hafa þessa getu og hverjir ekki.

Þá sagði hv. þm., að það vantaði allt að því eins marga vélstjóra og þeir menn væru, sem hér er farið fram á að fái undanþágu. Ég las upp skýrslu hér áðan, sem sýnir, að vantar 15 menn. En undir eins í vor útskrifast 14 nýir. Svo framarlega sem þessir menn fá nú fullkomin skilyrði til að setjast í þessar stöður, þá eru liðlega 30 fram yfir stöðurnar. Og þeir, sem útskrifast nú ár eftir ár eftir fjögurra ára nám í vélstjóraskólanum, fá enga stöðu, af því að menn með bráðabirgðaskírteinum sitja fyrir í þeim. Hann lét svo um mælt, að til myndu vera óheppilegir menn í vélstjórastéttinni. Það efast ég ekkert um, að þar séu til, eins og annarsstaðar, misjafnir menn, og má vel vera, að stundum verði að flytja þá sem síðasta stykki um borð í skipin. Þess háttar kemur fyrir í öllum stéttum, og mér dettur ekki í hug, að menn, sem ganga í vélstjóraskólann, verði við það reglumenn að öllu leyti. En því er nauðsyn á, að fleiri menn séu til en stöðurnar, svo að hægt sé að velja úr. Óg því á ekki að gera gyllingar til þess að draga úr mönnum með að sækja skólann, heldur lofa honum fyrst um sinn að útskrifa e. t. v. fullmarga, til þess að úrval fáist. Hv. þm. sagði, að þetta þyrfti að leysast, en ef brtt. okkar yrðu samþ., yrði það leyst á þann hátt, sem okkur yrði e. t. v. ennþá ógeðfelldara. Málið er leyst. Það er komið nóg af faglærðum mönnum. Ég veit ekki, hvernig ástatt er með þá menn, er starfa nú með bráðabirgðaundanþágu. Ég býst við, að þeirra tími sé ekki alveg svo útrunninn, að þeir geti ekki starfað eitthvað enn þá og ekki látið vanta í neitt af þessum stöðum þangað til þeir menn, sem nú eru að útskrifast, eru komnir. Þetta mál verður áreiðanlega leyst á þann eina hátt að hlynna að sérmenntun þessara manna og koma það mörgum mönnum í skólann, að allir, sem skip hafa, geti haft sérmenntaða menn og valið úr þeim. Þetta er eina lausnin á málinu, og ég veit, að hv. andmælendur játa það. Hitt er ekki lausn. Það er einungis tilraun til þess að rugla málið dálitla stund, rugla það dálítið meira en við viljum gera, því að við erum nú ekki alveg lausir við að vilja rugla það, þar sem við viljum hleypa að mönnum með þessu stutta námi. Það þarf að vernda þessa stétt. En á hinn bóginn á að vernda þá menn, sem nú starfa með bráðabirgðaundanþágu, með því að gera þeim kleift að fá réttindin með tiltölulega lítilli fyrirhöfn. Skil ég ekki í öðru en að d. geti fallist á brtt. okkar.

Frsm. (Guðbrandur Ísberg): Í fyrri ræðu sinni hafði hv. 4. þm. Reykv. þau orð um vélstjóra, sem starfa með undanþágu, að þeir væru ómenntaðir. Þegar menn tala um menntun í sambandi við vélstjórn, þá eiga menn vitanlega við sérmenntun. Þetta hlýtur hv. þm. að skilja. Er því í rauninni enginn ágreiningur um þetta. Hann taldi það blátt áfram enga sérmenntun, fyrst þessir menn hefðu ekki gengið á skóla, þótt þeir hefðu verið 5 ár eða lengur við vélstjórn. Þó hafa þeir menn að vissu leyti fengið meiri menntun en þeir menn, sem gengið hafa í skólann og eiga eftir að fá hina praktisku reynslu. Hv. þm. lítur svo á, að ef þessum 29 mönnum yrðu veitt vélstjóraréttindi, ef þeir óskuðu þess, þá sé vissa fengin fyrir því, að aðsóknin að vélstjóraskólanum stöðvist að mestu. Nú er það svo með stýrimenn og skipstjóra, að sú stétt er þrefalt fjölmennari en hún strangt tekið þarf að vera, og þó virðist ekki vera neinn hörgull á, að menn gangi í stýrimannaskólann. Ég fæ ekki skilið það, að það séu í rauninni nokkur vandræði, þótt til séu fleiri menn en strangt tekið þarf í stöðurnar, vegna þess að alltaf ganga svo margir úr og innan hópsins, ef þröngur er, finnast ávallt óheppilegir menn, þótt hægt sé að nota þá um stund, af því að aðra vantar. Enn fremur minntist hv. þm. á, að vélstjóraspursmálið væri í rauninni leyst. En svo er ekki. Og það verður ekki leyst fyrr en þeim mönnum, sem veitt hafa verið vélstjóraréttindi með

bráðabirgðaskírteini, verður gert kleift að halda áfram starfi sínu. En þó að hér sé um 29 menn að ræða, er ekki víst, að allir óski að fá skírteini, þótt þeir gætu það. Má búast við, að margir af þeim reyndu að fara í skólann, ekki sízt ef þeir ættu kost á því, sem lagt er til í 2. gr. frv. og í till. hv. 4. þm. Reykv., og ef þeir að auki mættu eiga von á því, að kennararnir tækju sérstakt tillit til aldurs þeirra, ef þeir yrðu óliðugir við námið, eins og hv. þm. virtist telja sanngjarnt. Annars er það einkennilegt, að hv. 4. þm. Reykv. og aðrir þeir menn, sem fyrir því berjast að útiloka vélstjóra, sem starfað hafa með undanþágu, frá því að gegna áfram vélstjórastörfum, virðast líta svo á, að ef þeir fái skírteini, geti þeir bara gengið um borð í þau skip, sem þeir óska að vera á, og setzt þar að sem vélstjórar, án þess að nokkur geti við það ráðið. Ég get ekki séð annað en að útgerðarmenn og aðrir, sem um ráðningu sjá, ráði eftir sem áður, hvaða menn þeir taka, og óski þeir frekar að taka menn, sem gengið hafa á vélstjóraskólann, þá gera þeir það, en ef þeir trúa hinum eins vel, þá á þeim að vera mögulegt að nota þessa fáu menn á meðan þeir endast. Eins og ég tók fram áður, er hér um það að ræða að taka fyrir undanþáguveitingar framvegis. Við göngum að því leyti inn á afstöðu vélstjórafélagsins, að rétt sé að taka fyrir þetta í framtíðinni, en við viljum einungis undanskilja þá fáu menn, sem starfað hafa samkv. undanþágu. Og ég vil undirstrika það, hve geysitakmörkuð réttindi hér er farið fram á að veita þeim. Þau eru svo takmörkuð hvað suma þeirra snertir, að vafasamt er, að þeir hirði um að fá skírteini, þótt þeir ættu kost á því, heldur legðu á sig að fara í skólann til þess að fá frekari réttindi.

Að endingu vil ég taka það fram og undirstrika enn einu sinni, að þetta mál þarf að leysast, og þótt það kynni að verða drepið á þessu þingi, sem ég vona að verði ekki, þá verður það tekið upp aftur, alveg eins og þegar um það var að ræða að herða á þekkingarskilyrðum stýrimanna og skipstjóra; þá var tekið tillit til þeirra manna, sem höfðu haft réttindi til þess að stjórna skipum fram að þeim tíma, og þeir fengu að halda áfram, þótt þeir fullnægðu ekki þeim skilyrðum, sem krafizt var. Eins á það að vera hér. Um leið og tekið er fyrir undanþáguveitingar á að taka tillit til þeirra manna, sem hafa haft þessar undanþágur, og þeim verði að auki ívilnað um námið, sem er sjálfsagt, þar sem þeir hafa við starf sitt innt af hendi meginhluta þess.

Jón Ólafsson: Ég held að komnar séu nægilega langar umr. um þetta mál. Í 1. gr. frv. er svo ákveðið, að 1. vélstjóri, sem væntanlega er í vélstjórafélaginu, eigi að gefa þeim vottorð til þess að þeir geti fengið undanþágu frá þessari gr. Vegna þeirra vélstjóra, sem hér um ræðir og ég ber aðallega fyrir brjósti, tel ég sjálfsagt að fyrirbyggja, að þessir menn geti haldið áfram vélstjórastarfi til lengdar. En þó er ætlazt til þess í frv., að ef þessir menn fái vottorð ár frá ári frá vélstjórum, sem þeir hafa unnið með og verið hafa í vélstjórafélaginu, og sömuleiðis frá þeim skipstjórum, er þeir hafa siglt með, þá geti þeir fengið að starfa áfram. Ég get fullvissað hv. 4. þm. Reykv. um það, að þessir menn hafa innt af hendi töluvert starf áður en þeir urðu vélstjórar. Flestir munu vera búnir að vera 4—5 ár kyndarar á skipum og hafa kynnzt vélinni á sinni „vakt", svo að þeir eru alls ekki taldir þekkingarsnauðir, þegar þeir eru búnir að vera kyndarar, og þegar yfirvélstjóri, sem er í vélstjórafélaginu, gefur þeim vottorð, má gera ráð fyrir, að því megi treysta. Annars þótti mér vænt um það, að hv. 4. þm. Reykv. dró heldur inn seglin hvað fullyrðingar snertir um, að þessir menn væru sérstaklega hættulegir. Það kemur fram hjá hv. 4. þm. Reykv. og þeim öðrum, sem mæla gegn þessu frv., að bein lífshætta geti stafað af starfi þessara manna í vélinni. En hann sagðist ekki þekkja þessa menn. Það er rétt — hann þekkir þá ekki. Og þau ummæli, sem hann hafði, bera fullkomlega vott um það, að hann hefir ekki þekkt þá og lífsstarf þeirra, heldur haft það eftir öðrum, sem hann fór hér með. Ég held, að það sé röng og ill meðferð á þeim, sem um langt skeið hafa stundað þessa atvinnugrein og hvað eftir annað fengið undanþágu með meðmælum þeirra manna, sem ég hefi nefnt, að taka nú af

þeim þessi réttindi, þótt vélstjórafélaginu sýndist einn góðan veðurdag, að nú væri komið nóg af lærðum mönnum til að fylla öll rúm og þeir vilji ekki bæta við þann fjölda. En þeir eru ekki allir þau „autoritet", að ekki megi finna menn, sem standa þeim á sporði. Út úr vélstjóraskólanum hafa komið menn, sem eru algerlega óhafandi og hafa látið eftir sig vél í þeirri vanhirðu, að með engu móti er forsvaranlegt. Það er því ekki enn hægt að fá lærdómsmenn í hvert rúm, því að sumir skólamenn eru algerlega óbrúkandi í vélarúm. En manni, sem hefir undanþágu og siglt hefir mörg ár, er vel trúandi til að vera fyrsti maður í vél, þó ég vilji ekki mæla með því nema hvað smærri skip snertir. Ég er á því hreina með það, að ekki sé gerlegt að hlaða undir þessa menn að öðru leyti en því, að þeir geti haldið áfram að njóta þeirra réttinda, sem þeir nú hafa fengið, og síðan setja skorður við frekari undanþágum fyrir vélamenn, nema sérstakir erfiðleikar séu á því að fá fagmenn.

Hv. þm. talaði um, að þessir menn hefðu notið svo lengi sérréttinda, sem þeir hefðu ekki átt. Ég veit ekki, hvernig hann skilur þetta, en ég held, að þeir hafi unnið til þeirra. Og ef svo er, sem ég ekki efast um, þá hygg ég, að þeir hafi nokkurn rétt til þeirra sérréttinda, sem þeir hafa fengið. En ég vil endurtaka það, að gömlum mönnum þykir leitt að þurfa að fara í skóla. Þeim er erfitt um lestur ýmsra fræðibóka og að þurfa að taka próf í þeim. Hygg ég því, að eldri menn, sem búnir eru að starfa að þessu lengri tíma, myndu heldur hverfa frá sínu starfi en leggja sig niður við slíkt.

ATKVGR.

Brtt. 516,1 felld með 15:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HJ, HG, HV, IngB, JAJ, MJ, PO, StgrS, VJ.

nei: JJós, JÓl, JónasÞ, LH, MG, SvÓ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BÁ, BKr, GÍ, HStef, JörB.

Fjórir þm. (ÓTh, SvbH, TrÞ, EA) fjarstaddir.

Brtt. 556,a samþ. með 16 shlj. atkv.

— 556,b samþ. með 15 shlj. atkv.

— 516,2 tekin aftur.

Frv., svo breytt, samþ. með 14:8 atkv. og afgr. til Ed.

Á 63. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 566).

Á 65. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 66. fundi í Ed., 3. maí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Jón Baldvinsson: Þetta frv., sem hér liggur fyrir og komið er frá hv. Nd., hefir verið allmikið umþráttað mál, þar sem ýmsir hafa dregið í efa, að það væri rétt að láta þessa löggjöf ganga í gegn. Vélstjórar eru nú orðnir allt að því nógu margir svo að eigi þarf að veita undanþágur. Þeir hafa mælt á móti þessu frv., svo og ýmsir menn, sem hafa með þessa hluti að gera. Ég vil því víkja því til þeirrar n., sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar, að hún rannsaki þessa hluti. Það liggja hér fyrir frá vélstjórum ýmis plögg og umsagnir þeirra manna, sem mest hafa með það að gera, hvernig hagað er vinnu í vélum og skipum, og framkvæma þessa vinnu og hafa eftirlit með henni.

Ég er ekki alveg viss um, að það sé svo hagkvæmt að samþ. lög um þetta efni nú, þegar allt er alveg að fyllast af vélstjórum með réttindum, og mér virðist það vera spor aftur á bak, því í því felst að minnka þær kröfur, sem settar hafa verið í þessu efni, en þær eru í lögunum um vélgæzlu, og þar er heimtuð fullkomin þekking á starfinu, jafnvel þó þá væru fáir vélstjórar til. Það mætti því frekar gera þær kröfur nú, þegar búið er að setja upp vélstjóraskóla og búast má við, að nú þegar séu nægilega margir menn til með fullkominni þekkingu til að inna þetta starf af hendi.

Ég vil aðeins víkja þessu til þeirrar n., sem væntanlega fær málið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Ed., 26. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 566, n. 782).

Frsm. (Jakob Möller) [óyfirl.]: Nokkuð snemma á þingi var vísað til sjútvn. þessarar d. frv. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að veita nokkrum tilteknum mönnum skírteini til að mega stunda vélgæzlu á gufuskipum. Seinna var einnig vísað til hennar frv. frá hv. Nd. um að veita einum manni slíkt skírteini, og svo loks því frv., sem hér liggur fyrir og einnig er komið frá hv. Nd., um að veita þeim mönnum almennt, sem gegnt hafa vélstjórastörfum með undanþágum, réttindi til að stunda þá atvinnu áfram, ef þeir uppfylla viss skilyrði.

Undanþágurnar hafa verið veittar til tiltekins tíma, frá ári til árs, en frv. fer fram á, að þessum mönnum verði veitt óskoruð þau réttindi til vélstjórnar, sem þeir áður hafa fengið með undanþágum.

Nú hefir n. ekki getað fallizt á að samþ. þetta frv., né heldur hitt, að veita tilteknum mönnum vélstjóraréttindi með sérstökum lögum. Telur hún varhugavert að fara út á þá braut, jafnvel þó hún hafi ekki ástæðu til að efast um hæfileika þeirra manna, sem hér hefir sérstaklega verið farið fram á að veita skírteini. Fyrst og fremst eru bæði frv. um það flutt með skökkum forsendum. Flutningur þeirra er, eins og fram hefir komið í framsögu og grg., byggður á því, að á vetrarþinginu í fyrra hafi verið afgr. lög um að veita tilteknum manni vélstjóraréttindi. En sá maður hafði áður tvímælalaust löglegan rétt til vélstjórnar, því hann hafði vélstjóraskírteini frá öðru landi. Það hafa ekki þeir menn, sem farið hefir verið fram á á þessu þingi að veita vélstjóraréttindi, og er hér því ólíku saman að jafna.

Að þingið hinsvegar afgreiði lög um að svo að segja hver, sem eitthvað hefir fengizt við vélgæzlu, geti fengið vélstjóraskírteini, telur n. einnig mjög varhugavert. Álítur hún, að þá verði ekki haft það eftirlit, sem nauðsynlegt er, með því, að allir þeir, sem skírteini fá, séu færir um að gegna vélstjórastarfinu. Auðvitað er það aldrei nema ófullkomin sönnun fyrir því, að maður sé vel hæfur vélstjóri, þó þeir skipstjórar og vélstjórar, sem hann hefir starfað með, gefi honum meðmæli.

Auk þess hafa n. borizt eindregin mótmæli gegn því frv., sem hér liggur fyrir, ekki einungis frá vélstjórastéttinni, sem náttúrlega má segja, að ekki sé óhlutdrægur aðili í þessu máli, heldur einnig frá Sjóvátryggingarfélaginu og frá eftirlitsmanni með gufuvélum.

Hinsvegar er beinlínis gert ráð fyrir í lögum frá 1915, að komið verði á fót námskeiði við vélstjóraskólann fyrir þá menn, sem frv. fjallar um, þar sem þeir geta lokið prófi á tiltölulega skömmum tíma og með litlum tilkostnaði og fengið þar með rétt til þess að mega hafa á hendi stjórn smærri gufuvéla, allt að 200 ha. Telur n. nauðsynlegt, að komið verði á sem fyrst slíku námskeiði með minna prófi fyrir vélstjóra, því það hefir verið og mun verða örðugleikum bundið að fá fullærða vélstjóra á minnstu gufuskipin. Sé það gert, telur n., að þeir menn, sem stundað hafa vélstjórn með undanþágum, fái tækifæri til þess að afla sér þeirra réttinda, sem með frv. er farið fram á að veita þeim með sérstakri lagasetningu, án þess að fullkomið eftirlit sé með því, að þeir séu færir um að gegna starfinu. Þess vegna leggur n. til, að frv. verði vísað til stj. með þeim forsendum, að þessu umræddu námskeiði verði komið á fót hið bráðasta. Þannig er þessum mönnum, sem varið hafa tíma og fyrirhöfn til að koma sér inn í starfið, gefið tækifæri til að halda þessari atvinnu áfram án þess að nokkur hætta stafi af því fyrir siglingarnar.

Ég get bætt því við, að það hafa verið hafin afarsterk mótmæli gegn því, að almenn undanþága væri veitt. Það hefir verið bent á, að vélstjóraskólinn væri vel sóttur og innan skamms mundi verða nógur fjöldi lærðra manna handa öllum íslenzkum skipum, og hefir verið talið, að það mundi ef til vill hnekkja þroska vélstjórastéttarinnar, ef þar væru festir svo margir menn lítt lærðir, sem hér er farið fram á.

Bjarni Snæbjörnsson: Eins og hv. frsm. gat um, komu fram í byrjun þingsins frumvörp frá mér í Ed. og frá hv. þm. Ak. í Nd., þar sem farið var fram á að veita takmörkuð vélstjóraréttindi nokkrum mönnum, sem áður hafa haft vélstjóraréttindi með undanþágu. Þegar

þessi frv. komu fram, var töluvert reynt til þess af utanþingsmönnum að aftra framgangi þeirra í þinginu, og hefir þeim orðið það ágengt, að hvorugt þessara frv. hefir komið úr n. í þessari hv. d. Þegar sást fram á það, að þau mundu ekki ná fram að ganga, bar sjútvn. Nd. þetta frv. fram, og hefir það nú verið samþ. í Nd. Gagnvart þessu frv. hefir líka komið upp öflug mótstaða hinna sömu manna, og virðist nú hv. sjútvn. Ed. hafa um of látið blindast af fortölum þeirra, en tekið minna tillit til þeirra manna, sem réttindanna áttu að njóta og ekki hafa haft neinn öflugan félagsskap að baki sér til að koma sínum málum fram. Þessum mönnum á að hrinda út úr atvinnu sinni þrátt fyrir það, þótt þeir hafi verið hjálp gegn því, að útlendir vélstjórar ílentust hér. Þessir menn hafa engan aðila átt til að tala sínu máli hér, nema þá fáu þm., er gerðust til þess í Nd.

Því verður ekki á móti mælt, að þeir menn, sem um er að ræða í frv. því, er hér liggur fyrir, hafa innt mikið og gott starf af hendi. Og ég get ekki skilið, hvernig svo sem ég velti því fyrir mér, að hættan sé meiri í framtíðinni en hingað til hefir verið við það að láta þá gegna vélstjórn. Því hefir verið borið við, að svo margir nemendur væru nú í skólanum, að nægja mundi handa öllum flotanum. Það er það að vísu, ef allir eru taldir með, sem á skólann hafa gengið, en þar af hafa nokkrir horfið að öðrum störfum, og svo er það vitanlegt, að alltaf er misjafn sauður í mörgu fé, og þegar notast verður við hvern, sem til fæst, þá er alltaf hætta á, að menn verði ekki eins sómakærir og ella. Ég hefi oft heyrt um og orðið var við sorgleg dæmi þess arna. Það er aftur á móti gefinn hlutur, að enginn útgerðarmaður tekur próflausan mann fram yfir útlærðan vélstjóra, að öðru jöfnu. Það hefir mikið verið talað um, hve bókleg fræðsla væri nauðsynleg í þessari atvinnugrein. Ég skal síztur manna lasta bóklega fræðslu í þessu efni frekar en í öðrum greinum, en álit mitt hefir verið, að leikni í vélstjórn væri meir komin undir hagleik mannsins og praktiskri þekkingu heldur en bóklegri. Ég sé því ekki, að frv. þetta verði til þess að gera farmennsku ótryggari. Ég hygg, að undir ákvæði þess komist ekki aðrir en þeir, sem eru vel til þessa starfs fallnir. Þeir verða að hafa meðmæli skipstjóra og vélstjóra úr stéttarfélagi þeirra, er próf hafa í vélstjórn, og ætlast ég ekki til þess af slíkum mönnum, að þeir myndu gefa slík vottorð öðrum en þeim, sem stæðu mörgum prófmanninum fyllilega á sporði.

Mér virðist sjútvn. heldur hefði átt að koma með brtt. við frv. heldur en að afgr. það eins og hún hefir gert, auka t. d. kröfurnar, sem gerðar voru að skilyrði, m. a. með því að krefjast þess, að þeir hefðu verið lengur við vélstjórn heldur en frv. fer fram á. Það er gert ráð fyrir 5 árum í frv. En það er vitanlegt, að margir hafa unnið lengur við vélgæzlu, 10 ár eða meira. Þessir menn eru orðnir það fullorðnir og eiga margir fyrir allstórri fjölskyldu að sjá, eru því orðnir stirðir til náms og hafa ekki efni á að afla sér þeirrar bókl. þekkingar, sem krafizt er til prófs. Þótt þeir fengju einhverja nasasjón af bóklegu námi, eins og hv. sjútvn. virðist helzt aðhyllast, þá yrði það helbert kák, en yrði til þess að auka mönnunum vandræði, erfiðleika og kostnað og jafnframt baka ríkissjóði útgjöld. Enn er það, að þótt þeir gengju á þetta námskeið, þá fengju þeir einungis réttindi til vélstjórnar á smærri skipum, línuskipum og þesskonar. En það er vitanlegt, að rosknir menn þola verr slík skip en t. d. botnvörpunga, þar sem betri er aðbúð manna og loftræsting, og sé ég ekki, að meiri hætta sé á því að láta slíka menn hafa á höndum vélgæzlu á togurum undir umsjón prófaðra vélstjóra heldur en að hafa á hendi yfirumsjón véla á smærri skipum.

Ég vil því mælast til þess, að hv. þd. eins og Nd. samþ. frv., en láti það eiga sig að gera nokkra ályktun um þetta námskeið. Eftir þeim anda, sem fram kom hjá hv. frsm., má ætla, að það verði að litlum notum, sé þarflaust og baki ríkinu aukin útgjöld, en verði mönnunum til lítils þekkingarauka.

Frsm. (Jakob Möller) [óyfirl.]: Það má segja um alla skóla, að þeir séu til að auka erfiðleika manna og baka þeim útgjöld. En það má þá líka fylgja með, að

þeir veiti þekkingu. Það er vitanlegt, að áður urðu menn skipstjórar án þess að ganga á skóla, en þó þótti rétt að setja á stofn stýrimannaskólann og heimta af þeim þekkingu. Þar voru í byrjun mismunandi próf, er gerðu mismunandi kröfur til þekkingar manna og veittu mismunandi réttindi. Í lögunum um vélstjóraskólann frá 1915 er líka gert ráð fyrir, að þar verði tvennskonar próf, líkt og á sjómannaskólanum. Mér skilst, að hv. þm. telji helzt ekki þurfa neina skóla fyrir vélstjóra, og þótt þeir hafi á engan skóla gengið, telur hann þá jafnhæfa til að starfa á stórum skipum sem smáum. Hann gerir sér ekki að góðu, að þeir fái réttindi á smærri skipum, heldur líka þeim stærstu. Mér finnst hv. þm. vera nokkuð langt á eftir tímanum með þessa skoðun sína.

Ég ætla ekki að deila um það, hversu hæfir þessir menn eru til að gegna þessum störfum. Ég er sannfærður um, að sumir þeirra eru vel hæfir, en ekki allir. Hv. þm. fullyrti, að ekki mundu aðrir fá meðmæli en þeir, sem hæfir eru. Ég vona, að hann þekki samt lífið svo vel, að hann viti, að ýmsum tekst að hafa sér út vottorð, þótt skilyrði þeirra séu vafasöm. Þar kemur kunningsskapur og vensl til greina. Sannleikurinn er sá, að við nm. litum svo á, að þannig mundi kannske að einhverju leyti verða farið einmitt um þá menn, sem hv. þm. flutti frv. sitt um. Hinsvegar hafði n. fyrir sér eindregin mótmæli gegn slíkri afgreiðslu málsins. Í bréfi frá vátryggingarfélögunum er svo tekið til orða:

„Sérstaklega viljum vér taka það fram með tilliti til þeirrar ábyrgðar, sem vér tökum á oss, að oss þykir mikið á því ríða, að þeir menn, sem vélum skipanna stjórna, hafi svo fullkomna bóklega og verklega menntun sem auðið er. Teljum vér það með öllu óhafandi, að menn, sem engrar menntunar hafa notið í þessari grein, fái heimild til vélstjórnar, meðan aðrir vinnast til. — — Vér getum þess, að vér þorum ekki að ábyrgjast nema samþykkt slíkra frv. kunni að hafa óheppileg áhrif á vátryggingariðgjöld íslenzkra skipa".

Skipaskoðunarstjórinn segir: „Alstaðar í heiminum er unnið að því að auka þekkingu þeirra manna á starfi sínu, er stunda siglingar, en hér virðist eiga að stíga stórt spor aftur á bak. Nýlega hafa verið haldnar alþjóðaráðstefnur í Lundúnum um öryggi mannslífa á sjónum, og einn þátturinn í ákvæðum Lundúnasamþykktarinnar er sá, að gæta þess, að skipin séu vel mönnum skipuð".

Loks hefir eftirlitsmaður með gufuvélum, Gísli Jónsson, eindregið mælt á móti þessari lagasetningu. Gegn slíkum mótmælum hefir n. ekki treyst sér að ganga.

Þar sem n. leggur til, að komið verði á fót námskeiði samkv. 2. gr. l. 1915, þá er þar með ekki farið fram á annað en það, sem ætlazt var til í upphafi, að gert yrði. N. leggur því ekki neinn nýjan kostnað á ríkissjóðinn, en hún hefir komizt að raun um, að hjá þessum kostnaði yrði ekki komizt. Hvernig þessu yrði hagað, skal ég ekkert segja um. Um það hefir engin reglugerð verið sett, svo ég viti. En jafnvel þótt ekki yrðu miklar kröfur gerðar um námið, þá fengist þó dómur hæfra manna um þessa vélstjóra, í stað vottorða einhverra og einhverra, e. t. v. venzlamanna, samkv. frv. Í því liggur geysimunur.

N. heldur því fast við þá afstöðu sína, að ekki beri að flaustra þessu máli af á þennan hátt, heldur fara eftir því, sem gert var ráð fyrir í upphafi, og þessum mönnum gefinn kostur á að ganga undir minni háttar próf.

Umr. frestað.

Á 85. fundi í Ed., 27. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

Bjarni Snæbjörnsson: Það hlýtur að stafa af misskilningi hjá hv. frsm., er hann sagði við fyrri hl. þessarar umr., að ég væri að hafa á móti því, að vélstjóraskólinn væri til eða starfaði. (**JakM:** Vélgæzlunámskeið). Já, ég áleit þau þýðingarlaus fyrir þá menn, sem hér ræðir um, en ég hefi á engan hátt stuggað við skólanum, enda er ekki gert ráð fyrir, að þessir menn hafi rétt til vélgæzlu á stærri skipum nema sem undirmenn. En ég tók það skýrt fram og stend við það, að fáar stéttir eru eins bundar við verklega æfingu eins og einmitt vélstjórar,

og sú æfing er þeim jafnvel meira virði en bókleg þekking, enda veit ég, að annarsstaðar er svo litið á þetta mál. Frv., sem borið var fram á vetrarþinginu í fyrra, kom þessu frv. af stað. Þá var þess getið, að maður fær rétt til vélgæzlu í Noregi án þess að hafa gengið á nokkurn skóla þar. Þetta þótti leyfilegt þar, og úr því að slíkt þótti rétt hjá Norðmönnum, sem þurfa svo mjög á duglegum vélstjórum að halda, ætti það ekki síður að duga hjá okkur. Til frekari sönnunar skal ég geta þess, að fram hefir komið við umr. í Nd., að margir vélstjórarnir, sem byrjuðu á íslenzku togurunum, höfðu ekki skólanám. Einn þeirra var t. d. smiður áður en hann hóf vélgæzlu. Þetta sýnir, að „ólærðir" vélstjórar geta fyllilega staðið á sporði þeim, sem hafa bóklegt nám, en litla praktiska þekkingu.

Ég vil því ekki kannast við það, að afskipti mín af þessu máli hafi sýnt, að ég sé á eftir tímanum og móti menntun. Það, sem veldur afstöðu minni, er það, að mér finnst það hastarlegt að leika svo grátt þá menn, sem árum saman hafa gert útgerðinni og vélstjórum sjálfum ómetanlegt gagn, að bægja þeim með öllu frá atvinnu. Þess er að gæta, að hefðu þessir „ólærðu" vélstjórar ekki verið teknir, hefðu erlendir vélstjórar verið teknir í þeirra stað, sem hætt er við, að hefðu síðan ílenzt og haldið atvinnu fyrir skólagengnum vélstjórum síðar.

Það liggur í augum uppi, að vátryggingargjöld geta ekki hækkað frá því, sem nú er, þar sem vátryggingarfélögin hafa tekið þessa menn gilda hingað til. Þetta eru sömu mennirnir, og eftir því sem þeir eru lengur við vélstjórn, hlýtur þeim að fara fram.

Hv. frsm. gerði lítið úr vottorðum þeim, sem hver undanþágumaður yrði að fá hjá fullgildum vélstjóra til að fá vélgæzluréttindi. En úr því að hann gerir lítið úr vottorðum vélstjóra, sem þó hljóta að bera hag félags sins fyrir brjósti, hví leggur hann þá svo mikið upp úr vottorðum skipaskoðunarmannsins og vélaeftirlitsmannsins, sem báðir eru vélstjórar og geta því ekki verið óhlutdrægir. Auðvitað má allt rengja og vefengja, en alveg eins og ég held, að þessir menn hafi gefið vottorð eftir beztu vitund, svo ætla ég, að vélstjórar geri yfirleitt.

En þungamiðja málsins er sú, að harkalegt er að reka þessa menn frá starfi sínu án þess að bjóða þeim aðrar bætur en þær, að fara á vélstjóraskóla eða vélgæzlunámskeið, sem miklir meinbugir eru á, einkum fyrir gamla menn. Þetta eru einu launin, sem þeir eiga að fá fyrir gott og mikið starf.

Þótt vélstjórastétt vor nú sé vafalaust góð og margir prýðilegir menn innan stéttarinnar, þá er þó misjafn sauður í mörgu fé, og t. d. allmargir drykkfelldir menn innan stéttarinnar. Ég segi fyrir mig, að ég kysi heldur að sigla með gætnum vélstjóra með verklegri þekkingu, en bóklærðum manni, sem væri óstarfhæfur vegna drykkjuskapar. Vátryggingarfélög og eftirlitsmenn hafa ekki gert aths. um þessa menn, sjálfsagt af því að stéttin hefir verið svo fámenn, að alla hefir orðið að nota. En ef óprófuðum vélstjórum með nægilegri praktiskri þekkingu væri bætt við hana, mætti a. m. k. ætla, að drykkjumenn í stéttinni ræktu betur starf sitt en áður, er þeir vissu, að úr fleirum væri að velja. Auðvitað má svo þar að auki ganga út frá því, að ábyggilegir og góðir vélstjórar, sem tekið hafa próf, gangi jafnan fyrir þeim, sem próflausir eru.

Hv. frsm. sagði, að mismunandi próf væru á stýrimannaskólanum, minna og meira próf. Þetta er rétt, en þeir, sem ganga undir minni próf, hafa engin réttindi áður til skipstjórnar á smáskipum. En hér er um menn að ræða, sem hafa haft réttindi til vélgæzlu til ársins í ár. Þegar lögbundið var, að stýrimenn skyldu hafa próf, fengu gömlu skipstjórarnir á skútunum að halda áfram réttindum sínum.

Meðan lítið var um lækna lögðu margir í sveitum, sem læknishæfileikum voru gæddir, stund á lækningar í sveitum, þótt próflausir væru, og gerðu oft mikið gagn. Þessum mönnum hefir ekki verið meinað að halda áfram læknisstörfum, þótt læknir kæmi. Þingið hefir, seinast í þeim fjárl., sem afgr. voru að nokkru leyti hér í hv. d. um daginn, sýnt þetta sama, að ef það reynist erfitt

að ná í fólk til að starfa í vissum stéttum, þá sé sjálfsagt að styðja þá menn, sem vilja starfa í þeim stéttum, þó þeir séu í sjálfu sér ómenntaðir til starfsins, ef þeir bara hafa betri menntun til þess en almenningur, — og á ég þar við styrki í fjárl. til dýralækna.

Yfirleitt er það það eina, sem vakir fyrir mér, að mér hefði fundizt það réttara, að hv. sjútvn. hefði borið fram brtt. í þá átt að hækka kröfurnar til þessara manna, þannig, að þeir hefðu orðið að vera lengur við starfið en í 5 ár til að geta öðlazt þessi réttindi, því það hefði bæði gert það að verkum, að færri menn hefðu komið til greina, og þó aðallega hitt, að þeir menn, sem um mjög langan tíma hafa verið við vélgæzlu og orðnir eru ómögulegir til að setjast á skólabekkina, að mestu leyti, hefðu ekki þurft að hrökklast frá starfinu. En með þessu móti finnst mér hv. sjútvn. algerlega hafa brugðizt skyldu sinni, þar sem hún vill, að allir þessir menn séu alveg útilokaðir frá því að njóta nokkurra hlunninda, og er þeim þá illa launað með því að svipta þá þannig starfi, því þeir hafa þó óneitanlega gert afarmikið gagn fyrir okkur, einmitt á þeim tímum, þegar vandræðin voru mest í vélgæzlunni.

Ég vildi þess vegna mælast til þess við hv. þdm., að þessi till. hv. sjútvn. væri felld og frv. látið ganga til 3. umr., en svo væri hægt við 3. umr. að koma með brtt. í þá átt að fara inn á þrengra svið með undanþágurnar fyrir þessa menn, svo að þeir yrðu færri, sem fengju þessi réttindi. Brtt. gengju þá í þá átt, að það verði aðallega eldri menn, sem orðið er erfitt um að læra, bæði af því, að þeir eru orðnir stirðari til náms en áður, eða þá af því, að þeir eru orðnir stórir fjölskyldumenn, sem eiga erfiðara með að komast að heiman, og yrðu sennilega að fá lán til að halda upp heimilinu á meðan, sem fái þessa linkind, en að hinir yngri verði þá að komast í gegnum skólann til að fá þessi réttindi.

Guðrún Lárusdóttir: Mér skildist á ummælum hv. þm. Hafnf., að hann væri að láta í ljós undrun sína yfir því, að hv. sjútvn. skuli ekki hafa séð sér annað fært en að taka til greina mótmæli þau, sem hreyft hefir verið gegn þessu frv., bæði af vátryggingarfélögum og sérfræðingum í þessum efnum. Ég verð nú að segja það, að mig hefði furðað mjög á því, hefði hv. sjútvn. ekki tekið fullkomið tillit til þeirra manna, sem þekkja þessa hluti út í æsar, og auðvitað margfalt betur en nokkur þeirra manna, sem eiga sæti hér í þessari hv. d. Það þarf ekki að minna á annað en hvað stendur í bréfum um þetta efni, sem fyrir þinginu liggja; ég ætla ekki að fara að lesa upp úr þeim bréfum, því ég veit, að allir hv. þdm. vita, hvað í þeim stendur, og ég sé ekki annað en það sé fullkomlega alvarlegs efnis, sem taka beri til vandlegrar athugunar.

En aðalástæðan til þess, að ég stóð upp, var sú, að ég vildi benda á, hvernig nú er umhorfs á starfssviði vélstjóranna. Nú sem stendur eru þar 40 undanþágumenn, og þessir menn hafa starfað sem vélstjórar sem hér segir:

3	hafa	starfað	í	12	ár
1	hefir	—	-	10	—
2	hafa	—	-	9	—
4	—	—	-	8	—
2	—	—	-	7	—
3	—	—	-	6	—
8	—	—	-	5	—
4	—	—	-	4	—
4	—	—	-	3	— og
nokkrir	—	—	-	2	—.

Ég vil geta þess, að sumir þessara manna hafa þó ekki alltaf starfað á skipum, heldur einnig verið við vélgæzlustörf í landi.

Ef frv. þetta verður að lögum, fá þessir 40 menn allir vélstjóraréttindi, sem þýðir það, að það verður 40 mönnum fleira til að togast á um stöður, sem menn, sem gengið hafa á vélstjóraskólann, hafa lagt fé og tíma í sölurnar fyrir að undirbúa sig undir.

Það vita allir, að vélstjóranámið er erfitt nám. Það er nú fyrst og fremst 2 ára erfitt skólanám, og undirbúningurinn undir það er 3 ára járnsmíðanám, og allan þennan tíma eru nemendurnir ekki annað en ómagar, sem vinna sér ekki inn eina krónu. Nú er gert ráð fyrir því í lögunum frá 1915 að stofna deild við vélstjóraskólann, þar sem mönnum sé gefinn kostur á að taka minna próf, deild, þar sem ekki eru gerðar eins harðar kröfur

til þeirra, sem útskrifast þaðan, eins og gert er í aðaldeild skólans. Þar er gert ráð fyrir því, að menn geti tekið vélgæzlupróf, sem veitir þeim rétt til vélstjórnar á skipum, sem hafa fyrir neðan 200 hestafla vél, eins og t. d. á línuskipum og öðrum minni skipum. Þessi deild hefir enn ekki verið stofnuð, líklega vegna þess, að skólinn hefir átt við mjög þröng húsakynni að búa. Það voru ekki tiltök að bæta við í skólann stórum hópi manna, sem vafalaust mundi koma til námsins, ef þessi deild yrði sett á stofn. Einnig mun skólinn hafa of lítið fé til að bæta þessari deild við. Þá leyfir húsrúm skólans heldur ekki þær mörgu og rúmfreku vélar, sem með þyrfti í slíkri deild.

Ég vildi mega skjóta því hér inn í, að fjárveitingavaldinu virðist hafa verið mjög mislagðar hendur um fjárveitingar til sjómannastéttarinnar í samanburði við landbúnaðarskólana. Þeir hafa verið látnir sitja fyrir um fjárveitingar, en skólar sjómannanna hafa aftur setið á hakanum. Þetta finnst mér alls ekki eiga við né vera forsvaranlegt, sízt þegar þess er gætt, hvers virði störf sjómannastéttarinnar eru fyrir landið.

Í vélstjóraskólanum eru vélstjóraefnin sett til góðra mennta, og vélstjórastéttin setur mark sitt hátt; hún ætlar sér ekki að standa að baki öðrum stéttum í þjóðfélaginu. Í skólanum er kennd íslenzka, danska, enska, vélfræði, stærðfræði, aflfræði, mikil teikning og mikil hirðing gufuvéla. Ég held, að það megi segja, að það sé öruggt, að í engum skóla hérlendum sé kenndur eins mikill reikningur á jafnstuttum tíma og í vélstjóraskólanum. Og ég veit, að námið í vélstjóraskólanum er mjög erfitt, sökum þess mikla reikningsnáms, sérstaklega fyrir þá menn, sem ekki eru upplagðir fyrir stærðfræði. Auk þessa náms verða þessir menn svo að nema járnsmíði í 3 ár og sigla sem kyndarar í 12 mánuði, og samt fá þeir ekki að verða vélstjórar á skipum með meira en 200 hestafla vél fyrr en þeir eru búnir að vera í 2 eða 3 ár undirvélstjórar. Þetta er í stuttu máli sá undirbúningur, sem þessir menn verða að hafa áður en þeir geta orðið vélstjórar, og má af þessu sjá, að það er ekkert smáræði, sem þeir þurfa að leggja á sig. Og það sýnir, að það er allt reynt til þess af hálfu hins opinbera, að í þessar stöður veljist ekki aðrir en þeir, sem hafa næga þekkingu til að takast svo vandasöm og ábyrgðarmikil störf á hendur sem vélstjórn óneitanlega er.

Þegar nú þess er gætt, að skólanámið er allörðugt og kostnaður við það mikill, en hinsvegar hefir legið opin leið til að fá undanþágu og þar með vel launaða stöðu, þá er það ekki að undra, þó aðsókn að vélstjóraskólanum hafi verið fremur lítil á undanförnum árum, eða a. m. k. ekki svo mikil, að nægjanlegt framboð hafi verið af vélstjórum í þær lausar stöður, sem verið hafa á íslenzkum skipum.

En þetta er nú að breytast. Nú sem stendur eru til 181 vélstjóri með fullum vélstjóraréttindum, og eru þeir langflestir útskrifaðir af vélstjóraskólanum, en fáeinir eru þó eldri. Af þeim gegna 15 öðrum störfum í landi. — Ég skal geta þess, að sumir af þessum undanþágumönnum, þeir, sem eru duglegir og vilja afla sér menntunar til starfsins, til að standa jafnfætis sínum stéttarbræðrum, hafa þegar sótt um inntöku í vélstjóraskólann; þar af eru í eldri deild skólans 2, annar, sem siglt hefir í 8 ár með undanþágu, og hinn 4 ár; þeir eru báðir yfir þrítugt og hafa þó báðir lagt það á sig að sækja um upptöku í skólann og læra það, sem til starfsins þarf, og þykir það hentugra en að öðlast ef til vill réttindi á annan hátt. Þessi dugnaður er virðingarverður, og ólíkt virðingarverðari en sá hugsunarháttur, sem því miður hefir borið nokkuð á hjá ungum mönnum undanfarið og lýsa má á þessa leið: Hvers vegna eigum við að vera að fara í skólann, þegar við getum unnið okkur upp í góða lífsstöðu, þó við förum ekki í skólann, með því að vera kyndarar í nokkur ár, og biðja svo Alþ. um að veita okkur undanþágu?

Að vori útskrifast úr vélstjóraskólanum 24 menn, svo að nú þegar eru ekki nógu margar vélstjórastöður til fyrir menn með fullum réttindum, þó ekki bætist þessir 40 undanþágumenn við. Fyrir vélstjóra eru nú til hér á landi þessar stöður:

Hjá Eimskipafélagi Íslands á 6 skipum 20 vélstj.stöður

Vélgæzla á gufuskipum (frv. sjútvn. Nd.).

Hjá Ríkisskip á 5 skipum	14	vélstj.stöður
Á „Suðurlandi"	2	—
– „Vesturlandi"	2	—
– 38 togurum	76	—
– 27 línugufuskipum	54	—
– 2 öðrum vélskipum	3	—

Hér er því um samtals 171 vélstj.stöður að ræða. Ég vil þó geta þess, að síðari hluta vetrar unnu aðeins 3 eða 4 undanþágumenn á togurunum, og í vor var ekki eftir þar nema 1. Hinir voru annaðhvort vélstjórar á línubátum eða kyndarar á stærri skipum. Þetta er greinileg bending um það, að útgerðarmenn munu heldur vilja lærðu mennina á skip sín en undanþágumennina, og er það engin furða, þegar þess er gætt, hvað í húfi er, þó það sé annars síður en svo, að ég vilji á nokkurn hátt lasta undanþágumennina né væna þá um ódugnað.

Það er harla skiljanlegt, að vélstjórafélagið hafi sent kröftug mótmæli gegn þessu frv. Mér finnst það mjög eðlilegt, að þeir menn, sem búnir eru að kosta miklu fé, fyrirhöfn og tíma til náms, til að fullnægja þeim skilyrðum, sem þarf til að fá ákveðin réttindi og stöðu, taki ekki þegjandi við því, heldur komi fram með fullri einurð og alvöru, þegar á að veita stórum hópi manna sömu réttindi án þess að þeir menn hafi lagt nokkuð í sölurnar annað en vinnu, sem þeir hafa fengið fullborgaða með fyllsta kaupi. Ég er líka hrædd um, ef þetta frv. verður að lögum, þá sé þessum mönnum þar með teflt út í þá atvinnubaráttu, sem þjóðinni væri betra að vera laus við.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. Hafnf. var að tala um drykkjuskap vélstjóra, — mér heyrðist hann leggja áherzlu á „öryggisleysi", sem stafaði af honum —, þá verð ég nú að segja það, að ég hefi aldrei heyrt því haldið fram, að vélstjórarnir væru svo sérstaklega illa farnir í því efni, að gera þyrfti sérstakar ráðstafanir þess vegna, eða að það sé ástæða til þess að gera það að umtalsefni hér. En auðvitað má ganga út frá því sem vísu, þar sem um jafnfjölmenna stétt er að ræða, að það kunni að vera einhverjir, sem ekki gæta ætíð til fulls strängustu takmarka í þeim efnum. Það væri ekkert að undra, þó það væru einhverjir, sem færu út fyrir þau, í svo fjölmennri stétt. En annars hygg ég, að þessi stétt sé yfirleitt fremur varkár í þessu efni, sem betur fer.

Ég held, að það spor, sem stiga á með þessu frv., sé alveg þversumspor við þann anda, sem annars ríkir í þjóðfélaginu. Þau eru ekki fá frv., sem legið hafa fyrir þinginu að þessu sinni og ganga alveg í þveröfuga átt við þetta frv. Er þar skemmst að minnast læknafrv. Þar var ekki verið að víkka hringinn, sem er um læknana. Þar var þvert á móti verið að takmarka hann, þrengja hann meira. Þar var verið að sporna við því, að þeir menn, sem ekki hefðu nægjanlega þekkingu til að bera, gætu gripið inn í verkahring hinna, sem öðlazt hafa sérstök réttindi sökum þekkingar sinnar. Ég er hrædd um, að hv. þm. Hafnf. mundi fátt um finnast, ef á spítala, sem hann starfaði við, ætti að demba inn lítt lærðum læknum eða mönnum, sem ekki hefðu til brunns að bera fullkomna menntun eða þekkingu á starfinu, og það væri alveg eðlilegt, því það þarf óneitanlega mikla þekkingu til að gegna læknisstörfum. Og það sama á sér stað hér; það er þörf mikillar þekkingar til þess að starfinu sé borgið. Ég veit, að sú þekking getur verið góð, sem maður hneigður fyrir starfið getur komizt yfir með margra ára reynslu og vinnu. En ég fullyrði, að sú þekking sé betri, sem grundvölluð er á tilsögn og námi, sem menn fá í skólum, þar sem gætnir og samvizkusamir kennarar kenna undirstöðuatriðin.

Það eina, sem ég tel vera sanngjarnt í þessu frv., er 2. gr. frv. Ég álít það vera sanngjarnt að leyfa þeim mönnum, sem hafa verið við þetta starf og gegnt því til margra ára, inngöngu í vélgæzludeild, eins og talað er um í frvgr., ef þeir vilja vinna það til að sækja námskeið í vélfræði og ljúka þar prófi, svo að þeir geti á löglegan hátt öðlazt þau sérréttindi, sem því fylgja að hafa lokið þar prófi. Og þó menn vilji gera lítið úr slíku námskeiði fyrirfram, þá finnst mér það alls ekki hæfilegt, því ég býst við, að þeir hafi enga ástæðu til að ætla, að skólastjóri vélstjóraskólans sé ekki fullfær um að sjá til þess, að til slíks námskeiðs verði

vel vandað, enda hefir hann þegar sýnt það í verkinu, að hann er slíku starfi fyllilega vaxinn.

Ég skal svo ekki tala fleira um afstöðu mína til málsins að sinni. Mér finnst það mjög athugavert að samþ. þetta frv. og hika því ekki við að fylgja þeirri till., sem n. hefir stungið upp á. Og ég hygg, að þeir menn, sem ekki vilja sæta þeim kjörum, sem 2. gr. frv. býður upp á, vilji lítið til þess vinna að tryggja sér verulega lífvænlega og góða stöðu.

Bjarni Snæbjörnsson: Mér þykir mjög leiðinlegt, að hv. þm. skuli ekki hafa tekið rétt eftir því, sem ég sagði í minni ræðu. Hún sagði, að ég hefði sagt, að vélstjórastéttin væri yfirleitt óreglusöm stétt. Þetta hefi ég aldrei sagt. Ég hafði um þetta nákvæmlega sömu orð og hv. þm. Ég sagði, að þó í þessari stétt væru margir prýðilegir menn, þá væri það vitaskuld, að innan svo fjölmennrar stéttar væri misjafn sauður í mörgu fé. Þetta er nákvæmlega það sama og hv. þm. sagði og ég skrifaði hér niður eftir henni. Hún sagði, að það væri ekki að undra, þó að í svo fjölmennri stétt fyndust drykkfelldir menn innan um. Þetta er nákvæmlega það sama.

Það má nú segja það, að hv. þm. hafi aflað sér mikils fróðleiks um vélstjórana, þó ég verði hinsvegar að segja, að sá fróðleikur er ekki allur sannleikanum samkvæmur, t. d. ekki það, sem hún sagði, að í vetur hefði ekki verið nema 1 undanþágumaður, því t. d. bara í Hafnarfirði voru þeir nú 2. (GL: Ég sagði 3 eða 4). Já 3 eða 4 í fyrra, en 2 í vetur. (GL: Nei, 3 eða 4 í vetur, en 1 í vor. Ég vona að skrifararnir hafi farið rétt með tölurnar).

Það er hart að láta þessa menn, sem unnið hafa útgerðarmönnum og þjóðinni stórmikið gagn, og vélstjórum líka, þegar ekki fengust neinir lærðir vélstjórar á skipin, engra hlunninda njóta, heldur henda þeim burt frá atvinnu sinni. Því það er það, sem gert er, þegar þeir verða annaðhvort að hætta eða ganga á skóla, sem margir þeirra eru orðnir alófærir til, ýmist sakir aldurs eða ómegðar, eða hvorstveggja.

Hitt, að fara að setja upp sérstakt vélanámsskeið fyrir þessa menn og láta þá vera þar og taka málamyndapróf, það álít ég einskis virði fyrir þá. Það, sem hv. 6. landsk. skýrði hér frá um námsgreinar vélstjóraskólans, sýnir, að með öllum þeim reikningi, sem þar er kenndur, eru þessir menn ekkert bættari, hvort sem þeir fá 6 mánaða reikningskennslu eða ekki, eða a. m. k. sáralítið betur settir fyrir þá stærðfræði, sem þeir læra á 6 mánuðum, sérstaklega þó sá maður, sem er orðinn stirður til náms af því, hvað hann er orðinn gamall. Og sama er að segja um málakennsluna og gagnið af henni.

Það eina, sem er gagn að fyrir þessa menn og ég hefði viljað, að hv. sjútvn. hefði lagt til og ég fer nú fram á, er að samþ. þetta frv. En þó sú breyt. yrði gerð á frv. við 3. umr. að takmarka það meira, þannig að þetta 5 ára skilyrði yrði hækkað, t. d. í 10 ár, og þannig fækkað þeim mönnum, sem lögin tækju til, þá álít ég, að það væri þó mjög mikil bót að þeim lögum, því að undir þau kæmu þá þeir menn, sem versta aðstöðuna hafa til þess að geta lært, en hafa bezta þekkingu til að bera af undanþágumönnunum.

Hvað viðvíkur því, sem hv. þm. sagði um læknana, þá er það nákvæmlega sami misskilningurinn, sem þar kom fram hjá hv. þm., eins og kom fram í ræðu hennar áður, eins og t. d. það, að það mætti ætlast til, að ég leyfði að demba, eins og hún orðaði það, ómenntuðum læknum inn í spítala og láta þá fara að lækna sjúklingana. Þetta er ekki sambærilegt við þetta frv., af því að þessir undanþágumenn eru ekki ómenntaðir menn í sínu starfi, heldur hafa einmitt mjög mikla þekkingu á því. Og í læknafrv. vonast ég til, að ekki sé hægt að benda á annað en að öllum, sem höfðu fengið réttindi til einhvers, hafi verið leyft að halda þeim; t. d. allir menn með takmörkuðu lækningaleyfi, svo sem nuddarar og hómopatar, fengu að starfa að slíkum hlutum áfram jafnt og þeir höfðu áður réttindi til. Og í þessu frv. er ekki verið að fara fram á annað en það, að hv. Alþ.vilji leyfa það, að þeir, sem hafa haft ákveðin réttindi, fái að halda þeim rétti, sem þeir hafa haft. Þess vegna finnst mér þetta allt annað en hitt, sem alltaf er verið að tala um, að þessir menn, sem séu alveg ómenntaðir, komi

þarna í stórum hóp inn í vélstjórastéttina, alveg eins og þessir undanþágumenn hefðu aldrei starfað að vélgæzlu og aldrei haft réttindi til þess að neinu leyti.

Annars býst ég ekki við, að það komi nú framar neitt sérstakt eða nýtt fram í þessu máli í þessari hv. d., og skal ég því ekki vera að lengja umr. meira. En mér finnst það harkalegt að fara svona með þessa menn, sem við stöndum í svo mikilli þakklætisskuld við.

Frsm. (Jakob Möller) [óyfirl.]: Út af þeim særingarorðum hv. þm. Hafnf., sem hann nú síðast og oft áður lét falla, að við stöndum í svo takmarkalausri þakklætisskuld við þessa menn, þá má nú á það benda, að frá nokkuð öðru sjónarmiði er nú þakklætisskuldin aðallega sú, að þessir menn hafa án nokkurs tilkostnaðar komizt í þá aðstöðu að fá atvinnu, sem er borguð með tiltölulega háu kaupi, án þess að uppfylla þau skilyrði, sem annars eru gerð til þeirra manna, sem þessa atvinnu stunda. Þakklætisskuldin er því ef til vill nokkur á báðar hliðar. Það er þess vegna mjög hæpið, að það sé viðeigandi að hafa þau ummæli í þessu sambandi, sem hv. þm. hefir gert.

Hinsvegar, þar sem hv. þm. hefir lagt svo mikið upp úr, að þessa undanþágumenn, sem margir hafa nú siglt með undanþágu aðeins frá 2 upp í 12 mánuði og ekki stundað þá atvinnu lengur, þá eigi nú að svipta þessari atvinnu, sem þeir aldrei hafa haft neinn rétt til, þá vil ég til samanburðar benda á þá menn, sem ganga á vélstjóraskólann og eru búnir að verja til síns undirbúnings undir þetta starf 6—7 árum, og svo eiga þeir undir högg að sækja að fá nokkra atvinnu, þegar þeir eru búnir, af því að í stöðunum sitja fyrir menn, sem ekkert hafa á sig lagt til þess, að komast í þær. (**BSn:** Það má hækka siglingartíma þeirra). Ég held, að það megi nú færa fram frá báðum hliðum slíkar sanngirnisástæður.

Ég hjó eftir því hjá hv. þm., að hann vildi ganga svo frá frv., að þeir af undanþágumönnunum, sem bezta hefðu þekkinguna, fengju aðgang að vélstjórastöðum framvegis. En hvernig á að tryggja það nema með prófi, að beztu mennirnir verði teknir? Þarna er um 40 menn að ræða, sem hafa fengið nokkra þekkingu á starfinu. Hvernig er hægt að ganga svo frá frv., að það sé gert? Það er engin leið að gera það nema með prófi, og það er það, sem sjútvn. leggur til, að verði gert. Ég játa, að það er hart gagnvart mönnum, sem búnir eru að starfa við vélstjórn kannske upp undir 12 ár, að meina þeim það framvegis, og ég get líka játað það, að í byrjun minna afskipta af þessu máli var mín afstaða svipuð og hv. þm. Hafnf., en ég hefi ekki séð mér fært að halda við þá afstöðu. Ég hefi orðið að láta mér segjast um það, að þetta er viðsjárverðara en mér virtist í upphafi, og þess vegna hefi ég orðið að falla frá þeirri afstöðu, og halda mér að þessu, sem n. hefir lagt til, að komið verði upp námskeiðum og menn látnir ganga undir próf. Ég játa, að það er hart aðgöngu með menn, sem vanir eru ákveðnu starfi, að banna þeim að vinna að því framvegis eftir að þeir eru kannske orðnir svo og svo óhæfir til að byrja á öðru starfi. En ég bið menn að athuga það, að það er fjarri því, að svo sé ástatt um þessa menn. Það eru tiltölulega fáir, sem þannig er ástatt um, því ýmsir af þessum mönnum, sem hafa stundað vélgæzlu með undanþágu, eru ungir menn, sem áreiðanlega eru færir um að fara að hverju starfi, sem vera skal. — Annars sé ég ekki ástæðu til að lengja umr. um þetta. Það, sem hefir ráðið afstöðu n., eru hinar eindregnu áskoranir kunnáttumanna í þessum efnum, og þeir bera ábyrgð á úrlausn málsins.

Guðrún Lárusdóttir: Mér þykir leitt, ef ég hefi aflagað orð hv. þm. Hafnf. Ég sagði nú raunar ekki, að hann hefði sagt, að vélstjórar væru yfirleitt óreglumenn, því sagðist ég aldrei hafa heyrt haldið fram af neinum, og þá ekki heldur af hv. þm., eins og gefur að skilja.

En mér þótti honum dveljast óþarflega lengi við „öryggisleysið“, sem mér fannst hann setja í samband við drykkjuskap vélstjóra. Hv. þm. sagði t. d., að í vélstjórastéttinni væru allmargir óreglumenn, og fór svo að tala um, að hann kysi fremur að sigla með gömlum vélstjóra — mér skildist ólærðum — heldur en lærðum vélstjóra drykkfelldum.

Af þessum ummælum réð ég þá það, að hv. þm. teldi „lærðu“ vélstjórunum hættara við drykkjuskap en hinum, og að hætta stafaði af þeim. Nú þykir mér gott að heyra, að minna bjó undir þessum orðum hv. þm. en ætla mátti.

Hv. þm. sagði, að ég hefði aflað hér allgóðra upplýsinga í þessu vélgæzlumáli, en þær væru ekki allar sannleikanum samkvæmar. En þegar hv. þm. fór svo að tilgreina sannleikann í málinu, kom það í ljós, að það, sem hann telur rangfærslur hjá mér, lá aðeins í hans eigin misheyrn, því ég sagði nákvæmlega það sama sem hann um tölu undanþágumanna á togurunum í vetur. Ég vona, að hv. þm. taki þessa leiðréttingu mína til greina, og ég treysti því, að skrifararnir hafi heyrt rétt það, sem ég sagði. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að segja fleira um málið.

ATKVGR.

Till. á þskj. 782, frá sjútvn., um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar, samþ. með 10:2 atkv.

5. Vegalagabreyting.

Á 14. fundi í Nd., 26. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924 (þmfrv., A. 44).

Á 16. fundi í Nd., 29. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Pétur Ottesen): Á þessu stigi læt ég nægja að vísa til ástæðna frv. í grg. þess, en vil leggja til, að frv. verði afgr. til 2. umr. og samgmn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til samgmn. með 18 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Nd., 28. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 44, 63, 64, 67, 68, 69, 72, 75, 77, 78, 81, 86, 506, n. 713).

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Mér þykir sennilegt, að hv. flm. frv. á þskj. 44, og eins ýmsir þeirra hv. þm., sem borið hafa fram viðaukatill. og brtt. við frv., muni ekki vera sammála samgmn. um þá afgreiðslu þessa máls að vísa því til stj. Hygg ég þó, að allir þeir, sem bezt hafa hugsað þetta mál og ekki eru einhliða bundnir við áhugamál síns héraðs, muni kannast við það, að heppilegast sé að láta úrslit málsins bíða næsta þings, eins og ástatt er og málinu nú er komið, ekki sízt þar sem telja má víst, að málið komi aftur til þingsins kasta betur undirbúið en það er nú. Það er nú svo um marga þá vegarkafla, sem skv. brtt., er fyrir liggja, mundu bætast í vegal., ef samþ. yrðu, að við þá vantar bæði mælingar á vegalengdunum og eins allar kostnaðaráætlanir, en samtals eru þessir vegakaflar, sem ætlazt er til, að bætist inn í vegal., um 500 km., og sjá þá allir, að hér er um allstórfelldan viðauka við vegakerfi landsins að ræða, og virðist því óneitanlega, að réttast sé, áður en gengið er að því að lögfesta þetta, að afla þeirra gagna, sem frekast verða fengin um staðhætti, þörf og ástæður og bíða þar til fram hafa farið nákvæmar mælingar á hverjum stað og fengizt hafa áætlanir yfir þann kostnað, sem þessar vegalagningar hafa í för með sér. Auk þess er á það að líta, að ekki er nærri því komið, að búið sé að leggja alla þá vegi, sem lögfestir voru með vegal. frá 1924. Vegalögin næstu á undan, frá 1907, fengu að vísu nokkra viðauka á tímabilinu frá 1907—1924, en entust þó langan tíma samanborið við núgildandi vegalög. Það er vitanlegt, að meira en helmingur þeirra vega, sem áætlaðir voru með vegal. 1924, er enn ólagður, og má segja, að 5 sýslur landsins séu ennþá að mestu utan við þessar þjóðvegalagningar, nefnil: Skaftafells-, Múla- og Norðurþingeyjarsýslur. Enn vantar því mikið á það, að fullnægt sé þeirri hugmynd, sem vakti fyrir Alþingi 1924, að tengja saman með einum aðalvegi öll helztu héruð landsins á 15—20 árum. Þegar þessa er gætt, sýnist því sem ekki sé mikil þörf á að flýta þeirri vegalagabreyt., sem hér liggur fyrir.

Ég sé ekki ástæðu til fara um þetta fleiri orðum, en vil að öðru leyti vísa til nál. samgmn. á þskj. 713.

Pétur Ottesen: Eins og á síðasta sumarþingi, hafa það að þessu sinni orðið forlög þessara till. til breyt. á vegal., að sú n., þ. e. samgmn., sem haft hefir þær til meðferðar, hefir skapað þeim aldurtila. Á síðasta þingi gaf n. ekki út nál. fyrr en í þinglok, og mér telst svo til, að málið hafi að þessu sinni verið undir höndum n. í 72 daga, og það er fyrst nú í dag, þegar þingið hefir staðið í 100 daga, að málið kemur öðru sinni til kasta þessarar d. Það liggur því hér aðeins fyrir að ræða um endanlega afgreiðslu málsins að þessu sinni, og vil ég í því sambandi leggja ríka áherzlu á það, að málið verði undirbúið af stj., vitanlega með aðstoð vegamálastjóra, svo vel og rækilega fyrir næsta þing, að málið geti náð samþykki þingsins þá. — Á bak við þær mörgu till., sem nú eru bornar fram til breyt. á vegal. og bornar hafa verið fram á undanförnum þingum, stendur svo brýn þörf og sanngirni, að ekki verður hjá því komizt að taka þær óskir til greina og taka þessa vegakafla upp í tölu þjóðvega.

Hv. frsm. n. drap á það, að enn væri ekki búið að leggja alla þá vegi, sem teknir hefðu verið í þjóðvegatölu 1924. Má vera, að þetta sé rétt, en ég vil út frá þessu benda á það, að vert er að athuga það í þessu sambandi, að á ýmsum þeim leiðum, sem teknar voru í þjóðvegatölu 1924, er ekki um neinar vegalagningar að ræða, því að á stórum köflum þessara leiða eru vegirnir sjálfgerðir, þannig að ekki þarf annað en að ryðja fyrir þeim og svo að sjálfsögðu að halda þeim við. En jafnvel þótt enn séu ógerðir margir þeir vegir, sem teknir voru í þjóðvegatölu 1924 og leggja þarf, þá er á það að líta, að síðan hafa orðið svo miklar breyt. á samgönguleiðum hér á landi, að nú er hin fyllsta sanngirni, að fjöldi vega, sem ekki var beint ástæða 1924 til að taka upp í tölu þjóðvega, séu teknir í þjóðvegatölu nú, enda er þetta viðurkennt af vegamálastjóra, því að í skjölum frá hans hendi, sem lágu fyrir síðasta þingi og enn liggja fyrir þinginu, lætur vegamálastjóri það í ljós, að hann geti fallizt á, að rétt sé að taka marga þá vegi, sem hér er um að ræða, upp í þjóðvegatölu. Vil ég og leggja áherzlu á það og undirstrika það, sem segir í nál. í þessu efni, að málið fái sem beztan undirbúning fyrir næsta þing, svo að þá verði hægt að gera þessar nauðsynlegu breyt. á vegal., og ekki þurfi að dragast lengur að kippa þessu máli í rétt horf. Ég þarf því ekki, eins og þessu máli er nú komið, að ræða um frv. það, sem hér liggur nú fyrir og ég hefi flutt, og það því síður, sem ég hefi tekið fram ástæðurnar fyrir frv. í grg. þeirri, er því fylgir.

Steingrímur Steinþórsson: Ég vil taka í sama streng og hv. þm. Borgf. og skora á stj. að undirbúa þetta mál sem bezt fyrir næsta þing. Það er ekki vafi á því, að svo miklar breyt. hafa orðið í samgöngumálum hér á landi síðan fyrir 8 árum, er vegal. voru sett, eins og hv. þm. Borgf. og réttilega tók fram, að nauðsynlegt er að gera ýmsar breyt. í þessum efnum. Þótt rétt sé hjá hv. frsm., að enn sé margt ógert, sem ákveðið var með vegal. 1924, er það engin sönnun fyrir því, að að ekki sé nú rétt að taka upp í vegal., vegna breyttra aðstæðna, marga vegi, sem þá voru ekki teknir upp í vegal. Er hin mesta nauðsyn, að þetta mál allt sé sem bezt rannsakað, og vil ég því endurtaka þá áskorun, að stj. sjái svo til, að málið fái sem ýtarlegastan undirbúing fyrir næsta þing, svo að málið þá geti fengið endanlega afgreiðslu þingsins.

Mér skilst, að það muni hafa litla þýðingu að mæla með brtt., eins og málinu er komið, en úr því að ég stóð upp á annað borð, vil ég þó leyfa mér að fara nokkrum orðum um þær brtt. á þskj. 63, sem við þm. Skagf. flytjum við frv.

Eins og kunnugt er, hagar svo til í Skagafirði, að fjörðurinn klýfur héraðið nokkurn veginn í tvennt, og eru sveitir beggja vegna við fjörðinn, en aðalhéraðið liggur þó upp af firðinum. Í austurhéraðinu er enginn þjóðvegur, nema örstuttur vegarspotti frá Hofsósi til Hjaltadalsárbrúar, sem tekinn var í tölu þjóðvega fyrir nokkrum árum, og er þessi vegarspotti þannig ótengdur við þjóðvegakerfi landsins í báða enda. Leggjum við því til með brtt. okkar, að vegur frá Sauðárkróki um Hegranes að Hjaltadalsárbrú til Hóla í Hjaltadal og eins vegurinn frá Héraðsvatnabrú á Grundarstokk að Vatnsleysu í Viðvíkursveit verði teknir

upp í þjóðvegatölu. Vegurinn fram að Hólum í Hjaltadal er að vísu dálítill krókur, en fyrir þeim krók liggja þær röksemdir, að á Hólum er bændaskóli, og hefir verið venja, að vegarspottar heim til bændaskólanna væru teknir í tölu þjóðvega, og svo var t. d. gert að því er snertir bændaskólann á Hvanneyri.

Þá leggjum við það ennfremur til, að vegur frá Hofsós um Sléttuhlíð og Fljót til Siglufjarðar verði einnig tekinn í tölu þjóðvega, og verður öll leiðin frá Sauðárkróki til Siglufjarðar þar með tekin upp í þjóðvegakerfið. Siglufjörður er eini stærri kaupstaðurinn á landinu, sem ekki er í vegasambandi við landið. Er að vísu órannsakað enn, hvort kleift verður með viðráðanlegum tilkostnaði að leggja veg yfir Siglufjarðarskarð, en jafnvel þótt þessi vegur kæmist ekki lengra en í Fljótin, væri þó mikil bót fengin í vegamálunum á þessum slóðum, því að með því að nota mótorbát til flutninga úr Haganesvík til Siglufjarðar og öfugt, er að miklu bætt úr þeirri samgönguþörf, sem sveitirnar þarna eru í, og eins Siglfirðingar. Það sýnist því svo, sem sterk rök hnígi að því, að rétt sé að taka þessa leið alla frá Sauðárkróki til Siglufjarðar í þjóðvegatölu. Skal ég aðeins benda á það, hversu mikla þýðingu það hefir fyrir sveitirnar á þessum slóðum, að þessi leið sé tekin upp í þjóðvegatölu, því að eins og er geta þær ekki hagnýtt sér sumarmarkaðinn á Siglufirði til nokkurrar hlítar, en þegar vegur er kominn út í Fljót og hægt er að nota mótorbát til flutninga þaðan, er þar með opnaður möguleikinn fyrir þau sveitarfélög, sem þarna liggja að, til að senda nógar vörur á sumarmarkaðinn á Siglufirði, og þetta kemur Siglfirðingum ekki síður að góðu, sem þannig fá ódýrari vörur vegna hins aukna vöruframboðs, sem þá mundi verða.

Í þriðja lagi fara till. okkar fram á að tengja saman þjóðveginn í austanverðum Skagafirði, frá Vatnsleysu í Viðvíkursveit að Héraðsvatnabrú á Grundarstokk. Með því að fá veg lagðan þessa leið, myndi mikið bætt úr samgönguþörf Skagfirðinga austan vatna. Ef litið er á hina breyttu staðhætti í Skagafirði, sem orðið hafa frá því að vegalögin voru sett 1924, og kröfurnar eins og þær eru nú, þá verður ekki annað sagt en að brtt. okkar séu allar mjög nauðsynlegar. Verði þær samþ., má segja, að sæmilega sé séð fyrir vegaþörf í Skagafirði. Að vísu vantar þá enn veg frá Sauðárkróki út með firðinum að vestan, til þess að Skefilsstaðahreppur komist í vegasamband.

Ég sé svo ekki ástæðu til að halda öllu lengri ræðu um þetta nú. Ég hefi aðeins viljað, að þær ástæður kæmu fram, sem liggja bak við brtt. okkar. En við þm. Skagf. væntum þess, að væntanleg ríkisstj. og vegamálastjóri taki till. til greina og taki þær upp í frv. til breyt. á vegalögunum, sem gera má ráð fyrir, að lagt verði fyrir næsta þing.

Halldór Stefánsson: Það er sjáanlegt eins og sakir standa nú, að mál þetta nær ekki fullnaðarafgreiðslu á þessu þingi. Ég get og fallizt á þá ástæðu hv. samgmn. gegn till. þessum nú, að þær séu ekki nægilega athugaðar í heild, og þar sem vegamálastjóri mun vera að vinna að undirbúningi nýrra breytinga á vegalögunum, þá sé réttara að bíða með afgreiðslu þeirra, þar til þeim undirbúningi er lokið. En ég vil leggja áherzlu á, að þessi undirbúningur verði ekki látinn dragast úr hömlu, svo hægt verði að leggja þessar breyt. á vegal. fyrir næsta þing, því eins og tekið hefir verið fram, hafa kröfurnar um vegakerfi landsins breytzt mjög mikið frá því að vegalögin voru sett 1924.

Úr því að ég á annað borð stóð upp, þá vil ég gera dálitla grein fyrir brtt. þeim, er ég flyt á þskj. 68.

Eins og þjóðvegurinn um Fljótsdalshérað er nú ákveðinn, má kalla, að hann liggi þvert yfir héraðið. En svo ganga aftur álmur út frá honum. Beint framhald af honum liggur til Reyðarfjarðar, og má segja, að sá vegur sé eina sambandið, sem Héraðið hefir við hafnarstað. Önnur álma, sem hugsuð er til sjávar, liggur að Unaós.

Það má segja, að byggðin þarna klofni í tvo dali, Jökuldal og Héraðið, sem liggur beggja megin Lagarfljóts, og efst heitir Fljótsdalur. Þeir, sem búa ofan við þennan þverveg, hafa ennþá ekki fengið bílsamband við aðalbrautina, sem liggur til

kauptúnsins, sem þeir verzla við. Till. mínar á þskj. 68 lúta að því, að upphluti héraðs þessa fái veg upp byggðina, til þess að létta undir með íbúunum þar að ná til kaupstaðarins. Þetta er sambærilegt t. d. við þjóðveginn í Eyjafjarðarsýslu. Hann liggur þvert um byggðina og álmur út frá honum inn í héraðið.

Hvað snertir annan þennan veg, álmuna upp Jökuldalinn, þá stendur sérstaklega á um hann. Það er ekki hægt að fara aðra leið til þess að ná vegasambandi milli Norður- og Austurlandsins. Þegar Jökuldalnum sleppir taka við sléttar og greiðfærar heiðar og til þess að ná til þeirra, verður að leggja veg eftir dalnum. Ég býst við, að menn minnist þess, að á síðasta vetrarþingi kom fram stjórnarfrv., samið af vegamálastjóra, þar sem farið var fram á að gera þennan vegarkafla að þjóðvegi, til þess að gera sambandið milli landsfjórðunganna mögulegt.

Ég vildi ekki láta hjá líða að gera þessa stuttu grein fyrir till. mínum, til þess að gera hv. þdm. þær sem kunnastar.

Björn Kristjánsson: Það er að sjálfsögðu þýðingarlítið að tala mikið um brtt. þær, sem fram eru komnar við vegalögin, þar sem komið er að þinglausnum, enda stend ég ekki upp til þess sérstaklega að mæla með brtt. minni á þskj. 64, heldur miklu fremur til þess að undirstrika það, sem tekið hefir verið fram undir þessum umr., að væntanleg stj. og vegamálastjóri undirbúi breyt. á vegalögunum til þess að leggja fyrir næsta þing. Þetta vildi ég að kæmi skýrt fram.

Þá vil ég fara nokkrum orðum um brtt. mína. Hún fer ekki fram á að bæta nýjum veg í tölu þjóðvega, heldur að breyta þjóðveginum um Norður-Þingeyjarsýslu þannig, að vegurinn um Öxarfjarðarheiði, sem telja má því nær útilokað, að bílvegur verði nokkurn tíma lagður um, verði lagður niður, en í hans stað tekin í tölu þjóðvega leiðin kringum Melrakkasléttu um Raufarhöfn, svo nefnda Hálsa að Svalbarði, en þar koma leiðirnar saman. Þessari leið hefir vegamálastjóri mælt með, því að hún liggur öll um óbyggðir, en leiðin um Melrakkasléttu og Hálsa liggur, eins og kunnugt er, að mestu leyti um sveitir. Fyrir 1924 var tæplega hægt að segja, að þjóðvegurinn snerti Norður-Þingeyjarsýslu. Hann lá þá um Hólsfjöll og snerti aðeins Norður-Þingeyjarsýslu á fárra km. svæði, en með vegalögunum, sem sett voru 1924, var þessu breytt þannig, að nú liggur hann kringum Tjörnes um Kelduhverfi, Öxarfjörð, Öxarfjarðarheiði og Þistilfjörð að Þórshöfn. Við þessa breyt. undu menn vel í sviplinn, því þá var enginn bíll kominn í sýsluna og fáa menn byrjað að dreyma um, að það farartæki gæti komið þar til greina. Síðan hefir þetta breytzt. Nú hefir það sýnt sig, að komast má á bílum miklu víðar en nokkur maður hefði þá getað trúað, og nú bíða menn þess með óþreyju, að austur- og vesturhluti sýslunnar verði samtengdir með bílvegi, og þá er ekki um aðra leið að ræða en þá, sem ég nú vil taka upp í þjóðvegatölu. Síðastl. ár varð sú breyt., að póstleiðin var færð af Öxarfjarðarheiði og liggur nú um Melrakkasléttu, og eru ekki líkur til, að hún verði færð aftur. Mælir því allt með því, að þessi vegarkafli verði tekinn í tölu þjóðvega. Að vísu mun þjóðvegurinn eitthvað lengjast við þetta, en þó mun það ekki muna svo miklu, að það út af fyrir sig ætti að standa í veginum, því að það er líka eini möguleikinn til þess að tengja saman austur- og vestursýsluna. Ég vona nú, að hæstv. stjórn, hver sem hún verður, taki vegamálin til alvarlegrar athugunar og undirbúi þau undir næsta þing, og þá að sjálfsögðu taki þessa breyt. með í brtt. sínum.

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Ég get vel unað við undirtektir þeirra hv. þm., sem talað hafa um þetta mál, því að heita má, að þeir séu n. sammála um, að rétt sé að láta málið bíða, í stað þess að flaustra því af nú, þegar komið er alveg að þingslitum.

Út af því, sem hv. þm. Borgf. sagði um vegarkafla þá, sem eftir eru ólagðir af þeim vegum, sem taldir eru í vegalögunum frá 1924, vil ég taka það fram, að hann fór þar ekki rétt með. Hann vildi halda því fram, að þeir kaflar væru svo greiðfærir frá náttúrunnar hendi, að við

þá þyrfti lítið að gera. En slíkt hygg ég af ókunnugleika mælt hjá honum. Því að þegar litið er á Skaftafellssýslurnar og Múlasýslur, sem að mestu er veglaust svæði, þá verður ekki annað sagt en að þar séu eftir mjög torsóttar leiðir, sem gert var ráð fyrir, er vegalögin voru samin, að búið yrði að vega fyrir 1940. Þannig mætti og benda á fleiri staði, sem ennþá eru eftir óvegaðir af þeim leiðum, sem vegamálastjóri hafði hugsað sér, að yrðu fullgerðir um 1940.

Að hér sé um stórmál að ræða, má vera augljóst af því, að eftir frv. og brtt. er gert ráð fyrir nýjum þjóðvegum, allt að 500 km. að lengd, sem myndu kosta 3—5 millj. kr., eftir því sem vegagerðakostnaðurinn hefir orðið að undanförnu, en hann hefir verið frá 5—10 þús. kr. pr. km. Hér er því um stórfyrirtæki að ræða, sem brýn ástæða er til að undirbúa vandlega. Skal ég svo ekki fara frekar út í þetta nú eða mæla fyrir brtt. mínum. En ég verð þó að leiðrétta dálítið það, sem hv. þm. Borgf. sagði í ræðu sinni. Hann sagði, að n. hefði „skapað tillögunum aldur". En hvað er að skapa aldur annað en að drepa, fella eða stytta stundir? Það hefir n. þó alls ekki gert við neina till. Mér hefði fundizt réttara af honum að kveða svo að orði, að n. hefði skotið þeim á frest til tryggingar því, að málið í heild yrði betur af hendi leyst, og hefði þá ekkert verið ofmælt hjá honum.

ATKVGR.

Till. samgmn., á þskj. 713, um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar, samþ. með 18:1 atkv.

Lagafrumvörp ekki útrædd.

1. Erfðaleigulönd.

Á 1. fundi í Nd., 16. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um erfðaleigulönd í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum (stjfrv., A. 8).

Á 4. fundi í Nd., 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Frv. þetta er eitt af þeim frv. mþn. í landbúnaðarmálum, sem ekki hafa hlotið afgreiðslu ennþá. Að þessu sinni mun ég ekkert fara inn á einstök atriði þess; læt nægja að vísa til grg. þeirrar, sem því fylgir.

Þá vil ég geta þess, að ennþá er eftir eitt mál, er komið hefir frá mþn., mál, sem allmjög hafa verið greindar skoðanir um, ábúðarlöggjöfin. Að ég hefi ekki lagt það fyrir þingið enn, er sökum þess, að ég vildi fá álit búnaðarþingsins um það áður, en það situr að störfum nú, eins og kunnugt er.

Að umr. lokinni óska ég máli þessu vísað til landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til landbn. með 19 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 8, n. 261).

Frsm. (Þorleifur Jónsson): Eins og sést á nál., leggur landbn. til, að frv. verði samþ. með nokkrum breyt. Brtt. er að finna á þskj. 261.

1. brtt. er orðabreyt. um, að „aðra" í síðara málsl. 1. gr. falli burt. Er talið nægilegt, að leigutaki megi fara með leigutakarétt sem eign sína.

Þá er brtt. við 4. gr. um heimild landræktarfélags til eignarnáms. Er þar ákveðið, að réttur landræktarfélags til eignarnáms byggist á því, að félagið telji minnst 10 félaga. Vill n. fyrirbyggja með þessu, að 3—4 menn geti tekið sig saman og kallað sig landræktarfélag, til þess að taka land eignarnámi, land, sem síðan yrði ef til vill látið liggja ónotað og lenti í braski. Í b-lið brtt. hefir n. sett nokkrar hömlur gegn því, að tekið verði svo að segja allt land jarðar eignarnámi. Ef engar slíkar hömlur væru settar, gæti svo farið, að allur bithagi jarðar og engjar væru af henni teknar, svo að óbúandi yrði á jörðinni á eftir, er ekkert væri eftir nema túnið og stórar byggingar. N. leggur til, að ekki verði tekið meira land af jörð en svo, að eftir sé nóg land til nýræktar og heybeitar. Eiga úttektarmenn að meta þetta, og greini þá á, sker eftirlitsmaður Búnaðarfél. Ísl. úr. N. telur þetta tryggara. Vera má, að einhverjir líti svo á, að þörf og réttur kauptúna til lands geti verið svo mikill, að í þetta megi ekki horfa, en við álítum, að til þess að taka heilar jarðir þurfi sérstaka lagaheimild í hvert skipti.

Þá er brtt. við 6. gr. Í frv. er gert ráð fyrir, að kauptúnin og hrepparnir kosti alla framræslu landsins. N. vill draga úr þessu, þannig að í stað „framræslu" komi aðalframræsluskurðir. Þetta atriði gæti orðið sveitarfélögunum æðierfitt, og gæti einnig orðið vafasamt fyrir leigutaka, leiga yrði dýrari en ella, og reynsla er fyrir því, að leigutaki getur oft unnið

nokkuð að slíkum undirbúningi sjálfur á þeim tímum, er hann hefir lítið að gera.

Þá er brtt. við 11. gr. Í frv. er ákveðið, að leigutaki gjaldi 5% af matsverði í leigu. N. vill ekki lögbinda leiguna, svo leigan verði alstaðar jafnhá og verði þá að elta verðgildi peninga, sem oft er breytilegt. Leggur hún til, að Búnaðarfél. Ísl. ákveði leiguna, og ef leigusali vill ekki una við þá leigu, skeri atvmrh. úr. Hinsvegar ætlast n. til að endurskoða leigumálann, er fasteignamat fer fram, eða á 10 ára fresti. N. virðist, að með þessu móti sé tryggilegast um hnútana búið og á þann hátt verði hægt að hafa leiguna misháa, eftir því hvar á landinu er og hvernig á stendur. Þannig er nú eftirgjald eftir slík lönd lægra í Hornafirði en í Vestmannaeyjum, og er það sanngjarnt og eðlilegt.

N. hefir sett inn ákvæði um, að land skuli að jafnaði vera komið í rækt eftir 5 ár. Vitanlega er heppilegast, að þessi lönd komist sem fyrst í rækt, og reynslan hefir sýnt, að þetta getur orðið á 5 árum.

5. brtt. er við 12. gr. Í frv. er ákveðið, að taka megi land af leigutaka, ef almenningsheill krefst, og skuli bætur til leigutaka miðaðar við sannvirði landsins til landbúnaðar. N. hefir viljað bæta við: og kostnað við ræktun landsins og önnur mannvirki á því.

6. brtt. er við 14. gr., að aftan við hana bætist: jafnskjótt og eldri samningar eru endurnýjaðir eða ganga úr gildi.

7. brtt. er við 18. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir, að atvmrn. feli sérstökum manni eftirlit erfðaleigumála í landinu. N. hefir ekki viljað fallast á þetta. Hún telur þessi mál svo náskyld starfsemi Búnaðarfél., að eftirlitið eigi að vera hjá því, og þótt það kosti auðvitað eitthvað aukið skrifstofufé, yrði sá kostnaður samt ávallt minni en ef sérstökum manni yrði falið eftirlitið. N. telur heppilegast, að jarðræktarráðunaut félagsins yrði falið starfið. Það yrði sá maður, er gerði áætlanir og uppdrætti af löndum þessum og myndi því vera þessum hnútum kunnugastur. Þó höfum við ekki viljað binda svo hendur Búnaðarfél. að einskorða eftirlitið við þennan mann.

Þá er brtt. við 19. gr. um skrásetningu erfðaleigulanda. Ætlazt er til, að bæjar- og sveitarstjórnir semji skrá yfir löndin og sendi eftirlitsmanni Búnaðarfél., er síðan semji allsherjarskrá. Síðasta brtt. er í samræmi við næstu brtt. á undan.

N. ætlar, að brtt. séu yfirleitt til bóta. Þetta mál er mjög mikilsvert, enda einkum fyrir daglaunamenn í kauptúnum og þorpum. Með þessu er þeim gert kleift að afla sér kýrfóðurs og matjurta. Og loks má nefna hin bættu uppeldisáhrif, sem ræktun jarðarinnar hefir í för með sé. Fátt mun betur fallið til að auka áttahaga- og ættjarðarást en að efla gróður jarðarinnar og auka frjómagn hennar.

Hannes Jónsson: Ég hefi ekki haft tíma til að athuga frv. nákvæmlega að þessu sinni. Þó hefi ég farið yfir brtt., og ætla ég, að þær séu yfirleitt til bóta, og sé ég, að n. hefir tekið ýmislegt til greina, sem ég gerði aths. við í fyrra. Þó er sumt allóljóst ennþá. T. d. vildi ég gjarnan fá upplýst, hvað felst í 5. gr. frv., þar sem ákveðið er svo, að skákir til grasræktar megi eigi vera minni en 2 ha. og skákir til garðyrkju eigi minni en 3000 □ m. Nú er gert ráð fyrir, að landið geti verið tekið eignarnámi af 10 manna landræktarfélagi. Er nú átt við, að landið skuli vera 2 ha. á félagsmann minnst, eða 2 ha. alls? Mér skilst, að meiningin hljóti að vera sú, að landið megi minnst vera 20 ha. Þetta er atriði, sem ég vildi fá upplýst. Ef skipta á 2 ha. milli allra er verið að fara í kring um lögin. Þetta þarf að koma skýrt fram til að forðast ágreining.

Breyt. við 4. gr. var óhjákvæmileg, því að ákvæði frv. voru ótæk. En þó er ég ekki viss um, að rétt sé að hafa hámark ræktunartímans 5 ár, ef land er mjög lítið. Það er hart aðgöngu, að landeigendur þurfi að láta af hendi land sitt endurgjaldslaust í 5 ár meðan á ræktun stendur. Land þetta gætu landeigendur notað til slægna og beitar, annaðhvort sjálfir eða selt á leigu, t. d. til kúabeitar. Mun ég e. t. v. koma með brtt. um þetta við 3. umr. Ef n. vill taka slíkar brtt. til greina, væri mér kært að fá að tala við n. áður.

Þrátt fyrir ýmsa galla tel ég stigið rétt spor með frv. Getur oft verið örðugt fyrir þorp að fá land til ræktunar, þótt nálægar jarðir geti misst sér að meinalausu, en vilji ekki láta eða haldi í afarverði. Íbú-

um kauptúna er hollt og nauðsynlegt að geta stundað jarðyrkju, þegar þeir hafa ekki annað að gera.

Sveinn Ólafsson: Ég verð að gera nokkra grein fyrir atkv. mínu, af því að ég sé mér ekki fært að fylgja frv. þessu óbreyttu út úr deildinni. Veit ég vel að vísu, að breyt. eru aðkallandi á 6. kafla jarðræktarlaganna, sem ætlazt er til, að falli úr gildi við samþykkt þessa frv. En ég hafði hugsað mér, að þær breyt. yrðu með nokkuð öðrum hætti en hér er ráðgert. Mér virðast miklir gallar enn á frv. þessu, þótt hv. landbn. hafi lagfært það í ýmsum greinum og fært margt til betri vegar. Það, sem mér sízt gezt að í frv., er það, að með því er víðtækt og hættulegt vald lagt í hendur nokkurra einstaklinga, vald til þess að fyrirskipa eignarnám. Þurfa þeir ekki eftir frv. að leita til Alþingis, eins og venja er til þegar eignarnám skal framkvæma. Eftir frv. eiga 10 menn, ef þeir telja sig í landræktarfélagi, að geta fengið eignarnámið framkvæmt, ef þeir telja sig þurfa að ná eignarráðum yfir landinu. Mér virðist með þessum ákvæðum beinlínis gengið á snið við stjskr. Nú nýlega var t. d. hér á ferðinni frv. um loftferðir, og þurfti að heimila eignarnám á landskákum vegna flugstöðvar, en þá þótti ekki fært að setja það inn í frv. nema eins og heimild fyrir atvmrh. Ég veit að vísu, að til er heimild í vatnalögunum og vegalögunum um eignarnám í smáum stíl án sérstaks leyfis Alþingis, en það eru líka nær einu undantekningarnar í þessu efni frá þinglegri afgreiðslu eignarnámsheimilda. Mér finnst þetta ákvæði frv. svo ógætilegt og með því farið svo mjög á snið við 63. gr. stjskr., að ég býst ekki við að geta fylgt frv. út úr d. nema gerbreyttu. Það er sjálfsagt að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að landið verði tiltækt til ræktunar þar, sem þörfin kallar, en þær ráðstafanir mega ekki vera gálausleg skerðing á löghelguðum eignarrétti. Annars finnst mér, að með ákvæðum frv. þessa sé vikið frá grundvelli jarðræktarlaganna að því er kemur til tímalengdar erfðaleigu.

Samkv. frv. er erfðaleigu- eða umráðaréttur*inn óendanlegur, leigumálinn á að* gilda um aldur og æfi. En í jarðræktarlögunum frá 1923 er erfðaleigan miðuð við 75 ár. Þá þykir mér líka vafasamt, að eftirlit það, sem Búnaðarfél. Ísl. er ætlað að hafa með þessum málum, verði hagfellt eða framkvæmanlegt með öllu. Nú er það vitanlegt, að erfðafestulönd eru alls ekki fá eða óvíða á opinberum eignum, og hafa þau verið afhent sumpart af umboðsmönnum og sumpart af hreppstjórum. Verði frv. samþ., virðist umráð leigulandanna eiga að hverfa úr höndum þessara manna til Búnaðarfél., en það virðist mér harla vafasamt, að félagið hafi jafngóð skilyrði til þess að hafa umsjón og eftirlit með leigulöndunum eins og staðkunnugir menn í nágrenni leigulandanna. Það var margt rétt fram tekið af hv. þm. V.-Húnv. um missmíði frv. Hann nefndi t. d. lóðarstærðina, 2 ha. og 3000 □ m. eftir 5. gr. Sé um lítið land að ræða, þarf eðlilega að skipta svo, að sem flestir fái fullnægt brýnustu þörfum. Virðist mér lágmark lóðar, þar sem landskortur er, mætti miða við landskák, sem sæmilega ræktað gæfi af sér eitt kýrfóður.

Skal ég svo ekki fjölyrða frekar um þetta, enda fáir viðstaddir. En eins og ég þegar hefi tekið fram, get ég ekki fylgt frv. *lengra eins og það er nú.*

Frsm. (Þorleifur Jónsson): Ég get sagt eins og hv. 1. þm. S.-M., sem nú var að setjast niður, að ég tel þýðingarlítið að halda hér langar ræður, þar sem flestir hv. dm. eru uppi í efri deild að hlýða á umr. um stjórnarskrármálið.

Hv. þm. V.-Húnv. sagðist mundu aðhyllast brtt. n. Þó skildist mér á honum, að hann hefði það helzt við frv. að athuga, að n. færði ekki niður lágmark ræktunarlandanna og benti til, að ef 10 landræktarfélagar tækju land eignarnámi, þá yrði að taka 20 ha. og spurði, hvort það væri ekki rétt skilið.

Það er nú að vísu rétt, ef brtt. verða samþ. Um stærð leigulandsins gerði n. yfir höfuð engar breyt., en mér virðist rétt að taka til frekari athugunar, hvort ekki mætti minnka það, t. d. úr 2 ha. niður í 1 ha., og býst ég við, að það verði athugað til 3. umr.

Þá gerði hv. 1. þm. S.-M. nokkrar aths.

við frv., og mér þótti leitt, að hann skyldi lýsa því yfir, að hann gæti ekki fylgt því út úr d., því að ég tel mikla þörf á að setja löggjöf um þessi mál, því eins og kunnugt er, hafa mikil lönd umhverfis kauptún og kaupstaði verið tekin til ræktunar nú hin síðari ár, eftir að jarðræktarlögin komu í gildi. Það, sem hv. þm. fann frv. til foráttu, var það, að það gæfi mönnum of víðtækan rétt til eignarnáms, víðtækari en þekkzt hefði áður. En ég vil benda hv. þm. á 33. gr. jarðræktarlaganna. Þar segir svo: „Nú óskar maður að fá skák til ræktunar, og skal hann þá snúa sér til hlutaðeigandi hreppsnefndar eða bæjarstjórnar með beiðni um meðmæli hennar. Að fengnum meðmælum þessum getur hann snúið sér til sýslumanns eða bæjarfógeta og fengið hjá honum útnefnda tvo hæfa og óvilhalla menn til að meta skákina til peningaverðs, ef hann nær eigi samkomulagi við eiganda um árgjald af henni".

Hér stendur, að einstaklingar þurfi ekki annað en að snúa sér til hreppsnefndar eða bæjarstjórnar um meðmæli; þurfi svo ekki annað en að fá sýslumann eða bæjarfógeta til þess að útnefna menn til þess að meta landið til peningaverðs, ef samkomulag næst ekki við eiganda. Eru þá fengin umráð yfir landinu. Hér er því ekkert um annað að ræða en áframhald af þeirri löggjöf, sem sett var fyrir 9—10 árum. Og ég fyrir mitt leyti tel það ekkert hættulegt fordæmi, þó heimilað sé að taka óræktað land eignarnámi. Þess ber ennfremur að gæta, að Reykjavík á t. d. margar jarðir og hefir mikið ræktunarland kringum sig. Getur hún því úthlutað íbúum kaupstaðarins landinu sjálf. Akureyrarbær sömuleiðis. Vestmannaeyjar á ríkið sjálft og er þegar búið að úthluta þar miklu landi til ræktunar. Hvernig hagar til í þessu efni á Ísafirði, Siglufirði og Hafnarfirði, þekki ég ekki. En ég gæti bezt trúað, að heimild þessara laga kæmi til mestra nytja einmitt fyrir þorpin á Austfjörðum. Eskifjarðarkauptún hefir t. d. orðið að seilast í annan hrepp eftir landi til ræktunar. Hefðu lög þessi verið komin í gildi þá, má vel vera, að hægt hefði verjð fyrir það að fá eitthvað af því óræktaða landi, er liggur þar umhverfis. Það hagar víða svo til, að kringum kauptúnin og í grennd við þau liggja stórar jarðir, sem hafa mikið af óræktuðu landi. Fyrir eigendur þeirra er það í raun og veru gróði að geta selt nokkuð af hinu óræktaða landi og nota andvirðið til þess að rækta upp heimajörðina, því hér er ekki átt við, að tekið sé land af mönnum nema fullt verð komi fyrir.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta nú.

Guðbrandur Ísberg: Ég held, að margt sé nýtilegt við frv. þetta, en eins og hv. 1. þm. S.-M. benti réttilega á, er líka margt, sem þarf að laga í því. Má þar t. d. nefna ákvæðin um stærð skáka þeirra, sem ætlaðar eru til grasræktar og garðyrkju.

Hv. frsm. landbn. virtist telja, að það þyrfti tvo hektara til þess að gefa 1—2 kýrfóður, en þetta er mesti misskilningur. Sé landið sæmilega ræktað, er hægt að fá tvö kýrfóður af miklu minna landi. Það þarf oft ekki nema ½ ha. til þess að gefa kýrfóður. Ég get því vel búizt við, að menn kæri sig almennt alls ekki um svo stórt land til grasræktar sem í frv. er ákveðið, að það minnst megi vera, eða 2 ha., og hið sama er að segja um land, sem ætlað er til garðræktar. Íbúar kaupstaða og sjávarþorpa miða stærð lands þess, er þeir taka til ræktunar, venjulega við það, sem þeir geta annað sjálfir með sínum eigin vinnuafla aðallega þann tíma, sem þeir hafa eigi aðra vinnu. Ávinningurinn yrði lítill eða enginn, ef þeir þyrftu að kaupa vinnu af öðrum. Hann liggur sem sé eingöngu í því að geta notað eigið vinnuafl, þegar um aðra vinnu er eigi að ræða.

Mér þykir það hart ákvæði í frv., að íbúar kaupstaða skuli geta gengið í land, sem er í ábúð, og tekið það til notkunar án bóta til leiguliða, en það er hægt samkv. 3. gr. Hvað snertir þjóðjarðir og kirkjujarðir, þá getur verið um lífstíðarábúð að ræða á þeim. Virðist mér því, að ábúendur þeirra ættu að njóta sömu verndar og um ræðir í 4. gr. Ég vildi benda hv. n. á þessi atriði, og ég held, að bezta lausnin á málinu væri sú, að hv. landbn. tæki það til frekari athugunar og boðaði á fund sinn þá menn, sem nú hafa

hreyft andmælum gegn ýmsum atriðum frv., en vilja hinsvegar samþ. það með nokkrum breyt. í það horf, að allir mættu við una.

Frsm. (Þorleifur Jónsson): Út af ummælum hv. þm. Ak. vil ég taka það fram f. h. n., að hún er fús að taka málið aftur til yfirvegunar fyrir 3. umr., og er jafnframt fús til að veita þeim mönnum áheyrn, sem vilja bera fram aths. við það.

Magnús Guðmundsson: Ég hefi skilið suma hv. þm., sem talað hafa, þannig, að þeir telji skákir þær, er um ræðir í 5. gr., of stórar. Út af þessu vil ég taka það fram, að ég hefi skilið þetta ákvæði þannig, að tveir menn eða fleiri gætu verið um sömu skákina, t. d. kálgarðana. Mér virðist, að skákirnar megi alls ekki vera mjög litlar; þær eiga að vera til frambúðar og verða að miðast við það, að hægt sé fyrir kaupstaðarbúa að hafa dálítinn landbúnað sér til styrktar. Mega þær því alls ekki vera minni en 2 ha., eins og gert er ráð fyrir í frv.

ATKVGR.

Brtt. 261,1 samþ án atkvgr.

1. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

2.—3. gr samþ. með 14:1 atkv.

Brtt. 261,2.a—b samþ. með 16 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

5. gr. samþ. með 18:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÓl, JónasÞ, LH, MG, ÓTh, PO, StgrS, SvbH, ÞorlJ, BSt, BÁ, BKr, GÍ, HStef, HJ, HG, HV, JörB.

nei: SvÓ.

JAJ greiddi ekki atkv.

Átta þm. (JJós, MJ, TrÞ, VJ, ÁÁ, BJ, EA, IngB) fjarstaddir.

Brtt. 261,3 samþ. með 16 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

7.—10. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 261,4 (ný 11. gr) samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 261,5 samþ. með 15 shlj. atkv.

12. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HStef, HJ, HV, IngB, JAJ, JÓl, JónasÞ, LH, MG, PO, StgrS, SvbH, SvÓ, ÞorlJ, BSt, BÁ, BKr, GÍ, JörB.

Níu þm. (HG, JJós, MJ, ÓTh, TrÞ, VJ, ÁÁ, BJ, EA) fjarstaddir.

13. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 261,6 samþ. með 15 shlj. atkv.

14. gr., svo breytt, samþ. með 15:1 atkv.

15.—17. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 261,7 (ný 18. gr.) samþ. með 16 shlj atkv.

Brtt. 261,8.a—b samþ. með 16 shlj. atkv.

19. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 261,9 samþ. án atkvgr.

20. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

21.—23. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Nd., 11. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 316, 317, 369).

Frsm. (Þorleifur Jónsson): Eins og hv. dm. mun kunnugt, þá komu fram, ýmsar aths. við einstakar gr. frv. við 2. umr., svo n. hefir tekið það aftur til athugunar og fallizt á að bera fram þær brtt., sem hér liggja fyrir á þskj. 369. Hér er einnig brtt. frá hv. þm. Ísaf. á þskj. 317. Ef sú brtt. nær fram að ganga, þá virðist nokkuð kippt fótum undan því, sem er aðalatriðið í 2. gr., að ekki sé hægt að halda löndum fyrir einstaklingum í kaupstöðum eða þorpum. Ef sú brtt. verður samþ., má búast við því, að bæir, þorp eða kauptún geti haldið svo og svo miklu af óræktuðu landi án þess að hafa gert nokkurn viðbúnað til ræktunar fyrir bæinn. En að geyma lönd ósnert og óræktuð í von um, að bæjarfélag fari einhverntíma í framtíðinni að reka búskap, það virðist vera tilgangslaust og aðeins til að hamla því, að einstaklingar geti fengið bletti til ræktunar. En ef bæjarfélagið hefir hafið undirbúning til ræktunar fyrir sjálft sig, þá er ekki hægt að krefjast útmælingar skv. frv. Aftur á móti höfum við viljað rétta hv. þm. hendina með því að bera fram brtt. á þskj.

369 um það, að ekki sé hægt að taka land, sem kaupstaðarbúar hafa til beitar fyrir kýr og kindur sínar. Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þessa brtt., en ég vildi mælast til þess, að hv. þm. vildi taka sína brtt. aftur, þar sem við höfum gengið nokkuð á móti honum í þessu máli.

Við 1. og 2. umr. veittist hv. 1. þm. S.-M. nokkuð að því ákvæði, að landræktarfélögum væri gefin heimild til að taka lönd. Til þess að niðurfella deilu um landræktarfélögin, þá höfum við komið með brtt. um að fella það burt, að landræktarfélög hafi þá heimild að taka land eignarnámi, sem sveitarstjórnir hafa. Þá eru það aðeins sveitarstjórnir, sem hafa leyfi til að taka eignarnámi ó-ræktað land í grennd við kaupstaði, ef mjög mikil nauðsyn er á því. Annars býst ég við, að það fari svo, að sveitarstjórnir muni fyrst leita samninga við hlutaðeigandi einstaklinga, sem lönd eiga nærliggjandi. Og vanalega mun það vera svo, að einmitt af því, að eignarnám er heimilað eða leyft í lögum, þá munu þeir verða fúsari til samninga.

Í 2. brtt. er tekin burt þessi heimild fyrir landræktarfélag, og 5. brtt. er afleiðing af þeirri brtt., svo um hana þarf ég ekki að tala neitt.

Þá hefir n. einnig gert brtt. við 5. gr., að í staðinn fyrir 2 ha. komi 1 ha., og fyrir 3000 m^2 komi 1000 m^2. Það hefir komið fram í ræðum, að ekki væri heppilegt að hafa lágmarkið á landstærð svo mikið eins og í frv. er ákveðið. Við gátum fallizt á það í n. að færa lágmarkið niður. Ég vænti, að hv. d. samþ. þessa brtt., og má því vænta, að frv. fái góðan byr í gegnum deildina.

Einar Arnórsson: Eins og sumum hv. dm. er ef til vill kunnugt, þá var málefni það, sem þetta frv. ræðir um, tekið til meðferðar á síðasta bæjarstjórnarfundi í Rvík. Það eru ýms atriði í frv., sem bæjarstj. í heild sinni getur ekki fellt sig við.

Það er sjálfsagt gott og gagnlegt að setja ákvæði um það, að íbúar kaupstaða geti fengið lönd á leigu með haganlegum kjörum, en það eru fyrirmæli í þessu frv., sem bæjarmönnum hér þykir ganga of nærri rétti bæjarfélaga til að ráða málum sínum sjálf. Þessa brtt., sem n. ber fram við frv., er heldur ónóg, að því er mér finnst. Höfuðbreyt. er sú, að jarðræktarfélög hafi ekki rétt til að taka land eignarnámi, sem í frv. er. Ég hafði búizt við, að n. kæmi með meiri breyt. en þessar. Það eru fyrst fyrirmælin í 2. gr., sem ég vildi gera aths. við. Þar stendur, að ef kaupstaður eða sveitarfélag á land, sem hæft er til ræktunar, þá skal það selt á erfðaleigu íbúum bæjarins eða sveitarfélagsins með þeim kjörum, sem í frv. segir. En þó er sá varnagli sleginn, að það megi ekki gera, ef líkur eru til, að á landinu þurfi að halda til húsalóða í náinni framtíð, og eftir brtt. n. ennfremur, ef landið kynni að vera nauðsynlegt til hagbeitar. Þetta í **náinni framtíð** er nokkuð teygjanlegt hugtak. Þar sem um vöxt bæja er að ræða, getur farið svo, að land, sem nú er ekki álitið að þurfi til byggingarlóða, þurfi að nota í þessu skyni eftir 10—20 ár. Og þá er auðséð, að bæjarfélögin þyrftu aftur að kaupa landið, samkv. 12. gr. frv. Mér hefði þótt gott, ef n. hefði tekið þetta atriði til athugunar og gefið einhverja skilgreiningu á því, hvað væri náin framtíð í þessu sambandi. Svo veit ég ekki, hver á að skera úr því, hvað á að telja nána framtíð og hversu miklar líkur eiga að vera fyrir þeirri nauðsyn, sem þurfi til þess að halda ákveðnu landi til húsalóða. Það er hvergi sagt, hver eigi að skera úr því. Ef til vill er það stjórn bæjarfélaganna eða ef til vill einhverjir aðrir, eða þá ef til vill Búnaðarfélagið. — Þá eru fyrirmæli í frv., sem skerða mjög sjálfstjórnarrétt bæja og sveitarfélaga. Nú er það vitanlega svo, að bæjarstjórnir gera ákvörðun um meðferð á þessum löndum. Þau gera ákvörðun um það, hvort land eða hvaða land skuli undirbúið til slíkrar meðferðar. En bæjarstjórnir og sveita gera nú uppdrátt á landi, sem ætlazt er til, að selt sé á leigu til ræktunar. Og þær gera líka ákvarðanir um það, hvernig vegi skuli leggja og hvernig skurðir skuli gerðir. En eftir frv. á að taka allan slíkan rétt af sveitar- og bæjarfélögum. Búnaðarfél. á að ákveða hvernig skurðir skuli gerðir um lönd þessi, og eftir frv. á að taka allan slíkan rétt af sveitar- og bæjarfél. Búnaðarfél. á að gera skipulagsuppdrátt, og það á

að ákveða stærð landanna, hvers um sig, og það á að ákveða skurði og vegi, að vísu bæjarstj. að kostnaðarlausu, og það út af fyrir sig er nú gott og blessað. Búnaðarfélagið á að ráða alveg þessum atriðum öllum, bæjarstjórnirnar hafa ekkert um það að segja, nema Búnaðarfélagið á að vísu að líkindum að leita umsagnar bæjarstjórnanna, en það þarf ekki frekar en því sýnist að fara eftir henni. Það er ekki nóg með, að forráð á þessu séu alveg tekin af bæjarstjórnum, bæði um stærð landanna, vega- og skurðagerðir, heldur er líka tekið undan forráðum bæjarstj. að ákveða um leigu. Hér á að selja land bæjanna á leigu, og sá, sem landið á, má ekki hafa neitt um ákvörðun leigumálans að segja. Það eina, sem hann getur gert, ef honum líkar ekki úrlausn Búnaðarfél., er, að hann getur áfrýjað málinu til atvmrh. Þetta finnst mér ganga nokkuð langt, miklu lengra en ég veit dæmi til á öðrum sviðum. Mér virðist, að hér ætti að fara eftir samningum milli þeirra, sem lönd taka á leigu, og bæjarfélaganna, sem löndin selja á leigu. Annars hefir það verið svo í Reykjavík, að bæjarstj. hefir gert samþykkt um leigulönd og leigumála, sem í öllum atriðum mun hagkvæm leiguliðum. Það er a. m. k. fjarri því að vera í anda stjskr., að almenni löggjafinn setji slíka ákvörðun, að svipta bæjarfélögin sjálfstjórnarrétti sínum. Það er eins og að svipta menn fjárforræði, gera menn ómynduga. Það er og andstætt 63. gr. stjskr., að land sé þannig tekið af eiganda án þess að honum sé tryggt fullt endurgjald. Ef svo kemur fyrir, sem líkur eru til að verði, að land, sem tekið hefir verið á leigu, þurfi nauðsynlega að taka undir hús í bænum eða einhver mannvirki, sem bærinn ræðst í að láta gera, þá verður bærinn eða sveitarfélagið eftir 12. gr. að greiða bætur fyrir landið til leigutaka. Þá skal miða við sannvirði landsins til landbúnaðar og kostnað við ræktun landsins. Verður þá landverðið í raun og veru tvíborgað. — Ég geri ráð fyrir því, að orðið „kostnaður“ í þessari gr. sé prentvilla. Þar eigi að standa „kostnað“. Mér virðist þurfa að orða þessa gr. svo, að það komi fram, að bæjar- eða sveitarfélag, sem verður að taka slíkt land til almenningsþarfa, þurfi ekki að borga nema **skynsamlegan** kostnað við ræktun landsins og þau hús og mannvirki, sem þar hafa getað talizt nauðsynleg, og að skýrt sé kveðið á um það, að sá, sem landið hefir á erfðaleigu, eigi ekki að fá meira. Ef t. d. landið hefir komizt í „spekulation“, þá þarf að fyrirbyggja það, að sveitar- eða bæjarfélögin þurfi að endurkaupa það háu verði. Þetta þarf að koma skýrara fram en það gerir nú í 12. gr.

Þá er eitt atriði enn. Í frv. er gert ráð fyrir því, að bæjar- og sveitarfélög eigi að kosta vegi og aðalframræsluskurði um lönd sín og greiða þann kostnað úr sveitar- eða bæjarsjóði. En nú er ekki svo samkv. frv., að þau hafi rétt til að ákveða, **hvenær** þetta skuli gert. Búnaðarfél. Ísl. á að hafa það vald. Það getur því komið til sveitar- og bæjarstjórnanna og sagt: Góðir hálsar! Nú verðið þið þegar að leggja svo og svo mikið til vegagerða eða framræslu á þessum stað. Ég hefi nú ákveðið, að þessir vegir skuli lagðir og þessir skurðir vera grafnir á þessu og þessu tímabili. — Búnaðarfél. er með þessu fengið úrskurðarvald yfir sveitar- og bæjarstjórnum, sem samkv. frv. hafa ekkert við því að segja, heldur verða að hlýða. En hvernig fer nú, ef sjóðir bæjar- og sveitarfélaganna eru svo tómir, að bæjar- og sveitarfélagið getur ekki innt þessa skyldu af hendi, þegar þess er krafizt? Já, hvernig fer? — Búnaðarfél. Ísl. á eftir frv. að hafa ótakmarkað vald í þessu efni. Því eru fengin yfirfjárráð yfir landeiganda að þessu leyti.

Ég vil geta þess, að 1. málsgr. 5. gr. frv. er í ósamræmi við þau ákvæði, sem sett hafa verið hér í Reykjavík um hina svo nefndu smágarða (Kolonial Have). Stærð þeirra má vera 100 m², 300 m² og 1000 m². Eftir brtt. n. mega þessar skákir vera 1000 m², svo það fellur þá saman, ef þetta ákvæði frv. verður samþ., við það, sem slíkir reitir mega nú vera **stærstir** hér. En verða þá allir þeir reitir, sem minni eru, ólöglegir? Og hver á að skera úr því? Hv. landbn. hefði átt að taka þetta mál til rækilegri athugunar en hún hefir gert, þegar hún lét fresta málinu og fékk það tekið af dagskrá. Og ég hafði einmitt búizt við meiri árangri af því en raun er

á orðin. Ég held, að réttast væri fyrir hana að fá nú umr. frestað og taka málið enn á ný til rækilegrar íhugunar, og athuga þá það, sem ég hefi sagt. Ég hygg, að málið hefði gott af þessu. Í Ed. yrði ef til vill það, sem ég hefi borið fram, tekið til íhugunar og frv. breytt samkv. því. Yrði það þá að koma hingað aftur, og er óvíst, að þá ynnist nægur tími til að afgr. það. Ég held því, að n. gerði rétt í því að athuga mál þetta rækilega af nýju.

Sveinn Ólafsson: Hv. 2. þm. Reykv. hefir nú bent á ýms smíðalýti á frv. þessu, og er ég að vísu samdóma honum um flestallt það, sem hann tók fram. Hygg ég því heillavænlegast, að hv. landbn. taki málið enn af nýju til athugunar og færi ákvæði þessi í betra horf. Hér eru að vísu fram komnar frá n. brtt. á þskj. 369. Kann ég henni þakkir fyrir þær, því að hún hefir með þeim sýnt það, að hún hefir viljað taka fullt tillit til þeirra aths., sem ég gerði við frv., þegar það lá fyrir til 2. umr. Ég gæti því, að svo miklu leyti sem aths. mínar náðu þá, fellt mig við afgreiðslu málsins með þeim till. til breyt., sem frá landbn. hafa komið. En vegna þeirra aths., sem hv. 2. þm. Reykv. gerði nú, teldi ég það betra, að frv. fengi nýja athugun og væri fært í nýjan búning. Mér er það mikið áhugamál, að frv. þetta verði vel úr garði gert og að fyrirmæli þess geti komið sem fyrst til framkvæmda.

Í framhaldi af því, sem ég tók fram við 2. umr. um 8. gr., vil ég geta þess, að vafasamt er, hvort þau fyrirmæli hennar geta staðizt, að leigan af hálfu leigusala sé óuppsegjanleg um aldur og ævi. Ég hefi jafnan vitað erfðaleigusamninga, sem gerðir hafa verið til langs tíma, miðaða við eitthvert árabil. Ég hefi vitað þá látna gilda til 50 ára, 75 ára eða jafnvel 95 ára. En slíka eilífðarsamninga, sem ræðir um, hefi ég aldrei heyrt talað um fyrr. Í uppkasti til breyt. á frv., er landbn. fékk hjá mér og hún að mestu leyti hefir þrætt í brtt. sínum, er nú liggja fyrir, hafði ég gert till. um, að erfðaleigutímabilið væri kveðið 75 ár, eða 95 ár, ef n. vildi heldur fallast á það. En brtt. n. sýna það, að hún hefir ekki viljað taka þetta upp.

Ég skal ekki tefja umr. lengur, en ég endurtek þá ósk mína, að málið verði tekið út af dagskrá og umr. frestað, svo að n. gefist færi á að taka málið til athugunar af nýju áður en því verður lokið í d. Það ætti ekki að tefja frv. mikið. Hitt er mest um vert, að málið fái sem bezta búningsbót áður en það fer héðan úr deildinni.

Frsm. (Þorleifur Jónsson): Hv. 2. þm. Reykv. hefir gert nokkrar aths. við frv. út frá sjónarmiði bæjarstj. Rvíkur, og sjálfsagt líka út frá sínu eigin sjónarmiði. Ég hefi séð þess getið í blöðum, að bæjarstj. Rvíkur hafi tekið þetta mál fyrir á fundi hjá sér og gert við það líkar aths. og þær, er hv. 2. þm. Reykv. gerði nú, og talið ófært, að það yrði að lögum. Það getur nú vel verið, að fleiri bæjar- eða sveitarstjórnum þyki þetta sama hvað sér viðkemur. A. m. k. er svo að sjá, að bæjarstj. Rvíkur þyki vont að mega ekki halda sínum löndum. En ef taka ætti tillit til allra þeirra, er eitthvað hafa að athuga við hvert frv., þá yrði lítið gert, því venjulega mun það vera svo, að hagsmunir einhverra rekast á. Er þá vitanlega sú leið ein fær, sem virðist miða til mestra og almennastra hagsælda.

Hv. 2. þm. Reykv. fann að ýmsu í frv., en satt að segja fundust mér þær aðfinnslur ekki svo veigamiklar, að frágangssök væri að samþ. frv. þeirra vegna.

Ég hefi heyrt kvartað undan því af einstaklingum hér, og því hefir verið lýst fyrir mér af starfsmanni í Búnaðarfél. Ísl., hve mikla stundun bæjarstj. Rvíkur hefir á það lagt að halda löndum hér í nánd við bæinn fyrir þeim mönnum, er falazt hafa eftir þeim og talið sig hafa þeirra þörf. Þetta getur nú að nokkru leyti verið eðlilegt með bæ, sem er í hröðum vexti og ný hverfi, með nýjum götum eru að byggjast, svo ekki þurfi að endurkaupa þau. En bæjarbúum getur líka verið nauðsynlegt að fá lönd sér til hagsbóta, fyrir garða eða fyrir tún handa t. d. einni kú, o. s. frv. Þarna geta því hagsmunirnir rekizt á.

Það er rétt, að ákvæðið „náin framtíð" getur orkað tvímælis. Hv. 2. þm. Reykv. sagðist ekki vita, hvernig bæri að skilja það, og spurði, hvort það t. d. þýddi 10

eða 20 ár. En ég held, að hér séu nú ekki svo mikil vandræði á ferðum. Þar sem búið er að gera skipulagsuppdrætti og fá samþykkt á þeim, þá er búið að skipuleggja byggingar og ákveða lóðir eða lönd undir þær í „náinni framtíð".

Þá telur hv. 2. þm. Reykv. það ófært, að Búnaðarfél. Ísl. sé fengið það vald að ákveða leigu eftir þau lönd, sem tekin verða á erfðafestu samkv. því, sem lagt er til í frv. Þetta stendur nú að vísu svo í frv., en ég held þó, að engin ástæða sé til þess að vera neitt hræddur við það ákvæði. Það er einmitt með þessu ákvæði svo til ætlazt, að farið sé með ákvörðun leigunnar eftir því, sem hæfilegt er á hverjum stað, en það getur verið mismunandi. Þannig er eðlilegt, að leigan væri hærri hér í Rvík heldur en í smákauptúnum úti um land. Ég er fyrir mitt leyti viss um, að ekki þarf að óttast þetta ákvæði. Ég er viss um, að Búnaðarfélagið, eða þeir starfsmenn þess, sem þetta hvílir á, munu, eftir því sem auðið er, gæta hagsmuna beggja. 5. gr. gerir ráð fyrir því, að Búnaðarfélagið skipuleggi þessi lönd og geri áætlanir um framræslu þeirra. Sé ég eigi annað en að það sé gott fyrir bæjar- og sveitarfélögin að eiga aðgang að Búnaðarfélaginu hvað þetta snertir.

Hv. þm. talaði um smágarða þá og smábletti, sem mældir hefðu verið út hér í Rvík, og spurði, hvernig með þá skyldi fara, þar sem þeir væru minni en gert er í frv. ráð fyrir, að þeir megi vera. Ég held nú, að Búnaðarfél. sæi sér fært að hliðra til um þetta, þar sem um slíka smábita er að ræða.

Hv. 2. þm. Reykv. og hv. 1. þm. S.-M. vildu láta taka frv. af dagskrá og fresta umr. Frv. hefir nú legið alllengi fyrir þessari d. og aths. þær, sem fram hafa komið, eru ekki stórvægilegar og varla ástæða til að tefja málið þeirra vegna. Geta og þm. þeir, sem aths. hafa gert, látið athuga þær í Ed. Hefði ég því helzt óskað, að það gengi nú í gegnum þessa umr. Ég segi þetta sem mína skoðun, þar sem ég hefi ekki getað borið mig saman við n. Ég sé ekki heldur, að nein hætta sé í því fólgin fyrir frv., þó það gangi nú áfram og verði þá breytt í Ed. Við því má alltaf búast hvort sem er.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Ég vildi styðja þá till. hv. 2. þm. Reykv., að málið verði tekið út af dagskrá og athugað nánar í landbn. Það er ekki hægt að benda á þann möguleika, eins og hv. þm. A.-Sk. gerði, að láta athuga málið í Ed. Við höfum ekkert vald yfir því, hvað við það er gert þar, en ráðum aðeins, hvað gert er við það hér. Ég vildi gera eina aths. við 3. gr. frv. Hún gerir engar takmarkanir á því, að leggja megi undir sig jarðir, og þá heldur ekki þær jarðir, sem eftir l. frá 1905 um sölu þjóðjarða og l. frá 1907 um sölu kirkjujarða eru samkv. 2. gr. téðra laga undanþegnar sölu, vegna þess að þær eru ætlaðar fyrir embættissetur, skóla, sjúkrahæli eða til annara almenningsnota.

Ef frv. þetta verður samþ. óbreytt, þá virðist líka mega taka slíkar jarðir, sem hið opinbera ætlar að nota, ef þær þykja hentugri til þess en annað land. Þetta tel ég viðurhlutamikið. (**ÞorlJ:** Þetta sama ákvæði er í jarðræktarlögunum). Það getur verið, að þetta sé líka í þeim. Og þó að annað sé sagt í eldri l., þá er hætta á því, að þau yrðu látin víkja fyrir ákvæðum nýrri laga. Heimildin í þessu frv. er skilyrðislaus, og það tel ég ótækt og óhæft.

Frsm. (Þorleifur Jónsson): Hv. 4. þm. Reykv. tók sér nú fyrir hendur að gera aths. við 3. gr. frv. og áleit, að eftir henni væri hægt að taka þær jarðir, sem samkvæmt l. um sölu þjóðjarða og kirkjujarða eru ætlaðar til almenningsnota. Samskonar ákvæði og stendur í 3. gr. frv. hefir staðið í jarðræktarl. frá 1923. En þrátt fyrir það ákvæði hefir þó jafnan verið borið undir Alþ., þegar sala á slíkum jörðum hefir farið fram. Svo var t. d. gert með sölu á Garðalandi á Akranesi. Ég hygg, að svo muni og hér verða gert og að engin hætta verði á, að þessar jarðir verði teknar án vilja og vitundar þingsins. Þar sem búið er að ákveða, að jörð eða jarðarpartur skuli vera tekin fyrir bústað handa embættismanni, eða annars þess, er l. um sölu þjóðjarða og kirkjujarða ákveða, þá er ekki hægt að taka það til annara afnota, nema eftir sérstökum lögum. Þetta bið ég hv. 4. þm. Reykv. að athuga.

Einar Arnórsson: Það er engin ástæða til að karpa lengi við hv. frsm. Það er rétt, að hagsmunir tveggja aðila geta rekizt á. En þar sem stjórn bæjar- eða sveitarfélags er annarsvegar og einstaklingar hinsvegar, á að vera hægt að búa svo um hnútana, að ekki verði neinn verulegur hagsmunaárekstur. En það getur aftur á móti orðið, þegar löndin eru tekin af bæjar- og sveitarfélaginu og lögð í hendur þriðja aðila, þá geta ákvæði frv. farið að verða mjög óvinsæl. En það er höfuðskilyrði allra laga, þessara sem annara, að þau séu vinsæl, ef þau eiga að verða að gagni. Ef tekin eru ráðin af forstöðumönnum bæjar- og sveitarfélaganna, þá er ég hræddur um, að lögin verði óvinsæl og verki ekki eins og þeim er ætlað að gera.

Hv. frsm. fannst aths. mínar ekki vera stórvægilegar. Mér fannst þær nú samt vera það í ýmsum atriðum, sem mestu máli skipta. Það er í raun og veru **stefnumál** að taka umráðaréttinn af bæjar- og sveitarstjórnunum á því landi, sem þeim ber að sjá um. Hv. þm. var að sneiða að bæjarstj. Rvíkur fyrir það, að hún héldi löndum fyrir þeim, er vildu rækta þau. Þetta er nú nokkuð einhliða frásögn. Ef hv. þm. hefir farið eftir vegunum hér fyrir innan Reykjavík, þá hlýtur hann að hafa séð stór svæði, sem Reykjavíkurbær hefir látið rækta og síðan leigt út með mjög vægum kjörum. Hv. frsm. orðaði það, að bæjarstj. héldi löndum bæjarins fyrir mönnum, sem gjarnan vildu fá þau. Þetta er eigi að öllu rétt. Bæjarstj. verður að meta nauðsyn og hallkvæmi í þessu efni. Það stoðar ekki að láta löndin af hendi nema eftir ákveðnum reglum, og bæjarstj. verður sjálf að ákveða þær. Hvort þessum löndum er of smátt skipt, er allt annað mál. Lágmarkið eru tveir hektarar. Ég get hugsað, að sumum þyki það of lítið. En út í það skal ég ekkert fara, þar sem ég hefi ekki nægilegt vit til þess að dæma um það. Hvað sem annars má segja um syndir bæjarstj. Rvíkur, þá er hún þó að koma upp hjá sér smágörðum nú, hversu vel sem það svo kann að gefast. Ég var ekki, eins og hv. þm. virtist halda, að finna neitt að því, þó Búnaðarfél. gerði skipulagsuppdrætti að þessum löndum, heldur að hinu, að það þyrfti ekkert tillit að taka til vilja bæjar- og sveitarstjórna í ákvörðunum sínum.

Það, sem ég hefi fundið að frv., er aðaðallega þetta: að umráðarétt yfir löndum þessum á að taka af réttum aðiljum, bæjar- og sveitarstjórnum. Þetta gildir ekki sérstaklega um bæjarstj. Rvíkur, heldur um allar bæjar- og sveitarstj. á landinu, sem frv. nær til.

Þá tók hv. frsm. það fram, að skipulagsuppdrættir bæjanna sýndu, hvar byggt yrði í nánustu framtíð. Það má vera, að þetta gildi sumstaðar, en það gildir ekki hérna í Rvík. Í fyrsta lagi er enginn samþ. skipulagsuppdráttur til af Rvík. Í öðru lagi nær sá skipulagsuppdráttur, sem gerður hefir verið, aðeins yfir takmarkað svæði, svæðið milli sjávarins og Hringbrautar. En það er þegar búið að byggja mikið utan þess svæðis. Þessi aths. getur því ekki náð til Rvíkur, þó hún sé að sjálfsögðu rétt um ýmsa aðra staði.

Ég vil endurtaka þau tilmæli mín til hv. n., að hún láti taka frv. út af dagskrá og athugi það betur. Það mundi áreiðanlega hraða málinu mest, að það yrði sent svo til Ed., að hún þyrfti engu að breyta í frv. En ef á að fara að flækja málinu milli deilda, þá er meiri hætta á, að ekki vinnist tími til að afgr. það en þótt veittur sé lítill frestur til að athuga það betur hér. Því þótt hv. frsm. þyki aths. mínar vera lítilvægar, þá er ekki víst, að Ed. líti svo á það mál.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Hv. frsm. vildi gera aths. mína um 3. gr. frv. að engu með því að vitna í jarðræktarlögin frá 1923, sem hann taldi, að hefðu samskonar ákvæði, og þar sem það hefði ekki orðið að skaða hingað til, þá væri óhætt að lofa því að standa hér. Ég held, að hv. frsm. fari hér ekki með fullkomlega rétt mál. Ég held, að það leiki meiri vafi á því samkv. jarðræktarlögunum en þessu frv., að heimilt sé að taka jarðir ríkisins þannig. 31. gr. jarðræktarl. og næstu gr. á eftir ræða ekki um það að taka þessar jarðir, heldur gera af þeim uppdrætti og áætlun um skiptingu landsins. Síðar eru svo ákvæði um það, hvernig menn geti eignazt þessar skákir. Nú skal ég

ekki skera úr því, hvort með þessum ákvæðum er hægt að taka jarðir hins opinbera, er það þarf sjálft á að halda. En hv. frsm. upplýsti, að þetta hefði ekki verið talið heimilt, því ávallt hefði verið komið til Alþingis, er um þetta var að ræða. Ef litið er aftur á móti á frv., þá er það tvímælalaust, að ekki kemur til kasta Alþingis. Það stendur skýrum stöfum í 2. og 3. gr.:

„2. gr. Nú á kaupstaður eða annað sveitarfélag, sem kauptún eða sjávarþorp, iðnaðar- eða verzlunarþorp er í, land, sem hæft er til ræktunar og eigi eru líkur til, að halda þurfi á til húsalóða í náinni framtíð, og skal það þá selt á erfðaleigu þeim íbúum bæjar- eða sveitarfélagsins, er þess óska, samkvæmt þeim reglum, sem settar eru í lögum þessum.

3. gr. Nú liggur þjóðjörð eða kirkjujörð að kaupstað, kauptúni eða þorpi, og gilda þá ákvæði 2. gr. um þá jörð, ef bæjar- eða sveitarstjórn krefst þess, enda hafi sveitarfélagið eigi til umráða annað ræktanlegt land, er nægi þörfum sveitarmanna á erfðaleigulöndum, og eigi sé að mun óhaganlegra til afnota fyrir þá".

Ég get ekki séð, að hér séu nokkrar takmarkanir á. Bæjar- og sveitarstjórnir geta tekið þessar eignir hins opinbera, þegar þeim sýnist svo, og það kemur ekki að neinu leyti til kasta Alþingis. Ég tel nauðsynlegt að setja hér inn í frv. svipað ákvæði og er í l. um sölu þjóðjarða og l. um sölu kirkjujarða, að bæjarstjórnirnar geti ekki tekið þessar jarðir, ef ríkið þarf á þeim að halda til sinna þarfa. Mér finnst því þessi röksemd hv. frsm. um jarðræktarl. ekki duga.

Bæði þetta og eins það, er hv. 2. þm. Reykv. hefir bent á, veldur því, að ég tel það sjálfsagt að taka málið út af dagskrá, svo það verði athugað betur og menn eigi kost á að gera brtt. við það.

Bjarni Ásgeirsson: Ég lýsi því yfir f. h. n., að hún hefir fallizt á að taka málið út af dagskrá og fresta umr. En það samþykkir n. ekki oftar.

Umr. frestað.

Á 62. fundi í Nd., 28. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 316, 317, 369, 400).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 317 felld með 13:5 atkv.
— 369,1 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 400 felld með 12:9 atkv.
— 369,2 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 369,3 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 369,4 samþ. án atkvgr.
— 369,5 samþ. með 16 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 15:3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 63. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 561).

Á 65. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 8:1 atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

2. Fimmtardómur.

Á 1. fundi í Nd., 16. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um fimmtardóm (stjfrv., A. 15.).

Á 5. fundi í Nd., 19. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Þetta frv. hefir áður legið fyrir hv. Ed. og tvisvar fengið þar nokkra athugun, en aldrei komizt hingað til þessarar hv. deildar. Frv. er því nokkuð rætt og kunnugt orðið; þess vegna mun ég hafa sem fæst orð um það að þessu sinni, en sé mér þó ekki annað fært en rekja í nokkrum dráttum ástæðurnar fyrir því, að það er fram borið.

Þegar Íslendingar sömdu við Dani árið 1918 og fengu aukið sjálfstæði, reyndi þjóðin að draga inn í landið sem mest af því valdi, er áður var í höndum sambandsþjóðarinnar. Enda fór svo, að þegar á næsta ári, 1919, var borið fram frv. og samþ. lög á Alþingi um að gera yfirdóm landsins að aðaldómstól. Á ég þar við lögin um hæstarétt frá 1919. Að vísu var breytingin frá því sem áður var ekki önnur en sú, að tveimur dómendum var bætt við í yfirdóm landsins, og vissum atriðum breytt formsins vegna, af því að þetta átti að verða æðsti dómstóll landsins.

En eins og gefur að skilja, réð hinn vaknaði sjálfstæðishugur þjóðarinnar því, að málinu var hraðað svo, að ekki tókst að undirbúa það að öllu leyti sem skyldi. Það kom líka á daginn, að sumir þeir menn, sem unnið höfðu að þessum breytingum, urðu brátt óánægðir og könnuðust við, að viss atriði í þessari nýju dómaskipun væru flaustursverk, sem óhjákvæmilegt væri að breyta.

Sá, sem einna fyrstur varð til þess að hreyfa breytingum á hæstaréttarlögunum, var séra Sigurður Stefánsson í Vigur, þó að þær næðu þá ekki fram að ganga. Næstur reið á vaðið Jón Magnússon, er fyrstur manna hafði unnið að undirbúningi málsins 1919. Hann bar fram á þingi 1924 nokkrar brtt., og fékk samþ. eftir harða mótstöðu þá breytingu, að dómendum í hæstarétti skyldi fækkað um tvo, og nokkrar fleiri breytingar voru gerðar, en flestar smávægilegar. Síðan hafa komið fram ýmsar breytingar og þær ræddar á þingi, en ekki náð samþ.

Þó að ég áliti fullkomlega eðlilegt að hraða því 1919 að flytja dómsvaldið inn í landið, þá sé ég ekki ástæðu fyrir okkur nú til að láta þann dómstól haldast óbreyttan, sem skapaður var í flýti fyrir 12 árum. Ég legg því áherzlu á, að hjá okkur, sem erum að byrja sjálfstætt þjóðlíf, verður ekki hjá því komizt að breyta þeim stofnunum, sem við höfum sett á fót. Í þeim efnum verðum við að læra af reynslunni, og þá er okkur ekki hvað sízt þörf að flytja inn reynslu annara þjóða, er okkur standa framar á flestum sviðum.

Þegar hæstiréttur var settur á stofn, var ekki reynt að flytja inn þekkingu eða reynslu frá nokkru öðru landi en Danmörku. Og var þetta því óheppilegra sem Danmörk er langt á eftir ýmsum öðrum löndum, t. d. Noregi, Svíþjóð og Finnlandi, um alla sína dómaskipun. Hjá Dönum er um margfalt þunglamalegra form að ræða í þessum efnum heldur en þekkist í dómaskipun annara norrænna og enskumælandi þjóða. Þegar hinn danski hæstiréttur var tekinn til fyrirmyndar af löggjöfum okkar, var einnig eftir honum tekið að hafa leynilega atkvgr. um dómsúrslit í okkar æðsta rétti. Norðmenn höfðu einnig í upphafi leynda atkvgr., en hurfu brátt frá því.

Sem dæmi þess, hve rétt mál er fljótt að ná fylgi, skal ég geta þess, að þegar þetta frv. var fyrst borið fram í hv. Ed., mætti þetta atriði, um opinbera atkvgr. í réttinum, mikilli mótspyrnu, ekki aðeins í deildinni, heldur og hjá mörgum lögfræðingum þessa bæjar. En nú álíta flestir sömu menn þetta nauðsynlega breytingu, er sýnir, að skilningur manna hefir vaxið við umr. og athugun um málið.

Annað atriði, sem Danir hafa í sínum hæstaréttarlögum, og við höfum fengið lánað hjá þeim, er það, að dómendur skipi sig að nokkru leyti sjálfir með dómaraprófi því, sem þar er fyrirskipað. Þetta atriði hafa ekki hinar Norðurlandaþjóðirnar. Norðmenn tóku það að vísu upp í fyrstu, en hurfu fljótt frá því, eins og með leynilegu atkvgr. Um þetta hefir verið talsverður skoðanamunur hjá okkur, en ég held að fari eins um þetta atriði og opinberu atkvgr., að það þyki sjálfsögð breyting, sem muni gera gott, er stundir líða.

Þá hefir mikið verið deilt um tölu dómenda, hvort þeir ættu að vera þrír, eins og nú er, eða fimm, eins og lögin um hæstarétt skipuðu fyrir í upphafi. Fyrsta röddin, sem til sín lét heyra um þetta efni, hafði það við hæstarétt að athuga, að hann væri okkur alltof dýr með fimm dómendum. Það er séra Sigurður í Vigur, enda byggði hann till. sínar á því, að spara mætti mikil útgjöld með því að láta prófessorana í lagadeild vera jafnframt dómendur í hæstarétti. Þetta gat að vísu verið mikill sparnaður, að hafa aðeins 3 í stað 8 embættismanna. Og auk þess gæti þetta verið æskilegt, ekki aðeins sparnaðarins

vegna, heldur og hins, að það getur líka verið eftirsóknarvert í okkar fámenni, þar sem svo er ástatt, að flestir löglærðir menn verða að leita sér atvinnu öðruvísi en við fræðileg störf, en fáir hafa aðstöðu til að halda áfram fræðiiðkunum, sem margir gera í stærri löndunum. Þar er því ekki hörgull á hæfum mönnum til þess að skipa í slíkar stöður, en það gæti orðið hér í okkar fámenna landi. Úr þessu hefir verið reynt að bæta með þeim breytingum, sem frv. þetta ráðgerir. Þó hefir ekki þótt fært að sameina þetta alveg enda eru báðir aðilar, prófessorarnir og dómendur hæstaréttar, því mótfallnir. Eftir núg. lögum eru prófessorarnir varadómendur í hæstarétti. Með þessu frv. er gert ráð fyrir, að þegar dómendur hæstaréttar hafa fengið umfangsmikil mál til meðferðar, þá geti þeir kvatt tvo prófessora lagadeildar sér til aðstoðar. Þessari breytingu hafa menn yfirleitt tekið vel, enda eru margir lögfræðingar óánægðir með þá breytingu Jóns Magnússonar frá 1924, að dómendur í hæstarétti megi aldrei vera fleiri en þrír. Mörg mál hæstaréttar eru svo einföld, að ekki er þörf fyrir fleiri en þrjá dómendur. Með frv. er reynt að sameina báðar þessar skoðanir, að rétturinn geti stækkað sig sjálfur, þegar honum þykir þörf til þess, án þess að hafa nema þrjá fasta dómendur.

Þá eru í þessu frv. smávægilegar breytingar, er stefna í þá átt að víkka sviðið að því leyti, er viðkemur vali dómenda í réttinn. T. d. að lögfræðingar, sem sýnt hafa yfirburði í fræðimennsku og vísindaiðkunum, geti einnig komið til greina, er velja á menn í réttinn.

Þegar frv. þetta var fyrst borið fram, var mikið góðæri, og var þá gert ráð fyrir að hækka laun dómenda í réttinum, miðað við, að fastir dómendur yrðu aðeins þrír. En af skiljanlegum ástæðum hefir verið fallið frá því nú við undirbúning þessa frv. Þó skal játað, að eins og háttað hefir verið atvinnumöguleikum lögfræðinga hér í bæ, þá er margt fýsilegra en að gerast dómari í réttinum, með þeim launum, sem goldin eru fyrir það. En það hefir líka komið til tals við meðferð málsins í hv. Ed. á undanförnum árum, að dómendur réttarins ættu að eiga kost á ferðastyrk til þess að bregða sér utan og kynnast þeim stefnum, sem uppi eru í þessum málum í næstu löndum. Og mætti þá skoða slíkan ferðastyrk sem einskonar uppbót á launununum. Þó er ekki gert ráð fyrir neinu slíku í því frv., er hér liggur fyrir, enda er það atriði, sem þingið getur bætt inn í, ef ástæða sýnist til.

Ég læt mér þá nægja þessi fáu orð í þetta sinn og legg til, að málið gangi að þessari umr. lokinni til hv. allshn.

Magnús Guðmundsson: Ég skal játa, að mér hefir ekki unnizt tími til þess undanfarna daga að kynna mér þetta mál til hlítar. En þar sem hér er um gamlan kunningja að ræða, sem skotið hefir upp höfði áður hér á Alþingi, hefi ég að sjálfsögðu myndað mér skoðun um málið. Ég vil því lýsa því yfir nú við 1. umr., að ég er algerlega mótfallinn þeim breytingum, sem gera á á dómaskipun landsins með þessu frv. Ég get ekki séð, að þetta frv., ef að lögum verður, bæti á nokkurn hátt úr þeim göllum, sem kunna að vera á dómalöggjöf okkar. Þvert á móti lít ég svo á, að breytingar þessar mundu verða mjög til hins verra.

Ég ætla ekki að þessu sinni að fara langt út í málið, en vil þó láta þess getið, að ég lít á frv. þetta sem einn lið í árásum hæstv. dómsmrh. á hæstarétt og dómendur hans. Þessi hæstv. ráðh. minnist sjaldan svo á hæstarétt, að hann brigzli honum ekki um allar vammir og skammir. Og jafnvel hefir hann dróttað glæpsamlegu atferli að hæstarétti eða dómendum hans. Lítur því helzt út fyrir, þótt undarlegt megi virðast, að þessum hæstv. ráðh. sé svo illa við þennan æðsta dómstól landsins, að hann vilji ganga af honum dauðum.

Ég fæ ekki séð, hvers vegna það ætti að vera réttara að kalla æðsta dómstól landsins fimmtardóm en hæstarétt. Fimmtardómsheitið er að vísu gamalt í málinu, en sá dómur hafði allt annað verksvið til forna en ætlazt er til með þessu frv.

Það hefir verið fundið að hæstaréttarnafninu og því haldið fram, að nafnið væri rangnefni, vegna þess að dómstigin eru aðeins tvö. En þetta er ekki rétt, dómstigin eru að sönnu ekki nema 2, en dómstólarnir eru margir, þ. á m. allir sýslu-

menn, fógetar o. fl. Yfir öllum þessum dómstólum er hæstiréttur og því er nafnið málfræðilega rétt.

Það er líka næsta broslegt að sjá, að í 1. gr. frv., sem lögfestir fimmtardómsnafnið, þykir þurfa ákvæði um, hvað dómurinn skuli heita á ensku. Maður skyldi nú halda, að nóg væri að þýða aðeins heitið. En svo er ekki, því að ef nafn dómsins er þýtt rétt, er það villandi og ekki hægt af því að draga, hverskonar dómstóll þetta sé. Það er því reynt að komast að því rétta, með því að lögbjóða heiti á erlendu máli, sem er alls ekki hin rétta þýðing á íslenzka heitinu. The Supreme Court þýðir hæstiréttur, og því er bætt við, að rétturinn skuli bera tilsvarandi heiti á öðrum erlendum málum.

Þá eru ákvæðin um aldur aðaldómendanna, þar sem fyrirskipað er, að þeir séu ekki yngri en þrítugir og ekki eldri en sextugir. Það er einkennilegt, að hjá okkur, sem ekkert takmark höfum í löggjöf okkar um það, hvað embættismenn megi vera gamlir, skuli nú byrjað á að fyrirskipa að reka þá menn úr embættum, sem hægast hafa og ættu öðrum embættismönnum fremur að geta starfað fram í elli. Víðast erlendis, t. d. í Danmörku, er ekkert ákveðið um það, hvenær dómarar skuli fara frá, enda sitja þeir oft í embættum fram til hárrar elli. Þó hafa Danir yfirleitt aldurstakmörk um embættismenn sína.

Hæstv. ráðh. talaði um það, að Danir væru á eftir tímanum hvað dómsköp og réttarfar snertir. (**Dómsmrh:** Ekki réttarfarið, heldur hæstiréttur þeirra, sem ég skal rökstyðja betur). Ég veit ekki betur en að hæstiréttur Dana njóti hins fyllsta trausts þar í landi og þeir hljóta að þekkja sjálfir sinn hæstarétt betur en hæstv. dómsmrh. gerir. — Aldurstakmarkið 60 ár er skaðlega lágt. Það er ekki hægt að gera upp á milli dómarahæfileika manns, sem er 60 ára og svo 65—70 ára, en hitt er alveg einsætt, að slík breyting sem þessi hlýtur að hafa stórkostlegan gjaldaauka í för með sér fyrir ríkissjóð. Mig furðar á því, að nokkur skuli halda öðru eins fram og því, að menn missi allt í einu starfshæfni og skynsemd við það að verða 60 ára. Eða heldur hæstv. ráðh., að t. d. hv. 1. þm. S.-M. hafi misst skynsemi sína og þekkingu, þó að hann sé nú kominn yfir þetta aldursmark. En ef það er svo, að menn verði ekki heimskari en svo, þótt þeir hnígi á þennan aldur, að þeir geti verið þingmenn, hvers vegna geta þeir þá ekki alveg eins verið dómarar. Ekki ætti það þó að vera síður nauðsynlegt, að þingmenn séu í fullu fjöri og með fullri skynsemi heldur en dómarar. Þetta aldursmark er hreinasta fjarstæða og verður ekki séð að nokkur skynsamleg rök hnígi að því. Á hinn bóginn er hér vafalaust um stórkostlegan gjaldaauka að ræða fyrir ríkissjóð, og maður skyldi halda, að á slíkum tímum sem þessum gerðu menn sér ekki að óþörfu leik að því að skella á ríkið slíkum böggum. En það er nú svo um þennan hæstv. ráðh., að hann hefir ekki til þessa fengið orð fyrir meðaumkun með aumingja ríkissjóðnum, enda er þess skemmst að minnast, að hann í vor að nauðsynjalausu setti af einn dómarann í hæstarétti. Sá ágæti maður er þó í fullu fjöri ennþá, sem betur fer, og það er víst, að Lárus H. Bjarnason er enn ekki farinn að tapa sér andlega, og líkamlega ekki að neinu ráði, enda er hann á götu að sjá sem ungur maður. Þetta tiltæki ráðherrans kostar ríkið ekki minna en undir 10 þús. kr. á ári.

Það er hlægilegt, að í 8. gr. frv. er mælt svo fyrir, að dómari megi ekki vera eldri en 60 ára, en í 64. gr. er ákveðið, að núv. dómarar skuli taka sæti í fimmtardómi, ef þeir óska þess, en þeir eru báðir 64 ára. Er það þá ætlunin að reka þá strax úr réttinum aftur? Annars hélt ég satt að segja, að þar sem það er nú svona skammt þangað til hæstv. ráðh. getur, án þess að brjóta stjskr. beinlínis, rekið þessa menn, þá ætti hann að geta haft biðlund þangað til þeir eru 65 ára, eða þetta eina ár, því að annar þeirra dómaranna verður 65 ára í vetur, en hinn sumarið 1933, svo að hæstv. ráðh. þarf ekki lengi að bíða hefndanna úr þessu, þó að þetta frv. sofni að þessu sinni. Ég vil óska frekari skýringa hjá hæstv. ráðh. á þessu, hvernig hann vill samræma það, að dómarar megi ekki vera eldri en 60 ára, en þó skuli þessum 64 ára mönnum gefinn kostur á setu í dómnum.

Þá var hæstv. ráðh. að tala um opin-

bera atkvgr. í dómnum. Ég hefi ekkert við það að athuga, þótt slík breyting verði gerð, og það hefir aldrei verið sérstaklega um það deilt, heldur hitt, hvort samtal dómara á undan atkvgr. og ráðagerðir þeirra innbyrðis skuli birtar opinberlega, eða fara fram í heyranda hljóði. Slíkt tel ég ekki ná nokkurri átt, enda væri það með öllu ómögulegt, og ég veit ekki til, að slíkt eigi sér nokkurstaðar stað.

Þá talaði hæstv. ráðh. um það, að það væri leiðinlegt, að dómarar skipuðu sig sjálfir, er hann kallaði svo. Þessi misskilningur stafar af vanþekking á undirstöðuatriðum okkar stjórnarskipunar. Tilgangurinn með þessu fyrirkomulagi er að gera dómstólinn sem óháðastan framkvæmdarvaldinu, og það er alveg nauðsynlegt. Þessi viðleitni hæstv. dómsmrh. til þess að gera dómsvaldið háð framkvæmdarvaldinu, miðar til þess að rífa burt einn af hyrningarsteinum þjóðskipulagsins.

Loks eru aukadómararnir. Það er næsta afkáralegt, að föstu dómararnir mega ekki vera yfir 60 ára, en aukadómararnir, sem háskólinn leggur til, mega vera langt yfir það, mega vera 100 ára eða meir. Og það er einmitt í vandasömustu málunum, sem þeir skulu koma og dæma með þessum unglingum, sem geta þó verið allt að 60 ára. Ég get ekki séð, hvaða samræmi er í þessu.

Ég held, að þetta frv. hefði gott af að athugast í nefnd, og ég sæi ekki eftir því, þótt það liði nokkuð á löngu, áður en það léti sjá sig aftur. Það eru ýms fleiri atriði en þau, sem ég hefi drepið á, sem þurfa sérstaklega athugunar, en ég hefi undanfarið ekki haft tíma til að fara í gegnum málið í heild, en væntanlega gefst mér síðar tími og tækifæri til að taka þetta mál nokkru ýtarlegar til athugunar og umr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég býst ekki við að þessu sinni að taka nema nokkur helztu atriðin í ræðu hv. 2. þm. Skagf. til athugunar. Hann byrjaði á því að segja, að sú vinna, sem ég hefði lagt í undirbúning þessa máls, og áhugi minn fyrir framgangi þess, stafi af kala til réttarins. Mér finnst það mjög ósennilegt og ótrúlegt, að þessi hinn mjög svo virðulegi dómstóll komi þannig fram við nokkurn mann, að um hefndarhug geti verið að ræða af þeim sökum. Hitt vil ég minna þennan hv. þm. á, að við höfum áður leitt hesta okkar saman hér í deildinni um líkt mál og þetta, þar sem hann var í varnaraðstöðu eins og nú, og þar sem var um nýmæli að ræða, sem sætti mikilli mótstöðu af hálfu þess flokks, sem hv. 2. þm. Skagf. heyrir til, en nú, eftir að það er komið í framkvæmd, er af öllum talin hin mesta framför, jafnt af flokksbræðrum hv. þm. sem öðrum. Ég á hér við nýmæli það, er gert var á þinginu 1928, um lögreglu- og dómsmálastjórn í Reykjavík, þegar tekin var upp nýrri og hagnýtari verkaskipting milli hinna opinberu embættismanna bæjarins. Þessi sjálfsagða breyt. kostaði á sínum tíma hörð átök, enda beittust þeir flokksmenn hv. 2. þm. Skagf. gegn málinu af hinu mesta offorsi. Nú vita það allir, bæði hv. þm. og aðrir hv. þdm., að þessi breyt. hefir orðið til hinnar mestu nytsemdar í öllum greinum, og sérstaklega hefir hún haft afarmikla og víðtæka þýðingu fyrir Reykjavíkurbæ. Um það verður ekki deilt, enda sýndu flokksbræður hv. þm. í bæjarstj. lofsverðan skilning á þessari umbót, því að þeir samþ. að auka lögreglu bæjarins um helming þegar breytingin var komin á, og nú er svo komið, að enginn mun lengur mæla því í gegn, að formælendur þessa máls á þinginu 1928 hafi haft rétt fyrir sér. Svo mun það og reynast um þetta mál. Hinsvegar er það ekkert óeðlilegt, þótt maður eins og hv. 2. þm. Skagf., sem er leiðtogi í íhaldsflokki, taki í þessu máli hina venjulegu íhaldsafstöðu, sem og í öðrum málum, er til framfara horfa. Slíku er ekki nema að búast við, og það verður auðvitað að meta framkomu mannsins með hliðsjón af þessu. Ég skal líka benda hv. þm. á, að framkoma þessa frv. er ekkert einsdæmi; í Danmörku, þar sem hv. þm. telur dómsköp og réttarfar slíka fyrirmynd, þar er dómsmálastj. að glíma við það ár eftir ár að koma líkum breyt. á, sem þetta frv. fer fram á, t. d. um opinbera atkvgr., sem gömlu dómararnir í hæstarétti þar berjast mjög á móti og eru að því leyti enn íhaldssamari en hv. 2. þm. Skagf., og er þá mikið sagt.

Dómsmrh. Dana, sem hv. þm. þekkir og er mjög kunnur maður, hefir sagt það opinberlega, að það væri með öllu óhugsandi, að hæstiréttur hefði dæmt suma dóma, ef atkvgr. hefði verið opinber. Ekki er það kalinn þar, eins og hér er borið við, heldur einungis áhugi til umbóta á þessum sviðum sem öðrum.

Ég ætla ekki að tala mikið um nafn dómstólsins; það hefði ekki verið tekið hér upp, ef það stæði ekki svo á, að æðsti dómstóll þjóðarinnar, meðan hún var frjáls, hét einmitt þessu nafni. Að þessu leyti er sama máli að gegna og um Alþingi. Þegar það var endurreist með nýju skipulagi og nýrri tilhögun á alla lund og undir nýjum kringumstæðum, þá þótti samt sjálfsagt að halda hinu forna nafni lýðveldistímans af sögulegum og þjóðlegum ástæðum, til þess að tengja saman nútíð og fortíð. Sama sjónarmið kemur hér til greina. Ég get ekki skilið annað en að þeir menn, sem heldur vilja lélegt danskhugsað nafn á æðsta dómstól okkar heldur en hið forna nafn, séu bara ekki nógu þjóðlegir. Það er einasta skýringin á því að vilja halda í þetta ósmekklega og óíslenzka nafn, sem hefir verið þrýst upp á okkur samfara erlendri kúgun og í framtíðinni hlýtur ávallt að vitna um niðurlæging og hjáleiguskap þjóðarinnar, vitna um þá vesölu tíma, er við vorum „biland" annarar þjóðar. Ég trúi því ekki að óreyndu, að hv. 2. þm. Skagf. meini þetta í fullri alvöru og því síður það, sem hann sagði um erlendu þýðingarnar á nafninu. Ég minnist þess í öllu falli ekki, að hv. þm. hefði nokkuð á móti því, þegar Landsbankalögin voru á döfinni hér í þinginu, að nafn bankans á erlendum málum væri lögfest, enda var það alveg sjálfsagt, til þess að fyrirbyggja rugling í sambandi við nafn þjóðbankans.

Þá talaði hv. þm. um aldurstakmörkin. Það, sem hann sagði um þau, er allt byggt á misskilningi, sem mun stafa af því, að hann hefir ekki fylgzt með umr. um málið í Ed. í fyrra. Eins og þar var greinilega tekið fram, er hér átt við veitingarskilyrði, þannig að aldursmörkin eiga við það, þegar dómarar koma inn í réttinn. Þannig yrði t. d. maður, sem verið hefir sýslumaður í 3 ár, en er ekki nema 29 ára að aldri, að bíða í eitt ár, þar til hann gæti tekið sæti í dómnum, þó hann að öðru leyti fullnægði veitingarskilyrðunum. Á sama hátt gæti eldri maður en sextugur ekki tekið sæti í dómnum, og snertir það alls ekki það atriði, sem stjskr. mælir fyrir um, um lausn dómara frá embætti. Að tala um stjórnarskrárbrot í þessu sambandi er fjarstæða. Hér er einungis um praktiskt atriði að ræða. Það er ekki heppilegt, að t. d. 62—63 ára gamall maður kæmi inn í réttinn, yrði svo t. d. heilsulaus rétt strax og fengi lausn eftir 2—3 ár með fullum launum til dauðadags. Slík tilhögun yrði ríkinu mjög kostnaðarsöm, því embætti þessi eru þó meðal hinna hæst launuðu, svo sem kunnugt er. Hinsvegar má það vel vera, og ég mun ekki mæla því í gegn, að greinin væri orðuð um, til þess að þetta komi skýrt fram, t. d. bætt við setninguna „þegar dómari fær embætti í réttinum" eða eitthvað á þá leið. Slíkt er ekki nema algengt um frv., að orða þarf einstakar greinar þeirra um, til þess að fyrirbyggja allan vafa um skilning þeirra. Vitaskuld kemur þetta ákvæði ekki til greina um núv. dómara hæstaréttar, þar sem þeir eru dómarar fyrir, svo að hér er ekki um neitt ósamræmi að ræða, eins og hv. þm. vildi vera láta, heldur það, að hann hefir ekki hugsað þetta mál til hlítar né kynnt sér þær umr., sem fram hafa farið um málið hér í þinginu áður. Ég skal ekki að svo stöddu fara neitt út í það, hvort menn 60 ára eða eldri séu færir um að gegna dómarastörfum eða ekki. Þetta skiptir ekki beint máli hér, því eins og ég hefi tekið fram, er aldurstakmarkið miðað við veitingu dómaraembættis. Ég mun ekki heldur koma sérstaklega inn á það, er einn hæstaréttardómari fékk lausn í vor vegna heilsuleysis. Það er mjög gleðilegt, að heilsa hans er nú miklu betri, og má það teljast kraftaverk, hversu heilsu hans hefir brugðið til batnaðar á svo skömmum tíma. Í fyrra var hann niðurbrotinn á heilsunni og bað um frí frá dómstörfum um lengri tíma. Engum datt þá í hug, að honum myndi batna svo fljótt sem raun varð á, og þess vegna var honum veitt lausn frá embætti, eins og hann óskaði eftir.

Hv. þm. kvað ástæðuna til þessa fyrirkomulags, að dómarar skipuðu sig sjálfir,

vera þá, að stjskr. legði ríka áherzlu á aðgreininguna milli dómsvalds og framkvæmdarvalds. Hér fer hv. þm. með staðlausa stafi, enda er víða í þingræðislöndum erlendis horfið frá þessari tilhögun, án þess að slík breyt. þyki brjóta í bága við anda stjskr. Í Vesturheimi eru dómarar meira að segja kosnir og þykir gefast vel. Hér hlustar nú á okkur einn merkur og ágætur dómari frá Vesturheimi, sem kosinn er til 4 ára til þess starfs. Norðmenn hafa einnig afnumið þetta fyrirkomulag hjá sér, þrátt fyrir mótmæli hæstaréttardómaranna þar, og nú hefir einn dómaranna þar sagt, að enginn dómari í hæstarétti Norðmanna myndi framar óska eftir gamla fyrirkomulaginu um sjálfskipun dómara. Sama er að segja um bæði Finna og Svía, sem hafa horfið frá gamla fyrirkomulaginu. Sama hlýtur og að verða uppi á teningnum hér.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta að svo stöddu, en síðar mun ég koma nokkru nánar inn á þessi mál, ef þurfa þykir.

Magnús Guðmundsson: Hæstv. dómsmrh. neitaði, að um kala væri að ræða hjá sér til hæstaréttar. Ég ætla ekki að karpa um það við hann, en ef hann trúir því, þá er hann áreiðanlega eini maðurinn í landinu, sem trúir því. En þeim, sem lesið hafa skrif hans um hæstarétt bæði fyrr og síðar, blandast ekki hugur um hugarþel ráðherrans til réttarins.

Hæstv. ráðh. talaði um viðskipti okkar á þinginu 1928, viðvíkjandi lögunum um lögreglu- og dómsmálastjórn í Rvík. Ráðherrann fór hér mjög skakkt með, svo sem hans er vandi. Hann lagði þá aðaláherzluna á sparnaðarhliðina, samfara umbótum á rekstri embættanna. Ég sýndi fram á, að þessi breyt. yrði þvert á móti til aukins kostnaðar, og það hefir reynzt rétt og nemur kostnaðaraukinn miklu fé.

Það dettur sjálfsagt engum manni í hug að neita því, að með skiptingu bæjarfógetaembættisins í Rvík hafi ýmislegt unnizt í framkvæmd þessara starfsgreina. En þetta nýja fyrirkomulag er langtum dýrara en það gamla. Sparnaðurinn, sem hæstv. dómsmrh. talar um, að orðið hafi, er enginn, en aftur á móti aukinn kostnaður. Ef við lifum það að sjá LR. fyrir 1930 koma í dagsljósið hér í þinginu, sést það bezt, að kostnaður við umrædd embætti í Rvík hefir tvöfaldazt við það, sem áður var, tölurnar sýna þetta mjög greinilega. Og eitthvað hefir ráðherrann þótzt þurfa að bæta lögreglustjóra fyrir hans starf, þar sem ráðh. bætir við laun hans 10 þús. kr., laun þessa manns, sem ráðherrann sagði áður, að hefði haft 80 þús. kr. laun á ári. Þetta vil ég taka greinilega fram, og það er þýðingarlaust fyrir hæstv. ráðh. að reyna að dylja þessa staðreynd með blekkingum.

Þessi embættisrekstur, eins og hann er, er mjög dýr, og það væri ekki vanþörf á að finna leið til þess að spara eitthvað á honum. Það er vitanlega ekki rétt, að lögreglustjóri hafi haft 80 þús. kr. laun, eins og ráðh. hélt eitt sinn fram, en hann hafði vissulega svo há laun, að óþarfi var að bæta þau upp.

Ég held, að ég láti það vera að þessu sinni að rifja upp deilu okkar hæstv. dómsmrh. frá 1928, því ég tel, að það muni ekki verða til neinnar uppbyggingar við þessar umr. Það er auðvitað hægt að bæta margt og á ýmsum sviðum, þegar nógir eru peningar. Svo hefir verið undanfarin ár, og ýmislegt hefir að sjálfsögðu verið lagað, en nú er svo komið, að það er ekki lengur hægt að ausa fé. Það er háttur ráðleysingja, ef þeir komast yfir eyri að eyða honum þegar í stað; hitt er hygginna manna háttur að safna varasjóði til vondu áranna, en það er eins og þessi kenning sé greinilega hulin hæstv. ráðh.

Ég get ekki gert eins mikið úr deilu í Danmörku, eins og ráðh. vildi gefa í skyn, milli dómsmrh. þar og hæstaréttar. Ég hygg, að það sé miklu fremur deila flokkanna innan þingsins um ýmislegt, er snertir hæstarétt, deila, sem rétturinn sjálfur stendur utan við.

Þá hélt hæstv. ráðh. því fram, að það væri skortur á þjóðlegri tilfinningu hjá mér, að ég vildi ekki aðhyllast fimmtardómsnafnið. Það má sjálfsagt um það deila, hvort þetta er rétt hjá hæstv. ráðh., en ég ætla ekkert að fara að metast við hann um það, hvor okkar sé þjóðlegri. En ég verð að segja, að það eitt sýnir ljóslega, hve þetta fimmtardómsnafn er óheppilegt, að hæstv. ráðh. skuli leggja

til að lögleiða alveg ranga þýðingu á nafninu á erlent mál, svo að aðrar þjóðir geti skilið, við hvað er átt.

Hann minntist á það, að ég hefði á sínum tíma greitt atkv. með Landsbankalögunum, þar sem heiti bankans væri þýtt. Já, en það er rétt þýtt og það er aðalatriðið. Í þessu frv. er um ranga þýðingu að ræða. Það gerir muninn.

Ég verð að segja, að það gladdi mig að heyra skýringu hæstv. ráðh. á 8. gr. frv., um að 60 ára aldurstakmarkið væri aðeins til þess að miða við inntöku dómara í réttinn, og að dómarar í réttinum megi verða svo gamlir sem vera vill. Ef þessi er meining frv., þá er óþarft að deila um það atriði, en þá verður að breyta orðalagi gr., svo að skiljist, hver tilætlunin er. Það er sem sé auðsætt, að ef þessi skilgreining hæstv. dómsmrh. um 60 ára aldursákvæðið í 8. gr. er rétt, þá mætti alveg eins álykta eftir orðalagi gr., að sá dómari í fimmtardómi, sem t. d. missti mannorð sitt, gæti haldið áfram að vera dómari í réttinum, af því að hann hafði óflekkað mannorð, er hann kom inn í réttinn, en enginn mun þó vilja halda því fram. — Það er auðvelt að sýna það á skjölum og undirbúningi þessa frv., að þetta var ekki meiningin í upphafi, að leyfa dómurum yfir 60 ára setu í fimmtardómi, og að ráðh. er hér að snúa aftur frá því ráði að gera dómarana ræka úr réttinum, þegar þeir eru orðnir sextugir, sjálfsagt af ótta við kostnaðinn og mótstöðu sinna flokksbræðra.

Viðvíkjandi Lárusi H. Bjarnason þótti ráðh. það mjög leiðinlegt, að hann skyldi fara úr hæstarétti vegna lasleika. En það var einmitt ráðh., sem sjálfur bægði honum frá réttinum, og það er ráðh. í lófa lagið nú að gera gott úr þessu með því að skipa hann dómara í réttinn aftur. Hann er nú orðinn heill heilsu og frískur eins og unglamb og því sjálfsagður til þess að taka sitt forna sæti, ef hann vill. (**Dómsmrh.:** Hann kemur sennilega inn í fimmtardóminn). Verður þá ekki 60 ára aldursskilyrðið til fyrirstöðu? (**Dómsmrh.:** Það er nú sennilega annað með hann). Það er gott að heyra, en ég hélt satt að segja, að ráðh. ætlaði ekki að byrja með því að brjóta fimmtardómslögin, og ef hann vildi komast hjá því að brjóta þessi lög strax, þá er það ráðið að skipa Lárus H. Bjarnason þegar fyrir dómara í hæstarétti. (**BJ:** En vill hann taka sæti í réttinum?). Ég veit það ekki, en hitt veit ég, að hann vildi ekki fara úr réttinum, og mér þykir það líklegt, að hann mundi vilja taka sæti aftur í honum.

Þá er það val dómaranna sjálfra á manni í réttinn eins og hæstv. ráðh. orðaði hugsun sína. Það er ekki rétt, að þeir velji dómara í réttinn, en það er hægt að segja, að þeir hafi neitunarvald, en þó ekki gagnvart þeim, er dæma rétt eða vel í 3 til 4 fyrstu málunum. Og ef hann dæmir rétt, eða byggir vel dóma sína í þessum fyrstu málum, þá væri það aðeins hlutdrægni, ef dómararnir neituðu honum um upptöku í réttinn, en fyrir slíku er ekki ráð gerandi. Ákvæðið um neitunarvald dómaranna er ekkert annað en vernd, öryggi um það, að óhæfur maður sé ekki skipaður í réttinn. En svo er ráðh. alls ekki skyldugur til þess að taka þann mann, sem rétturinn telur hæfan, því hann getur látið fleiri menn taka próf. Þessu ákvæði er einmitt svo vel í hóf stillt sem verða má, til þess að koma í veg fyrir það, að pólitísk aðstaða ráðh. geti haft allt of mikið að segja um val dómara.

Guðbrandur Ísberg: Það er svo með hæstaréttarlögin frá 1919 eins og önnur lög, að ekki er nema réttmætt að breyta þeim, ef þurfa þykir. En mér finnst þær brtt., sem hér liggja fyrir, koma fram með nokkuð einkennilegum hætti. Það er sem sé föst venja, ef óskað er breyt. á einhverjum lögum, að flytja þá brtt. við þau, sem standa sjálfstæðar, jafnhliða lögunum, eða eru síðar felldar inn í þau. Hér er farin talsvert önnur leið. Hér eru nokkrar breyt., flestar smábreytingar, felldar inn í hæstaréttarlögin, og þau síðan borin fram sem nýr lagabálkur. Með þessari aðferð er þingmönnum gert mjög erfitt að átta sig á hinum raunverulegu breyt. á hæstaréttarlögunum, sem lagt er til, að gerðar verði. Margar brtt. eru svo smávægilegar, að maður gæti jafnvel freistazt til að ætla, að það hafi verið leitað að tilefnum til breyt. T. d. má benda á 28. gr. frv., 2. lið, sem er

nákvæmlega samhlj. 2. lið í 21. gr. hæstaréttarlaganna, að öðru en því, að þar er raðtala skrifuð með bókstöfum á tveim stöðum, en í frv. er hún á öðrum staðnum skrifuð með bókstöfum, en á hinum með tölustaf.

Flestar breyt. í þessu frv. eru, eins og áður er sagt, svo smávægilegar, að það virðist ekki ástæða til að fjölyrða um þær fyrr en frv. er komið úr nefnd. Þó eru það þrjú atriði, sem mjög eru athugaverð og má telja, að horfi til verulegra skemmda á hæstaréttarlögunum. Hv. 2. þm. Skagf. hefir nú þegar bent á þau allrækilega. Er þar fyrsta að telja nafnið á dómstólnum, sem á að vera *fimmtardómur*. En samtímis á að lögfesta enskt heiti á dómstólnum, sem þýðir nákvæmlega útlagt æðstiréttur eða hæstiréttur. Og á öllum öðrum málum á dómstóllinn að táknast með orðum, er þýða hið sama. Hann má aðeins ekki heita hæstiréttur á íslenzku, eins og verið hefir. Mér finnst þetta afaróviðkunnanlegt, þó það raunar hafi litla praktiska þýðingu. En maður gæti látið sér detta í hug eftir þessu fordæmi, að fram kæmi till. um það, að skýra landið um og nefna það t. d. Garðarshólma, eins og það um skeið var kallað, þó það yrði látið halda áfram að heita Ísland á erlendum málum. Eða að breytt yrði nafni á höfuðstað landsins, eins og gert var í Rússlandi, er Petrograd var breytt í Leningrad.

Önnur ástæða á móti þessari breyt. er sú, að nafnið fimmtardómur á alls ekki við um þá stofnun, sem frv. ræðir um. En það er annar dómstóll í landinu, sem þetta nafn er tilvalið á, og það er landsdómurinn. Ég geri ráð fyrir, að lögum um þann dóm verði mjög bráðlega breytt, og því vil ég skjóta því til hv. þd., hvort ekki sé vel til fallið að geyma þeim dómi þetta nafn, en láta hæstarétt halda sínu nafni, eða ef það nafn þætti of danskt, þá t. d. að breyta því í æðstarétt.

Annað atriði í þessu máli, sem ég tel mjög óheppilegt, er það, að hæstiréttur skuli lagður niður. Ég get með engu móti skilið, hvaða nauðsyn ber til, að svo skuli gert. Hún er áreiðanlega engin fyrir hendi. Auk þess er mikill vafi á um það, hvort hér er ekki um hreint stjórnarskrárbrot að ræða. Mér virðist þetta ákvæði frv. svo fráleitt, að ég leyfi mér að óreyndu að ganga út frá því sem vísu, að sú hv. n., sem fær frv. til meðferðar, felli þetta ákvæði úr því.

Þá er það þriðja atriðið, sem ég vildi benda á, en það er, að felld er niður prófraun þeirra manna, er óska að skipa hæstarétt. Ég verð að álíta það mjög óheppilegt eins og nú standa sakir á pólitiska sviðinu, að láta framkvæmdarvaldið vera allt of einrátt um skipun æðsta *dómstólsins í landinu, en miklu réttara*, að hæstiréttur hafi þar ofurlítinn íhlutunarrétt, eins og verið hefir. — Hæstv. dómsmrh. ræddi um það, að í Danmörku væri allhörð deila um það að breyta þessum ákvæðum. En það má benda á það, að þeir menn eru með tilliti til pólitísks þroska lengra komnir en við, en auk þess munu það vera sócialistar þar í landi, sem mest berjast fyrir þessum breytingum á hæstarétti Dana. Og þó að pólitískur þroski sé almennt kominn á hærra stig í Danmörku en hér, þá er fullkomin ástæða til að ætla, að sócialistar þar vilji ná pólitískum yfirráðum á sínum hæstarétti, eins og það eru sócialistar hér á landi, sem keppa að hinu sama. En það verður að álítast illa farið hér, ef hæstiréttur, sem þjóðin óskar, að sé ópólitísk stofnun, yrði gerður að pólitískri togstreitukliku.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég get verið fáorður í svari mínu til hv. þm. Ak., af því að hann virðist mér sammála um svo margt í efni frv. En ég vildi þó leiðrétta það, sem hann sagði um hæstaréttardeiluna í Danmörku, að það væru sócialistar, sem aðallega vildu breyta lögunum um réttinn, en það er ekki rétt. Það er einmitt radikali flokkurinn með *íhald í broddi fylkingar, sem barizt hefir* fyrir breyt. á hæstarétti.

Við hv. 2. þm. Skagf. erum nú óðum að nálgast hver annan; hann finnur m. a. það eins og ég, að það er ekki gott, að menn fái að fara allt of gamlir inn í hæstarétt.

Það, sem hann var að tala um launaviðbót, sem ég hefði látið greiða Jóni Hermannssyni, var alveg byggt á misskilningi, því þegar Jón Hermannsson fór frá lögreglustjóraembættinu og varð toll-

stjóri, heyrði starf hans ekki lengur undir mína deild í stjórnarráðinu, heldur undir fjármálaráðuneytið. Það er þess vegna við aðra að tala um þetta en mig.

Þá vildi hv. þm. láta það líta svo út, að deilan um breyt. á skipan bæjarfógetaembættisins í Rvík hefði aðeins verið deila um eyðslu eða sparnað, en það er langt frá rétt. Það var fyrst og fremst deilt um formið, það voru fyrirkomulagsbreyt., sem deilt var um. Hann skildi það ekki þá, en flokksmenn hans í bæjarstj. skildu það, enda kom það fljótt í ljós, að nýja skipulagið var betra en það gamla. Það kom í ljós, að laun tveggja starfsmanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra, höfðu verið óhæfilega há. Hinsvegar varð það óhjákvæmilegt, er verkin voru betur unnin, þegar meiri vinna var í þau lögð, að þá varð að borga þau meira. En það er ómótmælanlegt, að sparnaður varð á sjálfum embættunum og hv. þm. verður að viðurkenna, að starfrækslan er langtum betri en áður. — Það ber einnig á það að líta, að störf lögreglustjóra, tollstjóra og fleiri slíkra starfsmanna vaxa hér ekki aðeins hlutfallslega með stækkun höfuðstaðarins, heldur miklu meira. Til þess eru margar ástæður. Í sambandi við það má benda á það, hve störf borgarstjórans hér hafa hraðvaxið í seinni tíð eftir kostnaðinum að dæma.

Að því er snertir nafn réttarins og þýðingu þess á ensku, vil ég minna hv. 2. þm. Skagf. á það, að nákvæmlega sama leið var farin í l. um Landsbanka Íslands, eins og hv. þm. hlýtur og að muna, því að hann átti sjálfur hlut að þeirri löggjöf. Var þetta gert vegna útlendinga, svo að það væri skýrt og ótvírætt, að hér væri um þjóðbankann að ræða. Þá er og þess að minnast, að Alþingi vort er kallað parliament á útlendum málum, þegar um það er talað, og gegnir þar því sama máli sem í þessu efni (**MG:** Nei, nei). Hv. þm. þarf ekki annað en að fletta t. d. upp í alfræðiorðabókinni, sem nýlega hefir verið keypt handa þinginu, og getur hann þá gengið úr skugga um, að svo er sem ég segi, að alltaf er talað um Alþingi sem parliament, þó að þess kunni jafnframt e. t. v. að vera við getið, hvert hið íslenzka heiti þess er.

Magnús Guðmundsson: Ég verð að játa það, að ég skyldi ræðu hv. þm. Ak. á annan veg en hæstv. dómsmrh., en hvor okkar fari þar með réttan skilning, skal ég ekki dæma um. Hv. þm. Ak. verður þar sjálfur að skera úr.

Hæstv. dómsmrh. taldi okkur vera farna að nálgast hvor annan um skilning á 60 ára aldurstakmarkinu, en hæstv. ráðh. verður í því sambandi vel að gæta, að það er hann, sem hefir komið til mín, en ég ekki til hans. Hvað á það enda að þýða að setja þetta aldurstakmark, ef það á ekki að vera hámark, auk þess sem það verður ekki öðruvísi skilið? Vildi ég beina því til þeirrar n., sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar, að hún leiðrétti þetta orðalag, ef hún á annað borð sinnir frv., svo að þetta verði skýrt og ótvírætt öllum, sem gr. lesa, og ekki þurfi að leita uppi ummæli, sem um málið hafa fallið í Ed., til þess að ganga úr skugga um meiningu þessa ákvæðis, eins og hæstv. dómsmrh. varð nú til ráðs, enda ætla ég, að flestum muni þykja torsótt verk að grafa uppi slíkar lögskýringar í Alþt.

Hæstv. dómsmrh. lýsti sig saklausan af greiðslunni til tollstjórans, sem ég drap á, og má vel vera, að svo sé, að hann eigi þar ekki sök sjálfur, en engu að síður er sökin stj., því að hún hefir greitt þetta fé úr ríkissjóði, eins og ég áður sagði. Hefi ég með eigin augum séð þessa greiðslu bókfærða, enda bar hæstv. ráðh. ekki á móti því, að greiðslan hefði farið fram, þó að hann hinsvegar vildi skella skuldinni á stjórnarbræður sína. Ég man og svo langt, að hæstv. ráðh. lét svo um mælt á þinginu 1928, að þessi umræddi embættismaður hefði 40—80 þús. kr. í árlegar tekjur, og virðist því sannarlega hafa verið að bera í bakkafullan lækinn að fá honum þessa uppbót á laun sín, sem ég áður lýsti. Og ég hefði ekki trúað því, að slík greiðsla hefði farið fram úr ríkissjóði án þess að samþykki ráðherrafundar hefði komið til áður, ef ég heyrði ekki, að hæstv. dómsmrh. virðist engin skil á þessu vita. Annars kemur það í ljós á sínum tíma, hver ráðh. það er, sem fyrir þessari greiðslu hefir staðið, en skiptir þó hinsvegar engu máli, því að sökin er stj. eftir sem áður.

Ég ætla, að Alþt. muni bera því órækt

vitni, að ég fór rétt með þær röksemdir, sem hæstv. dómsmrh. hafði um skiptingu embættanna hér í Reykjavík á þinginu 1928. Ég vil hér aðeins minna á það, að hæstv. ráðh. sagði þá, að af embættaskiptingunni mundi leiða miklar auknar tekjur til handa ríkissjóði. (**JónasJ:** Þær komu líka). Ekki hefi ég getað komið auga á þær í LR. Eða hefir stj. e. t. v. stungið þeim í vasa sinn? (**JónasJ:** Hélt þm., að þær væru færðar á einhverjum sérstökum lið?) Já, ég hélt, að svo mundi gert, og einn slíkan lið hefi ég enda rekizt á, sem talinn er þessum embættum, en þar er nú ekki um að ræða hærri upphæð en 2—3 þús., ég man ekki töluna alveg upp á víst, svo að reyndin hefir orðið sú, að þessir embættismenn halda áfram flestum þeim aukatekjum, sem þeir áður höfðu. Þannig hefir t. d. lögmaðurinn áfram allar tekjur af uppboðum, og segja þó l., að allar aukatekjur af þessum embættum skuli renna í ríkissjóð. Benti ég á það á þinginu 1928, að slíkt væri óhæft, vegna þess, að lögmaðurinn er ábyrgur um þetta fé, og ég hefi enn ekkert á móti því, þó að uppboðstekjurnar renni til hans, heldur finnst það eftir atvikum sanngjarnt, en slíkt er bara algerlega á móti l. En hæstv. ráðh. notaði einmitt þessar fullyrðingar um auknar tekjur í ríkissjóð, til þess að fanga þm. til að greiða atkv. með skiptingu þessa embætta á þinginu 1928, og nú kemur það svo í ljós, að þessar aukatekjur, sem ráðh. miklaði svo í augum manna þá, renna alls ekki í ríkissjóð, heldur renna þær eftir sem áður til þessara embættismanna. Hitt er að vísu rétt, eins og ég margsýndi fram á á þinginu 1928, að hér er ekki um svo gífurlegar upphæðir að ræða, eins og hæstv. dómsmrh. þá vildi vera láta. Ég hefði t. d. gaman af því, ef hæstv. ráðh. liti á reikning lögmannsins í Landsbankanum yfir vexti af búafjám. (**JónasJ:** Heldur þm., að lögmaðurinn dragi undan?) Nei, ekki held ég það, en ég held, að hæstv. ráðh. mundi þá **verða** að láta sannfærast um það, að hann hafi ýkt búafjártekjurnar úr öllu hófi fram.

Að því er snertir nafn réttarins, þá er það rétt hjá hv. þm. Ak., að svo er lögboðið, að rétturinn skuli heita annað á erlendum málum en á íslenzku, og sýnir það, eins og ég hélt fram, að hæstv. ráðh. muni ljóst vera, að nafnið er ekki rétt, þar sem það gefur ekki til kynna, hvað við það er skilið.

Guðbrandur Ísberg: Ef hæstv. dómsmrh. hefir skilið orð mín svo, að ég teldi þær breyt. smávægilegar, sem frv. fer fram á, að gerðar verði á hæstarétti, hefir hann skilið orð mín rangt. Ég sagði, að yfirleitt væru þessar breyt. smávægilegar og meginið af þeim aðeins umbúðir utan um þær höfuðbreytingar, sem ég einkum gerði að umtalsefni í ræðu minni. Að því er eina höfuðbreyt. snertir, nafnbreytinguna, þá sýndi ég fram á, að ekkert er það, sem með henni mælir, heldur mælir hinsvegar allt á móti henni, og nákvæmlega sama máli gegnir um hinar höfuðbreytingarnar, niðurfelling prófraunarinnar, sem miðar beinlínis að því að brjóta niður réttaröryggið í landinu, og er þó fæst, sem þjóðina varðar meiru, að vel sé að búið. Þó má vera, að ég hafi ekki lagt eins mikla áherzlu á það eins og ástæða hefði verið til, að allar aðrar breyt. frv., eða a. m. k. flestar þeirra, eru ekkert nema umbúðir utan um þær þrjár höfuðbreytingar, sem máli skipta, og ég áður í fyrri ræðu minni drap á.

Jóhann Jósefsson: Ég vil leyfa mér að benda á það, að eins og sakir standa, eru það aðrar kröfur, sem þjóðin gerir til þings og stj. en að afnema hæstarétt. Liggja engar kröfur fyrir um það frá þjóðinni að afnema þenna æðsta dómstól landsins, og hæstv. dómsmrh. hefir og ekki heldur getað fært neinar sönnur á, að hann hafi almennan þjóðarvilja að baki sér til breytinga í þessu efni, enda sízt við því að búast, eftir að margsinnis hefir verið sýnt fram á það í meðferð þessa frv. á fyrri þingum, að hér er alls ekki um neina breytingu til hins betra að ræða. Það er nú út af fyrir sig, að breytingin hefir í för með sér stórum aukinn kostnað fyrir ríkissjóð frá því, sem nú er, og er það atriði reyndar sérkennandi fyrir þá stj., sem fer með völd í landinu, og þó einkum fyrir þann ráðh., sem hér á hlut að máli, því að segja má, að hann hafi ekki alla sína ráðherra-

tíð farið svo höndum um nokkra stofnun, að ekki hafi af því hlotizt einhver aukakostnaður, og þá oftast óhóflegur. Vil ég í því sambandi minna á embættaskiptinguna hér í Rvík, sem hér hefir verið drepið á í umr., og vil ég jafnframt taka það fram, að það er ekki til að kasta rýrð á lögregluna né dómarana hér á staðnum, en hæstv. dómsmrh. hefir vissulega fremur ástæðu til að horfa í gaupnir sér en að vera að hæla sér af því, hversu mikla vernd borgarar höfuðstaðarins eigi þar eignum sínum og atvinnufriði. Að því er kostnaðinn af þessari embættaskiptingu snertir, er það skemmst að segja, að þar hefir allt farið í öfuga átt við það, sem hæstv. ráðh. hélt fram, þegar hann var að hamra skiptinguna í gegn hér á þinginu 1928, svo að hann ætti ekki að vera að guma af þessari sparnaðarráðstöfun sinni.

Hér hafa nú þegar tveir flokksbræður mínir andmælt frv., báðir lögfræðingar, og hafa þeir einkum fjallað um hina lögfræðilegu hlið málsins, en ég vildi sem leikmaður benda á, að ekki verður hjá komizt að setja það í samband hvort við annað, að einmitt sá ráðh., sem farið hefir óviðurkvæmilegustum orðum um hæstarétt, skuli verða til þess að bera fram frv. um afnám réttarins. Þó að maður hafi ekki sérfræðiþekkingu til að greina á milli einstakra gr. lagasetningarinnar í þessu efni, sér maður þó, að þar er ekki fiskur undir steini með breytinguna, sem hæstv. dómsmrh. vill vera láta. Er það alkunna, að af vörum hæstv. ráðh. hafa fallið orð um hæstarétt úr ráðherrastóli, sem svo hljóða, að óhæfa mundu talin meðal allra siðaðra þjóða. Hæstv. ráðh. hefir gengið svo langt í ofsókn sinni gegn hæstarétti, að hann hefir fullyrt, að réttvirinn hafi drýgt réttarmorð, og verður það því harla broslegt, þegar ráðh. nú rís hér upp og þykist bera fyrir brjósti umbætur á réttinum, sem m. a. miði að því að gera aðganginn hægari að góðu réttarfari. Hlýtur slíkt að vekja bros hjá öllum þeim, sem þekkja forsögu þessa máls, og þá einkum forsögu hæstv. ráðh. sjálfs í þessu máli. Hæstv. ráðh. sagði, að það væri ekki líklegt, að sér gengi til hefndarhugur í þessu máli, og vil ég bæta því við, að ólíklegt er, að hefndarhugur hafi ráðið hjá hæstv. ráðh., þegar hann hefir verið að lítilsvirða og fótum troða þessa veglegustu stofnun ríkisins næst Alþingi sjálfu. En hvaða ástæður liggja eiginlega að þessari óverjandi framkomu ráðherrans? Hver svo sem tilgangur hæstv. ráðh. hefir verið, verður augunum ekki lokað fyrir þeirri staðreynd, að hæstv. ráðh. hefir aldrei getað séð hæstarétt í friði, og þótti mér rétt að benda á þá staðreynd hér við 1. umr. þessa máls. Flutningur þessa frv. er keipar manns, sem af einhverjum ástæðum ber óvildarhug til hæstaréttar og vill hann feigan. (HStef: Á ekkert að koma í staðinn?) Ef um réttarbót væri að ræða, mundi ég ekki telja eftir þann aukna kostnað, sem af breytingunni leiðir, en það, sem á að koma í staðinn, og hv. þm. N.-M. er að fiska eftir, er dómstóll, sem á að vera verkfæri í höndum þeirrar tegundar af réttvísi, sem orðin er kunn síðan hæstv. dómsmrh. komst til valda, og alþjóð manna æ setur í samband við hann, en að gera hæstarétt að verkfæri slíkrar tegundar af réttvísi, er öfugt við það, að um réttarbót sé að ræða. Þjóðin hefir þegar fengið nóg af þessari réttvísi, og ætti sá mælir nú þegar að skoðast yfrið fullur, enda er næsta ólíklegt, að nokkur maður sé svo blindur, að hann ljái atkv. sitt til að styðja að afnámi hæstaréttar og setja í staðinn þá „réttvísi", sem hæstv. dómsmrh. vill láta vera ríkjandi í landinu.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég vildi leiðrétta misskilning, sem kom fram í ræðu hv. 2. þm. Skagf., viðvíkjandi aukatekjum tollstjórans hér í Rvík. Í stjórnartíð hv. þm. voru tekjur þessa manns svo sem hann sagði, og rann þá t. d. í hans vasa 2% af öllum stimpilgjöldum, sem nam um 30 þús. kr. á ári, en nú rennur þetta óskipt í ríkissjóð, og eins hafa skipagjöldin verið tekin af honum, sem hann áður naut góðs af. Hefir hv. þm. auðsjáanlega ekki tekið eftir þessu, og stafar misskilningur hans af því.

Mér þótti vinur minn, hv. þm. Vestm., vera í illu skapi áðan, og stafar það eflaust af því, að hann er nú nýkominn hingað til bæjarins heiman úr Eyjum, en þar mun nú lífshættulegt að dveljast vegna skothríða, en ég vænti þess, að

þessi órói hv. þm. Vestm. hverfi, þegar hann fer að njóta værðarinnar hér í höfuðstaðnum og verndar okkar góðu lögreglu hér. — Hv. þm. talaði um það, að ég hefði gagnrýnt dóma hæstaréttar, og er það að vísu ekkert einsdæmi um mig, því að þetta er gert í öllum löndum, sbr. t. d. þetta atriði, sem ég færði til í ræðu minn fyrr í dag, að dómsmrh. Dana lét svo um mælt, að fjöldi dóma hins danska hæstaréttar hefðu fallið öðruvísi en ella, ef atkvgr. hefði verið opinber. Hvað lá nú til grundvallar fyrir þessu hjá Zahle? Hann vill, að atkvgr. verði gerð opinber og þjóðinni þannig gefinn kostur á að fylgjast með og veita dómurunum það aðhald, að dómar þykja þar nú gefa betri niðurstöður. En hví minntist hv. þm. Vestm. ekki á það, að það eru fleiri en ég íslenzkra manna, sem gagnrýnt hafa hæstarétt? Einn málaflutningsmaður við réttinn, sonur eins fyrrv. dómara hér í bæ og flokksbróðir hv. þm. Vestm., lét svo um mælt í opinberu skjali, að hér á landi væri um ekkert réttlæti að ræða, ef hæstiréttur dæmdi þá leið, sem hann síðar gerði, í einu ákveðnu máli. Auk þess er rétt að benda á dóm Sig. Eggerz um hæstarétt í nýútkomnum bæklingi. Þar getur hv. þm. séð, hvernig sumir fremstu menn í flokki hans líta á málið.

Jón Auðunn Jónsson: Það endurtekur sig nú sem fyrr, að hæstv. dómsmrh. gengur á sín fyrri orð og gerðir. Nú segir hann, að fyrir sér hafi vakað það, er hann bar fram frv. um skiptingu bæjarfógeta- og lögreglustjóraembættanna 1928 að fá **verkaskiptinguna,** eins og fram á var farið í því frv. Á þinginu 1928 hafði hann sjálfur slík orð um tilgang sinn með því frv.:

„Þó að hitt atriðið, um verkaskiptingu þessara embætta, sé þörf ráðstöfun, er það ekki svo nauðsynlegt, að það **eitt** hefði knúð stj. til þess að koma fram með þetta frv. Þótt lögreglustjórn og tollstjórn séu ólík störf og bæði umfangsmikil, þá er ekki brýn ástæða til að aðgreina, ef ekki væri hér um aðra ástæðu að ræða, þ. e. nauðsynina á að stilla launum í hóf". (Alþt. 1928, B, bls. 4699).

Hér þarf því ekki frekar vitnanna við um tilgang hæstv. dómsmrh. með embættaskiptingu þess frv. Þar eru hans eigin orð til frásagnar.

Um það mál, sem hér er á dagskrá, vil ég segja það, að fyrir honum er breyt. á dómaskipuninni aukatriði. Þetta frv. er fram borið til að losna við hæstaréttardómarana. Fyrir þetta skal hann ekki sverja, dæmin, sem tekin hafa verið, eru glögg. Ég skal bæta einu við.

Á þingmálafundi á Ísafirði kom einn skoðanabróðir hæstv. dómsmrh. með till. um **að breyta hæstaréttarlögunum.** Ég spurði hann, hvort hann teldi ástæðu til að breyta þeim til þess að fá meira réttaröryggi í landinu. Því svaraði hann neitandi. Heldur væri ástæðan sú, að hann teldi dóma hæstaréttar ekki í samræmi við réttarmeðvitund sína. Ég spurði hann þá, hvort svo væri um alla dóma réttarins, en við því kvað hann nei. Því að dómur sá, er prófessorarnir dæmdu í vetur, hefði að öllu leyti verið í samræmi við réttarmeðvitund sína. Maðurinn játaði því hreint og beint, að ástæðan væri engin önnur en sú, að hann vildi losna við núv. dómara hæstaréttar. Þannig er og um fleiri skoðanabræður hæstv. dómsmrh. úti um land; fyrir þeim vakir ekkert annað.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég vil aðeins leiðrétta misskilning, sem kom fram í ræðu hv. þm. N.-Ísf. Hann sagði, að það hefði frétzt vestur, að með frv. þessu væri verið að útiloka núv. dómara frá hæstarétti. Þetta er alls ekki rétt, því að þeim eru beinlínis tryggð embættin, og ég vænti, að hv. þm. sannfærist um, að svo er, ef hann kynnir sér frv., og jafnframt um, að frétt sú, er honum barst vestur um þetta, hafi ekki verið rétt.

Jón Auðunn Jónsson: Ég verð að viðurkenna, að þessi pólitíski samherji hæstv. dómsmrh. mun hafa haft fyrir sér frv. eins og það lá fyrir þinginu í fyrra, því að frv. það, er hér liggur fyrir, var að sjálfsögðu ekki komið út þá, því að eins og kunnugt er, er allt svo síðbúið hjá þessari hæstv. stj., að ekkert kemur, sem frá henni á að koma, fyrr en í ótíma, eins og t. d. landsreikningurinn síðasti. Maðurinn mun því ekki hafa haft ástæður til þess að sjá, að hæstv. ráðh.

hafði orðið að beygja sig í þessu máli frá því síðast. Annars þýðir ekki að deila um frv. þetta við hæstv. ráðh., því að þar rekur sig hvað á annars horn. Það er fram komið frá hans hendi sem hefnd á einstaka menn, en af slíkum hvötum getur ekkert gott leitt í löggjafarstarfinu.

Ólafur Thors: Það eru aðeins örfá orð, sem ég vildi segja hér í deildinni undir þessari umr. málsins. Þau hníga að því, að það komi berlega fram, af hvaða rótum þetta mál er runnið.

Allt frá því fyrsta að þessi hæstv. dómsmrh. tók við völdum, hefir hann til hneykslis öllum almenningi hvað eftir annað gert harðvítugar og óvægilegar árásir á hæstarétt þjóðarinnar. Eitt eftirminnilegasta dæmið var í sambandi við mál, þar sem þessi hæstv. ráðh. vann það til að gefa erlendum sökudólg stórar gýligjafir, tugi þúsunda, að því er sýndist eingöngu til þess að fá tækifæri til þess að ráðast á hæstarétt. Síðan hefir hann haldið þessum árásum áfram óslitið. Af vörum hans úr ráðherrastóli þessarar hv. d. hafa fallið þau orð um hæstarétt, sem allir hugsandi menn harma, eins og t. d. þegar hann sagði, að rétturinn hefði framið réttarmorð. Þessar árásir hafa svo stöðugt haldið áfram og nú síðast enda þær í nauðaómerkilegri, en þó ekki allskostar óskemmtilegri grein í Tímanum síðastl. laugardag. Grein með fyrirsögninni: „Vér héldum heim". Ég las grein þessa eins og hvert annað grín, svona svipað því, sem er í Speglinum. Og greinin er skemmtileg, af því að hún lýsir svo ágætlega andlegri heilsu ráðherrans, en meinlaus, af því að tæplega er hugsanlegt, að vaðallinn verði tekinn alvarlega. Eins og kunnugt er, hefir þessi hæstv. ráðh. haft háttlaunaða menn, eins og t. d. hv. þm. Dal., til þess að skrifa um sig væmið oflof, sem margir hafa brosað að, en nú hefir hann ekki einu sinni getað fengið þennan andlega samherja sinn til þess að fullnægja hinni sívaxandi og óseðjandi metorðagirnd sinni og því orðið að skrifa þessa spaugilegu gríngrein sjálfur. Grein þessi byrjar á því að viðurkenna Jón Sigurðsson forseta sem mestan mann, en eftir hans dag þá P. Briem, Magnús Torfason og Skúla Thoroddsen, aðrar pólitískar stjörnur hafi ekki skinið hjá þjóð vorri. Hinir hafa allir verið „Estrups þrælar", kúgaðir og kaghýddir arlakar. En þó sé svo Guði fyrir að þakka, að þjóðin lifir enn. En af hverju? Af því aðeins, að annar Jón Sigurðsson er fram kominn. Og sjá, þar situr hann. Ég veit vel, að þetta er ekki síðasti kaflinn í þessari árásarsögu hæstv. ráðh. á hæstarétt, því að á meðan hann hefir kraft til þess að halda á penna og svo mikið vit sem nægir til þess að einhver hluti þjóðarinnar trúir því, sem hann segir, mun hann halda iðju sinni áfram.

Það má vel vera, að menn geri sér það ekki almennt ljóst, af hverju þessi hæstv. ráðh. vill láta breyta hæstarétti, svo að hann verði annars eðlis en hann er nú. En það er af því, að hann, sem getur leikið sér að því að brjóta lög landsins og hefir jafnvel fengið meiri hl. þingsins, með aldursforseta í broddi fylkingar, til þess að samþ., að það, sem var skýrt lagabrot, væri ekkert lagabrot, hann á erfitt með að þola það, að til sé sú stofnun, sem ekki hleypur eftir vilja hans, heldur lætur lög landsins ráða og dæmir eftir þeim. Og það því heldur, þar sem dómar þessarar stofnunar hafa lent allóþyrmilega á honum sjálfum. Ég er t. d. alveg fullviss um, að síðasti dómur hæstaréttar í máli Helga læknis Tómassonar hefði einn nægt til þess, að þessi ráðh. hefði fengið hatur á stofnuninni og þeim, sem í henni eiga sæti. Hæstv. ráðh. var það mikið kappsmál, að læknirinn biði lægra hlut í því máli, en rétturinn leit svo á, að ráðh. hefði brotið lög landsins á lækninum og lét því ríkissjóð sæta stórum útgjöldum fyrir. Ég get því vel skilið, að hæstv. ráðh. með sitt einræðisskap, eigi bágt með að þola þetta. Annars er það ekki vansalaust fyrir þingið að hafa slíkan mann sem núv. dómsmrh. lengur sem aðalvörð laga og réttar í landinu. Mann, sem svo mjög misbeitir valdi sínu og getur ekki þolað rétt lög og réttláta dóma. Það væri sæmra, að Alþingi leysti þjóðina undan einræði þess manns, sem herfilegast hefir misbeitt valdi sínu af öllum þeim, er hér hafa með völd farið, heldur en að honum sé nú einnig fengið fullveldi yfir dóms-

valdinu í landinu. Við höfum sannarlega nógu lengi átt að búa undir hinni alkunnu Hrifluréttvísi. (**Dómsmrh.**: Eru það síldarmálin, sem hv. þm. á við?). Ég skal, hvenær sem minnzt er á þetta mál, nota tækifærið til þess að koma svo miklu um það inn í Alþt., að hæstv. ráðh. verði sér til verulegrar skammar, svo fremi hæstv. forseti vill leyfa það. (**Forseti**: Það mál er alls ekki til umr.). Það veit ég vel, en má ég þá fara fram á við hæstv. forseta, að þegar ráðh. talar hér um þetta mál, þá gefist mér kostur á að koma fram með öll gögn málsins, svo þau komist í þingtíðindin. Ég vænti, að hæstv. forseti leyfi þetta, þar sem ég stend frammi fyrir hinu ofsóknaróða ákæruvaldi, enda þótt það reyni á þolinmæði hv. dm., og í trausti þessa skal ég falla frá að tala um það mál nú.

Það var svo sem auðvitað, að þessi hæstv. ráðh. yrði sár út af því, að ég minntist á, að hæstiréttur þjóðarinnar hefði ekki getað álitið það rétt, að ráðh. svipti 70—80 hörmulega stadda sjúklinga þeirri hjálp, sem þeim var meira virði en allt annað, því að með því að reka dr. Helga frá sjúkrahúsinu á Kleppi, skyldi hæstv. ráðh. þá vesalinga, sem þar voru, eftir í því ástandi, sem var verra en dauðinn. Ég skil líka ofurvel, að hæstv. ráðh. er reiður hæstarétti fyrir það að dæma ritstjóra Tímans í hæstu sekt fyrir nær 400 illyrði um dr. Helga Tómasson, sem flest voru eftir ráðh. sjálfan. Annars er það þingsins að gera það upp við sig, hvort það vilji láta þau lög ein gilda, sem þessi ráðh. vill að gildi á hverjum tíma, eða þau lög, sem sett hafa verið af löggjafarvaldi þjóðarinnar.

Frv. þetta er ekkert annað en eðlilegur ávöxtur af þeim tveim strengjum, sem eru ríkastir í eðli þessa manns. Annað er einræðistilhneigingin, en hitt er uppskafningsháttur inn, eða réttara sagt oflátungsháttur inn, og ég held, að það sé jafnvel meinlausara en margt annað, sem komið hefir frá þessum hæstv. ráðh., svo fremi að skyldan um próf dómaranna í hæstarétti helzt áfram. En verði síðar spurt að því, hver hafi komið þessum lögum á hér, þá verður svarið: „Það var Jónas frá Hriflu, sem gerði það", og það er einmitt það, sem ráðh. er að sækjast eftir, því að metorðagirndin er svo rík hjá þessum manni, að hún gengur úr öllu hófi fram, og sem lítið dæmi um það má nefna, þegar hann boðaði hingað til Rvíkur fulltrúa frá Gullbringu- og Kjósarsýslu og austursýslunum til þess að ræða um samgöngu- og vatnamál þar eystra, og þegar borin var fram fyrirspurn um það, hvers vegna atvmrh. væri ekki viðstaddur, því að við hann ætti að ræða um þessi mál, þá svaraði hann, að þingmanni Strandamanna kæmu þessi mál ekkert við. Það gerði því ekkert til, þó að hann væri fjarstaddur. Hér lá ekkert annað til grundvallar en sama metorðagirndin, þessi sjúklega löngun til þess að láta sín getið. Þess vegna mátti Tryggvi Þórhallsson ekki vera nærstaddur, þótt hann væri atvmrh. Hann gat þá skyggt á Jónas Jónsson. Þannig notar þessi valdasjúki maður hvert tækifæri til þess að reyna að láta sín í einhverju getið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14:4 atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 15, n. 116 og 126, 121, 127, 146).

Frsm. meiri hl. (Bergur Jónsson): Vér verðum að viðurkenna það, Íslendingar, að vér erum eftirbátar annara þjóða á flestum sviðum, og á þetta ekki sízt við um löggjafarmálin. Meðfram á þetta rætur sínar að rekja til fólksfæðar og fjarlægðar, en stafar þó fyrst og fremst af því, hve enn er skammt síðan löggjafarvaldið fluttist inn í landið. Frá því á dögum einveldisins allt fram til þess tíma, er Alþingi fékk ráðgjafarvaldið í sínar hendur, voru öll lög hér á landi sett af dönskum stjórnarherrum, sem lítt eða ekki þekktu til haga þjóðarinnar, og enda hirtu ekki að kynna sér íslenzka þjóðhagi, þótt getað hefðu. Á þessu verður nokkur batnaðarbreyting með ráðgjafarvaldi Alþingis, en þó sérstaklega með stjskr. 1874, er Alþingi fékk í sínar hendur löggjafarvaldið í innlendum málum. Yfirleitt er þó löggjöf okkar enn í dag því marki brennd, að ekki hefir um hana verið leitað annara fyrirmynda

en danskra eingöngu, og er þetta einkum að rekja til þess, að menntamenn landsins, og þar ekki sízt lögfræðingarnir, hafa allir sótt menntun sína til Danmerkur einvörðungu allt til skamms tíma. En einkum á þetta þó við um réttarfarslöggjöf okkar. Í gildandi réttarfarsreglum eigum við um margt við að búa enn þann dag í dag ákvæði úr dönsku lögum Kristjáns V. frá 17. öld, og um annað ýms ákvæði úr tilskipunum og opnum bréfum frá 18. og 19. öld. Þannig er enn í gildi tilskipun um meðferð opinberra mála frá 1796 og önnur um meðferð einkamála frá 1832. Gefur að skilja, að svo gamlar réttarfarsreglur eru nú um margt orðnar á eftir tímanum, og að margar og mikilsverðar breyt. hafa orðið í þessum efnum með öðrum þjóðum á þessu tímabili. Að því er einkamálin snertir, þá eru þau hér hjá okkur enn í dag miðuð við skriflega málafærslu, og er sjálfsforræði aðilja í málunum þannig ótakmarkað, þar til þau eru tekin til dóms, því að dómaranum gefst ekki tækifæri til að fylgjast með í þeim fyrr, en verður síðan að dæma nákvæmlega eftir hinum skriflegu gögnum. „Quod non est in actis, non est in mundo". Annarsstaðar gilda víða hinar sömu reglur um meðferð einkamála sem um meðferð opinberra mála, þannig að dómararnir eru látnir fylgjast með í þeim frá rótum, frá því fyrsta til hins síðasta og halda yfirheyrslur í þeim eins og í opinberum málum. Fá dómararnir á þann hátt nákvæma persónulega þekkingu á málunum undir meðferð þeirra, og má nærri geta, að meiri trygging er í þessu fyrirkomulagi fyrir því, að sannleikurinn komi í ljós, heldur en þegar eftir á er dæmt eftir skriflegum málflutningi misjafnlega hlutvandra málaflutningsmanna. — Þegar til dómaskipunarinnar kemur, verður hið sama uppi á teningnum. Flestir þeirra, sem í mál fara, verða kostnaðarins vegna að láta sér nægja undirdómana, og er þó fjarri því, að fullt réttaröryggi sé í þeim úrslitum. Á þeim stöðum, þar sem flestir dómar ganga í málum manna, eru dómararnir jafnvel svo störfum hlaðnir, að dómarastarfið verður hjá þeim sem hvert annað hjáverk, og almennt má segja, að dómurunum sé íþyngt með annarlegum störfum svo mjög, umboðsstörfum o. fl., að þeim er ókleift með öllu að vanda dóma sína svo sem nauðsynlegt er. Þannig hafa dómarar okkar yfirleitt ekki aðstöðu til að kynna sér eldri dóma í samkynja málum, sem þó er nauðsynlegt fyrir hvern dómara, og ekki sízt fyrir íslenzka dómara, sem flesta skortir auk þess alla æfingu í að kveða upp dóma. Ef við Íslendingar því eigum að ná fullu öryggi í réttarfarsmálum, svo að jafnframt sé ekki of kostnaðarsamt öllum almenningi, verðum við að koma á miðstigum í landsfjórðungunum, með því að taka upp aftur skipulag fjórðungsdómanna, en allt er þetta vandasamt og mikið mál, og þarf um það ýtarlegar rannsóknir á löggjöf annara þjóða í þessum efnum, auk hinnar sjálfsögðu rannsóknar á aðstöðunni innanlands, en þar sem enn ekki einu sinni hefir verið hafizt handa um byrjun slíkrar rannsóknar, er þess ekki að vænta, að komið verði á breyttu og bætandi skipulagi um þessi mál öll nú á næstunni.

Það verður að viðurkenna, að með lögunum um hæstarétt frá 1919 var að vísu stigið spor í framfaraátt, en þau lög voru sama markinu brennd sem flest okkar lög önnur, að eingöngu var leitað um þau fyrirmyndar til sambandsþjóðarinnar. A. m. k. verður það ekki séð af frv. til þeirra laga, né á lögunum sjálfum, að leitað hafi verið fyrirmynda úr reynslu og löggjöf annara þjóða en Dana einna. Tilgangurinn með fimmtardómsfrv. er nú fyrst og fremst sá að reyna að leiða inn í okkar íslenzku dómskapalöggjöf það, sem nýtilegt hefir reynzt í samskonar löggjöf annara menningarþjóða, og er það álit meiri hl. allshn., að höfuðumbæturnar í þessum efnum, sem frv. felur í sér, séu fólgnar í þessum þrem atriðum aðallega:

Í fyrsta lagi fjölgun dómaranna í dómnum. Í öðru lagi í því, að tekin er upp munnleg atkvgr. dómaranna í stað skriflegrar nú. Og í þriðja lagi í ákvæðinu um skyldufélagsskap málafærslumannanna við dóminn.

Skal ég nú gera nokkra frekari grein fyrir þessum atriðum.

Um fyrsta atriðið munu allir sammála, að þar sé um miklar umbætur að ræða frá því skipulagi, sem nú er, en margir

mundu hinsvegar fremur hafa kosið, að hinum föstu dómurum réttarins hefði verið fjölgað upp í 5, en það er hvorttveggja, að þetta hefði orðið allmiklu dýrara en að taka prófessora lagadeildar inn í dóminn, þegar á þarf að halda, eins og frv. gerir ráð fyrir, enda er meiri trygging fyrir því með þessu móti, að dómurinn sé vel skipaður í vandasömum málum, sem til hans er skotið. Eru allar líkur til þess, að við lagadeild háskólans séu á hverjum tíma starfandi færustu og lærðustu lögfræðingar landsins, og þó að það sé að vísu rétt, að fræðimaður í lögum þarf ekki endilega að vera góður dómari, mælir þó allt með því, að þetta fari að öllum jafnaði nokkuð saman, enda mun reglan sú, að góður dómari sé ekki síður fræðimaður í sínu fagi, þó að undantekningar séu frá þeirri reglu sem öllum reglum öðrum. Og tilbreytni er þetta óneitanlega fyrir prófessorana við og við að gegna dómarastörfum, og ætti a. m. k. alltaf að vera til bóta frá því, sem nú er um þetta.

Þá getur það varla verið vafamál, að hin opinbera atkvgr. dómaranna um málin sé til mikilla réttarfarslegra bóta, auk þess sem þetta hefir mikilsverða fræðilega þýðingu. Er það mjög mikilsvert fyrir þá, sem vilja kynna sér lögfræðileg málefni, að geta þannig fengið forsendur fyrir dómi frá fleiri en einu sjónarmiði, og má enda kenna mönnum að hugsa lögfræðilega rétt, en einkum ber þó hér að leggja áherzluna á það, að með hinni opinberu atkvgr. dómaranna er fengin trygging fyrir betri úrslitum mála, því að þótt dómurunum sé nú að lögum leyfilegt að bóka ágreiningsatkv., hafa þeir ekki notað sér það, eins og vel er skiljanlegt (**EA**: Jú, jú). Ég ætla, að ekki verði færð til mörg slík dæmi, þó að einhver kunni e. t. v. að vera, og það er a. m. k. víst, að dómararnir nota sér iðulega, að þeir geta skotið sér undan því að láta birta ágreiningsatriði. Minnist ég þessa um eitt mál, sem á sínum tíma var mikið hitamál og vakti athygli meðal alls almennings, þó að ekki hirði ég um að nefna það frekar hér að svo stöddu. Einn dómarinn í hæstarétti lýsti ágreiningi um málið við hina dómarana, en hann lét ekki bóka ágreiningsatkvæði sitt, og hefði þó verið mikilsvert að heyra rökstuðning þessa dómara, því vöntun birtingarinnar gaf tilefni til margra mismunandi ágizkana. — Hin opinbera atkvgr. hefir verið tekin upp í Noregi og gefizt þar mjög vel, enda vilja Norðmenn með engu móti frá henni snúa, og hér virðist svo sem menn séu að verða sammála um, að rétt sé að leiða hana í lög hér einnig. A. m. k. verður ekki fundið annað en að hv. frsm. minni hl. sé því samþykkur fyrir sitt leyti, og hjá flokksbræðrum hans hefir ekki heldur orðið annars vart enn sem komið er, hvað svo sem síðar verður, því að mótstaðan gegn þessu frv., fyrst þegar það kom fram hér í þinginu, var að vísu meðfram reist á andmælum gegn hinni opinberu atkvgr.

Að því er þriðja og síðasta atriðið snertir, skyldufélagsskap málaflutningsmannanna, geri ég mér góðar vonir um góðan árangur vegna þess, að því leyti sem með slíkum félagsskap verður hægt að fylgja fram strangari kröfum um siðferðilega framkomu málaflutningsmanna. Minni hl. n. hefir borið fram nokkrar brtt. við þennan kafla frv., og fer ein þeirra í þá átt, að stjórn málaflutningsmannafél. úrskurði ekki endanlega um málflutningslaunin, ef ágreiningur kemur upp milli aðilja og málaflutningsmanns hans, eins og frv. gerir ráð fyrir, heldur skuli stjórn félagsins aðeins láta uppi álit sitt um þessa hluti. Verður því þó varla á móti mælt, að nauðsynlegt er, að félagsskapur málaflutningsmanna geti tekið fram fyrir hendur meðlima sinna um ósanngjarnar kröfur, sem eru stéttinni til vanvirðu og jafnvel tjóns. Ég þekki þannig eitt dæmi þess, að málaflutningsmaður tók 25 þús. kr. í ómakslaun fyrir að flytja mál eitt, og þótti málsaðilja þetta ósanngjarnt, sem von var, leitaði sér upplýsinga um slík málaflutningslaun með öðrum þjóðum, sem allar hnigu að því, að svo há þóknun mundi hvergi tíðkast nema hér á Íslandi, en er þessi maður, sem reyndar var erlendur, vildi fá rétting hlutar síns um þetta, fékk hann hana enga, því málaflutningsmaðurinn dró þóknunina frá dómupphæðinni, sem hann innheimti. Í tilfellum sem þessu er nauðsynlegt, að slíkur félagsskapur málaflutningsmanna sem frv. gerir ráð fyrir

geti skorizt í leikinn um ákvörðun sæmilegrar málflutningsþóknunar, og sé ég mér af þessum ástæðum ekki fært að greiða þessari brtt. minni hl. atkv.

Að því er snertir afstöðu minni hl. almennt til þess máls, þá er hann yfirleitt sammála meiri hl. um það, að frv. í öllum höfuðdráttum sé til bóta frá því, sem nú er, en skilur þó á við meiri hl. að því leyti sem minni hl. gerir það að skilyrði fyrir fylgd sinni við frv., að hann fái samþ. við það 2 brtt., og er önnur þess efnis, að ákvæði frv. um niðurlagningu hæstaréttar falli burt, en hin gengur í þá átt, að ákvæði núg. laga um dómaraprófið verði fellt inn í frv. Hvað fyrra atriðið snertir, þá get ég ekki annað séð en að þar sé um hreint formsatriði að ræða, því að ég fæ alls ekki fallizt á þá röksemd, að Alþingi sé með þessu að gefa vont fordæmi og sé enda ekki, hver hætta er í því fólgin, þó að Alþingi skapi sjálfu sér fordæmi, eitt eða annað, í löggjafarmálum yfirleitt, því að ekki mega aðrir en Alþingi hagnýta sér slík fordæmi, og Alþingi er hinsvegar ekki bundið við verandi ástand í einu eða öðru, en getur eftir vild sinni gert allar breytingar í hverju efni sem er, ef slíkar breyt. aðeins koma ekki í bág við stjskr. Þar sem ég hinsvegar tel þetta ákvæði frv. fremur til bóta, get ég ekki greitt atkv. með þessari brtt. minni hl. Vegna þess flokks, sem hv. frsm. minni hl. heyrir til, þarf maður að vísu ekki að furða sig á, þótt hann leggist á móti niðurfellingu prófraunarinnar, því að eftir fyrri meðferð þessa máls hér í þinginu virðist sem slíkt hafi beinlínis verið flokkssamþykkt innan Sjálfstæðisflokksins að leggjast á móti þessu, en mig stórfurðar hinsvegar á því, að svo mikill og góður lagamaður sem hv. frsm. minni hl. er, skuli þó vilja fórna fyrir þetta eina atriði öllum öðrum umbótabreytingum, sem í frv. felast og hann enda sjálfur hefir lýst sig finna í því. — Þegar frv. árið 1930 kom fyrir Alþingi, var leitað álits hæstaréttardómaranna um það, og bar álit þeirra frekar svip af því, að æstir stjórnmálamenn hefðu samið það heldur en að það væri eftir dómara í æðsta dómstóli landsins. Dómararnir kváðu m. a. svo að orði, að samskonar ákvæði (og dómaraprófið) mundi vera lögmætt í flestum nýlegum lögum um úrslitadómstigið utan einveldisstjórnarlanda. Hygg ég, að ekki hafi legið nein rannsókn á löggjöf annara þjóða á bak við þessa fullyrðingu dómaranna, og eftir upplýsingum sendiherra okkar í þessum efnum, mun hliðstætt dómarapróf því, sem hér er, hvergi tíðkast nema í Danmörku, og hér hefir það að vísu staðið í lögum, en þó aldrei verið framkvæmt, og núv. dómarar hæstaréttar eru allir inn í réttinn komnir án nokkurs slíks prófs. Í Noregi hafa áþekk ákvæði verið felld úr gildi, og er ekki vitanlegt, að þeirra hafi verið saknað af neinum. Samkv. áðurnefndri athugun sendiherra okkar eru engin slík ákvæði í lögum í Englandi né Þýzkalandi. Í Þýzkalandi eru dómarar ríkisréttarins, sem er æðsti dómstóll þýzku þjóðarinnar, þvert á móti skipaðir eftir till. ríkisráðsins, sem er nokkurskonar efri málstofa þar í landi, skipuð fulltrúum þýzku sambandsríkjanna svipað og er í Ameríku. Og í Svíþjóð og Finnlandi þekkjast ekki heldur nein slík ákvæði. — Þeir, sem leggja áherzluna á að halda dómaraprófinu, telja, að með því sé betur séð fyrir sjálfstæði dómsvaldsins. Get ég með alls engu móti fallizt á, að þetta sé rétt. Ef hinsvegar ætti að sjá fyrir þessu í þeim skilningi, að dómararnir réðu því, hverjir setjast í dóminn, ætti að fá þeim veitingarvaldið í hendur með öllu eða uppástungurétt, sem ráðh. ekki aðeins væri heimilt að fara eftir, heldur beinlínis skylt að fara eftir, því að hér er aðeins um neikvætt hindrunarvald að ræða, auk þess sem það verður jafnan undir vilja veitingarvaldsins komið, hverjir ganga undir dómaraprófið, því að varla munu aðrir verða til að ganga undir það en þeir, sem fyrirfram vita, að þeir muni fá embætti í dómnum. Dómurinn sjálfur getur ekki kvatt neina til að þreyta þessa raun. Þar sem hér er því ekki um neitt jákvætt vald fyrir dómstólinn að ræða, fæ ég ekki séð, að þetta auki neitt á sjálfstæði réttarins, nema ef síður sé, því að þetta getur beint orðið til þess jafnvel að skapa pólitískan styr um dómstólinn. Ef dómararnir eru sammála veitingarvaldinu í slíkum tilfellum, fellur allt í ljúfa löð, og þá þarf enda ekkert slíkt próf, en ef dómararnir hinsvegar fella mann við prófið, sem veit-

ingarvaldið hefir innstillt til þess, má búast við stríði milli þessara afla, og hlýtur það stríð vegna eðli hlutarins að enda með ósigri dómaranna. Dómaraprófið er ekki skilyrði fyrir því, að setja megi mann í réttinn, heldur aðeins fyrir því, að þangað megi skipa mann, og það getur varla leikið vafi á því, að svo pólitískur og harðsnúinn getur sá ráðh. verið, sem þannig kæmist í andstöðu við dómara réttarins, að hann hikaði ekki við að beita þessu valdi sínu, þegar dómararnir hefðu fellt þann mann frá embætti í réttinum við slíkt próf, sem ráðh. vildi þangað fá og teldi hæfan í stöðuna, og þegar svo fer, má búast við, að sá flokkurinn, sem með dómurunum stæði í slíkum tilfellum, mundi taka upp hanzkann fyrir þá, og slíkt mundi skapa þær æsingar um réttinn, að ég hefði fremur ætlað, að flokkur hv. frsm. vildi stýra hjá þessari hættu, vegna allra þeirra skrifa, sem frá flokki hans hafa komið út af því, að flokkurinn hefir talið, að aðrir hafi verið að skapa óróa um þessa réttarstofnun með því að ráðast á gerðir hennar. Fæ ég af þeim ástæðum, sem ég nú hefi fært fram, með engu móti séð, að dómaraprófið sé til bóta, né að það réttlætist af neinu, og held þvert á móti, að það sé fremur til skaða en hollustu fyrir dómstólinn sjálfan.

Ég hefi þá drepið á nokkrar hinar helztu brtt. minni hl., og af þeim rökum, sem ég hefi fært fram, leggjum við meiri hl. til, að 1. og 2. brtt. minni hl. á þskj. 127 verði felldar, sömuleiðis c-liður 3. brtt. á sama þskj. og 8.—10. brtt. Um aðrar brtt. minni hl. skal ég geta þess, að ég álít, að a-liður 3. brtt. sé algerlega óþarfur. Verður ekki séð, að nein nauðsyn sé til þess að skipa svo til; að dómarar fimmtardóms, að dómnum fullskipuðum, skuli úrskurða um það, hvenær menn hafi sýnt yfirburði í lögfræði með fræðimennsku eða á annan hátt; ætti það heldur að koma undir dóm prófessora lagadeildar. B-liður, þessarar till. er sömuleiðis óþarfur, hvernig svo sem um frv. fer. — Að því er 4. brtt. snertir, get ég ekki fallizt á það, að hún sé til bóta, því það er yfirleitt sjálfgefið, að ráðh. hlýtur að svipta þann málafærslumann réttindum til málafærslu, sem fimmtardómur hefir þrisvar dæmt til sektar fyrir óleyfilega málfærslu, nema hann sannreyni, að maðurinn sé beittur hlutdrægni eða ofsókn. — Á 5. brtt. hefi ég áður drepið. Álít ég rétt að gera það að skyldu stjórnar málaflutningsmannafél. að ákveða þóknun til málaflutningsmanns, ef deilur koma upp um slíkt, og legg því til, að þessi brtt. verði felld. — Um 6. brtt. get ég gengið inn á það, að hún sé til bóta, og sömuleiðis 7. brtt., a. og b. Er það á einhverjum misskilningi byggt, að atkv. dómaranna geti orðið jöfn, þar sem hér er um oddadóm að ræða, og hvað meðaltalsregluna snertir, þá get ég fallizt á, að hún sé felld niður. Er engin þörf á að lögfesta slíkt, því að dómararnir fara um þetta að sjálfsögðu eftir almennum réttarreglum.

Þá kem ég að þeim brtt. okkar meirihlutamanna, sem við frsm. minni hl. erum sammála um.

Er þá fyrst við 5. gr. sú brtt. að orðið „þýðingarmikil“ bætist inn í skilgreiningu þeirra mála, sem dæmd skulu af 5 dómendum. Í frvgr. er eingöngu talað um margbrotin mál, umfangsmikil eða vandasöm, en vel getur verið, að mál sé þýðingarmikið, þ. e. snerti eitthvert grundvallaratriði eða princip eða hafi almenna þýðingu fyrir alþjóð manna eða stéttir, þótt málið sé eigi margbrotið. Virðist í slíkum tilfellum réttara, að dómur sé fullskipaður.

Með 2. brtt., við 7. gr., er ákveðið, að kennarar lagadeildar velji úr sínum hópi þann, sem taka skal sæti í dómnum.

Brtt. 3 a er aðeins leiðrétting. — Við 8. gr. er sú brtt., að aftan við 3. tölul. bætist: er þeir fá veitingu fyrir dómaraembætti. Þessi brtt. er til orðin vegna þess skilnings, sem fram kom við 1. umr., að samkv. frv. mættu dómarar ekki gegna embætti sínu lengur en til sextugs. En það var aldrei tilætlunin, heldur hitt, að inn í réttinn kæmu ekki eldri menn en sextugir, er svo gætu farið þaðan með fullum launum eftir örfárra ára starf, þegar þeir yrðu 65 ára. — Svo kemur það atriði, er ég gat um áðan, og á að koma í stað dómararaunar hv. minni hl. á þá leið, að leita skal álits aðaldómara fimmtardóms áður en aðaldómaraembætti er veitt.

Þá er það 4. brtt., við 17. gr. Samkv. henni verður 1. eink. við embættispróf yfirleitt skilyrði fyrir málflutningsleyfi

við fimmtardóm. Það sama skilyrði er og dómurum sett í brtt. á þskj. 121. En þó er látin opin leið fyrir 2. eink. menn til starfa við dóminn, ef sérstakar ástæður koma til, þ. e. þegar umsækjandi hefir sýnt sérstaka yfirburði með fræðimennsku eða á annan hátt. — 5. brtt. er við 52. gr. N. fann ekki ástæðu til að veita forseta fimmtardóms heimild til á eigin spýtur að leyfa óviðkomandi mönnum að vera við ráðagerðir dómsins. — Með b-lið 5. brtt. og 6. brtt. er þeim ákvæðum frv. breytt, er láta það fara eftir hlutkesti, hver dómara greiði fyrstur dómsatkvæði, og það lagt á vald réttarins sjálfs að ákveða það í hvert skipti. Svo getur einatt staðið á, að einhver einstakur dómari sé sérstaklega kunnur málavöxtum og sérstaklega fær í þeirri grein, sem um er að ræða, en til slíks er ekkert tillit tekið sé hlutkesti beitt. — 7. brtt. er aðeins leiðrétting, til þess gerð að samræma ákvæði frv. hvort við annað. — Loks teljum við heppilegra, að rétturinn hefji starfsemi sína að loknu sumarleyfi hæstaréttar, en ekki við áramót.

Þá er það brtt. hv. þm. Ísaf. á þskj. 146, um það, að aukadómarar fimmtardóms vinni kauplaust. Ég bjóst við því, að hann mundi láta sér nægja að vísa til frv., sem hann hefir borið hér fram, um að ríkið greiddi yfirleitt ekki aukaþóknun fyrir aukaverk, er embættismenn taka að sér. Annars skal ég ekki ræða þessa brtt.; hv. flm. hefir ekki ennþá talað fyrir henni, né heldur á móti henni, sem reyndar allt eins vel má gera ráð fyrir, ef hann ætlar að vera í samræmi við skoðanir sínar á þessu efni, sem fram hafa komið í öðru máli nú rétt nýlega. Annars þykir mér rétt að láta þá hv. flm. og hv. frsm. minni hl. deila eina um þetta.

Eitt atriði vil ég minnast hér á, sem n. hefir ekki komið fram með brtt. um. Í 9. gr. frv. eru talin skilyrði þess, að fimmtardómari megi taka þátt í meðferð máls. Í 6. lið er dómara með alm. orðum bannað að taka þátt í málsmeðferð „ef að öðru leyti er svo ástatt, að telja megi hætt við, að hann líti eigi óhlutdrægt á málavexti". Ég held, að það væri ástæða til að orða þetta nákvæmar. Það hefir komið fyrir í hæstarétti, að dómarar þar hafa dæmt í máli alúðarvina sinna og skólabræðra. Slíkt er ákaflega óviðkunnanlegt og gefur mikla ástæðu til tortryggni í garð réttarins. Ég hygg, að það mundi reynast heppilegt að orða sérstöku dómaraskilyrðin skýrara, svo slíkt geti ekki komið fyrir.

Frsm. minni hl. (Einar Arnórsson): Ég get tekið undir ýmislegt af því, sem hv. frsm. meiri hl. sagði um dómaskipun og réttarfar hér á landi. Það er vitað, að réttarfar hér er að ýmsu leyti úrelt og orðin þörf á að kippa því í annað horf. En þar sem það mál liggur hér ekki fyrir, þá mun ég ekki fara út í það nánar.

Hinsvegar gegnir nokkuð öðru máli um skipun æðsta dómsins hér á landi og réttarfar það, sem við hann ríkir. Hann er aðeins 12 ára gamall og var þá sniðinn eftir þeirri reynslu, er þá var á komin með öðrum þjóðum. Jafnframt því sem æðsta dómsvaldið var þá flutt inn í landið, var munnlegur málflutningur innleiddur við réttinn og þær breyt. á réttarfari, sem af því hlaut að leiða. **Margir** voru þá myrkfælnir við það að innleiða munnlegan málflutning; töldu, að við ættum eigi nægilega reynda málaflutningsmenn og jafnvel dómara. En ég hafði þá trú árið 1919, að slík skoðun væri ekki á rökum byggð. Reynslan hefir staðfest það síðan. Munnlegi málflutningurinn hefir reynzt mjög vel, og menn hafa vel kunnað nýbreytninni.

Hæstiréttur, sem stofnaður var með lögunum frá 1919, er eini nútímadómstóllinn hér á landi. Hitt er annað mál, að það má hugsa sér honum fyrir komið á ýmsan annan hátt en nú er.

Með þessu frv. er ekki farið fram á neina nýskipun dómstólsins. Dómstigin eru tvö eftir sem áður, málflutningurinn munnlegur, málsmeðferð hin sama í öllum aðalatriðum. Hinsvegar skal það játað, að fáeinum atriðum er breytt, sumum raunverulega, öðrum aðeins á pappírnum.

Upphaflega voru dómarar hæstaréttar 5. Með lögum 1924 var þeim fækkað niður í 3. Þá voru skiptar skoðanir um það, hvað réttmæt slík fækkun væri. Margir töldu öryggi réttarins minnka. Það mun sérstaklega hafa verið sparnaður, sem þessu réð. Ég er á þeirri skoðun, að það

sé meira öryggi í því að hafa 5 dómendur en 3. Út frá því sjónarmiði virðist bót að því, að nú er þess kostur, að 5 dómendur dæmi í hinum mikilsverðari málum. Hitt er auðvitað, að það verður erfitt að draga mörkin: hvenær aukadómara beri að kveðja til og hvenær ekki. Við hv. frsm. meiri hl. höfum ekki treyst okkur til að draga þá markalínu öðruvísi en í alm. orðum, eins og gert er í frv. Við höfum þó viljað bæta orðinu „þýðingarmikill" inn í lýsinguna, svo að þess verði kostur að kveðja aukadómendur til, þó mál séu ekki sérlega umfangsmikil, ef þau eru þýðingarmikil, þ. e. a. s. varða grundvallarreglu laga eða ótiltekinn fjölda manna, svo sem t. d. oft er um mál um skattskyldu manna. Slík mál eru oft mjög óbrotin, en úrlausnir þeirra geta fyrirsjáanlega haft þýðingu fyrir mjög marga.

Annað atriði frv. er hin opinbera atkvgr. Eins og nú er háttar, er atkvgr. ekki opinber. Dómurinn kemst að niðurstöðu sinni innan luktra dyra. Hinsvegar er það, að ef dómara greinir á við meiri hl. um dómsniðurstöðu, þá á hann heimtingu á, að atkv. hans sé birt í dómasafni réttarins. Hann ræður því sjálfur, hvort það skuli birt eða ekki. Hv. frsm. meiri hl. virtist halda því fram, að sératkvæði dómara væru venjulega ekki birt. Þetta hlýtur að stafa af ókunnugleika hans, því það er oft gert. T. d. krafðist ég þess einu sinni, þegar ég sat réttinn, að sératkvæði mitt væri birt, og oftar hefir þetta verið gert. En það er satt, að í máli því, er hann drap á, segir aðeins í dómasafninu, að einn dómarinn (L. H. B.) hafi ekki orðið hinum sammála, án þess að sératkvæði hans sé birt þar. Ég kannast við, að það sé til bóta, að ágreiningsatkv. skuli birt ásamt dómnum. Það getur verið til leiðbeiningar starfandi lögfræðingum og fræðimönnum, og í sératkvæði getur falizt allt eins góð röksemdaleiðsla eins og í sjálfum dómnum, þótt fleiri standi að honum. Og ég veit ekki til, að annarsstaðar hafi það veikt álit dómstólanna, að ágreiningsatkvæði séu birt. Að þessu leyti er ég sammála hv. meiri hl.; ég tel sjálfsagt, að ágreiningsatkv. séu prentuð.

Annars er það ekki tvímælalaust, hvernig skilja eigi þetta, sem kallað er opinber atkvgr. Ég býst þó við, að fyrirkomulagið verði í framkvæmdinni svipað og nú. Fyrst fer fram ráðagerð; dómendur ræða málið fram og aftur og reyna að komast að niðurstöðu og greiða þar atkv. Síðan er dómurinn saminn og hann lesinn upp, og ef einhver óskar að birta ágreiningsatkv., þá er það gert. Ég held, að í framkvæmdinni verði ekki önnur breyt. á en að það á að koma fram strax við ráðagerðina, hvort allir dómendur verða sammála, eða ágreiningur er uppi, og að sératkvæði dómara verða birt um leið og dómur er lesinn upp, hvort sem hann óskar þess eða ekki.

Þriðja atriðið, sem hv. frsm. meiri hl. minntist á, var félagsskapur málafærslumanna. Ég legg nú satt að segja ekki mikið upp úr honum. Ég gæti trúað, að hann yrði meinlaus, en þá líka gagnslaus. Málafærslumenn við hæstarétt munu nú hafa með sér félagsskap og gerir þá lítið til, hvort hann er fyrirskipaður með lögum eða ekki. Þó líta sumir svo á, að það muni tæplega löglegt að skipa mönnum með lögum að ganga í félagsskap; eftir stjskr. sé það mönnum frjálst, en eigi ekki að vera þvingað. (BJ: Hvernig lítur hv. þm. á það mál?). Ég býst ekki við, að það sé brot á stjskr.

En það var ekki þetta, sem ég vildi minna á, heldur brtt. okkar minni hl. við þennan kafla frv. Fyrst leggjum við það til, að dómsmrh. skuli **skylt** að svipta málafærslumann málfærsluleyfi, ef hann hefir stórlega af sér brotið í stöðu sinni. Meiningarmunur okkar hv. frsm. meiri hl. er ekki mikill um þetta atriði. Hann telur sjálfsagt, að dómsmrh. beiti heimild sinni þegar svo er komið, þótt ekki sé honum það lögskylt. En það virðist sjálfsagður hlutur, að ef dómstóllinn kemst að þeirri niðurstöðu, að málaflutningsmaður sé alls óhæfur í starfi sínu, þá sé ráðherra **skylt** að taka það til greina. Þetta er raunar ekki stórvægilegt atriði, því ætla má, að menn, sem á annað borð ná löggildingu til málflutnings, muni sjaldan misbrúka aðstöðu sína svo gífurlega. En ekki er það óhugsandi.

Þá er það brtt. okkar við 26. gr. frv. Í frv. er ákveðið, að málaflutningsmannafél. eða stjórn þess ákveði þóknun mála-

flutningsmanna og málskostnað, og aðiljar eru þá bundnir við ákvörðun félagsstjórnarinnar. Þetta getur verið mjög varhugavert. Hv. frsm. meiri hl. nefndi dæmi þess, að málaflutningsmaður hefði krafizt 25.000 kr. „þóknunar" fyrir að flytja eitt mál. Umbjóðanda hans þótti þetta óhæfilega hátt. Hugsum okkur, að þetta ákvæði hefði verið í gildi þá; aðiljar hefðu snúið sér til félagsstjórnarinnar og hún fellt þann úrskurð, að samkv. taxta félagsins væri þessi þóknun rétt reiknuð. Eftir orðalagi frv. skilst mér, að aðiljar hefðu verið bundnir við þann úrskurð. Það hefði naumast reynzt heppilegt. Ég tel réttara, að ef aðiljar koma sér ekki saman, þá verði sá ágreiningur dómstólamál, alveg eins og ágreiningur um borgun fyrir öll önnur verk verður borinn undir dómstólana. Ég þekki ein 2—3 dæmi þess, að aðiljar hafa ekki komið sér saman um þóknun fyrir málflutning, og þá hafa dómstólarnir dæmt um það. Ég hygg, að stéttarfélag mundi hafa tilhneiging til að dæma félaga sínum í vil og gagnaðilja hans í óhag. — En ef svo á að skilja þetta ákvæði, að úrskurður félagsstjórnarinnar eigi aðeins að vera til **leiðbeiningar**, en aðiljar eigi samt kost á að skjóta máli sínu til dómstólanna, þá tel ég, að orðalagið sé ekki eins og það ætti að vera. Hitt er óhæfilegt, ef fyrirmælið á að skiljast svo, að báðir aðiljar séu **bundnir** við úrskurð félagsstjórnarinnar líkt eins og gerð; hér er alls ekki jafnt á komið með báðum aðiljum. Þess vegna berum við fram brtt. við 26. grein.

Mér virðist hv. frsm. minni hl. hafa tekið of hart á þessum brtt. meiri hl., því ég held, að þær séu báðar til bóta. En hinsvegar skilst mér, að þær séu óflokkspólitískar og geti því ekki orðið ágreiningur um þær frá því sjónarmiði. — Mér þykir gott að heyra það, sem hv. frsm. minni hl. sagði, að það sé ekki rétt að svipta menn atvinnu með úrskurði félagsstjórnar málaflutningsmanna, eins og mun vera hægt eftir frv. Þess vegna hefi ég borið fram þá till., að ef félag málaflutningsmanna vill svipta einhvern félaga sinn leyfi, þá geti hann borið það undir dómstóla. Það getur komið fyrir, að einhver málaflm. sé ekki vel séður í félaginu, getur t. d. verið, að hann selji ódýrara vinnu sína en aðrir. Félagar hans gætu þá vel fyllzt hatri og heift í hans garð og að lokum kveðið upp þann úrskurð, að hann skyldi rækur úr stöðunni. Þá væri það óhæfilegt, ef hann gæti ekki borið málið undir dómstól alveg eins og aðrir, sem stunda atvinnu, eins og t. d. skipstjórar, stýrimenn o. fl. Ég þarf ekki að orðlengja þetta, því mér skilst, að hv. frsm. sé á mínu máli um þetta.

Það eru aðallega tvö atriði, sem máli skipta, sem minni hl. greinir á við meiri hl. Eftir 1. gr. frv. **á að breyta nafni dómsins.**

Ég verð að segja, að ég legg ekki mikið upp úr þessu. Fimmtardómur er málfræðilega séð fallegt nafn, reyndar fallegra en hæstiréttur. Nafnið fimmtardómur er nafn á dómstóli í fornöld, en menn vita ekki með vissu, hvernig nafnið var til komið, sennilega er það af því, að fimmtardómur var fimmti dómstóll Alþ. í fornöld, og að sumra ætlun af því, að dómurinn var, ef svo má segja, í fimm hlutum. Það er lítið, sem réttlætir nafnið nú. Dómstóllinn verður ekki reglulegur dómur 5 manna, og vitanlega ekki fimmti dómurinn, eins og á Alþingi í fornöld. Meðan dómendur eru 5, ætti nafnið kannske við, en nú verður það ekki eftir þessu frv. nema í þeim málum, sem aukadómendur eru kvaddir til. Nafnið eitt út af fyrir sig er þó ekkert aðalatriði, en það, sem okkur minnihlutamönnum þykir sérstaklega varhugavert, er það, að löggjafarvaldið ákveði, að hæstiréttur núverandi **skuli þannig lagður niður.**

Eftir frv., eins og það var upphaflega, var alls ekki skylt að veita núv. dómendum í hæstarétti embætti í fimmtardómi. Nú í frv. er ákvæði um það, að þegar hæstiréttur er lagður niður, skuli þeim dómendum hæstaréttar veitt embætti í hinum nýja dómstól, sem óska þess. Að þessu leyti má segja eins og nú er komið, að þetta ákvæði um niðurlagningu dómsins hljóti að vera, frá sjónarmiði stj., alveg óþarft, því það fer ekki fram á neina breytingu á dómendum í fimmtardómi frá því, sem nú er. Dómsmrh. sýnist hafa viljað losna við einhverja núv. hæstaréttardómendur, og frá

því sjónarmiði hefði ég getað skilið, að hann vildi leggja niður dóminn, en nú er því ekki til að dreifa, því það er ákveðið í 64. gr., að þeir eigi rétt á að verða skipaðir í þennan nýja dóm, ef þeir óska þess. Það virðist því með þessu ákvæði ekki einu sinni vera stefnt að neinu sérstöku takmarki og hlýtur því frá sjónarmiði meiri hl. aðeins að vera formsatriði.

Ég skal endurtaka það, að það er mjög varasamt fordæmi, að löggjafarvaldið hlaupi til að leggja niður einn ákveðinn dómstól og sérstaklega þegar það er æðsti dómstóll landsins, án þess að það sé verið að gera nýja skipun á dómstólnum, sem talað er um í 57. gr. stjskr. Það er engin breyt. á málaflutningi fyrir dómi. Eina breyt. er sú, að 2 aukadómendur eru kvaddir til málsmeðferðar og birt skulu öll dómsatkv. opinberlega. Þetta getur ekki kallazt ný skipun á dómstólnum. Ég stend ekki einn uppi með þetta álit mitt, því að lagadeild var kvödd til umsagnar um þetta mál. Og þar ætla ég að séu menn, einn a. m. k. í flokki stjórnarinnar, Magnús Jónsson, sem var hvorki meira né minna en ráðh. þess flokks um tíma. Og annar kennari lagadeildar er mikils metinn í þeim flokki. Þar gat því ekki verið um að ræða neitt pólitískt álit eða till. að ófyrirsynju.

Í sambandi við þá till. minni hl., að rétturinn sé ekki lagður niður, standa 8.—10. brtt. á þskj. 127. Ef dómurinn er ekki lagður niður, þarf ekki að taka það fram, að núv. dómendur eiga heimtingu á að vera skipaðir í hinn nýja rétt, því það er sjálfgefinn hlutur, að dómstóllinn heldur áfram með þeim. — Fimmtardómur tekur þá og ekki við neinum málum frá hæstarétti, því hann er sami dómstóllinn og heldur áfram málum í sama farí og þau voru.

Þá er hitt höfuðatriðið, sem hv. frsm. meiri hl. talaði mikið um. Það er um dómararaunina. Hann sagðist ekki skilja í mér, ekki lakari en ég væri nú, að ég skyldi vilja fórna frv. fyrir ákvæðið um dómararaunina. Það eru ekki mjög sannfærandi röksemdir, þó að megi á það benda, að í stórum löndum hér í álfu sé þessi skipun ekki höfð á. Við höfum síðan 1915 hér í okkar landi lagt mikla áherzlu á, að dómendur í æðsta dómstóli landsins væru lausir við stjórnmál og dægurþras. Þess vegna voru sett þau ákvæði í stjskr. 1915, að dómendur væru sem lausastir við öll önnur mál en þau, sem fyrir réttinn koma. En á móti átti það að koma, að séð var um af löggjafarvaldinu, að þessi dómstóll gæti notið sín sem bezt og aflað sér þess trausts, sem nauðsynlegt væri. Í stórum löndum er ekki eins mikil hætta á ferðinni. Hér þekkir svo að segja hver annan, og hér er flokkabarátta hvað illvígust vegna fámennis og þeirrar smæðar, sem er hér á öllu hjá okkur. Þess vegna er hættara við því hér en annarsstaðar, að kali kunni að komast inn hjá pólitískum andstæðingum. Þess vegna hefir það verið skoðun mín og minni hl., að hættara sé við, að pólitískur ráðh. skipi í réttinn einungis menn eftir sínu höfði, sína pólitísku samherja, ef hann réði einn, heldur en ef rétturinn ætti að dæma um það, hverjir væru hæfir eða ekki. Það er að vísu svo, að ráðh. skipar menn í önnur embætti. En eftir minni skoðun er ekki jafnhættulegt, þó að lægri embætti séu skipuð pólitiskt, eins og ef æðsti dómstóll landsins væri skipaður með þeim hætti. Ef dómaraefni á að sýna það í dómnum sjálfur, að hann muni vera hæfur til þess að vinna þau verk, sem þar skal vinna, þá skilst mér, að ríkari trygging sé fengin fyrir því, að maðurinn sé hæfur til verksins en með því fyrirkomulagi, sem hv. meiri hl. mælir með. Það er að vísu rétt hjá hv. frsm. meiri hl., að engin reynsla sé fyrir um þetta skipulag. Það er af þeim ástæðum, að þegar skipað var í réttinn fyrst, var enginn slíkur dómstóll til, og enginn til, sem gæti skipað réttinn aðrir en nýju dómararnir. Síðan hafa 2 menn látizt í réttinum. Það var eftir að breyt. var gerð 1924, svo það kom ekki til, að skipa þyrfti í stöðu þeirra og hefir aldrei þurft að gera, því 3 menn eru eftir, sem setið hafa þar í dómum. Það er misskilningur hjá hv. frsm., að dómstóllinn hafi ekki nema neikvætt hindrunarvald. Ef t. d. 2 menn þreyta prófraunina og hæstiréttur segir, að annar sé hæfur, en hinn ekki, þá er skylt að skipa þann, sem dómstóllinn telur hæfan, en hinn má ekki skipa. — Hv. frsm. segir, að ef embætti sé laust, þá geti

dómsmrh. sett dómara í stöðuna. Það er líka á misskilningi byggt, því eftir gildandi lögum á að varpa hlutkesti um kennara lagadeildar til þess að gegna embættinu, meðan ekki er í það skipað. Eins mundi það vera, ef dómari veiktist eins og komið hefir fyrir. Þá mundi sama skipun vera höfð á.

Ég lít svo á, að ef það kæmi fyrir, að pólitískur ráðh. skipaði þannig í réttinn, að það gæti talizt pólitísk skipun, mundi það veikja traust á dómstólnum og skapa æsingar um dóminn.

Um þær breyt. aðrar, sem minni hl. hefir lagt til, get ég verið fáorður. Ég hefi talað um brtt., sem varðar málflutning og vil engu þar við bæta.

Um brtt. við 53. gr. er hv. frsm. mér sammála, að það ákvæði falli niður, að ef atkv. séu **jöfn**, þá skeri atkv. forseta úr. Við höfum ekki getað fundið nein tilfelli, sem það geti komið fyrir. Dómstóllinn er skipaður 3 eða 5 mönnum, og þá virðist ekki geta komið fyrir, að atkv. verði jöfn. Að vísu er það hugsanlegt, að einn af dómendum sé ósammála meðdómendum sínum um það, hvort málinu skuli vísað frá eða ekki. Setjum svo, að hann vilji vísa málinu frá vegna formgalla, en þeir ekki, þá eru örlög málsins ráðin að því leyti til. En þegar dæma skal um efni málsins, þá er hann skyldugur til að dæma, þó að hann hafi viljað vísa málinu frá. Þetta eru eftir því sem ég bezt veit óskrifuð lög. Þetta er því einhver meinloka í frv., sem ekki hefir verið athuguð. Eins er með **meðaltalsregluna.** Hún getur verkað alveg skakkt. Það getur með henni komið út niðurstaða, sem enginn dómenda hefir greitt atkv. með. T. d. ef 3 af dómendum vilja dæma sína upphæðina hver, þá er reglan sú nú, að miðupphæðin standi, t. d. einn vilji dæma 10 þús., annar 2 þús. og sá þriðji 7 þús., þá verður niðurstaðan 7 þús. kr. En ef meðaltalsreglan er höfð, þá yrði ⅓ af 19 þús. 6333 kr., en þá upphæð hefir enginn dómenda látið sér detta í hug að dæma.

Það mun vera ein af brtt. minni hl., sem hv. frsm. lét svo um mælt, að væri óþörf. Það er við 2. tölul. 8. gr. frv. Í fyrri mgr. liðsins er talað um, að veita megi manni, sem sýnt hefir yfirburði í lögfræði embætti í fimmtardómi, þó að hann hafi ekki gegnt þeim embættum, sem talað er um í sömu málsgr. Mér virðist þessi till. vera í samræmi við brtt. okkar við 1. tölul. sömu gr., að þessi undantekning verði með sama hætti sem þegar gefa skal dómaraefnum með 2. eink. undanþágu frá fyrstu einkunnar ákvæðinu. Það er í samræmi hvort við annað. Ég get þess vegna ekki skilið annað en að hv. frsm. sjái, þegar hann athugar þetta, að fullt samræmi sé í brtt. minni hl. við brtt. þá, sem hv. frsm. hefir borið fram með mér.

Ég ætla þá, að ég hafi vikið nægilega að sinni að þeim atriðum, sem valdið hafa ágreiningi milli meiri hl. og minni hl., en ég sé ekki ástæðu til að fara að tala um þær brtt., sem bæði meiri og minni hl. eru sammála um. Það yrðu ekki nema endurtekningar á því, sem hv. frsm. hefir sagt um þær.

Ég skal að síðustu víkja að brtt., sem fram hefir komið frá hv. þm. Ísaf., þó ekki til þess að ræða hana. Ég tel það af vissum ástæðum eðlilegra, að frsm. meiri hl. taki fyrst afstöðu til hennar, ef flm. á annað borð talar nokkuð fyrir henni, en að öðrum kosti er varla tilefni til að ræða hana.

Frsm. meiri hl. (Bergur Jónsson): Það fór eins og ég raunar bjóst við, að það er tiltölulega lítið, sem okkur hv. frsm. minni hl. ber á milli í þessu máli. Eru það aðallega tvö atriði, þau, sem hann vill setja að skilyrði fyrir sínu atkvæði með frv. Ég get endurtekið það, að ég skil ekkert í því, að svo góður lagamaður sem hv. 2. þm. Reykv. skuli setja svo strangt skilyrði fyrir sínu atkvæði með jafngóðum breyt. og hér er lagt til, að verði gerðar á æðsta dómstóli þjóðarinnar. Hann gekk inn á það, að frá sjónarmiði minni hl. væri það aðeins formsatriði, að hæstiréttur væri lagður niður, og þá hlýtur hann að fyrirgefa það, að ég legg til, að brtt. hans um það formsatriði verði ekki samþ.

Hv. þm. gerði samanburð á þeirri breyt., sem gerð var á æðsta dómstóli landsins 1919, þegar hæstiréttur var stofnaður, og þeirri breyt., sem fimmtardómsfrv. fjallar um nú, og hann taldi þá síðartöldu breyt. svo miklu minni, en ég get ekki fallizt á það og sé ekki betur en

að með sama rétti megi segja, að 1919 hefði verið hægt að fjölga dómurum í landsyfirréttinum, sem þá féll niður. Breyt. þá var raunar ekki mikil, að öðru leyti en því, að æðsta dómsvaldið var flutt inn í landið, sem í flestum tilfellum var þó aðeins formsatriði, því það voru aðeins sárfá af dómstólamálum, sem fóru fyrir hinn danska hæstarétt, svona 1—2 mál á ári. Það var þá að vísu upptekinn munnlegur málflutningur í staðinn fyrir skriflegan áður, en sú breyt. var ekki meiri en breyt. nú á leynilegri og opinberri atkvgr.

Þá var hv. þm. að tala um, að það skapaði slæmt fordæmi, ef hæstiréttur yrði lagður niður, svo virðuleg stofnun. Ja, fyrir hverja er það fordæmi gefið? Fyrir Alþingi sjálft. Og slíkt fordæmi gaf þingið sjálfu sér, þegar það lagði niður landsyfirréttinn. En mér finnst ekki vera hægt að tala um fordæmi í þessu sambandi. Alþingi mun vissulega á hverjum tíma gera þær ráðstafanir, er það telur heppilegar, um þær stofnanir, sem það ræður yfir, án þess að leita að fordæmum. Þó nefndi hv. þm. ýms atriði, sem prófessorar lagadeildar háskólans hefðu fundið frv. til foráttu í áliti sínu 1930, t. d. um nafnið fimmtardómur, sem hann telur nú málfræðislega réttara heldur en hæstiréttur, og sömuleiðis telur hann nú, að hlutkesti milli prófessoranna um þátttöku í dómstörfum í fimmtardómi sé ekki heppilegasta valið, heldur skuli ráða samkomulag á milli prófessoranna. Hér hefir prófessorinn breytt um skoðun og telur nú óheppilegt, sem hann þá taldi heppilegt. Ég vona, að hv. þm. finni á sama hátt ástæðuna til þess að breyta um skoðun á því atriði, að óþarft sé að amast við því, að hæstiréttur verði lagður niður.

Þá er það dómaraprófið, sem er aðaluppistaðan í mótmælum hans gegn minni skoðun á frv. Hann sagði í ræðu sinni áðan, að það væri ekki sambærilegt fyrir okkur að miða við erlenda reynslu í þessum efnum. Ef við eigum á annað borð að leggja hér nokkuð upp úr reynslu, þá er um það eitt að gera að sækja hana til annara þjóða, en það er dálítið einkennilegt að sækja þetta fyrirkomulag til Dana, sem eru einir um það, og a. m. k. situr það sízt á sjálfstæðismanni að vera svo fastheldinn í þennan arf frá „dönsku mömmu" sem raun er á.

Þá ræddi hv. frsm. minni hl. um það, hve nauðsynlegt væri að halda réttinum ópólitískum, en hann hefir ekki bent á nein ráð til þess að tryggja það. Og ég veit ekki betur en að allir þeir dómarar, er setið hafa bæði í landsyfirrétti og hæstarétti, hafi verið pólitískir, og sumir jafnvel ekki síður pólitískir en hinir pólitísku ráðherrar, sem skipuðu þá og hv. þm. er svo hræddur við. Hann viðurkenndi, að pólitískar flokkadeilur um réttinn væru mjög hættulegar trausti réttarins. En ég sýndi einmitt fram á það, að með dómaraprófinu væri hæstarétti einmitt fengið vopn í hendur, sem telja mætti pólitískt, og það er miklu hættumeira í hendi pólitiskra dómara, sem eru sveipaðir helgihjúpi réttarins, heldur en í hendi ráðh., sem ber ábyrgð sinna gerða gagnvart þingi og þjóð og hægt er að deila á án þess að fá sand af flokksblöðum geltandi á móti sér um það, að ráðizt sé á dómhelgi réttarins. Þótt ákvæðið um dómarapróf hafi verið í lögum síðan 1919, þá hefir það aldrei komið til framkvæmda og ekki einu sinni þegar hæstiréttur var stofnaður. Það er því engin reynsla fyrir hendi og ekkert hægt að vita, á hvern hátt dómararnir mundu beita því, hvort þeir legðu meiri áherzlu á formhlið málanna eða efnishlið. Ef þeir legðu eingöngu áherzlu á formhlið málanna, t. d. einhverjar reglur, sem giltu í réttinum og hann hefði skapað sér, en þeim, er prófraunina þreytti, væri ókunnugt um, þá gæti hann hæglega fallið að dómi réttarins, jafnvel þótt hann hefði ágæta hæfileika og hefði leyst sitt hlutverk prýðilega hvað efnishlið málsins snerti og hefði mikil skilyrði til þess að verða ágætur dómari í samstarfi með reyndum dómurum. En dómararnir mundu fella hann frá prófi, af því að þeir teldu hann hafa brotið einhverjar grundvallarreglur, sem dómari í hæstarétti yrði að fylgja. Ef dómararnir á annað borð hefðu tilhneigingu til þess að fella mann frá dómi, er þeim auðvelt að búa til ýmiskonar lagaflækjur, sem réttlættu þeirra úrskurð. — Hv. þm. vildi neita því, að úrskurðarvald hæstaréttardómara væri

aðeins neitandi samkv. gildandi l., en hann sýndi ekkert fram á það, á hvern hátt vald þeirra væri víðtækara, og ég hefi gaman af að benda honum á það, að í brtt. minni hl. er ekkert tekið fram um það, hver dæma á um frammistöðu þess, er prófraun þreytir. Það gæti m. a. s. eins vel verið dómsmrh. eins og dómarar hæstaréttar, og mætti hugsa sér, að einhver dómsmrh. héldi slíku fram. Hinsvegar hefi ég gengið út frá því, að átt sé við dómarana, en ég vil benda hv. frsm. minni hl. á það, hvort ekki væri réttara að ganga betur frá þessari brtt.

Ef það er hinsvegar alvara hv. þm., að vald réttarins í þessu atriði eigi að vera meira en neitandi vald, ef hann eigi að hafa vald til þess að skapa sig sjálfur, þá erum við ákaflega ósammála. Ég legg mikið upp úr því, sem tíðkast hjá öðrum menningarþjóðum í þessum tilfellum, og slíkt þekkist hvergi meðal menningarþjóða.

Þá er það eitt smáatriði í brtt. hans, sem hv. þm. líkar mjög illa, að ég skuli ekki vilja fallast á, en það er brtt. um það, að dómsmrh. sé skyldugur til þess að svipta þann hæstaréttarmálaflm. rétti til málflutnings samkv. kröfu réttarins, er rétturinn hefir þrisvar sektað fyrir ósæmilegan málflutning. Ég álít þetta ákvæði óþarft. Í flestum tilfellum væri það svo sjálfsagt að sinna kröfu réttarins í þessu efni, en hinsvegar gæti það komið fyrir, að það væri rangt að láta manninn missa sinn rétt og að hæstiréttur hefði sýnt honum ranglæti með kröfu sinni, þó ég viðurkenni, að það sé varla hugsanlegt.

Hv. þm. andmælti minni ályktun um það, að dómsmrh. hefði aðstöðu til þess að setja dómara í réttinn, en ég veit ekki betur en að það sé tryggt í niðurlagi 7. gr. Ef ekki er af einhverjum ástæðum hægt að fá lagaprófessora háskólans til þess að taka sæti í réttinum eins og lög mæla fyrir, þá verður veitingarvaldið vitanlega að sjá um, að rétturinn sé fullsetinn.

Ég held, að það sé rangt hjá hv. þm., að það sé ólöglegt að lögskipa félagsskap meðal hæstaréttarmálaflutningsmanna. Í mörgum löndum, sem hafa við líka stjskr. að búa og við, er slíkur félagsskapur lögskipaður. Löggjafarvaldinu hlýtur að vera heimilt að setja félagsskap þeirrar stéttar skyldur og skilyrði, sem það hefir veitt sérréttindi, sem henni eru til stórra hagsbóta. Og ég álít, að þessi félagsskapur hafi mikla þýðingu til góðs fyrir stéttina, en um það sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða í þetta skipti.

Vilmundur Jónsson: Það kemur næsta flatt upp á mig, hve þessi brtt. mín virðist fá daufar undirtektir hér í hv. d., þegar miðað er við þá gleði, sem hliðstæð brtt. frá hv. þm. Borgf. vakti hér fyrir nokkrum dögum, nema ef þögnina á að skilja á þá leið, að svo sjálfsagt sé að samþ. hana, að um hana þurfi ekki að ræða. Sérstaklega furðar mig þó á hinum daufu undirtektum hv. 2. þm. Reykv., sem virtist vera svo ákveðinn gagnvart hinni hliðstæðu brtt.

Ég skal að vísu játa, að það getur verið varhugavert að fela mönnum þýðingarmikil aukastörf, án þess að greiða fyrir þau. Það er nú einu sinni svo í þessum synduga heimi, að það virðist almennt skilyrði fyrir því, að störf séu sæmilega af hendi leyst, að fyrir þau komi gjald, og skal játað, að þetta mun ekki eiga sízt við, ef lögfræðingum er ætlað að leysa störfin af hendi. En vegna þeirrar afstöðu, sem þegar hefir verið tekin til tilsvarandi till., verð ég þó helzt að líta á það sem gleymsku, að hv. allshn. hefir ekki skilað neinu áliti um brtt. mína, því að úr því að það er ætlun hv. d., að prófessorar læknadeildar háskólans eigi að vinna kauplaust þau aukastörf, sem þeim eru lögð á herðar, þá getur hún ekki litið annan veg á en að hin sama regla eigi einnig að gilda fyrir lagaprófessorana, ef nokkurt réttlæti og jöfnuður á að ráða.

Fyrir nokkrum dögum samþ. hv. d. að fela prófessorum læknadeildarinnar aukastörf án sérstakrar borgunar, störf, sem eru fyllilega eins þýðingarmikil og þau, sem hér ræðir um; störf, sem eru þannig vaxin, að skipting þeirra milli prófessoranna getur ekki orðið öðruvísi en misjöfn, og kvöðin því misjöfn á jafnhá föst laun, ef ekkert er fyrir aukastörfin greitt. Aukastörf þau, sem hér er rætt um að fela lagaprófessorunum, geta aftur á móti auðveldlega skiptzt jafnt á milli

þeirra og þyrfti því ekki að valda misrétti á milli þeirra innbyrðis. Ég leyfi mér að staðhæfa, að þessi brtt. mín er tilvalinn prófsteinn á það, hve alvarlega meint orð hv. þdm. eru um það, að þeir vilji ekki marglauna embættismenn ríkisins. Ég vil sérstaklega beina þessum orðum mínum til hv. 2. þm. Reykv., sem fyrstur hreyfði því um daginn, hve óeðlileg væru hin margföldu laun, og vænti ég sérstaks styrks frá honum til handa þessari brtt. Um brtt. skal ég svo ekki fara fleiri orðum.

Um frv. yfirleitt get ég sagt það f. h. okkar Alþýðuflokksmanna, að við erum því fylgjandi, með því að við teljum það til nokkurra bóta frá núverandi skipulagi, þó að við hinsvegar gerum okkur ekki neinar heimskulegar vonir um, að við fáum óskeikula guðsdóma, þó að það verði samþ.

Frsm. minni hl. (Einar Arnórsson): Hv. frsm. meiri hl. hefir ekki með ræðu sinni gefið mér tilefni til mikilla aths. Hann vildi gera lítið úr þeim breyt., sem orðið hefðu á dómaskipun ríkisins með hæstaréttarlögunum frá 1919. Um það er þýðingarlaust að deila. Höfuðbreyt. þá var sú, auk þess að æðsti dómstóllinn var fluttur inn í landið, að dómstigin urðu þá 2 í staðinn fyrir 3 áður, og að málflutningur varð munnlegur og opinber í staðinn fyrir skriflegan áður. Ég held, að fæstir, sem hafa kunnugleika á þessum málum, geti fallizt á það með mér, að það hafi verið meiri breyt. en sú, er nú á að lögleiða, að opinber atkvgr. á að koma í staðinn fyrir leynilega atkvgr. í hæstarétti. En þessi ágreiningur skiptir engu máli um úrslit málsins, og læt ég mig einu gilda, hvaða skoðanir aðrir hafa um þetta atriði.

Hv. þm. talaði um það, að ég hefði horfið frá einu atriði í áliti prófessora lagadeildar 1930 um þetta mál, en það er ákvæðið um hlutkesti milli prófessoranna til þess að taka þátt í dómstörfum í fimmtardómi. Þetta er rétt. Og ég skammast mín ekkert fyrir að kannast við það. Í framkvæmdinni hefi ég séð, að hlutkesti er ekki bezta aðferðin til að velja dómara í hvert sinn, heldur sé betra að velja hann með samkomulagi milli prófessoranna, því þá er hægt að velja þann, sem er bezt hæfur til þess að dæma í hverju einstöku máli.

Um það atriði, hvort ætla megi, að rétturinn verði ópólitiskari með því fyrirkomulagi, sem ég mæli með um skipun hans, eða hinu, er hv. þm. heldur fram, er að líkindum óþarft að ræða frekar. Það er gefið, að hann sannfærir ekki mig, og ég líklega ekki hann í því efni. Ég sé því ekki ástæðu til að endurtaka það, sem ég hefi sagt um það atriði.

Hv. þm. spurði að því, eftir hverju ætti að fara, þegar dómarar dæmda um prófraun þeirra, er sæktu inn í réttinn. Ég geri ráð fyrir, að þá verði farið bæði eftir formshlið og efnishlið prófraunarinnar. Það hefir verið á valdi hæstaréttar að úrskurða um hæstaréttarmálaflutningsmenn, hvort þeir væru hæfir eða ekki, og hefir réttinum engin skotaskuld orðið úr því. (**BJ:** Það er nú ekki eins ábyrgðarmikið starf). Það getur nú verið álitamál. Það er alkunnugt, að alltaf nálega er mikið undir málflutningnum komið um úrslit mála. Góður málstaður getur oft farið illa, ef hann er illa fluttur, og slæmur málstaður farið betur en verðugt er, ef hann er vel fram borinn fyrir dómstólnum. Þetta veit ég, að hv. þm. skilur eins vel og ég. Það getur vel komið fyrir, að sá, sem þreytir dómraun í máli, liti öðruvísi á sum atriði á efnishlið málsins heldur en dómararnir, en slíkt á ekki að verða til þess að fella keppanda frá prófi. Hann getur engu að síður sýnt þroskaðan skilning á málinu að áliti dómaranna, þó þeir fallist ekki á niðurstöður hans. Mér dytti t. d. ekki í hug að kalla hv. þm. Barð. óhæfan þm., þó hann sé mér ekki sammála í ýmsum málum. Ég get virt hans rök, þó ég fallist ekki á þau, og þannig hlýtur það að vera með dómarana. Þegar tveir málaflutningsmenn flytja mál hvor á móti öðrum, hefir venjulega aðallega annar þeirra rétt fyrir sér að áliti dómaranna, en þeim kemur samt ekki til hugar að svipta þann rétti, sem hélt fram lakari málstað, því málflutningurinn gat verið prýðilegur þrátt fyrir málstaðinn.

Það er ekki hægt fyrirfram að gefa ákveðna reglu um það, eftir hverju farið sé við dómaraþróf, því fjölda margt get-

ur komið til álita. Þó er það minna vandamál heldur en fyrir veitingarvaldið að velja milli margra umsækjenda. Samt sem áður þykir hv. frsm. meiri hl. ekki athugavert að láta pólitíska ráðherra skera úr í slíkum tilfellum. Um setningu dómara í hæstarétt, þegar dómarasæti losnar, er ákveðið í gildandi l., að prófessorar lagadeildar háskólans taki sætið.

Það er rétt hjá hv. þm., að í ýmsum löndum er lögskipað, að málaflutningsmenn hafi félagsskap með sér, t. d. er það svo í Danmörku. En ég veit, að mjög er misjafnt álit manna þar í landi á því, hvort þau lagafyrirmæli eru til góðs eða ills.

Ég sé svo ekki ástæðu til að deila frekar við hv. frsm. meiri hl. um einstök atriði, sem okkur ber á milli.

Hv. þm. Ísaf. fór nú loks að tala fyrir brtt. sinni. Það var nú hvorttveggja, að ræða hans var stutt, enda þarf ég ekki öðru að svara en því, að brtt. hans er algerlega óþörf. Þessi hv. þm. hefir nú borið fram hér í hv. d. víðtækt frv. um sama efni, þar sem hann ætlast til, að bundið verði með lögum, að fastir embættismenn ríkisins fái enga borgun fyrir aukastörf. Hv. d. gefst því tækifæri til þess að svara þessu við atkvgr. um frv. hans, og ætti hann því að taka brtt. aftur. Ef hann trúir því, að frv. nái hylli þessarar hv. d. þá leiðir af því, að prófessorar lagadeildar háskólans falla undir ákvæði laganna. En ef rökræða á um þetta mál sérstaklega við hv. þm., þá teldi ég betra, að hv. frsm. meiri hl. gerði það. Mér er málið skylt og mætti því líta svo á, að ég væri ekki óhlutdrægur dómari í þessu efni. En eins og ég hefi áður sagt, tel ég brtt. hv. þm. Ísaf. óþarfa, af því að hann hefir þegar borið fram víðtækt frv. um sama efni.

Vilmundur Jónsson: Það situr ekki á mér að fara út í lagaskýringar til kapps við hv. 2. þm. Reykv. En mér skilst þó, að ekki sé hægt að bera saman frv., sem liggur fyrir þinginu, og lög, sem í gildi eru. Þó að frv. mitt um bann við launuðum aukastörfum embættismanna sé komið fram, þá er það því miður ekki orðið að lögum. En jafnvel þó að það yrði að lögum, þá nær það ekki til þeirra aukastarfa, sem bundin eru með öðrum sérstökum lögum. Fyrir því er þessi brtt. mín nauðsynleg og ástæða til að taka þetta fram í lögunum, enda í fullu samræmi við það, sem hv. 2. þm. Reykv. hefir áður haldið fram. Leggist hv. þm. móti brtt., er hann kominn í ósamræmi við sjálfan sig.

Frsm. minni hl. (Einar Arnórsson): Ef það á svo að heita, að ég sé í ósamræmi við sjálfan mig, þá er hv. þm. Ísaf. ekki síður í ósamræmi við sjálfan sig.

Það er nú kunnugt orðið, að hv. þm. Ísaf. hefir fengið ekki allfá aukastörf hjá hæstv. stj., sem gefa honum drjúgan skilding að sögn. Svo að ef ég er í ósamræmi við sjálfan mig fyrir það, sem ég hefi haldið fram í þessum málum, þá er hann það ekki síður.

Annars sé ég ekki ástæðu til að ræða frekar um brtt. hv. þm. Ísaf. og læt hv. d. sjálfráða um, hvort hún samþ. hana eða ekki. Það má segja, að mér sé þetta mál skylt, eins og ég hefi tekið fram, og því vil ég ekki um það ræða.

Jón Auðunn Jónsson: Ég ætla ekki að fara að ræða um þær lögfræðislegu aths., sem borið hafa á milli hv. meiri og minni hl. n.

Eh vegna þess að hv. frsm. meiri hl. sagði: „Það var engin brýn nauðsyn að gera þá skipun, sem gerð var með hæstaréttarlögunum“, þ. e. að flytja hæstarétt úr öðru ríki og inn í landið, þá veit ég, að hann er þar í ósamræmi við skoðanir frænda sinna fyrr og síðar.

Þá er það prófraunin. Hennar ætti ekki síður að vera þörf, er velja á menn í æðsta dómstól landsins, heldur en alstaðar annarsstaðar, þar sem hún er viðhöfð til þess að tryggja, að sem hæfastir menn fáist til að inna störf af hendi. Hv. frsm. meiri hl. gerði ráð fyrir, að menn, sem skipaðir eru dómendur í réttinum, hafi ekki næga þekkingu til að bera á réttarreglum og formsatriðum. Ég sé ekki betur en að hann með þessu eigi við, að komið geti fyrir, að ólöglærðir menn verði skipaðir dómarar. Þetta kom mér að vísu ekki á óvart, eins og frv. þetta var upphaflega fram borið. En mér þyk-

ir undarlegt, að hv. frsm. meiri hl. skuli gefa í skyn, að lögfræðingar frá háskóla Íslands þekki ekki réttarfarsreglur eða formsatriði. — Hinsvegar sé ég, að hann er meðflm. hv. 2. þm. Reykv. að tveim brtt., þar sem svo er ákveðið, að dómarar réttarins dæmi um, hvort þeir, sem hafa hlotið 2. eink., skuli tækir í réttinn eða ekki. En brtt. frá hv. minni hl., að sama gildi um aðra, er hann mótfallinn. (**BJ**: Það er alveg óþarft). Já, það er alveg óþarft, segir hv. frsm. meiri hl. Það má líka með eins miklum rétti segja, að frv. sé óþarft með öllu. Enda hefir hv. frsm. meiri hl. ekki bent á neitt, sem betur fari í þessu efni með frv. en þessi tvö atriði, sem öllum kemur saman um, að eru til bóta. En það er dómsuppsögnin og fjölgun dómara í réttinum. Og til þess að taka upp þessar breyt. þurfti ekki stóran lagabálk eins og þann, sem hér liggur fyrir. T. d. má benda á, að opin leið er til þess að fjölga dómendum hæstaréttar með einföldum lögum. En það virðist eins og ýmsir hafi misskilið þetta herfilega og þ. á m. hv. frsm. meiri hl.

Hv. frsm. meiri hl. segir um prófraunina, að menn muni varla leggja sig í þá hættu, sem henni er samfara. Þetta fæ ég ekki skilið á annan hátt en að hann eigi við þá menn, sem vita sig skorta hæfileika og treysti sér ekki til þess að standast prófið, en vissu hinsvegar, að þeir gætu fengið veitingu fyrir embættinu hjá pólitískum ráðherra og samherja sínum og kjósi að losna við prófraunina. Þetta er það eina, sem hægt er að draga út úr orðum hv. frsm. meiri hl. En eins og allir vita, þá er dómsvaldið samkv. stjskr. hjá dómstólunum. En verði að því ráði horfið að láta pólitískan ráðh. skipa hæfa eða óhæfa menn í æðsta dómstól landsins til þess eins að hafa þá sér háða, þá má segja, og það með sanni, að dómsvaldið er ekki lengur hjá dómendum landsins.

Frsm. meiri hl. (Bergur Jónsson): Ég hefi ekki ástæðu til að svara hv. frsm. minni hl. neinu. Aths. hans voru að þessu sinni mjög smávægilegar, svo að ég leiði hjá mér að karpa frekar við hann um þau atriði, sem okkur ber á milli. En þar sem hann mæltist til, að ég segði álit mitt um brtt. hv. þm. Ísaf., þá er það satt, að ég á þar ekki neinna hagsmuna að gæta, en sama verður ekki sagt um hann, eins og hann raunar gaf í skyn. En ég býst við, að ástæðan til þess, að brtt. hv. þm. Ísaf. er borin fram, sé sú, að þegar ljósmæðrafrv. var hér á ferðinni í þessari hv. d., komst inn í það ákvæði, m. a. fyrir atkv. hv. frsm. minni hl., um það, að yfirlæknar landsspítalans, ásamt yfirhjúkrunarkonunni og yfirljósmóðurinni, skuli kenna kauplaust við ljósmæðraskólann, þó áður hafi verið samið um launakjör þeirra, án þess að taka tillit til kennslustarfsins. En ég sýndi þá með atkv. mínu, að ég var mótfallinn þessari ráðstöfun, svo að að því leyti er ég ekki í ósamræmi við fyrri afstöðu mína, þó að ég greiddi atkv. á móti brtt. hv. þm. Ísaf.

Þá er það hv. þm. N.-Ísf., sem ég þarf að svara nokkrum orðum. Hann hóf mál sitt á því að hafa upp eftir mér orð, sem ég hefi aldrei sagt. (**JAJ**: Ég skrifaði þau orðrétt upp eftir hv. þm.). Hv. þm. hefir þá annaðhvort heyrt vitlaust eða skrifað vitlaust, nema hvorttveggju sé til að dreifa. Mér hefir aldrei dottið í hug að segja eða halda því fram, að okkur hefði ekki verið nauðsynlegt að fá hæstarétt inn í landið, þegar við höfðum fengið sjálfstæði okkar viðurkennt. Hinsvegar sagði ég, að við hefðum getað gert landsyfirréttinn að æðsta dómstóli landsins án þess að breyta nafni hans í hæstarétt. Hv. þm. getur því hætt við að berjast við þessa grýlu, sem hann hefir sjálfur búið til.

Þá kem ég að því, sem sami hv. þm. sagði um prófraunina. Hann hélt því fram, að afleiðingin af minni skoðun væri sú, að ólöglærðir menn yrðu skipaðir í réttinn, en þetta er ekki annað en misskilningur og vanþekking á sjálfu frv., því í því sjálfu stendur óhaggað, að 1. einkunn í byrjun skuli vera skilyrði fyrir dómaraembætti. Hinsvegar getur þó verið um þá menn að ræða, sem kunnir eru fyrir vísindalega fræðimennsku, og á annan hátt hafa lögfræðilega yfirburði, en ekki hafa hlotið nema 2. eink. við lagapróf, en mundu sem dómarar geta fyllilega staðið þeim á sporði, er hærra lagapróf hafa tekið. Að einskorða þetta við 1. einkunn gæti því

komið sér mjög illa fyrir hæfileikamenn á þessu sviði. Með þessu er því fyllilega útilokað, að ólærðir menn í lögfræði geti komizt í réttinn, enda slíkt firra ein, sem engum dettur í hug.

Þá kom hv. þm. með þá röksemd gegn frv. þessu, að auðvelt hefði verið að gera breyt. á hæstaréttarlögunum án þess að bera fram stóran lagabálk eins og hann orðaði það. En ég fæ ekki betur séð en að þessar breyt. eigi rétt á sér eins og þær eru bornar fram. Því má ekki koma fram með ný heildarlög í frv.formi, eins og að fella breyt. síðar inn í teksta eldri laga? Ég tel a. m. k. betur fara á því að bera frv. fram í því formi eins og lögin eiga að verða.

Þá hneykslaðist hv. þm. mjög á því, að ég hefði sagt, að svo gæti farið, að menn vildu ekki leggja sig í þá hættu, sem því fylgir að ganga undir prófið. En ég vík ekki frá því, sem ég hefi sagt um þetta. Ég lít svo á, að þeir möguleikar séu fyrir hendi og það geti auðveldlega komið fyrir, að menn vilji ekki ganga undir próf dómaranna. En ég tók einmitt fram í þessu sambandi, að dómsmrh. gæti hindrað þetta.

Það er vitanlega rétt hjá hv. þm., að dómsvaldið á að vera hjá dómendum, enda hefir enginn haldið öðru fram. En til þess þarf ekki að fá þeim veitingarvald dómaraembætta í hendur, enda væri það hin mesta firra, sem hvergi á sér stað í siðuðum löndum. Á sjálfstæði dómsvaldsins sjálfs er engin breyting gerð með frv. eða brtt. okkar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 30. fundi í Nd., 16. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 127,1 felld með 14:10 atkv.

1. gr. samþ. með 18:8 atkv.

Brtt. 127,2 felld með 17:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, JAJ, JÓl, MG, ÓTh, PO, ÁÁ, EA, GÍ.

nei: JónasÞ, LH, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, VJ, ÞorlJ, BJ, BSt, BÁ, BKr, HStef, HJ, HG, IngB, JörB.

Tveir þm. (MJ, HV) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 15:8 atkv.

3. gr. samþ. með 15:2 atkv.

4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 116,1 samþ. með 20 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

6. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 116,2 samþ. með 15 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 121,1 samþ. með 19 shlj. atkv.

— 116,3.a samþ. án atkvgr.

— 127,3.a felld með 14:8 atkv.

— 127,3.b tekin aftur.

— 116,3.b samþ. með 15 shlj. atkv.

— 127,3.c felld með 17:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JAJ, JÓl, MG, ÓTh, PO, ÁÁ, EA, GÍ, JJós.

nei: JónasÞ, LH, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, VJ, ÞorlJ, BJ, BSt, BÁ, BKr, HStef, HG, HV, IngB, JörB.

HG[1]) greiddi ekki atkv.

Einn þm. (MJ) fjarstaddur.

Brtt. 121,2 samþ. með 19 shlj. atkv.

— 116,3.c samþ. með 15 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 14:1 atkv.

9.—10. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

11.—13. gr. samþ. með 15. shlj. atkv.

Brtt. 146 felld með 15:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HJ, HG, HV, LH, PO, SvbH, VJ, BSt.

nei: HStef, IngB, JJós, JAJ, JÓl, JónasÞ, StgrS, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BÁ, BKr, JörB.

MG,[2]) ÓTh, EA, GÍ greiddu ekki atkv.

Einn þm. (MJ) fjarstaddur.

Héðinn Valdimarsson: Ég vildi spyrja hæstv. forseta, hvort hann telur það gilda ástæðu til að greiða ekki atkv. að segjast ekki kæra sig um það.

Ólafur Thors: Ég vil beina því til hæstv. forseta, hvort það er nokkuð ólögform-

1) Með svofelldri grg.: Þó að ég sé að miklu leyti sammála ýmsu af því, sem í brtt. felst, er ég harla ósamþykkur þeim röksemdum, sem hv. frsm. minni hl. færir fyrir henni. Ég treysti mér ekki til að fallast á röksemdaleiðslur hans og greiði þess vegna ekki atkv.

2) **Forseti (JörB):** Hvers vegna greiðir ekki hv. þm. atkv?

MG: Af því bara, að ég kæri mig ekkert um það.

legra að greiða ekki atkv. heldur en segja o-nei eða o-já, þegar mönnum er skapi næst að greiða ekki atkv. eða á annan hátt en þeir gera.

Forseti (JörB): Hv. þm. hafa á sínu valdi, hvort þeir greiða atkv. eða ekki, þó auðvitað sé þeim skylt að greiða atkv. nema ef málið, sem atkv. er greitt um, snertir manninn persónulega. Við því liggur ekki annað refsiákvæði en það, að forseta er heimilt að svipta þm. dagkaupi, ef hann vill.

Einar Arnórsson: Ég vænti þess, að hæstv. forseti telji mig hafa gilda ástæðu til að færast undan að greiða atkv. að þessu sinni.

Forseti (JörB): Já, ég met ástæðu hv. 2. þm. Reykv. gilda, þar sem þetta mál getur snert hann.

Héðinn Valdimarsson: Ég vil spyrja hæstv. forseta, hvort hann vill ekki nú beita þeirri heimild, sem hann hefir til að draga dagkaupið af þm., þegar þeir neita að greiða atkv. án þess að færa ástæður fyrir.

Forseti (JörB): Ég vil mælast til, að hv. þm. séu ekki að lengja umr. út af atkvgr. Ef ég beiti þessu refsiákvæði þingskapanna, að draga dagkaup af þm., mun ég láta þess getið.

Ólafur Thors: Ef hæstv. forseti dregur dagkaup af þm. fyrir að greiða ekki atkv. að þessu sinni, vildi ég mælast til, að hann drægi a. m. k. hálft kaupið af hv. þm. Ísaf. fyrir hans o-já. Yfirleitt teldi ég nóg, að hann fengi helming af þingkaupinu.

14. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
15.—16. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 116,4 samþ. með 16 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
18.—23. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 127,4 felld með 14:8 atkv.
24. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
25. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 127,5 felld með 12:11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁÁ, EA, GÍ, HStef, JJós, JAJ, JÓl, LH, MG, ÓTh, PO.
nei: BJ, BÁ, BKr, IngB, JónasÞ, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, VJ, ÞorlJ, JörB. BSt, HJ, HG, HV[1]) greiddu ekki atkv.
Einn þm. (MJ) fjarstaddur.
26. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt 127,6 samþ. með 18 shlj. atkv.
27. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
28.—29. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
30.—40. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
41.—50. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
51. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 116,5.a samþ. með 17 shlj. atkv.
— 116,5.b samþ. með 18 shlj. atkv.
52. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 127,7.a samþ. með 18 shlj. atkv.
— 127,7.b. samþ. með 18 shlj. atkv.
53. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 116,6 samþ. með 17 shlj. atkv.
54. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 116,7 samþ. með 15 shlj. atkv.
55. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
56.—58. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
59.—61. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
62.—63. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 127,8—9 teknar aftur.
64.—66. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
67. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 127,10 tekin aftur.
68. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 116,8 samþ. með 15 shlj. atkv.
69. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17:8 atkv.

Á 33. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 201, 209).

Frsm. meiri hl. (Bergur Jónsson): Við hv. 2. þm. Reykv. berum fram till. um

---

1) **HV:** Af því að ég „kæri mig ekkert um" að greiða atkv., geri ég það ekki.

tvær litlar breyt. á frv. Hin fyrri er við 26. gr. Hún gerir ráð fyrir, að stj. félags málaflutningsmanna við fimmtardóm hafi rétt til að ákveða þóknanir málaflutningsmanna og málskostnað, ef slíkt er undir hana borið. Við leggjum til, að stj. skuli vera skylt að ákveða þóknanirnar, ef annarhvor aðili ber það undir hana, en báðir aðiljar skuli þó hafa rétt til að bera ágreininginn undir dómstólana.

Síðari brtt. okkar er við 51. gr. Eftir þeirri gr. er skylt að kveða upp úrskurð í réttinum um hvert mál, áður en hið næsta kemur til flutnings. Þetta fannst okkur vera of strangt. Það geta komið tvö mál fyrir réttinn á sama tíma, sem eru svo lík, að þau eigi að vera samferða, t. d. þegar sama varðskip tekur tvo togara. Við leggjum því til, að orðunum „að jafnaði" sé bætt inn í gr., þannig að heimilt sé að víkja frá þessu ákvæði gr., þegar nauðsyn krefur.

ATKVGR.

Brtt. 209,1 samþ. með 18 shlj. atkv.

- - - 209,2 samþ. með 18 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 14:7 atkv. og afgr. til Ed.

Á 35. fundi í Ed., 22. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 234).

Á 37. fundi í Ed., 29. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Með því að frv. þetta hefir tvisvar áður legið hér fyrir í d., og þá verið rætt allýtarlega, og einnig verið rætt í n., og með því að það hefir nú verið rætt ýtarlega í hv. Nd., þá sé ég ekki ástæðu til að fara að ræða það hér nú við þessa umr., en legg til, að því sé vísað til allshn., að umr. lokinni.

Jón Þorláksson: Það er satt, sem hæstv. dómsmrh. sagði, að þetta frv. er ekki nýr gestur hér í hv. d. Það hefir verið hér á ferðinni nokkrum sinnum áður, og hefir að vísu heldur tekið breyt. til batnaðar, eftir því sem árin færðust yfir það, þar sem smám saman hafa verið numin úr því nokkur hneykslanlegustu ákvæðin, og þar á meðal flest þau, sem fóru í bága við stjskr. En þó sama sem ekkert sé eftir í frv. af þvílíkum ákvæðum, þá tel ég með engu móti rétt, að það fari umræðulaust til 2. umr. og n., eins og títt er um meinlaus mál.

Það höfuðákvæði, sem eftir er í frv. og öldungis er óhafandi, er það, að leggja skuli niður hæstarétt.

Að vísu hafa þjóðirnar búið við mismunandi reglur um meðferð þjóðmála og þjóðfélagsvalds á ýmsum öldum. En á 18. öld ruddi sú skoðun sér til rúms í heiminum, að meðferð þjóðfélagsvaldsins bæri að skipta í þrennt og að þessir 3 hlutar þess ættu að vera hver öðrum sem óháðastir. Á þessari þrískiptingu valdsins er stjskr. okkar byggð og ég held stjskr. allra annara lýðfrjálsra ríkja, sem sé skiptingunni í löggjafarvald, umboðsvald og dómsvald. En þar sem þetta frv. fjallar eingöngu um einn þáttinn af þessum þrem, dómsvaldið, skal ég ekki fara út í skipun hinna tveggja.

Það er viðurkennd regla í öllum menningarríkjum, að dómsvaldið eigi að vera algerlega óháð umboðsvaldinu, eftir því sem hin fjárhagslega hlið og veiting embættanna leyfir. Og þar sem dómsvaldið er óháð, eiga dómendurnir einungis að fara eftir sinni eigin réttarmeðvitund og lögunum.

Það hefir áður komið fram hér í hv. d., og þá frá hæstv. dómsmrh., að dómendurnir ættu að fara eftir almenningsáliti. Þessi regla er hvergi viðurkennd. Hann er þarna að blanda saman l. og dómsvaldinu. Lögin eiga auðvitað að vera eftir almenningsáliti. En eftir þeim lögum, sem almenningsálitið hefir sett, eiga dómstólarnir að dæma, og varðar ekkert um vilja almennings fyrr en sá vilji kemur fram í l. sjálfum.

Nú er með þessu frv. þverbrotin þessi grundvallarregla með því að skapa æðsta dómstóli landsins þau kjör, að ef framkvæmdarvaldi eða löggjafarvaldi, það er að segja, ef umboðsvaldi, sem hefir þingmeirihluta, mislíkar við réttinn, t. d. af því, að dómar hans, sem snerta það, hafi gengið því á móti, þá sé þessi réttur lagður niður. Þetta er ekkert betra en ef konungur og framkvæmdarvaldið gerði þá ákvörðun, ef því mislíkaði við Alþingi,

að það skuli lagt niður. Það væri nákvæmlega það sama og hér á að gera, því að í báðum tilfellum er verið að höggva burt eitt af þeim þrem höfðum, sem eru á þjóðfélagslíkamanum.

Ég vil því, meðal annars af þessum ástæðum, undirstrika það, að þetta má ekki gera. Og það er heldur ekki sjáanlegt, að fyrir þær breyt., sem frv. þetta nú gerir á hinum æðsta rétti, sé nauðsyn á að hafa þetta ákvæði í því, nema til að slá föstu því fordæmi, að ef valdhafi verður óánægður með dóma réttarins, þá verði hann bara lagður niður.

Nú vita menn, að það hefir borið svo að, og ekki farið dult, að sá ráðh., sem dómsmálin nú heyra undir, er mjög óánægður við hæstarétt og fer hann ekki dult með þetta. Það blandast víst ekki neinum hugur um það, að þetta frv. er svar núv. hæstv. dómsmrh. til hæstaréttar út af því, að ráðh. er óánægður með nokkra dóma, sem sá réttur hefir kveðið upp. En ég verð að segja það, að þá er þjóðfélagið að setja sjálft sig í hættu, ef þingmeirihluti lætur hafa sig til þess að leggja niður æðsta dómstól ríkisins, þó að geðríkur maður, sem fer með umboðsvald og orðið hefir fyrir óþægilegum dómum, þykist hafa ástæðu til óánægju. Og það er því meiri óhæfa og enn átakanlegra fyrir þá sök, að það á að fremja þetta á ábyrgð þeirrar stéttar í landinu, sem jafnan hefir verið talin tryggast vígi gegn hverskonar byltingum, bændastéttarinnar, sem Framsóknarflokkurinn a. m. k. telur sinn aðalbakhjarl. Því að þótt það geti verið, að þetta frv. sé að einhverju leyti flutt með stuðningi jafnaðarmanna, þá er það borið fram af forystumönnum Framsóknarflokksins og því aðallega á ábyrgð þeirrar stéttar, er veitir þeim flokki mestan stuðning. Og ég vil beina þeirri spurningu til hv. fulltrúa þeirrar stéttar hér á Alþingi, hver framtíð þeir haldi, að liggi fyrir þessu þjóðfélagi, ef fulltrúar þeirrar stéttar gangast fyrir því, að brotnar séu þær grundvallarreglur, sem viðurkenndar eru í öllum lýðfrjálsum löndum sem tryggasta stoð slíks þjóðskipulags.

Ég veit ekki, hver forlög þessu frv. eru búin hér í hv. þd., en ég vil með allri alvöru beina þeirri áskorun til fulltrúa bændastéttarinnar innan Framsóknarflokksins, að þeir láti ekki hafa sig til þess að svara nokkrum dómum frá æðsta dómstóli landsins, er vakið hafa óánægju ofstopamanna flokksins, með því að lögfesta það, að leggja skuli niður réttinn. Ég skal að sjálfsögðu viðurkenna það, að enginn mannlegur dómstóll er með öllu óskeikull. Slíkar kröfur er ekki hægt að gera, en þær tvær kröfur á að gera til hvers dómstóls, að hann dæmi samkv. lögunum, og að dómendur dæmi eftir bezta skilningi og einlægri samvizku. Svo miklar kröfur verður þjóðfél. að geta gert til síns æðsta dómstóls, en til þess verður hann að geta dæmt með óháðri aðstöðu gagnvart umboðsvaldinu og fullri rósemi samkv. sínum lagalegu skoðunum á málunum. En slík aðstaða er ekki fyrir hendi, ef dómararnir þurfa að sitja með þá vitneskju, að þeir eigi það á hættu, að rétturinn verði niður lagður, ef dómar hans fara í bága við óskir umboðsvaldsins.

Þeir dómarar eru ekki frjálsir í sínu starfi, sem þurfa að vera hræddir um það að verða sviptir sínu starfi, ef þeir í vissum málum dæma samkv. sínum skilningi á lögunum og sinni samvizku.

Það eru ýms fleiri atriði í þessu frv., sem horfa í sömu átt um breyt. frá núgildandi löggjöf, þá að gera æðsta dómstól þjóðarinnar háðan umboðsvaldinu, en í minum augum er ekkert þeirra jafnhneykslanlegt og þetta ákvæði um að fella niður hinn æðsta rétt, en það mun gefast síðar við umr. svigrúm til þess að ræða þau ákvæði nánar, ef frv. verður samþ. til 2. umr. En ég vil endurtaka það, að ákvæðið um að afnema hæstarétt er forustuákvæðið. Það er það ákvæði, sem á að skapa það, að dómararnir skuli verða framvegis hræddir við valdhafana, ef þeir eru þeim ekki þægir.

Það er auðvitað rétt, þegar slíkt frv. sem þetta kemur fyrir hv. þd., að athuga það, sem kann að álítast áfátt við þann dómstól, sem frv. ræðir um, frá því sjónarmiði, að löggjafarvaldinu er skylt að bæta úr því, sem áfátt kann að vera frá hendi þess eða framkvæmdarvaldsins. Því vil ég minnast á það, að nú um stund hefir hagað svo til, að í réttinum hafa ekki setið nema tveir reglulegir dómarar.

Þegar sú ákvörðun var tekin fyrir nokkrum árum að fækka dómurum í hæstarétti úr 5 í 3, sýndist mörgum, að réttaröryggið í landinu væri rýrt meira en góðu hófi gegndi, en þó að ágreiningur væri um þetta, þá var um það enginn ágreiningur, að færri en 3 mættu dómararnir ekki vera. Þess vegna mun það almennt álitast óhæfa, að í þessum rétti, sem á að vera sem óháðastur löggjafarvaldi og umboðsvaldi, sitji aðeins tveir fastir dómarar. Nú er mér sagt, að höfuðástæðan til þess, að ekki sé skipaður dómari í hið auða sæti, muni vera sú, að hæfir menn fáist ekki í þá stöðu, fyrir það, hve launin séu lág, þannig að þeir, sem hafa til þess manndóm og þekkingu að vera hæfir dómarar í hæstarétti, sjái sér skaða í því að taka það embætti; sé svo, að þetta sé rétt, má löggjafarvaldið ekki hjá sér leiða að ráða bót á. Því þó það hafi kannske verið verjandi að fækka dómurum réttarins á sínum tíma úr 5 niður í 3 af sparnaðarástæðum, er það óverjandi að láta dómarana búa við svo léleg kjör, að hæfir menn fáist ekki í réttinn þess vegna. Með frv. er engin bót ráðin á þessu atriði. En ef þetta er rétt, sem ég hygg, að muni vera, að rétturinn fáist ekki fullskipaður, af því að launaspursmálið stendur í vegi, þá tel ég það algerlega óverjandi og óforsvaranlegt.

Ég ætla svo að láta nægja að sinni með það, sem ég hefi nú sagt, en ætla þó áður en ég sezt að lýsa yfir því, að ég ber svo mikið traust til ýmsra hv. þm. í stuðningsflokki stj., að ég treysti því, að þeir styðji ekki að því, að löggjafarvaldið verði notað til slíkra hermdarverka á virðulegustu stofnun ríkisins, sem þetta frv. stefnir að.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég sá ekki ástæðu til þess við fyrsta flutning þessa frv. að fjölyrða um það, þar sem það er hv. þdm. allmjög kunnugt frá fyrri þingum, en úr því að hv. 1. landsk. reifar nú málið með nokkuð almennum umr., þá sé ég ástæðu til þess að láta því fylgja nokkuð ýtarlegri framsögu. Hv. þm. gerði að því er virtist þá aðalaths. við frv., að það færi fram á of stórfenglegar breyt. á æðsta dómstóli landsins. Hinsvegar viðurkenndi hann það, að dómstólar gætu verið ófullkomnir, svo að þörf væri breytinga.

Það er nú mála sannast, að þegar samin voru lög um hæstarétt árið 1919, var lítill tími til undirbúnings á þessum lögum. Árið áður höfðum við fengið staðfest sambandslögin, er heimiluðu að flytja heim hinn æðsta dómstól, en það hafði lengi verið innileg ósk þjóðarinnar að fá hann heim fluttan. Á þessu eina ári, sem þáv. stj. hafði til undirbúnings þessu máli, sem auk þess var styrjaldarár, svo að þjóðin hafði í mörgu öðru að snúast, vannst ekki tími til æskilegs undirbúnings á þessu máli, enda mun sá maður, sem undirbjó frv. um hæstarétt, þá hafa aðallega stuðzt við þau lög, er giltu um hæstarétt í Danmörku, og lögin um landsyfirréttinn, og mun hafa úr þessum hvorutveggja lögum brætt saman frv. til hæstaréttarlaganna, eins og nafnið á réttinum m. a. bendir til. Það mun algerlega hafa verið vanrækt þá að leita upplýsinga um reynslu annara Norðurlandaþjóða eða hinna engilsaxnesku þjóða í þessum efnum. Enda kom það brátt í ljós, að lítill sjálfstæðisblær var á þessum lögum. Það liðu ekki nema fá ár þangað til hinir sömu menn og samþ. höfðu lögin urðu óánægðir með þau og vildu breyta þeim, m. a. með því að fækka dómurum í réttinum, þó að fækkunin næði ekki fram að ganga fyrr en nokkru síðar eða á Alþingi 1924. En hvorki árið 1919 né árið 1924 var leitað fordæma eða reynslu annara þjóða, til viðtækari umbóta á stofnuninni. En úr því að þessi hv. þdm. sá ástæðu til þess, að hæstaréttarlögin væru athuguð, vil ég benda sérstaklega á eitt atriði í lögunum, sem í frv. er lagt til, að breytt verði, en það er ákvæði, sem tekið var upp úr hæstaréttarlöggjöf Dana um hið svokallaða dómarapróf eða sjálfsval réttarins, sem eins og hv. þm. orðaði það, ætti að tryggja það, að rétturinn væri sjálfstæður. Um þetta ákvæði var ekkert rætt á þinginu 1919. Á því þingi var enginn maður, sem reyndi að setja sig inn í eða athuga þetta mál með gagnrýni og það er ekki fyrr en seinna, sem menn fóru að sjá, að okkar hæstiréttur var í ýmsum atriðum ófullkominn og stóð að baki

æðstu dómstólum annara ríkja. Það hefir t. d. komið í ljós við rannsókn, að ákvæðið um dómarapróf þekkist ekki í öðrum löndum en Danmörku, það sem spurzt hefir til. Því hefir þó verið haldið fram af hv. 1. landsk. ásamt öllum þorra flokksbræðra hans, íhaldsmanna, að þessi sjálfsköpunarregla réttarins væri ekki einasta sjálfsögð, heldur styddist hún við heimsreynsluna. Og það kvað svo rammt að þessari skoðun, að í áliti því, sem hæstiréttur á sínum tíma lagði fram í málinu, var þetta fullyrt. Skjal þetta átti að vera sem vísindaleg leiðbeining fyrir Alþingi um þetta og fleiri atriði í því frv., sem hér liggur fyrir hv. d., en verður að viðurkenna, að hafi ekki á sér þann vísindablæ, sem ætlazt hefði mátt til af svo virðulegri stofnun. Menn vissu þá, að umsögn dómaranna um dómaraprófið var röng, en hve mikið röng hún var vissu menn ekki fyrr en síðar. En nú er þetta fullrannsakað, og það er sannað, að þessi virðulegi réttur hefir verið algerlega fáfróður um þetta mál og gefið alranga skýrslu. En á þessum röngu heimildum átti álit Alþingis að byggjast um þetta atriði, og á þessari fáfræði hefir flokkur hv. 1. landsk. og blöð byggt sínar skoðanir um þetta atriði.

Hjá Dönum er þetta ákvæði um dómararpróf arfur frá kúgunartímabilinu, arfur, sem Danir hafa enn ekki losað sig við. Norðmenn tóku það upp í sín lög, þeir sóttu fyrirmyndina til Dana, en þeir breyttu því síðar, að vísu á móti vilja dómaranna sjálfra, alveg eins og hér var með hæstaréttarlögunum 1919 ákveðin munnleg málfærsla í stað skriflegrar við landsyfirréttinn gegn vilja dómaranna þá. Nú kemur engum dómara í hæstarétti í Noregi til hugar að halda því fram, að dómarapróf eigi að vera til. Í Svíþjóð er ekkert ákvæði, sem fer í þessa átt, þar er leitað álits dómaranna í þessum efnum, sem sjálfsagt í flestum tilfellum fer saman við álit veitingarvaldsins. — Út af því umtali, sem orðið hefir á Alþingi um dómaraprófið, hefir stj. lagt fyrir sendiherra Ísl. í Kaupmannahöfn að rannsaka þetta atriði hjá öðrum þjóðum en Norðurlandaþjóðunum, og það hefir komið í ljós, að slíkt ákvæði er hvorki til í Englandi, Þýzkalandi, Sviss né Finnlandi. Um Noregi og Svíþjóð er áður talað. Ég vil ennfremur geta þess, að hér var nýlega staddur íslenzkur dómari frá Ameríku, sem upplýsti það, að slíkt ákvæði væri hvorki til í Bandaríkjunum né í Canada.

Þetta atriði var hvorki rannsakað hér árið 1919 né 1930, en þeir dómarar, er sátu í hæstarétti árið 1930 og um þetta voru spurðir, gáfu algerlega ranga skýrslu, sem kom heim við þá hleypidóma um málið, er þá voru meðal íhaldsmanna, og var það óneitanlega ákaflega leiðinlegt fyrir réttinn. Ég tók þetta dæmi, sem svo áþreifanlega hefir reynzt þörf á að rannsaka til undirbúnings á því að færa hæstaréttarlögin í nútímahorf. Ég er ekki að ásaka hv. þm., sem 1919 settu þetta ákvæði í lögin, því þeir vissu ekki hvað hlýða þótti í þessu efni meðal annara menningarþjóða, en þeirra afsökun er nú fallin fyrir þá, sem enn kunna að vera á móti því að leggja niður ákvæðin um sjálfsval dómaranna.

Þær talsvert miklu umr., sem orðið hafa um þetta frv. á undanförnum þingum, hafa mikið orðið til þess að skýra málið og draga úr mótstöðunni gegn því. Það var fyrst mjög mikil mótstaða hæstaréttarlögmanna og annar lögfræðinga gegn opinberu atkvgr., en smátt og smátt varð þessum mönnum það ljóst af reynslunni, að þessi mótstaða var bara vitleysa, að það var engin ástæða til þess fyrir dómarana að vera að fela sig hver á bak við annan í þessum efnum. Mönnum varð það ljóst, að dómararnir voru opinberir embættismenn, sem áttu að sýna gerðir sínar allri þjóðinni, enda sannaðist það, að opinber atkvgr. dómara var venja, sem gilti í öllum menningarlöndum, og að hér gilti undantekning. Í Danmörku hefir Zahle verið að vinna að því að koma þessu í rétt horf. Ég get sagt það til lofs þeim, er í fyrstu voru fullir hleypidóma gegn opinberu atkvgr., að þeir sáu að sér. (PM: Hverjir voru það?). Hv. þm. er áreiðanlega svo kunnugur í sinni eigin stétt, að hann þarf ekki að spyrja og getur svarað sjálfum sér með því að stinga hendi í eigin barm. Og þess vegna er það undarlegt, hve hv. 1. landsk. sér litlar ástæður til breyt. á lögunum enn. — Ég sé ekki þörf til þess að fara nákvæmar út í að ræða frv. að

þessu sinni, en læt nægja að vísa til þess, er áður hefir verið um það sagt. Það hefir komið í ljós, að lögin um hæstarétt frá 1919 voru samin án rannsóknar og þekkingar, og að þess vegna gátu þeir, sem vilja, að hér á landi búi framfara- og menningarþjóð, ekki annað en beitt sér fyrir breyt. á lögunum.

Ég skal þá víkja að því atriði, sem hv. þm. þótti svo alvarlegt, flutningi dómara milli réttanna, sem sé því, hvort það er forsvaranlegt að leggja niður réttinn og skapa annan betri. Já, þetta sama voðalega stökk var nú tekið hér árið 1919 og reyndist vel, þegar landsyfirrétturinn var lagður niður og dómarar úr honum fluttir í hæstarétt. Og ég hygg, að hv. þm. verði að viðurkenna það, að hér er nákvæmlega sama fyrirbrigði á ferðinni, þar sem það er greinilega tekið fram í frv., að dómara í hæstarétti eigi að flytja inn í fimmtardóm, ef þeir óska, sem sjálfsagt má gera ráð fyrir, að verði, ef heilsa þeirra leyfir, annars getur það náttúrlega ekki orðið. Rétturinn er vitanlega þeir menn, sem hann skipa. Þeir gefa honum innihald. Ef tekið hefði verið fram í frv., sem engum hefir nú dottið í hug, að gömlu dómararnir gætu ekki fengið veitingu fyrir dómaraembættunum í nýja réttinum, hefði verið nokkur átylla til þess að ræða um það sem efnisbreyt., að rétturinn væri lagður niður. En þegar dómurunum er í sjálfsvald sett að ganga inn í hinn nýja rétt, reynist þetta alger firra. Stjskr. gerir ráð fyrir því, að þegar gagngerð breyt. sé gerð á dómsvaldinu, megi leggja dómaraembættin niður. Dómurum er tryggður flutningur milli réttanna á svipaðan hátt og gert var með landsyfirréttinn og núv. aðaldómstól landsins. Það er hinsvegar alger firra, sem hv. þm. heldur fram. Hér er lagt til, að rétturinn fái gott ísl. heiti, og starfi eftir þeim nýtízku kröfum, sem gerðar eru til rétta og réttarfars.

Þá er eftir eitt atriði í ræðu hv. þm. Það er um þann byltingarhug, sem hann taldi koma fram í þessu frv., og þær getsakir, sem hann beindi til mín um að ég bæri kaldan hug til núv. dómara. (**JónÞ:** Ég sagði dómstóls, en ekki dómara). Þetta kemur ekki í ljós í verki, því að frv. hér ber með sér, að á engan hátt er gert ráð fyrir að þrengja kosti dómaranna í réttinum. En að því leyti, sem hv. þm. almennt talað fór út í, að ekki hefði verið nægilegur friður um þennan aðaldómstól, vil ég benda honum á, að þann frið hafa blöð hans eigin flokks ekki verið fús að láta í té mörgum af héraðsdómurunum og hæstarétti sjálfum. Hv. þm. er kunnugt um, að þegar Hnífsdalsmálið var á ferðinni, veittist allur þorri skrifandi flokksbræðra hans að héraðsdómaranum, Halldóri Júlíussyni, sem rannsakaði málið. Hann var ofsóttur eins og villidýr fyrir það eitt, að hann rannsakaði málið með samvizkusemi og dugnaði, og það svo, að hann hlaut frægð af, og staðfestingu á gerðum sínum.

Hv. þm. man e. t. v. eftir því, að þegar málarekstur varð út af meðferð á búum hjá manni, sem þá var þm. Seyðf. og héraðsdómari hér í bænum, linnti ekki ofsóknum á hendur rannsóknardómaranum, Bergi Jónssyni sýslumanni. Nú er það vitað, að Bergur Jónsson sýndi óvenjulega og frábærlega vægð og mildi við hinn gamla mann, sem í hlut átti, eins og rétt var. En þeim mun verri er aðstaða þess flokks, sem ofsóknirnar hóf. Hv. þm. mun ekki vera alls ókunnugt um hvaða árásum sýslumaðurinn í Árn. varð fyrir í ýmsum blöðum hv. 1. landsk. tilheyrandi, í sambandi við Stokkseyrarbrunann. Yfirleitt hefir ekki skort ósanngjarna gagnrýni af hálfu einstakra samstarfsmanna þessa hv. þm. í garð héraðsdómaranna, hvenær sem litið hefir út fyrir, að ástæða væri til að taka þannig á málunum, að einhverjir af vinum og vandamönnum hv. þm. og hans flokks yrðu fyrir barðinu á lögunum. Ég vil máli mínu til stuðnings benda á það dæmi, sem er nýjast og hv. þdm. e. t. v. ekki kunnugt. Fyrir nokkrum vikum fékk landstj. ungan íhaldslögfræðing til þess að rannsaka svikamál á Vesturlandi, hvort h/f. Kveldúlfur hefði svikið síldarmál. Þessi ungi lögfræðingur var Ólafur Þorgrímsson. Þrátt fyrir það, að hann er einlægur flokksmaður hv. 1. landsk. rannsakaði hann málið af miklum dugnaði og skyldurækni. Þessi ungi maður hefir síðan verið ofsóttur, að vísu ekki opinberlega í blöðunum, en bak við

tjöldin. Er skemmst til þess að segja, að félagi hans, sem nú hefir verið kosinn form. í stjórnmálafél. „Verði“ hér í bænum, sleit félagsskap við Ólaf vegna þess, að hann hafði unnið að þessu máli og gert þar skyldu sína. Meira má um þetta segja. Ekki alls fyrir löngu hefir þessi sami maður verið rekinn úr stjórn strætisvagnafél. Rvíkur, þar sem hann hafði áður verið leiðandi maður. Þarf ekki að draga í efa, að þetta er hefnd fyrir það, að hann skuli hafa leyft sér að rannsaka mál, sem einhverjir af flokksbræðrum hv. þm. koma við. Ég held því, að hv. þm. mætti athuga sinn gang áður en hann kastar steini að öðrum. Hann ætti að rannsaka, hvernig flokksbræður hans hafa leyft sér að ofsækja dómarana á mjög áberandi hátt, einungis vegna þess, að þeir gerðu skyldu sína, þótt það kæmi pólitískt illa við suma flokksmenn hv. 1. landsk.

En af því að hv. þm. lagði mikla áherzlu á, að ég myndi ekki hafa neina sérstaka trú á hæstarétti, og að þau almennu rök, sem ég hefi frá byrjun fært fram fyrir þessu máli, væru ekki þau einu, sem lægju hér til grundvallar, vil ég benda honum á, að hin skarpasta gagnrýni hefir komið fram frá einum af flokksmönnum hv. þm. Það er kunnugt, að Sig. Eggerz hefir fyrir skömmu gefið út allmikið rit, þar sem hann í samb. við einn ákveðinn dóm lýsir einum af núv. alþm. og jafnframt varadómara í hæstarétti. Kemur þar fram hjá þessum merka stjórnmálamanni mjög mikil tortryggni í garð dómarans. Ég býst við, að allir hv. þdm. hafi lesið, í hvaða formi þessi flokksbróðir hv. 1. landsk. sá dómarann í réttinum, og hvaða blæ það kastaði yfir þans skoðun á því æðsta dómsvaldi, sem nú er í landinu.

Hv. þm. kom með mjög svo hjartnæma bæn til bændanna í þessari hv. d. og eins bænda úti um landsbyggðina, þess efnis, að þeir hjálpuðu honum nú til þess að hindra umbætur á aðaldómstóli landsins. Sveigði hann í því sambandi að þeim byltingarhug, sem honum fannst felast í þessu frv. Hv. þm. gat þess réttilega, að bændur landsins hafa allt til þessa ekki verið byltingagjarnir. Þeirra stefna er þróun, en ekki ofbeldi. En mér þykir það koma úr hörðustu átt, er hv. 1. landsk. talar um byltingar. Síðan um nýár í vetur hefir hann sjálfur stöðugt verið að dylgja um í blöðum flokks síns, að ef ekki yrði gert þetta eða hitt, myndi flokkurinn „grípa til sinna ráða“. Þetta er í sjálfu sér opinber hótun. Hver þessi „hans ráð“ eru, er ekki nánar útfært. En það vil ég benda hv. þm. á, að ef einhverjir glæpir yrðu framdir í framhaldi af þessum hótunum, ber hann vissulega ekki svo litla siðferðislega ábyrgð á þeim. En það má koma nær hv. þm. með byltingarnar. Hann veit, að ekki er nú lengra en hálfur mán. til þess dags, er byltingatilraun hans á ársafmæli. Þá hóf þessi hv. þm. byltingafána á stöng hér á þessu húsi. Ég veit, að honum er kunnugt um, hvernig hann hugðist að brjóta niður vald þingsins til þess síðan að ná valdinu úr höndum bændastéttarinnar íslenzku. Hv. þm. er líka kunnugt, hverjum augum bændurnir, bæði flokksmenn hans og andstæðingar, litu á þetta mál. Þeir hafa lýst hinni megnustu vanþóknun á framkomu hans og vina hans. Að þessu leyti getur hv. þm. mjög vel úr flokki talað, að byltingastarfsemi sé eigi að skapi bændanna. En hv. þm. er líka kunnugt um, að framfarastarfsemi er mjög að skapi alls þorra bændastéttarinnar. Þetta hygg ég, að hv. þm., sem sjálfur nefndi flokk sinn íhaldsflokk og stefnu sína íhaldsstefnu, hafi verið búinn að komast að raun um, þegar hann vildi breyta og færa til valdið í landinu, og það jafnvel á þann hátt, sem hann reyndi dagana frá 14.—20. apríl í fyrra. Hann vildi taka valdið af bændastéttinni. Hann vildi svipta bændurna þeirri aðstöðu, sem þeir höfðu haft. Hann vildi ekki þróun. Það sýndi byltingarathæfi hans þessa viku, — þessa viku, sem orðin er einskonar píslarvika fyrir hann og hans flokk og hefir orðið til þess að kasta nokkuð sérstökum blæ yfir stefnu hans og þroska hvarvetna þar, sem þau mál eru kunn.

Út af fyrir sig hefir hv. þm. því afarerfiða aðstöðu í þessu máli. Ég hefi bent honum á það, að þeim, sem undirbjuggu málið upphaflega, hefir ekki tekizt að fylgja þeirri þróun, sem orðið hefir hjá þeim þjóðum, sem við höfum mest

saman við að sælda og verðum fyrir mestum áhrifum frá. Þess vegna höfum við svo lítið að gera með þá háu tóna, sem hv. þm. er að láta hljóma í eyrum dm., þessi slagorð, þegar það er ljóst orðið, að þeir menn, sem mesta ættu að hafa þekkingu og bezt vit á veigamestu málunum, eru svo tiltakanlega þekkingarsnauðir, sem raun er á orðin.

Ég býst við því, að þegar hv. þm. athugar málið betur, muni hann átta sig á því. En hvað snertir óvild hans til þróunarinnar og til bændastéttar landsins, þá er ég ekki viss um, að hún fái komið því til leiðar, að þeir veiti henni nú stuðning til þess að viðhalda formi, sem er nokkurnveginn dauðadæmt hjá öllum þeim þjóðum, sem við helzt skiptum við. Ég býst við því, að þar sem hann reynir að brjóta niður vald bændanna, og það hefir nú verið hans höfuðáhugamál tvö síðustu þing, verði þeir heldur tregir að fylgja honum að málum og snúa sjálfir snöruna að hálsi sér.

Pétur Magnússon: Að þessu sinni ætla ég ekki að taka upp alm. umr. um frv. Ég gerði allýtarlega grein fyrir afstöðu minni til þess á þ. 1931. Býst ég við að gera við 2. umr. málsins nokkra grein fyrir afstöðu minni til hinna einstöku breyt., sem frv. leggur til, að gerðar verði á hæstarétti. Það eru aðeins nokkur orð, sem féllu hjá hæstv. dómsmrh., sem knýja mig til þess að standa nú upp, því að ég get ekki látið þeim ómótmælt við þessa umr.

Hæstv. ráðh. endurtekur í sífellu þá staðhæfingu, að frv. þetta miði að því að breyta fyrirkomulagi réttarins í nútímahorf. Vildi hann láta líta svo út sem ríkjandi fyrirkomulag væri úrelt, enda flaustrað til þess í upphafi, og að réttúrinn svaraði alls ekki þeim kröfum, sem gera yrði til hans.

Það er vert að athuga, hverjar þær breyt. muni vera í þessu frv., sem miða að því að koma réttinum í nútímahorf. Efnisbreyt. eru aðeins þrjár. Ég tek þar undan 2. gr. frv., sem ég er sammála hv. 1. landsk. um, að sé höfuðhneyksli, en þó eigi efnisbreyt. eins og málið liggur nú fyrir. Þá eru breyt. þessar: afnám dómaraþrautarinnar, fjölgun dómara í réttinum og opinber atkvgr. Tvær af þessum breyt., afnám dómaraþrautarinnar og fjölgun dómara í réttinum á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir, miða að því að gera aðaldómstólinn háðari umboðsvaldinu en nú er. Áður fyrr voru takmörk milli umboðs- og dómsvalds óskýr, og meðan einveldisfyrirkomulag ríkti var þetta tvennt oft sameinað í eins manns höndum. Vitanlega komu í ljós þeir annmarkar, sem þessu fylgja, þótt víða taki aldabaráttu að fá því breytt í það horf, sem nú er á komið í öllum menningarlöndum heimsins. Jafnvel þar, sem einveldi ríkir, fer ekki lengur saman umboðs- og dómsvald. En þegar hæstv. dómsmrh. flytur fram brtt. á æðsta dómstól landsins, brtt., sem miða að því að nálægja umboðs- og dómsvald hvort öðru, þá kallar hann það að færa aðaldómstólinn í „nútímahorf"! Slíkt er fjarstæða. Hér er aftur verið að færa réttinn í gamaldags horf. Hin nýja stefna hefir verið að aðgreina umboðs- og dómsvald. Till. hæstv. dómsmrh. ganga í gagnstæða átt.

Þriðja breyt., hin opinbera atkvgr., má e. t. v. segja, að miði að því að breyta í nútímahorf. Ég hefi að vísu ekki rannsakað það atriði sérstaklega, en hygg þó, að stefnan sé yfirleitt sú, að breytt verði í það horf, og það hafi hvergi verið lagt niður þar, sem það hefir verið tekið upp. Hinsvegar hefir það hvergi verið slíkt sáluhjálparatriði sem hæstv. dómsmrh. vill vera láta. Ég er þeirrar skoðunar, að þetta sé heppileg tilhögun. Það er lærdómsríkt að sjá, hvernig hver dómari rökstyður skoðun sína, þó ég hinsvegar hafi enga trú á, að opinber atkvgr. í dómstóli auki réttaröryggi, enda hygg ég naumast, að þau rök hafi verið fram færð fyrir henni utan Íslands.

Hæstv. dómsmrh. hélt því fram, að til að byrja með hefðu allir málaflm. verið á móti opinberri atkvgr., en fyrir áhrif frá honum hefði afstaða þeirra breytzt. Þetta er nú, held ég, misskilningur hjá ráðh. Allur þorri málaflm. hefir frá upphafi verið þeirrar skoðunar, að heppilegt væri að birta öll dómsatkvæði, og vitanlega hefir það algerlega sömu áhrif og opinber atkvgr. Þessa skoðun hefir málaflm.fél. Íslands oftar en einu sinni látið í

ljós opinberlega. Annars þarf hæstv. dómsmrh. ekki að hneykslast á því, þótt menn skipti um skoðun, því að sjálfur hefir hann nú skipt um skoðun á ýmsum atriðum þessa máls. T. d. sagði hann í ræðu sinni áðan, að þegar munnlegur málaflutningur hefði verið innleiddur hér á landi, hafi það verið mikilvægt atriði og með því hafi málaflutningur verið losaður úr steingervingsbandi. Ég er því sammála, að málaflutningur verði betur vandaður á þann hátt. En árið 1924 er dómsmrh. allt annarar skoðunar um þetta atriði. Þá bar hann fram brtt., sem gekk í þá átt að takmarka munnlegan málaflutning. Leggur hann þar til, að 38. gr. hæstaréttarl. orðist svo: „Munnlegur málaflutningur skal aðeins hafður, ef aðilar óska". Í grg. segir svo: „Breyt. á 38. gr. *er mikil réttarbót*". Það er nú naumast unnt að kúvenda öllu skarpar en þetta.

Ég ætla ekki að ræða frekar um hin einstöku atriði frv. að þessu sinni. Umr. um þetta mál eru orðnar alllangar nú þegar. Ég vil einungis undirstrika það, sem hv. 1. landsk. sagði, að ég vil bera það traust til þessarar hv. d., að hún láti sig ekki henda þá hneisu og ógæfu að samþ. ákvæði um, að æðsti dómstóll landsins skuli lagður niður, þó svo færi, að honum yrði gefið nýtt heiti og einhverjar smávægilegar breytingar yrðu gerðar á fyrirkomulagi hans.

Jón Þorláksson: Það er nú komið svo fyrir hæstv. dómsmrh., sem oft vill nú verða, að lítið er um rökin hjá honum gegn því, sem ég hafði sagt um þessa smíði hans. En rökþrotin reyndi hann að dylja með málalengingum um ýmislegt, sem ég hafði ekki gert að umtalsefni í minni ræðu. Mér þykir rétt, þótt hæstv. ráðh. tolli nú illa hér í d. í dag eins og endranær, að svara einstöku atriðum úr ræðu hans, þeim atriðum, sem mér þykja svaraverð.

Hæstv. ráðh. sagði, að mér þættu of stórfelldar flestar þær breyt., sem lagt er til, að gerðar verði á dómstólnum. Þetta er misskilningur. Ég hefi ekkert sagt í þá átt, því að í frv. eru naumast gerðar stórfelldar breyt. Hv. 4. landsk. lýsti því, að það er í 3 atriðum einkum gerðar breyt. á æðsta dómstóli landsins. 2 af þeim 3 atriðum eru merkust fyrir það, að eindreginn afturhaldslitur er á þeim. Eru þau spor aftur á við, úr nútíð aftur í miðaldir. Hefi ég gert að umtalsefni það fordæmi, sem myndaðist, ef löggjafarvaldið lögleiddi það að leggja niður æðsta dómstól landsins, og væri hæstv. dómsmrh. lítið gagn að því, að raktar væru till. hans í því máli.

Það er viðurkennt af öllum, að í okkar réttarfærslu er mörgu ábótavant. En hinum nýjustu lögum um hæstarétt er ekki í neinu verulegu ábótavant. Ef hæstv. stj. hefði viljað taka sér fyrir hendur að endurbæta löggjöfina um réttarfarið, þá hefði hún byrjað á allt öðru. En það vakti ekki fyrir hæstv. ráðh. með fimmtardómsfrv. að gera endurbætur á réttarfarslöggjöfinni. — *Dómaraprófið* vil ég ekki gera að umtalsefni.

Þá talaði hæstv. dómsmrh. um fáfræði annara, en kom upp um sjálfan sig með því að viðurkenna, að það, sem hann vissi í þessu máli, hefði hann fengið með símskeytum frá sendiherra Ísl. í Kaupmannahöfn. Situr því sízt á honum að bregða öðrum um vanþekkingu. Annars vil ég ekki um það dæma, hvern trúnað megi leggja á upplýsingar hans að öðru leyti.

Þegar hæstv. ráðh. var búinn að tala langt mál um dómarapróf, kom hann að því, sem ég hafði aðallega gert að umtalsefni, sem sé niðurlagningu réttarins. Kallaði hann það fordæmi, er æðsti dómstóll landsins hafði verið lagður niður 1919. Þetta er ekki rétt. Æðsti dómstóllinn var þá aðeins fluttur inn í landið og gerðar breyt. á dómaskipun, sem höfðu í för með sér afnám landsyfirréttarins. Mætti hér enn tala um vanþekkingu hæstv. dómsmrh., ef maður væri ekki löngu orðinn svo þreyttur á því, að ekkert gaman er að því lengur.

Þá taldi hann það til málsbóta fyrir niðurlagningunni, að í frv. sé talað um, að núv. dómarar geti flutzt yfir í fimmtardóminn, ef þeir æskja þess. Spyr hann síðan, hvað þessi breyt. geri til, ef dómarar megi þetta, og segir það fjarstæðu eina að tala um niðurlagningu réttarins. En hví er þá verið að setja þessa firru í 2. gr. frv.? En þótt nú sé svo mælt í á-

kvæðum um stundarsakir aftast í þessu frv., að núv. dómarar skuli skipaðir í fimmtardóminn, ef þeir æski þess, þá er það ákvæði í engu föstu sambandi við þessa lagasetningu, og er það einungis að skilja sem einskonar traustsvott eða miskunnsemi við núv. dómara hæstaréttar, en fordæmið um niðurlagningu réttarins stendur til afnota hverri stj., sem á eftir kemur, og þeir komandi dómarar, sem vilja kveða upp dóma, sem valdhöfunum kunna að vera óþægilegir, hafa enga tryggingu fyrir því, að þetta ákvæði um stundarsakir verði látið ná til þeirra. Fyrst hæstv. dómsmrh. lítur svo á, að með bráðabirgðaákvæði þessu sé niðurlagning hæstaréttar gerð að engu, finnur þá hv. d. ástæðu til að halda þessu ákvæði frv., ef það annars á að verða að lögum?

Þá neitaði hæstv. ráðh. því, að hann bæri kala til hæstaréttardómaranna. Það hafði ég raunar aldrei sagt, heldur hitt, að hann bæri óvild til þessa dómstóls, og finnast þess glöggar sannanir í Alþt. Enda fann hann, að þessi vitnisburður mundi ekki verða tekinn trúanlegur og greip því til þeirrar varnar, sem honum er töm. Hann segir ekki, ég er að vísu vondur, en hann hugsar það, og svo afsakar hann sig með því, að til séu líka aðrir menn vondir. Það er ekki tiltökumál, þótt stj. ráðist á hæstarétt landsins og leggi hann niður, því að hvað hafa ekki blöð sjálfstæðismanna gert? — Segir hann, að sjálfstæðismenn hafi átalið ýmislegt í fari hæstaréttardómara. Datt mér í hug, þegar hæstv. ráðh. bar fram þessar varnir, að þessi maður hefir orðið fyrir því óláni að eldast svo snemma, að þegar hann losnar úr blaðamennskunni og kemst í ráðherrastól, þá er hann kominn af framfaraaldrinum. Honum tókst ekki að vaxa frá því að vera blaðamaður og upp í það að geta verið ráðherra, og fannst honum því, að hann mætti í ráðherrasæti fremja allt jafnljótt og hann leyfði sér í blaðamennskunni. Það væri sök sér, þó að hann sem blaðamaður segði: Ég þarf ekki að vera vandaðri en kollega minn, ég get leyft mér að skrifa í Tímann eins og hann skrifar í Morgunblaðið. En það hefir verið regla, að ráðherrar og löggjafar settu sér hærra mark og gerðu hærri kröfur til sín en blaðamenn, sérstaklega þar sem blaðamennska stendur ekki á hærra stigi en á Norðurlöndum og þá einkum hér á landi. Vil ég þó ekki með þessu fella neinn dóm á framkomu blaðanna gagnvart þessum dómurum. Verð ég að játa, að ég les slíkar blaðagreinar ekki með þvílíkri athygli, að ég geti farið að rökræða um þær við hæstv. dómsmrh. En jafnvel þótt eitthvað slíkt komi fram í blaðagreinum, sem ekki er hægt að verja, gefur það honum engan rétt til að fótum troða grundvallarreglur þjóðfél. Og það, að hann lætur sér detta í hug að afsaka niðurlagningu hæstaréttar með því, að einhver blaðanna hafi hnýtt í dómara réttarins, sýnir, hve langt hann á enn eftir til þess að fullnægja þeim kröfum, sem ávallt hafa verið gerðar til ráðh. hér á landi, þangað til hann settist í það sæti.

Mér þótti hæstv. ráðh. sækja nokkuð langt, þegar hann fór út fyrir blaðamennskuna og út í viðskiptalífið og líkti því við ofsókn, þegar málaflutningsmaður einn hér sleit viðskiptum við félaga sinn og þeir stofnuðu hvor sína málafærslustofu. Mætti spyrja, hví það væri frekar ofsókn á hendur Ólafi Þorgrímssyni, að Gústaf Sveinsson flytur frá honum, en ofsókn á hendur Gústaf, að hann er látinn fara úr húsnæði því, sem hann hefir haft. Held ég, að þetta um ofsóknirnar sé hugarburður einn hjá hæstv. dómsmrh.

En þó að hæstv. ráðh. hafi ekki getað vaxið frá blaðamennskunni og upp í ráðherrasætið, þá mun það rétt, að sjálfsþekking hans hafi aukizt. Hann gerir sem sé ráð fyrir því, að það muni fremur rýra lögfræðing í áliti manna, ef hann hefir of mikil mök við dómsmrh. eða er alltof viljugur að hlaupa erindi hans. Getur það vel verið rétt hjá honum að gera ráð fyrir þessu, en í þeim staðreyndum, er hann nefndi, er engan ofsóknarbrag hægt að finna.

Þá fór hæstv. ráðh. einnig út fyrir hinn eiginlega blaðamannahóp, er hann vísaði í það, sér til afsökunar, að fram hefði komið gagnrýni á hæstarétt frá Sigurði Eggerz. Já, það kom fram samskonar gagnrýni á hæstarétt frá Sig. Eggerz og nú kemur hér fram á frv. hæstv. dóms-

mrh. S. E. fann að því, að dómur, sem varðaði hann einhverju, var kveðinn upp af hæstarétti, þar sem engir fastir dómarar áttu sæti, heldur 3 tilkvaddir embættismenn, sem engir voru óháðir umboðsvaldinu. Hvað, sem menn álíta um dómsniðurstöðuna, þá er rétt að finna að því, að æðsti dómstóll landsins sé svo skipaður, að engir reglulegir dómarar eigi þar sæti. Þetta er það sama, sem við finnum að frv. hæstv. dómsmrh., að réttur-inn er ekki æfinlega nú, og því síður, ef frv. verður að lögum, óháður umboðsvaldinu. Sé ég ekki, að það réttlæti niðurlagningu hæstaréttar, að slík gagnrýni komi fram.

Hæstv. dómsmrh. endaði með svolítilli byltingahugleiðingu. Ætla ég ekki að fylgja honum út í þá sálma, en vil þó aðeins benda á það, að auðmýktin er sú sama og endranær. Hugsanagangurinn er þessi: Jóni Þorlákssyni hefir dottið í hug að gera byltingu. Hví skyldi ég þá ekki megi koma með frv. um það að leggja niður æðsta dómstól landsins? Hefir þetta alltaf kveðið við. Hann afsakar jafnan allt sukk sitt með ríkisfé með því, að aðrir hafi sóað enn meiru, og ver sig með því, að hann megi alltaf vera einu stigi lakari en þeir, sem hann þekkir lakasta á hverju sviði.

Á 38. fundi í Ed., 30. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JBald, JónJ, JónasJ, MT, PH, EÁrna, IP, GÓ.

nei: JakM, JónÞ, PM, BSn, GL, HSteins.

Frv. vísað til allshn. með 8 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., næsta dag, er fundargerð 38. fundar var lögð fram til staðfestingar, mælti

Jón Þorláksson: Ég hefi það að athuga við gerðabók síðasta fundar, að þess er eigi getið, að er frv. um fimmtardóm var borið undir atkv., féllu atkv. svo, að 6 greiddu atkv. með frv., en 6 móti, en 12 þm. voru í deildinni. Þetta óska ég, að verði fært inn í gerðabókina.

Jón Jónsson: Ég lít svo á, að rétt sé bókað og að atkvgr. eigi jafnan að bóka eins og forseti lýsir henni, en forseti lýsti henni eigi fyrr en atkv. höfðu fallið svo sem bókað er. Hinu verður hv. d. að skera úr, hvort þeir, sem eru óánægðir, geti fengið bókaðar aths., er sýni afstöðu þeirra.

Jón Þorláksson: Ég neita því eigi, að rétt sé bókað eins og hæstv. forseti lýsti atkvgr. að lokum, en hitt var á undan gengið og á því að sjást af gerðabókinni.

Jón Jónsson: Ég lít svo á starf mitt sem bókara, að ég eigi ekki að bóka annað en það, sem forseti lýsir, og þótt atkvgr. hafi verið endurtekin, hafi eigi verið ástæða til að bóka það nú fremur en vant er.

Magnús Torfason: Ég er víst sá seki í þessu máli (**JónÞ:** Einmitt alsaklaus.) og vil því geta þess, að ég kom á fund eins og ég er vanur, því að ég hefi jafnan gætt þess að vera viðstaddur þær atkvgr., sem máli skipta. Ég var kallaður út úr deildinni til að vinna verk, sem mér bar skylda til að inna af hendi, og taldi ég mér óhætt að fara, af því að hv. 2. þm. Eyf. hafði kvatt sér hljóðs síðast er umr. var frestað. Ég var inni í skrifstofu og heyrði ekki, að klukku væri hringt, og kemur þá að því, að ef sökin er nokkursstaðar, þá er hún hjá okkar dásamlegu nýju þingklukku, sem reynslan hefir sýnt, að hringir ekki eins snjallt og gamla klukkan. Það hefir oftlega viðgengizt, þótt atkvgr. væri byrjuð, að dokað væri við meðan verið er að fá þm., sem eru í húsinu, inn á fundinn. Hefir að vísu sjaldan þurft til þess að taka í þessari d., en í Nd. er þetta daglegt fyrirbrigði. Þá hefir líka verið álitið, að atkvgr. væri ekki lokið fyrr en forseti hefir lýst henni. Ég vil minna á það, að 1901 var beðið í 30 mínútur með atkvgr., meðan verið var að leita að þm. úti í bæ, og var sú atkvgr. tekin gild. Enda liggur í augum uppi, að stefna ber að því, að atkv.

komi sem réttast og ljósast fram og úrslit mála fari ekki eftir tilviljun, heldur eftir raunverulegu atkvæðamagni.

Pétur Magnússon: Því verður ekki mótmælt, að er frv. var borið fyrst undir atkv., féllu þau svo, að 6 voru með og 6 móti, en 2 þm. vantaði, hv. 2. landsk. og hv. 2. þm. Árn. Eftir venjulegri afgreiðslu var málið þar með fallið. Ég skal ekki segja, að það hafi praktiska þýðingu fyrir þetta mál, að aths. sé færð inn í gerðabókina, en vegna fordæmisins tel ég sjálfsagt, að það verði gert.

Forseti (GÓ): Hv. 4. landsk. sagði, að 6 atkv. hefðu verið með frv., en 6 á móti. Ég vil upplýsa, að við fyrstu tilraun voru 5 með og 6 á móti. Er ég fór að gæta að, tók ég eftir, að hv. 2. þm. Árn. vantaði og hv. 2. landsk. Sjálfur hafði ég ekki greitt atkv. Gerði ég því ráðstöfun til þess, að fleirum yrði náð inn í deildina. Atkvgr. fór eins næst, 6 eru á móti, 5 með og 2 greiða ekki atkv. Við næstu tilraun er deildin fullskipuð og falla þá atkv. svo, að 8 eru með, en 6 á móti. Var þá nafnakall viðhaft. Ég gerði það með vilja að reyna að ná deildarmönnum á fundinn, svo að allir gætu verið við atkvgr., enda er það alsiða, að slíkt sé gert. Hv. 2. þm. Árn. hvarf frá, af því að hv. 2. þm. Eyf. hafði beðið sér hljóðs við frestun umr. síðast, en féll svo frá að taka til máls, og aðrir hv. þm. kvöddu sér heldur ekki hljóðs. Mér láðist að hringja í fyrstu, og var því ekki nema sjálfsagt að bíða eftir því, að atkv. allra gætu komið fram. Mun ég láta atkvgr. fara fram um bókunina.

ATKVGR.
Bókunin samþ. með 8 shlj. atkv.

Jón Þorláksson: Ég vil út af ummælum hæstv. forseta gera þá breyt. á tilmælum minum, að bókuð sé aths. um, að í fyrstu hafi 6 greitt atkv. móti frv. og 5 með og einn ekki greitt atkv., hæstv. forseti sjálfur.

Jón Jónsson: Ég vil sem bókari óska eftir því, að ef eitthvað á að bóka hér, komi það fram skriflega eins og óskað er, að það sé bókað.

Jón Baldvinsson: Ég vil beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forseta, hvar takmörkin eigi að vera, ef á að fara að bóka aths. sem þessar í fundargerðina. Það getur alltaf komið fyrir, að menn greini á um atkvgr. eftir á, en þá á að vera hægt að rekja það í fundarbókinni, sem skýrir frá úrslitum. Mér finnst því óeðlilegt að fara að færa ummæli hæstv. forseta inn í fundargerðina, þar sem ég geri ráð fyrir, að skrifarar hafi náð ræðu hans og hún muni því birtast í Alþt. Ég geri ráð fyrir, að ég þyrfti oft að fá aths. inn í gerðabókina, ef ætti að fara inn á þá braut, sem hv. 1. landsk. vill fara inn á.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Allt það fjaðrafok, sem blöð og þingmenn Íhaldsins hafa reynt að gera út af þessu máli, er ekki annað en áframhald af fjandskap þess gegn því máli, sem um var að ræða. Atkvgr. fór fram á sama hátt og venjulega, þannig, að reynt var að fá alla til að greiða atkv. Þetta er venjan, þótt ekki komi öll atkv. alltaf fram. Tilraunir hv. 1. landsk. til að breyta fundabókinni eftir að búið er að samþ. hana er í eðlilegu framhaldi af því, sem hann á einu af sínum fyrstu þingum gerði, er hann bókaði í leyfisleysi á milli funda í fundargerðina það, sem hann vildi þar vera láta. Hv. 1. þm. Reykv. tók þá karlmannlega í lurginn á honum, ef ég man rétt. Held ég, að væri réttara fyrir hv. 1. landsk. að halda sínum upptekna hætti, að bóka í leyfisleysi, en að ætla sér að fara að innleiða hér þá venju að færa inn í fundarbókina mótmæli, eftir að búið er að samþ. hana. Vona ég, að hv. 1. landsk. líti á þetta sem góðgjarnlega bendingu til sín, þar sem ég aðeins ráðlegg honum að halda uppteknum hætti bernskuára sinna á þingi.

Magnús Torfason: Ég neita því, að heimilt sé að taka við slíkri aths. í fundarbókina. Það, sem fyrir kom fyrir nokkrum árum og tveir bæjarfulltrúar stóðu fyrir, var ættað annarsstaðar frá. Svo var ákveðið í þingsköpum bæjarstjórna, eða svo var það a. m. k. á Ísafirði, að fulltrúar gætu fengið bókaðar stuttar aths., ef þeir væru óánægðir með bókunina. Þetta var sanngjarnt og eðli-

legt, þar sem engar umr. eru bókaðar og menn geta því ekki komið fram aths. sínum á annan hátt. Hér geta allar slíkar aths. komið fram í Alþt., og því er gersamlega ástæðulaust að færa þær inn í gerðabókina.

Einar Árnason: Ég skil satt að segja ekki upp né niður í þeim umr., sem hér hafa farið fram. Eftir að búið er að samþ. og undirskrifa gerðabókina er verið að tala um að bæta inn í hana. Þetta nær auðvitað ekki nokkurri átt. Ef hv. 1. landsk. vill koma einhverri aths. að, má ræða um það, hvort hún skuli bókuð í fundargerð þess fundar, er nú stendur yfir, en hitt kemur ekki til mála.

Jakob Möller [óyfirl.]: Hæstv. dómsmrh. var að tala um fjaðrafok í sambandi við þetta mál hjá okkur sjálfstæðismönnum. Ég hefi nú ekki orðið var við annað fjaðrafok í sambandi við það en er hæstv. ráðh. fauk út úr deildinni í gær til að leita að hv. 2. þm. Árn. En ég er hissa, hvílíkt veður er gert út af því, er hv. 1. landsk. kemur með kurteisleg tilmæli um að koma aths. að í gerðabókinni. Ef það er rétt hjá forseta, að atkvgr. hafi farið fram með venjulegum hætti, hví má þá ekki geta þessa? Annars er ekki farið fram á annað en að deildin skeri úr þessu. Hv. 2. landsk. spurði, hvar ætti að setja takmörkin fyrir því, sem bætt væri í gerðabókina. Auðvitað þar, sem deildin leyfir. (**Dómsmrh.:** Er ekki réttast að gera það milli funda?).

Hæstv. ráðh. á auðsjáanlega erfitt með að fara með rétt mál. Hann var að segja, að hv. 1. landsk. hefði skrifað inn í þessa bók. Þetta er rangt.

Jón Jónsson: Mér þykir þetta allundarlegar umr. Ég skildi hv. 1. landsk. þannig, að hann ætlaðist til, að aths. sú, sem hér er farið fram á að fá bókaða, komi fyrst í gerðabók þessa fundar. Ég skal játa það, að ég er ekki kunnugur þingsköpum, en mér finnst það meinbægni að lofa aths. þessari ekki að komast að, ef hún er stutt og kurteislega orðuð, því að mér finnst undarlegt, ef þingmenn eiga að vera réttminni hvað þetta snertir heldur en t. d. hreppsnefndarmenn, sýslunefndarmenn og bæjarfulltrúar. Um bókunina í gær þýðir ekki að deila, þar sem hún hefir þegar verið samþ. Af þessum ástæðum, sem ég nú hefi tekið fram, sé ég mér ekki annað fært en að vera með því að leyfa það, að stutt aths. fái að komast inn í gerðabók þessa fundar. Vildi ég því mælast til þess, að það komi fram skrifl. till. um það, sem óskað er bókað.

Út af ummælum hv. 2. landsk. um það, hvar takmörkin ættu að vera fyrir því, hvað ætti að bókast í gerðabækur þingsins, ef á annað borð farið væri að leyfa þm. að koma að aths. við þær, vil ég taka það fram, að það hlýtur að verða að vera á valdi deildanna að skera úr því í hverju tilfelli.

Jón Baldvinsson: Hv. 3. landsk. taldi, að takmörkin fyrir því, hvað leyft væri að bóka, yrðu að vera þau, sem deildin leyfði, en ég vil bæta við: og þingsköp leyfa. Annars væri það fróðlegt að fá álit hæstv. forseta um það, hvað hann telji þingsköp leyfa í þessu efni.

Út af kröfum þeim, sem komið hafa fram um frekari bókun út af fundinum í gær, tel ég, að komið gæti einnig til mála að bóka t. d. meira um atkvgr. um kirkjugarðafrv. Ég held, að það hafi ekki verið sjaldnar en 20—30 sinnum, sem varð að endurtaka atkvgr. þar. Annars finnst mér, að forseta sé gefið svo mikið vald um fundarstjórn, að hann hafi fulla heimild til þess að endurtaka atkvgr. og fresta henni, þegar svo stendur á, að þess sé þörf, eins og t. d. í gær. Þá voru allir dm. mættir á fundinum, aðeins tveir þeirra höfðu vikið sér frá í hliðarherbergi. Það myndi líka þykja æðiharðýðgislegt af forseta, ef hann léti fella mál undir slíkum kringumstæðum, hvort heldur sem í hlut ættu sjálfstæðismenn, jafnaðarmenn eða framsóknarmenn. Ég verð því að líta svo á, að hæstv. forseti hafi gert rétt í gær, er hann lét kalla á þá, er mættir voru á fundinum, enda þótt þeir hefðu vikið snöggvast burt úr sætum sínum.

Jón Þorláksson: Ég vil gera tilraun til þess að enda þessar umr. Mun ég því afhenda riturum deildarinnar aths., sem ég

óska færða inn í gerðabókina, og mér finnst, að taka megi ákvörðun um það á næsta fundi, hvort hún megi komast inn á gerðabókina eða ekki.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Hv. 1. þm. Reykv. tók það fram, að sú fræga bókun, sem minnzt var á, hefði ekki átt sér stað í þessari d. Ég tók það heldur ekkert fram, í hvorri deildinni hún hefði verið. Hv. þeim. veit líka vel, í hverju þetta fordæmi var fólgið. Á þinginu 1921 fór hv. 1. landsk., sem þá var þm. Reykv., í gerðabók Nd. og skrifaði í hana klausu, sem honum þótti við eiga. Hv. núv. 1. þm. Reykv., sem þá hafði aðra skoðun á ýmsum málum og þ. á m. á því, hvað bóka ætti í gerðabækur þingsins, heldur en núv. samherji hans, hv. 1. landsk., gerði þá karlmannlega tilraun til þess að eyðileggja þessa bókun fyrir núv. félaga sínum. Merki þessarar karlmennsku hv. þm. ber gerðabók Nd. frá þeim tíma enn þann dag í dag. Þessu fræga fordæmi lauk þannig, að báðar söguhetjurnar voru álitnar nálega óþinghæfar eftir þetta.

Jakob Möller [óyfirl.]: Ég skil vel, þó að hæstv. forseti sé tregur á að leyfa mönnum orðið undir þessum umr. (**Forseti:** Það hefir engin tregða verið á því ennþá).

Hæstv. dómsmrh. sannar enn það, sem ég sagði áðan, að honum er einkar ólagið að fara rétt með. Hann sagði, að gerðabókardeila sú, er átti sér stað í Nd. 1921, væri fordæmi fyrir því, sem hér er um að ræða nú. En svo er alls ekki. Sú bókun, sem þáv. þm. Ak. gekkst fyrir ásamt 4 öðrum þm., á ekkert skylt við það, sem hér er farið fram á. Þá skrifuðu þingmennirnir sjálfir aths. í gerðabókina, en hér er aðeins borin fram formleg ósk um það, að deildarskrifararnir færi mjög hógværa aths. inn í gerðabókina. Hæstv. dómsmrh. blandar hér því öllu saman og færir allt til verri vegar, eins og hans er vani.

Pétur Magnússon: Ég vil aðeins gera litla aths. út af orðum hv. 2. landsk. Hann hélt því fram, að það væri óþarfi, að aths. þessi stæði í gerðabókinni, af því að hún kæmi í umræðuparti Alþt. En þetta er ekki rétt. Sé hún færð í gerðabók d., er hún eins og annað, sem þar er fært, fullt sönnunargagn fyrir seinni tímann, en í umræðupartinum er hún ekkert sönnunargagn, því að eins og kunnugt er, hafa þm. heimild til þess að breyta því, sem skrifararnir hafa skrifað niður. Verður því aldrei hægt að telja umræðupartinn öruggt sönnunargagn.

Jón Baldvinsson: Út af orðum hv. 4. landsk. vil ég taka það fram, að það hefir nú þegar verið samþ. með 8 shlj. atkv., að það hafi verið rétt bókað, sem gerðist á fundinum í gær, en nú kemur hv. 1. landsk. og vill fá bókað eftir á atburði, er hann telur hafa gerzt á fundinum. Ég vil nú fá úrskurð hæstv. forseta um það, hvort þetta sé hægt eftir þingsköpum.

Forseti (GÓ): Ég hefi óskað eftir þessari aths. skriflegri, svo hægt sé að vita, hvað farið er fram á. Hvað þingsköp segja um þetta, þá minnist ég ekki neins slíks ákvæðis í þeim, en ég tel það ekkert brot gegn þeim, þó leyft sé að greiða atkv. um þessa till.

Jón Þorláksson: Óskar forseti að fá tillöguna afhenta strax? (**Forseti:** Já, ég óska þess).

Út af umr. þeim, sem hér hafa orðið, vil ég benda á, að það er ekki lengra síðan en á síðasta þingi, að bókuð var aths. svipuð þeirri, sem hér er farið fram á að fá bókaða. Kom hún fram í sambandi við umr. þær, er urðu um landsreikninginn.

Forseti (GÓ): Mér hefir borizt svo hljóðandi skrifl. tillaga:

„Út af atkvæðagreiðslunni um I. mál samkv. fundargerð 38. fundar óskar 1. landsk. þm. þess getið í gerðabókinni, að fyrsta atkvgr. um það mál fór svo, að 5 greiddu atkv. með því að vísa frv. til 2. umr., en 6 á móti. Í þessum tölum er ekki talið atkv. forseta. Í deildinni voru þá viðstaddir 12 þm., að forseta meðtöldum. Telur 1. landsk., að með þessari atkvgr. hefði forseta borið að lýsa frv. þetta fallið".

Verður þá gengið til atkv. um það,

hvort aths. þessi eigi að koma inn í fundargerð þessa fundar.

ATKVGR.
Fellt með 7:7 atkv. að bóka aths.

Á 63. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Ed., næsta dag, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 234, n. 536 og 570, 537, 591).

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. 570 og 591. — Afbrigði leyfð og samþ. með 8 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Einar Árnason): Allshn. hefir ekki getað orðið sammála um þetta frv. Við tveir af þremur nm. höfum skrifað undir sameiginlegt nál.; þó þannig, að annar flytur brtt. við frv., en hinn leggur til, að það verði samþ. óbreytt. Vegna þessarar aðstöðu í n. vil ég taka það fram, að þau fáu orð, sem ég segi um frv., verða aðallega sögð á minn eiginn reikning, en ekki fyrir hönd n.

Þetta frv. er ekki nýr gestur hér á þingi. Það er nú komið frá hv. Nd.; var lagt þar fram snemma á þingi, mjög svipað eða eins og það var lagt fyrir vetrarþingið í fyrra. En þá hafði frv. áður verið til meðferðar í þessari hv. d. og nokkrar breyt. verið á því gerðar, og var nokkurt tillit tekið til þeirra breyt., þegar frv. var aftur lagt fyrir þingið í fyrravetur. Í hv. Nd. tók frv. litlum breyt. nú, a. m. k. engum verulegum efnisbreytingum.

Yfirleitt má segja það, að okkar réttarfarslöggjöf og dómaskipun sé orðin nokkuð á eftir tímanum, og að því væri nauðsyn á að fara að endurskoða hana í heild. En slíkt hefir nú ekki legið fyrir enn, og má þá telja það spor í áttina að gera nokkrar endurbætur á æðsta dómstóli landsins, sem nú er búinn að starfa í 12 ár, án þess að fyrirkomulagi hans hafi verulega verið breytt.

Þær höfuðumbætur á dómstólnum, sem í þessu frv. felast, eru að minni hyggju þrjár, og skal ég aðeins nefna, hverjar þær eru. Það er í fyrsta lagi fjölgun dómaranna í réttinum, þegar hann fæst við hin vandasamari mál. Í öðru lagi, að ákveðin er munnleg og opinber atkvgr. dómaranna. Og í þriðja lagi, að lögfestur er félagsskapur málafærslumanna við réttinn. Þegar um er að ræða fjölgun dómara í réttinum, getur vitanlega komið til mála að fjölga hinum föstu dómurum þar upp í 5. En ég geri ráð fyrir, að sú leið, sem frv. gerir ráð fyrir, að fjölga dómendum aðeins í einstökum málum, sé valin vegna þess, að hún er ódýrari, en mundi hinsvegar verða að eins miklu gagni og tryggja eins vel, að dómurinn sé vel skipaður í öllum stærri og vandasamari málum, eins og þó fastir dómarar væru 5.

Um þetta frv. hafa vitanlega orðið miklar deilur, sérstaklega fyrst þegar það var fram borið. En nú virðist svo sem heldur hafi dregið saman upp á síðkastið, bæði vegna þeirra breyt., sem orðið hafa á frv. frá því það var fyrst borið fram, og vegna þess, að menn hafa nú fengið tækifæri og næði til þess að athuga málið. Og í rauninni held ég, að það sé ekki sérstaklega mikill ágreiningur um það atriði að fjölga dómurum í réttinum á þann veg, sem frv. gerir ráð fyrir. Það má óhætt segja það, að þegar valið er þannig, að það eru prófessorar háskólans, sem inn í dóminn koma, þegar hann hefir vandasöm mál til meðferðar, þá sé það trygging fyrir því, að þar séu mjög ábyggilegir menn, sem dæma í þeim. Því það má ganga út frá því, að prófessorarnir við lagadeild háskólans verði alltaf einhverjir færustu lögfræðingarnir, sem landið á á hverjum tíma.

Þá er það hin munnlega atkvgr. dómaranna. Það atriði mætti í byrjun allmikilli mótspyrnu, en ég hygg, að sú mótspyrna sé nú nær því horfin. Enda mun margt vinnast til bóta með því fyrirkomulagi. M. a. það, að líkindi eru til þess, að fram komi fjölbreyttari forsendur fyrir dómum réttarins heldur en með því fyrirkomulagi, sem nú er, þar sem dómararnir verða samkv. frv. hver fyrir sig að gera grein fyrir þeim ástæðum, sem þeir leggja til grundvallar dómum sínum. Slíkar forsendur gætu oft orðið til þess að skýra nýjar hliðar á málunum, sem annars kæmu e. t. v. ekki fram. Ég hygg því, að þetta fyrirkomulag, opinber atkvgr. dómendanna, sé líklegt til

þess að tryggja betri úrslit mála heldur en það, sem nú er.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta atriði, því ég veit ekki til, að um það sé heldur neinn ágreiningur nú.

Þriðja nýmæli frv. er það, að sú skylda er lögð á málafærslumenn við væntanlegan fimmtardóm, að þeir hafi með sér félagsskap, og eru settar um það allýtarlegar reglur í frv. Eftir því sem ég veit bezt, er slíkur félagsskapur ákveðinn í öðrum löndum og þykir þar sjálfsagður og nauðsynlegur.

Ég ætla þá um leið að minnast á þær brtt., sem fyrir liggja á tveimur þskj. Ég sé það að sönnu, að í þessari andránni hefir komið fram ný brtt., en þar sem ég hefi ekki haft tækifæri til að athuga hana, sleppi ég a. m. k. í bili að minnast á hana. Ég veit, að flm. þessara brtt. munu skýra þær hér frá sínu sjónarmiði, en vegna kunnugleika míns á starfi n. í þessu máli, geri ég ráð fyrir, að þeir komi ekki fram með neinar þær ástæður fyrir þeim, sem breyta minni skoðun; þess vegna þarf ég fyrir mitt leyti ekki að bíða eftir því að heyra, hvað þeir kunna um till. sínar að segja.

Það er þá fyrst brtt. á þskj. 570 frá hv. minni hl. n. Um þær get ég verið fáorður. Það var drepið á þær allar þegar málið var til meðferðar í n., og þó þær séu allmargar á þingskjalinu grípa þær ekki inn í sérstaklega mörg efnisatriði frv.

1. brtt. á þskj. 570 hljóðar á þá leið, að nafni dómsins skuli ekki vera breytt, og nafninu hæstiréttur haldið alstaðar. Þetta frv. hefir frá því fyrsta gengið undir nafninu fimmtardómsfrv., og ég geri ráð fyrir því, að þeir, sem eru frv. hlynntir, muni engu ástæðu sjá til þess að breyta nafni þess.

2. brtt. er við 2. gr., og á þar að falla niður ákvæðið um, að hæstiréttur skuli lagður niður. Þetta er eðlileg afleiðing af 1. brtt., og svo er um margar þær síðari, því að verði 1. brtt. samþ., er frv. breytt í allverulegum atriðum og verður því að taka algerðum stakkaskiptum. Sem sagt, 2. brtt. er bein afleiðing af hinni fyrri, og því ekki hægt að fallast á hana heldur.

Þá kem ég að 3. brtt., sem er allmikil efnisbreyt., þar sem þar er gert ráð fyrir því, að fastir dómendur verði 5. Á þetta atriði hefir verið minnzt áður, og þarf ég ekki miklu við það að bæta, en það er mitt álit, að með þessu fyrirkomulagi verði framkvæmd laganna öll dýrari og réttaröryggið í landinu engu bættara.

Þær brtt., sem hér koma á eftir, eru flestar afleiðingar þeirra, sem ég hefi þegar nefnt, og því ekki ástæða til þess að fjölyrða um þær. Eins og ég hefi áður tekið fram, breytist frv. allverulega, ef fyrstu brtt. ná samþykki.

Þá kem ég að 11. brtt., sem er nokkur efnisbreyting. Þar er lagt til, að 25.—27. gr. frv., sem fjalla um félagsskap málaflutningsmanna við fimmtardóm, skuli falla niður. Ég veit ekki, hvort það vakir fyrir hv. minni hl., að hér verði enginn slíkur félagsskapur málaflutningsmanna, eða hann ætlast til þess, að sett verði sérstök lög um slíkan félagsskap. Ef hv. minni hl. ætlast til þess, að enginn slíkur félagsskapur verði lögskipaður, þá tel ég það svo mikinn skaða, að ekki komi til mála að samþ. þessa brtt. En sé ætlunin sú að setja ný lög um félagsskap málaflutningsmanna, þá sé ég ekki, að það sé að nokkru leyti betri leið en sú, sem hér er farin.

Brtt., sem eftir eru á þessu þskj., eru flestar afleiðing þeirra, sem á undan eru komnar.

Breytingarnar, sem máli skipta hjá hv. minni hl., eru 4. Fyrst og fremst, að dómurinn skuli heita hæstiréttur og þar af leiðandi, að ákvæðið um niðurlagningu hæstaréttar falli niður. Í þriðja lagi er það fjölgun fastra dómenda, og í fjórða lagi, að í þessu frv. skuli ekkert ákvæði vera um félagsskap málaflutningsmanna.

Þá kem ég að brtt. á þskj. 537, frá tveim hv. meðnm. mínum.

1. brtt. er við 8. gr. Þar er komið með það atriði, sem mikið hefir verið deilt um í þessu máli og frá því fyrsta verið ágreiningur um, en það er hið svokallaða dómaraþróf. Eins og menn vita, er ákvæði um dómaraþróf í núg. lögum, en hefir ekki verið tekið upp í þetta frv. Hér er komin fram till. um að bæta í frv. hliðstæðu ákvæði um dómaraþróf og er í núg. lögum. Um þetta dómaraþróf er það að segja, að eftir því sem ég veit bezt, mun það ekki vera í lögum í ná-

grannalöndunum, nema í Danmörku. Það er ekki í lögum í Englandi, Þýzkalandi, Noregi, Svíþjóð né Finnlandi. Og ekki hefi ég heyrt það, að þessi ríki hefðu í hyggju að taka slíkt próf upp. Þegar okkar hæstaréttarlög voru samin, var það eingöngu eftir fyrirmyndum frá Danmörku, og var alls ekki leitað lengra um fyrirmyndir, og þaðan er dómaraprófið komið inn í okkar lög. Nú er það svo í rauninni, að þetta dómarapróf hefir aldrei farið fram hér á landi í þau 12 ár, sem hæstiréttur er búinn að starfa, og þeir dómarar, sem verið hafa í hæstarétti, hafa aldrei gengið undir slíkt próf. Það skiptir engu máli í því sambandi, þótt einhverjir þeirra hafi áður verið dómarar í landsyfirréttinum. Ef nokkuð hefði verið lagt upp úr dómaraprófinu, áttu þessir dómarar auðvitað að ganga undir það. Ég held, að mér sé óhætt að segja, að þessi krafa um dómarapróf sé farin að missa gildi sitt, jafnvel hjá þeim mönnum, sem héldu henni fastast fram, þegar þetta frv. kom fyrst fram. Þess vegna þykir mér furðulegt, að 2 af samnm. mínum skuli endilega vilja hafa þetta úrelta ákvæði í dómsmálalöggjöf okkar.

Þá kem ég að 2. brtt. Hún er við 21. gr., og þar vilja hv. flm. láta bæta því við, að í dómi beri að ákveða saungjarna þóknun fyrir málflutning. Ég held, að þessi brtt. sé algerlega óþörf. Í 17. gr. hæstaréttarlaganna, sem er h. u. b. alveg samhljóða 21. gr. þessara laga, er ekkert ákveðið um þóknun til málaflutningsmannanna. Samt sem áður hefir hæstiréttur í öll þau 12 ár, sem hann hefir starfað, talið sér skylt að dæma þóknun til málaflutningsmanna í opinberum málum. Engin ástæða er til þess að ætla, að út af þessari reglu verði brugðið nú. — Þessi brtt. er því óþarfari sem í 62. gr. þessa frv. er ákvæði um þetta. Mér finnst því sjálfsagt, að svona gersamlega óþörf brtt. verði felld.

Þá kem ég að 3. brtt., sem er við 24. gr. Atriði það, sem á að breyta, er svo í frv.: „Dómsmálaráðherra getur, ef fimmtardómur leggur það til, svipt málaflutningsmann leyfi", o. s. frv. Þessu vilja flm. brtt. breyta svo: „Dómsmálaráðherra skal, ef fimmtardómur leggur það til" o. s. frv. Þessi brtt. hefir í raun og veru enga breyt. í för með sér, af því að gera má ráð fyrir því, að sjaldan þurfi til þessa að taka, og í öðru lagi má gera ráð fyrir því, að dómsmrh. fylgi till. hæstaréttar í slíkum málum. Hitt er annað mál, að sé þetta atriði upp tekið, þýðir ekkert að blanda dómsmrh. í þetta mál; þá má alveg eins taka burt nafn hans, hann þarf ekki að koma þar nálægt, þar sem hæstiréttur hefir þá allt valdið. Auðvitað verður það alltaf hæstiréttur, sem ræður, en orðalag frv. er kurteisara þannig, að dómsmrh. **geti**. Ég held því, að þessi brtt. sé algerlega tilgangslaus, og sé hreinasti hégómi að vera að hrekja frv. milli deilda þess vegna.

Þá kem ég að 4. brtt., við 35. gr. Hún er mjög skyld þeirri brtt., sem ég talaði um næst á undan. Hún er um áfrýjunarfrestinn. Í frv. stendur, að dómsmrh. **geti** veitt leyfi til áfrýjunar o. s. frv., en í brtt. er þessu breytt svo, að dómsmrh. sé **skylt** að veita leyfi til áfrýjunar, ef málsaðili eða umboðsmaður hans óskar þess.

Hér er þetta alveg tekið úr höndum dómsmrh., og afleiðingin af samþ. þessarar brtt. yrði sú, að í öllum tilfellum yrði að veita 12 mán. áfrýjunarfrest, ef málsaðili óskaði þess, og þannig yrði gefið tækifæri til þess að draga mál úr hófi fram. Efni þessarar brtt. er því í fullkomnu ósamræmi við þær reglur, sem hingað til hafa gilt um þetta, og algert brot á þeirri stefnu, að láta allan réttargang vera sem hraðastan. Allur óeðlilegur dráttur mála veldur sleifaralagi og gerir menn þreytta á réttargöngu mála yfirleitt. — Það getur líka staðið svo á, að menn hafi beinan peningalegan hagnað af því að draga mál í 12 mán. Það mundi vafalaust vera góð spekulation í mörgum tilfellum að greiða óverulegt gjald fyrir 12 mán. áfrýjunarfrest. Það hefir oft komið fyrir, að yfirréttur hefir vítt það stranglega, ef málið hefir verið dregið óþarflega fyrir undirrétti, og ég tel ekki rétt, að löggjafarvaldið stuðli að slíkum seinagangi mála fyrir rétti.

Þá kem ég að 5. og síðustu brtt. á þessu sama þskj. Hún er við 49. gr., og er um það, að í stað orðanna „mál skal þingfesta", komi „málaflutningur á fram að fara". Þessi 49. gr. er alveg samhlj.

42. gr. núg. hæstaréttarlaga, og hefir það alltaf verið skýrt á einn veg, og tel ég óþarfa að fara að leggja nýja meiningu í þetta atriði nú. Þessi till. er svo smávægileg, að afdrif hennar ættu ekki að hafa nokkur áhrif á það, hvort frv. yrði samþ. eða ekki. Yfirleitt finnst mér, að allar þær brtt., sem fram hafa komið hér, séu svo smávægilegar, að ekki taki því að tefja frv. með samþykkt þeirra.

Frsm. minni hl. (Pétur Magnússon): Ég ætla ekki að svara hv. frsm. meiri hl. beinlínis, heldur munu aths. mínar koma fram í grg. þeirri, sem ég geri fyrir brtt. mínum. Það er í rauninni ekki ánægjulegt starf að vera að lappa hér upp á lagafrv. um æðsta dómstól landsins, sem allflestir skynbærir menn telja afturför frá núg. löggjöf. Það er fullljóst, að beinasta afleiðingin af slíkri skoðun væri sú, að leggja til, að frv. yrði fellt. Þótt ég telji eitt atriði til bóta í þessu frv., sem sé ákvæðið um opinbera atkvgr. í réttinum, væri hægt að ná því sama með örlítilli breyt. á núg. lögum.

Ég mundi alls ekki hafa lagt vinnu í að lappa upp á þetta frv. með brtt., ef ekki hefði staðið alveg sérstaklega á. Ég veit sem sé, að ofurkapp er nú lagt á það að koma málinu í gegn á þessu þingi, og vel getur farið svo, að flokksfylgi stj. megi sín meira en góður málstaður andstæðinganna. En ég vona það í lengstu lög, að hv. dm. ljái lið þeim brtt., sem þeir telja til bóta, í hvaða flokki, sem þeir eru. Og mér skilst, að flokksfylginu ætti að vera fullnægt, ef frv. nær fram að ganga með óbreyttu nafni, þó sniðnir séu af því mestu vankantarnir.

Ég skal þá gera grein fyrir þeim brtt., sem ég flyt við frv. Þær eru á tveim þskj., 537 og 570. Brtt. á þskj. 537 flytjum við saman, hv. samnm. minn, 3. landsk., og ég, en að öðru leyti náðist ekki samkomulag í n. um breyt. á frv.

Þessar brtt., sem ég flyt núna við frv., eru að mestu shlj. þeim brtt., sem ég flutti við það á vetrarþinginu 1931, og gerði ég þá allýtarlega grein fyrir þeim till.; get ég því að nokkru leyti látið nægja að vísa til þeirra umr. og skal reyna að vera ekki mjög langorður að þessu sinni.

Ég ætla þá að taka till. í sömu röð og þær koma við gr. frv. og byrja á fyrstu brtt. við nafnið á frv. Eftir frv. er skipt um nafn á æðsta dómstóli ríkisins og honum gefið nafnið fimmtardómur í stað hæstiréttur. Mér er það nú fullljóst, að þetta er ekkert höfuðatriði í málinu. Rétturinn er auðvitað jafnfær til að starfa, hvort sem hann heitir fimmtardómur eða hæstiréttur. Samt sem áður get ég ekki fellt mig við þessa breyt. Orðið hæstiréttur er orðið þjóðinni tamt um margar aldir, og það hefir þann mikla kost, að það segir rétt til um aðstöðu þessarar stofnunar — skilgreinir hana rétt. Það má e. t. v. segja, að það sé ekki alveg fornt mál, en þó er það komið fyrir svo löngu inn í tungu vora, að enginn hneykslast á því lengur. Og þess ber að gæta, að orðið réttur í þessu sambandi er orðið svo fast í málinu, að það er óhugsanlegt, að því verði útrýmt, enda hefir jafnvel höf. þessa frv. ekki séð sér fært að leggja út á þá braut, því að jafnvel í þessu frv. er orðið notað í sömu merkingu og tíðkazt hefir. Væri þó líklegt, að hann hefði haft vilja til að breyta því. Fimmtardómurinn forni var sem kunnugt er nokkurskonar sérdómstóll á þjóðveldistímanum, og sá dómstóll var allt annarskonar stofnun en hæstiréttur vor. Það var til þess dómstóls hægt að vísa sérstökum flokki mála og auk þess málum, sem ekki urðu útkljáð í fjórðungsdómum. Þar var það ekkert rangnefni. En hér er ætlazt til, að heitið sé notað í allt annari merkingu en til forna, og þegar af þeirri ástæðu mun það, þó það verði lögboðið, aldrei festast við stofnunina. Ég minnist þess, að fyrir 20—30 árum var gerð tilraun til að taka upp hið forna embættisheiti lögmannanna og koma því yfir á málaflutningsmennina, sem þá voru kallaðir yfirdómslögmenn. Það var talsvert reynt til þess í nokkur ár að festa þetta nafn við stéttina, en það tókst ekki. Og af hverju? Af því að það var fengið að láni frá annarskonar stofnun en þeirri, sem það átti að gilda fyrir í nútímanum. Í annað sinn var það tekið upp sem embættisheiti dómarans í Rvík. Þar átti það betur við. Lögmennirnir fyrrum voru sama og dómarar nú. Þar var heitið tekið upp, og nú talar enginn um bæjarfógetann í

Rvík, heldur lögmanninn í Rvík. Þar sem svo stendur á, að forn nöfn eiga við samskonar stofnun nútímans, er gott að taka þau upp, en hinu kann ég illa, að þau séu sett á annarskonar stofnanir en þær, sem þau upphaflega eru miðuð við. Annars vil ég benda á það í þessu sambandi, að úr því ráðizt var í þessa málhreinsun, þá tekur það sig dálítið skrítilega út að lögleiða, eins og gert er í 3. gr. frv., orðið synodalréttur; það er þó ekki betra mál en hæstiréttur. Ég held, að þessir málhreinsunarmenn ættu að leggja höfuðið betur í bleyti og gefa nafn þessum dómstóli líka.

Önnur brtt. á þskj. 570 er við 2. gr. frv. Upphaf hennar hljóðar svo í frv.: „Hæstarétt skal leggja niður þegar fimmtardómur tekur til starfa". Þessi málsliður legg ég til, að falli niður.

Það er öllum vitanlegt, hvernig þetta ákvæði er upphaflega komið inn í frv.; það er komið í það af því, að hæstv. dómsmrh. hafði hugsað sér, fyrst þegar hann kom með þetta frv. — það mun hafa verið 1930 —, að það væri raunverulega unnt að leggja hæstarétt niður með lagabreyt. En það mun hafa runnið upp fyrir honum, þegar á því þingi, eða a. m. k. fyrir flokksmönnum hans, að þetta væri ekki unnt, og munu þeir hafa horfið frá því þá þegar. En ég hygg, að þegar frv. kom aftur fyrir þingið 1931, hafi blátt áfram gleymzt að fella þetta niður, og að það því stæði þarna af vangá — eða a. m. k. gat ég þá ekki hugsað mér aðra ástæðu til þessa. Og þegar málið var rætt á þinginu 1931, var engin ástæða færð fyrir þessu ákvæði önnur en sú, að þetta væri bara orðalag, sem óþarft væri að leiðrétta. En raunin varð nú önnur, því það var gert að kappsmáli að halda þessu ákvæði. Þetta var rætt talsvert nú við 1. umr., svo ég skal ekki tala mikið um það nú. Hv. 1. landsk. gerði þá ýtarlega og skilmerkilega grein fyrir því, hver fjarstæða og óhæfa niðurlagning réttarins væri. Og ákvæðið var þá, við 1. umr., varið með því einu, að önnur ákvæði frv. sýndu, að það væri ekki tilætlunin að leggja réttinn niður, og það væri því saklaust að samþ. það. Þetta er líka augljóslega rétt, að önnur ákvæði frv., sérstaklega 64. gr., sýna það, að það er ekki tilætlunin að leggja réttinn niður, en þá stríðir líka samþykkt ákvæðisins á móti allri rökréttri hugsun.

Breyt. þær, sem gerðar eru á réttinum með frv., eru, eins og bent hefir verið á af hv. frsm. meiri hl., í aðalatriðum þessar: Það er bætt við 2 dómurum í réttinn, í öllum málum, sem eru margbrotin, umfangsmikil, þýðingarmikil eða vandasöm; lítilsháttar breyt. gerð á dómsuppkvaðningum í réttinum og lítilsháttar breytt skilyrðunum fyrir því, hvaða menn sé heimilt að skipa í réttinn — fyrir utan nafnbreytinguna. Í raun og veru eru þetta minni breyt. en gerðar voru á réttinum 1924, og kom þá ekki nokkrum manni til hugar að leggja hann niður, hvorki núv. hæstv. dómsmrh., sem þá átti sæti sem þm. hér í hv. d., né heldur neinum öðrum. Ég vil í síðustu lög trúa því, að fylgismenn hæstv. stj. hér í d. láti bjóða sér það að samþ. að leggja niður æðsta rétt landsins, með þeirri röksemdafærslu einni, að það sé áhættulaust að samþ. það af því, að það sé svo vitlaust, að það verði aldrei framkvæmt. Ég trúi því ekki, að greind einhverra þeirra sé ekki misboðið með þessu.

Næstu brtt. mínar, 3., 4., 5. og 6. brtt., get ég talað um allar í einu. 5. og 6. brtt. eru bein afleiðing af 3. og 4. brtt. og milli þeirra er sama samband, svo að ég get talað um þær allar samtímis.

Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er ráðgerð sú breyt. á æðsta dómstólnum, að í stað þess að bæta við hin föstu sæti í dóminum, skuli 2 aukadómarar taka þar sæti í þeim málum, sem eru margbrotin, umfangsmikil, þýðingarmikil eða vandasöm, og á rétturinn sjálfur að skera úr því með atkvgr., hvort mál sé þess efnis, að kveðja skuli aukadómara. Þessu ákvæði legg ég til, að sé breytt þannig, að í réttinum eigi sæti 5 fastir dómarar, og að hann kjósi sér sjálfur forseta, eins og nú á sér stað. Ég viðurkenni þannig, að það sé stefnt í rétta átt með þessu nýmæli, því móti því verður ekki mælt, að réttarörygginu sé betur borgið með því, að í æðsta dómstólnum sitji 5 menn en 3. Þetta er svo margrætt, að það er ekki ástæða til að fara að taka hér upp röksemdir fyrir því, enda held ég, að sé enginn ágreiningur í þessari hv. þd. um það. Aftur á móti álít ég, að sú leið, sem far-

in er í frv., að kveðja kennara lagadeildar háskólans til setu í réttinum, sé mjög varhugaverð, og skal ég með fám orðum gera grein fyrir, á hverju það byggist. Það er þá fyrst og fremst það, að það verður að gera talsvert aðrar kröfur til hæfileika kennara en dómara, og þegar þessi 2 embætti eru veitt, verður að líta á í hverju tilfelli hæfileika mannsins til að gegna hlutaðeigandi embætti, svo að það embætti, sem hann raunverulega er skipaður í, sé vel skipað. Að háskólanum veljast að jafnaði ungir menn, sem hafa lifið framundan sér, og jafnframt menn, sem hafa hæfileika til vísindaiðkana. Þetta er heppilegt af því, að vísindamanni er það nauðsynlegt að hafa ærinn tíma fyrir sér, til að ná valdi á þeirri vísindagrein, sem hann leggur stund á, og eigi hann í broddi lífsins að vera vel hæfur vísindamaður, er það heppilegt og nauðsynlegt fyrir hann að byrja snemma að iðka sín vísindi. Auk þess er það vitanlegt um þá menn sérstaklega, sem hafa mikla tilhneiging til vísindaiðkana, að þeir komast það, sem kallað er út úr lífinu — þeir fylgjast ekki með því, sem gerist fyrir utan þeirra fræðigrein, af því þeir hafa ekki samskonar áhuga fyrir daglegum störfum í lífinu eins og aðrir menn; þeir draga sig meira út úr lífinu og loka sig inni í sinni fræðigrein. Nú er það vitanlegt, að þetta mega dómarar sízt af öllum mönnum gera. Þeim er það blátt áfram nauðsynlegt að fylgjast með á sem allra flestum sviðum þjóðlífsins, ekki sízt í atvinnumálunum og viðskiptalífinu, því að langflestir dómar, sem þeir þurfa að kveða upp, lúta einmitt að þessum greinum, og þeim fjölgar alltaf eftir því sem fjölbreytnin vex í þjóðlífinu. Það er því augljóst, að það koma talsverðir örðugleikar fram á því, að sami maður uppfylli bæði þessi skilyrði. Ég er ekki að halda því fram, að það geti ekki átt sér stað; það getur það auðvitað vel. Og enginn skilji orð mín svo, að ég sé að tala um það ástand, sem nú er, því mér er það vel ljóst, að þeir menn, sem nú eru kennarar við lagadeild háskólans, uppfylla bæði þessi skilyrði, þeir eru bæði góðir kennarar og hæfir dómara. En hættan er til staðar samt sem áður. En það vil ég fyrirbyggja eins og unnt er, að í æðsta dómstólinn veljist menn, sem ekki eru færir um það starf, sem ég álít þýðingarmeira en flest önnur störf í þjóðfélaginu.

Ennfremur er á það að líta, að því er snertir kennara háskólans, að þeir eru embættismenn, sem gegna umboðsstörfum jöfnum höndum, svo að þegar þannig er litið á kennara lagadeildarinnar, þá er það ljóst, að þeir njóta ekki þeirrar sérstöku verndar stjskr., sem umboðsstarfslausir dómarar njóta, og verða þannig háðari umboðsvaldinu en heppilegt er um dómara í æðsta dómstóli landsins. Ég er sannfærður um það, að það er mjög óheppilegt að leggja út á þá braut að gera æðsta dómstólinn háðan umboðsvaldinu. Og ég er ekki einn um þá skoðun, því ég veit ekki betur en að í öllum siðmenningarlöndum, a. m. k. þar, sem ekki er einræði, sé að því stefnt að gera dómstólana á allan hátt sem óháðasta umboðsvaldinu, og með tilliti til þess er nú sú skipun komin á í stjórnarskipunarlögum flestra landa, að æðstu dómararnir mega ekki gegna umboðsstörfum.

Í sambandi við þetta vil ég benda á, að þegar kennarar eru valdir til lagadeildar háskólans, eru umboðsvaldinu engin takmörk sett um það, hverja það má taka í þær stöður, og það liggur þannig opið fyrir hlutdrægan ráðh. að velja þangað einhverja þá menn, sem hann síðar gæti haft fyrir vikapilta í réttinum.

Einn mjög alvarlegur ókostur við það að hafa kennara lagadeildarinnar fyrir aukadómara í réttinum, er hættan við það, að skortur verði á varadómurum. Reynslan hefir sýnt það, að það er oft þörf á varadómurum; m. a. geta valdið því veikindi, og þá eigi síður hitt, sem mun miklu oftar hafa valdið, að dómari vegna venzla við aðila eða af einhverjum slíkum ástæðum telji sig ekki hæfan til að sitja í réttinum. Ef svona stendur á, ber kennurum lagadeildar eftir gildandi lögum að taka sæti aðaldómara. En ef þeir eru komnir inn í réttinn sem aukadómarar, er ekki um þá að ræða, nema þá einn þeirra. En hvar þá á að leita varadómara, er mér ekki ljóst, og það verður ekki séð af frv., í hvaða embættismannaflokki á að leita varadómara. Hitt held ég, að allir hljóti að vera sammála um,

að það sé mjög óheppilegt, ef stj., alveg án tillits til þess, hvort hún væri fyrir ofan eða neðan meðallag, ætti í mjög mörgum tilfellum og á eigin hönd að kveðja dómara til að dæma í einstökum málum í æðsta dómstólnum. Það fyrirkomulag hyði svo augljóslega upp á misnotkun, að það væri alls ekki við það unandi. Ráðh., sem hefði eða héldi sig hafa hagsmuni af ákveðnum málsúrslitum, gæti blátt áfram verið búinn að kynna sér, hvaða álit þeir menn hefðu á málinu, sem hann seinna ætti kost á að kveðja sem dómara í réttinn. Ef því á að lögfesta þá tilhögun, sem hér er stungið upp á, álít ég, að þeim mönnum, sem það gera, sé skylt að finna einhverja aðra lausn á kvaðningu varadómara í réttinn. Þeim sé skylt að benda á einhvern flokk lögfræðinga, sem til þess séu fallnir að skipa réttinn sem varadómarar.

Einnig vil ég benda á það, að fyrirkomulag 5. gr. um það, hvenær aukadómarar skuli til kvaddir, er mjög viðsjárvert. Dómurinn á sjálfur að segja til um það með atkvgr., hvort kveðja skuli aukadómara, og liggur þá í augum uppi, að það getur valdið tortryggni og óánægju gegn dómstólnum hjá öðrum aðilanum, sérstaklega þeim, sem tapar málinu, þegar ekkert er fastákveðið um, hvenær þetta skuli gert. En allt slíkt ber að forðast.

Þessi aðferð hefir verið rökstudd með því einu, að hún væri sparnaður. Hitt játa allir, að það væri miklu heppilegra, að allir dómararnir væru fastir dómarar, en þeir segja, sem mæla með þessu ákvæði frv., að þeir sjái sér það ekki fært vegna kostnaðarmismunar að leggja til, að allir dómararnir verði fastir dómarar. Ég verð nú að segja, að þetta er ekki höfðinglega hugsað, því að kostnaðarmismunurinn verður sannarlega ekki mikill, eins og ég skal sýna.

Ég hefi átt tal við núv. forseta hæstaréttar, og hann hefir leyft mér að hafa það eftir sér, að eins og nú er, sé ekki of mikið í lagt að áætla 50 mál á ári, sem aukadómarar taki sæti í, og það mun ekki of mikið í lagt að áætla, að hvor dómari fái 100 kr. fyrir hvert mál, og er þó ekki vel borgað, því hér yrði aðallega um stór mál að ræða, og það kostar ekki litla vinnu, þegar mál er umfangsmikið, að kynna sér það svo, að hægt sé að kveða upp dóm í því. Kostnaðurinn við þetta yrði þá 10 þús. kr. á ári, eða meira en ein dómaralaun. Og þá eru það nú ekki nema tæplega ein dómaralaun, sem orðið er um að ræða. Og þegar svona væri komið, gæti það komið til mála að leggja niður ritaraembættið, og þó forseti réttarins telji nokkur vandkvæði á því, þá telur hann það þó ekki frágangssök, ef föstu dómurunum yrði fjölgað, og ef það verður gert, skal ég ljá því fylgi að leggja niður ritaraembættið. Og kostnaðarmismunurinn er þá orðinn algerlega hverfandi, því þá eru ekki eftir nema um 2 þús. kr. Og ef menn á annað borð líta á það sem aukið réttaröryggi að hafa alla dómarana fasta, þá hygg ég, að ekki sé til sú smásál, sem setji fyrir sig 2000—3000 kr. aukinn kostnað af því. Því svo verður líka þess að gæta í þessu sambandi, að málafjöldinn fer vaxandi með ári hverju, eins og eðlilegt er, þar sem atvinnulífið í landinu verður fjölbreyttara með hverju ári, en flest málin eru þaðan runnin. Það eru því líkur til, að eftir örfá ár verði kostnaðurinn meiri með þessu fyrirkomulagi en ef dómararnir væru allir gerðir fastir. Þegar þessa er gætt, og ef menn álíta, að réttaröryggginu sé betur borgið með því að hafa alla dómarana fasta, þá trúi ég því ekki, fyrr en þá, að ég sé það við atkvgr., að brtt. mínar um þetta verði felldar.

Þá kemur næst 7. brtt. á þskj. 570; þessi brtt. er bein afleiðing af annari brtt. um að fella burtu niðurlagning réttarins. Ég þarf því ekkert um hana að ræða sérstaklega; hún er sjálfsögð, ef önnur brtt. verður samþ., en yrði auðvitað tekin aftur af mér, ef hin verður felld.

Þá er næst að minnast á brtt. 537, um að setja inn í frv. ákvæði um dómarapróf shlj. þeim, sem nú eru í hæstaréttarlögunum. Þessar brtt. eru fluttar af hv 3. landsk. og mér. Ég talaði svo mikið fyrir þessari brtt. á vetrarþinginu 1931, að ég ætla nú að hlífast við að þreyta hv. dm. á því að fara að endurtaka það, enda get ég búizt við, að hv. 3. landsk. minnist á það ákvæði. Ákvæðið er vitanlega sett í þeim tilgangi að fyrirbyggja það, að inn í réttinn komist menn, sem ekki hafa einhvert visst lágmark dómgreindar eða

þekkingar. Það er ætlazt til, að þeir, sem ganga inn í réttinn, sýni það með því að greiða fyrstir atkv. í fjórum málum, þar sem a. m. k. eitt sé einkamál, að þeir séu hæfir til þess að taka sæti í réttinum að áliti dómaranna. Það hefir verið fært fram sem rök gegn þessu ákvæði, að með því væri verið að viðhalda sjálfsköpun réttarins á þá leið, að dómurinn veldi sig sjálfur. En þetta er hin mesta fjarstæða, það er engum betur trúandi en dómurunum til þess að beita hlutleysi og réttsýni við að meta, hvernig prófraunin er leyst. Og mér er ekki kunnugt um það, að nokkurstaðar hafi borið á óánægju út af slíkum úrskurðum dómaranna eða ásökun um, að þeir hafi misbeitt valdi sínu með því að gefa út hlutdrægt álit um umsækjanda. Ég er sannfærður um það, að ákvæðið um dómaraprófið verður aldrei til þess að spilla vali á dómara, það verður aldrei til þess, að verr takist valið en ella. En í einstaka tilfellum getur þetta ákvæði bjargað. Ég geri ekki ráð fyrir, að það verði nema undantekning, að dómarar felli frá prófi þann mann, sem framkvæmdarvaldið hefir valið, en ákvæðið er engu að síður aðhald fyrir framkvæmdarvaldið, og það er höfuðkostur þess.

Þá er næst brtt. 570,8, við 14. gr., um að gr. falli burt. Í gr. er lagt til, að fastir dómarar í fimmtardómi skuli hafa sömu laun og hæstaréttardómarar nú hafa. Þessi liður brtt. er afleiðing af brtt. 570,2, og þarf ekki að fjölyrða um hann. Þó vil ég benda á það, að í 14. gr. er ákveðið að lækka laun dómsforseta um 1000 kr. Það álít ég varhugaverða ráðstöfun, enda munu fleiri líta svo á, að laun hæstaréttardómara séu yfirleitt of lág, þó ég hafi hinsvegar ekki séð mér fært á þessum tímum að flytja till. um að hækka þau.

Brtt. 570,9 er afleiðing af 2. lið á sama þskj., og þarf ekki um hana að tala frekar. Brtt. 537,2 er tekin aftur. Þessi liður slæddist inn fyrir misgáning, og hefir okkur flm. verið bent á, að um það efni eru ákvæði á öðrum stað í frv.

Með brtt. 570,10, við 21. gr. frv., er lagt til, að niðurlag gr. falli burt, orðin í síðari málsgr.: „Sama gildir, ef dómsmálaráðherra æskir ákveðins sækjanda í opinberu máli". Í þessu ákvæði felst sama viðleitnin og kemur fyrir víðar í frv., að reyna að draga vald úr höndum dómaranna til umboðsvaldsins. Hér er að vísu ekki um stórt atriði að ræða, en þó vil ég fella ákvæðið niður. Umboðsvaldið er hér að fara út fyrir sinn verkahring. Það er dómsforsetinn, sem eðlilega er bezt til þess fallinn að skera úr um það, hvort málaflutningsmaður er heppilegur til að flytja opinbert mál, en ekki dómsmrh., sem enga aðstöðu hefir til að kynnast hæfileikum eða þekkingu málaflm. Og ég fæ ekki séð, hver nauður knýr til að blanda dómsmrh. inn í þessa starfsemi. Tvennskonar ástæður gætu verið þess valdandi, að dómsmrh. gerði tilraun til að hafa áhrif á úrslit sakamála með vali málaflutningsmanns. Önnur væri sú, að honum væri sérstakt kappsmál að fá sakborning dómfelldan. Sjálfsagt gæti sú ósk verið réttmæt af „æðsta verði laga og réttar". Hin ástæðan væri sú, að dómsmrh. óskaði að fá sýknudóm yfir ákærðan og veldi málaflutningsmann með þá ósk fyrir augum. Og þar kemur sýnilega fram möguleiki fyrir misbeitingu. Ég fæ ekki betur séð en að ákæruvaldinu sé vel borgið með þeirri tilhögun, sem nú er í þessu efni, og að breytingin sé því að minnsta kosti ástæðulaus og jafnvel varasöm.

Næst er brtt. 537,3 við 24. gr., um það, hvenær málaflutningsmaður verði sviptur leyfi til málflutnings. Eftir orðalaginu á frv. „getur" dómsmrh. svipt málaflm. þessu leyfi, ef fimmtardómur hefir þrisvar sektað hann fyrir ósæmilegan málflutning. Ég álít óheppilegt, að dómsmrh. sé falið úrslitavald í þessu efni. Ef málaflutningsmaðurinn hefir brotið svo freklega af sér, að rétturinn álítur, að hann sé ófær til að gegna málflutningsstörfum, þá á að vera skylt að taka réttindin af honum. Dómstóllinn á sjálfur að vera betur dómbær um þetta en nokkur annar, og því sízt til bóta að fela öðrum úrslitaatkvæðið, hvort heldur það væri dómsmrh. eða annar.

Hv. frsm. sagði, að þar sem dómsmrh. hefði vald til að veita málflutningsréttindi, þá væri einnig eðlilegt, að hann mætti svipta málflutningsmanninn þeim rétti. Þetta er að vísu formlega rétt, en formlega er réttur ráðh. ekki heldur

skertur, þó till. dómstólsins ráði um úrskurð ráðh.

Með brtt. 570,11 er lagt til, að 25., 26. og 27. gr. frv. falli niður. Gr. þessar mæla svo fyrir, að allir hæstaréttarmálaflm. skuli bindast sérstökum félagssamtökum og setja ýmsar reglur um tilhögun og starfssvið þess félagsskapar. Ég hygg, að eins og nú standa sakir, séu flestir eða allir starfandi málaflm. félagar í Málflutningsmannafélagi Íslands, sem starfað hefir full 20 ár og hefir í flestu, er máli skiptir, hið sama hlutverk að inna og hinu nýja félagi hæstaréttarmálaflm. er ætlað. Ég sé því fyrst og fremst enga ástæðu til að lögbjóða félagsskap innan málflm.stéttarinnar. En jafnvel þó það væri talið nauðsynlegt, sýnist einsætt, að félagsskyldan ætti að ná til málaflm. við undirréttinn engu síður en hæstaréttarmálaflm. En ef svo væri gert, á ákvæðið ekki lengur heima í lögum um æðsta dómstólinn, heldur í lögum um málaflutningsmenn, ef sett yrðu. — Þá get ég heldur ekki fellt mig við að setja félag hæstaréttarmálaflm. undir nokkurskonar yfirstjórn dómsmrh. — hver svo sem hann er. Mér er ekki kunnugt um, að hér á landi hafi málaflm. verið falin nein umboðsleg störf, sem gæfu ástæðu til þess, að þeir ættu að heyra undir umboðslegt eftirlit. Af opinberum málum fjalla þeir aðeins um dómsmálin, og ætti þess vegna að setja þá undir opinbert eftirlit, þá ætti það eftirlit að vera hjá dómsforseta hæstaréttar, en ekki hjá dómsmrh. Dómsforsetinn ætti á allan hátt auðveldara með slíkt eftirlit, enda eðlilegra að fela honum það, vegna þess sambands og þeirrar samvinnu, sem ávallt hlýtur að vera milli dómstólsins og málaflm. Í öðrum löndum horfir víða allt öðruvísi við í þessu efni. Þar eru málaflutningsmönnum falin ýms umboðsleg störf. Annars býst ég við, ef brtt. mínar um þessi atriði verða felldar, að bera fram aðrar brtt. við þessar gr. frv.

Þá er næst brtt. 537,4, við 35. gr. frv. Eftir núg. lögum er það lagt á vald dómsmrh. að veita leyfi til áfrýjunar, eins og gert er í þessari gr. Þetta ákvæði hefir staðið í lögum lengi, ég held alla tíð frá því um 1800, og lögin jafnan verið framkvæmd þannig, að gegn tilteknu gjaldi hefir áfrýjunarleyfi verið veitt, hvenær sem óskað hefir verið, unz fullir 12 mán. eru liðnir frá dómsuppsögn. Þessi regla hefir verið alveg ófrávíkjanleg þangað til á síðastl. vetri. En þá skeði það í fyrsta sinn, að neitað var um áfrýjunarleyfi, enda þótt um það væri sótt löngu áður en 12 mán. voru liðnir frá dómsuppsögn í undirrétti. Að vísu átti í hlut harðsnúinn pólitískur andstæðingur ráðh. og vitanlega var engin ástæða færð fyrir synjuninni, enda engin ástæða til. En slík tilhögun er með öllu ótæk. Menn verða að vita vissu sína um það, hve lengi þeir eiga kost á að skjóta málum sínum til æðri réttar. Og það er algerður misskilningur hjá hv. frsm., að annaðhvort vanræksla eða tilhneiging aðila til að draga mál á langinn þurfi að vera orsök þess, að hann í 6 mán. eftir dómsuppsögn í undirrétti getur ekki tekið endanlega ákvörðun um áfrýjun dóms. Það geta verið margar gildar ástæður fyrir slíkum drætti, og skal ég nefna sem dæmi, að beðið sé eftir endanlegum dómsúrslitum samskonar máls eða að leita þurfi nýrra upplýsinga, áður en unnt sé að gera sér grein fyrir úrslitum máls. Það er og misskilningur, sem virtist koma fram hjá hv. frsm., að gagnaðili stæði varnarlaus gegn drætti á áfrýjun. Jafnaðarlega er það svo, að þar sem það skiptir hann máli að fá hröð málsúrslit, getur hann knúð fram ákvörðun um málskot með aðför. En sé þess ekki kostur, getur hann áfrýjað til staðfestingar á dómnum.

Ég fæ þannig ekki séð, að nein hætta sé að gera dómsmálastj. að skyldu að veita áfrýjunarleyfi í 12 mán. frá dómsuppsögn, og í framkvæmdinni er það engin breyting frá því, sem verið hefir hingað til.

Brtt. 570,15 er afleiðing af 2. lið á sama þskj., og er ekki sérstök ástæða til að ræða um þær. Sama er að segja um 16., 17. og 18. lið á sama þskj. Þessir liðir eru sjálffallnir, ef 2. liður er felldur, en sjálfsagðir, ef hann er samþ.

Þá er eftir á þskj. 537 síðasti liðurinn, brtt. við 49. gr. frv., sem mælir svo fyrir, að kröfu um frávísun máls frá fimmtardómi skuli gera a. m. k. viku áður en það skal þingfesta. Eftir því sem þetta

atriði hefir verið framkvæmt í hæstarétti, hygg ég, að ákvæðið sé komið af vangá inn í frv. Það er venjulega svo, að mál er þingfest í sama mánuði og því er stefnt fyrir réttinn, en þá er oft og tíðum ekki komið nærri því, að málið sé tekið til flutnings, og kemur enda fyrir, að akt er ekki tilbúinn í málinu. Verður þá að sjálfsögðu að fresta því. En kröfu um frávísun er að sjálfsögðu eigi unnt að gera fyrr en málaflutningsmaður hefir kynnt sér málið til hlítar, og gagnslaust er að gera hana fyrr en dómarar hafa fengið ágrip dómsgerðanna. Frávísunarkrafan á því að miðast við þann dag, er málið skal sótt og varið í réttinum, en ekki þingfestingardaginn.

Það var dálitið undarlegt, hve hv. frsm. lagði mikla áherzlu á, að engar breyt. væru gerðar á frv. hér í hv. d., af þeirri ástæðu, að hann óttaðist, að málinu yrði flækt á milli deildanna. Það sýnist ástæðulaus ótti, eins og frv. virtist eiga greiða götu gegnum hv. Nd.

Áður en ég sezt niður, vil ég víkja nokkrum orðum að brtt. hv. 3. landsk. á þskj. 591, er útbýtt hefir verið á þessum fundi. Þar er ákveðið, að veiting dómaraembættis sé tekin til ákvörðunar á sameiginlegum ráðherrafundi, og að forseti ráðuneytisins beri fram till. um veitingu dómaraembættis fyrir konung. Ég lít svo á, að þessi till. sé máske fullmikið sniðin eftir því ástandi, sem nú ríkir, og hefði undir öðrum kringumstæðum ekki verið borin fram. En ef hinsvegar fer svo, að till. um dómarapróf verða felldar, þá get ég verið þakklátur hv. þm. fyrir þessa till. Það ætti að vera nokkurt öryggi í því, að allir ráðherrarnir hefðu atkv. um veitinguna, þannig að minni hætta væri á stórfelldum mistökum í veitingu dómaraembættanna. Get ég þess vegna lýst því yfir, að ég mun greiða þessari brtt. atkv. Sama er um síðari brtt. hv. þm., um að flýta gildistöku laganna.

Jón Jónsson: Ég hefi orðið fyrir því óláni, að frv. þetta skyldi lenda í þeirri n., sem ég á sæti í, óláni, segi ég, af því að mál þetta krefst ýtarlegrar og nákvæmrar rannsóknar og er orðið sérstakt hitamál. Æðsti dómstóll landsins er tvímælalaust helgasta stofnun þjóðarinnar, næst Alþingi sjálfu. Það er því eðlilegt og sjálfsagt, að allt sé gert til þess að vanda til þessa dómstóls svo sem mannlegur máttur frekast orkar, til þess að tryggja réttaröryggið sem mest. Því á að vanda bæði löggjöfina um dóminn og val dómaranna, því að þetta hvorttveggja verður að fara saman, ef allt á að fara vel úr hendi. Með samningu sjálfrar stjskr. hefir verið lögð áherzla á það, hversu þýðingarmikil þessi löggjöf um æðsta dómstólinn sé, þar sem í hana eru sett a. m. k. tvö ákvæði til þess að tryggja óhlutdrægni og sjálfstæði dómaranna sem bezt. Ég efast ekki heldur um, að tilgangurinn með þessu frv., sem nú liggur hér fyrir, sé að tryggja réttaröryggið, og sum ákvæði frv. miða tvímælalaust í þá átt. Þess vegna hefi ég ekki hikað við að leggja til, að frv. yrði samþ., þótt ég telji æskilegra, að örfáar breyt. séu á því gerðar. Þau tvö atriði, sem ég tel mestu skipta, eru hin opinbera atkvgr. í réttinum, sem mér blandast ekki hugur um, að verður lærdómsrík fyrir þá, sem lögfræði stunda, og frá minum leikmannsbæjardyrum séð, verður þetta ákvæði til þess að skapa dómurunum réttmætt aðhald. Hitt atriðið, sem ég tel einnig miða til aukins réttaröryggis er, að gert er ráð fyrir, að dómurunum sé fjölgað. Ég geng inn á þann rökstuðning, að venjulega muni vera meiri líkur til, að dómur verði betur vandaður, ef 5 menn fjalla um hann í stað 3ja, og er líklegra, að málsástæður allar verði betur athugaðar frá öllum hliðum, því að það er svo, að hver maður hefir að nokkru leyti sitt vissa sjónarmið. En sé það dregið fram og borið saman hvað við annað, eru líkur til, að rétt verði niðurstaðan. E. t. v. má það telja galla í þessu sambandi, að dómararnir skuli ekki allir vera gerðir fastir, en 2 af þeim einungis aukadómarar. En því veldur okkar fátækt. Þetta er mjög viðunanleg lausn í bili, þar sem þeir menn eru teknir sem aukadómarar, sem áður hafa átt að gegna störfum sem varadómarar og hafa bezt tækifæri til að fylgjast með löggjöf landsins, málameðferð og dómsúrskurðum. En þrátt fyrir það get ég vel trúað og býst við, að þetta verði ekki nema bráðabirgðafyrirkomulag. Þegar kreppunni léttir verða e.

t. v. allir 5 dómararnir gerðir fastir. Þetta byggi ég m. a. á því, að störf hæstaréttar fara hraðvaxandi ár frá ári, eins og eðlilegt er, þegar þjóðlífið er að verða fjölbreyttara og fjölbreyttara, auk þess sem fólkinu fjölgar. Þessi tvö ákvæði tel ég svo mikilsverð, að réttmætt sé að samþ. frv. En um leið og gengið er inn á það, að meira öryggi sé fyrir réttri niðurstöðu dóma því fleiri menn, sem um þá fjalla, þá finnst mér gæta mótsagnar í því, hvernig þeir menn eru skipaðir. Frv. stefnir þar í þveröfuga átt og vill draga úr því, að eins margir menn fjalli um það atriði og nú er. Því að hér í 8. gr. er lagt til að fella niður eitt ákvæði, dómararaunina, sem ég tel, að hafi átt að vera tryggingarákvæði hjá löggjöfunum fyrir því, að hæfir menn kæmu í réttinn, og ég tel viðurhlutamikið að fella það niður, nema því aðeins, að eitthvað annað betra komi í staðinn. Mér finnst það mótsögn við hitt ákvæðið — fjölgun dómaranna, þar sem það er talið sönnun fyrir því, að dómar fari betur úr hendi, þá álít ég eins miklar líkur fyrir því, að val dómaranna fari betur úr hendi, ef fleiri menn fjalla um það. Ég tel dómaraprófið vera sett einungis til þess að tryggja, að í réttinn komi þeir einir, sem hafi hæfilega lagaþekkingu og nógu mikla dómgreind gagnvart dómum. Að öðru leyti eru hendur veitingarvaldsins ekki bundnar um annað en að teknir séu hæfir menn. Veitingarvaldið á að vera í höndum ríkisstj. og sé ég ekki annað en að allar líkur séu til, að stj. hafi í mörgum tilfellum úr mörgum mönnum að velja, þrátt fyrir þetta ákvæði. Flestir sæmilegir lögfræðingar myndu standast þessa prófraun, en ríkisstj. þó ekki bundnari af henni en við veitingu annara embætta af embættisprófi. — Hv. frsm. meiri hl. var eitthvað að víkja að því, að þetta fyrirkomulag um dómarapróf væri orðið úrelt. Ég sá ekki, á hverju hann byggði það, nema ef vera skyldi það, að þetta væri einungis í einu landi. En það sannar ekkert, hvort einn hlutur er úreltur eða ekki, hvort aðrar þjóðir hafa sama fyrirkomulag eða ekki. Hitt er annað, hvað okkar eigin skynsemi segir um þetta. Mín skynsemi segir, að fáir munu færari að dæma um lagaþekkingu manna en æðsti dómstóll landsins. En þó úrskurður um lagaþekking dómaraefna sé lagður undir dómstólinn sjálfan, þá eru mörg fleiri atriði, sem koma til greina við val dómara, og það liggur í hendi ríkisstj. eftir sem áður að dæma um þau. Ég get því ekki séð, að réttmætt sé að kalla þetta ákvæði úrelt. Hinsvegar get ég hugsað mér, að bjarga mætti þessu á einhvern annan hátt. Þó tel ég þetta að vissu leyti bezt hvað þetta atriði snertir. Ég tel það því afturför frá því, sem nú er, að fella niður dómararaunina. Vildi ég heldur stuðla að því, að fleiri ættu að fjalla um val dómaranna, því að mest veltur á því, hvernig það verður, og hefi ég því leyft mér að bera fram till. á þskj. 591, sem ákveða nokkuð annað en nú er gert í lögum um skipun dómaranna, sem sé, að ríkisstj. öll skuli taka þetta mál til meðferðar á ráðherrafundi og að forsrh. skuli undirrita beiðnina til konungs. Þetta er í sjálfu sér ekki nýtt, þar sem þessi sömu ákvæði eru að vissu leyti í kgl. auglýs. frá 1924. Þar hygg ég, að gert sé ráð fyrir, að veiting mikilvægra embætta skuli afgreidd á ráðherrafundi, og ég veit ekki, hvaða embættaveiting í þessu landi er mikilvæg, ef ekki embættaveiting við æðsta dómstól landsins. Þar sem veltur á jafnmiklu um allt okkar þjóðlíf og öryggi þegnanna, finnst mér réttmætt að lögbinda einmitt þetta fyrirkomulag, sem gert er ráð fyrir í þessari kgl. augl. Hv. 4. landsk. vék að því, að ég myndi miða till. mína við núv. ástand. Ég get sagt þeim góða manni, að þetta er rangt, og væri betra fyrir hann að líta sér ögn nær, því að ef miðað er við nokkurn sérstakan atburð, er gerzt hefir í okkar stjórnarsögu, þá er það ekki atburður, sem gerzt hefir í tíð þessarar stj., heldur veiting mikilvægs embættis, sem framkvæmd var af manni, sem er samflokksmaður hv. 4. landsk. Það getur komið í hlut fleiri en núv. ríkisstj. að veita slík embætti, og þess vegna getur farið svo, að þesshättar ákvæði séu ekki óþörf. Og flestir munu líta svo á, að ekki hefði verið verra, þótt slík ákvæði hefðu verið til, þegar embættið, sem ég gat um áður, var veitt. (**Dómsmrh.**: Hvaða embætti?). Hæstv. dómsmrh. veit það, þótt það væri ekki í tíð hans stjórnar. Að öllu þessu athug-

uðu finnst mér fyllilega ástæða til að bera fram þessar till., sem ég hefi gert á þskj. 591, og vænti ég, að þær verði samþ.

Ég skal geta þess, að ég hefi, ásamt samnm. mínum, hv. 4. landsk. flutt nokkrar brtt. á öðru þskj. Ég hefi nú þegar minnzt á eina, og hinar eru smávægilegar, sem hann hefir sjálfur skýrt svo vel, að ég sé ekki ástæðu til að fara út í þær. En ég skal geta þess, að ég legg minnsta áherzlu á 4. brtt. Þó hygg ég, að hún sé réttmæt, en tel hana minnstu máli skipta.

Sem sagt, ég vona, að d. taki vel þessum till. okkar, og að málið fáist afgreitt af þinginu.

Frsm. meiri hl. (Einar Árnason): Ég þarf ekki að segja margt út af því, sem fram hefir komið. Ég ætla ekki að hefja neinar deilur við hv. minni hl. um frv. þetta eða brtt. þær, sem hann flytur. Ég hefi þegar minnzt á þær áður og mína skoðun á þeim og þarf ekki að fara út í það. Það er aðeins eitt atriði, sem hann drap á. Honum fannst það ekki hæfa, að í l. um æðsta dómstól landsins væri ákveðið um félagsskap málaflutningsmanna. Kvað hann slíkt myndi ekki eiga sér stað annarsstaðar. — Að því er ég bezt veit er þó slíkur félagsskapur lögboðinn í nágrannalöndunum. Að slíkur félagsskapur skuli ekki vera lögboðinn hér, stafar e. t. v. af því, að hér gilda aðrar reglur um, hverjir megi vera málaflutningsmenn en í öðrum löndum. Ég hygg, að annarsstaðar þurfi þeir, sem hafa málaflutning að atvinnu, að vera lögfræðingar, en ég held, að það sé ekki bundið við slíkt hér. Sem sagt, þessi félagsskapur er lögákveðinn annarsstaðar, og því ekkert óeðlilegt, að slíkt hið sama sé gert hér. Hv. minni hl. taldi, að slíkt ákvæði ætti heima í l. um málaflutningsmenn, ef þau yrðu einhverntíma sett. Ég held, að það sé óhyggilegt að bíða eftir, að slík lög verði sett, enda engin trygging fyrir því, hvenær það verður gert.

Hv. minni hl. hélt ekkert sérstaklega fast á sumum þessara till., sem hann flytur í félagi við hv. 3. landsk. á þskj. 537. Mér heyrðist á honum, að ein till. væri þegar tekin aftur. (**PM:** Þær verða ekki fleiri).

Þá vildi ég fara nokkrum orðum um brtt. við 35. gr., þar sem dómsmrh. er gert að skyldu að lengja frestinn úr 6 mán. upp í 12 mán. Þetta heyrir ekki undir trassaskap, eins og hv. minni hl. orðaði það, heldur getur þann veg verið ástatt, að áfrýjandinn myndi nota sér þann rétt, sem hann fær til þess að taka valdið af dómsmrh., en taka sér sjálfur leyfið. En nú er það svo um þessi orð „skal“ og „getur“, að í mæltu máli er gerður á þeim nokkur munur, en þau dæmi eru til, að dómstólar virðast gera þann mun býsna lítinn. Vil ég benda á það, að skv. dómi, sem felldur var í hæstarétti út af landhelgisbroti, er beinlínis farið fram hjá þessu orði „skal“ og dæmt eins og í lögunum hefði staðið „getur“. Í 5. gr. l. um bann gegn botnvörpuveiðum stendur: „Skipstjóri, sem gerir sig sekan í ítrekuðu broti gegn 1. gr., skal, auk refsingar þeirrar, sem getur um í 3. gr., sæta fangelsi, ekki vægara en 2 mán. einföldu fangelsi“. Nú hefir það komið fyrir, að hæstiréttur hefir haft með ítrekað brot að gera samkv. þessum l. Hann hefir ekki dæmt í fangelsisvist. Rétturinn hefir litið svo á, að ekki væri sjálfsagt að fylgja þarna orðinu „skal“ eftir þeirri merkingu, sem menn venjulega leggja í það. Samkv. því má halda því fram, að þótt þarna sé sett **skal**, þá geti dómsmrh. með sama rétti neitað um þessa framlengingu, sem farið er fram á. Frá hvaða sjónarmiði sem þetta er skoðað, getur því þessi brtt. minni hl. aldrei komið að tilætluðu gagni.

Þá talaði hv. minni hl. um brtt. við 49. gr., um orðið „þingfesta“ þannig, eins og það væri óframkvæmanlegt, ef það væri látið standa eins og það er í frv. (**PM:** Það væri ekki hægt að fara eftir því). Þar sem nú sömu ákvæði eru í gildandi lögum, þá fæ ég ekki skilið, hvernig þetta hefir slumpazt af í þessi 12 ár, sem hæstiréttur er búinn að starfa. (**PM:** Það hefir ekki heldur verið farið eftir því). Ég tók það fram áður, að hefð væri komin á um, hvernig þetta væri skoðað, og myndi ekki koma að sök, þótt þetta stæði svo áfram. Annars skal ég yfirleitt ekki fara út í einstök atriði í þessu frv. það hefir sætt allnákvæmri meðferð í hv. Nd. Sú n., sem þar hafði

málið til athugunar, var m. a. skipuð tveim lögfræðingum, sem ég held, að verði taldir af betri endanum, og annar þeirra prófessor í lögum við háskólann. Þessi prófessor, sem var hv. 2. þm. Reykv., sá enga ástæðu til að breyta þessu atriði. Hans ágreiningur um frv. snerti aðallega tvö efnisákvæði þess, algerlega óskyld þessu, sem sé niðurlagning hæstaréttar og dómararaunina. Þegar þessi tvö atriði eru frá talin, virðist þessum lögfræðingi ekki felast í frv. nein þau ákvæði, sem nauðsynlegt sé að breyta. Ég fyrir mitt leyti er auðvitað ekki fróður í þessum efnum, en ég tel mér heimilt að halda mér við það, sem þessi lögfræðingur í Nd. segir um frv., og álít flestar þær brtt., sem hér liggja fyrir, hljóða um aukaatriði, sem engin nauðsyn sé að breyta.

Þá talaði hv. 3. landsk. hér á þá lund og hafði um það allsterk orð, að nauðsyn bæri til að vanda sem bezt til æðsta dómstóls landsins. Út á þetta hefi ég ekkert að setja. En þegar kemur að því, hver ráð hann ætlar að hafa til þess að vanda sem allra bezt til æðsta dómstólsins og vernda réttaröryggið í landinu, finnst mér ráðin vera léleg. Það eru tvö atriði, sem hann hyggur, að tryggi þetta. Annað er hin margumtalaða dómararaun, sem, eins og ég tók fram áður, engin af nágrannaþjóðunum notar, nema ein, og ég held að hafi í rauninni litla þýðingu hér. Ég vil líka benda hv. þm. á það, að dómararaunin getur líka haft sínar óþægilegu afleiðingar, ef á annað borð kemur upp ágreiningur á milli hæstaréttar og viðkomandi ráðh. út af manni í dóminn. Ég get búizt við, að þegar slíka prófraun á að þreyta, þá þreyti hana aldrei fleiri menn en komast eiga í dóminn í það skiptið, og hvert er þá valið? En ef ágreiningur kemur upp milli dómstólsins og ráðh., getur orðið sá ófriður um þessi mál, að ekki verði betur farið en heima setið. Sem sagt, ég held, að dómararaunin sé orðin svo dauð í hugsun allra eða flestra, að aldrei leiði til þess, að menn fái sérstaka trú á dómstólnum fyrir það eitt.

En svo kemur hv. þm. með aðra till. til þess að búa enn betur um þetta, og sú till. er á þá lund, að það sé ýmist atvmrh., fjmrh. eða kirkjumrh., sem skipi menn í dóminn, rétt eftir því, sem á stendur. Ég held, að tryggingin sé lítið meiri, þó að till. hv. þm. nái samþykki. Það er rétt hjá honum, að til eru ákvæði um það, að ráðherrar og ráðherrafundur taki ákvarðanir um mikilvægar ráðstafanir. Þessu á að fylgja, og á ekki að þurfa að taka það fram í öllum lögum, sem samþ. eru. Ég hefi ekkert á móti þessu, tel það sjálfsagt, en hinu get ég ekki gengið framhjá, að með þessu er brotin sú meginregla, að sá ráðh., sem málið heyrir undir, skipi viðkomandi embættismann. Og það er brot á gildandi stjórnmálavenju, sem ég kann ekki við í till. hv. þm. Ef byrjað er á því að brjóta þessa reglu, veit ég ekki, hvar staðar verður numið. Þó mætti um þetta tala, ef maður hefði trú á því, að eitthvað færi betur úr hendi með þeim hætti. En ég sé enga tryggingu í ákvæðinu. Mun ég því greiða atkv. á móti till.

Jón Baldvinsson: Ég hefi á undanförnum þingum stutt þá breyt. á hæstaréttarlöggjöfinni, sem felst í þessu frv. Var ég á sínum tíma með því að gera litla breyt. á hæstarétti, til þess að gera dóminn demókratiskari. Var það 1924. Játa ég þó, að sumar breyt. gengu dálítið í öfuga átt, og á ég þar við að fækka dómendum. Ég áleit rétt að fjölga þeim, og þetta frv. gerir reyndar líka ráð fyrir því, þótt sú fjölgun eigi ekki að verða stöðug. Býst ég við, að þess verði ekki langt að bíða, að sú fjölgun verði fullkomin. Fyrir réttaröryggi landsins væri það bezt, ef til væri milliréttur, sem tæki við af héraðsdómum. Þegar viðkvæm mál fara frá héraðsdómum upp í hæstarétt, er ekki alltaf sú víma rokin af mönnum, sem var, þegar málið fór af stað. Hugsa ég, að sú vitleysa, sem varð af drengsmálinu 1921, hefði verið rokin af mönnum, ef fleiri hefðu verið dómstigin, sem það gekk í gegnum. Held ég, að þetta fyrirkomulag væri heppilegast í viðkvæmum pólitiskum málum, svo að dómarar geti sansað sig, því að ég tel dómara ekkert réttlátari en aðra menn. Eru þeir breyskir sem aðrir og skipast í skoðunum eftir stjórnmálaflokkum, og þeir fara eins og aðrir misjafnlega hátt

með þessar skoðanir. Einn hæstaréttardómari í Danmörku varð að víkja úr sæti sínu af því að hann sagðist hata jafnaðarmenn. Þótti ekki hlýða að hafa mann í hæstarétti, sem léti slíkt út úr sér, og varð hann því að fara frá.

Í hæstarétti er dómari, sem einu sinni sagði: „Jafnaðarmenn! Það ætti að 'skera af þeim öllum hausinn!“ Þessi dómari reynir sjálfsagt að líta á málin með réttlæti, þegar hann er kominn í dómarasætið, en hann hefir samt sína pólitísku skoðun og getur komizt í hita út af pólitík. Þessi dómari er því ekki óskeikull, eins og biblían segir, að guð almáttugur sé. Dómarar fara ósjálfrátt eftir skoðunum sínum á mönnum og málefnum, og lögin er lengi hægt að teygja. Tel ég því rétt, að ofurlítið sé hrært upp í gamla hæstarétti, sem stendur öðrum fæti í hinni öldinni. Vildi ég láta fjölga dómendum upp í 5 og til frekari öryggis setja einn dómstól í viðbót. Býst ég ekki við því, að þessu sé hægt að koma við nú, en greiði frv. atkv. mitt til 3. umr., sem spori í áttina til betra skipulags.

Ég ætla mér ekki að fara að tala um brtt., sem fram eru komnar. Tala þeirra er legió, og eru flestar ómerkilegar. Eina till. gæti þó e. t. v. verið rétt að taka til athugunar.

Það hljómaði hér í þinginu í morgun, að Jón í Stóradal væri búinn að flytja vantraust á Jónas. Heyrði ég þetta áður en ég sá till., sem fer fram á það, að flytja aðalveitingu dómaraembætta í hæstarétti frá dómsmrh. til forsrh. Þetta var það, sem kallað var vantraust á Jónas. Er rétt að spyrja hv. 3. landsk., hvort þetta beri að skoða sem vantraustsyfirlýsingu. Þessi tilgáta styðst við það, að sagðar eru ýmsar greinir með þeim flokksmönnunum. Ef hv. 3. landsk. er kominn í hóp stjórnarandstæðinga, þá er það ekki nema ágætt, en mér finnst hann ætti þá að byrja á því að reyna að lagfæra að einhverju þann órétt, sem stjórnarflokkurinn hefir beitt alla þjóðina í kjördæmaskipunarmálinu. Ef það er rétt, að hér felist vantraust á stj., þá gæti það verið gott, en þá er þessi till. hv. þm. orðin að stórpólitísku máli, og gætum við þá e. t. v. fengið frest á fundi, til þess að taka afstöðu til svo mikilvægs máls. — Ég hefði ekki tekið til máls, ef þessi till. hefði ekki komið fram.

Ég heyri, að hv. 3. landsk. hefir kvatt sér hljóðs, og býst ég við, að hann muni nú skýra till. sína af nýju. Hann sagði, að það hefði vakað fyrir sér að auka réttaröryggið í hæstarétti, en ég skil nú ekki, að það sé ekki sama, hvort þetta er hjá Tryggva eða Jónasi.

Ég tek eftir því, að l. eiga að öðlast gildi 1. júní 1932, en mig minnir, að eftir frv. ættu þau að koma til framkvæmda 1. sept. Ef þetta hvorttveggja yrði samþ., þá er það athugandi, að einn hæstaréttardómarinn á 65 ára afmæli í júnímánuði, svo að hans lausnarbeiðni kæmi til atkvæða í öllu ráðuneytinu. Þetta eru skýringar, sem menn eru að gera sér út af till., og finnst mér rétt að láta þennan orðróm koma hér fram, svo að hv. 3. landsk. geti skýrt það, hversu mikla pólitíska þýðingu leggja beri í atkvgr. um þetta mál. Getur það breytt viðhorfi manna talsvert.

Jón Jónsson: Hér hafa risið upp 2 hv. dm. og gagnrýnt mínar till. Hv. frsm. taldi það helzt á móti því að taka upp dómarapróf, að það hefði nauðalítið fylgi hér á landi. Ég efast um, að nokkur hér geti bent á, að svo sé. Veit ég ekki, hverjir ættu betur að fylgjast með æðsta dómstóli landsins en lögfræðingarnir. Hefir Alþingi fengið umsögn um þetta frá lagadeild háskólans, frá réttinum sjálfum og málafærslumannafélagi bæjarins, og hafa allir þessir aðilar lagt með þessu atriði. Bendir þetta ekki á lítið fylgi. — Þá minntist hann á till. mína á þskj. 591 og kvað það athugavert við hana, að það gæti ýmist orðið atvmrh., fjmrh. eða dómsmrh., sem veitti þessi virðulegu embætti. (Hann gleymdi að nefna samnefnarann, forsrh.). En eftir minni till. er það ekki einn ráðherrann, sem veitir embættin, heldur ráðuneytið allt, þótt forsrh. undirskrifi veitinguna, en hann er sá maður, sem gera verður ráð fyrir, að hafi mest traust landsmanna. Því er ætlazt til, að hann undirskrifi. Þetta eru nú öll ósköpin.

Hv. þm. talaði um, að hér væri brotin einhver regla. Hann er þessu sjálfsagt

kunnugri en ég, því að hann hefir sjálfur setið í ráðuneyti, en annars gilda ýmsar reglur um ýmsa hluti. Hefi ég t. d. heyrt, að í Bretlandi sé það forsrh., sem hefir mest áhrif á skipun æðsta dómsins. Ef þetta er rétt, sem ég hygg vera, þá væri það svo sem engin fjarstæða, þótt við tækjum það upp líka. Annars nenni ég ekki að eltast lengur við hv. þm. Bið ég ekki hv. dm. þess að greiða till. mínum atkv.; þeir eru sjálfráðir um það, hvernig þeir vilja afgreiða þær.

Þá er hv. 2. landsk. Ég hefi lært nýtt orðtak, síðan ég kom hingað í þingið, en það er „að hugsa í persónum". Það er svo skrítinn hlutur, að þegar farið er að afgera eitthvert mál, þá hættir mörgum við að hugsa sem svo: „Hvernig kemur þetta nú við þennan eða hinn?" Þetta datt mér í hug, er ég hlustaði á hv. þm. Því fer fjarri, að till. mín sé vantraust á nokkurn mann í stjórnarráðinu. Ástæðan fyrir henni er fyrst og fremst niðurfelling dómararaunarinnar. Hún er tilraun til að tryggja betur, að veiting embættanna verði betur athuguð, þar sem allt ráðuneytið á að ráða henni, en ekki aðeins einn maður. Dæmið um veitinguna, er ég nefndi, hefir í hæsta lagi ýtt undir. (**JBald:** Hv. þm. er þá farinn að hugsa í persónum). Nei. En það mætti segja, að þetta væri vantraust á skipulagið. Vantraust á stj. er það ekki fremur en vantraust á biskup, þegar prestsembættaveitingar voru færðar úr höndum kirkjustjórnarinnar í hendur safnaðanna, eða vantraust á ákveðinn konung, þegar þjóðin tók völdin í sínar hendur.

Annars get ég sagt hv. 2. landsk. það, að ég er að vísu ekki kjarkmaður, en ef ég hefði ástæðu til að bera fram vantraust á stj., þá þyrði ég að gera það svo skýrt, að ekki misskildist. En hér datt mér það ekki í hug.

Umr. frestað.

Á 65. fundi í Ed., 2. maí, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 234, n. 536 og 570, 537, 591, 598).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 598. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Jón Þorláksson: Hv. frsm. meiri hl. lét þau ummæli falla viðvíkjandi prófraun dómara, að hún væri dautt mál í hugsun flestra. Ég vil aðeins til viðbótar því, sem áður hefir verið sagt um þetta atriði, gera grein fyrir því, að ég álít, að þetta sé ekki rétt hjá hv. frsm. meiri hl. Ég held, að það sé almennt mjög sterk tilfinning fyrir því, að hér sé stigið spor aftur á bak í löggjöfinni með því að afnema þetta ákvæði, enda þótt það kunni rétt að vera, að tilsvarandi ákvæði sé ekki til í löggjöf allra nágrannaþjóðanna. Það horfir dálitið sérstaklega við hjá okkur um ýmislegt, vegna þess hvað þjóðfél. er lítið og fámennt.

Ég get tekið undir það, sem hv. 3. landsk. sagði um mikilvægi hæstaréttar og hve áríðandi það er, að bæði sé vandað til um löggjöf þeirrar stofnunar og eins um val á mönnum. Að því er snertir val á mönnum til dómarastarfsins, þá er ýmislegt í okkar fámenni og fátækt, sem kemur til greina og gerir það sérstaklega æskilegt, að þessu ákvæði um prófraunina sé haldið, úr því að það einu sinni er í okkar löggjöf, fremur en í fjölmennari og eldri þjóðfélögum.

Ég vil þá fyrst nefna það, sem öllum er ljóst, að ef þessi prófraun er úr lögum numin, þá er það algerlega á valdi eins manns, þess manns, sem er dómsmrh. í hvert sinn, hverjir eru valdir sem dómendur í þennan æðsta dómstól landsins. Nú stendur í fyrsta lagi svo á, að þetta þjóðfélag er ungt, og hollar starfsvenjur hafa því ekki myndazt enn hjá okkur vegna ungæðisháttar þjóðfél., svo að því má ekki fulltreysta, að hér verði farið eftir neinum viðurkenndum venjum í stjórnarathöfnum, þó að menn geti treyst slíkum venjum í eldri þjóðfél., þar sem þessar venjur hafa myndazt og orðið svo fastar, að engin stjórn myndi leyfa sér að víkja frá þeim. Það má miklu fremur segja, að við séum að þessu leyti ennþá í landi kunningsskaparins, þar sem ákaflega margt annað en góðar og gildar venjur getur haft áhrif á stjórnarathafnirnar. Þetta er ein ástæðan fyrir því að fara varlega í að nema burt tryggingu fyrir góðri afgreiðslu stjórnarathafna, sem enn er í lögum, eins og þessi prófraun dómara.

Sem aðra ástæðu vil ég nefna það, að fámennið gerir það að verkum, að hér er úr tiltölulega fáum að velja, og það segir sig sjálft, að þar sem úr fáum er að velja, þá er hættara við, að einhver verði valinn, sem ekki væri starfinu vaxinn, heldur en þar, sem úr nægilega mörgum er að velja. A. m. k. er það miklu fremur afsakanlegt, þegar um fáa er að velja, þó að einhver mistök verði í valinu. Þetta er ástæða, sem við hér í fámenninu megum ekki ganga fram hjá.

Þá er að nefna þriðju ástæðuna, en það er okkar fátækt og þröngi fjárhagur. Ég vil í því sambandi minna á það, að nú er autt eitt sætið af þremur í hæstarétti og hefir staðið autt nú í langan tíma. Mér er sagt, að skipun dómara í sætið hafi dregizt meðfram vegna þess, að þeir menn, sem hæfastir þykja í þessa dómarastöðu, vilji ekki taka við slíku embætti af fjárhagsástæðum. Þessi embætti eru svo lágt launuð, að oftast er hreint og beint fjárhagslegur skaði fyrir góða lögfræðinga að taka sæti í dómnum. Þannig er ástandið nú, og við því má búast, að fyrst um sinn verði laun hæstaréttardómara svo naum, að hæfustu mennirnir hliðri sér hjá að taka við embættunum. Burtfelling prófraunarinnar gæti orðið til þess, að seilzt yrði eftir miður hæfum mönnum, sem vildu gefa sig fyrir laun, sem aðrir hæfari menn gætu ekki sætt sig við, og væri illa farið, ef afleiðingin yrði slík. Verði hinsvegar prófrauninni haldið, kæmi þetta mál fram með verkanir sínar í sinni eðlilegu mynd. Ef hæfir menn fást ekki fyrir hin lögákveðnu laun, verður að breyta launakjörunum. Því að það má aldrei koma fyrir, að miður hæfir menn eigi sæti í æðsta dómi landsins.

Ég hygg, að burtfelling prófraunarinnar geti orðið til þess, að umboðsvaldið hliðri sér hjá launabótum og taki einhverja þá í dóminn, sem ekki eru starfinu fyllilega vaxnir.

Ég hefi hér bent á þrjár ástæður gegn því að fella niður prófraunina, og þær standa allar í sambandi við fámenni vort og fátækt, og hver þeirra um sig ætti að vera nægileg til þess að menn hikuðu við að stíga þetta spor.

Hv. frsm. sagði, að þrjár umbætur feldust í frv. En þar á meðal taldi hann þó ekki burtfellingu prófraunarinnar og viðurkenndi þar með, að þótt hann fylgdi burtfellingunni, teldi hann hana ekki til bóta eða framfara frá þeirri skipun, sem nú er. Hann taldi ekki heldur það ákvæðið, sem mest hefir verið deilt um, að leggja hæstarétt niður, til umbóta. En hv. 4. landsk. hefir svo rækilega sýnt fram á, hvílíkt hneyksli það ákvæði frv. er, að ég hefi þar engu við að bæta að sinni.

Magnús Torfason: Ég stend hér upp af því að ég ber fram nokkrar brtt. við frv., en þar sem þær eru ekki komnar úr prentsmiðjunni ennþá, vil ég víkja örfáum orðum að aðaldeilumálinu.

Ég skal játa, að ýmislegt var rétt og satt í ræðu hv. 1. landsk. En ég held, að hann hafi ekki grafið nógu djúpt fyrir rætur á því meini, sem hér er verið að leita lækningu við. Yfirleitt hefði þetta mál alls ekki átt að geta komið fram, ef allt hefði verið með felldu. En orsökin er sú, að hæstiréttur var í fyrstu skakkt settur á laggirnar og var þegar gerður að flokksdómi. Þegar hæstiréttur var stofnaður, var meira en helmingur þjóðarinnar utan við heimastjórnarflokkinn, en þó voru allir dómararnir valdir úr þeim flokki. Þetta gat allt farið vel, meðan þeir, menn voru í dómnum, er höfðu þá virðingu fyrir sér og þann sjálfsþótta, að þeir létu ekki hafa sig til að ganga erindi annara. En þegar þeir góðu, látnu menn fóru úr dómnum, kom fram, að dómurinn var skipaður sem rakinn flokksdómur.

Þetta mál er komið fram vegna aðbúðar hæstaréttar við meiri hl. þjóðarinnar. Hæstiréttur hefir undanfarið hagað sér svo, að hann hefir átt í höggi við tvo pólitíska flokka í landinu. Ég þykist þess fullviss, að ef þessir flokkar hefðu átt ítak í hæstarétti, hefði þetta ekki komið fyrir. Þar sem dómurinn var gerður að flokksdómi, þykir þessum tveim flokkum viðurhlutamikið, að dómurinn sé sjálfeðla, ef ég mætti svo að orði komast, að hann gæti jafnan fyllt sig sjálfur, svo að hugsanlegt er, að meðan nokkur íhaldsmaður er til í landinu, verði dómurinn jafnan skipaður þess

flokks mönnum. Þetta er rótin að því, að þetta mál er komið fram.

Það hefir verið tekið fram af hv. 1. landsk. og lögð áherzla á það, að prófraunin væri nauðsynleg vegna fátæktar landsmanna. Ég get ekki skilið þær röksemdir. Fátæklingar þessa lands hafa enga aðstöðu til að verka á framkvæmdir hæstaréttar né hvernig hann er skipaður. — Þá hélt hv. 1. landsk. því fram, að prófraun væri nauðsynleg, af því að við byggjum hér í landi kunningsskaparins. Ég get ekki heldur fallizt á þetta, enda þótt benda megi á einstök fordæmi um óheppileg áhrif kunningsskaparins. En hér held ég, að þessi áhrif ættu að vera til bóta. Í þessu fámenna landi má telja víst, að jafnan verði fáum á að skipa í þessi embætti. Og einmitt sökum kunnugleika manna hvers á öðrum ætla ég, að veitingarvaldinu og hæstarétti veitist léttar að dæma um hæfileika manna í dómarastöður. A. m. k. er eigi vafi á því, að ef það kæmi fyrir, að óhæfur maður veldist til þessa starfs, bærust dómsmrh. og hæstarétti nægar raddir um það, og eins, ef einhver annkanni væri á manni, sem langaði í slíkt embætti. Einmitt af þessum ástæðum er minni ástæða til að hafa prófraunina hér en annarsstaðar.

Ég get ekki heldur fallizt á það, að prófraun sé nein sérstök trygging fyrir því, að dómurinn verði betur skipaður. Eins og málið lítur út frá mínum bæjardyrum get ég hugsað mér, að meiri trygging sé í því að hafa prófraunina ekki og að meiri líkur séu fyrir því að fá hina hæfustu menn í réttinn með því að veitingarvaldið sé hjá ráðherra, en hann leiti umsagnar hæstaréttar um veitinguna.

Ég legg ekki lítið upp úr umsögn hæstaréttar. Ég gæti hugsað, að þeir væru ekki margir, sem langaði til að taka sæti í dómnum, ef dómararnir eru fyrirfram mótfallnir honum.

Þegar því er ennfremur lýst yfir, að slíkar breyt. á réttinum verði teknar fyrir á fundi stjórnarherranna, má telja, að fengin sé sú bezta trygging, sem fáanleg er, fyrir því, að jafnan verði beztu og hæfustu menn valdir í dóminn.

Þá vil ég víkja lítið eitt að sambúð hæstaréttar við stjórnina, einkum dómsmrh. Hún á að vera þannig, að allt sé með felldu, og ég vona líka, að svo verði. Það er óttaleg tilhugsun, að æðsti dómstóll landsins sé svo skipaður, að hann geti ekki unnið með hvaða stj. sem er. Það þarf ekki annað en vitna til hæstaréttar á dögum Estrups. Þá var hæstiréttur skoðaður sem vörn og vígi fyrir örlítið brot af þjóðinni, sem ekki gat komið nema 8 mönnum á þing af 114. Og afleiðingarnar voru miklar og illar fyrir þjóðina. Menn úr öðrum flokkum vildu ekki taka sæti í dómnum, og þannig völdust í dómaraembættin aðeins menn úr einum flokki.

Ég fer ekki út í önnur atriði en þau, sem umr. og brtt. hafa gefið efni til. En mér þótti merkilegt, er hv. 3. landsk. sagði, að hann hefði ekki vitað það fyrr en hann kom til Rvíkur, að persónupat ætti sér stað á þingi. Hann hefir þá verið fljótur að læra það, því að meira og vesalla persónupat en brtt. hans hefi ég ekki séð á Alþingi í mörg ár.

Því miður eru brtt. mínar ekki komnar ennþá og ætla ég því að ljúka máli mínu nú, en áskil mér rétt til að halda áfram ræðu minni, er þær koma.

Forseti (GÓ): Þetta er fyrsta ræða hv. þm. og verður hann að sætta sig við, að svo verði litið á, að henni sé lokið, er hann nú lýkur máli sínu.

Magnús Torfason: Ef forseti kýs það heldur, að ég haldi ræðu minni áfram þangað til brtt. mínar koma, get ég auðvitað gert það. Ég kann því illa að verða af síðari ræðu minni fyrir þá slysni, að brtt. eru ekki tilbúnar. Vona því, að forseti gefi mér langa aths.

Forseti (GÓ): Ég mun gefa hv. þm. góða aths., en hitt get ég ekki látið eftir honum, að fara að skipta ræðu hans niður í kapítula.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég get lýst ánægju minni yfir því, hve þingið hneigist til samúðar við þetta mál og skilnings á því, eins og bezt sást í Nd., þar sem mjög lítill ágreiningur var um málið í neðri deild. Íhaldsflokkurinn í

þeirri deild tók allt öðruvísi í málið en liðsmenn hans hér. Lagaprófessorinn í Nd., sem þó stendur mjög framarlega í flokki íhaldsins, leit öðruvísi á málið en samherjar hans hér, og vann vel að því í n. að bæta frv. Að vísu voru eitt eða tvö atriði, sem hann greiddi atkv. á móti, en sem einn helzti lagamaður flokks síns mun hann hafa haft áhrif á flokksbræður sína í Nd.

Hér hefir þetta orðið öðruvísi. Hv. 4. landsk. hefir komið fram með allmargar brtt., sem miða allar að því að kippa öllum endurbótum, nema opinberri atkvgr., úr frv. Um hina opinberu atkvgr. var áður deilt mikið, en nú virðast allir hafa sætt sig við hana. Verður hér hið sama uppi á teningnum og er landsyfirréttinum var breytt í hæstarétt. Þá lögðust allir dómarar í landsyfirrétti á móti munnlegum málaflutningi. Alþingi tók þetta ekki til greina, enda játa nú allir, að Alþingi hafði þá á réttu að standa, en dómararnir á röngu, enda er ekki hægt að vænta þess, að hver stofnun sé bezt ur dómari í sjálfrar sín sök. Það er sagt, að hæstiréttur Dana standi á móti öllum umbótum dómsmrh. þar, af því, hve gamall hann er orðinn í hettunni og fylgist ekki með samtíðinni.

Ég ætla nú að rifja lítið eitt upp sögu þessa máls í höfuðdráttum.

Andstæðingarnir í Nd. hafa nú gengið inn á fimmtardómsheitið. Enda er það ekki annað en eðlilegur þjóðarmetnaður að láta æðsta dómstól nútímans bera nafn hins æðsta dómstóls á glæsilegasta tímabili þjóðarinnar. — Þá hafa sumir látið í ljós þá skoðun, að það væri ekki nauðsynlegt og jafnvel rangt að leggja niður hæstarétt um leið og fimmtardómur er stofnaður. Nú vil ég benda á, að þeir, er stofnuðu hæstarétt, hefðu ákaflega vel getað farið eins að. Þeir hefðu getað orðað það svo, að landsyfirrétturinn skyldi verða að hæstarétti. En þeir gerðu það ekki. Þeir sögðu, að landsyfirrétturinn skyldi niður lagður og hæstiréttur stofnaður, og þeir tryggðu það ekki einu sinni í lögunum, að dómarar landsyfirréttar flyttust yfir í hinn nýja hæstarétt. Það er því meira gert nú til að tryggja samband milli dómstólanna, úr því að svona mikilvæg breyt. á sér stað. Því það mun mála sannast, að það er meiri breyt., sem nú er gerð, heldur en sú, er gerð var 1919, ef litið er á innihald málsins.

Um opinberu atkvgr. virðast nú allir vera orðnir sammála.

Þá leggur hv. 4. landsk. til að fjölga dómendum upp í 5. Ég hefi áður haldið því fram, að seinna meir gæti vel verið, að þjóðinni þætti þetta rétt. En ég býst ekki við, að eins og nú lætur í ári þyki það fært, sérstaklega að óreyndu fyrirkomulagi því, sem hér er stungið upp á, að hafa tvo aukadómara. Það er líka talsverð ástæða til að vera á móti því að fjölga föstu dómendunum nú. Það má vel vera, að það reyndist eins haldkvæmt að hafa aukadómendur í mikilvægum málum, og get ég hér aftur vísað til ummæla hv. 2. þm. Reykv., sem vitanlega hefir mikla reynslu í þessum málum.

Um dómaraprófið vil ég tala fáein orð. Fyrst vil ég minna á, að við fyrri meðferð málsins hér á þingi fékk deildin rangar upplýsingar um það frá hæstarétti. Það hefir vafalaust ekki verið viljandi gert, heldur vegna þess, að dómarana hefir skort þekkingu á því, hvernig þessu er hagað erlendis, enda hafa þeir nú mjög lítið tækifæri til að kynna sér dómstörf erlendis. En það verð ég að segja, að það var dálítið óheppilegt, að þeir skyldu þá ekki segja sem var, að þeir vissu ekkert um þetta. Síðan hefir farið fram sérstök rannsókn á þessu atriði; Sveinn Björnsson sendiherra hefir athugað það fyrir stj. og komizt að þeirri niðurstöðu, að dómarapróf tíðkist hvergi erlendis nema í Danmörku, og þar er mikil óánægja með þetta úrelta fyrirkomulag. Hér var líka fyrir skömmu á ferð dómari frá Ameríku; hann var spurður að því, hvernig þessu væri þar hagað, en hann þekkti ekki til dómaraprófs þar, hvorki í Kanada né Bandaríkjunum. Yfirleitt eru dómarar kosnir þar í landi. En þessi ranga umsögn, er hæstaréttardómararnir hafa gefið Alþingi um mál, sem þeir ættu að hafa vit á, er einskonar dómarapróf á þá sjálfa. Hún sýnir, að þeir hafa leyft sér að dæma út frá ónógum forsendum. Þetta gefur ekki aukna trú á, að þessir menn séu öllum öðrum hæfari til að skapa

nýja dómendur. — Hv. 1. landsk. en nú farinn að sjá, að þessi staðreynd, að dómaraprófið er hvergi til nema í Danmörku og á Íslandi, er mikil veiklun á málstað hans. Og það þarf engan kóngakraft til að sjá, hvers vegna þjóðirnar vilja ekki, að þessar stofnanir skapi sig sjálfar. En eins og ég hefi bent á, hefir það áreiðanlega verið meining Jóns heit. Magnússonar, að dómurinn skapaði sig sjálfur, því í reglugerð um verkaskipting ráðherranna er svo ákveðið, að bera skuli undir ráðherrafund veitingu nokkurra helztu embætta landsins, en þar eru dómaraembættin í hæstarétti ekki talin. Það mundi Jón Magnússon áreiðanlega hafa gert, ef hann hefði ekki talið stjórnarveitinguna algert formsatriði. Ástæðan gegn því að hafa dóminn sjálfskipaðan, er eingöngu sú, að hver lýðræðisþjóð hlýtur að heimta það, að dómarinn losni ekki úr tengslum við sjálft lífið í landinu. Hv. 2. þm. Árn. nefndi það dæmi, að núv. dómarar hæstaréttar mundu vera um skoðanir töluvert skyldir vissum landsmálaflokki. En einmitt með því móti, að mismunandi stjórnir veiti embættin, getur sú tilbreytni orðið um val dómara, sem nauðsynleg er. Ég á ekki við það, að það sé beinlínis tryggt, að allir landsmálaflokkar eigi fulltrúa í dómnum, en ég vil ekki hafa á móti því og ég tel það bót, að svo geti verið.

Nú vil ég taka það fram, að ég álít t. d. að einn af hinum þekktustu mönnum stjórnarandstæðinga hafi nú nýverið átt þátt í að kveða upp ákaflega merkilegan dóm, sem mikið er talað um í landinu. Ég á við hinn svonefnda prófessoradóm. Ég nefni þetta dæmi til að sýna, að það er jafnrangt að segja, að enginn íhaldsmaður geti komið til mála sem dómari í dóminn og að segja hitt, að hann skuli eingöngu vera skipaður íhaldsmönnum. Það er heppilegast, að mismunandi lífskoðanir geti komizt að í réttinum. Ég skal nefna tvö dæmi, sem snerta yngsta landsmálaflokkinn, verkamennina. Í Noregi var æðsti dómurinn um skeið eingöngu skipaður íhaldsmönnum. Síðar var hann skipaður mönnum af fleiri flokkum, m. a. verkamönnum, og er álitið, að hann hafi grætt ákaflega mikið á því. Ég verð að segja, að það hnígur nokkuð í sömu átt dæmi það, sem hv. 2. landsk. sagði hér frá í gær og hefir áður minnzt á, án þess að því hafi verið mótmælt; ég á við hin ákaflega ógætilegu ummæli, sem einn af núv. dómurum hæstaréttar á að hafa haft um verkamannaflokkinn, þegar hann sagði, að það væri réttast að hálshöggva alla verkamenn. Slík orðræða sýnir, að það býr að baki henni nokkuð sterk persónuleg skoðun, sem ekki er heppilegt, að sé einráð í réttinum. Þetta bendir á, að það sé rétt, sem hv. 2. þm. Árn. segir, að þjóðinni finnist, að rétturinn byggi nokkuð mikið á einni af þeim lífsskoðunum, sem uppi er í landinu.

Aðalatriði málsins hafa skýrzt við meðferð þess hér í þinginu. Og það er ósennilegt, að frv. verði tafið til lengdar, því stefna þessi er í samræmi við heilbrigðar og eðlilegar kröfur þjóðarinnar.

Þá vil ég minna á þann merkilega hlut, að þetta mál hefir átt vaxandi fylgi að fagna frá því það kom fram. Hv. 2. þm. Árn. áleit, að það stafaði af því, að þjóðinni fyndist hún kenna kulda frá hæstarétti. Ég vil orða þetta dálítið öðruvísi. Ég álít, að það, sem þjóðin setur út á hæstarétt, sé það, að vinna hans sé ekki nógu fullkomin. Þetta útilokar ekki það, að dómararnir dæmi eftir sannfæringu sinni.

Ég hefi að vísu séð mótmæli gegn frv. frá íhaldsfél. einu hér í bænum. En ég hefi í höndum fjölda bréfa úr öllum sýslum landsins frá mönnum, er fylgjast með málinu og óska því framgangs. Og hér í bænum og næstu kaupstöðum finnst mér það undarlegt, að bláfátækir menn, sem menn skyldu halda, að hugsuðu mest um kreppumálin, fylgjast með málinu af logandi áhuga. Ég get sagt það t. d., að nýlega var fundur haldinn með framsóknarmönnum í Húnavatnssýslu og málið tekið þar til athugunar. Þar litu fundarmenn gagnstætt á það við íhaldsfél. í Rvík. Einn af merkustu og áhugasömustu fundarmönnum sagði við mig í símtali, að það, sem sér fyndist að, væri, að of litlu væri breytt. Það væri búið að slétta af frv. atriði, er í því voru, er það var fyrst borið fram. Borgararnir í landinu eru óánægðir með blæinn á vinnubrögðum réttarins, eins og hann er, og

óska fullkomnara forms og vinnubragðabreytingar.

Ég hygg, að þetta vaki fyrir hinum óánægðu mönnum. Ég hygg, að þeir líti svo á, að æðsti dómstóll þjóðarinnar eigi og verði að dæma í samræmi við réttlætistilfinningu borgaranna. Ég vil víkja að þessu efni nokkrum orðum og nefna eitt eða tvö dæmi til skýringar.

Fyrir nokkru sagði norskur hæstaréttardómari, að hlutverk dómara væri í fyrsta lagi að skilja, hvað rétt væri, og síðan að finna þær lagagreinar, er rökstyddu þá niðurstöðu. Þetta er nokkuð önnur aðferð en sú, þegar dómararnir leita fyrst lagagreinanna og skoða sjálfa sig sem dauða vél. Það mál, sem ég vil fyrst nefna, er nýtt og sýnir, hvernig dómur getur fallið saman við hug borgaranna í landinu. Eins og kunnugt er, höfðaði einn af Íslandsbankastjórunum mál og heimtaði, að sér yrðu greiddar 20 þús. kr. í laun, og ef hann hefði unnið það, þá þótti öruggt, að hinir tveir bankastjórarnir hefðu komið á eftir og krafizt enn hærri upphæðar. Ennfremur hefðu útibússtjórarnir komið með sínar kröfur, og hefði þetta munað Útvegsbankann meira en 100 þús. kr. alls. Nú stóð svo á, að einn dómaranna í hæstarétti átti í máli við Útvegsbankann út af erfðakröfu og kom því ekki til greina. Annar hinna föstu dómara, Eggert Briem, er návenzlaður einum hinna fráförnu bankastjóra og vék því líka sæti. Dóminn skipuðu því í þetta skipti prófessorar háskólans. Nú komust þeir að þeirri niðurstöðu, að bankinn skuli sýkn af kröfu Kristjáns Karlssonar. Og þeir rökstyðja dóminn skarplega og segja, að af því að Kristján Karlsson og meðstjórnendur hans hafi ekki staðið vel í stöðu sinni, þá geti þeir ekki litið svo á, að hann eigi skilið laun. Nú vil ég benda þeim hv. 1. landsk. og hv. 4. landsk. á, að stundum hefir af flokki þeirra verið tekið óstinnt upp, ef fundið hefir verið að dómum þeirra. En það liðu ekki nema nokkrir dagar frá því að dómurinn var fallinn og til þess, að út kom bók eftir Sigurð Eggerz, þar sem ráðizt var ákaflega á einn prófessoranna, sem kvað upp dóminn, hv. 2. þm. Reykv. Honum er þar brugðið um hinar lúalegustu hvatir, talað um, að hann hafi verið keyptur af stjórninni, og dregnar af honum svo grófar og ókurteislegar myndir, að slíkt hefir aldrei verið sagt um dómara af nokkrum framsóknarmanni. Hann hefir líka orðið fyrir mörgum ómildum dómum manna á meðal í bænum fyrir það að kveða ekki upp það, sem hv. 2. þm. Árn. kallaði flokksdóm. Þar sem ég hefi átt útistöður við þennan mann um ýms efni, get ég fremur sagt það, án þess að sagt verði, að mér gangi til kunningsskapur eða vinátta við hann, að ég álít, að þessi dómur eigi stuðning meðal alls þorra þjóðarinnar, því að það eru áreiðanlega ekki nema æstustu pólitísku fylgismenn bankastjóranna, sem líta svo á, að landið hefði átt að borga þeim yfir 100 þús. kr. í verðlaun fyrir stjórn þeirra á bankanum.

Þetta er það, sem ég kalla góðan dóm, þegar dómararnir gera það, sem borgararnir í landinu álíta rétt og drengilegt. Og þjóðin heimtar það, að Alþingi gangi svo frá æðsta dómstólnum, að borgarar landsins fái sem oftast slíkar niðurstöður í málum sínum. Hinsvegar er ekki hægt að neita því, að þessi prófessor, sem er einn af leiðandi mönnum íhaldsflokksins, hefir orðið fyrir gífurlegum árásum frá flokksmönnum sínum fyrir þennan dóm, sem virðast vera allkröfumiklir um það, hvernig dómar eiga að falla í réttinum, og fara í þeim kröfum sínum ekki langt frá því, sem hv. 2. þm. Árn. lýsti hér áðan.

Ég vil taka hér 2—3 dæmi upp á það, sem menn kalla óverkleg vinnubrögð hjá hæstarétti; eins og hann er nú, til þess að sýna það, af hverju þjóðin vill fá fram einhverja vinnubragðabreyt. í réttinum.

Fyrir nokkrum árum tók kaupmaður nokkur hér í bænum sér fyrir hendur af miklum dugnaði að reyna að eyðileggja samvinnufélögin. Gerði hann skipulagsbundna tilraun til þess að spilla viðskiptatrausti S. Í. S. með ósönnum fréttaburði. Varð þetta dómsmál fyrir atbeina S. Í. S., og niðurstaðan varð sú, að kaupmaðurinn var sýknaður, af því að ekki þóttu hafa verið færðar sönnur á það, að hann hefði gert S. Í. S. skaða með skrifum sínum. — Í næstu löndum er þessu öðruvísi háttað. Þar er réttur viðskipta-

firmna til að fá skaðabætur mjög mikill, þegar um er að ræða ítrekaðar og skipulagsbundnar tilraunir til að spilla trausti þeirra, enda vakti þessi dómur hæstaréttar mikla eftirtekt, og hefir e. t. v. verið eitthvert fyrsta atriðið til að vekja efasemdir samvinnumanna um það, að vinnubrögð hæstaréttar væru nógu góð.

Litlu síðar en þetta var, fór annar kaupmaður hér í bænum í mál við ritstjóra Tímans, sem þá var, núv. hæstv. forsrh., fyrir það, að í blaðinu höfðu birzt greinar, sem kaupmaðurinn taldi hafa spillt fyrir viðskiptum sínum. Þessu máli horfði allt öðruvísi við, árásirnar minni og vægari, og í raun og veru aðeins um að ræða venjulegar blaðadeilur, með persónulegum ónotum, eins og gengur. Hv. 4. landsk. varði þetta mál í hæstarétti fyrir ritstjórann, og hélt hann því fram og tókst enda að sanna það, að kaupmaðurinn hefði ekki beðið skaða í verzlunargrein sinni vegna ummælanna, heldur ef nokkuð væri, ágóða, því að því færri hross, sem kaupmaðurinn keypti það ár, því betra fyrir hann, af því að hann skaðaðist á hverju hrossi, sem hann seldi. Hv. 4. landsk. sagði, að það næði ekki nokkurri átt að dómfella ritstjórann vegna þessara greina. Í fyrsta lagi hefði kaupmaðurinn ekki skaðazt vegna ummæla blaðsins, og í öðru lagi hefðu ummælin þvert á móti bætt fyrir honum, ef þau hefðu haft nokkur áhrif. En nú þurftu ekki að liggja fyrir sannanir um skaða, til þess að dæma skaðabætur, og hæstiréttur dæmdi blaðið í sekt, af því að hugsanlegt var, að komið hefði fyrir, það sem ekki kom fyrir. Hygg ég, að hv. 4. landsk. hafi þótt vinnubrögð hæstaréttar allófullkomin í þetta sinn, og víst er um það, að þessir tveir dómar, sem ég hefi nefnt, urðu til þess að brjóta niður tiltrúna á vinnubrögðum réttarins. Það getur verið, að dómararnir hafi verið í góðri trú í bæði skiptin, þó að svo skyldi vilja til, að þeir hölluðu á sama flokkinn í báðum þessum dómum, en ekki þarf þó annað en að þeir hafi ekki verið nógu greindir, ekki nógu vel að sér, eða e. t. v. svo gleymnir, að þeir hafi verið búnir að gleyma fyrri niðurstöðunni og svo skapað nýja niðurstöðu, sem þannig varð þveröfug við hina fyrri, og sjá allir, hvað slík vinnubrögð eru hættuleg fyrir álit réttarins og tiltrú meðal þjóðarinnar.

Þá vel ég drepa á þriðja málið, sem að dómi meiri hl. þjóðarinnar ber vitni um ófullkomin vinnubrögð hjá hæstarétti. Mál þetta er svo alkunnugt, að ég skal ekki fara að rifja það upp hér, en þar var um það að ræða, að embættismaður nokkur fyrrv. hafði auðgað sjálfan sig svo skipti tugum þús. með því að láta liggja hjá sér á sjóði fé dánar- og þrotabúa. Þessi embættismaður fékk mildan dóm í undirrétti, þar sem því var slegið föstu, að hann hefði að vísu gerzt brotlegur við hegningarlögin, en fekk skilorðsbundinn dóm, en þegar málið kom til hæstaréttar, vísaði rétturinn því frá fyrir smávægilega formgalla, af því að hinn reglulegi dómari, lögreglustjórinn hér í Rvík, sem vék sæti í málinu, hafði ekki gengið formlega frá synjun sinni um að dæma í málinu, en aðeins tilkynnt stj. það munnlega, eins og venja er til. En fyrirrennari hans, bæjarfógetinn, hafði þrásinnis haft sömu aðferð, en hæstiréttur aldrei sagt neitt við því. En lögreglustjórinn hafði sterkar mannlegar ástæður til að telja, að hann ætti ekki að dæma í þessu, þar sem hann hafði lengi verið starfsmaður hjá bæjarfógetanum, og var því ekkert eðlilegra, ekki sízt þar sem hann bar hlýjan hug til þessa fyrrv. húsbónda síns, en að honum þætti óþægilegt að rannsaka sekt hans. Lögreglustjórinn hafði í þessu efni alveg sjálfsagða afsökun, því að hér var um að ræða fyrrv. húsbónda hans, og það er aldrei réttmæt ástæða fyrir dómara til að víkja úr dómi, ef ekki í slíkum tilfellum, svo framarlega sem það er talið rétt á annað borð, að dómarar víki sæti, þegar í hlut eiga skyldmenni þeirra og venzlamenn. En hæstiréttur fann þessa sök lögreglustjórans svo mikla, að hann gat ekki tekið við málinu, og það er einmitt þetta, sem borgarar landsins kunna ekki við. Þeir líta svo á, að hæstiréttur eigi að taka málin alvarlega og einungis hugsa um það, sem rétt er, en ekki allt í einu fara að byrja á nýrri venju til að eyða eða tefja mál.

En það kom einnig annað fyrir í þessu máli hjá hæstarétti, sem borgarar landsins kalla ekki fullkomin vinnubrögð. Allir hæstaréttardómararnir voru skóla-

bræður og bekkjarbræður sakborningsins, bæði í menntaskólanum og háskólanum, og hefði því verið eðlilegast, að þeim hefði farið eins og lögreglustjóranum og ekki viljað dæma í málinu. En þar var nú öðru nær, því að eftir að þeir höfðu tafið málið í ár með tyllirökum, gerðu þeir það, sem óhugsanlegt væri um dómara á hærra menningarstigi, og létu sér sæma að dæma mál skólabróður síns, og ekki nóg með það, heldur tóku þeir líka að sér að sýkna þennan skólabróður sinn, enda þótt hann hefði auðgað sjálfan sig um 60 þús. kr. af fé ekkna og munaðarleysingja, og þó síður en svo, að hér kæmu til greina neinar „formildende omstændigheder", því að þessi maður hafði 20—30 þús. kr. í árstekjur af embætti sínu um sama leyti.

Hv. 1. landsk., sem heldur hér langar ræður um það, að eðlilegt sé, að hæstiréttur skapi sig sjálfur, verður að láta sér skiljast það, að um meiri misfellur er að ræða hjá réttinum en við verði unað, og þó að enginn láti sér detta í hug, að aðaldómstóllinn hér né annarsstaðar geti verið alfullkominn, kemst þjóðin ekki hjá því að fara eins að og Norðmenn, sem byrjuðu á dómaraprófinu að dæmi Dana, en hættu síðan við það, til þess að straumar þjóðlífsins gætu náð til hæstaréttar þeirra og rétturinn yrði ekki eins og Drangey upp úr hafinu, einangraður frá lífi mannanna, sem búa í landinu. Ég ætla a. m. k., að það verði skammgóður vermir að halda fram svipuðum skoðunum og hv. 1. landsk., og þó að þetta frv. dagi nú uppi eða verði fellt, geta menn verið vissir um það, að straumar þjóðlífsins eru svo sterkir, að ekki verður til lengdar staðið á móti þessu máli. Vil ég í þessu sambandi minna á það, að þótt þjóðin geri þá kröfu á hendur dómurum hæstaréttar, að þeir haldi sér frá deilumálum dagsins, er ekki þar með meiningin, að þeir geti ekki sem aðrir tekið þátt í lögfræðisþróun landsins, sem ekki getur verið deilumál. Vil ég út frá þessu taka það dæmi, að þegar ég í haust var á ferð um Norðurlönd, varð þar fyrir mér fyrirspurn frá forgangsmönnum samstarfshreyfingar norrænna lagamanna um það, hvers vegna ekki væri hægt að eiga skipti við lögfræðingafél. hér heima, og varð ég að lofa því, enda þótt ekki væri ég lögfræðingur, að fá til fræðilega menntaðan lögfræðing til þess að taka þátt í ritstjórn skandinavisks lögfræðitímarits, svo að við þannig mættum leggja eitthvað af mörkum til hins kulturella samstarfs Norðurlandaþjóðanna.

Í sumar var haldinn fundur með lögfræðingum á Norðurlöndum, og á þeim fundi var ekki mættur neinn fulltrúi frá ísl. lögfræðingum, nema einn ungur maður, sem staddur var þar af tilviljun. Er auðséð, að fulltrúa okkar aldurhnignu og löglærðu embættismannastéttar vantar smekk til þess að halda uppi eðlilegum skyldum þjóðarinnar um samvinnu í löggjöf og lögfræðilegum málum við hinar Norðurlandaþjóðirnar. Sýnir þetta áþreifanlega, að hæstaréttardómarana vantar starfhæfni, því að auðvitað ættu þeir, sem eru „útgefnir" til að vinna ópólitískt að ísl. réttvísi, að vera sjálfkjörnir til að taka þátt í þessu samstarfi Norðurlandaþjóðanna fyrir landsins hönd.

Ég vil drepa á annað mál, ópólitískt, sem ekki síður sýnir það, að eitthvað vantar í hæstaréttardómarana. Það er kunnugt, að hæstiréttur starfar uppi á lofti í fangahúsinu hér í Rvík, og mikill hluti af starfi dómaranna er í því fólginn að dæma menn í fangelsi í því sama fangahúsi. Ekki heyrðist þó neitt orð um það frá þeim, sem unnu uppi á loftinu í fangahúsinu, að nauðsynlegt væri að laga það, og féll það í minn hlut að beita mér fyrir nauðsynlegum endurbótum á fangahúsinu og byggja annað nýtt, og hefi ég að vísu ekki fengið nema óþakkir fyrir frá kyrrstöðumönnum lögspekinnar. Hinum nýja lögreglustjóra hér í Rvík, sem ég hafði valið til starfans, leizt ekki á blikuna, þegar hann fór að kynnast fangahúsinu, og sneri hann sér til þriggja manna, sem einkum höfðu aðstöðu til að dæma um fangahúsið, og leitaði umsagnar þeirra um það. Er sú lýsing ekki skemmtileg, sem þessir þrír menn gefa af fangahúsinu, en lögreglustjórinn sendi dómsmálaráðuneytinu bréf þeirra um þetta efni, og sjálfum farast honum svo orð með bréfunum:

„Ég þarf litlu við bréf hinna þriggja

heiðruðu embættismanna að bæta. Gallarnir á fangahúsinu eru margir og aðalgallarnir eru þessir: Klefarnir eru dimmir, sólarlitlir eða sólarlausir, og mjög loftlitlir. Ofan á þetta bætist, að í þeim er raki; fangarnir þurfa að gera þarfir sínar aðallega í trédollur inni í klefunum, sem svo eru geymdar þar. Allt þetta veldur ekki aðeins loftleysi, heldur oft og einatt megnasta ólofti. Allt, sem er inni í klefunum, er gersamlega óbrúklegt. — Stólarnir, borðin, rúmfletin, í sumum klefunum er aðeins hengirúm úr striga".

Ennfremur segir lögreglustjórinn:

„Ég skal ennfremur taka það fram, að það hefir hvað eftir annað komið fyrir, seinast fyrir fáum dögum, að persónur, sem teknar eru fastar og settar í gæzluvarðhald vegna afbrota, verður að láta lausar áður en rannsókn er hálfnuð, ábyggilegir læknar skipa svo fyrir, segja, að lífi og heilsu þessa fólks sé hætta búin í klefunum í fangahúsinu. Þegar þetta fólk finnur, að engin lög ná yfir það, verður það margfalt stórvirkara í afbrotunum á eftir, og lögreglan verður að halda að sér höndum og horfa á".

Ég ætla ennfremur að lesa nokkur orð úr bréfi dómkirkjuprestsins:

„Þá er garðurinn að húsabaki að mínu áliti óhæfilegur og sést til fanganna úr næstu húsum, og er það lítil nærgætni gagnvart föngunum að halda daglega sýningu á þeim, og heldur ekki hollt börnum andbýlinganna".

Fyrrv. landlæknir, sem var læknir fangahússins frá 1895—1906, lætur svo um mælt m. a.:

„Reynsla mín varð sú, að þar var ekki gerlegt að hafa til langframa aðra en þá, sem voru alhraustir heilsu, — svo slæm voru húsakynnin. Það kom fyrir, að ég varð að heimta fanga látna lausa, af því að þeir voru bilaðir á heilsu, þegar þeir komu. Og ekki nóg með það. Að vísu sátu ýmsir hraustir fangar í húsinu mánuðum saman, jafnvel árum saman, án þess að ég merkti, að þeir biði tjón á heilsu sinni, en hitt kom líka fyrir nokkrum sinnum, að fangar, sem komu alhraustir, urðu meira eða minna lasburða þegar fram liðu stundir, svo að ég varð að leggja til, að hegningartími þeirra yrði styttur. Ég varð að kenna húsakynnunum um þetta, því að meðferðin á föngunum var að öðru leyti góð".

Slík er nú lýsing þessara manna á fangahúsinu eins og það var, og verður ekki sagt, að lýsingin sé falleg, en svona hefir ástand fangahússins verið allt síðan 1895, og hefir þó ástand þess alltaf farið versnandi með ári hverju, og það svo mjög, að hin síðustu árin, áður en viðgerðin fór fram á fangahúsinu, varð yfirleitt að sleppa föngunum út samkv. skýlausum kröfum læknanna. Slíkt eins og þetta bendir ekki til þess, að þar fari viðsýnir menn, þar sem hæstaréttardómararnir eru, sem hafa starfað í þessu húsi og dæmt umkomulausa menn til dvalar í þessum kvalastað, sem sennilega hefir ekki átt sinn líka í nokkru germönsku landi. Og hugsum okkur þann hlut, að til þess hefði komið, að sýna erlendum hegningarmálafræðingum fangahúsið við Skólavörðustíg eins og það var, áður en það var endurbætt, og hugsum okkur ennfremur, að þessum erlendu gestum hefði verið sagt, að uppi á loftinu væru prýðilega lærðir menn, allur hæstiréttur landsins, sem hefðu daglega fyrir augum þessa forsmán án þess að hafa neitt við hana að athuga. Hvílíkar hugmyndir mundi þetta ekki gefa um landið og þjóðina!

Eins og hv. 2. þm. Árn. tók fram, virðist það vera flokksmál íhaldsmanna hér í deildinni að koma þessu máli fyrir kattarnef, og það voru sömuleiðis þeir, sem á sínum tíma kepptu að því að reyna að hindra breyt. á bæjarfógeta- og lögreglustjóraembættunum hér í Rvík, og einnig gerði sá flokkur allt, sem í hans valdi stóð, til þess að gera sem erfiðast fyrir um rannsókn bæjarfógetamálsins á sínum tíma, og þessa sömu andstöðuafstöðu hefir þessi flokkur einnig haft um umbæturnar á fangahúsinu. Ég hefi verið áfelldur mjög harkalega fyrir að hafa beitt mér fyrir nauðsynlegum umbótum á fangahúsinu og komið upp öðru nýju fangelsi uppi í sveit, þar sem hægt er að láta fara vel um fangana í alla staði og þeir verða betri menn eftir en áður og heilsuhraustari við það að lifa og starfa undir beru lofti. Hefi ég gaman af að drepa á það í þessu sambandi, vegna þess, að um er að ræða mann, sem átti

á sínum tíma í frægu máli, að þegar Hálfdán í Hnífsdal hafði lokið vist sinni á Litla-Hrauni, átti hann erindi við mig, en ég hafði aldrei séð manninn áður og sagði við hann, að hann liti út fyrir að vera að koma úr sumarfríi. Svaraði hann þessu svo, að úr því að fyrir sér hefði átt að liggja að fara í fangahús á annað borð, væri hann þakklátur fyrir, að það væri svo gott og slíkur fangavörður eins og þar er á Litla-Hrauni. Býst ég við því, að þessi maður álíti ekki aðgerðir mínar í fangelsismálinu jafnhættulegar réttarfarinu í landinu eins og komið hefir fram í skrifum andstæðinga minna og hv. 4. landsk. virtist halda.

Það er e. t. v. rétt, að ég drepi á eina setningu, sem hv. 3. landsk. sagði í fyrradag, en hún var á þá leið, að hæstiréttur væri næsthelgasta stofnun þjóðarinnar. Þætti mér gaman að fá að heyra, í hverju hv. 3. landsk. álítur, að helgi stofnana sé fólgin. Ég vil taka undir með Goethe, sem segir, að sá staður sé heilagur, þar sem góðir menn ganga. Ég álít, að sá dómstóll sé heilagur, þar sem sitja góðir menn, sem dæma rétta dóma. Engin stofnun er heilög í sjálfu sér, hvort svo sem hún heitir hæstiréttur eða fimmtardómur, og engin stofnun verður heldur gerð heilög nema að því leyti, sem hún nálgast það af verkum mannanna.

Ég hefi þá í stórum dráttum vikið að hinum sameiginlegu brtt. hv. 4. og hv. 3. landsk., og kem þá að sérbrtt. þess síðarnefnda.

Um þessa till. hafa komið fram mismunandi skoðanir í hv. d. Hv. 2. landsk. sagði, að hún væri vantraust á einn mann í stjórninni. Hv. 3. landsk. sagði, að hún væri alvarlega meint tilraun til þess að bæta frv. Hv. 4. landsk. hefir sagt, og það hefir verið tekið upp í flokksblaði hans, Vísi, að í raun og veru áliti hann þetta ekki heppilegt, nema miðað við núv. kringumstæður. Þetta hefir útlagzt þannig, að í sjálfu sér væri till. fjarstæða, en hann ætlaði að greiða atkv. með því, af því að svo stæði á í stj., að það væri til bóta. Ég mun ekki reyna að kafa í það dýpi hreinskilni og vizku, sem hér er siglt um. Ég vil taka þessa menn trúanlega, að þeir meini það, sem þeir hafa sagt, hv. 3. landsk., að hann vilji reyna að bæta frv., hv. 2. landsk., að hann trúi, að þetta sé vantraust á mig, og hv. 4. landsk., að till. sé í sjálfu sér slæm, en ekki óheppileg eins og nú stendur á. Ég get rökstutt þetta enn frekar með því, að það mun hafa verið haft eftir einum áhugamesta flokksbróður hv. 4. landsk., Birni Kristjánssyni, að þegar hann sá þessa till. á þskj. 591, hafi hann sagt, að þetta væri merkasta þskj. þessa þings. Þegar þess er gætt, að það er einmitt þessi sami hv. fyrrv. þm., sem ritaði frægasta níðritið, sem gert hefir verið um ísl. kaupfélögin, þá er það í raun og veru einkennilegt, að þessi harðsnúni andstæðingur samvinnufélaganna hafi orðið fyrir því láni áður en hann lokar augunum, að maður úr stj. Sambandsins hafi getað gert till., sem gladdi svo þennan aldurhnigna merkismann. Það hafa einhverjir minnzt á það hér, að fordæmi væri í okkar pólitísku sögu fyrir ráðabreytni sem þessari. Og það vill svo til, að þennan stutta tíma, sem ég hefi haft nokkur afskipti af þingmálum, hefi ég þekkt 2 dæmi eins og þetta, og ég ætla að reyna að upplýsa málið með því að skýra frá þeim.

Það, sem hér liggur fyrir, er að færa mál frá úrslitaáhrifum einnar stjórnardeildar undir aðra stjórnardeild, færa mál af eðlilegum yfir á óeðlilegan vettvang. Það er í sjálfu sér nokkuð svipað eins og ef sett væru l. og um Flóaáveituna og ákveðið, að hún skyldi heyra undir fræðslumálastjórn og kennslumálaráðuneytið. Það er hægt að gera þetta með l. og að hugsuninni til er það sambærilegt við það, sem hér er farið fram á. Þessi sögulegu dæmi, sem hægt er að benda á hér innanlands, eru frá 1917 og 1924 og eru bæði í sambandi við bankamál, en ekki neinn dómstól. Þegar núv. hv. 2. þm. Reykv. lét af stjórn 1916 og myndað var 3 manna ráðuneyti, þá var sama deildaskipting í stjórnarráðinu og nú. Þá tók við forstöðu fjármáladeildarinnar Björn Kristjánsson, harðsnúnasti andstæðingur heimastjórnarflokksins. En þessi ráðh. hafði líka átt í útistöðum við Íslandsbanka meðan hann var bankastjóri Landsbankans. Nú er enginn vafi á því, að bankastjórn Íslandsbankans stóð stuggur af því að fá Björn Kristjánsson sem yfirmann bank-

ans, þar sem hann hafði verið honum svo mótstæður, og þeir gerðu ráð fyrir, að svo mundi verða áfram. Þessu var því þannig fyrir komið fyrir forgöngu Jóns Magnússonar til þess að þóknast Íslandsbanka, að Björn skyldi ekki hafa bankann, heldur skyldi hann heyra undir atvinnumálaráðuneytið, undir forustu Sigurðar frá Yztafelli. Það var litið svo á, þegar þessi atburður gerðist, að engin hætta væri á að sleppa bónda langt ofan úr sveit við þetta starf. En það reyndist þveröfugt. Einmitt út af bankamálum urðu mest átök á þingi næstu 3 árin, og var Björn öðrum megin, en Sigurður hinsvegar. Varð niðurstaðan því önnur en Björn hafði hugsað sér, af því að það var óeðlilegt í sjálfu sér, að bankamálin heyrðu ekki undir fjármáladeildina, en heimastjórnin þorði ekki að sleppa bankamálunum við Björn Kristjánsson. Var þessu því aftur breytt og bankarnir lagðir undir fjármáladeildina. En þá átti eftir að koma fyrir annað atvik ennþá frægara. Þegar sú stj. tók við 1922, sem Sig. Eggerz veitti forstöðu, byrjuðu strax hnippingar út af yfirráðum yfir bankanum milli Magnúsar Jónssonar fjmrh., sem bankinn heyrði undir, og forsrh. Sigurðar Eggerz. Og það lagðist strax grunur á það, að Sigurður ætlaði sér að tryggja sér embætti við bankann, þegar hann færi úr ráðherrastóli. Liðu svo nokkrir mán., en niðurstaðan varð sú, að forsrh. breytti með konunglegri tilskipun verkaskiptingunni þannig, að bankamálin voru tekin af fjmrh., en lögð undir forsrh., ef ég man rétt. Þetta er þess vegna nánasta fordæmið fyrir þessu fyrirkomulagi, sem hér er stungið upp á. Ég get skotið því að hv. flm. till. á þskj. 591, að í sjálfu sér er framkvæmanlegt fyrir hvern forsrh. að gera þessa verkaskiptingu með því að breyta reglugerðinni, þannig að þó þessi till. verði ekki samþ., þá gæti núv. og eftirkomandi forsrh. með konunglegri tilskipun fært hæstarétt undir forsrh. eða atvmrh. eða hvern, sem hann vildi. — Ég býst ekki við, að hv. 3. landsk. sé því eins kunnugur og þeir, sem búsettir eru í bænum, að þegar til kom, að Sigurður Eggerz veitti sér embættið, þá gekk það allt formlega fyrir sig. Á fundi bókuðu tveir ráðherrarnir, að þeir hefðu komið sér saman um að gera Sigurð Eggerz að bankastjóra, og svo varð hann náttúrlega að skrifa undir þetta fyrir sjálfan sig. Að vísu er það rétt, að Magnús Jónsson var ekki á þessum fundi, en það skiptir engu máli, því hann hefði verið í minni hl. hvort sem var. Þannig væri t. d. eftir till. hv. 3. landsk. alls ekki útilokað, að hvenær sem lögfræðingur með 1. eink. væri forsrh., gæti hann með stuðningi annars ráðh. veitt sér sjálfum embætti í hæstarétti.

Eftir að Jón Magnússon tók við af Sigurði Eggerz leið ekki nema örstutt stund, þangað til hann breytti þessu aftur í eðlilegt horf, og við það hefir setið síðan. Hann var búinn að sjá, hvað þetta var tilgangslaust og öðruvísi en ætlazt var til. Þetta eru einustu fordæmin, sem til eru í okkar löggjöf fyrir þessum hlut. Þau eru bæði þess eðlis, að þau mæla ekki beinlínis með aðferðinni, einkanlega það síðara og frægara, sem í sjálfu sér er miklu líkara þessu fordæmi. Ég þarf ekki að taka það fram, að það er það, sem maður kallar hæðni örlaganna, að Sigurður Eggerz, sem hafði gert þessa tilfærslu sjálfur, hefir orðið þessi krókaleið hin mesta harmabraut, og sú saga að því leyti, sem hún er skrifuð, endaði í þessum ritlingi, sem minnzt var á áðan og vinir hans óska, að hann hefði aldrei skrifað. Það er óhætt að fullyrða það, að þetta form, sem vakir fyrir hv. 3. landsk., þekkist hvergi, er alveg fordæmalaust, fyrir utan þetta innlenda fordæmi, sem ég hefi nú minnzt á. Það er álitið sjálfsagt, að atvinnumál heyri saman, dómsmál saman og kennslumál saman, og þótt hægt sé að gera slíka bráðabirgðabreyt., þá leitar heilbrigð skynsemi aftur heim og rekur burtu slíka vanhugsun. — Af því að hv. 3. landsk. hefir rökstutt það, að fyrir sér vekti endurbót á frv., þá vil ég út af þeirri reynslu, sem ég hefi haft, nefna dæmi, sem sýna það, hver fjarstæða það er að rugla þannig deildum saman. Ég vil taka sem dæmi mig og minn góða vin forsrh., sem höfum talað saman daglega í 15—16 ár. Við höfum nú starfað hvor í sinni starfsdeildinni í 4—5 ár, og hver, sem þannig er settur, fær þann kunnugleika af þeim málum, sem hann hefir

með höndum, sem ekki er hægt að yfirfæra á annan mann alveg á svipstundu. Ég vil t. d. nefna samgöngumálin, sem hæstv. forsrh. hefir haft forgöngu í. Hann hefir í vetur undirbúið tvær merkilegar lausnir á samgöngumálum fyrir Suðurland, að Hellisheiðarvegur komi í staðinn fyrir járnbraut og að bráðabirgðabrýr komi á Þverá í staðinn fyrir að hún verði stokklögð nú þegar. Að þessum rannsóknum hefir hæstv. forsrh. með ráðunautum sínum unnið í mörg ár, og á þetta mikla deilumál hefir þingið fallizt næstum því umræðulaust. Mín persónulega skoðun er nokkuð á annan veg en sú lausn, sem hæstv. forsrh. beitir sér fyrir. Mín persónulega skoðun er það, að máske sé betra að hafa járnbraut, og ég er hræddur um timburbrú á Þverá. En hinsvegar hefi ég ekki aðstöðu til annars en að láta mér nægja þá forustu, sem er í málinu, og taka trúanleg þau rök, sem þar voru saman dregin, og þess vegna greiddi ég þessu atkv. mitt. Mér hefði þótt óþægilegt að grípa inn í, ef mér hefði verið skipað það, starfssvið, sem annar maður er búinn að rannsaka og ráða til lykta einhverjum litlum hluta af, og ég hefði heldur alls ekki tekið það í mál.

Ég vil spyrja hv. 3. landsk., hvort hann áliti, að það hefði verið til bóta meðan verið var að vinna að samgöngumálinu austanfjalls, að einhver þáttur þess hefði skyndilega verið falinn einhverjum öðrum manni. Ég held, að það hefði ekki orðið til mikils ágóða, og sama er um það mál, sem hér liggur fyrir. Dómsmálin heyra saman og verða ekki sundur slitin.

Ég vil að síðustu segja, að þær brtt., sem miða að því að taka allt hið nýtilega úr frv., svo og „endurbótatill." hv. 3. landsk., eru allar þess eðlis, að þeir, sem vilja koma á umbótum við æðsta dómstól landsins, geta ekki verið með þeim. Þær eru spor, sem er stigið aftur á bak, en ekki sprottnar af löngun til umbóta.

Forseti (GÓ): Útbýtt er í d. brtt. á þskj. 598. Þar sem brtt. þessar eru of seint fram komnar, verður að veita afbrigði frá þingsköpum, til þess að þær megi koma til umr. og atkv.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Magnús Torfason: Ég þarf ekki langan tíma til að lýsa þeim brtt., er ég hefi borið fram. Þær eru að vísu nokkuð margar að tölu. En þær eru allar, að heita má, til að bæta málið á frv. Að því er snertir síðustu brtt. þá er hún ekki aðeins orðabreyt., heldur hefir þá þýðingu líka, að hún bendir dómurunum á það að leggja ekki of mikla áherzlu á gömul undantekningarákvæði, sem kunna að finnast í lagasöfnum og hniga að því að slík ákvæði verða að geta samrímazt þessum lögum, þótt ekki séu þau beinlínis afnumin.

1. brtt. er gerð eftir viðtali við hæstv. forsrh. Ég held, að það sé réttmætt að kalla þann dóm kirkjudóm. Getur staðið „synodal"dómur í svigum. — Þykist ég svo ekki þurfa að lýsa þessum brtt. frekar. Býst ég við, að hv. dm. geti orðið sammála um það, að þessar brtt. séu heldur til bóta. Í sambandi við þetta, að ég hefi þótzt gera tilraun til að vanda málið, vil ég minnast á það, að oftar en einu sinni hefir verið að því vikið, að hæstaréttarlögin frá 1919 hafi verið illa undirbúin. Þetta má rétt vera að einhverju leyti. En það verður þó að athuga, hvernig þá stóð á. Eftir að sambandsl. voru samþ. á þingi 1918, var ákveðið að setja l. um hæstarétt á næsta þingi. En þá mun það hafa ráðið, að við höfðum búið undir hæstarétti Dana, og voru því þau l., er um hann giltu, tekin til fyrirmyndar. Það gat verið, að undirbúningur stj. hefði getað verið betri, en stj. hafði þá á milli þinga afarmörg mál með höndum, er leiddu af samþykkt sambandslaganna. Var því eðlilegt, að ekki yrði eins víða leitað fyrirmynda. En að því er þingið snertir, eftir því efni, sem því var lagt í hendur, þá verð ég algerlega að mótmæla, að illa hafi verið frá málinu gengið af þess hálfu, einkum þegar þess er gætt, hve mikið var að gera á sama þingi, er var sumarþing og stóð ekki nema rúma 2 mán. Það er yfirleitt svo með stóru málin, að þau komast ekki nema í gegnum aðra deildina á því þingi, sem þau eru fyrst lögð fyrir. Tekur svo hin deildin

við þeim á næsta þingi, og fæst þá drjúgum lengri tími til að bæta um þau.

Það féllu orð um það, að löglærðir eldri menn hér á landi fylgdust ekki svo vel með þróun í lagasmíði sem vera bæri. A. m. k. svo, að þeir væru ekki færir um að mæta á lögfræðingastefnum í öðrum löndum. Þótt ég þurfi ekki að taka þetta til mín, þá get ég ekki látið vera að benda á, að það er von, að svo sé. Eldri lögfræðingar okkar eru allir frá Hafnarháskóla. Og er hingað kom, urðu þeir að læra á ný hin íslenzku lög. Er því eðlilegt, að tími þeirra hafi farið í annað en að fylgjast með þróuninni. Sérstaklega er þó þetta eðlilegt, þar sem hlaðið er á dómara landsins svo margvíslegum störfum öðrum, að þeir geta ekki nema að mjög litlu leyti skipt sér af dómsmálunum. Og á dómarana hefir sífellt verið hlaðið nýjum störfum. Þegar ég fór frá Ísafirði, eftir 17 ára starf þar, voru umboðsstörfin víst orðin fyllilega helmingi þyngri en er ég kom þangað. Og á þeim 10 árum, er ég hefi verið í Árn., er sízt of mikið að segja, að þau hafi enn vaxið um helming. Það liggja því góð og gild rök fyrir því, að ekki sé mikill tími til að fylgjast með nýungum á sviði dómsmálanna. Lagakunnátta hér á landi er ný grein, svo ekki þarf að fjarskast yfir því, þótt ekki rísi á fáum árum margmenn lögmannastétt, sem staðið geti á sporði úrvali stóru landanna í þeirri grein.

Það var minnzt á það, er bankamálin voru flutt í atvinnumálaráðuneytið 1917, er þriggja manna stj. var stofnuð. Þetta er rétt. Af því að ég var þá á þingi og í þeim flokki, er lagði til fjármálaráðherrann, vil ég geta þess, að sá þingflokkur fyrir sitt leyti samþ. ekki þessa ráðabreytni. Í þeim flokki, sem ég var þá í, Sjálfstæðisflokknum, voru 12 menn. Vildi hann ekki gera upp á milli Björns Kristjánssonar og Sigurðar Eggerz. Mátti forsrh. velja hvorn þeirra, sem hann vildi, til að taka sæti í ráðuneytinu. Það varð Björn Kristjánsson. En sá böggull fylgdi skammrifi, að hann varð að afsala sér yfirstj. bankamálanna, en Sjálfstæðisflokkurinn hafði lagt áherzlu á, að hann tæki þau til sín. Um þetta var samið utan vitundar flokksins, og ástæðan til þess að Björn Kristjánsson var ekki lengi í ráðherrasæti. Ég veit ekki til, að Sigurði Eggerz væri boðið sætið upp á þessi kjör. En ég held, að forsrh. þáv. hafi treyst B. Kr. betur (**JónÞ**: Þetta er tómur hugarburður!). Þetta átti sér stað. Ég hefi ekki sagt annað en það, sem ég veit. Og úr því að á þetta var drepið, þá hefi ég lýst því, hvernig þetta var, til að fullkomna söguna.

Jón Jónsson: Ég bjóst við, að fleiri ættu eftir að tala og ætlaði því að fresta því að taka til máls, þar sem ég á ekki eftir nema stutta aths. En ég skal þá líka fara fljótt yfir sögu, enda hefir mér ekki verið gefið mikið tilefni til langrar ræðu.

Hv. 2. þm. Árn. var eitthvað að „pata“ í till. mínar og sagði, að þær væru „vesalt persónupat“. — Já, hv. þm. er nú alltaf afskaplega skemmtilegur! En það er þá hreint ekki ólíklegt, að ég hafi lært þetta „pat“ af honum. Þó hv. þm. sé vitanlega ekki með neitt „persónupat“ — til þess er hann of góðgjarn —, þá er hann nú stundum að „pata“ í ýmsa aðra hluti, lög o. fl., þó að það sé stundum svo háfleygt, að hvorki ég né aðrir dauðlegir menn skilji þetta „pat“ hans á sama hátt og hann ætlast til, sbr. stjskrtill. hans frægu. Ég hugsa, að líkt sé því farið um skilning hans á minni till. En við því verður þó ekki gert og þýðir því ekki frekar um það að tala.

Þá var það hæstv. dómsmrh. Hann talaði nú stillilega og drengilega, sem vænta mátti, um till. mínar. Hann spurði, af hvaða ástæðu ég teldi hæstarétt heilaga stofnun. Því er fljótsvarað. — Sjálfur svaraði hann þessari spurningu með orðum einhvers spekings, að menn gerðu hlutinn heilagan, þar sem góðir menn gengju. Þetta má til sanns vegar færa. Í mínum huga er fáninn heilagt merki þjóðernisins. En það er fleira, sem er heilagt. Hæstiréttur er vígi réttaröryggis í landinu, sem er skilyrði fyrir því, að okkar þjóðfélag haldist. Þessi stofnun er því heilög, þar sem hún er svo mikils virði fyrir þjóðfél. En hitt er annað mál, að það má fara með skítugum skónum inn í heilaga stofnun. Stofnunin sjálf á að vera hverjum góðum Íslending heilög, og vitanlega eigum við að gera allt til þess að hún verði sem næst því að svara

til hugsjónarinnar. Hæstv. ráðh. minntist á fund, sem haldinn hefði verið af framsóknarfélagi í Húnavatnssýslu. Ég hefi ekki neitt staðið að þessum fundi né við hann átt. Ég tel ekki rétt að vera að panta í síma till. eða áskoranir utan af landi. Ég hefi séð, að þessi fundur óskaði eftir því, að dómararnir í hæstarétti séu stjórnskipaðir. Ég held, að till. mín sé nú einmitt í fyllsta samræmi við þá ósk, þar sem öll stj. á að skipa dómarana í stað eins ráðherra, ef mínar till. verða samþ. Ég brýt því ekki í bága við þessa till. fundarins, enda skiptir það heldur ekki neinu máli.

Þá talaði hæstv. ráðh. um, að einhver maður hér í suðurstofunni hefði farið virðulegum orðum um till. mínar. Ég tel mér það hvorki til heiðurs né vansa. Ég læt arka að auðnu og læt mig það litlu skipta, hvernig menn dæma um mínar till. Og þótt andstæðingar mínir í stjórnmálum geti fallizt á einhverjar till. mínar, þá er ég ekki svo flokksbrýndur, að ég geti fallizt á, að það sé neinn úrslitadómur um, að þær séu óhæfar. Fyrr mætti nú vera ofstækið.

Þá talaði hæstv. ráðh. um flutning á málum milli deilda í stjórnarráðinu og taldi slíkt ófært. Tók hann t. d. Flóaáveituna og líkti þessu við, að umsjón hennar væri falin kennslumálaráðherra. En hér er óliku saman að jafna. Það væri nær að líta á það, að Alþingi, sem er helgasta stofnun þjóðarinnar, heyrir undir forsrh. Hvað væri þá óeðlilegt eða athugavert við, þó næsthelgasta stofnunin væri líka lögð undir forsrh. En hér er það þó ekki gert. Till. leggur skipun dómaranna undir allt ráðuneytið. Hæstv. ráðh. taldi og sjálfsagt, að skipun dómaranna heyrði undir ákvæði auglýs. frá 30. des. 1924, þar sem talað er um, að lög og mikilsvarðandi stjórnarráðstafanir skuli vera tekin til meðferðar á ráðherrafundum. En svo einkennilega hefir viljað til, að skipun dómara í hæstarétt hefir ekki verið tekin með í þeirri upptalningu, er auglýs. hefir. En þar sem allir virðast sammála um, að þetta eigi að gerast, er rétt að lögbinda það, af því þetta er ekki tekið fram og er auk þess á valdi stjórnarforsetans. Ef þetta er fastbundið, er ekki heldur hægt að hlaupa frá því.

Þá sagði hæstv. ráðh., að þetta útilokaði ekki það, að forsrh. gæti veitt sjálfum sér dómaraembætti. En hann þarf þó minnst einn ráðherra til að samþ. það með sér. En eftir frv., eins og það er nú, getur dómsmrh. veitt sér sjálfur embættið, án þess að spyrja nokkurn mann að því. — Þetta sýnir, að till. mínar tryggja betur skipun dómaranna heldur en frv. gerir. Fyrir mér vakir það eitt að tryggja sem bezta skipun á þessu og að leggja allt persónulegt til hliðar.

Það er komið að lokum fundartíma. Þetta átti líka að vera aths., svo ég get látið staðar numið.

Frsm. minni hl. (Pétur Magnússon): Ég hefi fáu að svara hv. frsm. meiri hl. Hann hefir lítið vikið að framsöguræðu minni. Hann sagði ekki annað um aðalatriði málsins, sem ég tel vera, breyt. á 4. gr., en það, að hv. 2. þm. Reykv. hefði fellt sig við frv., eins og það er að þessu leyti. Það er rétt, en þótt ég meti hv. 2. þm. Reykv. meira en flesta aðra lögfræðinga, þá læt ég það ekki hafa áhrif á mig. Ég tel mig hafa næga þekkingu til að mynda mér sjálfstæða skoðun á þessu atriði. Og ég lít á það eitt, hvað ég tel réttast, en ekki á það, hvað flokksbræður mínir kunna að segja.

Hv. þm. vék að nokkrum smáatriðum, t. d. ákvæðunum um málaflutningsmenn. Ég heyrði hann þó ekki færa nein ný rök fyrir nauðsyn þessa ákvæðis. Hér hefir starfað félag málafærslumanna í meira en 20 ár og það hefir gert sitt til að halda uppi heiðri stéttarinnar, og mér er ekki kunnugt um neinar kvartanir yfir því, að sú stétt hafi ekki svarað til þeirra krafna, sem til hennar eru gerðar. Ég get aldrei séð, hvaða nauður rekur til að skylda vissan hluta stéttarinnar til að ganga í félagsskap. Og eins og ég hefi áður tekið fram, eiga slík ákvæði heima á öðrum stað, nefnilega í lögum um málafærslumenn.

Hv. þm. talaði einnig um brtt. við 35. gr., þar sem ég legg til, að ráðh. sé skylt að veita áfrýjunarleyfi í allt að 12 mán. Hann hélt því fram, að það kæmi í sama stað niður, hvort orðið væri notað og nefndi dæmi þess, að hæstiréttur hefði lagt merkinguna „getur“ í orðið „skal“.

Ég tel ástæðulaust að deila við hv. þm. um þann dóm hæstaréttar, sem hv. þm. vitnaði í. Hann er í landhelgimáli og er byggður á almennum lögskýringarreglum, sem ég vil ekki deila um við hv. þm. En vitanlega nær engri átt að draga af því þá ályktun, að orðin „getur" og „skal" hafi sömu merkingu í lagamáli. Annars er það misskilningur, að verið sé að taka eitthvert vald af dómsmrh. með brtt. minni. Það er ekki verið að gera annað en að lögfesta gamla réttarreglu, sem gilt hefir um marga tugi ára, ef ekki á aðra öld. Hér er því ekki um neina breyt. að ræða frá því, sem nú er. En mönnum er nauðsyn að vita vissu sína í þessu efni. Leyfisbréfagjaldið, þótt ekki sé það hátt, á hinsvegar að vera nægt aðhald að mönnum, til þess að þeir misnoti sér ekki þetta.

Fleira hjá hv. frsm. meiri hl. sé ég ekki ástæðu til að fara út í.

Hv. 2. þm. Árn. verð ég að svara að nokkru. Það er þó ekki vegna brtt. hans. Þær eru allar einungis orðabreyt. og virðingarverð tilraun til að færa málið á frv. til betri vegar. En ég vil sérstaklega víkja að upphafinu á fyrri ræðu hans, þar sem hann sló fram þeirri staðhæfingu, að það væri uppi óánægja með hæstarétt, vegna þess, að hann væri flokksdómur. Hann gerði eina tilraun til að rökstyðja þetta. Hann sagði, að ráðh. sá, sem skipað hefði dómarana, hefði valið þá alla af sínum flokki, heimastjórnarflokknum. Þetta er nú að vísu algerlega rangt. Það hittist svo einkennilega á, að ráðh. sá, er upphaflega skipaði dómendur í hæstarétt, valdi meiri hluta þeirra úr flokki pólitískra andstæðinga sinna, og höfðu enda sumir þeirra staðið þar framarlega í flokki. Þetta mun hv. 2. þm. Árn. verða að viðurkenna, ef hann vill hugsa sig vel um. Að þessu leyti hefir því hv. þm. algerlega skotið fram hjá marki.

En ef þetta væri nú rétt hjá hv. þm., að hæstiréttur hefði orðið flokksdómur vegna þess, að dómendurnir voru upphaflega skipaðir af pólitískum ráðh. upp á eigin spýtur, hverja ályktun ætti þá að draga af því? Ég fæ ekki betur séð en að hún yrði sú, að mjög væri viðsjárvert að fela ráðh. veitingarvaldið óskorað og að full þörf væri á að gefa honum eitthvert aðhald. Því þótt stjórnirnar breytist, þá er samt ekki trygging fyrir því, að allur dómurinn verði ekki skipaður af ráðh. úr sama pólitískum flokki. Það verður alger tilviljun. Þessi röksemd snýst því gegn hv. þm. sjálfum.

Í þessu sambandi drap hann á það, að hæstiréttur Dana hefði um eitt skeið, meðan afturhaldsmenn fóru þar með völd, verið vígi og vörn lítils hluta þjóðarinnar. Ég býst nú við, að þetta sé nokkuð orðum aukið, en ef það er rétt, þá hlýtur ástæðan að vera sú, að rétturinn hefir fengið pólitískan blæ. En það er hið sama og hv. þm. er að beita sér fyrir að gert verði hér. Þannig snúast allar hans röksemdir gegn honum sjálfum.

Það hefir talsvert verið gert hér á landi til þess að halda æðsta dómstólnum utan við pólitík. Fyrir nálægt 17 árum voru umboðsstarfalausir dómarar sviptir kjörgengi til þess að útiloka þá frá að blanda sér í flokkadeilur. Ég veit ekki betur en almenn ánægja hafi ríkt í landinu yfir þessu, og því hefir ekki verið haldið fram fyrr en á allra síðustu árum, að æðsti dómstóllinn hefði yfir sér pólitískan svip. Í sambandi við það hafa þeir hv. 2. þm. Árn. og hæstv. dómsmrh. haldið því fram, að með dómaraprófinu væri verið að stuðla að því, að æðsti dómstóllinn yrði áframhaldandi pólitískur. Hvaða rök vilja þessir hv. þm. færa fyrir þessu? Vilja þeir halda því fram, að rétturinn mundi vísa frá sér dómaraefni, sem þreytti raunina, aðeins ef hann væri annarar pólitískrar skoðunar en dómarar þeir, sem skipa réttinn og án alls tillits til frammistöðu hans? Þessu verða þeir að halda fram, svo framarlega sem þeir vilja halda við þessa staðhæfingu sína. En staðhæfingin er fáránleg. Þessir hv. þm. hljóta að skilja, að jafnvel þótt rétturinn væri skipaður æstum flokksmönnum einhvers stjórnmálaflokks, þá getur hann ekki kveðið upp slíka úrskurði þvert ofan í allt réttlæti. Dómstólnum er nauðsyn á að hafa traust þjóðarinnar fyrir réttdæmi, jafnvel í þessu efni og öðru, og hann hlýtur að meta sína eigin virðingu meira en nokkra flokkshagsmuni. Ef því hæstv. ráðh. er úrkula vonar um að geta komið nokkr-

um flokksbræðra sinna í réttinn með því að halda dómaraprófinu, þá er það af því einu, að hann ber ekki það traust til þeirra, að þeir geti leyst prófraunina á viðunandi hátt. En þetta held ég að sé ástæðulaust vantraust. Ég efast ekki um, að innan þeirra flokka, sem stutt hafa ráðh., séu lögfræðingar, sem fullkomlega væri treystandi til að standast þessa margumræddu prófraun, og að ráðh. þurfi því ekki að bera neinn kvíðboga fyrir því, að hann þurfi að skipa stjórnmálaandstæðinga sína í hæstarétt.

Þá ætla ég að víkja nokkru nánar að því, sem hæstv. ráðh. sagði um óánægju þjóðarinnar með hæstarétt. Hann hélt því fram, að það væri risin upp rík óánægja með réttinn, og hann kvað upp þann dóm, að hún væri réttmæt. Hann var með miklar bollaleggingar um það, eftir hverju ætti að dæma, og komst að þeirri niðurstöðu, að það ætti að fara eftir almenningsálitinu. Síðan taldi hann upp dæmi þess, að hæstiréttur hefði verið óheppinn í dómum sínum. En það sagðist hann kalla góðan dóm, sem væri í samræmi við almenningsálitið í landinu.

Ég veit ekki, hvort hæstv. ráðh. hefir gert sér það ljóst, hversu óhugsanleg braut þetta er til að fara inn á. Fyrst og fremst verður aldrei um það sagt með fullri vissu, hvert almenningsálitið er. Hver á að skera úr um það? Ekki verður nein atkvgr. viðhöfð. Auk þess breytist almenningsálitið oft skyndilega og mundi því allt öryggi hverfa. Þá má og minna á, að stjskr. býður dómurum að fara eftir lögunum, og yrði þá að sjálfsögðu að breyta því ákvæði.

En jafnvel þótt gengið sé út frá, að hægt sé að finna almenningsálitið og að það sé nokkuð stöðugt, þá held ég, að það verði hæpinn mælikvarði samt. Reynslan bendir á, að það sé ekki ávallt heppilegt að fara eftir því. Menn kannast við galdrabrennurnar. Þær sýna meiri fáfræði, minni mannúð og lægri siðmenningu en nokkrir aðrir atburðir í sögu landsins. Ég er ekki í vafa um, að ýmsir þeirra manna, er neyddust til að dæma galdradómana, hafa verið sannfærðir um, að galdramennirnir hafa ekki brotið svo af sér, að það væri réttmætt, að þeir fyrirgerðu lífinu. En þeir fóru eftir almenningsálitinu. Ég er ekki í vafa um, að við, sem nú lifum, mundum líta upp til þess dómara, sem þá hefði ekki lotið almenningsálitinu. Þá má og minna á mjög frægan dóm, e. t. v. frægasta dóminn, sem sögur fara af, sem kveðinn var upp austanvert við Miðjarðarhafið fyrir nálægt 19 öldum. Sá dómur var í samræmi við almenningsálit sinnar tíðar, en dómarinn hefir samt ekki fengið neinn sérstakan hróður fyrir hann.

Annars vil ég í allri vinsemd benda hæstv. ráðh. á, að ég held, að hann hafi hér ruglað saman tvennu alveg ólíku. Það má vafalaust til sanns vegar færa, að almenningsálitið eigi að ráða **löggjöfinni** á hverjum tíma. En dómstólar verða að dæma eftir lögunum eins og þau eru. Að öðrum kosti er allt réttaröryggi horfið.

Það er ekkert nýtt að heyra það frá hæstv. dómsmrh., að hæstiréttur hafi leyst hlutvert sitt illa af hendi, og er enda tilgangslaust að deila um það við hæstv. ráðh. Ég hefi lítið orðið var við þessa óánægju með hæstarétt, sem hæstv. dómsmrh. er alltaf að tala um, en vel má vera, að hann hafi orðið hennar var. Það þarf nú ekki að vera neinum undrunarefni, og er í sannleika engin sönnun þess, að dómstóllinn hafi leyst hlutverk sitt illa af hendi, þó einhverrar óánægju verði vart með hann, eftir þær mögnuðu og langvarandi árásir, sem hann hefir orðið fyrir af hendi hæstv. ráðh. og blaði stj. Sú stofnun má sannarlega standa föstum fótum, sem líður ekki meira við svæsnar og margendurteknar árásir í víðlesnu blaði en hæstiréttur hefir gert vegna árása hæstv. dómsmrh. og blaðs hans. Ég hefði ekkert við þessu að segja, ef þessar árásir væru ekki annað en rökstudd gagnrýni á dóma réttarins, en því hefir sjaldan eða aldrei verið til að dreifa, heldur hafa þetta jafnan verið getsakir í garð réttarins og hreinir sleggjudómar um verk hans. Mér þykir rétt í þessu sambandi að skýra frá því, að ég hefi haft aðgang að bréfi, sem ráðunautur eins af stórveldunum í málum út af landhelgisbrotum togara hefir skrifað hingað, þar sem hann fer mjög lofsamlegum orðum um hæstarétt. Mér þykir ekki þörf á að nafngreina þennan mann hér, en mundi

geta fært sönnur á mál mitt, ef vefengt yrði. Sjálfur þekki ég ekki þennan mann, en það má ætla, að trygging sé fyrir því, að hann hafi vit á þessum málum, því að stj. lands hans hefði varla farið að velja hann til þessa starfa, ef hann væri ekki vel fær í sinni grein. Þessum manni farast svo orð um hæstarétt, m. a.:

„I have developed a great respect for your Supreme Court, probably because they practically decide cases both for and against our trawlers in the same way, that I should have done had I been in their place".

Slíkum viðurkenningarorðum fer þessi maður um hæstarétt, og er hér þó um að ræða mjög viðkvæm mál, og það einmitt þann flokk mála, sem hæstv. dómsmrh. ekki hvað síst hefir notað sem árásarefni á hæstarétt. Því verður og að vísu ekki neitað, að mörg þessi mál eru mjög tvísýn og erfitt að dæma um það, hvað eru lögfullar sannanir fyrir brotum, og má því hæstiréttur vel við una að hafa fengið slíka viðurkenningu í þessum efnum einmitt frá þessum manni, og ég ætla enda, að dómur þessa manns geri meira en að vega upp á móti þeim dómum, sem hæstiréttur hefir orðið að þola af hálfu hæstv. dómsmrh. og flokksmanna hans.

Hæstv. ráðh. nefndi til tvö einstök mál, sem honum þótti sanna það, að hæstiréttur hefði kveðið upp flokksdóma eða hlutdræga dóma. Kemur það auðvitað ekki til mála að fara að rekja hér gang þessara mála. Til þess er hér hvorki staður né tími. — Annað þessara mála, sem hæstv. dómsmrh. var að klifa á í þessu sambandi, var mál S. Í. S. gegn Birni Kristjánssyni, fyrrv. alþm. Voru sum ummæli hans um S. Í. S. dæmd ómerk, af því að þau þóttu ganga lengra en heimilt væri, en S. Í. S. var hinsvegar synjað um skaðabætur vegna ummælanna. Hæstv. ráðh. verður að gæta að því, að eftir ísl. lögum er ekki hægt að tildæma skaðabætur í slíkum tilfellum, nema það sé sannað í málinu, að hlutaðeigandi hafi beðið skaða vegna þeirra ummæla, sem um hann hafa verið höfð. Ég skal játa það, að ég fyrir mitt leyti álít þessa réttarreglu vafasama. Það er oft og tíðum öldungis ófullnægjandi réttarvörn fyrir lygum og rógburði, þó afbrotamaðurinn fái smávegis sektir, sem auk þess kváðu nú ekki alltaf vera greiddar. Og ef hæstv. ráðh. vill taka til yfirvegunar að skerpa eitthvað viðurlög við slíkum afbrotum, skal ekki standa á mér til samvinnu. En það er ekki hægt að kasta steini að hæstarétti fyrir það, þó að hann dæmi eftir lögum landsins og ríkjandi réttarvenjum. Þá fyrst, þegar búið er að breyta lögunum í þessum efnum, er hægt að krefjast annarskonar dómsúrslita. — Að því er hitt málið snertir, sem hæstv. dómsmrh. drap á sem dæmi upp á flokksdóm hjá hæstarétti, og gat hann mín í því sambandi, en að vísu í öllum vingjarnlegheitum þó, þá varð niðurstaða réttarins í því að því leyti á aðra leið, að rétturinn leit svo á, að hlutaðeigandi hefði getað sannað skaða sinn. Það var rétt hjá hæstv. dómsmrh., að ég var sannfærður um það þá, að þetta hefði ekki verið sannað í málinu, en hinsvegar hefir mér aldrei komið til hugar, að þar hafi verið um hlutdrægan dóm að ræða. — Annars er það fáránlegt, þegar hæstv. ráðh. er að tilfæra ummæli, sem málflm. viðhafa í sókn eða vörn máls, sem sönnun þess, að dómsniðurstaða sé röng. Röksemdafærsla sækjanda og verjanda um hvert einstakt deiluatriði gengur jafnaðarlega alveg í gagnstæða átt, og verður þó ekki nema önnur lögð til grundvallar við málsúrslit. Og auk þess mundu málaflm. naumast verða taldir óhlutdrægir dómarar um þau mál, er þeir hafa tekið að sér. Það er ekki nema mannlegt, að þeim hætti til að líta einhliða á málin og draga fram málstað skjólstæðings síns með sterkum dráttum. En hæstv. dómsmrh. gat ekki um annað mál, þar sem ritstjóri Tímans átti einnig í hlut, en var sýknaður af skaðabótakröfu stefnanda, enda þótt hann gæti fært allmiklar líkur fyrir því, að hann hefði orðið fyrir skaða vegna ummæla blaðsins. Ég geri ráð fyrir því, að hæstv. ráðh. kannist við þetta mál, og sé ég því ekki ástæðu til að gera frekari grein fyrir því, en eins og ég áður sagði, urðu úrslitin í því hin sömu og í máli S. Í. S. gegn Birni Kristjánssyni. Ég held því, að hæstv. dómsmrh. geti ekki með tilvísun í þessa dóma fært líkur fyrir hlutdrægni af hálfu

hæstaréttar, enda læt ég útrætt um þetta atriði, en vil aðeins drepa stuttlega á örfá önnur atriði í ræðu hæstv. dómsmrh.

Hæstv. ráðh. byrjaði ræðu sína með því, að ég vildi taka allar umbætur úr frv. Hvað getur gefið hæstv. ráðh. ástæðu til að segja þetta? Hverjar eru þær umbætur, sem ég vil nema burt úr frv.? — Ég get ekki hugsað mér, að fleiri en tvö af nýmælum þessa frv. séu líkleg til að hafa áhrif á réttaröryggið, og ég ætla, að flestir muni mér sammála um þetta. Þessi tvö nýmæli eru annarsvegar dómarafjölgunin og hinsvegar hin opinbera atkvgr. dómaranna, og um hið síðara er þó það að segja, að ég fyrir mitt leyti lít ekki svo á, að það hafi áhrif á réttaröryggið, þó að ég af öðrum ástæðum sé því meðmæltur. Afskipti mín af þessum nýmælum eru nú þau ein, að ég vil láta annað standa óhaggað eins og það er í frv., en um hitt hefi ég gert þær till., að hinum föstu dómurum verði fjölgað upp í 5, úr 3, í stað þess að hafa 2 aukadómara, eins og frv. ákveður. Og eru nú líkindi til þess, að réttaröryggið verði minna með 5 fastadómurum en 3? Ég held, að ekki sé hægt að halda því fram í alvöru, enda hefir enginn orðið til þess að færa þau rök fyrir því að hafa fastadómarana 3, að með því næðist meira réttaröryggi, heldur hefir þetta aðeins verið rökstutt með því, að hér væri um sparnaðarráðstöfun að ræða.

Þá var hæstv. dómsmrh. að brigzla mér um það, að ég hefði skipt um skoðun í þessu máli og þykir mér honum þar firrst um fara, því að hann hefir sjálfur snúizt ekki lítið í þessum málum síðan fyrir 10 árum. Þá bar hann fram frv. hér í þinginu um að fækka dómurum hæstaréttar niður í 3, úr 5, sem þeir voru þá, og rökstuddi hæstv. ráðh. þetta með því, að dómaratalan væri þó hlutfallslega hærri en annarsstaðar, miðað við fólksfjölda. Slíkar röksemdir eru að vísu ekki sérstaklega sannfærandi, því að vitanlega nær engri átt að miða dómendatölu hæstaréttar við fólksfjölda. — Þá taldi og hæstv. dómsmrh. hina skriflegu málafærslu til mikilla menningarbóta 1923. Farast honum m. a. svo orð í því sambandi (Alþt. 1923, C—D, bls. 572): „Hefði getað komið til mála að koma fram með brtt. við upprunalega frv. um að lögbjóða skriflegan málaflutning, en ég sá eigi ástæðu til að koma með slíka brtt. nú, þegar hv. n. vill vísa málinu til landsstjórnarinnar".

Eftir því, sem hæstv. ráðh. lítur nú á þessi mál, hefir hann verið á hinum verstu villigötum 1923, og mundi hann ekki geta verið kominn á þá skoðun eftir önnur 10 ár hér frá, að hann sé einmitt nú á villigötum, þegar hann vill afnema dómaraprófið og taka menn með umboðsstörfum í dómstólinn? Mér kæmi það a. m. k. ekki á óvart, þó að svo yrði.

Ég vil þannig alls ekki kannast við, að brtt. mínar miði að því að nema úr frv. þær umbætur, sem telja mætti, að í því fælust, því að brtt. mínar miða þvert á móti að því að bæta úr ágöllum frv., eins og ég þykist hafa sýnt fram á, og ætti reyndar að vera öllum ljóst, sem á annað borð geta haft augun opin í þessu máli.

Hæstv. dómsmrh. drap enn á niðurlagningu hæstaréttar og virtist nú vera á annari skoðun um þetta atriði en hann var við 1. umr. Þá sagði hann, að óhætt væri að samþ. þetta ákvæði frv., af því að dómararnir sætu í raun og veru áfram eftir sem áður. Nú segir hæstv. ráðh., að hér sé um sama að ræða og þegar hæstiréttur var stofnaður, en þetta er auðvitað hinn mesti misskilningur. Þegar hæstiréttur var stofnaður, var dómstigunum fækkað úr 3 niður í 2, æðsti dómstóllinn fluttur inn í landið, en hæstiréttur Dana lagður niður sem ísl. dómstóll. Þar var því um raunverulega breyt. á dómaskipuninni að ræða. Og það er eins og hver önnur fjarstæða að líkja þessum litlu breyt., sem með þessu frv. yrðu gerðar á hæstarétti, ef samþ. verður, saman við breyt., sem gerð var á dómaskipuninni 1919, og engin frambærileg rök hafa verið flutt né verða flutt fyrir ákvæðinu um niðurlagningu réttarins. Hitt er mér persónulega kunnugt um, að margir þeir, sem þó fylgja þessu ákvæði frv., gera það vegna þess, að þeir álíta ákvæðið saklaust, þar sem dómurunum er tryggt sæti í fimmtardómi, og verð ég þó að segja það, að mér kemur undarlega fyrir, að menn skuli geta friðað samvizku sína með slíkum afsökunum.

Ég vil svo að lokum drepa lítillega á síðustu ummælin, sem ég hlustaði á hjá hæstv. dómsmrh., en ég varð að fara af fundi, áður en hann hafði lokið ræðu sinni. Hæstv. ráðh. vildi nota það sem röksemdir fyrir því, að æðsti dómstóll landsins væri ekki vaxinn hlutverki sínu, að ísl. lagamenn hefðu ekki sýnt áhuga á því að bæta löggjöfina og yfirleitt ekki sýnt þann áhuga fyrir fræðigrein sinn, sem æskilegt væri. Sem dæmi upp á þetta nefndi hæstv. dómsmrh. það til, hve þátttaka ísl. lagamanna hefði verið lítil á fundum norrænna lögfræðinga. Það er að vísu rétt, að þátttaka ísl. lagamanna hefir ekki verið mikil á þessum fundum, en ég vil ekki kannast við það, að það stafi af þekkingarleysi eða áhugaleysi heldur er þetta að rekja til þess, að ísl. lagamenn hafa um allt erfiðari aðstöðu til að taka þátt í slíkum félagsskap en erlendir starfsbræður þeirra. Veldur þar bæði um, að íslenzkir lögfræðingar eru bundnari við störf sín en lögfræðingar með nágrannaþjóðum okkar, sem margir hafa komið ár sinni svo fyrir borð, að þeir geta varið eins miklum tíma og þeir vilja til að sinna áhugamálum sínum, en auk þess gerir lega landsins sitt til að mikla þessa erfiðleika. En ísl. lagamenn hafa þó sýnt nokkra viðleitni í þessa átt, og er þannig Íslendingur í ritstjórn eins helzta rits lögfræðilegs efnis, sem gefið er út á Norðurlöndum, og nokkrir ísl. lagamenn hafa átt greinar í þessu riti, og reyndar fleirum lögfræðilegum ritum, þó að greinar þeirra e. t. v. hafi ekki vakið sérstaka athygli.

Þá vildi hæstv. dómsmrh. og einnig kasta steini að ísl. lögfræðingastéttinni fyrir það, hve lítið hún hefði látið sér annt um umbætur á löggjöfinni innanlands, og nefndi hæstv. ráðh. umbæturnar á tugthúsinu til í þessu sambandi. Hæstv. ráðh. hefir nú reyndar minnzt á þetta æði oft áður, en honum hefir hinsvegar alltaf láðst að geta þess, að það var einmitt fundur lögfræðinga, sem hér var haldinn 1927, sem upptökin átti að þessum umbótum. Á þessum fundi var samþ. áskorun til stj. um að gera nauðsynlegar endurbætur á fangahúsinu hér í Reykjavík. Skal ég fúslega játa það, að hæstv. dómsmrh. brást vel við þessari áskorun, en það gefur honum þó ekki rétt til að kasta steini að okkar innlendu lögfræðingastétt fyrir það, að hún hafi ekki viljað sinna þessu máli. Hæstv. ráðh. var að tala um það, að hann hefði sætt ámælum fyrir aðgerðir sínar í þessu máli. Minnist ég þess ekki, að ég hafi séð eða heyrt hæstv. ráðh. ámælt fyrir umbætur hans á fangahúsinu hér, en hitt hefi ég vitað honum ámælt fyrir, að fangavistin austur á Litla-Hrauni hafi orðið dýrari en hún þurfti að vera, og ég get fullkomlega tekið undir það, að hæstv. ráðh. hélt þar ekki eins vel á fé og þurfti að gera, en skal þó ekki fara frekar út í það hér, af því að það kemur þessu máli ekki við.

Fleira sé ég ekki ástæðu til að gera sérstaklega að umtalsefni í ræðu hæstv. dómsmrh., en vil þó að lokum leiðrétta það, sem hann sagði um afstöðu mína til sérbrtt. hv. 3. landsk. Ég sagði að vísu, að till. væri miðuð við það sérstaka ástand, sem nú er, en hitt sagði ég aldrei, að till. væri „vitleysa". Þvert á móti lýsti ég yfir því, að ég mundi fylgja henni af því að mér er ljóst, sérstaklega þó, ef dómaraprófið verður fellt niður, að með henni er fengin aukin trygging fyrir sæmilegu vali á dómurunum.

Jón Þorláksson: Því miður gat ég ekki verið viðstaddur, þegar hv. 4. landsk. hélt fyrri hl. ræðu sinnar, og verð ég því að biðja afsökunar á því, ef ég kann að endurtaka að einhverju leyti það, sem hann kann að hafa sagt.

Ég vil í fyrsta lagi leiðrétta það ámæli, sem kom fram í ræðu hv. 2. þm. Árn., sem bar það fram hér, að hæstiréttur hefði verið gerður að flokksdómi, þegar hann var stofnaður 1919, og dómararnir nefndir í hann einhliða úr flokki. Ég held, að ég fari rétt með það, að sá forsrh., sem fyrstur hafði á hendi veitingar embætta hæstaréttar, hafi verið Jón sál. Magnússon, sem hafði verið í Heimastjórnarflokknum, meðan sá flokkur hélzt við, en af þeim 5 dómurum, sem sæti tóku í réttinum, held ég, að ekki verði sett flokksmerki með neinum sanni nema þá í hæsta lagi á einn þeirra. Ég get nefnt nöfn þessara manna; tveir þeirra eru látnir heiðursmenn og hinir

þrír valinkunnir með þjóðinni. Kristján Jónsson og Halldór Daníelsson voru báðir sjálfstæðismenn, og þeir höfðu báðir tveir átt sæti í yfirréttinum gamla. Páll Einarsson var og andstæðingur Heimastjórnarflokksins, og Lárus H. Bjarnason hafði að vísu verið í þeim flokki áður, en var genginn úr honum fyrir 6 árum og hafði boðið sig fram til þings í andstöðu við flokkinn. Og Eggert Briem, sem hafði verið skrifstofustjóri í stjórnarráðinu, en var orðinn dómari í yfirréttinum fyrir nokkru, áður en hæstiréttur var stofnaður, hafði ekki gefið sig að stjórnmálum þá né síðar. Ef á að rekja afstöðu þeirra, hvernig hún var, meðan Heimastjórnarflokkurinn var við völd, þá var hún þessi. Það er því alls ekki rétt hjá hv. 2. þm. Árn., að þessi dómstóll hafi verið flokkslitaður, þegar hann var settur. Ég skoða þessi ummæli hv. 2. þm. Árn. aðeins sem einn lið í þeirri keðju af missögnum, sem reynt er að dreifa út um hæstarétt, og hefir átt að vera stoð undir þetta frv. Og það er það leiðinlegasta við þetta mál allt, að það hefir verið borið fram á þann hátt, að geðríkur dómsmrh., sem hefir tapað málum fyrir þessum rétti, hefir ekki þolað það betur en svo, að hann hefir síðan reynt á alla lund að ámæla honum, og þessi mikla óvild hans er ástæðan fyrir þessum breyt., sem hann vill nú gera á þessum æðsta dómstóli landsins.

Þá var það aðeins eitt atriði enn, sem ég ætla að víkja að, og það var sú skáldsaga, sem hæstv. ráðh. sagði hér um meðferð bankamálanna og flutning milli ráðuneytanna. Það stóð svo á, að fyrrv. alþm. Björn Kristjánsson var hér viðstaddur sem áheyrandi. Hæstv. ráðh. stóðst það ekki og kom því með þessa skröksögu þessum utanþingsmanni til ama og niðrunar. Þessi skröksaga hæstv. ráðh. byrjaði á því, að þegar Björn Kristjánsson árið 1917 tók sæti í okkar fyrsta 3ja manna ráðuneyti sem fjmrh., þá hafi bankamálunum verið forðað úr hans höndum og flutt úr fjármáladeildinni og í atvinnumáladeildina. Þetta er algerður tilbúningur og tilhæfulaust. Bankamálin höfðu alla tíð frá 1904, þegar stj. fluttist inn í landið, og allt til þessa tíma verið í atvinnumáladeildinni. Þeim var því ekkert forðað undan Birni Kristjánssyni fjmrh., því að þau heyrðu undir allt aðra starfsdeild. Þetta var upphaf skáldsögunnar, en endirinn var sá, að þegar Sigurði Eggerz var veitt bankastjórastaða á ráðherrafundi, þá hafi Magnús Jónsson ekki verið á fundinum. Það má nú segja það um marga aðra menn, að þeir hafi ekki verið á þessum fundi, því að þá var enginn Magnús Jónsson í stjórninni. Allt ráðuneytið var á þessum fundi, en enginn annar. Svona var þá upphafið og endirinn á þessari skáldsögu, og það, sem á milli var, var upphafinu og endinum líkt.

Magnús Torfason: Hv. 4. landsk. vill gera mikið úr prófrauninni og vitnaði þar í prófraunina hjá Dönum. Ég get satt að segja ekki skilið, hvað hann ætlar þangað að sækja. Ég held, að allir viðurkenni, að á því tímabili, sem ég talaði um, hafi aldrei nema hægrimenn reynt að þreyta þessa prófraun. Mér er kunnugt um það frá því ég var stúdent í Höfn, þá var það gert af stríðni við ráðuneytið og hæstarétt að tefla fram afarmerkum lögfræðingi og vinstrimanni. Það komst svo langt, að þessi merki lögfræðingur var búinn að ákveða að ganga undir þetta dómarapróf, en undir eins og lögfræðingurinn vissi, að það var andstætt vilja dómaranna, hætti hann við að leggja sig í þessa tilraun. Þetta sannar mér það, að það er ofmælt, að úrskurður hæstaréttar, æðsta dómstóls landsins, geti ekki fallið þvert ofan í allt réttlæti, og hvað það snertir vil ég aðeins minna á eitt mál, sem frægt er orðið um heiminn. Það er réttarmorðið í Ameríku á mönnunum Sacco og Vanzetti. Það var hæstiréttur landsins, sem framdi það, sem allir beztu menn heimsins hafa á móti mælt og er fullkomlega sannað, að var réttarmorð. (**PM:** Var dómarapróf þar?). Nei, en ég býst ekki við, að það hefði farið neitt öðruvísi, þó að það hefði verið. Því hefir verið slegið fram, að æðsti dómstóllinn ætti að vera eins og merki þjóðfélagsins. Ég býst ekki við, að Bandaríkjamenn vilji telja þennan æðsta dómstól sinn sem merki þjóðfélagsins. Ég hefi oft heyrt því andmælt, að það ætti að dæma Bandaríkjamenn samkv. þessum dóm-

stóli, og að það sé sannarlega ekki rétt að skoða þjóðina í ljósi þess dómstóls.

Eins og ég sagði áðan, sannar prófraunin danska okkur ekki nokkurn skapaðan hlut, og eins og ég hefi nú skýrt fullkomlega, getur það komið fyrir, að æðsti dómstóllinn felli úrskurði og dóma ofan í allt réttlæti. Ég get ekki kannast við, að æðsti dómstóllinn sé neitt meiri helgidómur en hver önnur stofnun. Hitt er annað mál, að hann ætti að vera það. En dómurinn verður að vinna til þess sjálfur að vera talinn helgidómur þjóðarinnar. Þar má nefna Dani. Ég býst við, að hæstiréttur Dana sé þar talinn helgur dómur nú, en hann var það sannarlega ekki áður. Það sýnir, að það er ekkert dómarapróf, sem ræður því, heldur eru það mennirnir sjálfir, sem í dómnum sitja. Yfirleitt er það svo með alla helga dóma, að þeir eru ekki teknir af misendismönnum. Þeir hafa verið teknir af mönnum, sem unnið hafa sér eitthvað til lofs og ágætis.

Ég skal svo í sambandi við þetta drepa á það, sem ég gleymdi áðan, að það hefir verið flutt fram hér í deildinni, að hér liggi fyrir eitthvert skjal frá lagamönnum, sem eigi að vera sönnun fyrir ágæti prófraunarinnar. Ég geri lítið úr því skjali. Mér er sagt, að það sé nokkuð flokkslitað. Yfirleitt geri ég ekki mikið úr því, þó að málaflutningsmenn séu fengnir til að skrifa undir eitthvert skjal, þegar þeir vita, að það snertir hæstarétt. Ég býst við, að þar liggi það til grundvallar, sem segja má um hæstaréttarmálaflutningsmenn og málaflutningsmenn yfirleitt, að þeir hafa sig ekki í frammi um það að rýna dóma hæstaréttar. Ég býst við, að ef þeir færu til þess, þá mundu þeir geta litið svo á, með réttu eða röngu, að þeim væri það ekki hollt. Það þarf alls ekki að vera af því að þessir menn hafi ekki það siðferðislega þrek, sem þarf til þess að standa uppi í hárinu á þeim, sem eiga að vita um þessa hluti, heldur mun það blátt áfram vera af því, að málafærslumenn eru umboðsmenn annara manna, og það eitt getur gert það að verkum, að þeir líta svo á, að ekki sé rétt að vera að setja sig upp á móti hæstarétti.

Ég held, að það sé miklu réttara og sanngjarnara að hafa samvinnu dómstólsins og ráðuneytisins um það, hvernig dómurinn eigi að vera skipaður o. fl. Ég er alveg viss um, að það er miklu meiri trygging fyrir því, að þeir menn, sem þar um fjalla, leysi það starf vel af hendi. Í því sambandi get ég bent á eitt, sem þar getur komið til mála í staðinn fyrir þessa prófraun. Það er að setja mann í dóminn um stundarsakir, en ef hann reyndist þar ekki vel, þá yrði það til þess, að hann fengi ekki embættið. Þetta hygg ég, að væri miklu fullkomnari prófraun en sú prófraun, sem nú er í lögum.

Um málið út af fyrir sig þarf ég ekki meira að tala. En það er dálítið af þessu persónupati, sem hefir komið hér fram, sem ég get ekki komizt hjá að minnast lítið eitt á, af því að það snertir skipun dómsins í fyrstu. Í sambandi við það vil ég taka það fram, að hæstaréttardómararnir, sem þá voru skipaðir, fylgdu þeim flokki, sem Jón Magnússon var þá fyrir. Því til sönnunar get ég upplýst það, að mjög merkur maður hér í bæ fór til Jóns Magnússonar, þegar hann hafði heyrt, hvernig dómurinn var skipaður, og benti honum á, að þetta væri ekki vel ráðið. Ég vissi ekki til, að nokkur maður væri í vafa um, í hvaða pólitísku flokki þessir menn væru. Hitt er rétt, að sumir þessara manna höfðu ekki haft sig mikið í frammi um pólitík, t. d. Kristján Jónsson. Þó endaði með því, að hann varð ráðherra á spjótum Heimastjórnarflokksins. Um Lárus H. Bjarnason er það að segja, að hann var að vísu ekki opinberlega í þeim flokki, en þó mun hann ætíð hafa fylgt honum að málum.

Annars er það merkilegt, að allt þetta persónupat skuli endilega þurfa að loða við mál hæstaréttar. Þegar hæstaréttarlögunum var breytt og dómendum fækkað, þá var það hreint og beint persónupat, sem kom því fram. Vitanlegt var, að einn af hæstaréttardómurunum langaði til að verða dómstjóra. Þá var fundið upp á að breyta nafninu og gera dómstjórann að forseta. Það stóð svo á, að þessi hæstaréttardómari átti þá ítak hér í Ed., og þetta ítak réð málinu. (**JakM:** Hvaða ítak var það?). Ég þarf ekki að skýra frá því, en það var ekki þingmaður, og það var ekki þingfrú, það var þingfröken.

Hv. 3. landsk. var að bregða mér um

skilningsleysi. Ég held, að ég hafi aldrei brugðið neinum manni um gáfnafar hans. Við verðum hver og einn að þakka fyrir það, sem okkur er gefið. Yfirleitt þykir ekki hlýða að bregða mönnum um það, sem þeim er ósjálfrátt. Ég skal gjarnan játa það, að hann sé miklu vitrari, gáfaðri og skilningsbetri en ég, sérstaklega í þessu máli, og þykist hann sýnilega hafa betur vit á því en allir flokksbræður hans. Hann ber nú fram brtt., og þykist ég vita, að það byggist á því, að hann álíti sjálfan sig miklu vitrari og skynsamari heldur en alla flokksbræður sína til samans, og þarf ég þá ekki að taka mér nærri, þó að hann álíti sig vitrari en mig.

Það var verið að tala hér um geðríkan dómsmrh. Út af því persónupati get ég líka minnt á, að það eru til geðríkir hæstaréttardómarar. Það er til svo geðríkur hæstaréttardómari, að þá sjaldan ég hefi átt tal við hann um almenn pólitísk málefni, hefir það endað með því, að kamburinn á honum hefir orðið rauður eins og á ársgömlum hana af bezta kyni. Ég segi þetta ekki manninum til ófrægðar. Hann getur ekki að þessu gert.

Ég býst við, að hæstv. forseta þyki þessi aths. vera orðin nokkuð löng, en ég verð þó að bæta einu við. Það hefir komið til tals að veita hæstaréttardómaraembættið, sem nú er laust. Mér er kunnugt um, að hæstiréttur hefir sérstaklega lagt til með einum manni, náttúrlega íhaldsmanni. En sá maður er að mínum dómi og margra annara svo langt frá því að eiga að verða hæstaréttardómari, að hann ætti ekki einu sinni að fá að flytja mál fyrir hæstarétti.

Frsm. meiri hl. (Einar Árnason): Hv. 1. landsk. hélt hér ræðustúf í dag til að mæla með því, að prófraunin eða dómaraprófið svo kallaða yrði sett inn í frv. Ein af þeim ástæðum, sem hann færði fram fyrir því, að rétt væri að gera þetta, var sú, að þetta dómarapróf væri til hér í lögum. Þessi ástæða út af fyrir sig gæti kannske verið einhvers virði, ef við hefðum einhverja reynslu af því, hvernig þetta ákvæði hefði reynzt í framkvæmdinni, en ég veit ekki til, að um það hafi nokkur reynsla fengizt. Þetta hefir aldrei verið framkvæmt hér, en í raun og veru hefði átt að gera það þegar í upphafi, þegar hæstiréttur var fluttur inn í landið, og þá hefði það vitanlega átt að vera danski hæstirétturinn, sem hefði átt að framkvæma þetta próf. Þetta ákvæði í lögunum hefir því verið dautt frá því fyrsta. Þetta er því engin sönnun þess, að nauðsynlegt sé að halda í það.

Ég lét þau orð falla í fyrradag í sambandi við þetta mál, að dómaraprófið væri dautt ákvæði í hugum manna. Hv. 1. landsk. vildi nú mótmæla þessu. Ég skal játa það, að í raun og veru er hvorki ég né hv. 1. landsk. fær um að rannsaka hér hjörtun og nýrun og færa sannanir fyrir því, hvaða hugsanir hreyfa sér hjá fólki yfirleitt, svo að hvorugur okkar getur sannað neitt, eftir því sem heimtað er, að sannanir yfirleitt eigi að vera í venjulegum málum. En það er hægt að koma með nokkrar líkur í þessu máli. Það má þá fyrst nefna það, að þegar þetta frv. kom hér fram upphaflega, var gert mikið veður út úr því, að þessi prófraun skyldi vera niður felld. Var þá leitað álits færustu manna að áliti þeirra, er um málið fjölluðu, um þetta atriði. Ég veit ekki annað en að þeir teldu sjálfsagt, að þessari prófraun væri haldið, og að það tíðkaðist ekki í neinu landi annað en að slík prófraun færi fram. Þetta hlýtur að hafa haft þau áhrif á fjölda manna, sem ekki vissu annað en að þetta væri rétt, að þetta ætti einnig að gilda hér. En nú hefir annað reynzt réttara í þessu efni. Við frekari rannsókn hefir það komið í ljós, að þessi dómarapróf eru ekki nema hjá Dönum eins og margbúið er að taka fram. Ég held því, að þetta hljóti að styðja mjög mikið mína skoðun, að þegar fólk hefir fengið að vita þetta, þá álíti það, að þetta ákvæði sé ekki svo sérstaklega nauðsynlegt, og það er svo um hvert það mál, sem menn missa trúna á, að það er dautt mál. Eins ætla ég að verði um þetta. Ég get skilið, að þeir, sem hafa haldið þessu fram opinberlega, vilji halda í það, en ég veit ekki, hvort hugsunin á bak við er eins sterk og hún var áður.

Það hefir verið talið, að meiri trygging væri fyrir því, að hæfir dómarar fengjust og pólitík kæmist ekki að, ef dómaraprófi væri beitt, heldur en ef pólitískur ráðh. skipaði í dóminn. Ég ef-

ast um, að þetta sé rétt. Það hefir einnig verið mikið um það talað, að ekki ætti við, að hæstiréttur yrði fyrir gagnrýni. Ef þetta er rétt, má heldur engin gagnrýni fara fram á útvalningu réttarins á nýjum dómurum. Þetta getur vitanlega verið þægilegt fyrir réttinn, til að losna við allar aðfinnslur. Hinsvegar hlýtur ráðherra, sem skipar í réttinn, að vera undir skarpri gagnrýni blaða og almennings, og slík gagnrýni hlyti að vera mikið aðhald fyrir ráðherrann og meira en dómararnir, sem ekki má gagnrýna, hafa. Það hefir verið talað hér mikið um helgi hæstaréttar. Ég verð nú að segja eins og er, að í mínum augum er hann ekkert annað en veraldleg stofnun, sem ávallt hlýtur að vera skipuð meira og minna breyskum mönnum, sem getur yfirsézt eins og öðrum. Og ég álít, að hver megi hafa sína skoðun og láta hana í ljós, á þeim dómum, sem þar eru felldir. Mér hefir aldrei dottið í hug að efast um, að dómar hafi verið pólitískir og muni verða það. Hvernig ætti annað að vera? Það er ekkert nema skinhelgi, að halda öðru fram. Ég kann ekki við þessa helgislepju kringum þessa stofnun fremur en aðrar.

Hv. 4. landsk. var að tala um þá brtt. að fella niður orðin félagsskap málaflutningsmanna. Hann kvað engar kvartanir hafa borizt út af málaflutningsmannafél. hér. Ég veit nú ekki, hvort þetta er rétt. Það kom fram í Nd., og hefir ekki verið mótmælt, að einn málaflm. hefði tekið 25 þús. kr. fyrir flutning á einu máli fyrir rétti. Sá, sem málið var flutt fyrir, þóttist verða hart úti, en fékk enga rétting mála sinna, af því að málaflm. þessi hélt peningunum eftir. Þetta atvik hefir nú komið fyrir, og ég ber það traust til málaflm. við hæstarétt, að ef þeir hafa með sér félagsskap, sem lítur eftir slíku sem þessu, hefði hlutur eins og þessi ekki getað komið fyrir og gæti ekki komið fyrir. Ég veit, að stj. slíks félags myndi gæta þess, að ekki þyrfti að falla blettur á íslenzka málaflutningsmannastétt utanlands né innan.

Þá kem ég að brtt. hv. 4. landsk. um að breyta „getur“ í „skal“. Ég vék að þessu í fyrradag og komst inn á hæstaréttardóm um brot á lögum um bann gegn botnvörpuveiði í landhelgi. Ég þóttist þá sýna fram á, að orðið „skal“ er allteygjanlegt í lagamáli. Í 1. gr. laganna stendur:

„Í landhelgi við Ísland skulu bannaðar vera fiskiveiðar með botnvörpum“, en í 5. gr.: „Skipstjóri, er gerir sig sekan í ítrekuðu broti gegn 1. gr., skal — — sæta fangelsi“.

Hér segir með ákveðnum orðum, að skipstjóri skuli dæma í fangelsi við ítrekað brot, en það var ekki gert eins og ég gat um. Af þessu virðist, að þeir, sem eru ólöglærðir, geti aldrei verið vissir um, hvernig túlka skuli orðið „skal“, þar sem það virðist hafa margar merkingar. Ég er ekki skólagenginn, þess vegna legg ég þann skilning í orðin, sem þau hafa í mæltu máli. Og okkur, sem lítið höfum lært af þessa heims vísindum nema boðorðin, myndi finnast það breyta talsverðu, ef alstaðar væri sett „getur“ í staðinn fyrir „skal“, þó aldrei væri nema í sjöunda boðorðinu. Hv. 4. landsk. sagði, að með þessu væri ekki verið að takmarka vald ráðherra á nokkurn hátt. Sé svo ekki, er brtt. tilgangslaus. En af því, að ég felst ekki á, að „getur“ og „skal“ sé sama, er ég andvígur brtt.

Frsm. minni hl. (Pétur Magnússon): Ég get ekki látið hjá líða að leiðrétta herfilegan misskilning, sem kom fram í ræðu hv. 2. þm. Eyf. Hann var að tala um 25 þús. kr., sem málaflutningsmaður hefði reiknað sér í málafærslulaun og taldi, að við þetta hefði fallið blettur á ísl. málaflutningsmenn. Þetta er afskaplegur misskilningur hjá hv. þm. Málaflm. geta ekki reiknað sér tímakaup. Þeir verða að vinna fjölda verka, sem þeir fá ekkert fyrir, og verða m. a. oft að láta töluvert fé út fyrir skjólstæðinga sína, sem eðlilega gengur misjafnlega með innheimtu á. Auk þess eru ýmsar kröfur svo smáar, sem þeir hafa til innheimtu, að þær þola mjög lítinn kostnað. Þóknun málaflm. er því álagning á kröfurnar eftir föstum taxta, sem engin launung er á, svo að allir vita, að hverju þeir ganga. Mér er vel kunnugt um mál það, sem hv. 2. þm. Eyf. gat um, og þó að þóknun sú, sem hann skýrði frá, að tekin hefði verið, sé mjög orðum aukin, er það rétt, að á okkar mælikvarða var hún mjög há. En

kröfuupphæðin í máli þessu var líka yfir hálf millj. kr., og þegar þess er gætt, býst ég ekki við, að neinn, sem skyn ber á, telji þóknunina ósanngjarna. Um hana varð heldur enginn ágreiningur milli málsaðila og umboðsmanns. Hv. þm. þarf því ekki að gera sér neinar áhyggjur út af, að málaflm.stéttinni hafi verið gerð nein vanvirða með þessu, enda væri sá málaflm., sem hér átti hlut að máli, manna ólíklegastur til að gera stétt sinni vanvirðu.

ATKVGR.

Brtt. 570,1 felld með 7:6 atkv.

1. gr. samþ. með 8:4 atkv.

Brtt. 570,2 felld með 7:6 atkv.

2. gr. samþ. með 8:6 atkv.

Brtt. 598,1 samþ. með 8 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 8:1 atkv.

Brtt. 570,3 felld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PM, BSn, GL, HSteins, JakM, JBald.

nei: JónJ, JónÞ, JónasJ, MT, PH, EÁrna, IP, GÓ.

4. gr. samþ. með 8:4 atkv.

Brtt. 570,4—7 teknar aftur.

— 598,2 samþ. án atkvgr.

5. gr., svo breytt, samþ. með 8:1 atkv.

6.—7. gr. samþ. með 8:1 atkv.

Brtt. 537,1 felld með 7:7 atkv.

— 591,1 samþ. með 8:6 atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 8:2 atkv.

Brtt. 598,3 samþ. án atkvgr.

9. gr., svo breytt, samþ. með 9:2 atkv.

10. gr. samþ. með 8:2 atkv.

Brtt. 598,4 samþ. með 8:2 atkv.

11. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

12. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 598,5 samþ. án atkvgr.

13. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 570,8 tekin aftur.

14. gr. felld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónJ, JónasJ, MT, PH, EÁrna, IP, GÓ.

nei: JakM, JBald, JónÞ, PM, BSn, GL, HSteins.

15. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 598,6 samþ. án atkvgr.

16. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 570,9 tekin aftur.

— 598,7 samþ. án atkvgr.

17. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

18.—20. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 537,2 tekin aftur.

— 570,10 felld með 8:5 atkv.

21. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

22.—23. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 598,8 samþ. með 9 shlj. atkv.

— 537,3 felld með 7:7 atkv.

24. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 570,11 felld með 8:5 atkv.

25.—27. gr. samþ. með 8:3 atkv.

Brtt. 598,9 samþ. án atkvgr.

28. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

29.—33. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 598,10 samþ. án atkvgr.

34. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 537,4 felld með 7:7 atkv.

35. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 570,12—19 teknar aftur.

36.—43. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 598,11 samþ. án atkvgr.

44. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

45.—48. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 537,5 samþ. með 12:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PM, BSn, EÁrna, GL, HSteins, JakM, JBald, JónJ, JónÞ, JónasJ, MT, GÓ.

nei: IP, PH.

49. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

50.—53. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 598,12 samþ. án atkvgr.

54. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

55. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 598,13 samþ. án atkvgr.

56. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

57.—62. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 598,14 samþ. án atkvgr.

63. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

64.—66. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 598,15 samþ. með 8:2 atkv.

67. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

68. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Brtt. 591,2 samþ. með 8:6 atkv.
69. gr., svo breytt, samþ. með 8:2 atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EÁrna, IP, JBald, JónJ, JónasJ, MT, PH, GÓ.
nei: GL, HSteins, JakM, JónÞ, PM, BSn.

Á 69. fundi í Ed., 7. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 608, 623).

Jón Þorláksson: Ég hefi leyft mér að bera hér fram tvær brtt. á þskj. 623 við þetta frv., en þótt brtt. séu bæði fáar og stuttar, má ekki skilja það svo, að ég sé ánægður með frv. að öðru leyti og telji ekki þörf frekari breyt. á því. En ég vil við þessa umr., sem e. t. v. verður hin síðasta hér í deildinni, gera tilraun til að nema burtu það hneykslanlega ákvæði í upphafi 2. gr., að hæstiréttur, æðsti dómstóll landsins, skuli lagður niður. Með þessu er gefið slíkt fordæmi, að ég skil ekkert í þeim mönnum, sem vilja koma á þessari lagasetningu, að þeir skuli vilja innleiða fordæmi fyrir því, að hvenær sem er megi leggja æðsta dómstól landsins niður með lögum. Ef það fordæmi er gefið, að leggja megi þennan dómstól niður, ef nægilega áhrifamiklum manni mislíkar við hann, verður það áreiðanlega ekki í síðasta skiptið, sem slíkt verður gert. Eftirleikurinn er óvandari, en þó að einhverjir, sem eru mér nærstaddir í skoðunum, gætu fengið þetta vopn í hendur, þá lít ég svo á, að æðsti dómstóll landsins eigi að vera verndaður fyrir slíkum tiltektum. Meðhaldsmenn frv. hafa slegið úr og í, er minnzt hefir verið á þetta atriði og hafa viljað afsaka sig með því, að samkvæmt ákvæðum frv. að öðru leyti sé ekki verið að leggja æðsta dómstól landsins niður. Ég get ekki fallizt á þetta. Það er skýrt tekið fram í 2. gr., að hæstiréttur skuli lagður niður, og þótt núv. dómarar eigi að taka sæti í fimmtardómi, ef þeir óska þess, er það aðeins bráðabirgðaákvæði, sem bundið er við þá persónulega og getur fallið burt án þess að efni frv. raskist að nokkru leyti.

Annarsvegar hefir þetta verið varið af hæstv. dómsmrh. með því, að æðsti dómstóll landsins hafi verið lagður niður áður. Honum hefir verið bent á, að þetta er alger misskilningur, enda hlýtur hann að vita það. Æðsti dómstóllinn hefir aldrei verið lagður niður, heldur var æðsta dómsvaldið tekið af erlendum dómi, sem hélt áfram að starfa í sínu heimalandi, og flutt hingað heim, en um leið var miðstigið í íslenzkum dómstólum lagt niður (yfirréttur) af því að réttara þótti að hafa dómsstigin aðeins tvö. Æðsti dómstóll landsins hefir því aldrei verið lagður niður með lagaboði fyrr en ef nú á að gera það.

Brtt. mín er á þá leið, að fimmtardómur taki við starfi hæstaréttar. Með þessu orðalagi er það lagt á vald lögskýrenda, hvort hæstiréttur sé lagður niður við stofnun fimmtardóms, eða hvort aðeins sé um nafnbreyt. að ræða. Um þessa brtt. finnst mér því, að allir ættu að geta orðið sammála.

Ég vil mótmæla því, sem hæstv. dómsmrh. sagði við 2. umr. um skoðun manna á nafni dómsins. Hann kvað nú alla vera orðna sammála um, að það væri sjálfsagt, að æðsti dómstóllinn héti þessu nafni. Hann hefir sjálfsagt dregið þessa ályktun af því, að nú er ekki eins mikil áherzla lögð á það að fá nafni dómsins breytt eins og áður, en þó hefir legið fyrir brtt. um það. En mér er óhætt að fullyrða, að allur þorri manna telur fimmtardómsnafnið klaufalegt og illa valið. Þetta sést ljóslega á því, að í 1. gr. frv. er látin fylgja þýðing á erlendum málum á nafni dómsins, svo að augljóst sé, að hér sé um æðsta dómstól landsins að ræða, sem annars væri ómögulegt að sjá. Hitt er það, að nafn er ávallt nafn og því skiptir litlu, hvert það er í samanburði við innihald frv.

Þá á ég brtt. við 63. gr. um að orðin „ef þeir óska þess", falli burt. Þetta skiptir e. t. v. ekki miklu máli, en ég álít ekki eiga við, að það sé undir þeim mönnum komið, sem hér eiga hlut að máli, hvort þeir halda áfram dómarastörfum sínum eða ekki, þar sem þeir hafa tekið að sér embætti, sem vanalegt er að skoða sem æfilangt, meðan starfskraftar leyfa. Ég álít, að ekki eigi að gefa þessum mönnum

færi á að sleppa stöðu sinni og hætta að starfa, nema þeir beri fram ósk um annað. Ég álít rétt að orða þetta svo, að núv. hæstaréttardómarar taki sæti í fimmtardómi, og í öllu falli á ekki að þurfa að spyrja þessa menn, hvort þeir vilji vera í dómi, sem að vísu hefir tekið nýtt nafn, en heldur áfram störfum hins fyrra dómstóls.

Ég skal játa, að búið er að sníða burt ákaflega mikið af þeim verstu ágöllum og óhæfum, sem í frv. voru í upphafi, svo að þeir, sem barizt hafa til að varðveita æðsta dómstól landsins fyrir afskiptum umboðsvaldsins, hafa unnið mikið á, jafnvel þótt frv. verði að lögum eins og það er nú. En nægilega mikið hefir þó ekki áunnizt, þar sem í frv. eru að mínum dómi ákvæði, sem eru bein afturför frá því, sem var, að því er snertir aðstöðu dómstólsins gagnvart löggjafar- og umboðsvaldi.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég varð að hætta við að svara hv. 4. landsk. við 2. umr., sökum þess, hvernig vinnubrögðum var háttað í deildinni. Vil ég því nú víkja að honum nokkrum orðum.

Hann sagði, að ég hefði gefið í skyn, að hinn æðsti dómstóll ætti að dæma eftir almenningsálitinu. Þetta er nú sú meðferð á sannleikanum, sem nokkuð kvað tíðkast í málafærslu. Ég sagði, að óhugsanlegt væri, að dómstóll gæti dæmt til lengdar þvert ofan í réttarmeðvitund almennings. Ef dómstóllinn fellir dóma andstætt réttlætistilfinningu borgaranna lengi og þrálátt, þá breytir þjóðin dómnum. Í stjskr. í gert ráð fyrir þessu, um leið og gert er ráð fyrir, að hægt sé að láta dómara fara frá, að vísu með launum, ef mikil breyt. er gerð á dómnum. Auðvitað er ekki hægt að dæma svo öllum líki, en munur er á, hvort orkar tvímælis almennings um fáa dóma eða marga.

Hv. 2. þm. Árn. tók það skýrt fram, að hæstaréttardómararnir myndu allir tilheyra sama stjórnmálaflokki. Ég ætla ekkert að segja um þetta, en ég vil benda á, að sá maður, sem þetta sagði, mun vera elzti maður deildarinnar, er einn af elztu og reyndustu dómurum landsins og nauðþekkir alla dómara hæstaréttar. Hann sat á þingi 1919, þegar lögin voru sett. Vitnisburður hans er því þungur á metunum, enda hefir sú raunin orðið á, að hv. 4. landsk. hefir ekki treyst sér til að mæla móti því með rökum, sem hann sagði. — Ég hafði orðað mína skoðun nokkuð öðruvísi. Ég taldi skipulagi dómsins vera ábótavant, og e. t. v. vinnubrögðum hans líka. Ég nefndi það sem dæmi, að hæstiréttur hefði ómerkt dóm undirréttar í bæjarfógetamálinu, vegna þess að hinn reglulegi dómari vék sæti, af því að hann hafði um mörg ár verið starfsmaður bæjarfógetans. Hæstaréttardómararnir sáu hinsvegar ekki ástæðu til að víkja, þótt þeir væru gamlir vinir, skólabræður og flokksbræður sakbornins. Þessu var veitt eftirtekt af borgurum landsins og það því fremur sem niðurstaða dómsins varð ákaflega vefengd af landsmönnum yfirleitt.

Hv. þm. vildi vefengja, að það væri rétt, að hæstiréttur hefði skipt um skoðun frá því hann sýknaði Björn Kristjánsson af skaðabótakröfu S. Í. S. og þar til hann dæmdi ritstjóra Tímans sekan. Nú ætla ég að lesa upp það, sem hæstiréttur segir sjálfur. Björn hafði ákært S. Í. S. og kallað það svikafyrirtæki, svikara þá, er að því störfuðu, að þeir störfuðu í illum tilgangi o. s. frv. Um þetta segir hæstiréttur, með leyfi hæstv. forseta: „Það hefir ekki verið sannað eða gert sennilegt, að hin átöldu ummæli hafi bakað áfrýjanda tjón, og verður skaðabótakrafa því ekki tekin til greina".

Í þessu tilfelli er grundvöllurinn sá, að ekki skipti annað máli um niðurstöðuna en það, hvort tjónið hafi verið sannað eða ekki.

Svo líður eitt ár. Garðar Gíslason fer þá í mál við ritstjóra Tímans út úr greinum, sem þar höfðu birzt um hrossaverzlun hans. Hann heimtaði 25 þús. kr. skaðabætur. Undirdómarinn, Jóhannes Jóhannesson, dæmi honum það allt. Þegar málið kom fyrir hæstarétt varði núv. hv. 4. landsk. það fyrir ritstjóra Tímans. Hann var þá duglegur málafærslumaður fyrir gott mál, eins og hann er nú fyrir vont mál, og honum tókst að sanna, að skaðabótakrafa Garðars var byggð á tómri vitleysu. Um þetta segir hæstiréttur:

„Það verður að telja upplýst, að tap stefnda á hrossaverzluninni 1924 sé aðallega af öðrum rökum runnið en hinum átöldu blaðagreinum".

Þarna segir dómurinn það sama og í hinu málinu, að það sé ekki sannað, að stefndur hafi neitt tjón hlotið af greinunum. Hann segir m. a., að það sé „upplýst", að tjón hans stafi **ekki** af þeim. En það verður samt dálítið annað uppi á teningnum. Hæstiréttur bætir við:

„Að því hinsvegar athuguðu, að verzlun með hross og aðrar landbúnaðarafurðir er og var, þegar framangreind meiðyrði og móðgunaryrði birtust, einn þáttur í atvinnurekstri stefnda, og ummælin eru til þess fallin að spilla áliti hans sem kaupmanns og fæla menn frá viðskiptum við hann, og að stefndi ennfremur hefir undir rekstri málsins gert það sennilegt, að þau hafi spillt atvinnu hans, ber að dæma áfrýjanda til þess að greiða stefnda skaðabætur, er eftir málavöxtum þykja hæfilega ákveðnar 5000 kr".

Fyrst er að athuga það réttaröryggi, sem felst í þessum tveim dómum. Í síðara skiptið dæmir undirdómarinn í 25 þús. kr. sekt. Það var nokkurskonar féránsdómur og alveg nægilegur eins og á stóð til að eyðileggja pólitíska andstæðing. Síðan sannar hv. 4. landsk., að þetta er ekki á neinu viti byggt, kaupmaðurinn hafi engan skaða beðið. En þá gleymir hæstiréttur því, að það þarf að sanna, að tjón hafi af hlotizt, ef skaðabætur á að veita. Hann segir, að það sé sannað, að kaupmaðurinn hafi ekki beðið skaða eins og hann sjálfur segi frá. En ef til vill hafi hann skaðazt að öðru leyti og kunni að skaðast í framtíðinni! En þá gat sannarlega skeð, að S. Í. S. tapaði í framtíðinni á niðrandi dómum B. Kr. um starfsmenn þess. Árið áður þurfti að fara fram sannanir fyrir tjóni, nú þurfti ekki einu sinni að færa líkur fyrir því.

Þetta ósamræmi milli þessara tveggja dóma er öllum lagamönnum kunnugt, og það hefir ekki fyrr verið reynt að verja öðruvísi en sem skoðanaskipti réttarins. En það var dálítið óheppilegt og mun e. t. v. styðja skoðun hv. 2. þm. Árn., að skoðun réttarins varð í báðum tilfellum íhaldsflokknum til framdráttar.

Ég mun ekki eyða miklum tíma til að tala um það, sem hv. 4. landsk. sagði um galdrabrennurnar og krossfestingu Jesú Krists. Þau dæmi sýna helzt, hvað dómstólarnir eru yfirleitt ófullkomnir. Hv. þm. veit sjálfsagt, að galdradómarnir voru uppkveðnir að lögum. Galdrabrennurnar sýna því allt annað en það, sem hv. 4. landsk. ætlast til. Þær sýna, að dómar almennings og dómstóla geta verið misjafnlega viturlegir. Þarna voru ranglát lög framkvæmd af mönnum, sem ekkert gerðu til þess að leiðrétta þau og laga. Því varð þessi sorglega niðurstaða.

Að því er snertir sjálfan frelsarann, þá fullyrða fræðimenn í trúarbragðasögu, að dauðadómur hans hafi verið í samræmi við landslög. Það hefir sjálfsagt verið miklu sterkari dómur en umræddur hæstaréttardómur frá 1926. Hitt er annað mál, að löggjöf Gyðinga og dómsframkvæmd í þessu efni hefir ekki fengið meðhald kristinna þjóða.

Þá minntist hv. 4. landsk. á lögfræðingafund, er hér hafði verið haldinn 1927, og taldi, að hann hefði valdið því, að tekin var upp viðleitni til að bæta fangelsin. Það getur vel verið, að þessi fundur hafi samþ. eitthvað í þessa átt og meira að segja sent það í stjórnarráðið, þó ég hafi aldrei séð það. En ef hv. þm. hefir séð hópmynd þá, sem til er af fundinum, þá mun hann varla lá mér það, þó ég færi ekki mikið eftir till. þeim, sem þar komu fram. — Það er áreiðanlega ekki lögfræðingafundinum að þakka, að hafizt var handa í fangelsismálunum. Og ef hann vill fletta upp í Alþt. frá 1928, þá getur hann séð, hvernig flokksmenn hans og ekki sízt lögfræðingarnir, tóku í það að byggja viðbótarfangelsi. Þegar íhaldið sleppti völdum, þá var svo ástatt, að tveir árgangar fanga höfðu ekki afplánað refsingu sína, vegna þess að fangelsið var of lítið og of slæmt, svo sumir þoldu það ekki. Það hefði mátt búast við því, að hæstaréttardómararnir, sem unnu daglega í sama húsinu, hefðu séð hið auma ástand fanganna og látið til sín taka um umbætur. Til þess þurftu þeir ekki neitt að blanda sér í pólitík. En þeir gerðu það ekki, vitanlega af því að þeir hafa ekki haft gáfur, þekkingu eða það rétta hugarfar, sem þurfti til að sjá ástand þessara smælingja.

Hv. þm. sagði, að verið væri að ráðast á hæstarétt. Ég býst við, að hann kalli það t. d. árás, þegar hv. 2. þm. Árn. heldur því fram, að ráðh. sá, er fyrstur veitti embættin í réttinum, hafi sett þangað flokksbræður sína. En nú vil ég benda á það, að hvenær, sem íhaldinu hefir líkað illa dómur, þá hefir það ekki aðeins gagnrýnt hann, heldur gengið lengra. Hv. þm. kannast við hið stórkostlega svikamál í Ísafjarðarsýslu við næstsíðustu kosningar. Til að rannsaka það mál var fenginn maður, sem Íhaldsflokkurinn ætlaði að hafa í framboði vorið áður móti hæstv. forsrh. Þegar það kemur í ljós, að þessi maður ætlar að rannsaka málið kröftuglega og rannsóknin ætlar að leiða til óþæginda fyrir flokkinn, þá er hafin látlaus árás á rannsóknardómarann í íhaldsblöðunum. Ég man sérstaklega eftir einu tbl. af Mbl. Rannsóknardómarinn á aldraða móður í Borgarnesi, og fólk hennar forðaði henni frá að sjá það blað, til að særa hana ekki með svívirðingum þeim, er þar var hrúgað saman um son hennar. Litlu síðar er í Bolungavík dregið saman lið til að gera aðsúg að rannsóknardómaranum og hrekja hann úr þorpinu. Þetta athæfi virti hæstiréttur á 100 kr. til sektar. Svo lítið mat hann friðhelgi dómara við skyldustörf sín. — Þá þarf ekki að minna á árásir þær, sem hv. þm. Barð. varð fyrir frá gjörvöllum íhaldsflokknum, þegar hann var að rannsaka bæjarfógetamálið, og var þó ekki sök hans önnur en sú, að hann gerði skyldu sína. — Enn hefir það sézt, að það er ekki heldur hlíft við, þegar hæstiréttur er ekki flokksdómur til að aðstoða sinn flokk. Til þess þó, að það sæist, að það væru ekki bara undirdómararnir, sem væru ofsóttir, ef þeir störfuðu ekki eftir ströngustu flokksfyrirskriftum, þá er þess skemmst að minnast, að einn úr miðstj. flokksins, Sig. Eggerz, hefir nýlega gefið út bók, sem er hin grófasta árás á hæstarétt, sem sézt hefir. Þar ræðst hann á tvo dómendur réttarins, einkum prófessor Einar Arnórsson, líkir honum við sjálfan fjandann með horn og klaufir, þar sem hann kemur með rýting í hendi og vegur aftan að flokksbróður sínum. Á öðrum stað er ráðizt á hann og próf. Ólaf Lárusson og talað um, að stj. muni hafa haft áhrif á þá; þeir séu henni háðir, af því að þeir vinni fyrir hana. Nú er þar ekki um annað að ræða en að annar þeirra hefir rannsakað Grænlandsmálið, og reyndar gert það fyrir þingið, en hinn hefir samið nokkur frv. fyrir stj. Hvorugur er að neinu leyti háður stj. Hér er aðeins um að ræða löngun til að ráðast á dómarana og bera þeim á brýn lágar hvatir.

Það er því sýnt, að aldrei hefir nokkur stjórnmálaflokkur ofsótt dómara meira en flokkur hv. 4. landsk., og mætti nefna fleiri dæmi þess.

Þá kem ég að ræðum hv. 1. landsk., bæði þeirri, sem hann hélt hér í dag, og einu eða tveimur atriðum úr þeirri ræðu, er hann hélt hér við síðustu umr.

Hann hélt því fram, að ástæðan til þess, að ég væri að vinna að þessari breyt., væri sú, að ég hefði tapað máli fyrir hæstarétti. Það er nú að vísu ekki rétt. En landið hefir, eins og gengur, bæði unnið og tapað málum, meðan ég hefi setið í stjórn; en þau hafa hvorki komið sérstaklega nærri mér né mínum nánustu, eins og t. d. þegar bæjarfógetinn í Rvík dró sér vextina. Það var almennt mál, er engin stj., sem vildi gæta skyldu sinnar, gat gengið framhjá. Eins er með hæstarétt. Hann hefir form, sem ekki er heppilegt, og því þarf að breyta. Það er unnið að því eins og hverju öðru almennu landsmáli, og því er fylgzt með því úti á landsbyggðinni. Þjóðin heimtar, að um það mál sé rætt fræðilega og án tillits til „persónupats".

Þá var hv. þm. ekki vel við það, sem ég og hv. 2. þm. Árn. sagði um fordæmin fyrir því að taka dómstólinn undan 1. skrifstofu og leggja hann undir fjármála- eða atvinnumálaskrifstofurnar. Ég get vel skilið, að hv. þm. sé ekki vel við að minnast á umbrot þau, er urðu, þegar Björn Kristjánsson varð fjmrh. Þegar ráðherrar urðu þrír varð auðvitað að skipta málunum eðlilega milli þeirra. Áður, meðan ráðh. var einn, gerði það ekki svo mikið til, hvaða skrifstofu hvert mál heyrði undir. En það var öllum ljóst, að bankarnir áttu að fylgja fjármáladeildinni. Það heimtaði Björn Kristjánsson, en Jón Magnússon gat þá

ekki orðið við því, vegna þess að hann varð að beygja sig fyrir kröfum Íslandsbanka, sem ekki vildi standa undir bankastjóra hins bankans, er hafði verið honum töluvert harðsnúinn andstæðingur. Þess vegna fékk Björn Kristjánsson ekki bankamálin undir sína deild, þó að þau ættu þar að vera, heldur voru þau látin heyra undir Sigurð heit. Jónsson. Var gengið út frá því, og það alveg réttilega, að hann myndi ekki vera neinn hatursmaður Íslandsbanka. En þessi málaflutningur milli deilda hafði síðar aðrar og óþægilegar afleiðingar. Það var þegar þau voru aftur flutt frá atvmrn. og látin heyra undir forsrh., til þess að hann gæti sjálfur veitt sér stöðuna..

Ég hygg, að við þessi atvik séu bundnar óþægilegar endurminningar fyrir hv. 1. landsk. Hann hafði á sama tíma ætlað að taka við stjórn landsins, þótt ekki yrði þá úr því, að hann hefði forustu hennar. Var hann búinn að ákveða að skipa mann, er lengi hafði dvalið erlendis, í bankastjórastöðuna. Maðurinn flutti heim, en lítið varð úr efndum við hann. Hv. 1. landsk. hafði ekki gert ráð fyrir þessum klókindum hjá Sigurði Eggerz, og áfelli ég hann ekki fyrir það. Ég álít það frekar bera vott um göfugan hugsunarhátt en hitt, að ætla ekki neinum forsrh. svo lágar hvatir, að hann rugli verkaskiptingu vegna eigin persónulegra hagsmuna. Þetta er eitthvert allra leiðinlegasta atvik, sem komið hefir fyrir síðan íslenzk stj. var flutt inn í landið, og var alls ekki gert í þjónustu réttlætisins.

Um leið og ég lýk máli mínu um þetta sögulega atriði, skal ég minna á það, sem hv. 4. landsk. sagði um till. hv. 3. landsk., og hann vitanlega meinti enn ákveðnar en hann sagði það, að þessi leið, sem með till. væri farin, væri fordæmanleg og gæti ekki réttlætzt af öðru en því, að henni væri stefnt gegn ákveðnum manni. Það væri hið sama og ef t. d. Flóaáveitan væri lögð undir kennslumálaráðh. Hv. 4. landsk. afsakaði till. með því einu, að af henni leiddi frá hans flokki séð, bráðabirgðahagræði fyrir augnablikið, að forsrh., en ekki ég færi með þessa veitingu. Þetta kom glögglega fram hjá hv. 4. landsk. Ég vil nú benda á, að með þessu er í raun og veru verið að ráðast að forsrh., án þess að hann hafi nokkuð til þess unnið. Hann hefir ekkert gert til að fá þetta vald í sínar hendur og sízt, eins og Sig. Eggerz, óskað eftir því, enda er slík eiginhagsmunabarátta ekki honum að skapi. Þegar á það er litið, að það er íhaldið, sem styður þessa till., þá sést, að hér er um árás á forsrh. að ræða. Íhaldið vill engar umbætur á neinu sviði. Það vill engar umbætur í dómsmálum, fangelsum, tollmálum, lögreglumálum, og þá ekki heldur á æðsta dómstól landsins. Það vill hafa allt slíkt á sem allra lægstu stigi. Þegar þessi stefna þess er lögð til grundvallar og það segist heldur vilja, að forsrh. fari með þessi mál en að dómsmrh. geri það, þá er verið að kasta alveg óverðskulduðum skugga á forsrh. Ósk þeirra eftir þessari skiptingu og fylgi þeirra við till. um hana hlýtur að byggjast á því einu, að þeir treysti því, að hæstv. forsrh. geri frekar að vilja þeirra, er engar umbætur vilja. Ég þykist vita, að hv. 3. landsk. meinti ekki þetta. Hann segir, að fyrir sér vaki það eitt, að um skipulagsatriði sé að ræða, er verði til frambúðar. En íhaldsmennirnir líta á þetta sem ákvæði til bráðabirgða og ljá því fylgi sitt af þeirri ástæðu. En þetta er, eins og ég sagði, ómakleg árás á hæstv. forsrh., sem hefir sýnt það oftsinnis, að hann vill halda uppi réttlætinu. Ég skal minna á eitt dæmi. Á þinginu 1919 notuðu nokkrir þm. sérstaka aðstöðu, er þeir höfðu sem þm., til að auðga sig á síld, er þeir keyptu og seldu svo með ágóða kjósendum sínum. Hæstv. forsrh., sem þá var ritstjóri Tímans, tók svo hart á þessu í blaði sínu, að samkynja hneyksli hefir ekki gerzt síðan, svo menn viti.

Ég skal svo láta útrætt um þetta atriði. En þegar við þá fjarstæðu bætist, sem það er að breyta þessu formi eða tilhögun, þakklæti andstæðinganna, sem engar umbætur vilja, þá veit ég varla, hvort ástæða er fyrir hv. flm. till. að vera neitt sérlega hrifinn af henni.

Þá vil ég víkja að brtt. hv. 1. landsk. Hann sagði, að ef svo væri ákveðið, að hæstiréttur væri lagður niður, þá væri óvandari eftirleikurinn. Hv. þm. á víst við það, að hann geti þá aftur komið á flokksdómstóli, ef honum tekst að vinna

þingmeirihluta. Þessi röksemd hv. þm. hefði nú alveg eins getað átt við 1919, þegar landsyfirrétturinn var lagður alveg brotalaust niður, en hann var þá æðsti dómstóll hér á landi. Það hefði alveg eins mátt breyta l. um hann og skapa þar með hæstarétt. Sömu dómarar héldu þar áfram sömu vinnubrögðum. Þar var ekki um eins mikla breyt. að ræða eins og hér er lögð til. Það virtist vera auðvelt að orða það svo, er hæstiréttur Dana hætti að dæma í íslenzkum málum, að yfirréttur breyttist í hæstarétt, og ef vel hefði átt að gera, þá mátti setja ákvæði um það, að yfirréttardómararnir gengju inn í hæstarétt sem dómarar. Þetta gerði þó Jón heit. Magnússon ekki. Hann vissi sem var, að honum var auðvelt að taka pólitíska samherja sína inn í réttinn og gerði það líka.

Annars álít ég, að búið sé að fella hér við 2. umr. brtt., sem gengur í sömu átt og þessi, að hæstiréttur verði ekki lagður niður. Ég sé því ekki, að hægt sé að samþ. þessa till., enda er ekki hægt að hafa þetta öðruvísi en er í frv., þegar nýr dómstóll er myndaður. En á þessari till. hv. 1. landsk. sést, og það styður skoðun hv. 2. þm. Árn., þá, að um flokksdómstól sé að ræða, að íhaldsmenn gera sem þeir geta, til að tryggja það, að sömu dómarar haldi áfram, eins og engir aðrir en þeir væru færir til að gegna dómarastörfum. En að vísu vita allir það, að það hefir þýðingu fyrir flokk þeirra, að sömu menn sitji í dómarasætunum. Ég skal nefna eitt mál, er sýnir þetta: Bankar þeir hér í bæ, sem lána út á óveiddan fisk, hafa höfðað mál gegn fiskfirma einu hér í bæ og krefja það um endurgreiðslu á um 300 þús. kr., sem er andvirði fiskjar, er firmað tók upp í skuld, en fiskurinn var veðsettur bönkunum. Nú er það sannað, að því er svo varið, að maðurinn, sem lét af hendi veðsetta fiskinn til firmans, hefir verið dæmdur fyrir svik og sá dómur staðfestur af hæstarétti. En hér er um það að ræða, hvort firma það, er fiskinn tók upp í skuldina, hafi vitað um veðsetningu hans. Hníga öll rök að því, að svo hafi verið, og sömuleiðis framburður þess, er fiskinn afhenti og dæmdur var. Skuld mannsins við firmað var eldri en lán þau, 300 þús. kr., er bankarnir höfðu veitt út á væntanlegan afla. En firmað lét hirða fiskinn jafnóðum og hann veiddist og án þess að bankinn vissi, að um greiðslu á skuld væri að ræða. Allir, sem til þessa máls þekkja, munu hafa ákveðna skoðun um það og álíta, að bankarnir eigi að fá þessa upphæð. En hinsvegar mun nú þegar, áður en málið er tekið í dóm, vera komin fram ákveðin skoðun um það í hæstarétti, og er hún á þá leið, að bankarnir eigi að tapa þessu fé. Þetta firma, sem hér á hlut að máli, er eitthvert stærsta íhaldsfirma hér í bænum og traustasta vígi þess flokks. Hv. 1. landsk. skilur það líka vel og er ánægður með það, að hæstiréttur sé sem beztur sínum flokksmönnum. Ég hygg, að ekki verði varizt þeirri hugsun, ef mál þetta verður dæmt svo sem búizt er við, en er gegn skoðun allra þeirra, er hafa kynnt sér málið, að dómararnir séu of slitnir orðnir og gamlir. Hitt má og kannske nokkru um ráða, ef satt er, að einn dómarinn taki trúanlegar þær leiðbeiningar, er honum berast úr öðrum heimi, og byggi dóma sína á þeim, jafnhliða því, sem hann vill breyta sögu liðinna tíma og endurskrifa hana eftir því, sem andarnir mæla fyrir. Þarf þá eigi að undra, þó ágreiningur komi upp á milli dóma hans og réttarmeðvitundar borgaranna í landinu.

Hv. 1. landsk. sagði, að af þessu frv. hefðu verið sniðnir verstu agnúarnir. Ég man ekki eftir nema tvennu, sem breytt hefir verið og máli skiptir. Annað er skilyrðið gagnvart aldri dómaranna, að þeir gætu hætt er þeir væru orðnir 60 ára. Því var breytt af sparnaðarástæðum, en ekki vegna þess, að það skapaði meira réttaröryggi. Hitt var það, að ekki var beinlínis sagt, að núv. dómarar skyldu taka sæti í dómnum. En ekkert sýnir betur, að stj. hefir eingöngu haldið sig við aðalefni frv., en að þetta hefir verið tekið til greina. Það er frekar, að vansmíð hafi komizt inn í frv. hér í þessari hv. d. En væntanlega sníður hv. Nd. þau af aftur.

Ég vil segja út af brtt. hv. 1. landsk., sérstaklega þeirri síðari, að þær munu verða óvinsælar víða úti um land. Ég get t. d. sagt frá þeirri staðreynd, að flokks-

bræður okkar hv. 3. landsk í Húnavatnssýslu telja, að frv. hafi ekki tekið hér breyt. til bóta. Ég álít, að með frv. fáist sómasamleg lausn á þessu máli, þótt betri mætti vera. En ég held, að hv. 1. landsk. reikni ekki með því, hvað það kostar að stöðva svona mál. Það er alveg víst, að þjóðin vill hafa æðsta dómstól sinn í nútímaformi, eins og annað það, sem umbætt hefir verið á síðustu árum. Hv. 1. landsk. og flokkur hans hafa að vísu staðið á móti öllum slíkum umbótum, en borgarar landsins hafa heimtað þær umbætur og eru yfirleitt ánægðir með þær, sem fengizt hafa.

Jakob Möller [óyfirl.]: Það er í raun og veru skemmtilegt að fá játningu hæstv. dómsmrh. fyrir því, að tilgangur frv. sé fyrst og fremst sá, að fá þá dómara afsetta, sem nú sitja í hæstarétti. Hann komst að vísu að því að sanna þetta eftir nokkuð skrítinni leið. Hann byrjaði á því að svara hv. 4. landsk. og vildi þá ekki viðurkenna að hafa sagt, að dómararnir ættu að dæma eftir almenningsálitinu. En síðar sagði hann þó, að ef dómararnir dæmdu ekki eftir almenningsálitinu, þá yrði dómarastarfið af þeim tekið. En nú er það svo, að stjskr. bannar, að dómari sé sviptur embætti nema eftir dómi. Það vissu líka allir, að tilgangurinn með frv. var sá einn að fara í kringum þetta ákvæði stjskr., koma dómurunum út úr dómnum og skipa hann svo mönnum eftir eigin vild. Hér er því um stjórnarskrárbrot að ræða, því til hvers væri að setja þetta ákvæði í hana, að ekki mætti víkja dómurum úr embætti nema með dómi, ef fara mætti ýmsar aðrar krókaleiðir til að svipta þá dómarastarfinu?

En þetta var ekki eina ákvæði frv., sem braut í bág við ákvæði stjskr. Þar var alveg krökkt af slíkum ákvæðum. Og því hafa nú verið gerðar þær breyt. á frv., sem hæstv. ráðh. er svo sár yfir, eins og lesa má út úr svari hans nú við þessa umr. Þessi orð hans, sem eru af sársauka töluð, fá á sig nokkuð skringilegan blæ öðruhverju. Eins og t. d., er hann hélt, að við værum fegnir því, að veiting í dómaraembættin væru tekin úr höndum dómsmrh. og fengin forsrh., af því við treystum forsrh. betur til að halda uppi rétti þeirra manna, er halda vilja uppi lögleysum í landinu. Það væri nú að vísu ekki að undra, þótt svo væri, eftir að hæstv. forsrh. hefir haft svona mikil mök við núv. hæstv. dómsmrh. En það er þó frekar um traust að ræða frá okkar hálfu, þar sem þetta er vottur þess, að hæstv. forsrh. hverfi frá villu síns vegar. En það er yfirleitt kunnugt, að hæstv. dómsmrh. er allra manna þekktastur að því að vilja halda uppi ofbeldi og ranglæti í landinu. Í stjskr. er svo ákveðið í 57. gr., að þeim dómendum, sem ekki hafa að auki umboðsstörf, verði ekki vikið úr embætti nema með dómi. En með þessu frv. er verið að skipa hæstarétt mönnum, sem umboðsvaldið hefir aðstöðu til að svipta embætti án dóms. Með þessu frv. hefir stj. aðstöðu til að ráða, hverjir dómarar eru í hvert sinn, því gagnvart þeim dómendum, sem hafa umboðsstörf að auki, hefir stj. þá aðstöðu að geta svipt þá embætti og fengið aðra dómara til að dæma í einstökum málum. Það er tvímælalaust ætlazt til þess í stjskr., að hæstiréttur sé skipaður dómendum, sem eru þannig verndaðir gagnvart umboðsstj., að hún geti engin áhrif haft á þeirra starfsemi. En þessu frv. er stefnt að því að gefa umboðsstj. þessa aðstöðu, og þessi stefna er mjög háskaleg að því leyti, að hún flytur ekki aðeins veitingarvaldið óskorað í hendur pólitískra stj., heldur gefur henni líka aðstöðu til að hafa áhrif á dómara í hverju einasta máli, sem dæmt er. Þó hæstv. dómsmrh. hafi í bili mistekizt að koma fram því, sem hann ætlaði sér í upphafi, að fá aðstöðu til þess að svipta núv. dómara hæstaréttar embætti og skipa nýja menn, þá hefir hann þó getað gert málið í meðferðinni þannig úr garði, að hann heldur aðstöðunni eftir sem áður að beita pólitískum áhrifum gagnvart dómurum. — Í þessu samb. vil ég leiðrétta ummæli hæstv. ráðh., þar sem hann talar um hatramlega árás á hæstarétt í ritlingi Sig. Eggerz, þar sem hann sakar þá Einar Arnórsson og Ólaf Lárusson um, að þeir séu háðir stj., af því þeir hafi unnið fyrir hana. Þetta er helber misskilningur á því, sem Sig. Eggerz segir. Hann sagði ekkert annað en það, sem ég hefi sagt nú, að þessir dómarar hafi

öðruvísi aðstöðu í hæstarétti en hinir reglulegu dómarar. Þeir eru háðir umboðsvaldinu í sambandi við sín aðalembætti og því í raun og veru ekki samskonar dómarar og þeir föstu dómarar. Þetta voru ekki persónulegar ákærur í þeirra garð, heldur staðhæfing, sem á jafnt við alla, líka þriðja dómarann, sem eins var ástatt um. Úr því að ég er kominn út í þetta, verð ég að mótmæla því, sem hæstv. ráðh. hélt fram, að hæstiréttur hafi orðið fyrir hatramlegum árásum í sambandi við þennan dóm. Því fer fjarri. Ég hygg, að ekki sé hægt að sýna dæmi í blöðum andstöðuflokkanna um að ráðizt hafi verið á hæstarétt fyrir þennan dóm, og þó er ekki laust við, að það þyki orka tvímælis, hvort sá dómur hafi verið rétt dæmdur. Dómarar eru eins og aðrir menn meira og minna ófullkomnir, og dómar þeirra bera þess að sjálfsögðu merki.

Hæstv. ráðh. fór svo víða um, að ég sé ekki ástæðu til að fara að elta hann allar þær koppagötur. Mér er ekki fært að dæma um mál Garðars Gíslasonar, sem hæstv. ráðh. sakar hæstarétt um að hafa dæmt rangt. (**Dómsmrh.**: Snúizt í málinu.). Ég er ekki svo kunnugur málinu, að ég geti um það rætt. En það hefir orðið upplýst í málinu, að þessi kaupmaður hefir keypt færri hross eftir að þessar látlausu árásir í Tímanum hófust, og sýnir það, að þessar greinar hafa haft þau áhrif, að hann hefir misst viðskipti. Ég geri ráð fyrir, að dómurinn hafi verið byggður á þessu, en ekki á hrossasölunni einni. Við í þinginu erum ekki færir um að ræða svona dóma eins og þessa eða dæma mál upp á ný, þó það sé siður hæstv. dómsmrh. Ég benti aðeins á þetta til að sýna, að það er ekki nema hálfsögð sagan hjá hæstv. dómsmrh. um þennan dóm. Annars skal ég ekki taka fram fyrir hendur þeirra hv. þm., sem hæstv. ráðh. var að tala um. Mitt erindi var að undirstrika þetta, að frv. eins og það er nú, þó hæstv. ráðh. hafi að vísu beðið ósigur og orðið að halda undan í ýmsum atriðum, er ennþá með þeim ágöllum, sem gera það óhæft að verða að l., og frv. getur að ýmsu leyti orðið til þess, að ráðh. fái tækifæri til þess að þjóna sínum tilhneigingum til að halda uppi ofbeldi og rangsleitni í landinu, eins og hann hefir orðað það sjálfur.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég ætla að svara strax með fám orðum hv. 1. þm. Reykv. Hann sagði, að ég hefði játað það, að eini tilgangurinn með fimmtardómsfrv., sem fyrst var flutt 1930, hefði verið sá, að koma þáv. hæstaréttardómurum frá embætti. Ég sagði ekkert um þetta og engin rök hafa komið fram, sem benda í þá átt. Hann verður að gæta að því, að það er jafnmikil breyt., sem lagt var til um fimmtaróm frá hæstarétti eins og t. d. lögreglustjóraembættinu, sem nú er, og lögmannsembættinu upp úr embættum þeim, sem þar voru fyrir. Ástæðan til þess, að þau embætti voru lögð niður, var sú, að mönnum líkaði ekki form embætta þessara, auk þess sem starfsmenn þessir höfðu of miklar persónulegar tekjur af þeim, fyrir utan annað fleira, sem ég ætla ekki að fara út í. Þessum embættum var því breytt í nútímahorf. Áhrifin hafa orðið þau, að störfin eru betur unnin en áður og þjónusta almennings betri en áður. Eins er það, að form hæstaréttar og vinnubrögð eru ófullkomin. Stjskr. mælir svo fyrir, að það mætti leggja niður dómaraembætti, ef gerð væri veruleg breyt. á dómaraskipuninni. Þessi breyt. var gerð, en það var ekkert sagt um það, að þessir dómarar ættu að hætta. Það var strax gert ráð fyrir því, að þeir yrðu með þeim fyrstu, sem gætu komið í embætti. - - Þá sagði hv. þm., að það væri stjórnarskrárbrot að gera ráð fyrir því, að kalla mætti lagaprófessora sem viðbótardómara í rétt. En hv. þm. hefir ekki gætt að því, að þetta er gamall siður. Þessir lagaprófessorar koma á hverju ári meira og minna, og stundum dæma þeir allir, eins og í prófessoradómnum, sem íhaldinu varð svo bumbult af að fá.

Ef kenning hv. þm. er rétt, þá hefir stjskr. verið þverbrotin allt frá 1919, þegar þetta skipulag var sett á. Eftir þessari skoðun hv. þm. ættu þessir lagaprófessorar að vera svo hræddir við stj., að þeir þyrðu sig ekki að hreyfa. Hv. þm. veit, að það hefir aldrei, hvorki af núv. né undanfarandi stjórnum, verið talað um að víkja prófessorum frá embætti. Í því tilfelli þyrftu að vera afarmiklar sakir á

prófessorana, ekki sem dómara, heldur sem prófessora. Þetta er allt saman sagt út í hött hjá hv. þm. Það er gengið framhjá því, að prófessorarnir eru nú varadómarar og eiga að vera það áfram, en öll þessi hræðsla við brottrekstur og mútur er heilaspuni íhaldsins. Jafnvel þeir sjálfir múta víst ekki, og engir aðrir væru líklegir til þess. Ég vil benda hv. þm. á það, að hann var langsummaður þegar núv. 2. þm. Reykv. var flokksforingi. Hann var stuðningsmaður þessa ráðh. og hafði miklar mætur á lögviti hans. Hv. þm. veit, að hv. 2. þm. Reykv. átti sæti í allshn. Nd., og hann og hv. þm. Barð. lögðu mesta vinnu í að athuga þetta frv. Það var ekki eitt orð um það í nál., að þetta væri stjórnarskrárbrot, sem hv. 2. þm. Reykv. hefði áreiðanlega haft betri aðstöðu til að dæma um en þessi samherji hans, sem er minna löglærður.

Út af máli Garðars Gíslasonar er þetta staðreynd, að í annað skiptið segir dómarinn, að það þurfi sannanir til að dæma skaðabætur, en í hitt skiptið, að ekki þurfi nema líkur. Hér er því um snúning að ræða, sem aldrei verður afsakaður, vegna þess að öll önnur rök vantar.

Jón Þorláksson: Hæstv. ráðh. fann til dálítils sviða undan þeim sannleika, sem ég lét í ljós við 2. umr., að ofurkapp hans í þessu máli stafaði af því, að hann getur ekki sætt sig við, að hann hefir tapað tveimur málum í hæstarétti. Hann getur ekki sætt sig við það, af því að sálarlíf hans er þannig gert, og þess vegna beitir hann áhrifavaldi sínu sem stjórnmálamaður og aðstöðu sinni sem ráðh. til þess að reyna að koma þeim dómurum úr sæti, sem hafa dæmt dóma, sem hann er ekki ánægður með. Út af þessu sagði hæstv. ráðh., að hann hefði aldrei tapað máli í hæstarétti. En hann tapaði báðum þeim málum, sem hann sérstaklega gerði að umtalsefni, þó nafn hans í hvorugu málinu hafi komið fram sem nafn aðila. Ég hefi sagt áður á þingi, að ég er hvorugu þessu máli nokkuð kunnugur, en ég hefi heyrt hæstv. ráðh. lesa dálítið upp úr dómnum, og það, sem hann las upp, vakti forvitni mína, svo ég náði í þessa dóma og hefi þá hér fyrir framan mig. Í öðru málinu er S. Í. S. aðilinn. Ég hygg, að hæstv. ráðh. hafi þá verið í stj. S. Í. S. (**Dómsmrh.:** Ég hefi aldrei verið í stjórn þess.). A. m. k. félagsmaður í því fyrirtæki og staðið þar framarlega, og þess vegna tekið upp þykkjuna fyrir það eins og hann væri sjálfur aðili. — Hitt málið var rekið af annari hliðinni af ritstjóra Tímans. Hæstv. ráðh. hafði náttúrlega sína stöðu sem meðritstjóri þessa blaðs. Ég tel þess vegna, að báðir þessir dómar hafi snert hann, enda hefir hann sjálfur látið í ljós, að hann hafi fundið sig snortinn af þeim. Um þessa tvo dóma segir hæstv. ráðh., að hæstiréttur hafi snúizt. Hæstv. ráðh. varð það á sjálfum að lesa upp úr dómnum forsendur réttarins, sem sýna, að hæstiréttur hefir ekki snúizt eða skipt um skoðun frá því fyrri dómurinn féll og þangað til seinni dómurinn var kveðinn upp. Í fyrri dómnum, þar sem Björn Kristjánsson og S. Í. S. voru aðilar, segir hæstiréttur, að ekki hafi verið sannað **eða gert sennilegt,** að ummælin hafi bakað áfrýjandanum tjón, og þess vegna sýknaði hæstiréttur stefnda af skaðabótakröfunni. Hæstv. ráðh. sagði í síðustu ræðu sinni, að með þessum orðum hafi hæstiréttur sagt, að það þyrfti sannanir til þess að dæmdar yrðu skaðabætur. En forsendur réttarins sýna, að það þarf annaðhvort sannanir eða að gera sennilegt, því rétturinn tekur fram, að hvorugt hafi verið gert, og þá fyrst, þegar rétturinn er kominn að þeirri niðurstöðu, neitar hann um skaðabætur. Í hinum dómnum, sem féll ári seinna, segir rétturinn aftur á móti, að stefndi hafi undir rekstri málsins **gert það sennilegt,** að spillt hafi verið atvinnu hans, og þess vegna dæmdi rétturinn skaðabætur. Hæstv. ráðh. talaði eins og hann ímyndaði sér, að rétturinn hefði átt að komast að sömu niðurstöðu, hvort sem hann teldi, að það væri ekki gert sennilegt, eins og í fyrra tilfellinu, eða að það væri gert sennilegt, eins og í seinna tilfellinu, að tjón hafi verið framið. Ég get ekki annað um þetta sagt en að það eina, sem gerir þessa skoðun og aðstöðu hæstv. ráðh. skiljanlega, er það, að náin afstaða hans til þessara mála hefir tekið þeim tökum á sálarlífi hans, að hann getur ekki gert greinarmun á játun og neitun að því er þetta atriði snertir. Ég hefi aldrei orð-

ið var við annan eins skort á réttri hugsun hjá fullvita fólki.

Þá fór hæstv. ráðh. að víkja aftur að skröksögu þeirri, sem hann bar fram við 2. umr. málsins viðvíkjandi meðferð bankamálanna, þegar Björn Kristjánsson var fjmrh. í 3ja manna ráðuneytinu 1917. Hæstv. ráðh. sagði, að bankamálin hefðu verið færð úr fjármáladeildinni og flutt í atvmrn., til þess að þau kæmu ekki undir Björn Kristjánsson. Ég upplýsti þá, að þetta væri rangt, því bankamálin höfðu allt til þessa tíma verið í atvinnumáladeildinni og héldu áfram að vera það, og ég hefi milli funda fengið upplýst, að ekki hafði þá verið minnzt á það einu orði að flytja bankamálin úr þeirri stjórnard., sem þau höfðu alltaf verið í. Þetta er því allt saman uppspunnin skröksaga hjá hæstv. ráðh. — Nú talaði hæstv. ráðh. eins og það væri eitthvert óvenjulegt fyrirbrigði, að stj. bankamálanna væri í höndum annars ráðh. en fjmrh. Ég get frætt hann á því, að það er mjög fágætt í heiminum, að stj. bankamálanna sé í höndum fjmrh. Þar sem greint er sundur í fleiri ráðuneyti, eru bankamálin yfirleitt meðal atvinnumálanna, eins og frá upphafi hér. Þannig er það í Danmörku. Þar heyra bankamálin undir ráðuneyti, sem svarar til atvmrn. hér. Hinsvegar var á þessu gerð breyt. hér á landi. og bankamálin flutt úr atvmrn. í fjmrn. Ég ætla, að það hafi verið 1922. Það kann að hafa staðið í einhverju sambandi við þau ráðherraskipti, sem þá urðu, þegar Sig. Eggerz myndaði 3ja manna stjórn 1922, og síðan hafa þau verið í fjármáladeildinni. Atvmrn. hefir miklu fleiri mál til meðferðar heldur en hin ráðuneytin, a. m. k. miklu fleiri en fjármálad., svo það mætti skoða sem eðlilegt að létta einhverju af atvmrn. og flytja yfir í aðra stjórnard. — Ég veit ekki, satt að segja, hvað ég á að segja um það, þegar maður í ráðherrastöðu dag eftir dag stendur hér upp og fer með algerðar skröksögur og missagnir um mál, sem einmitt þeir, sem hafa aðgang að stjórnarráðinu og skrifstofunum, eiga gott með að vita það rétta um. Skjalapakkar bankamálanna sýna, hvar þau hafa verið frá upphafi og hvenær þau voru flutt úr atvmrn. Enginn ráðh. þarf að hafa annað fyrir að vita það rétta en að ganga milli skrifstofanna í stjórnarráðinu og líta á skjalapakkana í skápunum. En þetta getur hæstv. ráðh. ekki gert til þess að tryggja sér, að hann fari ekki með ósannindi frammi fyrir þingheimi og landsmönnum.

Hæstv. ráðh. var svo að sýna blæðandi sár sín út af þeirri breyt., sem hv. 3. landsk. flutti hér við þetta frv. við 2. umr. og fékk samþ., þess efnis, að veitingarvald á fimmtardómsembættunum skyldi tekið undan dómsmrh. og lagt undir ráðherrafund og forsrh. Ég ætla nú ekki verulega að blanda mér í þessi innanhúsmál þeirra hæstv. dómsmrh. og hv. 3. landsk. En heldur þótti mér honum mistakast, þegar hann fór að reyna að slá á þá sveifluna um þetta, að þessi l. væru vantraust á forsrh. Það þarf áreiðanlega miklu sniðugri mann heldur en hæstv. dómsmrh. til þess að sanna, að hér sé um vantraust á forsrh. að ræða, ef endilega þarf að vera að ræða um vantraust á annanhvorn ráðherranna. Hæstv. dómsmrh. ætti ekki að vera að ganga fram fyrir skjöldu út af þessu ákvæði. Mín skoðun á ákvæðinu er sú, að það feli í sér tryggingu fyrir meiri athugun en ef málið væri í höndum eins ráðh., sérstaklega ef það er ráðh., sem gerir sig beran að því að kunna ekki að gera greinarmun á réttri hugsun og rökvillu. En ég álít þó, að þetta ákvæði bæti það engan veginn upp, sem fellt er niður með frv., og á ég þar við dómaraprófið.

Af því, sem liggur fyrir utan umr. um brtt. þær, sem hér liggja fyrir, vil ég minnast lítið eitt á útúrdúr ráðh. um hið svo nefnda fiskveiðamál. Hæstv. ráðh. er ekki myrkur í máli. Hann segir, að krafa sé komin fram á hendur firma, sem stendur nálægt Sjálfstæðisflokknum, og nú séu helzt horfur á því, að firmað verði sýknað af hæstarétti. Er það ekki alveg óttaleg stofnun, svona hæstiréttur? Þetta er hugsanagangurinn. Ég er ekki kunnugur þessu máli, en veit, að það hefir verið dæmt í því áður af lögmanninum í Rvík, sem hefir verið í framboði til þings af hálfu Framsóknarflokksins, um það eða eftir að hann varð héraðsdómari. Enginn maður mun bregða lögmanninum um það, að hann hafi verið vilhallur í

garð Kveldúlfs af pólitiskum ástæðum, en þó sýknaði hann firmað af kröfum bankans. Þjóðfélagsógæfan af sýknun firmans yrði ekki önnur en sú, að það slyppi við að greiða þann fisk tvisvar, sem allir vita, að það er búið að greiða einu sinni. Spurning er um það, hvort greiða eigi sama hlutinn tvisvar. Firmað hefir verið sýknað af þessari kröfu, að tvíborga 300 þús. kr., og þetta telur hæstv. ráðh. rangt og í ósamræmi við almenningsálitið og rökstyður með þessu tilraunir sínar til að kollvarpa æðsta dómstóli landsins. Hvernig skyldi nú hæstv. ráðh. hafa orðið innanbrjósts, ef ritstjóra Tímans hefði verið dæmt að borga 300 þús. kr., sem hann var búinn að borga áður! Allt tal hæstv. ráðh. sýnir það, hve lítið réttaröryggið verður í landinu, ef það á að vera háð einum manni, sem álítur sig sjálfan höfuð og búk þjóðfélagsins og bæði valdið og almenningsálitið í landinu. Það er í sannleika raunalegt að þurfa að vera að gera þetta tal ráðherrans að umtalsefni og halda uppi kröftugum andmælum við þennan hæstv. aumingja, sem ber sína afsökun inni í sjálfum sér.

Ég þarf ekki mikið að segja út af ummælum hæstv. ráðh. um brtt. minar. Hann sagði, að ég hefði verið með hótanir út af breyt. á hæstarétti. Ef nokkuð mætti leggja upp úr nokkru, sem hann segir, fælist í þessu viðurkenning á því, að hæstiréttur væri ekki lagður niður. Hinsvegar færði hæstv. ráðh. engin rök gegn brtt. minum, enda er ekki nema sjálfsagt, að ákveðið sé, að dómendur í fimmtardómi taki við störfum hæstaréttar. Síðari brtt. min, að fella burt „ef þeir óska", minntist hæstv. ráðh. ekki á, og þarf ég því ekki að mæla frekar fyrir henni.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Hv. 1. landsk. sagði, að ég vildi leggja hæstarétt niður af því að ég hefði tapað þar málum, einu eða fleirum. Svo fór hann þó að hugsa sig um og sagði, að það hefði verið félag, sem ég var í, og síðast var minn hlutur orðinn svo lítill, að ég var aðeins 1/40000 þeirra aðilja, sem málinu höfðu tapað.

Sama er að segja um hitt atriðið um illa byggðan dóm, sem gekk á móti Tímanum. Kjósendur Framsóknarflokksins eru um 14000 og þó fylgja flokknum miklu fleiri, svo að minn hlutur í þessu tapi er lítið stærri en í hinu fyrra. Þessir dómar hafa því snert marga menn og vakið eftirtekt, ekki vegna fjárskaða, heldur vegna þess, að þeir hafa haft djúp áhrif í þá átt, að tugir þús. af mönnum vefengja dómana, og það er þyngra á metunum en vitranir frá framliðnum einstaklingum, jafnvel þótt þeir hafi verið heilagir.

Hv. 1. landsk. hefði getað fundið einfaldari og nærtækari ástæður fyrir því, hvers vegna umbóta á hæstarétti er svo almennt krafizt. Honum hlýtur að hafa verið ljóst, að töluvert almenn óánægja var orðin í bænum með vinnubrögð eins flokksbróður hans, Jóhannesar Jóhannessonar. Einn af flokksbræðrum Jóh. Jóh. sagði svo um hann í sambandi við eitt dánarbú, að hann væri þar stærsti erfinginn. Þar nam hlutur Jóh. Jóh. 1100 kr. og hafði hann þó 40 þús. kr. tekjur á ári. Almenningsálitið á móti þessu var svo sterkt, að allar tilraunir ihaldsblaðanna til þess að rugla málið komu fyrir ekki, og nú dettur engum lifandi manni í hug að afsaka þessi vinnubrögð né að halda því fram, að sú breyt., sem á var gerð, hafi ekki verið réttmæt. Hér er um samskonar breyt. að ræða frá þjóðfélagslegu sjónarmiði.

Hv. 1. landsk. vildi fara að verja hæstaréttardómana frá 1925 og 1926. Þetta mál er nú orðið svo ljóst, að jafnvel nánustu vinir réttarins reyna ekki lengur að verja dóm hæstaréttar í því. Þeir segja, að í skaðabótamáli þurfi að liggja sannanir fyrir tjóni því, sem kært er yfir, en ekki líkur. Hv. 4. landsk. hélt því þá fram, að sannanir þyrftu, og hann hafði líka sannanir fyrir því, að Garðar Gíslason hefði alls ekki skaðazt, heldur fremur hið gagnstæða, og krafðist því sýknunar. Ef dæma hefði átt eftir líkum, er Björn Kristjánsson laumaði rógpésa sínum um kaupfélögin inn á hvert heimili, er ekki ólíklegt, að hann hefði getað orðið úti með álitlega fúlgu. Því að það er venja siðaðra þjóða, að því stærra og heiðarlegra sem fyrirtækið er, því hærri skaðabætur eru því dæmdar í

slíkum málum, en því minni, sem það er smærra og ómerkilegra. Þetta veit hv. 1. landsk. auðvitað ekki, en þetta er nú svoña samt.

Jóh. Jóh. fyrrv. bæjarfógeti dæmdi G. G. 25 þús. kr. í skaðabætur. Hv. 4. landsk. afvopnaði sækjendurna með því að sanna, að enginn skaði hefði orðið, en þá bregður hæstiréttur sér á leik og segir, að þótt enginn skaði hafi orðið af því, sem stefnt var fyrir, þá geti þó einhver skaði orðið einhverntíma, og dæmir G. G. skaðabætur, að vísu margfalt lægri en Jóh. Jóh. Alþingi 1928 sá, hvert stefndi og ákvað, að sannanir skyldu liggja fyrir framvegis. Það þótti öruggara eftir þessa reynslu.

Hv. 1. landsk. sagði, að það væri ekki sérstök þjóðarógæfa, þótt bankarnir töpuðu 300 þús. kr. Þó upphæðin sé allhá, er hún þó ekki aðalatriðið. Hitt er aðalatriðið, að sennilegt er, að afleiðingin verði sú, að fiskveðin missi gildi sitt, og það verður um leið rothögg á útgerð landsmanna. Um það leyti sem fiskveðssvindlið átti sér stað, gat Útvegsbankinn fengið endurkeypta fiskvixla í Lundúnum, en þetta mál hafði þau áhrif, að öll kaup féllu niður, og bankinn hefir verið útilokaður síðan. Tapið er því meira en 300 þús. kr. og e. t. v. óútreiknanlegt.

Það er auðsætt, að samúð hv. 1. landsk. er öll hjá þeim, sem fengu þessa peninga ranglega fyrir sína eigin vanþekkingu. Þess vegna beitir hann slíku ofurkappi til að halda í úreltan dómstól, sem reyndasti og elzti lögfræðingur á þingi hefir sagt, að væri flokksdómur.

Jakob Möller [óyfirl.]: Það eitt út af fyrir sig upplýsir nú nokkuð vel um röksemdafærslu hæstv. dómsmrh., að hann skuli færa sem rök fyrir máli sínu það, sem hv. 2. þm. Árn. sagði við 1. umr., að hæstiréttur væri flokksdómur. Það var sannað og sýnt við þá umr., að þetta var ekkert nema vitleysa og misskilningur. (**MT**: Ég sagði ekkert nema það, sem ég vissi). Það var sannað, að dómararnir voru alls ekki samflokksmenn. En þrátt fyrir það heldur hæstv. dómsmrh. áfram að japla á þessu.

Hæstv. ráðh. sagði, að eftir minni skoðun ættu prófessorar í lögum við háskólann að vera svo hræddir við stj., að þeir gætu ekki dæmt í hæstarétti. En hver skyldi vera meiningin með 57. gr. stjskr., þar sem sagt er, að hæstaréttardómari skuli ekki víkja úr embætti nema með dómi? Það er vitanlega til þess, að pólitísk stj. geti ekki vikið dómurum frá eftir geðþótta sínum og til að vernda þá fyrir umboðsvaldinu. Ef á að fara að búa til æðsta dómstól, sem ekki uppfyllir þessi skilyrði, er verið að brjóta stjskr. *Hitt er allt annað, þótt prófessorar dæmi í* forföllum hæstaréttardómara, en að þeir séu skipaðir fastir aukadómarar. Ég veit, að ekki hefir komið fram í Nd., að þetta væri stjskrbrot, en ég er ekki í vafa um, að svo sé.

Í sambandi við þetta er fróðlegt að spyrja, hvernig það geti samrímazt slíku, að dómararnir geti átt sæti á Alþingi, þar sem bannað er í 30. gr. stjskr., að dómarar í hæstarétti séu kjörgengir. Þó að hv. Nd. hafi yfirsézt þetta stjskrbrot, þá vil ég vekja athygli hæstv. ráðh. á því, að hún sá þó annað stjskrbrot í frv., sem sé það, að skilyrði fyrir því að fá sæti í réttinum var m. a., að viðkomandi væri ekki eldri en 60 ára, og samkv. því hefði orðið að víkja dómendum, þegar þeir náðu 60 ára aldri, en í frv. eins og það er nú hefir þetta verið fært í samræmi við stjskr. og aldurstakmarkið sett 65 ára. Á þessu sést, að stjskrbrt geta skotizt hjá mönnum og leynzt, má því vel vera, að ennþá séu einhver ákvæði í frv. þessu, sem koma í bága við stjskr. fyrir utan þau, sem þegar hefir verið bent á.

Þá vil ég nefna eitt dæmi enn upp á rökfærslu og hugsunarhátt hæstv. ráðh. Hann gat þess, að út af dómi S. Í. S. hefði því verið slegið föstu af þinginu 1928, að slík víxlspor, sem sá dómur hefði verið, mættu ekki eiga sér stað. En hvað var meiri hl. Alþingis 1928? Var hann kannske annað en rétt spegilmynd af anda og hugsunarhætti hæstv. ráðh.? Það var andi hans, sem stjórnaði meirihl. þá. M. ö. o., það var hæstv. ráðh. sjálfur, sem sló því föstu, sem þá var samþ. í þessu efni. Það er sama og að slá því föstu, að innlegg málaflutningsmanns hans eigi að vera sá rétti dómur, og sé ekki dæmt eftir þeim, þá á dómurinn að vera rangur. Þetta er aðeins lítið dæmi

um víxlspor hans og röksemdafærslu og í fullu samræmi við það, sem hann hefir áður stigið. Allt fram og aftur, staðhæfingarnar sitt á hvað, eftir því sem á þarf að halda, allt í einum graut og vitleysu.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Það var auðheyrt á hinu stutta svari, sem hv. 2. þm. Árn. gaf hv. 1. þm. Reykv., að það hafði ekki verið sterkrétt, sem þm. hafði borið fram í málinu. Hv. 2. þm. Árn. hefir sagt sitt orð um þetta og fært rök fyrir því, sem standa óhrakin. Að hv. 1. þm. Reykv. vill ekki viðurkenna þau opinberlega, er sökum þess, að þau koma sér illa fyrir hann, enda þótt hann hljóti að viðurkenna þau með sjálfum sér.

Þá spurði hv. þm., hvaða rök ég gæti fært fyrir því, að aukadómararnir mættu samkv. frv. eiga sæti á Alþingi, þrátt fyrir ákvæði stjskr. Hv. þm. virðist ekki vera búinn að átta sig á því, að flokksbróðir hans, hv. 2. þm. Reykv. hefir nú nákvæmlega sömu aðstöðu í hæstarétti og gert er ráð fyrir, að aukadómararnir hafi í fimmtardóminum. Hann er nú fyrst og fremst kennari við háskólann og þarf ekki að dæma í hæstarétti nema sérstaklega standi á. Það er ástæðan fyrir því, að honum er leyfilegt að sitja á þingi. En um leið og hann verður aðaldómari í réttinum, þá fyrst kemur hann undir það ákvæði stjskr. að vera ekki kjörgengur. Þetta hlýtur hv. þm. að vita, en hann þykist ekki vita það, af því að hann og flokksbræður hans þurfa æfinlega að finna einhversstaðar stjskr.brot til þess m. a. að geta haft það fyrir pólitíska fæðu handa sér og fylgifiskum sínum.

Um 60 ára aldurstakmarkið, eins og það var upphaflega í frv. þessu, er það að segja, að þingið gat sett það sem skilyrði, ef því svo sýndist. Því hefir t. d. Ólafur Lárusson prófessor marglýst yfir, að hann áliti breytinguna fullkomlega löglega. Hitt er annað mál, hvort við höfum efni á að gera þetta og einmitt af þeim ástæðum höfum við framsóknarmenn horfið frá þessu ráði. Hér er því aðeins um fjárhagslegt ákvæði að ræða og ekkert annað. Ég get vel skilið, að hv. 1. þm. Reykv. þyki leiðinlegt, að Alþingi 1928 skyldi ákveða það, að það þyrfti sannanir til þess að geta fengið sér tildæmdar skaðabótakröfur. Það gat nefnilega verið ákaflega þægilegt fyrir hann og samherja hans að fá dóma sér í vil, dæmda eftir líkum, eins og þegar Jóhannes Jóhannesson dæmdi ritstj. Tímans í 25 þús. kr. sekt án þess að hafa hinar minnstu sannanir fyrir því, að sú sekt væri á nokkrum rökum byggð. En Alþingi vildi ekki slíkt réttaröryggi, og því gerði það íhaldinu ómögulegt að fá sér tildæmdar slíkar sektir eftirleiðis.

Jón Þorláksson: Hæstv. dómsmrh. fór dálítið lengra út í umr. um fiskveðin en áður. Hann sagði, að ég hefði ekki talið það mikla þjóðarógæfu, þó að bankarnir töpuðu þessum umræddu 300 þús. og jafnvel yrðu að hætta að lána. Allt er þetta ekkert annað en venjulegur heilaspuni, sem sprettur upp í heila hans sjálfs, því að ég hefi ekki látið neitt af þessu í ljós. Hitt sagði ég, að ég fyndi ekki ástæðu til þess að leggja niður æðsta dómstól þjóðarinnar, þó að hann kæmist að sömu niðurstöðu og héraðsdómarinn hér, að ekki þyrfti að borga sama fiskinn tvisvar sinnum. Annars þykir mér leiðinlegt, að það skyldi koma fyrir, sem hent hefir mann þann, sem sekur hefir verið dæmdur fyrir að selja sama fiskinn tvisvar. Því að það er eingöngu fyrir þá sök, að nægilegt eftirlit hefir vantað af hálfu bankanna. Eftirlit, sem auðvelt hefði verið að framkvæma. — Annars fór áðan fyrir hæstv. dómsmrh. eins og segir í norsku sögunni um smiðinn og skollann. Skollinn miklaðist yfir því, hvað hann gæti gert sig lítinn. Smiðurinn spurði þá, hvort hann gæti gert sig svo lítinn, að hann gæti skriðið inn í smálegg, er hann hélt á. Það gerði skolli, en smiðurinn rak tappa fyrir gatið. Hæstv. dómsmrh. gerði sig nefnilega svo lítinn, að hann sagðist ekki vera nema einn 40 þúsundasti partur af S. Í. S. og einn 14 þúsundasti partur af ritstjóra Tímans. Þetta eru ekki nema örlítil brot, lítið stærra en núll, og ég get verið ánægður með að enda þessar umr. með því að gefa hæstv. ráðh. þá viðurkenningu, að þetta mat hans á sjálfum sér er það réttasta, sem mér er kunnugt um, að hann hafi látið frá sér fara.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég þarf ekki mikið að tala um fiskveðin. Það kom nefnilega ljóst fram í ræðu hv. 1. landsk., að hann hefir sterka tilhneigingu til þess að hallast á þá sveif, að bankarnir tapi þessu fé. Það var aðeins það, sem ég bjóst við frá honum.

Annars get ég sagt þessum hv. þm. aðra sögu. Einn af stærstu og hraustustu glímuköppum þessa lands er Sigurjón á Álafossi. Nú kom það fyrir, að maður einn afskaplega lítill og lítilfjörlegur vildi gera samanburð á sér og honum, en eins og kunnugt er, eru litlir menn ákaflega afbrýðissamir gagnvart þeim stóru. Ég skil því hv. þm. ofur vel. Hann er ekki aðeins lítill vexti hið ytra, heldur engu síður að því er sálina áhrærir. Hann veit þetta sjálfur og finnur til sívaxandi gremju við alla, sem geta meira gert en hann. Lítilleiki hans verður uppspretta að hatri hans og öfund.

ATKVGR.

Brtt. 623,1 felld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HSteins, JakM, JónJ, JónÞ, PM, BSn, GL.

nei: IP, JBald, JónasJ, MT, PH, EÁrna, GÓ.

Brtt. 623,2 felld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónÞ, PM, BSn, GL, HSteins, JakM.

nei: JónasJ, MT, PH, EÁrna, IP, JBald, JónJ, GÓ.

Frv. samþ. með 8:6 atkv. og endursent Nd.

Á 69. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 608).

Á 72. fundi í Nd., 11. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 73. fundi í Nd., næsta dag, var frv. aftur tekið til einnar umr. (A. 608, 668, 686).

Frsm. meiri hl. (Bergur Jónsson): Meiri hl. allshn. hefir borið fram á þskj. 686 4 brtt. við frv. eins og það kom frá Ed. Ég mun þá aðeins víkja að þessum brtt., þar sem málið er orðið svo rætt í öllum aðalatriðum, að engin ástæða er til að fara út í þau við þessa umr.

Í reglugerð frá 1924 um starfaskiptingu ráðherra er ákveðið, að bera skuli veitingu nokkurra helztu embætta upp á ráðherrafundi áður en till. er gerð um veitinguna til konungs. Er þar talin veiting landlæknisembættis, biskupsembættis o. fl. Dómaraembættin í hæstarétti eru ekki nefnd, en þó liggur í augum uppi, að tilætlunin hefir verið, að þau embætti féllu undir þetta ákvæði reglugerðarinnar. Í 1. brtt. er það ákvæði tekið upp, að veiting aðaldómaraembætta sé borin upp á ráðherrafundi. Hinsvegar er það fellt niður, að forsrh. geri till. um veitinguna til konungs. Vitanlega er gengið út frá, að hver ráðh. beri fram till. um þau embætti, er undir hann heyra. Að vísu er það algert formsatriði, hvaða ráðh. gerir till. um þessi embætti, það fer vitanlega eftir því, hvernig ráðuneytið skiptir með sér innanhússtörfum, en óþarfi sýnist að setja sérákvæði í þessi lög fremur en önnur um það, hvaða ráðh. leggi fram till. um veitingu embætta. Virðist eðlilegast að öllu leyti, að sá ráðh. geri það, er málin heyra undir. 2. brtt. er aðeins orðabreyt. Í Ed. var sett inn orðið „kirkjuréttur" í stað „synodalréttur". Til samræmis höfum við einnig breytt þessu þannig í 12. gr. frv., og hv. 4. þm. Reykv. hefir borið fram samskonar brtt. á þskj. 668.

Í Ed. var felldur niður kafli, sem kvað á um launakjör dómaranna. Þetta höfum við talið óheppilegt og höfum því borið fram brtt. um það, að laun dómara verði ákveðin í launalögum, en þeir haldi þeim launum, er hæstaréttardómarar hafa nú, unz núg. launalög verða endurskoðuð. Ennfremur, að dómurinn skuli ákveða þóknun til aukadómara.

Loks höfum við flutt brtt. um að lögin öðlist gildi 1. sept. í stað 1. júlí. 1. sept. er nýtt starfsár að byrja og því eðlilegast, að breyt. komi til framkvæmda um leið.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Hv. þm. Barð. sagði, að mál þetta væri svo þaulrætt, að ekki væri ástæða til að minnast á annað en brtt. Þetta mál hefir sjálfsagt verið mikið rætt í Ed., enda er það þaðan ættað, en þegar það fór í gegnum þessa

deild, var lítið um það talað, hvað sem olli. Ekki mun þó ástæðan hafa verið sú, að frv. orkaði ekki tvímælis hér í deildinni í ýmsum mikilsverðum atriðum, heldur mun eitthvað annað hafa valdið.

Það virðist nú svo sem það stæði ekki næst mér að fara að hefja umræður um þetta mál hér í deildinni. Mætti ætla, að þeir, sem hér eru löglærðir, hefðu að mun meiri áhuga á þessu máli, og um þekkinguna efast maður ekki fram yfir okkur leikmennina, sem málið snertir að vísu eins og lögfræðingana, en við höfum ekki jafngóð skilyrði til að rökræða það.

Ég mun halda mér við brtt. mínar, eins og hv. þm. Barð. En brtt. mínar eru svo víðtækar, að ekki verður komizt hjá því að ræða málið nokkuð almennt í sambandi við þær. Ég er þó a. m. k. eins löglærður og hæstv. dómsmrh., sem borið hefir málið fram og tekið mikinn þátt í umr. og þótzt standa þar lögfræðingum jafnfætis.

Ég hefi borið fram brtt. mínar á þskj. 668, af því að aðrir hafa ekki orðið til þess, en ég óska, að hv. d. fái tækifæri til að láta álit sitt á þeim í ljós.

1. brtt. er um nafnið. Um það hefir verið mikið rætt og með misjöfnum rökum. Auðvitað er sú ástæða til nafnbreyt., að „hæstiréttur" sé ekki góð íslenzka, bábilja ein, þó að rétturinn heiti Højesteret á dönsku. Mörgum hættir til að halda, að hvert það orð, sem líkt er á dönsku og íslenzku, sé af dönskum rótum runnið, en gæta þess ekki, að bæði orðin geta verið runnin af sama norræna stofninum. Mér dettur í hug það, sem sá fyndni maður, Benedikt Gröndal, sagði, að maður mætti nú bráðum fara að hætta að segja já og nei til þess að vera ekki grunaður um dönskuslettur.

Þá hefir verið sagt, að heitið væri ekki hugsunarrétt, af því að dómstigin væru ekki nema tvö og ætti því nafnið að vera hærriréttur eða yfirréttur. Ég skal ekki fara langt út í þetta, en ég sé ekkert á móti því, að nafn réttarins sé þannig, að ekki þurfi að breyta því, þótt sett væri millidómstig. Ég er nú ekki svo kunnugur meðferð mála, að ég geti fullyrt það, en ætla þó, að til séu fleiri dómstig en tvö. En þótt dómstigin væru aðeins tvö, er engin hugsunarvilla í heiti réttarins eins og það er nú. Það táknar ekki annað en æðsta dómstól landsins, en dómstólar í landinu eru margir, eins og allir vita.

En þótt ég mótmæli því, að nokkur afglöp séu drýgð með því að kalla dóminn hæstarétt, og þótt ég álíti, að hæstiréttur sé fullgóð íslenzka, þykist ég þó vita, að heitið sé tekið eftir Dönum og er því ekkert sérlega ginkeyptur fyrir því. Mér finnst rétt að taka upp nafnið, sem er sérkennilegt fyrir okkur, og ég get lýst yfir því, að í orðinu „fimmtardómur" fellur mér seinni liðurinn „dómur" miklu betur en réttur. Réttur er, getur maður sagt, frekar annað, og ég álít réttara og að betur fari á að taka upp orðið „dómur" um dómstól. Þess vegna get ég vel fallizt á þá skoðun, að það sé rétt að breyta nafni dómstólsins og taka upp nýtt nafn á hann. En hinu get ég ekki verið samþykkur, get bara ekki séð, að það sé nein þörf á því, að leggja niður hinn dómstólinn, sem verið hefir æðsti dómstóll landsins, þó breytt sé um nafn á honum.

En ef breyta á um nafn á æðsta dómstólnum, þá er næsta spurningin sú, hvert hið nýja nafn á honum eigi að vera, og þar hefir sá ráðh., sem gengizt hefir fyrir því, að þetta frv. hefir hvað eftir annað verið borið fram, tekið upp nafnið fimmtardómur. Meginástæða hans fyrir þessu nafni er sú, að það sé rétt að tengja saman nútíðina og það tímabil fortíðarinnar, sem við eigum glæsilegast, sem sé lýðveldistímabilið, með því að taka upp smám saman hin fornu heiti, til að láta marka það tímabil, þegar við erum aftur orðnir sjálfstætt ríki eins og við vorum þá. En þegar við athugum þetta nafn, fimmtardómsnafnið, og þegar maður athugar þann tíma, sem nafnið er bundið við, þá sér maður, að um leið og vakin er upp fornöldin að þessu leyti, þá er hún líka snúin úr hálsliðnum, því þessi fimmtardómur er ekki að neinu leyti tilsvarandi hinum forna fimmtardómi. Og þetta sama hefir líka áður komið fram, þegar þessi sami hæstv. ráðh. tók upp á því í annað skipti að nota fornt embættisheiti á allt annað embætti en það var notað á þá. Og ég vil segja, að það sé eins mikill óleikur við sögulegar minningar eins og virðing fyrir þeim að taka forn nöfn og

kalla þeim allt aðra hluti en þá, sem áður báru þau. Ég get ekki séð, ef t. d. heitið biskup hefði fallið niður, að það væri rétt að taka upp heitið biskup á allt annað, og kalla t. d. prestinn á Akranesi biskup, þó það heiti hefði verið til áður. Það er bara að rugla sögulegar minningar. Þetta annað embætti, sem ég á við, er lögmannsnafnið, sem tekið hefir verið og sett á þann embættismann, sem áður hét bæjarfógeti, hér í Rvík. Þetta er bara að rugla sögulegar minningar. Lögmennirnir áður voru allt aðrir embættismenn en löggæzlumenn á einum stað. Það hefði kannske miklu fremur mátt taka upp lögmannsheitið fyrir amtmennina. (**EA**: Það hefði heldur ekkert vit verið í því). Nei, líklega ekki. En a. m. k. get ég ekki skilið, að þá menn, sem hafa sérstök dómsvæði, eru sérstakir dómarar fyrir ákveðin héruð, sé rétt að kalla lögmenn. Lögmennirnir áður voru menn, sem áttu að dæma á miklu víðara sviði en eitt einstakt lögsagnarumdæmi er. Þetta er því bara til að rugla sögulegar minningar.

Alveg sama hendir þennan hæstv. ráðh. hér, þegar hann er að velja fornt og frægt nafn á æðsta dómstólinn. Fimmtardómur var nafn á allt öðrum dómstóli en hér er um að ræða, dómstóli, sem átti alls ekki að hafa með höndum þesskonar mál, sem þessi dómstóll á að dæma. Ég ætla mér nú að vísu ekki þá dul að fara að ræða á vísindalegan hátt um starfsvið hins forna fimmtardóms, því ég þekki ekki mikið inn á það. En svo mikið veit ég þó um hann, að hann átti ekki að dæma í þeim málum, sem fjórðungsdómarnir höfðu tekið til meðferðar og komizt að niðurstöðu um; hann gat ekki tekið niðurstöður fjórðungsdómanna og breytt þeim, en það er einmitt verksvið hæstaréttar. Til hans er hægt að áfrýja málum, þannig að hann á að taka dómsniðurstöður undirréttanna, og getur breytt þeim eða staðfest þær.

Ég veit nú ekki, hvers vegna fimmtardómurinn forni hét svo, en býst við, að það hafi verið af því, að hann var fimmti dómurinn í landinu. Fjórðungsdómarnir voru 4, og það gat komið fyrir, að mál lykist þar ekki, og því var fimmti dómurinn settur, til þess að þau mál gætu lokizt, sem ekki höfðu lokizt í fjórðungsdómunum. Fimmtardómurinn hafði alveg sérstakan svip, því auk þeirra mála, sem ekki lukust í fjórðungsdómum, var hægt að vísa til hans alveg sérstökum málum, nokkuð tilsvarandi málum þeim, sem heyra nú undir landsdóm. Þessi mál voru þingsafglöp og mútur, svo þau voru helzt hliðstæð þeim málum, sem dæma á eftir ráðherraábyrgðarlögunum í landsdómi. Og að fara að taka upp nafn þessa dómstóls, sem þannig var skipaður allt öðruvísi en sá dómstóll, sem hér er um að ræða -- allt öðruvísi, og nefna æðsta dómstólinn því nafni, það er svo fjarri því að efla og halda uppi sögulegum minningum fornaldarinnar, að það þvert á móti ruglar með öllu meðvitund þjóðarinnar um dómaskipunina í fornöld. Ég veit, að þetta stafar upphaflega hjá hæstv. ráðh. af sögulegri vanþekkingu og hundavaðshætti; honum er svo ákaflega gjarnt til þess. Han hefir t. d. skrifað Íslandssöguágrip, sem er frægt fyrir vitleysur og ónákvæmni; það er að vísu lipur bók, svo ég sé nú sanngjarn, en full af hundavaðshætti og vitleysum. Ég veit, að þetta er góð meining hjá hæstv. ráðh., að vilja taka upp forn nöfn, og að hann vill vekja, með því að taka þau upp, virðingu fyrir okkar sögulegu minningum, en vanþekking hans og fljótfærni veldur því, að hann „rammar ekki hinn rétta höggstað", eins og meistari Jón mundi hafa orðað það.

Ég get verið sammála hæstv. ráðh. um, að það sé ekkert á móti því að breyta nafni á æðsta dómstólnum, ef nafnið á honum þykir ekki fallegt, og að eðlileg afleiðing af því sé sú, að hann beri fram till. um annað nafn. En það er talsverður vandi að finna annað nafn á dómstólinn, því ég býst við, að menn greini mjög á um, hvaða nafn sé heppilegt. Ég hefi heyrt suma nefna yfirdóm og segja, að það færi vel á að kalla hann það. En ég er alveg á móti því, af því að ég tel heppilegt að geyma það nafn, þangað til ef miðstig skyldi verða sett upp, því ég tel sjálfsagt að halda þá á því dómstigi því nafni, sem var á því, en ekki að fara að taka upp á æðsta dómstólnum það nafn, sem áður merkti allt annað, fremur en fimmtardómsnafnið. Æðsti dómstóll t. d., það er nú bæði loðið og ljótt í munni.

En aftur á móti höfum við haft um langan tíma mjög góðar samsetningar á orðum með því að kenna þau við landið allt; þau hafa myndazt alveg ósjálfrátt og fara vel í munni, t. d. landlæknir og landsbókasafn. Þau eru mótuð sem einskonar mótsetning við samskonar stofnanir eins hluta landsins. Það eru til bókasöfn fyrir sýslur, ömt og hreppa, og svo landsbókasafn; það er ekki neitt yfir hinum, en það er lagt til þess af almannafé og aðgangur að því fyrir alla landsmenn. Landlæknisembættið var nú upphaflega miðað við það, að hann var eini læknirinn á landinu. En þegar svo læknaskipunin vex og læknum fjölgar, þá verður embætti landlæknis að yfirembætti yfir hinum læknaembættunum. Þessar samsetningar eru góðar. Þess vegna hefi ég stungið upp á því, að æðsti dómstóllinn verði kallaður landsdómur, því málum héraðsdómanna er þá stefnt fyrir landsdóminn, og álít ég, að þetta komi vel heim við þessa nafnvenju, sem við höfum haft um skeið. Nafnið landsdómur fer vel í munni, er spengilegt og fallegt, rétt byggt og samkv. sögulegum venjum. Og ég veit ekki nema eina mótbáru við því að taka upp þetta nafn á æðsta dómstólinn, og hún er sú, að það er nafn á dómnefnu einni, sem sé þeim dómi, sem dæma á um ábyrgð ráðherra. Það er nú ekki hægt að segja annað en að þessi dómstóll hafi verið ákaflega umsvifalítill, því það hefir aldrei verið stefnt til hans neinu máli, þó hann hafi stundum verið nefndur; já, það er nú helzt nú á seinni tímum, að mönnum hefir dottið landsdómur í hug í sambandi við stj. En það hefir nú aldrei komizt lengra, og ég veit ekki einu sinni, hvort þessi dómur er nú til; ég hefi nú heyrt sagt, að það mundi nú hafa verið vanrækt að skipa hann, svo að hann væri ekki til, þó kalla þyrfti hann saman. Ég held því, að það hafi ekki safnazt þessari landsdómsnefnu sú virðing, að við gætum ekki tekið af henni nafnið og sett það á annan dómstól, en valið honum annað heiti, og kem ég síðar í brtt. mínum að því atriði. Ég verð því að segja, að svo framarlega sem hv. þm. féllust á að nefna æðsta dómstólinn landsdóm, þá getur það ekki hamlað því, að nafnið verði tekið, þó til sé nauðaómerkilegur dómur með því nafni áður, sem hvorki hefir unnið gott né illt, og verður því að láta sér nægja annað nafn.

Þetta er þá mín 1. brtt., að heitið fimmtardómur í 1. gr. frv. breytist í landsdómur, og svo náttúrlega alstaðar annarsstaðar í frv., og allar samsetningar breytist í samræmi við það og allt í tilsvarandi tölum og föllum, því ég hefi ekki viljað vera að taka upp þær óteljandi brtt., sem til þess þyrfti að breyta þessu sérstaklega á hverjum stað, enda hefi ég séð, að það hefir verið tekið gilt hér, að bera fram eina brtt. um nafn, og láta hana duga til að breyta alstaðar í frv., þar sem nafnið kemur fyrir. Í þessu frv. kemur ákaflega víða fyrir sjálft orðið fimmtardómur og samsetningar af því orði, eins og fimmtardómsritari og fleiri samsetningar tilsvarandi.

2. brtt. mín er við 2. gr. frv.; hún er um það, að fyrri málsl. gr. falli niður. Sá málsl. hljóðar um það, eins og alkunnugt er, að hæstiréttur skuli lagður niður. Ég álít nú, og mér hefir alltaf fundizt, að þó mikið hafi verið talað um ýms önnur atriði þessa fimmtardómsfrv., eins og t. d. um afnám dómaraprófsins, þá sé þetta þó það meginhneyksli, sem í frv. felst, að þar er sagt berum orðum: Hæstiréttur skal lagður niður. Þeir, sem mæla fyrir frv. segja, að það sé út af fyrir sig ekki nema formsatriði, úr því breyta eigi nafninu, að það sé kallað svo, að hæstiréttur sé lagður niður. En það er miklu meira en formsatriði; það er raunhæft atriði. Og hversu raunhæft það er, sér maður bezt á því, að það verður að gera alveg sérstakar ráðstafanir til þess í frv., að dómarar hæstaréttar geti orðið dómarar í þessum nýja dómstóli. Það er alveg eins og ef væri breytt nafni á banka, ef við stofnuðum t. d. Ríkisbanka og Landsbankinn væri lagður niður um leið og Ríkisbankinn tæki til starfa. Ef ekkert væri frekar að gert, er ég hræddur um, að það hefði æði miklar afleiðingar.

Með því að æðsti dómstóllinn er lagður niður, eru dómararnir allir afsettir, og það breytir engu um það, þó svo sé ákveðið í lögunum, að þessum mönnum skuli veitt nýju embættin í nýja dómstólnum.

Það, sem hér er um að ræða, er ég ekki í vafa um, að stappi nærri stjskrbroti. Ég þori ekki, af því ég er nú ekki lögfræðingur, að fullyrða, að það sé stjskrbrot, en það stappar áreiðanlega nærri því. Eins og alkunnugt er, er svo fyrir mælt í stjskr. um dómara hæstaréttar, að þá megi ekki setja af nema með dómi. Þeir hafa þannig algerlega sérstöðu á móts við þá embættismenn, sem hafa á hendi umboðsstörf, annaðhvort eingöngu eða umboðsstörf með dómstörfum, að það er ekki hægt að setja þá af, nema með dómi. Yfirvaldið, hin umboðslega stj. og konungur, sem að þessu leyti fer með framkvæmdarvaldið, getur ekki sett þessa sérstöku embættismenn af. Það væri einkennilegt að ákveða þetta sérstaklega í stjskr., eins og hún er fáorð um útfærslu einstakra atriða, ef þetta ætti ekki að vera æði mikils virði. Og það er það nú líka einmitt, því það að tryggja hæstaréttardómurum, að þeir verði ekki settir af, er gert til þess, að þessir dómarar þurfi ekki, eða að það sé engin hætta á, að þeir taki tillit til annars í sínum dómarastörfum en þess, sem þeir álíta vera rétt. Það er einmitt gert til þess, að þeir þurfi ekkert um það að hugsa, þó geðríkur ráðh. verði reiður af einhverri dómsniðurstöðu hjá þeim, af því að hann getur ekki gripið til einhverrar átyllu til að víkja þeim frá vegna þessarar dómsniðurstöðu. Það er auðséð, að stjskr. vill með þessu vernda stöðu hæstaréttardómaranna gegn öllum, nema sjálfum þeim. Fremji þeir eitthvert verk, sem þeir verða dæmdir fyrir, þá geta þeir misst embættin, eða ef þeir gera eitthvað, sem gerir þá óhæfa til að vera dómarar, en að öðru leyti geta þeir, óhræddir við öll yfirvöld landsins, fellt þá dóma, sem lögin og sannfæring þeirra býður þeim. En nú er með því ákvæði þessa frv., að hæstiréttur skuli lagður niður, beinlínis þessi réttur af dómurunum tekinn. En hvort sem það er nú af því, að það hafi láðst, þegar stjskr. var sett, að veita dómendunum í æðsta dómstólnum þessa vernd gegn löggjafarvaldinu, eða ekki, þá er það víst, að þeir hafa ekki berum orðum þessa vernd, nema gegn umboðsvaldinu. Æðstu menn einnar greinar ríkisvaldsins, dómsvaldsins, hafa þannig vernd stjskr. gegn annari grein ríkisvaldsins, umboðsvaldinu, en löggjafanum hefir sennilega alls ekki dottið í hug, að það þyrfti að vernda dómendurna í æðsta dómstólnum fyrir þriðju grein ríkisvaldsins, sjálfu löggjafarvaldinu. En það hefir nú sýnt sig, að þess var full þörf. Það væri ekki annað en hégóminn einber að vera að setja það í stjskr., að hæstaréttardómarana megi ekki setja af, nema með dómi, ef löggjafarvaldið getur svo svipt þá embættum, þegar því sýnist, ef það getur gripið inn í og lagt dómstólinn niður. Maður þekkir það svo vel úr stjórnmálunum, og það hefir verið staðfest svo áþreifanlega í meðferð þessa máls hjá þeim hæstv. ráðh., sem hefir verið að beita sér fyrir því, að þó að geðríkur ráðh., sem fær andúð á æðsta dómstólnum, af því að dómar hans hafa gengið honum á móti, geti ekki sjálfur sett dómarana af, þá fær hann bara aðstoð síns flokks til að setja þá af, með því að leggja dómstólinn niður.

Þó ég segi, að þetta hafi sýnt sig nú, þá skal ég geta þess, að hæstv. ráðh. hefir ekki komið því fram enn að leggja æðsta dómstólinn niður, það er ekki fullkomnað verk; það er að vísu búið að reiða öxina, en ekki búið að láta hana ríða að hálsi dómstólsins, því frv. hefir þó verið breytt svo, að dómararnir í hæstarétti eiga nú að taka sæti í þessum nýja dómi, ef þeir vilja. En tilræðið hefir verið gert, og það er alveg óviðunandi, ef hv. Alþ. ætlar að ganga svo frá lögunum, að æðsti dómstóllinn verði lagður niður. Afleiðingin mundi óhjákvæmilega verða sú, að þetta mundi endurtaka sig aftur og aftur. Ef ekki er hægt að standa á móti því í fyrsta skipti, þegar ekkert fordæmi er fyrir því, hversu erfitt yrði þá ekki að standa á móti því, þegar hægt er að benda á fordæmið? Hversu auðvelt verður þá ekki fyrir samskonar geðríkan mann í dómsmrh.sæti og núv. hæstv. dómsmrh. að koma með frv. um, að fimmtardómur skuli lagður niður, eða ef mín brtt. verður samþ., sem ég vona, að muni verða, þá að landsdómur skuli lagður niður? Það er yfirleitt alltaf hægt að leggja dóminn niður, meðan hægt er að finna nýtt nafn á hann. Það væri þá kannske helzt, að það yrði að hætta því af því, að það væri ekki lengur hægt að

finna nýtt nafn á dóminn. Og þetta verður auðvitað til þess, að þrátt fyrir þá miklu vernd og tryggingu, sem stjskr. á að veita dómurunum í æðsta dómstólnum fyrir því, að hvernig sem þeir dæma, þá sé engin hætta á, að þeir verði afsettir, þá er þeim haldið sífræddum um það, að hvaða stj. og meirihl.flokkur sem er, setji þá af, ef þeir ekki láti skipast, og dæmi ranga dóma, ef svo ber undir.

En hvers vegna verndar þá ekki stjskr. þá fyrir þessu berum orðum? Það er vafalaust af því, að stjórnarskrárlöggjafinn mun hafa litið svo á, að þetta gæti ekki komið fyrir. En það væri sannarlega full ástæða til að fyrirbyggja það í stjskr., að hver meirihl.flokkur geti sett af alla hæstaréttardómarana.

Það hefir oft verið sýnt fram á það, að það er engin þörf á þessu ákvæði, að hæstarétt skuli leggja niður. Manni gæti í raun og veru dottið í hug, að þegar það var fyrst borið fram, hefði þetta stafað af klaufalegu eða ónákvæmu orðalagi, að meiningin hafi ekki verið önnur en að breyta nafni dómsins, en þetta hafi verið orðað svona óhönduglega, að hæstarétt skyldi leggja niður. En það hefir nú sýnt sig, að svo er ekki. Það er búið að taka svo miklu ástfóstri við þetta orðalag, að jafnvel eftir að það er búið að missa þá þýðingu, sem það átti að hafa í upphafi, sem sé þá, að losna við dómarana úr hæstarétti, þá er samt haldið fast við þetta orðalag, e. t. v. til þess að greiða leið þeirra, sem seinna verða ráðherrar, til þess, með aðstoð auðsveips flokks, að losna við þá dómendur, sem þeim kann að verða illa við. Því auðvitað verður þeim greiðari leið að bera fram frv. um að fimmtardómur skuli lagður niður, eftir að Alþ. hefir samþ., að hæstiréttur skuli lagður niður. Þá má auðvitað búast við því, að sérhver ráðh. geti fengið löggjafarvaldið til að setja æðstu dómendurna af fyrir sig.

Þá er ekki heldur sú ástæða fyrir hendi, að með frv. sé gerð á æðsta dómstólnum nein umsteypa, þannig, að hér sé um algerlega nýjan dómstól að ræða. Það er svo fjarri því. Ég er reyndar ekki svo kunnugur þessu máli sem skyldi. En við að bera þetta frv. fljótlega saman við lögin um hæstarétt þykist ég sjá, að það hefði verið auðvelt að gera þær breyt. á hæstarétti, sem frv. gerir ráð fyrir, með því að flytja það sem breyt. við hæstaréttarlögin. Það er svo fjarri því, að það umsteypi eldri réttinum, að það er fátt nýtt í því, annað en það, að leggja skuli niður æðsta dómstólinn og taka upp annan nýjan.

Ég skal játa það, að ef lagt væri til að breyta hæstarétti í dómstól, sem væri eitthvað í líkingu við það, sem fimmtardómurinn forni var, þá hefði verið ástæða til að leggja hæstarétt niður, því þá hefði honum verið breytt í allt öðruvísi dómstól en hann er nú. En allt meginefni frv. er engin breyt. frá því, sem er; þar er flest óbreytt, nema orðalagið. Ég hefi því ekki getað fundið neina ástæðu til að leggja hæstarétt niður, nema þessa einu, sem er fullkomlega hneykslanleg, að benda hverri stj. á þá leið, ef hún er óánægð með einhverja dóma, að láta þingið leggja niður æðsta dómstólinn og losna þannig við þá dómara, sem verið hafa.

Þá kem ég að 3. brtt. minni, sem er við 4. gr., og hljóðar um, að landsdóm skuli skipa 5 fastir dómarar.

Eins og kunnugt er, þá var hæstiréttur, þegar hann var settur á stofn fyrst, skipaður 5 dómendum. Þetta var gert af því að meiri trygging var talin fyrir því, að við fengjum góðan rétt, sem kæmist að vel grundvölluðum dómsniðurstöðum, ef 5 menn ættu setu í honum, heldur en ef þeir væru aðeins 3, eins og var í landsyfirréttinum áður. — Þegar landsyfirréttur inn var lagður niður, var settur upp annar dómstóll, sem var fjölskipaðri. Þessu var svo breytt aftur og fækkað dómurum af sparnaðarástæðum. Ég man vel eftir umr. um það, og ég man ekki eftir að það kæmu neinar raddir fram til að andmæla því, að dómurinn væri lakar skipaður með 3 dómurum en 5. Ráðh., sem bar þetta frv. um fækkunina fram, sagði aldrei orð í þá átt, að hann teldi ekki, að dómurinn væri lakar skipaður. Hann sagði oft, að hann áliti, að dómurinn væri betur skipaður 5 dómurum en 3, en hann áliti þó, að dómurinn væri svo vel skipaður 3, að það væri forsvaranlegt, og þegar verið væri að reyna að spara á öðrum sviðum, þá væri þetta vel forsvaranlegt. En hann játaði, að dóm-

urinn væri tryggari með mörgum vitrum og lærðum mönnum. Nú er það svo, þegar 3 menn eru í dómi, að í raun og veru er það æfinlega einn, sem dæmir, ef nokkuð orkar tvímælis. Ég fyrir mitt leyti er alveg sannfærður um það, að okkar æðsti dómstóll er óforsvaranlega veikur með 3 dómurum. Það er ákaflega slæmt, ef vefengja þarf dómsniðurstöður æðsta dómstóls landsins. En ef á að gera kröfu til þess, að þær verði ekki vefengdar, þá verður að skipa dóminn þannig, að hann hafi sterka aðstöðu til að vísa öllu á bug og að slíkar raddir hafi við sem minnst að styðjast. Ég álít, að það sé óforsvaranlegt, að 3 manna dómstóll ráði öllum málum til fullnaðarlykta. Ég ætla ekki að fara út í það hér, hvað það er stórkostlegt starf, sem hæstiréttur oft og einatt vinnur, og hvað mikils virði það er að tryggja það eftir því sem hægt er meðal ófullkominna manna, að dómsniðurstöður dómstólanna séu alltaf réttar og í samræmi við l. Og þó að sumir álíti, að slæmt sé að þurfa að binda 5 menn með miklum hæfileikum við jafnlítið starf og þetta, þá er starfið, þó það sé ekki mikið fyrirferðar, svo mikils virði, að sannarlega er vel bindandi við það 2 af landsins beztu mönnum að auki við þá 3, sem nú eru. Það er aldrei hægt að meta starf sem þetta eftir stærðinni einni. — Ég held, að það sé eini kosturinn í mínum augum við þetta frv., að gert er ráð fyrir því, að 5 menn skipi þennan dóm í þeim málum, sem mestu varða, að hvenær, sem málið er svo stórt, að ástæða þyki til að kalla til aukadómara, þá skuli 2 af kennurum lagadeildar háskólans sitja í dómstólnum með, því í 5. gr. frv. stendur, að þegar mál eru margbrotin, umfangsmikil, þýðingarmikil eða vandasöm, þá skuli 2 aukadómarar kvaddir til, en í öllum einföldum málum skuli 3 dæma. En þó það sé kostur, að 5 menn sitji í dómnum, þegar um margbrotin mál er að ræða, þá álít ég sporið ekki stigið nógu langt, og að við þessa skipun séu alveg augljósir gallar. Það er fyrst og fremst það, að ákaflega erfitt er að skera úr því, hvaða mál eru vandasöm og margbrotin. Það er óviðkunnanlegt fyrir aðaldómara fimmtardóms að þurfa að byrja á að dæma um það, hvort málið er svo margbrotið, að kalla þurfi til aukadómara. Ég verð að segja það, að mér er ekki alveg ljóst, hvaða aðstöðu fimmtardómur hefir til þess að segja um það. Hann verður þá að byrja á því að fella nokkurskonar aukadóm í málinu. Ég held, að það sé óheppilegt áður en málaflutningur fer fram, að þá eigi dómarar að vera búnir að mynda sér hundavaðsálit á málinu, hvort það er vandasamt eða ekki, áður en þeir hafa hlustað á dómsókn og vörn. Auk þess getur það verið ákaflega mikið álitamál, hvaða mál eru vandasöm. Það getur t. d. verið fjárhagsmál um fáeinar krónur, en það getur þó verið þannig vaxið, að þeim, sem á málið, er það miklu meira virði, hvernig það fer, en þó það varði þúsundum kr. í peningum. Hvernig á dómstóllinn að geta sett sig þannig inn í að rannsaka hjörtun og nýrun, að hann geti sagt um það, hvort málið er stórt eða ekki. En fyrir utan það, að erfiðleikar eru á því að kalla til þessa aukadómara, þá álít ég, að það séu augljósir gallar, þar sem kalla þarf aukadómara í flest mál, þá menn, sem annars eru að l. aukadómarar, í stað aðaldómara, sem forfallast frá því að geta dæmt. Reynslan hefir sýnt, að þessa aukadómara þarf oft að kalla til. Það er eðlileg afleiðing af okkar fámenna þjóðfélagi. Við þurfum ekki annað en að líta á ákvæði frv. um það, sem gerir dómara óhæfa til að dæma í máli, hverskonar skyldleiki eða tengdir geri dómara óhæfa til að dæma. Í þessu landi, þar sem menn eru svo mikið skyldir og tengdir, þá hverfa í fjölda tilfellum einhverjir dómarar úr réttinum af þeim ástæðum. Nú er gert ráð fyrir því, að í málum, sem nokkru skipta, séu 2 af kennurum lagadeildar teknir sem reglulegir dómarar, en þá er náttúrlega helmingi meiri möguleiki til þess að kalla þurfi til aukadómara, því náttúrlega geta þessir lagakennarar líka verið óhæfir til þess að dæma sakir skyldleika eða einhvers annars, sem gerir þá ekki óhlutdræga. En það er auðvitað séð fyrir þessu; dómsmrh. á að skipa dómara í staðinn. Þetta út af fyrir sig er ekki slæm skipun. Það er vitaskuld ekki í önnur hús að venda en til dómsmrh. til þess að skipa aukadómara. En ég hygg, að það ætti að vera séð svo fyrir í l., að til þess kæmi

mjög sjaldan, og ég álít jafnvel, að það ættu að vera ákveðnir dómarar, sem þarna kæmu inn, svo aldrei geti komið fyrir, að hægt sé að skipa menn sérstaklega með tilliti til ákveðins máls. Það er áreiðanlega ekki til þess að gera niðurstöður æðsta dómstólsins óvefengjanlegar. Mér finnst eðlilegast, þó ég hafi ekki borið fram brtt. um það, að þegar kennara lagadeildar þrýtur, þá skuli koma einhverjir ákveðnir lagamenn, svo lengi í röð, að víst væri, að dómurinn yrði alltaf fullskipaður. Ef það kæmi til, væri engin ástæða til, að þessir menn væru búsettir í Rvík, þar sem farið er að verða svo tiltölulega auðvelt að ferðast á milli. Maður gæti t. d. vel hugsað sér bæjarfógetana í fjölmennustu kaupstöðunum sem aukadómara. Annars væri hætt við, að menn kæmu inn, sem ætla mætti, að hefðu minni æfingu í að kveða upp dóma. En nú er ekki þessu til að dreifa, og ég hefi ekki borið fram brtt. um þetta. Mín brtt. gerir það að verkum, að mjög sjaldan getur komið fyrir, að kalla þurfi til sérstaka dómara fyrir sérstakt mál, þar sem eru 3 lagadeildarkennarar, sem taka á, ef einhverjir af aðaldómurum forfallast. Ennfremur vil ég sem stuðning með þessari brtt. minni um það, að landsdómur skuli ávallt skipaður 5 reglulegum dómurum, færa það, að ég er ekki viss um, að það sé alltaf heppilegt, að lagakennarar sitji í þessum æðsta dómstóli. Það var hér einu sinni frv. fyrir þinginu um það að láta sameina lagadeildarkennaraembættin og hæstaréttardómaraembættin. Ég var á móti því og það meira út frá minni þekkingu um það, hvernig skipun kennara við háskólann er, en hvernig skipun dómaraembættanna er. Mér finnst heppilegast, að dómarar séu yfirleitt fremur rosknir menn, sem lífið hefir kennt kannske eins mikið og bókin og ekki binda sig við einhverjar „teoríur" og vísindalegar lausnir á málum, heldur hafa þekkingu á þjóðlífinu og atvinnuháttum. Ég ætla ekki að fara að halda því fram, að gamlir menn geri allt betur en ungir menn, en ég held, að í þessu efni frekar en víðast annarsstaðar séu rosknir menn betur til fallnir. Þeir eru líka oft rólegri og horfa með meiri stillingu á það, sem gerist, rífast ekki eins með af straumum og stefnum í þjóðfélaginu. En með öllu þessu geta þeir náttúrlega verið ófærir dómarar. Aftur á móti býst ég við, að nauðsynlegt sé að skipa yfirleitt unga menn í háskólakennaraembætti, af því að þar þurfa menn beinlínis svo langan tíma til þess að ná þeim lærdómi, sem er nauðsynlegur. Svo mótast þessi störf mismunandi. Mér er sagt, að lagakennarar séu talsvert mikið fyrir það að gagnrýna l. í staðinn fyrir það, að dómari á ekki að gagnrýna l., heldur dæma eftir þeim. En aftur finnst mér vel til fallið, að kennarar lagadeildar bendi inn á nýjar leiðir og hvað þeim finnst áfátt. Það ætti að vera þeirra starf. En það er óheppilegt að hafa menn, sem yfirleitt venja sig á þennan hugsunarhátt, að gagnrýna, í þeirri merkingu að finna, hvar áfátt er, sem sjálfkjörna til þess að vera í embætti, þar sem maður er fyrst og fremst skyldugur til að fylgja l.

Náttúrlega mætti segja, að þessi orð mín séu þá eins móti því, að kennarar lagadeildar kæmu inn sem aukadómarar, þegar þeir reglulegu dómarar forfallast, og það er satt. Ég álít það heldur óhyggilegt. Ég álít bezt, að dómurinn sé sem oftast skipaður reglulegum dómurum, og ég ber yfirleitt meira traust til þeirra. Prófessoradóma álít ég yfirleitt óheppilega. En hinsvegar er ekkert á móti því, að lagakennarar kæmu inn sem varadómarar, þegar svo vill til, að einhver aðaldómaranna forfallast. Venjulega eru þeir miklir skarpleikamenn, lærdómsmenn og gáfumenn og þó þeirra gáfur beinist í aðra átt en heppilegast er fyrir dómara, þá er ekki hægt að bera heppilegra niður til að velja aukadómara. Þetta er sett í l. og sagt, að sé jafnmikil trygging, að kennarar lagadeildar komi inn sem 2 af 5 dómurum eins og ef rétturinn sé skipaður 5 reglulegum dómurum. Þetta er fjarstæða. Dómstóllinn er betur skipaður með 5 reglulegum dómurum. Það er ófært að taka lagakennara sem aukadómara í flest mikilsvarðandi mál, og hver pólitískur dómsmrh. komi til að skipa menn í það og það sérstakt mál. — Ég vildi, úr því að þessi l. voru til meðferðar, nota tækifærið til að bæta úr þeim skemmdarverkum, sem unnin voru með fækkun dómara í hæstarétti. Þessar 3

brtt., sem ég hefi gert grein fyrir, eru aðalatriðin og snerta þau deilumál, sem hér eru uppi í samb. við þetta mál. Hinar brtt. eru flestar aðeins afleiðingar af þessum 3 brtt. T. d. er 5. gr. aðeins orðuð um, einungis með það fyrir augum að samræma gr. við þá brtt., sem ég síðast talaði fyrir, að landsdómarar séu alltaf 5. Eins er það, að 6. og 7. gr. falla niður aðeins til samræmingar við þessa sömu brtt. Í þeim gr. er mælt fyrir um, hvernig fara eigi að, þegar bæta þarf við aukadómurum úr lagadeild. — Brtt við 8. gr. er einnig miðuð við þetta. Brtt. við 12. gr. er um, að í staðinn fyrir orðið synodalrétt komi kirkjudómur. — 9. brtt. við 16. gr. er einnig til samræmingar, sumpart við þá brtt. mína, að dómstóllinn sé skipaður 5 dómendum, og sumpart við þá brtt. að leggja hæstarétt ekki niður. — Þá eru 10., 11. og 12. brtt. um, að 24., 25. og 26. gr. falli niður. Í þeim gr. er fyrirskipað, að lagamenn við þennan æðsta dómstól skuli allir mynda með sér félag og eru settar reglur um verksvið þess. Mér finnst það óeðlilegt að taka starfsmenn, sem alls ekki eru ríkisins starfsmenn, menn, sem hafa fengið leyfi til að vinna ákveðið starf, einkastarf, og skylda þá til að vera í félagi. Ég er ekki viss um, að það sé rétt af löggjafarvaldinu að fara inn á slík atriði. Ég sé ekki almennilega, hvaða meining er með þessu. Stj. félagsins á að líta eftir, að allir málaflutningsmenn, sem í félaginu eru, reki störf sín með samvizkusemi og ráðvendni. Það er naumast, að það á að vera starf. Hvernig á stj. að sjá um þetta? Hún verður að láta fram fara rannsókn á hverjum manni og fylgjast með honum með njósnurum. Ef maður lítur á 23. gr., þá er þar nægilegt aðhald, þar sem stendur, að dómsmrh. geti, ef fimmtardómur leggi það til, svipt málaflm. leyfi, ef fimmtardómur hefir þrisvar sinnum sektað hann fyrir óhæfilegan drátt á opinberu máli, vísvitandi ósannindi í sókn eða vörn eða önnur stórkostleg skyldubrot. Þetta er hið eina aðhald, sem nokkurs er virði. Ég hefi því lagt til, að þessar gr. verði felldar niður. Þessari félagsstjórn er veitt óhæfilega mikið vald yfir meðlimum félagsins. Það er stofnað nokkurskonar ríki í ríkinu, ef á að veita mönnum dómsvald yfir aðra, en það fer að verða einkennilegt, ef félagsstjórnir geta dæmt í sektir. En félagsmenn hafa rétt til að bera sektarúrskurði félagsstj. eða úrskurði um missi réttinda undir dómstólana. Það er undarlegt að taka það fram, ég hélt, að engum væri fyrirmunað að skjóta málum sínum til dómstólanna, þó þeir væru bundnir félagsskap.

Svo er brtt. við 28. gr., þar sem n. hefir skotizt yfir að breyta synodalrétti í kirkjurétt í samræmi við það, sem annarsstaðar er gert. — Þá er 14. brtt. mín, við 34. gr., um það ákvæði í upphafi greinarinnar, að dómsmrh. geti veitt leyfi til áfrýjunar á tímabilinu frá því 6 til 12 mán. eru liðnir frá því að dómur fellur í undirrétti. Ég breyti því þannig í samræmi við það, að dómsmrh. sé skylt að veita leyfið, sem lagt var til í hv. Ed., en svo getur ráðh. samkv. frv., eftir að þetta tímabil er liðið, veitt leyfi til að áfrýja máli næstu 3 ár.

Það virðist mjög eðlilegt fyrirkomulag, að áfrýjunartíminn skiptist þannig í þrjú tímabil. Í fyrsta lagi, að í næstu 6 mán. eftir að dómur hefir verið upp kveðinn í máli, þá hafi málsaðilar sjálfsagðan rétt til að áfrýja máli án þess að sækja um leyfi, í öðru lagi, að í þar næstu 6 mán. þurfi að sækja um leyfi til dómsmrh., sem honum er þó skylt að veita, og í þriðja lagi, að næstu þrjú ár þar á eftir hafi ráðh. heimild til að veita áfrýjunarleyfi. Frá hlið þess opinbera á vitanlega að gera mönnum sem léttast fyrir að ná rétti sínum, og virðist engin ástæða til að setja neinar óþarfar hömlur á möguleikann til þess að ná sem réttustum dómsúrslitum.

Næstu 2 brtt. fela í sér annað aðalatriðið í frv., sem ég vil breyta, niðurfelling hæstaréttar, og er önnur brtt. því um það að fella niður allan XII. kafla frv., þar sem kveðið er á um það, hvaða mál megi bera undir fimmtardóm. Þessi kafli verður óþarfur, þegar út frá því er gengið, að hæstiréttur verði ekki felldur niður, heldur verði honum breytt í annan dómstól. — Svo er loks 17. brtt., við 67. gr., um atriði, sem ég er búinn að mæla fyrir og er afleiðing brtt. um að breyta nafni á dómstólnum og kalla hann landsdóm, sem með lögum frá 1905 var valið þeim rétti, sem stefna á ráðh. fyrir til ábyrgðar

á sínum störfum. Ég sé ekki, að sá dómur eigi rétt á svo virðulegu nafni og get ekki skilið, hvernig mönnum hefir getað dottið í hug að velja þeim dómstóli þetta nafn. Hann hefði miklu heldur átt að heita skandaladómur eða eitthvað hliðstætt á íslenzku, þar sem þetta er auk þess dómstóll, sem líklega aldrei verður kvaddur saman, og þó svo færi, mundi sennilega skemma sig á því að sýkna þann ráðh., sem kærður væri, fyrir það, hvernig dómstóll sá er skipaður. Landsdómsnafnið á einmitt að falla á æðsta dómstól landsins, en núv. landsdómur á aftur að heita fimmtardómur, af því að hann er hliðstæður gamla fimmtardómnum að því leyti, að hann er eiginlega utan við dómaskipun landsins eins og fimmtardómurinn var á sínum tíma. Ég skal játa það, að ég var ekki alveg viss um, hvernig ætti að koma þessu fyrir, svo það væri fullkomlega formlegt. Ég vissi ekki, hvort rétt væri að ákveða í lögum um einn dómstól, hvert skyldi vera nafn á öðrum dómstóli, en ég hygg þó, að Alþingi hafi rétt til að gera það á þennan hátt, en þurfi ekki að gera það með sérstakri lagabreyt., heldur megi fella ákvæðið inn í þessi lög.

Annars vil ég benda á, að það er full nauðsyn á að endurskoða lögin um núv. landsdóm, og ætti því að skora á stj. að undirbúa frv. um það fyrir næsta þing.

Síðustu brtt. mínar á þskj. 668 eru afleiðing af þeim breyt., er ég legg til, að gerðar verði á frv., m. a. um breyt. á nafni dómsins, og þarf ég því ekkert sérstaklega um þær að tala.

Frsm. minni hl. (Einar Arnórsson): Ég held, að ég geti lofað því að verða heldur skammorðari um þetta mál heldur en hv. 4. þm. Reykv. var (**MJ:** Hv. þm. á líka færri brtt. við frv.). Það getur nú verið, að ræða þurfi um fleira en brtt. í sambandi við málið. Það er rétt hjá hv. þm., að mjög langar umr. urðu ekki um þetta mál, þegar það var hér fyrir hv. d. fyrr á þessu þingi, en jafnvel þó svo væri ekki, hefi ég hvorki í hv. Ed. né við þessa umr. hér heyrt neitt nýtt borið fram, sem máli skiptir og áður var ekki fram komið hér í hv. Nd. Í hv. Ed. urðu að vísu langar umr. um málið og langar ræður fluttar, en hvað snertir sjálft efnið, var ekkert nýtt á þeim að græða. Umr. þar fóru mikið í deilur um einstaka dóma, er hæstiréttur hefir dæmt, hvort þeir hefðu verið réttir eða rangir, en slíkt veitir vitanlega engar upplýsingar um það, hvort heppilegt sé að breyta skipun dómstólsins eða ekki. Frv. er að því leyti óbreytt enn frá því, sem það var afgreitt hér í hv. d., að enn eru á því tveir þeir **höfuðgallar,** sem ég taldi vera á því, þegar það var afgreitt til hv. Ed., og skiptu verulegu máli, en annað, sem menn hafa talið í frv. miða til skemmda eða bóta, tel ég allt fremur smávægilegt.

Hv. 4. þm. Reykv. benti á aðra höfuðástæðuna til þess, að ég hefi verið á móti frv., þá, að svo er fyrir mælt, að leggja skuli hæstarétt niður, og margt af því, sem hann sagði, get ég skrifað undir. Þó get ég tekið fram, að stjskr. bannar hvergi að breyta dómstóli eða leggja hann niður, og gerir ráð fyrir, að það sé einmitt gert, en hún ákveður jafnframt, að dómarar í niðurlögðum dómstóli eigi að taka sæti í hinum nýja dómi. Það er rétt hjá hv. þm., að löggjafarvaldð getur misbrúkað þetta ákvæði, á þann hátt að leggja niður dómstól, þó aðeins sé um litla skipulagsbreyt. að ræða, í þeim tilgangi að losna við vissa dómara. Þetta er búið að margtaka fram, líka hér í hv. d. Hitt er annað mál, að sumum hefir kannske fundizt, að ég ekki breiða mig nóg út yfir það atriði hér í hv. d. og ekki vera svo illorður sem mönnum er nú orðið svo tamt að vera hér á þingi. Þó hygg ég, að ég hafi bent á aðalatriðin svo skýrt, að hver meðalgreindur maður hefði átt að geta skilið það. Hinn aðalgallinn á frv. er niðurfelling prófraunarinnar. Hv. 4. þm. Reykv. hefir víst ekki séð sér fært að koma með brtt. um að taka hana upp, af því sú till. var felld hér síðast, þó e. t. v. hefði mátt „variera" hana á þann hátt, að þingsköp leyfðu nýja till., þótt hin væri felld. Ég ætla hér ekki að fara að endurtaka þau rök, sem eru fyrir því, að tryggara er að hafa prófraunina en ekki, en þó skal ég taka það fram, að það virðast liggja í sögu þessa dómstóls rök fyrir því, að svo sé, og að almennt hafi verið álitið tryggast að hafa það fyrirkomulag. Árið 1919, þegar hæstaréttarlögin voru sett og dómstóll-

inn stofnaður, mætti ákvæðið um prófraunina engum mótmælum og ekki heldur árið 1924, þegar breyt. var gerð á lögunum, mun nokkur brtt. hafa komið fram í þá átt að fella niður dómaraprófið. Þá var dómendum í hæstarétti fækkað úr 5 í 3 og þá var einmitt stefna löggjafarvaldsins sú að auka sjálfstæði hæstaréttar, eins og sjá má á því, að þá er sú breyting gerð á lögunum, að rétturinn sjálfur skal velja sér ritara, og sömuleiðis var honum þá einnig falið að velja sér forseta, því það var álitið þá hagkvæmara heldur en að dómsmrh. væri falið að gera það. Og núv. dómsmrh., sem var þá hlynntur fækkun dómaranna, vildi, að hæstiréttur veldi sér forseta sjálfur heldur en að það væri á valdi pólitísks ráðh. og taldi það miklu tryggara fyrirkomulag. Aftur voru dálitið skiptar skoðanir um þetta þá, og voru sumir þeir, er nú vilja halda prófrauninni, á móti þessari breyt. á forsetakjörinu. Ég er sammála hæstv. dómsmrh. um, að þetta hafi verið spor í rétta átt, að láta réttinn sjálfan velja úr sínum hópi þann mann, sem á að vera fulltrúi og forsvarsmaður réttarins út á við og stjórnandi hans inn á við. En í samræmi við þessa stefnu er vitanlega prófraun dómaranna til að tryggja það, að engir taki sæti í réttinum, nema færir séu til þess, og þar eru vitanlega dómarar réttarins allra manna hæfastir til að dæma um, en eins og áður er sagt, var ekki að búast við því, að það þýddi neitt að flytja um það brtt. við þessa umr.

Í hv. Ed. var gerð sú breyt. á frv., að áður en embætti aðaldómara í fimmtardómi er veitt, skuli taka veitinguna til umr. og ákvörðunar á sameiginlegum ráðherrafundi, og síðan skuli forsrh. bera till. um veitinguna fram fyrir konung. Sama á og að gilda, þegar veita skal dómara lausn frá embætti. Ég held, að ýmislegt mæli með því, að það beri að láta þetta ákvæði haldast óbreytt. Eins og menn vita, er ríkisvaldið greint í þrjá flokka: löggjafarvald, dómsvald og framkvæmdarvald. Það virðist fara vel á því, að æðsti handhafi veitingarvaldsins um hæstarétt sé einmitt sá maður, sem æðstur er í stj., en það er auðvitað forsrh., sem einnig er æðsti yfirbjóðandi Alþingis, þar sem hann í umboði konungs kveður það til fundar og slítur því, og hefir ennfremur samsvarandi aðstöðu gagnvart framkvæmdarvaldinu, þar sem hann t. d. undirskrifar skipunarbréf sitt og samverkamanna sinna í ráðuneytinu. Þegar þessi breytingarákvæði hv. Ed. við frv. eru borin saman við afskipti forsrh. af framkvæmdarvaldinu og löggjafarvaldinu, þá er fullt samræmi í því, að forsrh. beri einnig fram till. um skipun æðsta dómstóls ríkisins, því sú stofnun er fullkomlega eins æruverð og virðuleg og hinar stofnanirnar. Það hefir verið sagt, að með þessari breyt. væri of nærri höggvið núv. dómsmrh., af því að afskipti dómsvaldsins er í hans verkahring, en þetta er auðsjáanlega ekki á neinum rökum byggt, því núv. dómsmrh. gæti t. d. orðið forsrh., og þá heyrði þetta undir hann, en ekki þáv. dómsmrh. Þessari breyt. er því ekki stefnt gegn neinum vissum manni, heldur er tilgangur hennar að tryggja þessari virðulegu stofnun, að stöður hennar séu réttilega veittar, því fyrir því verður að telja það sérstaka tryggingu, að veitinguna á að taka til ákvörðunar á sameiginlegum ráðherrafundi, þar sem till. meiri hl. ráðuneytisins á að gilda. Ég get þess vegna ekki skilið, hvers vegna meiri hl. hv. n. vill fella burt þessi ákvæði.

Jafnvel þó að telja verði til bóta heldur en hitt þær breyt., sem á frv. hafa orðið í hv. Ed., þá býst ég samt ekki við, að þeir, sem voru á móti frv. síðast hér í hv. d., geti heldur nú gefið því sitt fylgi **vegna ákvæðisins um niðurlagningu hæstaréttar og ákvæðisins um prófraunina.** Eftir till. hv. allshn. á þskj. 686 er að vísu talað um, að veitingu embættis aðaldómara í fimmtardómi eigi að ræða á ráðherrafundi, en það er ekkert í þessum till., er tryggir það, að meiri hl. ráðh. eigi að ráða úrslitum um veitinguna, því þrátt fyrir það, þó þessar till. verði samþ. gæti dómsmrh. virt að vettugi till. samverkamanna sinna í því efni. Hann gæti t. d. rólegur látið dómara, sem orðinn er 65 ára, víkja úr embættinu, þó hann héldi óskertum hæfileikum sínum og meiri hl. ráðuneytisins væri því mótfallinn, að hann færi. Till. fyrirbyggir því ekki, að dómsmrh. geti gengið á móti

vilja hinna ráðh., því skyldan nær ekki lengra en það, að málið á að ræða á ráðherrafundi og ráðherrarnir fái að segja sitt álit um veitinguna. Hitt segi ég ekki, að þetta skipti ætíð miklu máli, því sennilegt er, að dómsmrh. fari venjulega oftar eftir því, sem hinir segja, vegna þess að hann sé þeim sammála.

Þá vil ég fara nokkrum orðum um brtt. á þskj. 668. Hv. 4. þm. Reykv. er mér sammála um það, að engin ástæða sé til þess að breyta *nafni* hæstaréttar. Hinsvegar tel ég það raunar litlu skipta, hvort réttarinn er látinn heita hæstiréttur, fimmtardómur eða landsdómur, því það er vitanlega aukaatriði. Hitt er aftur á móti aðalatriði, hvernig rétturinn er skipaður og hvernig hann starfar. Það mun fara svo um hvert heitið, sem valið verður, að fólk mun sætta sig við það, og það mun festast við réttinn, hvort sem það fullnægir strängustu málfræðiskröfum eða ekki. Slíks eru alþekkt dæmi um heiti manna, stofnana eða hluta. Mér dettur í hug í því sambandi eitt heiti úr réttarsögu okkar á stofnun, sem látið var haldast, þó stofnunin breyttist í mjög verulegum atriðum. Árið 1271 var sú breyt. gerð á skipun Alþingis, eins og kunnugt er, að meginstofnun þess, lögréttan gamla, sem hafði haft löggjafarvaldið með höndum, var látin taka dómsmálin sem aðalstarf, en missa löggjafarvaldið, nema að mjög litlu leyti. Þannig var meginbreyt. gerð á stofnuninni, en nafnið látið haldast. Það er rétt hjá hv 4. þm. Reykv., að störfum hæstaréttar og fimmtardómsins gamla er ekki hægt að jafna saman. Sá dómstóll hafði fyrst og fremst dómsvald, þegar dómendum í fjórðungsdómum kom ekki saman. Ennfremur dæmdi hann um þingsafglapanir og mútumál, um það er þræll strauk frá eiganda sínum og ef annar maður hýsti strokuþræl, og nokkur slík mál.

Það er og jafnvíst, að landsdóminum núv. og fimmtardómi verður ekki heldur jafnað saman. Landsdóminum er ekki sérstaklega ætlað að dæma mútugjafir og mútuþágur, og þingsafglöpin á hann alls ekki að dæma, enda verður enginn sérstaklega ákærður fyrir slíkt. Ráðh. geta að vísu brotið þingsköp, en ég geri ekki ráð fyrir, að það verði talið hegningarverðara fyrir ráðh. að brjóta þingsköp en fyrir forseta og aðra alþm. Að l. á landsdómurinn eingöngu að dæma um mál út af embættisverkum ráðh., hvort svo sem brotið fellur undir ráðherraábyrgðarlögin frá 1904 sérstaklega, 13. kap. hegningarl. eða önnur ákvæði í l. Það má því ljóst vera, að ekki er meiri skyldleiki milli fimmtardóms hins forna og núv. landsdóms en er á milli fimmtardóms og hæstaréttar, og er nafnið því ekki rétt til fundið að því leyti, í hvorn staðinn, sem það kemur niður. Annað mál er það, að landsdómurinn er ekki starfhæfur, en það eru hinsvegar ekki meiri líkur til þess, að dómurinn yrði látinn starfa fremur en nú, þó að nafni hans væri breytt. Dómurinn verður ekki starfhæfur fyrir það eitt, þó að etikettunni sé breytt.

Þótt ég líti svo á, að ástæðulaust sé að vera að leggja niður heiti á æðsta dómstóli landsins, sem almenningur þekkir og hefir lært að nota, tel ég þetta atriði ekki mikilsvert, eins og ég hefi margtekið fram. Nöfn geta aldrei verið aðalatriðið, jafnvel þótt ekki séu réttnefni. Þegar okkur er sagt, að maður heiti Páll, spyrjum við ekki að því, hvort hann sé hár maður eða lítill maður vexti. Okkur er það nóg, að maðurinn heitir Páll. Þótt maður heiti Magnús, skiljum við ekki endilega við það, að þar sé um mikilmenni að ræða, og þótt einhver heiti Tryggvi, þarf hann ekki þar fyrir að vera tryggur maður og vinfastur. Hér er aðeins um nöfn að ræða, sem við tengjum engar sérstakar hugmyndir við, en segja aðeins til um það, að einstaklingur heyri undir ákveðinn flokk í náttúrunni, sem við köllum mannkyn. Það er sama hvaða nafn æðsta dómstólnum er valið, ef það aðeins ekki er hneykslanlegt. Fólkið lærir að nota það smám saman, og festist nafnið þannig í málinu óðar en varir. Þegar hæstiréttur var stofnaður, voru ýmsir málskrúðsmenn, sem álitu það nafn ekki hæfilegt, þar sem það bæði væri málfræðilega skakkt og ekki heldur hugsunarrétt. Kom þetta fram í þeirri n., sem hafði hæstaréttarmálið til meðferðar á þinginu 1919, en þáv. forsrh. var áfram um að halda nafninu, með þeim röksemdum, að þetta væri

æðsti liðurinn í ísl. dómsvaldi, og með því sigraði nafnið þá í bili.

Margar af brtt. hv. 4. þm. Reykv. eru afleiðing af þessari höfuðbreyt. hans, breyt. á heiti dómstólsins, en sú brtt. hans, sem máli skiptir, fjallar um það, að dómararnir skuli vera fimm.

Eins og ég hefi tekið fram, litu margir svo á 1924, þegar breyt. var gerð á tölu dómaranna í hæstarétti, að hún væri til skemmda, og tel ég vafalaust, að hv. 4. þm. Reykv. hafi litið svo á líka, þó að ekki sé mér kunnugt um það. Má deila um það, hversu fjölskipaður æðsti dómstóllinn á að vera. Víða mun látið nægja að hafa hann raunverulega skipaðan 3 dómurum. Í þýzka ríkisréttinum í Leipzig dæma t. d. aðeins 3 dómarar í hverju máli, en réttinn skipa hinsvegar tugir dómara, og starfar hann í mörgum deildum vegna málafjöldans. Mig minnir líka, að svo sé þessu einnig háttað í Englandi, þó að fleiri dómarar séu auðvitað alltaf til taks, þegar á þarf að halda. En í hinum fámennari löndum kunningsskaparins er líklega tryggara að hafa dómarana fleiri, því að þar er meiri ástæða til að hafa sem allra tryggilegast búið um æðsta dómstólinn en er í hinum fjölmennari löndum. Það er að vísu gott að hafa dómsvaldið, og þá sérstaklega æðsta lið þess, sem allra óháðast framkvæmdarvaldinu og óafsetjanlegan að því leyti, sem til framkvæmdarvaldsins kemur, en þetta er þó ekki nóg. Það er stundum ekki minni þrekraun fyrir dómara að standast álit einstakra manna og flokka utan að en vilja sjálfra stjórnendanna, því að í sumum málum er ekki aðeins, að stjórnendurnir láti sig miklu skipta úrslit málsins, heldur getur líka verið um kappsmál að ræða milli atvinnuflokks og pólitískra flokka í landinu, og þurfa dómararnir því líka að vera hafnir yfir vild eða óvild flokka og stefna í þjóðfél., er þeir taka afstöðu til máls. Þá er það og líka þrekraun fyrir dómara, tillitið til mannanna sjálfra, sem í málinu eiga, því að þessir einstaklingar hafa oft svo og svo mikil völd í þjóðfél. Verður þannig að gera kröfur um þrekraun í allar þessar áttir af dómaranum — að hann láti það engu skipta um niðurstöðu sína, hvort stj., pólitískir flokkar, stéttir eða einstaklingar reiðist dómsniðurstöðunni eða láti sér hana að góðu verða. Það er nú svo, að pólitískir flokkar og pólitískar stj. hafa ekki enn náð þeim þroska að taka dómsniðurstöðu með jafnaðargeði. Og sama má segja um ýmsa einstaklinga. En ég get þó sagt það okkur báðum til hróss, mér og hv. 4. þm. Reykv., að þótt við báðir töpuðum máli, sem var að mörgu leyti líkt, tókum við þó þeirri niðurstöðu með jafnaðargeði, en ærðumst ekki eða skrípuðumst, þó að við töpuðum. En það er ekki svo um alla, sem eiga í málum. Því að ef málin ganga á móti þeim, ærast þeir og skrípast og hella skömmum og svívirðingum yfir dómarana leynt og ljóst, af því að þeir fengu ekki þann dóm, sem þeir sjálfir töldu réttan. Eiga hér víst allir pólitískir flokkar óskilið mál og bæði núv. og fyrrv. dómsmálaráðherrar sumir hverjir. Öll þessi ókjör stefja að dómaranum, og má hann sannarlega vera á verði, ef hann vill vera samvizkusamur og hefir ekki hugsað sér að láta reiði, óvild eða hótanir stjórna till. sínum í máli. Get ég vel hugsað mér, að dómur með 5 dómurum sé sterkari gagnvart almenningi, stj., flokkum og atvinnustéttum en 3 manna dómur, sérstaklega hér í þessu fámenna landi kunningsskaparins, og get ég því fallizt á, að rétt sé að fjölga dómurunum, en ég geri þó hinsvegar ekki ráð fyrir því, að slík till. finni náð fyrir augum nógu margra, eins og stendur, í kreppunni og á þessum sparnaðartímum. Ég geri fremur ráð fyrir því, að þm. muni ekki telja sér fært að samþ. slíka till., sem mundi hafa í för með sér aukin útgjöld um nál. 17000 kr., eins og launaákvæðunum nú er farið, og telja margar ástæður fyrir því að geyma slíka ákvörðun þar til síðar. Fór og svo í Ed., að samskonar till. þar fékk ekki nema lítinn hl. atkv., og fór þetta ekki eftir flokkaskiptingu, og jafnvel ekki allir andófsmenn frv. þar voru með þessari till. Minnir mig, að 4 atkv. félli með till., og form. Sjálfstæðisflokksins, hv. 1. landsk., greiddi atkv. á móti henni.

Ef till. hv. 4. þm. Reykv. um dómarafjölgunina nær fram að ganga, kæmu aukadómararnir ekki lengur til greina, og væri þá ekki þörf að ræða um þá, en ég

geri ekki ráð fyrir því, að till. verði samþ., eins og ég áður sagði, og skal því víkja að nokkrum ummælum, sem hv. 4. þm. Reykv. hafði um það atriði málsins.

Hv. þm. sagði, að það væri ógjörningur fyrir hina reglulegu 3 aðaldómara að skera úr því, áður en mál væri sótt og varið, hvort það væri svo umfangsmikið, þýðingarmikið eða vandasamt, að kveðja bæri til aukadómara. Býst ég við, að þessi ummæli stafi af athugunarskorti eða ókunnugleika. Skv. l. um hæstarétt eiga málaflutningsmennirnir að leggja fram útdrætti í öllum þeim málum, sem flutt eru munnlega, og eiga þessir útdrættir úr málunum að vera komnir til réttarins 14 dögum áður en málin eru þingfest. Í þessa útdrætti er allt það tekið, sem máli skiptir í hverju máli. A. m. k. hefi ég aldrei orðið var við það í þau allmörgu skipti, sem ég hefi tekið sæti sem dómari í hæstarétti, að neitt hafi vantað í útdrættina, sem máli skipti. Það er því hægurinn á fyrir dómarana að gera sér grein fyrir mikilsvægi máls af útdráttunum. Með allri virðingu fyrir málaflutningsmannastétt okkar, sem er yfirleitt skipuð ágætum mönnum, verð ég þó að segja það, að sjaldan er, að svo mikið nýtt komi fram í ræðum þeirra, að viðkomandi dómara sé ekki fullkunnugt áður, hver gögn eru komin fram í máli, og hæstaréttarstefnan sýnir, hvaða kröfur hafa komið fram í málinu. Og væri ég dómari, mundi ég ekki verða í vandræðum þess vegna með að ákveða, í hvaða málum bæri að kveðja til aukadómara. Fer slíkt ekki eftir stærð málanna, eins og ég hefi áður bent á, því að í smámálum, þar sem um er að ræða smáupphæðir, geta eins komið fram lögfræðileg stefnuatriði, t. d. í málum, sem rísa út af því, hvort maður sé skyldur að greiða útsvar í þessum eða hinum hreppnum eða kaupstaðnum.

Hv. 4. þm. Reykv. talaði um það, að ef dómararnir væru 5, væru minni líkur til þess, að kveðja þyrfti til varadómara, en þetta er þó engan veginn víst. Vildi hann og gera mikið úr þeirri hættu, sem af því stafaði, hve oft lagakennararnir tækju sæti í réttinum vegna þess, að aðaldómararnir vikju þar sæti. En þetta er ekki svo mjög oft. Ég hefi að vísu ekki talið það saman, hve oft ég hefi tekið sæti í hæstarétti í forföllum aðaldómaranna þar, en ég býst við, að þetta hafi komið fyrir svo sem 5 sinnum síðastliðið 1½ ár. Varla oftar a. m. k. Og þótt 2 af lagakennurunum skipuðu sæti í réttinum sem varadómarar, er þó alltaf sá þriðji til, sem hægt er að grípa til, ef á þarf að halda, og það er mjög sjaldgæft, að fleiri en einn dómari þurfi að víkja sæti í sama málinu. Eru það hreinar undantekningar, að slíkt komi fyrir, og man ég í svipinn ekki eftir öðru dæmi en því frægasta, er við allir þrír kennararnir í lagadeild tókum sæti í réttinum og dæmdum þennan nafnkunna dóm, sem síðan hefir verið við okkur kenndur og kallaður prófessoradómurinn. Virtist hv. 4. þm. Reykv. vera eitthvað reiður út í þennan dóm okkar. (MJ: Ég minntist ekki á hann). Jú, það var eitthvað í þessum dómi, sem stakk hv. 4. þm. Reykv., en hann fór vel með það, þótt hann hinsvegar gæti ekki stillt sig um það með öllu að láta gremju sína í ljós. (MJ: Þetta er alls ekki rétt). Jú, það er hárrétt. Hv. þm. lét svo um mælt, að hann vildi sem fæsta prófessoradóma. Skrifaði ég þetta upp um leið og hann sagði það. Hann er diplomatiskur, hv. 4. þm. Reykv., og kann vel að haga orðum sínum, en í þessum orðum hans kom það þó greinilega fram, þó að óbeint væri, að hann hefir horn í síðu þeirra ágætu dómara, sem dæmdu þennan dóm. Skil ég þetta allvel, því að dómurinn hefir að geyma ummæli um frammistöðu bankastjóra Íslandsbanka, er hv. þm. hefir af flokkslegum ástæðum eigi talið hentug. Hefi ég ekkert á móti því, að dómarar verði fyrir gagnrýni. Með því, sem ég áður sagði um þá þrekraun, sem hæstaréttardómarar verða að sýna í allar áttir, vildi ég ekki sagt hafa, að þeir væru hafnir yfir gagnrýni. Ég lít svo á, að þeir hafi gott af gagnrýni, en sú gagnrýni á að koma fram á svipaðan hátt og þegar lagakennararnir gagnrýna l., vera um málefnin, er ekki mennina. Er það eitt af því marga, sem skortir á í opinberum málum hér á Íslandi, að gagnrýnin kemur hér ekki fram að hætti siðaðra manna, ekki heldur, þótt æðsti dómstóllinn eigi í hlut.

Annars er það fjarri því að vera eins

mikið eindæmi og hv. 4. þm. Reykv. virtist halda, að lagakennarar taki í viðlögum sæti í æðsta dómstólnum. Þetta hefir t. d. tíðkazt í Noregi um langan aldur. Og víðar er þetta gert og hefir hvergi komið að sök, að því er mér er kunnugt.

Þótt það skipti ekki máli hér, getur það verið til athugunar síðar, þeim, sem tækju þetta mál upp aftur, að það er til ein leið enn, til þess að taka dómara í hæstarétt. Það er til stétt manna fyrir utan lagakennarana, sem er sérstaklega hæf til þessa, og það eru hæstaréttarmálaflutningsmennirnir, sem yfirleitt eru hæfir til að ganga í skarðið, ef autt sæti verður í réttinum einhverra hluta vegna. Því hefir verið haldið fram, að hættulegt væri, að kennarar lagadeildarinnar tækju sæti í hæstarétti sem aukadómarar, og jafnvel þótt ekki sé nema varadómarar, af því að þeir væru umboðsembættismenn, sem stj. gæti sett af, þegar hún vildi. Og þetta er rétt, a. m. k. á pappírnum. En það eru óskrifuð lög alstaðar, nema e. t. v. í Rússlandi, að háskólakennarar verða ekki settir af, þó að þeir láti uppi skoðun sína á siðsamlegan hátt um eitt og annað. Þetta var ekki svo fyrr, en nú er óhætt að segja, að þetta sé svo alstaðar, og hér hefir þetta verið svo líka. Eins og kunnugt er, hafði núv. hæstv. dómsmrh. heldur lítið álit á mér sem lögfræðingi og manni, og kom þetta ósjaldan fram í skrifum hans í Tímanum síðastl. vor, þar sem hann lét það skýrt í ljós, að ég gegndi illa stöðu minni við háskólann. Bjóst ég þess vegna við því, að ég þá og þegar mundi fá consilium abeundi. Ég tek það ekki illa upp, þó að lítið sé gert úr því, sem ég hefi lagt af mörkum til ísl. lögfræði. Og ég firrtist ekki, þótt blað stjórnarinnar telji mig óhæfan kennara. En ég bjóst jafnvel við, að núv. dómsmrh. mundi fá að sinni skoðun hæfari mann í embætti mitt og leysa mig frá því. En ekki hefir úr því orðið ennþá. Síðan hefi ég m. a. s. tekið sæti í hæstarétti í máli einu, sem ríkisstj. stóð að, og komst þar að niðurstöðu, sem var þvert ofan í vild núv. dómsmrh., og taldi mér skylt að birta þessa niðurstöðu mína, af því að ég áleit, að meðdómarar mínir hefðu ekki komizt að réttri niðurstöðu í málinu. En þrátt fyrir allar þessar sakir lafi ég þó enn, og er þetta sýnilegur vottur þess, að stj. telur sig verða að fylgja þeirri reglu, að setja háskólakennara ekki af nema fyrir mjög grófar sakir, og setja hann þá fyrst af um stundarsakir, en höfða síðan mál á hendur honum til að hafa fyrirgert stöðu sinni. Annars má segja það um mann, sem svo er þreklaus, að hann dæmir ranga dóma, af því að hann er hræddur um að missa embætti sitt, að því fer fjarri, að tryggt sé, að hann dæmi eftir sannfæringu sinni, þó að hann sé ekki afsetjanlegur. Það er ósköp hætt við, að óttinn við óvinsæld, ekki síst óvinsæld af hálfu valdhafanna, hafi meiri og minni áhrif á dómsniðurstöður svo veiklundaðs manns, sem ég að vísu ekki skal neita, að geti verið til.

Þá hafði hv. 4. þm. Reykv. það út á lagakennarana að setja, að þeir væru oft ungir menn, og er það rétt hjá hv. þm., að eldri menn hafa meiri lífsreynslu en ungir, en það er líka hætt við, að þeir gömlu séu farnir að stirðna og hættir að fylgjast með, af því að þeirra andlega lífsafl er minna. Ég skal ekki lasta ellina, og til þess að róa hv. 1. þm. S.-M. skal ég gjarnan taka undir það, að gamlir menn athuga einatt betur gang sinn en ungir, en ég verð þó að segja það, að ekki ætti að verða til spillis, þótt nokkuð ungir menn á góðu reki gætu átt sæti í réttinum með mönnum, sem e. t. v. væru orðnir töluvert fullorðnir. Ég get viðurkennt, að það eru fjölmargir menn með það góða líkams- og sálarkrafta hálfsjötugir, að þeir geta prýðilega gegnt dómstörfum. En það getur verið gott að fá nýtt blóð í réttinn í stórum og vandasömum málum. Þessi mótbára hv. 4. þm. Reykv. varðar ekki einungis það, að lagaprófessorar séu aukadómarar, heldur líka, að þeir séu varadómarar, því að þótt mál séu færð, þar sem þeir eru varadómarar, þá getur það verið alveg eins mikilsvert málefni. Sé ekki hægt að trúa þeim fyrir því að taka sæti sem aukadómarar, þá er ekki heldur hægt að treysta þeim sem vardómurum. Hv. 4. þm. Reykv. hefði því verið samkvæmastur sjálfum sér, ef hann hefði líka lagt til, að það yrði fellt niður. Það er álit hv. 4. þm. Reykv. og ein höfuðástæðan, að

kennarar lagadeildar væru ekki hæfir að skipa sæti í æðsta dómstóli landsins, þar sem þeirra hlutverk væri að gagnrýna lögin, en hlutverk dómstólanna væri að dæma eftir lögunum. Hér get ég ekki verið hv. þm. sammála. Hlutverk háskólakennara í lögum er fyrst og fremst að skýra fyrir nemendum sínum, bæði munnlega og skriflega, hvað felst í lögunum, hvaða reglur þau hafa að geyma um hvert það efni, sem heyrir undir hans fræðigrein. Svo er það og hlutverk kennara í guðfræði að skýra ákveðna texta, t. d. heilaga ritningu og finna út, hvað er satt og rétt í hverju efni. Lagaprófessorar geta auðvitað vakið athygli nemenda sinna á því, að eitthvert lagaákvæði sé óheppilegt og rekist á önnur lagaákvæði o. þ. h., en aðalhlutverkið er þetta, og aðalhlutverk kennara og dómara er hið sama. Dómarinn á líka að rannsaka, hvað séu lög um ákveðið efni, og hann á auðvitað ekki að fylgja einhverri ákveðinni skoðun eða skilningi blint, heldur hafa opin augun og velja þann skilning, ef um marga er að ræða, sem réttlátastur verður og hentugastur um samskonar atvik í framtíðinni. Ég gæti ekki skilið það, þótt einhver segði mér það t. d., að hv. 4. þm. Reykv. væri óhæfur til að gegna prestsembætti, af því að hann hefði verið guðfræðiprófessor við Háskóla Íslands í mörg ár. En mér skilst þó, að hér sé nokkuð svipuðu saman að jafna. Presturinn á vitanlega að inna siðsamlega og sómasamlega af hendi þau störf, sem löggjöfin felur honum. Hann á að fara eftir handbók þjóðkirkjunnar, þegar hann grefur, messar, skírir og giftir, og guðfræðiprófessorinn getur þó vel í sínu starfi hafa gagnrýnt þetta og talið það ekki rétt að öllu leyti. Einnig gæti hann sagt sem svo, að þjóðkirkjan héldi fram þessari og þessari kenningu, og aðrir héldu fram hinu gagnstæða, og svo rakið fyrir nemendum sínum hvorttveggja. Þótt hann gerði þetta í kennarastóli, þá get ég ekki skilið, að honum sé ekki trúandi fyrir að ganga upp í predikunarstól í kirkjum landsins og halda þar ræðu fyrir fólki, halda þar fram kenningum, sem gagn- og sómasamlegar mættu teljast. Ef það er rétt, sem hv. 4. þm. Reykv. segir, að búast megi við, að oft a. m. k. veljist í þessar stöður skarpleikaog gáfumenn með nokkurri þekkingu, þá verður það heldur ekki mótmæli gegn því, að þeir gætu í viðlögum tekið sæti í æðsta dómstóli landsins. (**MJ:** Ég átti við sem dómarar, en ekki sem varadómarar). Það rekst dálítið á hjá þm. að telja þá óhæfa sem aukadómara, en vel hæfa sem varadómara. Ég skal endurtaka það, til þess að fyrirbyggja allan misskilning, að frá mínu sjónarmiði er það alveg rétt, þótt ég hafi verið að hrekja rök hv. samþm. míns, að 5 fastir dómara séu í réttinum, þótt ég álíti, að þetta, að taka aukadómara, sé til bóta frá því, sem nú er. (**MJ:** Ég taldi það eina kostinn við frv., og það væri þó framför). Ég verð að segja, að mér virtist hv. 4. þm. Reykv. taka nokkurnveginn með annari hendinni það, sem hann gaf með hinni. (**MJ:** Það gerir þessi hv. þm. líka).

Ég held, að ég sé í aðalatriðum búinn að ræða um bæði það, sem hv. þm. Barð. sagði í sinni ræðu, sem var stutt, og eins það, sem hv. 4. þm. Reykv. tók fram í sinni ræðu, sem var löng — óþarflega löng. Hv. 4. þm. Reykv. er svo tölugur maður og svo langorður, að það má vel vera, að mér hafi þá gleymzt eitthvað af því, sem hann sagði og þörf hefði verið að athuga, annaðhvort til andmæla eða stuðnings, en ég man ekki fleira.

Frsm. meiri hl. (Bergur Jónsson): Hv. 4. þm. Reykv. minntist ekkert svo ég muni á brtt. þær, sem meiri hl. allshn. flytur. (**MJ:** Ég gleymdi þeim alveg. Ég skal gera það næst). Ég bjóst jafnvel við, að hann myndi fallast á þær eins og þær eru, en það er e. t. v. misskilningur. (**MJ:** Já, algerður). Hinsvegar talaði hann mikið um sínar eigin brtt. eða réttara sagt út af þeim, því að mikið af því, sem hann sagði, snerti alls ekki málið.

Fyrsta brtt. hans gengur út á það, að breyta nafninu á réttinum frá því sem er í frv. Ég sé ekki neina bót í því að taka upp nafnið landsdómur í stað fimmtardómur. Og einkennileg rökfærsla fannst mér það, er hann sagði, að landsdómurinn væri ómerkilegur dómur. Það má vel vera, að svo sé. Hann hefir aldrei starfað og því engin reynsla fengin um það, hvernig hann myndi reynast. En

hið einkennilega var að taka nafnið af ómerkilegasta dómnum og setja yfir á virðulegasta dómstól þjóðarinnar, en taka svo aftur nafnið af æðsta dómstólnum í fornöld og setja yfir á þennan ómerkilega dóm, sem að áliti hv. þm. ætti helzt að breyta eða fella alveg í burtu. Ég sé ekki, að þetta landsdómsnafn hafi neitt til síns ágætis. Ég er farinn að kunna betur við fimmtardóm. Hinsvegar er þetta nafn ekkert stóratriði í mínum augum.

Hv. þm. vildi helzt hafa tölu dómenda ekki minni en 5 og í því sambandi tók ég eftir, að hann fór ekki alveg rétt með, þegar hann rakti það, hvernig Jón heit. Magnússon forsrh. hefði rökfært sína afstöðu til þessa máls. Ég veit til þess, að síðast, þegar hann tók afstöðu til þessa máls -- hann breytti henni nú nokkuð oft --, var hún að lokum sú, að engin ástæða væri til að hafa dómarana fleiri en 3, og það var ekki sparnaðurinn, sem því réð. Ég álít, að mjög erfitt sé að fá 5 manna dómstól hér, skipaðan verulega hæfum mönnum. Það er af ýmsum ástæðum erfitt að fá verulega hæfa dómara hér. Gagnvart þeim, sem eru eitthvað í stjórnmálalífinu, er það eins og að grafa þá og taka þá frá því sviði, sem þeir kæra sig frekar um að vera á. Í öðru lagi eru launakjör dómara nú, og verða eftir þessu frv., ekki betri en svo, að menn, sem ekki geta haft nein aukastörf með höndum, verða ekki ofsælir af þeim. Ég býst því ekki við, að okkar beztu lögfræðingar vilji sækjast eftir því.

Í öðru lagi var rangt hjá hv. þm., að það skipulag, sem frv. fer fram á, að prófessorarnir séu notaðir sem dómarar, tryggi ekki dómnum góða krafta. Ég álít, að það sé einmitt tryggt, að þar höfum við venjulega okkar færustu lögfræðinga, bæði hvað snertir lagaþekkingu og annað. Það getur vel verið, að það þurfi ekki að fara saman, að maðurinn sé duglegur og góður kennari og fræðimaður, og að hann sé hæfur til að vera dómari. En það er þó alltaf mikils virði fyrir dómara að hafa sem mesta þekkingu. Það er nú þannig hér á landi, að lögfræðingar hafa ekki ráð á því að stunda neina fræðimennsku, nema þeir sitji í prófessorsembættum. Er því í þessu fólgin trygging fyrir því, að þarna verði alltaf á að skipa hinum lærðustu mönnum ásamt hinum föstu dómendum, sem fyrir eru. Það er því ekki einungis sparnaðaratriði frá minni hálfu að telja þetta fyrirkomulag heppilegt.

Hv. 2. þm. Reykv. svaraði allnákvæmlega þeim aths., sem hv. 4. þm. Reykv. gerði við það fyrirkomulag í frv., að ákveða skuli í hvert skipti, hvort aukadómarar skuli tilkvaddir. Þarf ég því ekki að orðlengja um það.

Þá er eitt atriði í brtt. hv. 4. þm. Reykv., sem þeir flokksbræðurnir og samþm. er sammála um. Það er að fella burt úr frv. ákvæðið um niðurfelling hæstaréttar. Eins og ég tók fram við 2. umr. þessa máls, álít ég, að þetta sé algert aukaatriði. Ég hefi einungis heyrt eina ástæðu borna fram fyrir því, að sérstök þörf sé á að fella niður þessi ákvæði, og það er, að með þessu verði sett vont fordæmi. Ég álít þá ástæðu einskisvirði, því að vitanlega getur löggjafinn alltaf gert það, sem honum sýnist við stofnanir þjóðfélagsins innan þeirra takmarka, sem stjskr. setur. Hitt er vitanlega rangt, sem hv. 4. þm. Reykv. var að tæpa á, að hér væri um stjórnarskrárbrot að ræða, enda leiddi hv. 2. þm. Reykv., sem er miklu lærðari á þessu sviði en hinn hv. þm., engin rök að því, að svo væri. (**EA**: Ég minntist ekki á það). Mig minnir, að hv. þm. minnast eitthvað á það, en hann leiddi engin rök að þessari kenningu. Ég býst þó við, að hann hefði beitt þeirri röksemd, ef til væri, því að hann vill gjarnan þessi ákvæði frv. feig. Það hefir hann sýnt bæði nú, og þegar hann gerði það að skilyrði fyrir fylgi sínu við frv., að þessi ákvæði yrðu numin burt.

Það er hér ein till., sem mér þykir mjög einkennileg, og hv. 4. þm. Reykv. hefir tekið upp eftir þm. úr Ed. Það er að skylda dómsmrh. til þess að veita leyfi til áfrýjunar. Ég skil bara alls ekki þessa aðferð við lagasetningu, að fara að fyrirskipa stj. að gefa leyfi til að framlengja slíkan frest. Það verður vitanlega að fara í hverju einstöku tilfelli eftir því, hvort ástæður eru fyrir hendi. Fyrst er settur áfrýjunarfresturinn í lögin og til þess ætlazt, að menn yfirleitt noti sér hann og þurfi ekki að komast í eindaga.

Hinsvegar er höfð opin leið til þess að ráðh. geti veitt undanþágu, en það verður vitanlega að vera einhver ástæða til þess, og hann á alls ekki að gera það þar sem hefir verið um að ræða trassaskap hlutaðeiganda. Ég sé ekkert, sem mælir með því að veita t. d. áfrýjunarfrest í máli, sem er svo lítilsvirt, að enginn vinningur er að fá það fyrir æðsta dómstólinn. Verður það þá aðeins til þess að auka þrætur og kostnað. Eða mál, sem kunnugt er, að haldið er til streitu eingöngu af þrætugirni.

Hv. 2. þm. Reykv. minntist nokkuð á till. meiri hl. allshn. um það að breyta niðurl. 8. gr., og reyndi að leiða rök að því, að niðurl. væri ekki til miska, enda þótt ég ekki tæki eftir, að hann benti á neitt við það fyrirkomulag, sem nú er í frvgr. sjálfri, sem væri til bóta. Við höfum tekið upp í brtt. okkar það ákvæði, sem áður var í frv. og er í samræmi við reglugerð frá 1924, um skiptingu starfa með ráðherrunum, að veitingu aðaldómara skuli taka til meðferðar á ráðherrafundi. Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að þetta væri eiginlega að mér skildist ekkert annað en að þarna yrði rabbað um þetta fram og aftur. Eins og ég tók fram, fer þetta vitanlega algerlega eftir því, hvernig það ráðuneyti, sem þá situr, hagar sínum vinnubrögðum. Ef það er vant að taka ákvarðanir á ráðherrafundum og láta meiri hl. ráða, þá verður vitanlega þeirri reglu fylgt. En ef ráðuneytið fylgir aftur á móti ekki slíkum reglum, heldur talar einungis um málin á þessum fundum og lætur annars hvern ráðherra vera sem frjálsastan, þá koma ráðherrafundirnir líka til að hafa mjög litla þýðingu í þessu efni. En hvort vér ákveðum, að forsrh., sem í því einstaka tilfelli er ekki dómsmrh. eða dómsmrh., sem ekki er jafnframt forsrh., sendi till. um veitinguna, finnst mér í raun og veru ekki skipta nokkru máli, því að ekki er neitt sagt um leið, hvort sú till. á að vera eftir höfði forsrh. eða dómsmrh. eða meiri hl. í ráðuneytinu. Þarna er bara verið að ganga inn á alveg óvanalega braut. Það er verið að ákveða, að ráðh. eigi að fara að gera till. til konungs um mál, sem heyrir undir annan ráðh. Yfirleitt er gert ráð fyrir því, að hver ráðh. geri till. til konungs um þau mál, sem undir hans starfsflokk heyra. Þau eru sundurliðuð í reglugerðinni, og mér sýnist t. d. eins mikið vit í því, að forsrh., en ekki dómsmrh. geri till. til konungs um náðun, hvert ráðuneytið, sem hann hefir á hendi. Það er bara hið formlega brot, sem mér finnst vera á þessu.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að þarna væri ekkert spurt um, hver nöfn væru á ráðherrunum. Ég vona líka, að svo sé ekki, en ég hefi fulla ástæðu til að ætla, að margir af þeim, sem fylgja þessari till., hafi svona í og með litið svo á, að það væri hægt að skoða þetta sem móðgun við núv. dómsmrh., enda sagði einn hv. þm. í Ed. beinlínis, að þetta væri vantraustsyfirlýsing á hann. Þetta hefir enga raunverulega þýðingu í sjálfu sér, því að þetta fer allt eftir hinum venjulegu vinnubrögðum ráðuneytisins. En þetta er formsbrot, ný aðferð, sem aldrei hefir verið tekin upp, að fara að róta svona til störfum ráðherranna (**MG:** Af hverju er þetta gert?). Það getur víst hv. 2. þm. Skagf. sagt sér eins vel og ég; hann er miklu kunnugri hugum þeirra manna, sem með till. stóðu en ég. (**MJ:** Var það ekki einn af flokksbræðrum hv. þm., sem bar hana fram?).

Annars sé ég ekki ástæðu til að fara meira út í það, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði. En eitt atriði minntist hv. 4. þm. Reykv. á og fór óvirðulegum orðum um, en það var félagsskapur málaflutningsmanna. Hann benti á, að hægt væri að fyrirskipa kaupmönnum, slátrurum og skóurum að hafa með sér félagsskap, og má það satt vera, en það er nú hvergi gert. Hitt er aftur alvanalegt í öðrum menningarlöndum að fyrirskipa svona félagsskap, og hann er talinn nauðsynlegur og góður. Það er satt, að þetta eru í rauninni ekki embættismenn, en þó er þeim veitt sérstakt leyfi og látnir greiða fé fyrir. Og einmitt vegna þess, að þetta eru ekki embættismenn, sem eru sérstaklega háðir eftirliti æðri embættismanna, þá er sérstök ástæða til að setja ákvæði fyrir starfsemi þeirra, og gæti það haft þá þýðingu, að þeir ræktu betur störf sín. Ég hefi trú á þessum félagsskap. Ég þekki dæmi þess, að málaflutningsmaður hefir gefið reikning fyrir störfum sínum,

sem var beinlínis áhæfilega hár, og er í slíkum tilfellum mikið undir því komið fyrir stéttina sjálfa að hafa leyfi til að taka fram fyrir hendur slíkra stéttarbræðra og ákveða þóknunina, eins og ákveðið er í frv. Hv. 4. þm. Reykv. var að hæðast að því, að það væri tekið fram í lok þessarar sömu gr., að ágreining út af þessu mætti bera undir dómstólana. Þetta háð hv. þm. stafar eingöngu af vanþekkingu hans á lögum. Í þessu er vitanlega ekkert ósamræmi, vegna þess að það er tekið fram í gr., að stj. félagsins skuli ákveða þóknunina, en þá þarf að ákveða, hvort sú ákvörðun á að vera endanleg, eða hvort æðsti dómstóllinn skuli skera úr því. Annars minnir mig, að þessi brtt. hafi verið borin fram af hv. 2. þm. Reykv. (**EA:** Það er alveg rétt, en hún var felld þá, en samþ. þegar hv. þm. Barð. bar hana fram). Hún breyttist mikið, þegar ég bar hana fram. Annars skal ég ekki eltast við vaðalinn í hv. 4. þm. Reykv. Það hljómar dálítið einkennilega að heyra **hann** tala um hundavaðshátt og fljótfærni í bókagerð og öðru. Mér finnst svo mikið af hans eigin orðum fara fyrir ofan garð og neðan, án þess að koma nálægt málefninu, sem um er að ræða, að menn freistast til að halda, að hann sé að leika sér að því að halda uppi málþófi, ef honum er þá sjálfrátt með vaðalinn.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Ég hefi ekki í raun og veru mjög mörgu að svara. Þó eru það nokkur atriði í ræðu þeirra tveggja hv. þm., er talað hafa, sem ég vil minnast á, og ég skal taka þau eftir þeirri röð, sem þau komu fram í. Skal ég þá fyrst snúa mér að ræðu hv. samþm. míns, 2. þm. Reykv. Hann taldi, að aths. mín um það, að það væri erfitt fyrir fimmtardóm að eiga sjálfur að skera úr því, hvaða mál væru mikilsverð, væri ekki mikils virði, því að það væri auðvelt fyrir dóminn að gera það. Mér er kunnugt um, að það er útbýtt útdrætti af málunum nokkru áður en þau eru tekin fyrir í réttinum, svo dómararnir geti kynnt sér þau. En það var einmitt það, sem ég lagði sérstaka áherzlu á, að væri óheppilegt, að dómendurnir mynduðu sér ákveðna skoðun um málin, áður en þau koma fyrir réttinn og hinn munnlegi málaflutningur byrjar. Mér finnst nefnilega munnlegi málaflutningurinn byggjast á því, að dómendurnir myndi sér ekki ákveðna skoðun á málunum fyrr en hann byrjar. Þeir geta tæplega verið eins opnir fyrir rökum málaflutningsmannanna, ef þeir hafa myndað sér ákveðna skoðun í málinu áður en þeir heyra þau rök, sem fram eru flutt, bæði með því og móti.

Annars þekkir hv. 2. þm. Reykv. betur en ég, hvaða áhrif lestur þessara útdrátta hefir á dómenduna, en ég lít svo á, að eftir yfirlestur málsskjalanna eigi dómendurnir erfiðara með að mynda sér skoðun á málunum.

Þetta haggar nú alls ekki því, að það getur alltaf verið álitamál, hve stór réttur-inn á að vera. Hann var mér sammála um það, hv. þm., að fjárhæðir einar skipta ekki miklu máli í því efni. Hugsum okkur, að deilan standi um það, hvort maður eigi að fá að halda áfram starfi eða ekki. Greiðslan fyrir starfið getur verið aukaatriði, en hitt, hvort hann fær að halda starfinu áfram getur haft víðtækar afleiðingar fyrir hann. En er nú málið stórt eða lítið? Á að kveðja varadómarana til setu eða ekki? Málið getur varðað manninn mikils og að því leyti getur það verið stórmál, þó að það sé kannske ekki stórt fjárhagsmál. En það er dómarans að skera úr, hvort 5 eða 3 menn skuli dæma. Það er þetta hringl með dómendurna, þessi harmonikubelgs-dómstóll, sem ég er á móti. Mér fyndist miklu réttara, að aukadómendurnir dæmdu í öllum málum. Maður gæti líka hugsað sér, að dómurinn væri stundum skipaður þeim mönnum, sem ekki kærðu sig um að fá nýja menn í dóminn og vildu í flestum tilfellum dæma einir. Einnig gæti hann stundum verið skipaður mönnum, sem vildu hafa sem flesta til þess að geta velt ábyrgðinni á. Eins og ég þegar hefi tekið fram, tel ég það aðalkost frv. frá því, sem nú er, að gengið er inn á þá braut, að 5 menn skuli dæma í réttinum, en ég tel ákvæðin um það ná of skammt eins og þau eru nú.

Ég ætla ekki að fara út í það að ræða um fimmtardóm hinn forna við hv. 2. þm. Reykv. Þar hefi ég ekki nema $\frac{1}{10}$ af þekkingu á móts við hann, því að hann

mun óefað lærðasti maðurinn, sem við eigum í þeim fræðum, enda hefir haft tækifæri til þess að kynna sér þau, þar sem hann hefir nýlega samið réttarsögu Alþingis. Ég gat ekki heyrt, að hann benti á neitt, sem sýndi, að hinn forni fimmtardómur hafi verið slíkur æðsti dómstóll landsins sem nú er hæstiréttur. Þótt hann tæki við málum, er ekki lukust í fjórðungsdómum, þá liggur ekki í því, að hann væri neinn yfirdómur Minnir mig, að dómendur ættu að vera sammála í dómnum, til þess að mál lykjust. (**EA**: Það máttu allt að 6 menn vera á móti). En það var þó ólíklegt um mörg mál, að svo mikið fylgi fengist, og þurfti dómsniðurstaðan ekki að vera neitt hæpin fyrir því. — Þegar svona er ástatt, verður að skjóta málinu til annars dómstóls, sem ekki þarf að vera réttdæmari en hinn, en er þannig fyrir komið, að málið getur lokizt. Er ekkert, sem bendi á, að það sé rétt hjá hv. þm. Barð., að fimmtardómur hafi verið neitt göfugri dómstóll en fjórðungsdómar. Er það stundum, að embættismenn og aðrir meiri háttar menn hafa sitt varnarþing fyrir hinum æðsta dómstóli, og er það gert af virðingu við þessa menn. Ef nú goðum og stórhöfðingjum hefði sérstaklega verið stefnt fyrir fimmtardóm, hefði þá mátt segja, að hann væri eitthvað göfugri en hinir dómarnir. En svo var ekki. Af því að málin lukust stundum ekki í fjórðungsdómum, var settur nýr dómur. Er þetta bliðstætt því, að þegar mál lúkast ekki í deildum Alþingis, er þeim vísað til Sþ., ekki af því, að það sé neitt göfugra en deildirnar, heldur af því, að það verður að fá úrslit á málið.

Ég játa, að það er ekki margt sameiginlegt með fimmtardómnum forna og landsdómnum nú, en þó er lík sérstaða, sem báðir dómar hafa um það, að sérkennilegum málum er vísað þangað. Og þótt þingsafglöp fari ekki til landsdóms, býst ég við, að þangað myndu fara þingskapabrot ráðherranna og því um líkt. Misbeiting þeirra, er fóru með opinber völd, var vísað til fimmtardóms, en fer nú til landsdóms. Þetta er dálítið líkt hvað öðru, og væri alls ekki misboðið sögulegum minningum, þótt nafnið fimmtardómur væri haft um landsdóminn.

Hv. þm. lýsti því, hvílíka þrekraun dómarar gætu oft komizt í, því að það væri ekki nóg með það, að þeir mættu ekki vera hræddir við stjórnarvöldin, heldur gætu líka verið aðrir aðilar, sem nógu erfitt væri að fara í bága við, t. d. stjórnmálaflokkar eða valdamenn í þjóðfél. Þetta er alveg rétt. En það verður að vera eitt megineinkenni dómara, að þeir séu kaldir gagnvart öllu slíku, eða komi a. m. k. þannig fram. Býst ég við, að dómarar verði að venja sig á það að geta fellt miður vinsæla dóma. En í 2 áttir stendur sérstaklega á: að óttast sína yfirmenn og svo stjórnmálaflokkana. Þar á ofan bætist svo tilfinningin um það, að það geti varðað embættismissi að gera öðrum á móti. Ákvæði stjskr. er miðað við það, að ef dómari á í hættu að missa embætti sitt, geti verið hætt við, að hann lagi dóm sinn eftir því, annaðhvort sjálfrátt eða ósjálfrátt, og er því reynt að girða fyrir þetta með því að banna þeim að taka þátt í öðrum störfum. Er þetta gert til þess, að þeir séu ekki bendlaðir við stjórnmálaskoðanir, atvinnufyrirtæki eða annað, sem venjulega mótar skoðanir manna einhliða. En það er hætt við því um mann, sem búinn er að sitja mörg ár í slíku embætti og bannað hefir verið að taka þátt í öðrum störfum, að ekki sé hlaupið að því fyrir hann að komast í aðrar stöður. Má reyndar segja, að það sé smásmugulegt af hæstaréttardómara, ef hann hugsar um það að halda lífinu í konu sinni og börnum. En stjskr. hefir þó gert ráð fyrir, að þeir myndu hugsa eitthvað um þetta. Hún hefir því viljað vernda þá í þessu tilliti. En það væri alvel eins eðlilegt að vernda þessa menn gegn stjórnmálaflokkunum. Stjskr. tekur ekki tillit til þess, því að hún gerir ráð fyrir því, að Alþingi muni gera það.

Hv. þm. Barð, telur það formsatriði eitt, að verið sé að leggja niður hæstarétt, og þykir mér það næsta undarleg staðhæfing. Hví er þá um allt frv. verið að reyna að lappa upp á þetta strákapar? Af því að þegar hæstiréttur er lagður niður, verður alltaf í hverju einstöku tilfelli að taka það fram, hver eigi að taka við af hinum látna. Þetta er eins og ef Landsbanki Íslands væri lagður niður og í staðinn kæmi Ríkisbanki Íslands. Lands-

bankinn væri þá alveg horfinn, og yrði því í hvert skipti að taka það skýrt fram, við hverju Ríkisbankinn tæki af honum.

Sú þrekraun, sem það er að eiga að kveða upp dóm á móti aðilum, sem geta tekið af dómaranum stöðuna, er mikil og meiri en það að standast velvild til einhvers manns, því að það er líka örðugt að kveða upp úrskurð gegn mönnum, sem manni er vel við.

Það væri leiðinlegt, ef Alþingi brygðist því trausti, sem borið hefir verið til þess, að það myndi ekki misbeita valdi sínu þannig, að það setti hæstaréttardómara af með lögum, enda þótt það sletti á það þeim plástri, að þeir skuli fyrst um sinn vera dómarar í fimmtardómi. Eru nú liðin mörg ár síðan þetta kom upp, og var kveðið harðar á hér um fyrst. En nú eru þessir menn farnir mjög að eldast, og er það e. t. v. ástæðan fyrir því, að alltaf hefir minnkað mótstaðan gegn því að taka þá inn í réttinn.

Hv. samþm. minn veit betur en ég, hve oft þarf að kveðja til varadómara. Virðist mér þetta vera nokkuð oft, því að dómarar eru oft þannig bendlaðir við málin, að þeir geta ekki dæmt. Veit ég dæmi þess, að þeir hafa allir orðið að víkja úr réttinum. (EA: Þeir voru ekki nema 2 í það skipti). En þeir urðu þá báðir að víkja úr sæti. Í okkar litla þjóðfél. er allt svo venzlað, að mjög er hætt við slíku. Eykst þetta við það, að dómurum er fjölgað, og myndi það koma a. m. k. helmingi oftar fyrir, ef dómarar væru 5 en þegar þeir eru 2.

Nú eru 3 varadómarar fyrir 3 fastadómara, en eftir breyt., sem gera á, verður ekki nema einn varadómari fyrir 5 fastadómara. Margfaldast við þetta tilfellin, þegar það er lagt í hendur ráðh. að kveðja varadómara, er víkja verða úr sæti. Þarf ekki að felast í því neitt vantraust á ráðh., þótt sagt sé, að slíkt sé varhugavert. Þetta opnar leið fyrir tortryggni manna gegn dómsniðurstöðunni. Það er reyndar mest um vert, að rétt niðurstaða náist, en hitt er líka mikið atriði, að tortryggni manna sé ekki espuð um of.

Mér þótti hv. samþm. minn fara villur vegar, þegar hann hélt, að ég hefði verið að gagnrýna prófessoradóminn. Sagði ég það eitt, að ég vildi síður slíkan dóm frá reglulegum dómurum. En ég lagði engan úrskurð á hann, enda hefi ég ekki átt við það að rannsaka hæstaréttardóma, hversu réttlátir þeir eru. Er eins um þennan dóm. Tortryggi ég ekki þá menn, sem þar sátu, og býst ég ekki við því að hv. samþm. minn efist um, að ég segi þetta satt, því að ég er meiri kunningi þeirra en hinna reglulegu dómara; einn þeirra er t. d. mágur minn. Bæri ég að öðru jöfnu meira traust til þessara manna en hinna reglulegu dómara, blátt áfram af því að ég þekki þá betur. En hér ber það að athuga, að hæstaréttardómurum er bægt frá því að taka þátt í öðrum störfum, svo að þeir verði sem minnst bendlaðir við málin, þar sem aftur á móti prófessorarnir við háskólann sitja oft og tíðum á þingi, vaða pólitíkina upp í mitti og kannske upp í háls. Þarf þetta e. t. v. ekki að rugla þeirra skoðanir, en það vekur þó tortryggni út á við. Eru þess mörg dæmi, að dómarar í hæstarétti og öðrum dómum hafa verið tortryggðir, af því að þeir væru jafnframt í stjórnmálum. Andstæðir stjórnmálaflokkar gera sér að skyldu að vefengja dóma þeirra. Annað kemur þarna líka til athugunar, en það er viðvíkjandi því, hvernig háskólakennaraembættin eru skipuð. Háskólinn myndi eflaust sjálfur skipa þessa embættismenn, og væri e. t. v. ekkert á móti því í sjálfu sér, en það væri þó engan veginn samrímanlegt við dómaraprófið.

Það er rétt hjá hv. þm., að þessar röksemdir minar hníga að því, að háskólakennarar ættu ekki heldur að vera varadómarar, en þó er hér mikill munur á. Þessir kennarar eru þeir menn utan dómstólsins, sem heppilegast er að grípa til, þegar svo ber undir, og er það allt annað en að gera þá að föstum dómurum. Sérstaklega þykir mér þó sá galli á því að gera þessa menn að föstum dómurum, að þá er búið að taka þá menn, sem eru bezt fallnir varadómarar.

Ég gæti með sama rétti haldið því fram, að hv. samþm. minn hefði sagt, að það væri rétt, sem hér var borið fram fyrir nokkrum árum, að láta kennara lagadeildarinnar vera hæstaréttardómara. Þetta var þá fellt. Það væri hægt að hafa

það svona, en dómstóllinn væri þá ekki eins heppilega skipaður.

Auðvitað eru allar reglur, sem settar eru hér um, að nokkru leyti á útborðinu. Er ekki hægt að tryggja það, að dómstóll dæmi ávallt rétt. En reglur geta samt verið mikils virði, enda þótt þær gefi ekki alltaf fulla tryggingu. Í Ameríku eru dómarar t. d. kosnir af fólkinu til ákveðins árafjölda. Eru menn þar ánægðir með þetta fyrirkomulag. En ég hefi þó heyrt um dæmi, sem sýnir, hversu óheppilegt þetta er. Norskt kirkjufél. átti í máli og tapaði því fyrir dómnum. Þetta hafði þau áhrif, að dómari sá, sem hlut átti að máli, féll við næstu kosningar. Var það talið því að kenna, að þetta mikla kirkjufélag snerist gegn dómaranum. Þótt dómari sá, sem hér um ræðir, léti þetta ekki hafa áhrif á sig, gæti þó vel farið svo stundum. Ef það fer að tíðkast, að Alþingi taki embætti af dómurum, af því að dómar þeirra fari í bága við vilja stærstu stjórnmálaflokkanna, held ég, að það myndi oft geta haft áhrif á dómsniðurstöðurnar.

Þá kem ég að ræðu hv. þm. Barð. Hann minnti mig á brtt. allshn., sem ég gleymdi. Síðan hefir reyndar hv. samþm. minn gagnrýnt þær. Ganga þær aðallega út á það, að þegar dómara er veitt lausn frá embætti, skuli forsrh. gera till. um lausnarveitinguna til ráðherrafundar, en það er tekið út úr, að hann geri till. til konungs. Hv. samþm. minn hefir sýnt fram á, að það ákvæði sé eðlilegt, að skipun þessa dómstóls sé á valdi æðsta manns ríkisins. En svo er annað atriði, sem í mínum augum er mjög mikilsvert. Sé það tilgangurinn, að málið sé tekið fyrir á ráðherrafundi og því ráðið þar til lykta, þá er það komið á þann vettvang, að forsrh. er sjálfkjörinn til þess. Hitt væri óeðlilegt, að einhver hinna ráðherranna gerði það. (BJ: Þó er það venja). Já, þetta er auðvitað hægt, en mér finnst eðlilegast, að forsrh. komi fram fyrir hönd stj. í þessu máli sem öðrum sem fulltrúi landsins út á við í risnu og allskonar representation fyrir ríkið. Með brtt. þessum er það gefið í skyn, að málið skuli ræða á ráðherrafundi, en að það sé samt á valdi hinna einstöku ráðherra að geta farið með það eftir eigin geðþótta. En sé forsrh. falið að framkvæma þetta, þá hlýtur það í því að liggja, að hann á að framkvæma ákvörðun ráðherrafundar.

Hv. þm. fannst það undarlegt, að ég vildi taka nafnið af dómstóli, er ég teldi ómerkilegan og setja það á dómstól, sem er virðulegur og er æðsti dómstóll ríkisins. Ég get ekki séð, að neitt undarlegt sé við þetta. Ef til er dómstóll ómerkilegur og einkisverður, en hefir gott heiti, þá er ekkert undarlegt við það, þótt heitið sé tekið af honum og sett á æðsta dómstól ríkisins. Hann taldi, að ég hefði kallað landsdóminn skandaladóm. Það var engin lýsing á dómnum sjálfum, heldur nefndi ég hann svo, af því að hann á að dæma í skandalamálum ráðherranna.

Þá sagði hv. þm., að erfitt mundi að fá 5 hæfa menn í dóminn. Fyrir því benti hann á eina ástæðu, launakjörin, sem væru svo lág, að duglegir menn gætu fengið miklu hærri tekjur við önnur störf. En ég vil spyrja hv. þm., hvort ekki sé sama ástæða fyrir hendi, þótt dómararnir séu ekki nema þrír. Ef launin eru í raun og veru of lág, þá skildist mér, að það hjálpi ekki frekar að fá hæfa menn í dóminn, þó þeir séu ákveðnir færri. En setjum þó svo, að 3 hæfir menn fengjust, en ekki 5, þá ætti samt dómurinn að vera betur skipaður 5 mönnum, því betur sjá augu en auga. Og eftir því sem fleiri eru í dómnum, er þó von um að fleiri góðir menn veljist í hann. Hættan á að dómurinn verði illa skipaður, er vitanlega miklu meiri, ef dómararnir eru aðeins 3.

Ég fyrir mitt leyti er nú samt hreint ekki viss um, að hættan á því, að hæfir dómarar fáist ekki launanna vegna, sé nú eins mikil og hv. þm. heldur fram. Ef sú yrði samt reyndin, þá væri vitanlega ráð til að bæta úr því, en það er að hækka launin. En ég er ekki viss um, að þess þurfi með. Það er hreint ekki ósennilegt, að menn, sem lengi hafa starfað að öðru, sem gerir þá vel hæfa til þess að taka sæti í æðsta dómstóli landsins, vilji taka þar sæti. Þegar slíkir menn eru máske orðnir vel efnaðir, farnir að eldast, og kæra sig ekki um að gegna lengur öðrum erfiðari störfum, þó meira

gefi í aðra hönd, þá er einmitt líklegast, að þeir verði fúsir á að ganga inn í svo virðulega stöðu. Enn hefir það a. m. k. ekki sýnt sig, að erfitt væri að fá hæfa menn. Og ekki þarf annað en líta yfir lögfræðingahópinn til að sjá, að þar muni vera hægt að fá 5 menn góða.

Þá sagði hv. þm. Barð., að þetta væri bara formsatriði. Jú, þetta sagði líka maðurinn, sem kom til mín einu sinni og bað mig að skrifa upp á víxil fyrir sig. Hann sagði, að það væri bara formsatriði. En ég varð nú samt að borga víxilinn. — Þá var það ekki heldur rétt, að ég segði, að stjskr. væri brotin með þessu ákvæði. Það sagði ég ekki, en ég sagði, að andi stjskr. væri brotinn. En andi stjskr. er sá, að hún vill tryggja það, að dómararnir megi dæma eftir sannfæringu sinni, án þess að eiga það á hættu að vera reknir. En með þessari aðferð er fundin leið, sem harðvítugur pólitískur andstæðingur þeirra getur farið til að losna við þá. En setjum nú samt svo, að þetta væri formsatriði. Hvers vegna er þá haldið svona fast í þetta ákvæði? Fjöldi manna, bæði á þingi og utan þings, telur þetta svo stórt atriði, að ófært sé þess vegna að samþ. frv. Hvers vegna má þá ekki gera þeim mönnum það til geðs að breyta þessu, ef það er bara formsatriði? Hvers vegna er svo hættulegt að gefa þetta eftir? Það er nú einmitt af því, að það er ekkert formsatriði. Það er í mesta máta raunverulegt atriði. Það sást líka bezt, þegar fimmtardómsfrv. var fyrst fyrir Ed. og þessu var breytt í það horf, að dómararnir væru kyrrir. Þá var allur áhugi fyrir málinu búinn og það látið daga uppi. Hæstv. dómsmrh. fannst þá vera farin rauðan úr egginu. Nei, þetta var þá ekkert formsatriði fyrir hæstv. dómsmrh. og er það ekki enn. Og því fást heldur engar breyt. á þessu.

Þá er það brtt. við 34. gr. frv., sem er nú raunar smáatriði. Hún er um það, að ráðh. skuli veita leyfi til áfrýjunar. Hv. þm. Barð. finnst það ósamræmi hjá mér að sækja þurfi um leyfi, sem ráðh. **skal** veita. Ég sé ekki, að neitt ósamræmi sé í þessu. Hér er um það að ræða að veita leyfi til áfrýjunar, þó allt að 12 mán. séu liðnir frá þeim fresti, er gefinn var eftir því, sem segir í 32. gr. Og í 3 ár, ef alveg sérstaklega stendur á. Það er vitanlega engin hætta á því, að þetta verði misnotað. Ef mönnum er það áhugamál að koma fram málum sínum, þá kemur varla til þess, að þetta verði notað, nema alveg sérstaklega standi á. Það er engin hætta á því, að menn gleymi að áfrýja. Það mætti líka hækka nokkuð þau litlu gjöld, sem nú eru ákveðin, svo menn gerðu ekki leik að því að nota þennan rétt. En það þykir mér óhæfilegt, ef ráðh. getur stöðvað mál og gert mönnum þar með óleik í mikilsverðum atriðum.

Þá er þetta fél. málafærslumanna, nokkurskonar skírlífisfélag, sem hreint ekki má missast. Meginástæðan fyrir því var sú, að þetta væri gert annarsstaðar. Það varð nú auðvitað að vera, að þetta væri lapið upp frá einhverjum öðrum. Það er nú svo um suma menn, að þeir verða svo hrifnir af öllu því, er þeir sjá og heyra, að þeir vilja endilega taka það upp og apa eftir því. En í 23. gr. frv. eru einmitt þau ákvæði, sem eru nægileg trygging fyrir því, að málafærslumennirnir hagi sér skikkanlega, þar sem þeir annars geta átt á hættu að missa málafærslumannsrétt sinn. Þetta er miklu meira aðhald fyrir þá heldur en þó þeim sé þröngvað með l. til að stofna slíkt skírlífisfélag, sem fyrirskipað er í síðustu 3. gr. V. kafla. Mér finnst líka óviðkunnanlegt, að stj. slíks fél. skuli eiga að ákveða, hvað greiða skuli fyrir málflutning. Mér finnst, að það eigi að geta verið samningamál málafærslumannsins og umbjóðanda hans. Ef ég er stórauðugur og á í máli og vil tryggja mér góðan málafærslumann, þá vil ég máske borga honum miklu meira en stj. málafærslumannafél. teldi hæfilegt. En nú vil ég tryggja mér þennan mann og borga honum vel fyrir það. Hvers vegna má ég það þá ekki? Um slíkt má vitanlega semja fyrirfram, svo hættan er ekki sérlega stór fyrir almenning.

Ég held, að ég hafi þá svarað hv. þm. Barð. svo sem með þarf og ástæða er til. Hann var eitthvað að tala um, að ég væri með vaðal. Ég ætla ekki neitt að fara að skattyrðast út af því. Þó það sé langur vaðall í mér, en stuttur vaðall í honum, þá stafar sá mismunur

ekki af öðru en skorti á hugkvæmni hjá honum.

Þá hafði ég sagt eitthvað á þá leið, að Íslandssagan, sem dómsmrh. hefði samið, væri full af fljótfærnisvillum. En hv. þm. hefði sannarlega ekki átt að blanda hæstv. dómsmrh. inn í þessi brigzl um vaðal í mér, þótt hann teldi það ekki koma þessu máli við. Ég ætla nú ekki að fara langt út í þetta, þar sem hæstv. dómsmrh. er nú ekki hér viðstaddur fremur en endranær. Hann kemur nú orðið í þessa hv. d. á sama hátt og þegar kría sezt á stein, þýtur venjulega aftur út, ef honum er eitthvað andmælt. En þetta, sem ég sagði, kemur þó ekki minna málinu við heldur en lýsing hæstv. ráðh. á Flensborgarskólanum, er hann kom með í þessu máli í Ed. á dögunum.

Magnús Guðmundsson: Það er undarlegt, að hæstv. dómsmrh., sem flutt hefir þetta mál hér þing eftir þing, skuli nú ekki láta sjá sig, þegar málið er hér til umr. Ég veit ekki, hvað því veldur. Ég veit ekki, hvort hann heldur, að það sé betra fyrir málið, eða þá að það er af því, að hann hefir engan áhuga fyrir því lengur og sé því sama, hver endirinn verður.

Því er ekki hægt að neita, að frv. þetta hefir tekið stórum breyt. til hins betra, frá því að það var fyrst flutt inn í þingið. Þá var það alveg óaðgengilegt. Og enn eru þeir agnúar þó á því, sem gera það að verkum, að það verða margir, sem ekki geta fylgt því. Hv. 2. og hv. 4. þm. Reykv. hafa nú gert grein fyrir þeim agnúum. Hefi ég ekki miklu við það að bæta. Ég vil þó undirstrika betur en hv. 4. þm. Reykv. gerði, að það er vafalaust, að frv. heggur nærri 57. gr. stjskr. með ákvæði 2. gr. um, að leggja skuli hæstarétt niður. Réttmæti þess veltur vitanlega á því, hvort ný skipun er gerð á dómstólnum. En svo sýnist ekki vera. Hér er aðalbreyt. sú, að dómstóllinn skiptir um nafn. Og í skjóli þess var það meiningin í byrjun að fá öll dómarasætin laus. Þetta er allt annað en það að gera nýja skipun á dómsvaldinu, svo sem ráðgert er í 57. gr. stjskr., þar sem talað er um nýja skipun dómsvaldsins. Ég verð að taka undir það með hv. 4. þm. Reykv., að ef 2. gr. er ekkert nema form, hvers vegna eru forgöngumenn frv. þá ófáanlegir til að fella þetta ákvæði burtu, sem mestum ágreiningi veldur ár eftir ár. Nei, ég get alveg tekið undir það, sem hv. 4. þm. Reykv. sagði, að hér er ekki um neitt formsatriði að ræða. Ákvæðið er sett til þess að geta látið líta svo út, sem um nýja skipun dómsvaldsins í landinu sé að ræða. En það er enginn efi á, að tilgangurinn með frv. var og er sá og enginn annar, að losna við þá dómara, sem voru í hæstarétti, þegar frv. var fyrst borið fram og eru þar enn, að einum undanskildum. Og það styrkir mig í þeirri sannfæringu, hvernig hæstv. dómsmrh. hefir talað og ritað um hæstarétt, eins og og hann var skipaður þá og er enn. En nú er þetta nokkuð breytt. Þau 3 ár, sem liðin eru síðan frv. var fyrst borið fram, hafa dómararnir færzt svo mjög nær því aldursmarki, sem ákveðið er, að nú er orðið stutt þar til hægt er að losa sig við þá 2 dómara, sem eftir eru, án þess að til þess þurfi að brjóta stjskr. Það hefir nú þegar sýnt sig með þann dómarann, sem fyrstur varð 65 ára, að hann var látinn fara úr dómnum. Í sumar nær annar þeirra, sem eftir eru, þessum aldri og sá þriðji að ég hygg á næsta ári. Nú er þess vegna ekki orðið langt að bíða. En fyrst þegar frv. var borið fram, var hæstv. dómsmrh. mjög óánægður við réttinn, vegna dóma, er hann hafði dæmt. Hann taldi sér því ekki fært að bíða, er hann bar þetta fyrst fram, en sá sér hinsvegar ekki heldur fært að setja þá frá, nema brjóta ákvæði stjskr. Þessi tilgangur veldur því, að ég vil ekki, að þetta frv. gangi fram. Það á engum ráðh. að haldast það uppi að afnema æðsta dómstól landsins, af því einu, að hann er óánægður með dóma hans. Sú þrískipting valdsins, sem stjskr. ráðgerir, er að engu höfð, ef þetta er gert. Þá getur hver stj. sem er farið eftir slíku fordæmi, svo framarlega, sem hún vill hafa sig til þess. En í þessu sambandi vil ég minnast á eitt atriði, sem enn hefir ekkert verið farið út í, og það er, að þó ráðh. skipi í æðsta dóminn menn, sem hann álítur, að verði sér þægir, þá er alls ekki víst, að svo verði. Því er nú svo varið, að dómarar yfirleitt hafa sterka skyldutilfinningu fyrir því að dæma eins og þeir telja rétt-

ast. Í því sambandi vil ég minna á einn dóm, sem lögmaðurinn hér dæmdi. Ég las umsögn um hann í stjórnarblaðinu og það var auðséð á greininni, að það var engin ánægja með þann dóm. Það var þó núv. hæstv. dómsmrh., sem skipaði lögmanninn, vitanlega af því að hann hafði traust á honum, sem var líka að mínu áliti óhætt. En í þessu tilfelli a. m. k. dæmdi hann þó eigi á þann hátt, að hæstv. dómsmrh. væri ánægður. Eins hygg ég, að þessu gæti orðið varið með hæstarétt. Það er ekki víst, þó að hæstv. dómsmrh. skipaði menn í hann, að þeirra sannfæring kæmi ávallt heim við sannfæringu hæstv. ráðh. — En hæstv. ráðh. sér það aldrei, vegna þess hvað hann er æstur í skapi, að aðrir hafi rétt fyrir sér, ef hann er sjálfur á annari skoðun. Ég held, að það sé úr því sem komið er bezt fyrir hæstv. ráðh. að bíða, þar til hann getur komið þessum dómurum frá, sem honum sjálfum er svo lítið um gefið, þar til hann getur gert það án þess að ganga of nærri stjskr.

Þá er annað atriði, er ég vil minnast á. Það er dómararaunin. Ég er satt að segja undrandi yfir því, að ákvæðið um dómararaunina er talið óhafandi. Af hverju er verið að láta málaflutningsmennina ganga undir prófraun áður en þeir fá leyfi til að flytja mál fyrir hæstarétti, ef ekki má láta sjálfa dómarana gera það? Af hverju á ráðh., sem þó getur ekki verið eins fær um það, að dæma einn um það, hver umsækjandi sé hæfastur til að taka sæti í hæstarétti? Það er þó ekki eins og hæstaréttardómararnir skipi menn í réttinn. Það gerir ráðh. Þeir hafa aðeins synjunarvald.

Það virðist annars vera svo, að hæstv. dómsmrh. hafi ekki veitzt það neitt létt verk að finna dómara í þennan rétt, því nú er maður, sem aðeins er settur, búinn að starfa þar í heilt ár.

Andstæðan gegn dómararauninni sýnir, að það er tilgangurinn með frv., að dómararnir verði háðari framkvæmdarvaldinu en áður hefir verið. Og það kemur alveg í bága við þá skiptingu valdsins, sem ráðgerð er í stjskr.

Þá er það atriðið um aukadómarana. Þá á að tilkalla í öllum stærri og vandasamari málum, og eftir brtt. hv. meiri hl. allshn. á þskj. 686 er tilgangurinn sá, að dómurinn ákveði þóknun til þessara manna fyrir hvert mál, sem þeir dæma. Þegar athugað er, hvað mikið verk það er að kveða upp dóm í vandasömum málum, þá er ég viss um, að það verður talsverð þóknun, sem þessum mönnum verður greidd og mundi á ári slaga langt upp í föst laun aðaldómara. Með þessu er því um lítinn sparnað að ræða, og ég er viss um, að það mundi kosta lítið meira að fjölga dómurunum upp í 5.

Auk þess vil ég taka undir það, sem hv. 4. þm. Reykv. sagði, að það er oft alls ekki svo, að það sjáist fljótt, hvort mál er vandasamt eða ekki. Það sést fljótt, hvort málið er umfangsmikið, en hvort það er vandasamt, sést ekki fyrr en málflutningur hefir byrjað. Ég held, að það komi ekki sjaldan fyrir, að dómurum finnist ekkert léttara að dæma í litlu máli, sem tekur yfir fáar arkir, en í máli, sem í eru langar dómsgerðir. Ég er því viss um, að dómarar hins nýja réttar muni, hvenær sem þeir eru í vafa um, hvort eitthvert mál sé vandasamt eða ekki, kalla aukadómarana til, og þetta styrkir m. a. þá skoðun mína, að aukakostnaðurinn fyrir þóknun til þessara manna muni slaga töluvert hátt upp í laun reglulegs dómara.

Svo er ennfremur ákvæði, sem sýnir hugarfar þeirra manna, sem að þessu frv. standa; það er ákvæðið í 5. gr. frv., sem hljóðar svo: „Þó getur dómsmálaráðherra krafizt þess, að aukadómarar taki sæti í fimmtardómi í opinberum málum". Þetta hlýtur að þýða, að þó að aðaldómarar kæri sig ekki um að tilkalla aukadómara, þá geti dómsmrh. krafizt þess, að þeir taki sæti í dómnum. Ef þetta er rétt skilið hjá mér, þá verð ég að segja, að það er með öllu óhæfilegt að gefa dómsmrh. vald til að útvega sérstaka dómara í máli, sem honum er kappsmál og hann er sjálfur ákærandi í. Það er óhæfileg blöndun á ákvæðum dómsvalds og framkvæmdarvalds, að sá maður, sem er ákærandi, tilnefni dómara, og er óhafandi með öllu, að hann megi gera það. Það er nógu illt og hættulegt, að pólitískur ráðh. hafi ákæruvaldið með höndum, enda þekkist þetta hvergi nema hér. En þó er ennþá hættulegra, að

sami ráðh. sé látinn ráða því, hverjir dæmi í þessum málum, það hlýtur að leiða af sjálfu sér, að ekki getur dregizt lengi úr þessu, að skipaður verði opinber saksóknari, eins og annarsstaðar í öllum siðuðum löndum, sem ég þekki til. En ástæðan til, að þetta hefir ekki verið gert hér fyrir löngu, er sú, að fátt er um slík mál hjá okkur, og því er álitið, að starfið yrði of lítið fyrir einn mann. Þess vegna var sú ákvörðun tekin í stjórnarráðinu fyrir löngu, að láta ákæruvaldið vera í höndum skrifstofustjórans í dómsmálaráðuneytinu, en sjálfur dómsmrh. kom þar hvergi nærri. En síðan núv. dómsmrh. kom til valda, hefir hann tekið ákæruvaldið af skrifstofustjóranum í mörgum málum, sem ég þekki til, og er slíkt óhæfilegt með öllu og ekki viðunandi til lengdar, ekki sízt, þar sem hann er ekki lögfræðingur, sem mun vera einsdæmi.

Ég vildi sérstaklega skora á hv. þm. Barð., sem hafði orð fyrir meiri hl. allshn. að svara því, hvernig á þessu ákvæði stendur og við hvað hafi að styðjast, að dómsmrh. skuli hafa hönd í bagga með, hverjir dæmi í opinberum málum. Eftir þeim reglum, sem nú gilda, eru það prófessorar lagadeildar háskólans, sem eru varadómarar í hæstarétti. Þ. e. a. s., þeir eiga að taka við að dæma, þegar reglulegir dómarar forfallast. Þegar svo er komið, að 2 af prófessorunum eiga í öllum vandasamari málum að vera reglulegir dómarar í fimmtardómi, þá er auðséð, að forfallist annaðhvort einn varadómari eða einn af aðaldómurunum, eru allir varadómararnir komnir í dómarasæti. M. ö. o., ef tveir forfallast eftir því, sem nú er, þar sem aðeins eru 2 fastir dómarar í réttinum, þá vantar alveg varadómara, og þá segir frv., að dómsmrh. eigi að skipa varadómara. En þetta er óheppilegt, því að oft getur komið fyrir, að tveir dómarar forfallist. Það hefði verið réttara til þess að forðast þetta, að taka upp þá reglu að ákveða, að varadómarar skuli vera svo margir, að engar líkur séu til, að þeir verði ekki alltaf nógu margir, og að ráðh. þyrfti aldrei að koma nærri því að útnefna þá vegna einstakra mála. Það hefði verið hægt að ákveða, með því að hafa svo og svo marga varadómara utan lagadeildar til þess að taka við, ef á þarf að halda vegna forfalla reglulegra dómara eða aukadómara. En eins og ákvæði þessu er komið fyrir, ber að sama brunni og áður með frv. þetta, að allt er gert til þess að auka vald ráðh., svo að hann geti haft áhrif á dómsvaldið.

Þá vildi ég minnast örfáum orðum á 1. brtt. þskj. 686 frá meiri hl. allshn. Við meðferð þessa frv. í hv. Ed. tók það þeim breyt. eftir brtt. frá hv. 3. landsk., að ákveðið var, að veitingu aðaldómaraembættis skuli taka til meðferðar á ráðherrafundi, en síðan geri forseti ráðuneytisins till. um hana til konungs. Með brtt. meiri hl. allshn. er meiningin að fella niður, að forseti ráðuneytisins geri till. um veitinguna til konungs, en flm. vilja aðeins hafa, að málið sé tekið til meðferðar á ráðherrafundi.

Í fljótu bragði virðist ekki mikið bera hér á milli, þar sem aðeins er fellt burt hver eigi að gera till. um veitinguna til konungs. En þegar athugað er orðalag brtt. á þskj. 686, þá sér maður, að þar stendur ekki annað en að taka eigi veitinguna til meðferðar á ráðherrafundi. En þar stendur ekkert orð um að greiða eigi atkv. um það á ráðherrafundi, hver eigi að fá veitingu fyrir aðaldómaraembætti eða hverjum eigi að veita lausn frá dómaraembætti. Og þar stendur heldur ekkert orð um, að dómsmrh. eigi að fara eftir því, sem gert er á ráðherrafundi, og engin trygging fyrir því, að verði neitt gert þar. Ég tel betur um þetta búið eins og hv. Ed. gekk frá því og fæ ekki séð, að brtt. á þskj. 686 sé til neinna bóta. Ég sé svo ekki ástæðu til að lengja umr. frekar, a. m. k. ekki að sinni, eða á meðan hv. þm. Barð. hefir ekki svarað spurningum mínum.

Frsm. minni hl. (Einar Arnórsson): Ég ætla fyrst að víkja fáeinum orðum að hv. frsm. meiri hl. allshn. og svara nokkru því, sem hann sagði viðvíkjandi 1. brtt. á þskj. 686. Hann lét svo um mælt, að ég hefði bent á, að breyt. sú um veitingu aðaldómaraembættis, er sett var inn í frv. í hv. Ed., hefði litla þýðingu. Ég held, að hv. frsm. meiri hl. fari ekki rétt með, hvernig ég útlistaði þýðingu þá, sem það ákvæði hefði. Ég skil ákvæðið svo, að það geti varla orkað tvímælis, að ráðherra-

fundur eigi að gera till. um, hverjum skuli veita aðaldómaraembætti, og síðan geri forsrh. till. um veitinguna til konungs. En eftir brtt. hv. meiri hl. er rétt, sem ég sagði, að aðeins er fyrirskipað, að talað sé um málið á ráðherrafundi, en sá ráðh., sem með dómsmálin fer, gerir till. um veitinguna til konungs. Og ef tveir ráðh. eru ósammála dómsmrh., þá er skoðun þeirra e. t. v. að engu höfð. En tilgangur ákvæðis Ed. er sá, að forsrh. eigi að gera till. til konungs, þegar ráðh. eru ekki sammála og eftir að meiri hl. á ráðherrafundi hefir samþ., hverjum veita skuli embættið. Og það var víst líka á þá leið, sem flm. till. í hv. Ed. rökstuddi skoðun sína í aðalatriðum í umr. málsins, enda mun ýmislegt af því, sem hann mælti með till., hafa verið sama efnis og ég sagði. Ég rökstuddi till. hv. Ed. og sagði eitthvað á þá leið, að með því að setja æðsta lið dómsvaldsins á sama bekk og æðsta vald í framkvæmd og löggjöf, þá þætti mér vel fallið, að æðsti maður landsins, forsrh., framkvæmdi þetta.

Annars er mjög ólíkt þessu dæmi það, sem hv. frsm. meiri hl. nefndi, að taka af dómsmrh. náðanir afbrotamanna. Eftir minni rökfærslu þá er hér ólíku saman að jafna. Þó að við höfum mætur á afbrotamönnum, ætla ég, að þeir verði ekki settir á bekk með æðsta dómstóli landsins, þótt við viljum gera þeim vel til. Ég geri ekki heldur ráð fyrir, að neinn telji það forsrh. sérstaka virðingu, þótt honum væri falin afgreiðsla náðunarmála brotamanna, t. d. að leggja til, að bruggunarsekt sé færð úr 1000 kr. niður í 500 kr., eða að gefnir séu eftir 30 dagar af fangelsisvist eða færðir niður í 15 daga. (**BJ**: Þetta gæti verið stórvægilegt mál). En það verður þó varla sett á bekk með því að gera till. um veitingu embættis eða lausnar frá því við æðsta dómstól landsins. Með þessu er ég ekki að gera lítið úr embættisverkum ráðh., svo sem um náðun afbrotamanna. En eins og ég hefi áður tekið fram, er hér ólíku saman að jafna.

Það er ekki rétt, sem hv. frsm. meiri hl. sagði, að þetta væri brot á reglum um verkaskiptingu ráðh. Enda kemur ekki til mála, að svo sé, því að löggjafarvaldið getur ekki síður en ráðh. sjálfir skipt verkum með ráðh. Um brot á löggjöfinni, sem almenna löggjafarvaldið drýgir, er þá fyrst að ræða, ef almenna löggjafarvaldið fer inn á svið stjórnarskrárgjafa.

Annars ætla ég ekki frekar að mæla fram með þessu ákvæði, sem hv. Ed. setti inn. Ég vil hvorki vera að metast um það við nokkurn né blanda mér inn í þær heimiliskrytur, sem ákvæðið hefir orðið valdandi innan stjórnarflokksins. Það voru ekki andstæðingar stj., sem báru þessa till. fram, heldur einn af helztu mönnum Framsóknar, og tveir flokksmenn hæstv. dómsmrh. greiddu atkv. með því í hv. Ed., að þetta ákvæði væri tekið upp í frv. Hafi nokkur syndgað, þá eru það þessir tveir hv. þm. í Ed., en ekki andstæðingar stj. En ég vil mótmæla því, að nokkur hafi gert það, því að heimilt er að setja í löggjöfina þau ákvæði, sem ekki brjóta í bág við stjskr. Enda hefði hæstv. forseti Ed. ekki hleypt þessari brtt. að, ef spurning hefði verið um það, að ákvæðið væri brot á stjskr.

Ég held, að það hafi ekki verið annað, sem ég þurfti að svara hv. frsm. meiri hl., nema því, er hann sagði um dómarafjölgunina. Hann lét svo um mælt, að erfitt mundi að fá 5 menn skipaða í æðsta dómstól landsins, á meðan launakjörin eru svo léleg og þau eru nú, eða ætlazt er til með frv., og jafnvel mun hann hafa gefið í skyn, að erfitt mundi að fá þessa menn skipaða, þó að þeir væru ekki nema 3. Vitanlega er þetta ekki annað en fyrirsláttur hjá hv. þm., því að ekkert er auðveldara en að fullskipa dóminn 5 hæfum mönnum. Hitt er að vísu rétt, að það getur orðið erfitt að fullskipa dóminn, á meðan það er markmið ráðh. að taka aðeins menn úr **ákveðnum pólitískum flokki.** Og sennilegt er, að það yrði mjög erfitt fyrir núv. dómsmrh. að fá 5 menn úr **sínum flokki** til að skipa dóminn. Því eins og hv. frsm. meiri hl. sagði, geta verið menn, sem hafa meiri tekjur og vilja því ekki draga sig út úr sollinum, hvort sem heldur er úr pólitísku lífi eða annari atvinnu. Þess vegna má ganga út frá, ef markmiðið er að skipa dómarana úr ákveðnum **pólitískum flokki,** að það geti orðið erfitt.

En ef skipa á dómarana án þess að einskorða við það, hvaða **stjórnmála-**

flokki eða stefnu þeir hallast að, þá eru engin vandkvæði að fá dóminn fullskipaðan, hvort sem um 3 menn er að ræða eða 5. Það er enginn vafi, að það má þá fá nógsamlega marga úr hópi lögfræðinga hér á landi í þennan dóm. Nú eru til svo margir hæfir lögfræðingar, að skipa má dóminn án þess að á því þurfi nokkur vandkvæði að verða. Eftir núg. lögum eru þessir lögfræðingar, ef þeir hafa 1. eink., hæfir í dóminn: prófessorar lagadeildar, hæstaréttarmálaflutningsmenn, héraðsdómarar og skrifstofustjórar í stjórnarráðinu. Nú munu vera milli 20 og 30, eða nær 30 hæfir lögfræðingar að taka sæti í hæstarétti.

Annarsstaðar er það mjög títt, að sem dómarar við æðri dómstóla veljist ekki aðeins fræðimenn, heldur og menn, sem sýslað hafa við málfærslustörf árum saman. Í Englandi eru mjög margir dómarar menn, sem fyrr voru málaflutningsmenn. Og mér er kunnugt um, að við höfuðréttinn í London eru flestir dómararnir úr stétt málaflutningsmanna, og hefir það fyrirkomulag reynzt yfirleitt mjög vel.

Þá var ýmislegt í ræðum þeirra hv. 4. þm. Reykv. og hv. 2. þm. Skagf., sem ég þarf að líta nánar á. Þó ætla ég ekki að andmæla þeim í heild sinni, því að í öllum aðalatriðunum erum við sammála, en aðeins smærri atriði, sem ég ætla að gera nokkrar aths. við.

Það kom fram hjá báðum, að ég held, að ýmiskonar hættur væru því samfara, að kennarar lagadeildar væru aðaldómarar í fimmtardómi, og jafnvel þótt þeir væru aðeins varadómarar. Og það, sem þeir finna kennurum lagadeildar til foráttu, er það, að þeir gegni administrationsstörfum jafnfram. Ég hefi áður vikið að því, að litlar líkur eru til, að dómsmrh. setji þessa menn af, þó að komi fyrir — og það hefir komið fyrir —, að þeir gæfu dómsatkvæði á móti honum.

Þegar lög voru sett um lagaskólann 1903, sem staðfest voru 4. marz 1904, þá var ætlazt til, að dómarar í yfirrétti tækju að sér kennslu við lagaskólann. Þetta sýnir í rauninni það, að þá hefir þótt eðlilegt að sameina þessi störf, og þó áttu menn þessir að fá borgun hjá stj. fyrir kennslustarf sitt og voru henni háðir að því leyti, að hún gat rekið þá frá og á þann hátt rýrt tekjur þeirra.

Þá var og borið fram á þinginu 1922 af þeim Pétri Ottesen, Þórarni Jónssyni og Jóni Sigurðssyni frv. þess efnis, að hæstaréttardómararnir skyldu hafa á hendi lagakennsluna við háskólann. Þó að ég viti það ekki, þá hefi ég þó grun um það, að hv. 2. þm. Skagf. hafi ekki verið svo mjög mótfallinn þessu skipulagi þá. Hann sá, að þetta var sparnaður og taldi enga hættu stafa af því. Hitt þori ég ekkert að fullyrða um, hvað hann lagði til þessara mála á þinginu, ég hefi ekki rannsakað það. Þetta sýnir það glöggt, að hv. flm. þessa frv. og ekki svo fáum öðrum, þó að frv. næði ekki fram að ganga, hefir þótt þetta skipulag heppilegt, eins og sumum finnst nú um það ákvæði, að tveir af kennurum lagadeildarinnar skuli vera aukadómarar í nokkrum málum eftir nánari ákvörðun aðaldómaranna í hæstarétti.

Þá töluðu þeir nafnar nokkuð um það, hvert vandhæfi væri á því fyrir aðaldómarana í hæstarétti að gera sér grein fyrir, áður en munnlegur málaflutningur færi fram, hvort málið væri svo þýðingarmikið, umfangsmikið eða vandasamt, að þörf væri á að kveðja aukadómarana til. Ég er þeim sammála um, að þetta geti verið erfitt og að dómendur hæstaréttar eigi ekki að mynda sér skoðun um það, hvernig málið eigi að fara, fyrr en það hefir verið sótt og varið fyrir hæstarétti. Hitt er annað mál, hvort það muni vera svo sérstaklega mikið vandhæfi að gera sér grein fyrir, hvort eitt eða annað mál sé mikilvægt eða ekki, áður en hinn munnlegi málflutningur hefst. Það geta dómararnir fyrst og fremst nokkuð ráðið af dómi undirréttarins og svo af útdrættinum úr málsskjölunum. Af þessum tveimur höfuðgögnum má venjulega ráða nægilega um það, hvort málið er mikilsvert eða ekki, hvort einhver atriði eru í því, sem teljast megi lögfræðileg eða praktisk stefnumál, hvort erfitt er að dæma þar um sönnunaratriði og þar fram eftir götunum. Auk þess, sem þannig má rekja efni málsins, þá má og rekja anda þess, hvað það er, sem málsaðilja greinir á um og hvaða sannanir þeir hafa fram að færa. Þetta eru höfuðatriði í

hverju máli. Málaflutningsmennirnir geta að vísu oft, eftir því sem efni standa til, útilokað þau atriði, sem haldið hefir verið fram í dóminum ýtarlegar en gert er í útdrættinum, því að þær útlistanir eru þar venjulega ekki. En þó má ráða af útdrættinum um það, hvort málið er þýðingarmikið, margbrotið, umfangsmikið eða vandasamt.

Þegar málið er skriflega flutt, þá er vandinn ennþá minni að þessu leyti, því að þá ganga héraðsréttarmálsskjölin óbreytt fyrir dómarana. Og geta þeir þá fyllilega séð af þeim, hvort ástæða sé til að kalla aukadómara til.

Svo vil ég bæta nokkru við um atriði, sem ég minntist ekki á í dag, og það er, að dómararnir þurfa ekki eingöngu að treysta útdrættinum, þegar dæma skal um það, hvort eitthvert mál er vandasamt eða ekki. Þeir eiga aðgang að sjálfum málsskjölunum, öllum, sem koma fram í héraði, eins og hv. 2. þm. Skagf. líka á að vita. Þar getur hver dómari fengið meiri upplýs. heldur en teknar eru upp í útdráttinn um öll sóknar- og varnaratriði, sem komið hafa fram í málflutningnum heima í héraði. — Það, sem þessir hv. þm. hafa sagt um þessi atriði, hafa þeir sagt að ekki nægilega athuguðu máli. Um hitt atriðið er ég þeim sammála, að það getur út af fyrir sig verið vandasamt og álitamál, hvaða mál séu svo mikilvæg, að ástæða sé til að kveðja til aukadómara. [Fundarhlé].

Ég var byrjaður að tala um, þegar fundinum var frestað, að það gæti verið álitamál, hvenær dómsmál þau, er koma fyrir hæstarétt, væru svo mikils virði, að ástæða væri að kveðja til aukadómara. Ég var búinn að segja það, að ég væri sammála hv. 2. þm. Skagf. um það, að nokkur vandi væri að ráða fram úr þessu. En ég taldi það þó ekki vera meiri vanda en margt annað, sem dómararnir verða að ráða fram úr. Og þó reyndar öllu heldur minni vanda. Og þótt aukadómararnir séu kvaddir til að taka þátt í dómi án nauðsynjar, þá er í raun og veru ekki mikill skaði skeður. Og þótt dómurunum missýnist í hina áttina, þá verður samt sem áður felldur löglegur dómur í málinu. Það er vitanlega miklu meiri vandi að dæma sjálfa dómana, skera úr ágreiningi milli málsaðilja. En þetta verður þó að fela dómurunum, því það er ekki hægt annað.

Hv. 4. þm. Reykv. kallaði þetta viðrinisfyrirkomulag. Ég skal játa, að eftir minni hyggju er það ekki jafnfullkomið og ef fastir dómarar væru 5. En mitt álit er þó, að þetta sé til bóta, og það virtist mér hv. þm. líka játa. Við erum sammála um, að betra sé, að dómararnir séu 5 en 3. En þetta er millistig af því tvennu.

Hv. 2. þm. Skagf. og hv. 4. þm. Reykv. voru hræddir um, að kostnaðurinn við aukadómarana mundi slaga hátt upp í þann kostnað, sem leiddi af því, ef bætt væri við 2 föstum dómurum. Ég hygg, að þeir byggi þetta á tvennu: Í fyrra lagi á því, að þeir búast við, að mörg mál muni falla undir fulla tölu dómara. Og í síðara lagi, að þeir geri ráð fyrir, að aukadómurunum verði greitt hátt kaup.

Um þetta er nú að vísu ekki hægt að segja með neinni vissu, því hvorugt verður vitað fyrirfram. En nokkuð má þó ráða í þetta af líkum. Ég hefi þó nokkuð skyggnzt í dóma hæstaréttar og farið t. d. gegnum eitt ár og athugað þetta. Mér hefir talizt svo til, að af um nál. 90 málum, sem komu fyrir réttinn það ár, hefði verið ástæða til að kveðja aukadómara til að dæma í allt að 20 málum. En auðvitað er þetta mitt lauslega álit. (MG: Hvaða ár var það?). Ég held, að það hafi verið 1929. Það eru a. m. k. árgangarnir frá 1925—1929, sem ég hefi einkum kynnt mér. Ég hefi farið nokkuð rækilega gegnum alla dóma á þeim árum. Það var þó í Ed. haft eftir dómstjóranum, sem nú er, að þessir dómar mundu verða miklu fleiri. Um þetta þýðir vitanlega ekki að þjarka. Hans álit mun vera lauslegt og að ég hygg lauslegra en mitt.

Um kostnaðinn er það að segja, að ef varadómari er nú kvaddur til að taka þátt í dómi, þá eru honum greiddar fyrir það 46.93. Það getur verið, að einhverjum þyki þetta höfðingleg borgun. Og hún getur verið forsvaranleg, ef um smámál er að ræða, sem lítið þarf að hafa fyrir. En sé um stórt og vandasamt mál að ræða, þá er þessi borgun það, sem í daglegu tali eru nefndar hundsbætur. Og víst er um það, að málafærslumönnun-

um er dæmd hærri þóknun fyrir sitt starf, sem er að flytja málið. Ég hygg, að lágmark þeirrar þóknunar sé 50 kr. En ef málið þykir nokkurs virði, þá er þessi þóknun hærri, oft frá 100 upp í 200 kr., og þykir þó lágt sett og er það líka oft. En þó að mikil ábyrgð hvíli á málafærslumönnunum um að undirbúa mál og flytja þau fyrir dómi, þá er þó vitaskuld enn meiri vandi að kveða upp efnisdóm í málinu. Er ég þó ekki með þessu að gera neitt lítið úr starfi málaflm. Þótt ég vilji ekkert segja um það, hver laun aukadómurunum verði ákveðin, þá hygg ég þó, að óhætt sé að fullyrða það, að þau verða aldrei nema lítill hluti af þeim launum, sem greidd yrðu 2 föstum dómurum. En þessi orð mín má þó ómögulega skilja svo, að ég sé mótfallinn því, að skipaðir verði 5 fastir dómarar. Ég mun greiða atkv. með brtt. um það og tel það betra en það, sem nú er ákveðið í frv.

Hv. 2. þm. Skagf. talaði töluvert um það, að kennarar lagadeildar háskólans væru afsetjanlegir, þar sem þeir væru „administrativir" embættismenn. Þetta er vitanlega satt. En það er þó enginn principmunur á starfi þeirra sem aukadómara samkv. frv. eða sem varadómara, eins og nú er ákveðið og framkvæmt. Mál þau, sem þeir dæma í nú, eru allt eins þýðingarmikil og þau, sem aukadómararnir koma til með að dæma í. Það ákvæði var sett í stjskr. 1915, að dómarar í yfirrétti væru ekki kjörgengir til Alþingissetu. Líka var svo látið um mælt í aths. við hæstaréttarlögin frá 1919, að dómararnir mættu ekki hafa nein launuð aukastörf. Þessu hefir verið rækilega fylgt hvað þingsetu snertir og hinu ákvæðinu líka, þó það sé ekki lögfest. En þessi varúð hefir þó ekki getað hjálpað, því að bæði í ræðu og riti hefir því verið haldið fram, að dómurinn nyti ekki trausts almennings. Ég skrifa nú að vísu ekki undir þann dóm, því ég álít, að þetta sé alveg ofmælt. Dómararnir hafa verið sakaðir um að dæma hlutdrægt í vil eða óhag einstökum mönnum eða stofnunum. Það lítur því svo út, að í þessu landi dugi það lítið, þó þessar öryggisreglur séu settar, þótt hinsvegar megi telja það sjálfsagt að setja reglur um afskipti þeirra af opinberum málum. Í þessu efni er því jafnt á komið fyrir föstu dómurunum sem prófessorunum, þegar þeir hafa dæmt. Þeir, sem óánægðir hafa verið með dómsniðurstöðurnar, hafa ráðizt á hvorttveggja dómarana. Föstu dómararnir hafa sætt hörðum árásum og það hafa prófessorarnir líka gert stundum, er þeir hafa skipað dóminn. Þeim hefir verið svarað um það, að þeir væru keyptir af stj., eða í öllu falli háðir henni. En föstu dómurunum hefir verið svarað um það, að dómar þeirra beri vott um, að þeir láti stjórnast af pólitískum þokka eða vanþokka til manna. Mönnum hér á landi virðist oft veita erfitt að temja svo skap sitt, að þeir geti tekið ákveðinni dómsniðurstöðu rólega.

Hv. 2. þm. Skagf. sagði á þá leið, að það kæmi oft fyrir, að fleiri en einn dómari væri forfallaður. Ég ætti nú að vera þessu eins kunnugur og hv. þm. Og ég veit einmitt þess vegna, að þessi tilfelli eru mjög fá. (MG: Ég sagði einmitt, að þau væru fá!). Ja, ef svo er, þá hefði hv. þm. ekki þurft að blása þetta atriði jafnmikið upp og hann gerði. Ég minnist mjög fárra slíkra tilfella í þau eitthvað 12 ár, sem hæstiréttur hefir starfað hér á landi. Fyrst þegar dómararnir voru fluttir til, í hæstarétt úr yfirrétti, kom þetta fyrir með nokkur mál, sem þeir gátu ekki dæmt, vegna þess að þeir voru áður búnir að dæma í þeim í yfirrétti. Síðan munu mjög fá slík tilfelli hafa komið fyrir, að föstu dómararnir hafi orðið að víkja úr dómi. Og í mörg undanfarin ár man ég ekki eftir nema einu slíku máli. Og það er þetta margfræga mál milli Kristjáns Karlssonar og Útvegsbankans, sem ýmsir hafa tekið sér svo nærri dóminn í. Ég held, að það komi ekki oft fyrir, að fleiri en einn hæstaréttardómari víki sæti eða forfallist, jafnvel árum saman hefir það ekki borið við. En hinsvegar er þó möguleiki fyrir því, að það komi fyrir einstöku sinnum.

Þá minntist hv. 2. þm. Skagf. nokkuð á það ákvæði 3. málsgr. 5. gr. frv., að dómsmrh. geti krafizt þess, að aukadómarar taki sæti í dómi, þegar um opinber mál er að ræða. Ég get verið honum sammála um það, sem hann sagði um þetta í meginatriðum. Það er yfirleitt óhentugt

ákvæði, að dómsmrh. hafi ákæruvald í slíkum málum. Betra er, að til þess sé skipaður opinber saksóknari. Er sú regla og upptekin í öðrum löndum, víst flestum eða öllum. Er þá í það tekinn kunnur, og það valinkunnur lögfræðingur, sem þá annars ekki fæst við nein opinber málefni. Ég hygg, að þetta gefist vel. Þetta er gert til þess, að starfandi dómsmrh. geti engin áhrif haft í þessu efni á úrslit mála í dómnum. Og væri þetta gert hér, þá væri síður ástæða til að ætla, að dómsmrh. mundi hafa áhrif á úrslit mála með skipun aukadómara. Um þetta get ég því verið samdóma hv. 2. þm. Skagf. En ég býst við, að hver sem ráðh. er, verði ekki hjá því komizt, að téð ákvæði verði tortryggilegt, og því get ég verið sammála hv. 2. þm. Skagf. um, að það hefði verið réttara, að það ákvæði hefði ekki verið í frv. Hinsvegar voru það dálitlar ýkjur hjá sama hv. þm., þegar hann kvað svo að orði, að ráðh. gæti ráðið því, hverjir bættust í dóminn þegar þessu ákvæði yrði beitt. Það er ekki svo, því hann getur ekki kvatt til aðra en hina lögskipuðu aukadómara, hvort sem þeir eru honum kærir eða ekki, en deildin ákveður, hverir 2 af 3 taki sæti í dómnum. Það væri þó nokkuð annað, ef ráðh. gæti tekið einhvern og einhvern inn í dóminn, utan þeirra vébanda.

Þá er ég líka sammála hv. 2. þm. Skagf. og hv. 4. þm. Reykv. um það, að heppilegra hefði verið að ákveða, að ef háskólaprófessorana þryti, þá skyldi skipa sérstaka varadómara utan þeirra vébanda og þá jafnframt, úr hópi hvaða manna þeir skyldu teknir. Og það er einn hópur, sem tilvalinn og sjálfsagður væri til þeirra hluta, nefnilega hæstaréttarmálaflutningsmennirnir. Það er vitanlegt, að það eru ekki nema fáir þeirra, sem eru við hvert mál riðnir, oftast ekki nema tveir, og það væri auðvelt að fela félagsskap þeirra að tilnefna einhverja úr sínum hóp til þess að taka sæti sem varadómarar, hvort sem þeir væru valdir með hlutkesti eða kosningu í hvert skipti. Það er trúa mín, að þessi skipun muni einhverntíma verða upp tekin, eða mér þætti það a. m. k. ekki ósennilegt.

Ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það, sem ég hefi áður sagt um niðurlagningu hæstaréttar og um prófraunina, en það álít ég aðalatriði þessa máls. Viðvíkjandi prófrauninni skal ég þó minnast á eitt atriði, sem hv. 2. þm. Skagf. nefndi, og það var, að prófraun þessi næði ekki til kennara lagadeildarinnar, þó þeir séu varadómarar hæstaréttar. Þetta er rétt. En löggjafinn mun hafa hugsað sér, að þeir menn, sem á annað borð væri trúað fyrir að kenna laganemum, myndu alltaf hafa þá þekkingu, sem nauðsynleg er til þess að taka þátt í dómstörfum hæstaréttar. Þessi rökfærsla hv. 2. þm. Skagf. á við það skipulag, sem nú er, en ekki það, sem formælendur þessa frv. hugsa sér að lögleiða, því með frv., ef að lögum verður, er prófraunin niður felld, og er það þá veitingarvaldið sjálft, sem sker úr því að öllu leyti, hvort dómaraefnin eru hæf til starfsins eða ekki, að vísu þó að fengnu áliti réttarins. Slíkt val held ég, að veiti ekki meiri tryggingu fyrir starfshæfni réttarins heldur en hitt, að þeim, sem taka eiga þar sæti sem aukadómarar, hefir verið veitt prófessorsembætti við háskólann og hafa gegnt þar kennslustarfi í lögfræði um lengri eða skemmri tíma.

Þá held ég, að ég hafi tekið til athugunar flest þau atriði, sem mér virðist þörf á að tala nánar um heldur en áður er gert og býst því ekki við að segja fleira um þetta mál hér í hv. d., nema ef svo bæri undir, að fram kæmu einhver sérstök atriði, sem hæstv. forseti vildi leyfa mér að gera stutta aths. um.

Frsm. meiri hl. (Bergur Jónsson): Hv. 4. þm. Reykv. var mjög hneykslaður á því, að ég taldi það einungis formsatriði, eins og fimmtardómsfrv. er nú, hvort þar væri ákveðið að leggja skyldi hæstarétt niður eða ekki. Kvað hann einkennilegt, að við skyldum ekki vilja fella þetta ákvæði úr frv., ef við teldum það þýðingarlaust. Það er einmitt af því að við teljum þetta skaðlaust formsatriði, að við teljum alveg óþarft að fella það burt. Mér finnst það mjög eðlileg afstaða, að vilja ekki samþ. breyt., sem maður álítur á engan hátt til bóta, úr því frv. einu sinn liggur svona fyrir.

Það er rétt hjá hv. þm., að þetta atriði hafði nokkra raunverulega þýðingu eins

og frv. var upphaflega lagt fyrir þingið, þegar eftir því var ekki skylt að flytja hæstaréttardómarana yfir í fimmtardóminn. Þá gat þetta orðið til þess, að hæstaréttardómararnir fengju ekki að ganga inn í fimmtardóminn, ef dómsmrh. vildi svo við hafa, og var þá talað um, að það mundi vera stjórnarskrárbrot. En nú, þegar búið er að setja það ákvæði inn í frv., að hæstaréttardómararnir flytjist yfir í fimmtardóminn, er ekki um annað að ræða en að breyta nokkuð starfsháttum réttarins og færa hann í svipað horf og æðstu dómstólar annara menningarlanda eru komnir í, og þá hefir ákvæðið um að leggja hæstarétt niður ekki raunverulega þýðingu fyrir nokkurn mann. Hitt, sem talað hefir verið um, að þetta sé fordæmi, sem vont sé, að löggjafarvaldið skapi sjálfu sér, er einskisvert atriði. Löggjafarvaldið getur hvort sem er alltaf gert það, sem því þóknast, innan þess ramma, sem stjskr. setur.

Hvernig stóð á því, að landsyfirdómurinn var ekki gerður að æðsta dómstóli landsins á sínum tíma? Hann var lagður niður og dómararnir úr honum fluttir yfir í hæstarétt, sem síðan hefir verið æðsti dómstóll landsins. Það hefði alveg eins mátt breyta landsyfirréttinum í æðsta dómstól, láta dóminn haldast með sama nafninu, en fá honum í hendur úrslitadómsvald í landinu. En það kvartaði enginn yfir því, að hin leiðin var farin, og það er engin ástæða til að kvarta undan því, þó sama leið sé farin nú. (JAJ: Þá var verið að breyta dómaskipun landsins). Það er líka nú verið að skapa nýjan rétt undir nýju nafni með nýjum starfsháttum. Það er ekki nema stigmunur á þeirri breyt., sem gerð var, þegar landsyfirdómurinn var lagður niður, og þeirri, sem nú er gert ráð fyrir. Landsyfirdómurinn var raunverulega æðsti dómstóll landsins í allflestum málum, því það voru ekki nema örfá mál, sem fóru héðan til hæstaréttarins danska.

Hv. þm. er mjög vantrúaður á, að ákvæði frv. um skyldufélagsskap málafærslumannanna verði til bóta, og sagði, að þetta væri verið að lepja upp eftir öðrum. Mér þætti gaman að því, ef þessi hv. þm. vildi benda mér á stofnun í landinu eða þátt í löggjöf okkar, sem ekki er að einhverju leyti „lapin“ annarsstaðar að, eins og hann vill orða það. Er ekki á öllum sviðum reynt að fara eftir þeim erlendu fyrirmyndum, sem skástar eru álitnar? Hæstaréttarlögin sjálf, sem þessi hv. þm. og flokksbræður hans vilja endilega halda í, eru að miklu leyti sniðin eftir dönskum lögum, m. ö. o. lapin frá Dönum, svo ég noti orðalag hv. þm. Það er ekki neitt nýtt, þó við sækjum fyrirmyndir að okkar löggjöf til annara þjóða, enda er það ekki nema sjálfsagt. Ekki höfum við fundið upp að hafa dómstóla, við höfum lært það af öðrum og notað okkur annara reynslu á því sviði sem öðrum.

Hv. 4. þm. Reykv. taldi, eins og raunar hv. 2. þm. Reykv. líka, engin vandkvæði á að fá nægilega marga hæfa menn í æðsta dómstólinn og lagaprófessorsembætti háskólans, þó fastir dómendur væru 5. Ég er jafnsannfærður um, að það yrði erfitt að fá reglulega hæfa menn í þessi átta embætti, eins og lögfræðingastétt okkar er nú skipuð. Er það sérstaklega vegna þess, að dómaraembættin eru ekkert eftirsóttar stöður. Ýmsir af hinum betri lögfræðingum sitja í öðrum betri stöðum, eða vilja ekki útiloka sig frá opinberu lífi á þann hátt, sem heimtað er af dómurum æðsta dómstólsins.

Hv. 2. þm. Skagf. talaði á móti frv. nokkuð almennt, eins og hann hefir gert hér áður. Aðalástæða hans gegn frv. er sú, að það hafi upphaflega verið flutt í einhverjum ljótum tilgangi. Ég vil minna hann á, að nú er búið að breyta þeim ákvæðum frv., sem andstæðingar þess munu hafa byggt á, þegar þeir töluðu um, að verið væri að ofsækja dómara hæstaréttar. Nú er búið að ákveða, að þeir flytjist yfir í fimmtardóm. Ef tryggja á þeirra rétt betur, verður að gera það með stjórnarskrárbreyt., koma í veg fyrir, að dómsmrh., hver sem hann nú er, geti látið þá fara úr réttinum, þegar þeir hafa náð 65 ára aldri. Um það gildir alveg það sama, hvort sem við búum áfram við hæstaréttarlögin eða fimmtardómsfrv. verður samþ. eins og það er nú. Það er því alveg einskisverð ástæða móti frv. eins og það er nú, þó þessi hv. þm. ímyndi sér, að það hafi upphaflega verið borið fram í þeim ljóta tilgangi að of-

sækja núv. hæstaréttardómara, sem auðvitað er ekki annað en órökstudd fullyrðing.

Hv. 2. þm. Skagf. beindi til mín þeirri fyrirspurn, hvernig stæði á því, að við vildum halda prófrauninni fyrir málafærslumennina, en ekki fyrir dómara réttarins. Þar er ólíku saman að jafna. Það er sitt hvað, hvort dómararnir eiga að skera úr, hvort þeir vilja fá þennan eða hinn manninn inn í réttinn sem samverkamann sinn eða dæma um, hvort menn eru hæfir til að flytja mál fyrir réttinum. Ég hygg, að ekki sé hægt að benda á neitt tilfelli um, að málafærslumanni hafi verið neitað um að flytja mál fyrir hæstarétti af pólitískum ástæðum, en hinsvegar gæti verði rík ástæða til þess fyrir dómarana að hindra, að maður þeim andstæður í skoðunum taki sæti í réttinum sem samverkamaður þeirra, ef hlutdrægni kemst að á annað borð.

Hv. 2. þm. Reykv. svaraði nokkuð því, sem ég hafði rætt um 2 síðustu málsgr. 8. gr. í sambandi við þær brtt., sem meiri hl. allshn. hefir borið fram. Hann talaði um, að eftir gr. eins og hún er nú, væri forsrh. bundinn við að fara eftir ákvörðun ráðherrafundar, þegar hann gerir till. um veitingu dómaraembættisins til konungs. En ég vil benda honum á, að hvað þetta snertir er orðalagið alveg það sama í frv. og brtt. okkar; í báðum stöðum er sagt, að veitinguna skuli „taka til meðferðar" á ráðherrafundi. Það er ekkert tekið fram um það, að sá ráðh., sem till. á að gera til konungs, eigi að fara eftir ákvörðun ráðherrafundarins og í öðru lagi er ekkert tekið fram um það, að ráðherrafundurinn þurfi að taka nokkra ákveðna ályktun.

Hv. þm. taldi það aðalkost frvgr. eins og hún er nú, að eftir henni væri æðsta manni þjóðarinnar falið að gera till. til konungs um veitingu æðstu dómaraembættanna. Ég get ekki séð, að það sé neitt heppilegra, að æðsta manni þjóðarinnar sé falið það, heldur en æðsta manninum innan þessarar starfsgreinar, sem er dómsmrh. Það er miklu „logiskara" að fela þetta æðsta manninum á því sviði þjóðmálanna, sem það heyrir undir.

Hv. þm. taldi það ekki sambærilegt við þetta, að svipta dómsmrh. t. d. náðunarvaldinu og fá það í hendur forsrh., hvaða ráðuneyti sem hann annars veitir forstöðu, því það væri oft um svo lítilfjörleg mál að ræða, þegar náðun væri veitt. Ég get nú samt bent á náðunartilfelli, sem meiri pólitískur þytur hefir orðið út af heldur en veitingu hæstaréttdómaraembætta, eins og t. d., þegar Ólafur Friðriksson var náðaður hér á árunum. Það væri því engu minni ástæða til, ef á annað borð þarf að fara að taka af dómsmrh. hans vald og fá það í hendur „æðsta manni þjóðarinnar" til frekari tryggingar, að taka af honum náðunarvaldið, en veitingarvald dómaraembættanna eða tillögurétt um veitingu þeirra.

Hv. þm. (EA) taldi ekki neitt formsbrot þó atvm.- eða fjmrh. væri fengið í hendur veitingarvald dómarembættanna. En það liggur í augum uppi, að auðvitað kemur það algerlega í bága við þá starfsskiptingu, sem ákveðin hefir verið með lögum milli ráðuneytanna. Það eru engin takmörk fyrir því, hvað mikið mætti rugla á milli þeirra á þennan hátt, ef gengið er inn á þá braut á annað borð.

Annars er það eftirtektarvert, að næstum því allar brtt., sem andstæðingar okkar framsóknarmanna flytja eða fylgja fram í þessu máli, miða að því að rýra vald dómsmrh. Það er alveg eins og þessum hv. þm. finnist óhugsandi, að nokkurntíma geti nokkur annar maður orðið dómsmrh. hér á landi heldur en hæstv. núv. dómsmrh., sem þeim mun vera sérstaklega illa við. Þeir vilja ekki hafa aukadómara, því þá gæti dómsmrh. fengið tækifæri til þess að skipa menn í réttinn. Þeir vilja endilega halda í dómaraprófið, því það gæti rýrt veitingarvald dómsmrh., og þegar það ekki tekst, þá vilja þeir taka veitingarvaldið alveg af dómsmrh. og leggja það undir ráðherrafund og fela forsrh. að gera till. til konungs um veitinguna. Hv. 4. þm. Reykv. flytur till. um, að dómsmrh. skuli vera skylt að veita leyfi til áfrýjunar, þó áfrýjunarfresturinn sé útrunninn; það miðar líka að því að rýra vald dómsmrh. Þannig mætti fara í gegnum allan fjöldann af brtt. hv. andstæðinga frv. Allar miða þær að þessu sama. Það væri verst fyrir þessa hv. þm., ef þetta kæmi þeim sjálfum í koll. Það gæti komið fyrir, að

einhver þeirra ætti eftir að verða dómsmrh., og væri þá illt fyrir þann hinn sama, ef búið væri að kippa burtu svo og svo miklu af því valdi, sem hann þá gjarnan mundi vilja fá.

Hv. 2. þm. Reykv. taldi það ekki annað en fyrirslátt hjá mér, að ekki yrði hægt að fá nógu marga hæfa lögfræðinga í réttinn, þó fastir dómarar ættu að vera 5, nema þá ef ég ætlaðist til, að farið væri að velja þá eftir stjórnmálaflokkum. Ég hefi áður getið um það, að ég tel vafalaust, að erfitt yrði að fá hæfa menn í þessi 5 dómaraembætti, auk hinna þriggja prófessorsembætta við lagadeild háskólans, þó vitanlega sé ekki bundið við, úr hvaða stjórnmálaflokki þeir eru. Það þýðir ekki að telja upp, að til séu svona og svona margir skrifstofustjórar og sýslumenn á landinu, sem uppfylli skilyrðin til þess að geta orðið hæstaréttardómarar. Það er ekki víst, að þeir séu hæfir til þess, og það er ekki víst, að þeirra kringumstæður séu þannig, að þeir vilji fara í réttinn. Ég álít, að margir af helztu lögfræðingum okkur kæri sig alls ekkert um það. Mér er t. d. ekki grunlaust um, að hv. 2. þm. Reykv., sem ég tel einna hæfastan okkar lögfræðinga að ýmsu leyti, mundi ekki þiggja það, þó honum væri boðið fast embætti í réttinum.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Hv. þm. Barð. finnst það eðlileg afstaða hjá þeim meðmælendum frv., að þeir eru mjög mótfallnir að breyta atriði í frv., sem þeir þó telja aðeins formsatriði. Ég held, að það sé þá aðeins eftir hans hugsunarhætti eðlileg afstaða. Ég álít, að ef manni finnst eitthvert atriði mikilsvert, þá standi maður fast við sína afstöðu til þess, en ef um atriði er að ræða, sem maður telur lítilvægt eða aðeins formsatriði, þá geti maður fremur sveigt sannfæringuna í áttina til þeirra, sem meiri áherzlu leggja á það, til samkomulags. Hvað hv. meðmælendur frv. halda fast í ákvæðið um niðurlagningu hæstaréttar sýnir því, að þeir telja það talsvert mikilvægt atriði.

Hv. þm. Barð. benti einnig á, að nú væri ekki lengur ástæða til þess að tala um ofsókn í sambandi við þetta frv., því nú væri búið að ákveða, að dómarar hæstaréttar flyttust í hinn nýja dómstól. En ég hefi áður bent á, að með frv. er skapað óheppilegt fordæmi. Það er ekki hægt að neita því, að það verður auðveldara fyrir þingið síðar að ákveða það sama, að leggja æðsta dómstól þjóðarinnar niður, ef hægt er að benda á, að það hafi verið gert nú. Hv. þm. benti á, að þetta hefði verið gert, þegar landsyfirdómurinn var lagður niður. Því var þá þegar skotið fram í af einum hv. þm., að þá var beinlínis um breyt. á dómaskipun landsins að ræða. Og það er fullnægjandi svar. Áður hafði æðsti dómstóll þjóðarinnar verið í öðru landi. Þá var því skapaður alveg nýr dómstóll í landinu, sem hafði allt annað verksvið en landsyfirdómurinn gamli. Dómum landsyfirdómsins var hægt að áfrýja, en dómum hæstaréttar ekki. Hinsvegar var árið 1924 gerð hliðstæð breyt. á hæstarétti við þá, sem nú er um að ræða, þegar dómurunum var fækkað. Og þá datt engum í hug að leggja réttinn niður og taka upp annan með nýju nafni. Var þó raunar um víðtækari breyt. að ræða þá en nú, því þá var dómurunum fækkað úr 5 niður í 3, en nú er gert ráð fyrir, að dómendur verði 5 aðeins í stærri málunum, og er það einskonar millileið.

Hv. þm. talaði um, að ef það væri að lepja eftir öðrum að taka upp í frv. ákvæðin um skyldufélagsskap málaflutningsmanna, þá hefðum við lapið æði margt, og t. d. það að hafa dómstóla yfirleitt væri komið annarsstaðar að. Ég veit ekki, hvort þessi hv. þm. telur það hliðstæð atriði, hvort nokkrir dómstólar eru hafðir í landinu, og hitt, hvort málaflutningsmennirnir eru skyldaðir til þess að hafa með sér félagsskap. Að rugla slíku smáatriði saman við það, hvort yfirleitt á að hafa dómstóla í landinu, það sýnir svo mikinn rugling, að varla er hægt að ræða um slíka rökfærslu. Vitaskuld höfum við ekki fundið upp það þjóðskipulag, sem við búum við. En annað mál er það, hvort við eigum að hlaupa eftir hverju smáatriði, sem við sjáum tekin upp annarsstaðar, og lepja þar eftir.

Hv. þm. Barð. talaði með viðkvæmni um það, að allar brtt., er fram hefðu komið við frv., væru stílaðar gegn núv.

hæstv. dómsmrh. Mér þykir þetta einkennileg fullyrðing að því er snertir mínar brtt. Höfuðbrtt. mínar þrjár eru um það, að hæstiréttur verði ekki lagður niður, nafni réttarins breytt og dómurum fjölgað. Ég get ómögulega séð, að þessar brtt. séu stílaðar gegn einum eða öðrum manni persónulega. Annars fannst mér hv. þm. sneiða sjálfur að hæstv. dómsmrh. í þessum ummælum sínum.

Magnús Guðmundsson: Ég þarf að svara fáeinum atriðum, en mun fara fljótt yfir sögu. Hv. 2. þm. Reykv. talaði eins og ég hefði haldið því fram, að það væri einhver sérstök þrekraun að skera úr því, hvaða mál væru flókin og vandasöm, og hann benti á, að það væri hægt að kynna sér þetta af útdráttum. Það þurfti hann ekki að segja mér. En ég benti á, að það færi nokkuð langur tími í það fyrir aðaldómendurna að lesa útdrættina og mynda sér skoðun á því, hvort málið væri flókið eða vandasamt. Það verður að gerast áður en aukadómendur eru kallaðir til, og þess verður að gæta, að það eru ekki nema 14 dagar frá því að útdrátturinn er lagður fram og til þess að búast má við, að málið verði tekið fyrir. Það var þetta, sem ég átti við. Og aukadómendurna verður að kalla svo snemma til, að þeir hafi nægan tíma til að kynna sér málið áður en málfærslan fer fram.

Hv. þm. sagði, að ég hefði talað mikið um umboðsstörf aukadómaranna. Þetta er misskilningur. Það er hv. 4. þm. Reykv., sem mest hefir talað um þetta. En það er alveg rétt, sem hann hefir haldið fram. Það er hættulegt að láta dómendur gegna umboðsstörfum. Það er eftirtektarvert, að hv. þm. sjálfur segist hafa látið sér detta í hug, út af árásum, sem gerðar voru á hann, að hægt væri að setja sig af. En hann segist ekki hafa látið það hafa áhrif á sig. Ég skal viðurkenna það, að það var engin hætta á því með hann. En það er ekki hægt að treysta öllum svo. Þar við bætist svo það, að ég ímynda mér, að það verði ekki næsta mikill munur á kostnaðinum, þó þessir 2 viðbótardómendur yrðu fastskipaðir.

Þá kem ég að þeim ummælum hv. þm., að kostnaðurinn við aukadómendurna mundi verða lítill, því þeir mundu verða tiltölulega sjaldan kallaðir til, og borgunin til þeirra yrði lág í hvert skipti. Það er ekki með neinni vissu hægt að segja, hversu oft þeir verða kallaðir til. Ég er sannfærður um, að þeir verða kallaðir til hvenær sem nokkur vafi er um, hvort mál sé einfalt eða ekki. Og það er á engan hátt nægilegt í þessu efni, að einn maður fari í gegnum einn árgang af dómasafni hæstaréttar og myndi sér út frá eigin hugmyndum skoðun um það, hversu oft hefði þá þurft að kalla til aukadómendur. Auk þess er sá árgangur, sem hv. þm. fór í gegnum, frá fyrri árum réttarins, meðan hann hafði miklu færri mál til meðferðar en nú er orðið. Borgun til aukadómenda verður líka mun hærri en nú er til varadómenda, því aukadómendur á ekki að kalla til nema í vandasömum málum, og verður því sjálfsagt að borga hærra.

Hv. þm. sagði, að allir dómendur væru skammaðir, hvort sem þeir hefðu umboðsstörfum að gegna eða ekki, það hefði reynslan sýnt. Ég skil ekki oftnefnt ákvæði stjskr. svo, að það veiti dómendum vernd gegn skömmum. En það veitir þeim vernd gegn afsetningu. — Hv. þm. sagði ennfremur, að ég gerði mikið úr, hvað aðaldómarar væru títt forfallaðir. Það hefi ég ekki sagt. En það er auðséð, að það getur oft komið fyrir, og dómsmrh. er auðvelt að láta það oft koma fyrir, að skipa verði varadómara utan háskólans. T. d., ef ráðh. notar heimild sína til að setja Eggert Briem frá nú í sumar þegar hann verður 65 ára, og setur t. d. hv. 2. þm. Reykv. í réttinn. Þá verður ávallt að skipa einn aukadómara; ráðh. getur ávallt ráðið einum manni í réttinum og stundum fleiri, þegar á annað borð aukadómarar eru kvaddir til.

Annars var hv. þm. mér sammála um, að réttara væri að tilnefna einhverja menn, er tækju sæti í réttinum ex officio, þegar einhver dómenda þar forfallaðist.

Hv. frsm. hefi ég litlu að svara. Hann sagði, að frv. væri nú orðið svo breytt frá því að það fyrst kom fram, að það þýddi ekki um það að tala lengur, þótt tilgangurinn hafi í byrjun verið eitthvað gruggaður. En það er ekki ennþá búið að laga frv. svo, að ég sé ánægður með það; það er langt frá því. Ég hefi bent á mörg ákvæði, sem ég er óánægður með, og hann

getur ekki búizt við, að ég greiði frv. atkv. fyrr en það er komið í það horf, sem ég vil hafa það. Ég greiði ekki atkv. þeim ákvæðum, sem ég tel vera hreina óhæfu.

Ég get ekki fundið neinn eðlismun á prófum dómenda og málaflutningsmanna og öðrum prófum yfirleitt. Það er gert að skilyrði fyrir svo fjölda mörgu, að hafa tekið próf. — Mér þætti gaman að vita, á hverju hv. þm. byggir það, að dómendurnir vísi mönnum frekar frá dómaraprófi vegna stjórnmála en málaflutningsmannaprófinu. Ég sé engan mun þar á. Ég held, að það sé jöfn hætta á hvorttveggja.

Ég sé ekki, að brtt. hv. meiri hl. við 8. gr. segi nokkurn skapaðan hlut. Hún segir nákvæmlega það sama sem auglýs. 30. des. 1924, um skipting starfa ráðherra. Ég álít, að í þeirri auglýs. felist og sé fyrirskipað, að veiting þessara dómaraembætta skuli tekin til meðferðar á ráðherrafundi. Þau embætti, sem þar eru talin, eru tiltölulega fá og greinilega ekki nefnd öðruvísi en sem dæmi. Þar stendur svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá skal og á ráðherrafundum taka til meðferðar allar hinar mikilvægari stjórnarathafnir, þar með talin veiting þeirra embætta, er telja má varða landið mikið í heild, svo sem embætti skrifstofustjóra stjórnarráðsins, biskups, landlæknis, aðalpóstmeistara, landssímastjóra og bankastjóranna".

Þetta sýnir það greinilega, að upptalningin er einungis dæmi og er því varla vafi á, að þessi dómaraembætti falla undir auglýsinguna. En ef það er rétt, þá segir till. ekki annað en það, sem stendur í auglýs.

Hv. frsm. klykkti út með því að barma sér yfir því, að allar brtt. miðuðu að því að rýra vald dómsmrh. Þetta er ekki að öllu leyti rétt. Aðfinnslur okkar hafa aðeins gengið út á það að rýra vald hans, að því leyti sem frv. ætlast til, að það sé aukið frá því, sem nú er. Við berjumst á móti auknu valdi dómsmrh. yfir réttinum, móti því að flytja valdið frá dómstólnum sjálfum og yfir til ráðh. eða framkvæmdarvaldsins. Við álítum, að með þessu sé verið að reyna að raska skiptingu valdsins, sem ákveðin er í stjskr. Þetta er ástæðan til andstöðu okkar gegn frv. og er alveg óskylt því, hver er dómsmrh. á hverjum tíma. Hitt er vitaskuld, að sá dómsmrh., sem ber fram slíkar till. sem í frv. felast, hlýtur að verða grunaður um að gera það í þeim tilgangi að vilja auka sitt vald. En einmitt sú till., sem getur litið svo út, að með henni sé verið að rýra vald ráðh. frá því, sem nú er, hún er frá einum af flokksbræðrum núv. dómsmrh., en ekki frá okkur sjálfstæðismönnum.

Héðinn Valdimarsson: Við Alþýðuflokksmenn höfum verið fylgjandi fimmtardómsfrv. frá því að kom fram, því að við höfum viljað gera þær réttarfarsumbætur, sem í því felast. Nú hefir frv. tekið stakkaskiptum í efri deild á þann hátt, að tveir „framsóknar"menn hafa smeygt inn í það því ákvæði að taka af dómsmrh. mál, er eftir eðli sínu heyrir undir ráðuneyti hans. Nú er það kunnugt, að á þennan hátt hefir tvennu verið blandað saman. Annarsvegar er efni frv. og hinsvegar það, hvort Alþingi ber traust til núv. dómsmrh., því það var vitanlegt, að tilgangurinn með þessari breyt. var sá einn að lýsa vantrausti á hæstv. dómsmrh.

Nú horfir mál þetta því öðruvísi við en í byrjun þings, þar sem ekki er annað sýnt en það geti valdið stjórnarskiptum.

Við Alþýðuflokksmenn erum andstæðingar núv. stj. og höfum verið það á undanförnum þingum. Við erum því ávallt fúsir að lýsa vantrausti á hana alla eða einstaka ráðh. En við álítum réttara að gera það hreinlega og koma með beina vantraustsyfirlýsingu heldur en að læða því inn í einstakar gr. í þessu frv. Ég vil því leyfa mér að bera fram rökst. dagskrá frá fulltrúum Alþýðufl. í þessari hv. deild, svo hljóðandi:

„Þar sem vitað er, að tilgangurinn með ákvæðum þeim í fimmtardómsfrumvarpinu, sem nú liggur fyrir, er lúta að veitingu fimmtardómsembætta, er sá einn að lýsa vantrausti á núverandi dómsmálaráðherra, en hreinlegra þykir, að það vantraust komi fram í almennri, greinilegri yfirlýsingu, ályktar deildin að lýsa vantrausti á núverandi dómsmálaráðherra og tekur fyrir næsta mál á dagskrá".

Það er ekki gott að segja, hvernig at-

kvgr. fer um dagskrá þessa. Vér höfum nokkra von um, að sumir „framsóknar"-menn muni líta á hana með velvilja, og þá, ef hún verður samþ., höfum vér von um, að aðrir „framsóknar"menn muni einnig líta með velvilja á væntanlegt vantraust, sem vér munum þá flytja á þá ráðh., sem eftir eru.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 75. fundi í Nd., 14. maí, var fram haldið einni umr. um frv. (A. 608, 668, 686).

Frsm. meiri hl. (Bergur Jónsson): Það er kunnugt, að þegar hin svo kallaða rökst. dagskrá, sem mun nú eiga að koma fyrst til atkv., var borin fram í lok umr. um þetta mál í fyrrakvöld, voru allir, sem tekið höfðu þátt í umr., dauðir, og urðu því engar umr. um till. Umr. um efni málsins er því lokið, en ég mun aðeins gera aths. um þingsköp í sambandi við þessa svo kölluðu rökst. dagskrá. Ég tel æskilegt og vil hér með bera fram þá ósk, að forseti gefi annað hvort úrskurð um það, hvort hún er svo þingleg, að hún geti komið til atkv., eða bæri það undir d. Það mun sumum þm. kunnugt, að árið 1923 var lík till. borin upp í Sþ. af þáv. þm. Árn., Eiríki Einarssyni, en forseti Sþ., Magnús heit. Kristjánsson, neitaði að láta till. koma undir atkv. vegna þess, að hún væri ekki borin fram á formlegan hátt og óviðkomandi því máli, sem þá var til umr. Með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa upp till.: „Með því að Alþingi treystir ekki stjórn þeirri, er nú fer með völd í landinu, telur það ekki gerlegt að fela henni málefni þetta, sem vissulega er ábyrgðarmikið og mikilsvert, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá". — Málið var um strandgæzlu og björgunarskip. En forseti sagði, að þar sem þessi till. væri ekki borin fram á formlegan hátt og væri óviðkomandi málinu, yrði hún ekki borin undir atkv., og þótt þáv. forsrh. (SE) óskaði eftir því, að vantrauststill. kæmi undir atkv., neitaði forseti því algerlega. Ég álít af ýmsum ástæðum ekki þinglega rétt að láta till. eins og þá, sem hér liggur fyrir, koma undir atkv., hvað sem öðrum kann að finnast um það. Í fyrsta lagi er rökstuðningur till. þannig vaxinn, að hann kemur í bága við rétta hugsun. Það kemur í bága við rétta hugsun að staðhæfa, að gr. eða ákvæði í frv. sé vantraust á sérstakan persónulegan ráðh., enda þótt í þeim felist einhver breyt. á verkaskiptingu innan ráðuneytanna. Það er hægt að segja og ætla slíkt og gefa flm. slíkar hvatir, en það er ekki hægt að rökstyðja þinglega till. með slíkum fullyrðingum. Það liggur í augum uppi, að hvort sem það fyrirkomulag, sem gert er ráð fyrir í frv., yrði samþ. eða ekki, þá getur enginn um það sagt, gagnvart hvaða ráðh. eða manni slíkt mundi koma. Það er allt á huldu um slíkt. Í öðru lagi er, eins og ég sagði áðan, fordæmi fyrir því, að forseti Sþ. hafi talið óformlegt og óviðkomandi einstökum málum að bera fram rökst. dagskrá sem vantrauststill. og virðist engin ástæða til að víkja frá því fordæmi. Loks má benda á það, að við atkvgr. um till. geta einstakir þm. orðið í miklum vanda, því vel má hugsa sér, að þm., sem samþ. vill vantraust á hæstv. dómsmrh., vilji ekki hefta framgang fimmtardómsfrv. Sá þm. væri því í raun og veru bæði með og móti till. og hlyti því að óska þess, að till. kæmi ekki til atkv.

Forseti (JörB): Ég vildi beina því til hv. þm., sem kunna að taka til máls, að halda sér einungis við þingsköp, því umr. um málið er lokið.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég vildi aðeins segja það um þingsköpin, að það er náttúrlega forseti, sem ræður því, hvort till. er borin upp, en ef hann skyldi hallast að því að leita álits d., sem ég veit ekki, hvort nauðsynlegt er, þá vildi ég óska þess, að d. leyfði till. að koma fram. Ég álít eins og sá forsrh., sem hér var, þegar hin umgetna vantrauststill. kom, eftir því sem hv. þm. Barð. segir, að rétt sé, að till. komi til atkv., úr því að hún er komin fram.

Héðinn Valdimarsson: Ég vil taka undir það með hæstv. dómsmrh., að sjálfsagt sé, að slík till. sem þessi komi til atkv. Ég álít, að það sé réttur þm. að koma með vantrauststill. á stj. eða ein-

staka meðlimi hennar í hvaða máli sem er hér á landi eins og víðast annarsstaðar, þar sem þingræðið er talið sterkast. Það er réttur forseta aftur á móti, ef hann heldur, að þannig sé ástatt í d., að hlutföllin milli fylgismanna stj. og andstæðinga hennar séu ekki þau, sem þau eru í raun og veru, að fresta atkvgr. eins og forseti gerði í þessu tilfelli. Ég sé enga heila brú í því að varna þm. að bera fram vantraust á hvaða hátt sem er í þeim sérstöku málum, sem fyrir kunna að koma í d. og neyða þá til þess að eyða tíma þingsins í að taka upp vantraustsyfirlýsingu sem sérstakt mál til umr. og atkvgr., þar sem engin þingsköp ákveða að koma með sérstakt form fyrir vantraustsyfirlýsingu, enda munu flestir viðurkenna, að sá forsetaúrskurður, sem hv. þm. Barð. minntist á, hafi ekki verið réttur.

Forseti (JörB): Hin umrædda rökst. dagskrá, sem hér liggur fyrir til atkvgr., hljóðar svo: (Sjá bls. 894).

Hv. þm. Barð. telur hæpið, að slík dagskrártill. sem þessi, með þeim rökstuðningi, sem í henni felst, geti komið til atkvgr. sakir þingskapa og telur jafnvel, að nokkur vafi leiki á, hvort dagskrártill. þessi sé þingleg. Það er þannig ástatt um þál., að venja er að vísu hér á landi, þegar um vantrauststill. er að ræða, að bera hana fram í sérstöku ályktunarformi, og er þá enginn rökstuðningur í þál. sjálfri falinn. Hinsvegar er hann að finna í ræðum þeirra manna, er vantraustið bera fram. Form og rökstuðningur á rökst. dagskrártill. er vitanlega með ýmsu móti og fer eftir því sjónarmiði eða þeim rökum, sem flm. slíkra dagskrártill. telja við eiga. Ég tel, að í þessari rökst. dagskrá felist ekkert, sem ekki er fullkomlega þinglegt eða á nokkurn hátt brýtur í bága við þingsköp. Flm. þessarar rökst. dagskrár dæma um rökstuðning hennar og tilefni frá sínu sjónarmiði. Deildarinnar er hinsvegar að fella úrskurð um það, hvernig hún lítur á málið. Það getur reyndar undir slíkum kringumstæðum sem þessum farið saman, að þm. séu fylgjandi því, að umrætt löggjafarmál eigi fram að ganga og að þeir séu hinsvegar einnig því fylgjandi, að vantraust á hendur stj. eða nokkurn hluta hennar nái fram að ganga. En ef slík rökst. dagskrá, sem eyðir málinu, yrði samþ., þá nær að vísu á því þingi það löggjafaratriði ekki fram að ganga, sem með því móti er fellt. Þá eiga menn um það að velja að greiða atkv. gegn rökst. dagskránni og fella hana til þess að koma löggjafarfrv. eða málefninu, sem um er að ræða, fram. Eftir er þá hin leiðin opin fyrir þá, sem vilja greiða stj. vantraust, að flytja það laust við önnur þingmál. Hv. þm. Barð. vitnaði til rökst. dagskrár líks efnis, sem borin var fram í sambandi við mál á þingi 1923, og forseti þáv. hafði ekki talið það viðeigandi, að hún væri borin upp, og vísaði henni frá. Ég get ekki skilið, að það sé rétt afgreiðsla á slíku máli. Minn úrskurður í þessu efni fellur á þá leið, að þessi rökst. dagskrá komi hér til atkv.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin felld með 16:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EA[1]), GÍ, HG, HV, JJós, JAJ, JÓl, MG, MJ, PO, VJ.

nei: BSt, BÁ, BKr, HStef, HJ, IngB, JónasÞ, LH, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, JörB.

Einn þm. (ÓTh) fjarstaddur.

Brtt. 668,1.a—b felld með 15:7 atkv.

— 668,2 felld með 16:8 atkv.

— 668,3 felld með 15:8 atkv.

— 668,4—7 teknar aftur.

— 686,1 samþ. með 14:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VJ, ÞorlJ, BJ, BSt, BKr, HG, HV, IngB, JónasÞ, LH, StgrS, SvbH, SvÓ, JörB.

nei: ÁÁ, BÁ, EA, GÍ, HStef, HJ, JJós, JAJ, JÓl, MG, MJ, PO.

TrÞ greiddi ekki atkv.

Einn þm. (ÓTh) fjarstaddur.

Brtt. 686,2 samþ. án atkvgr.

1) Með svofelldri grg: Þessi rökst. dagskrá lýtur að 3 atriðum, fyrst dómur um það, hver tilgangur þeirra manna í Ed. hafi verið, sem settu þau ákvæði í fimmtardómsfrv., sem hér um ræðir. Ég er ekki samþykkur þeirri staðhæfingu, að í ákvæðunum felist það vantraust, sem í dagskránni segir. Að þessu leyti er ég dagskránni ósamþykkur. En um hin 2 atriðin, vantraust á dómsmrh. og afgreiðslu frv., verð ég að vera dagskránni samþykkur, og þar sem ég tel það vera aðalatriðin, segi ég já.

Brtt. 668,8—9 teknar aftur.
— 686,3 samþ. með 15:7 atkv.
— 668,10—12 felldar með 15:7 atkv.
— 668,13 samþ. án atkvgr.
— 668,14 felld með 14:8 atkv.
— 668,15—19 teknar aftur.
— 686,4 samþ. með 14:7 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónasÞ, LH, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, VJ, ÞorlJ, BJ, BSt, BÁ, BKr, HStef, HJ, HG, HV, IngB, JörB.

nei: MG, MJ, PO, ÁÁ, EA, GÍ, JJós, JAJ, JÓl.

Einn þm. (ÓTh) fjarstaddur.

Frv. endursent Ed.

Á 76. fundi í Ed., 17. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 738).

Á 78. og 81. fundi í Ed., 19. og 23. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 87. fundi í Ed., 30. maí, var frv. enn tekið til einnar umr. (A. 738, 794).

Jón Jónsson: Þetta frv. hefir tekið nokkrum breyt. í Nd. frá því, sem það var, er það fór héðan úr d., og þó einkum að því er snertir veitingu aðaldómaraembættanna.

Samkv. till. frá mér við 2. umr. málsins hér í d. var svo ákveðið, að veitinguna skyldi taka fyrir á ráðherrafundi og forseti ráðuneytisins síðan gera till. um veitinguna til konungs. Nú hefir Nd. breytt þessu svo, að aðeins er ákveðið, að taka skuli veitinguna til meðferðar á ráðherrafundi áður en till. er gerð um hana til konungs. Tilgangur minn með þessari till. var sá að tryggja það betur en ella væri gert eftir frv., að sem bezt yrði vandað til vals dómaranna. Í gildandi l. um hæstarétt er svo ákveðið, að dómararnir gangi undir prófraun áður en þeir taki sæti í réttinum. Nú hefir meiri hl. þingsins hinsvegar komizt að þeirri niðurstöðu, að rétt sé að fella dómaraprófið niður, og tel ég því rétt, að einhver önnur trygging sé sett fyrir vali dómaranna, og sá ekki aðra heppilegri en þessa, að veiting dómaraembættanna væri gerð samkv. ályktun ráðherrafundar. Það skiptir engu máli í þessu sambandi, hver ráðh. ber veitinguna upp á ráðherrafundi, og get ég að því leyti vel sætt mig við breyt. Nd. á þessari till. minni, en þar sem hinsvegar kom fram í ræðum frsm. allshn. í Nd., að þetta ákvæði væri ekki bindandi, þannig, að því væri fullnægt, þó að veitingin aðeins væri tekin til umr. á ráðherrafundi, en ég hinsvegar legg mikla áherzlu á það, að ráðherrafundur taki ákvörðun um veitingu dómaraembættanna, hefi ég leyft mér að bera fram brtt. við frv., sem fer í þessa átt.

Ég hafði að vísu áður lagt hér til, að frv. gengi í gildi 1. júlí 1932, og gerði ég þetta með það fyrir augum, að rétturinn hefir sumarleyfi um þetta leyti, og hefði hinum nýju dómurum, sem þar tækju sæti, þannig gefizt tími til að búa sig undir starf sitt í réttinum. Nd. hefir nú breytt þessu aftur þannig, að l. ganga í gildi 1. sept í ár, en með því að ég get ekki verið að gera þetta atriði að kappsmáli, hefi ég ekki borið fram neina till. um að færa þetta í fyrra horf, og ber aðeins fram brtt. um það, að veiting dómaraembættanna fari fram samkv. ályktun ráðherrafundar.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Þetta mál hefir þegar verið rætt svo mikið, bæði hér og í Nd., að ekki þarf miklu þar við að bæta, en út af brtt., sem hv. 3. landsk. nú hefir borið fram við frv., verð ég þó að segja nokkur orð.

Frá sjónarmiði þeirra manna, sem mest hafa unnið að þessu máli undanfarið, er aðallega tvennt út á þessa brtt. að setja. Er hið fyrra það, að með því að samþ. brtt. er málið sett í Sþ., og þar sem nú er komið að þinglausnum, er þar með mjög hætt við því, að málið dagi uppi á þessu þingi. Hið annað er það, að eins og reglum er háttað um samþykkt ágreiningsmála milli d. í Sþ., er vitanlegt, að það verður drepið, ef málið á annað borð kemur til kasta Sþ., því að þótt málið að vísu hafi fylgi meiri hl. þings, er Íhaldsflokkurinn svo mannmargur samt, að hann getur ráðið niðurlögum frv., og er öllum vitanlegt, að það er flokksmál í þeim herbúðum að koma þessu máli með einhverju móti fyrir kattarnef.

Að því er innihald þessarar till. snertir.

þá er það að segja, að það er sumpart þess eðlis, að það er óeðlilegt, en sumpart ekki rétt hugsað. Hefir áður verið drepið á það í umr. um þetta mál, að sú nýskipun var gerð á embættaveitingum hér á landi 1924, að þær skyldu teknar til meðferðar á ráðherrafundi, áður en veiting færi fram, en sá ráðh., sem með veitingarvaldið fer í hverju tilfelli hefir þó síðasta orðið um þetta, enda ber hann ábyrgðina á veitingunni. Að Jón heit. Magnússon, sem stóð að því, að þessi nýskipun var gerð, nefndi ekki til dómaraembættin við hæstarétt í þessu sambandi, mun hafa komið til af því, að hann leit svo á, að dómaraprófið veitti hæstarétti í raun og veru úrslitavald um veitinguna, þar væri um nokkurskonar sjálfsveitingu að ræða. Ef þetta frv. hefði verið samþ. óbreytt eins og það var lagt fyrir þingið, hefði því verið réttast að setja reglugerð um það, að veitingar dómaraembættanna í fimmtardómi skyldu teknar til meðferðar á ráðherrafundi, en þar sem ákvæði um þetta hafa nú verið sett inn í frv., eins og það kemur nú frá Nd., er jafntraustlega gengið frá þessu og venja er bæði hér og í nágrannalöndum okkar að ganga frá slíkum hlutum.

Þá er það hitt atriðið, sem lýtur að því, að þessi brtt. er ekki rétt hugsuð. Samkv. lögum ber ráðh. ábyrgð á öllum stjórnarathöfnum sínum, og eins því, sem hann kann að láta ógert, og er það jafnvel ekki síður hættulegt fyrir ráðh. að drýgja vanrækslusyndir en að gera of mikið, en þótt ráðh. sé kallaður til ábyrgðar á því, sem hann gerir eða kann að láta ógert, er ekki þar með sagt, að rétt sé að kalla hann til ábyrgðar fyrir það, sem samstarfsmenn hans eiga sök á, eins og gert yrði, ef þessi till. yrði samþ., því að vel má svo fara, að veitingar dómaraembættanna fari svo, að sá ráðh., sem veitinguna á að framkvæma, verði borinn ráðum af meðráðherrum sínum.

Ég býst svo ekki við, að ég þurfi að tala meira um málið að þessu sinni. Þetta eru rökin fyrir því, að ég og aðrir, sem unnið hafa að því, að aðaldómstóll okkar verði að formi og vinnubrögðum sambærilegur við góða dómstóla hjá okkar frændþjóðum, vilja, að þessi brtt. sé ekki samþ. Hún er til verulegs spillis í sjálfu sér, auk þess sem hún útilokar það, að frv. nái fram að ganga. Það væri því miklu hreinlegra fyrir hv. þm. að taka brtt. til baka og greiða atkv. á móti frv. heldur en að fara þessar krókaleiðir til að fella það.

Jón Jónsson: Það getur verið, að frv. dagi uppi fyrir þessa brtt., en það er ekki hægt að kenna mér einum um það, vegna þess að ég þóttist með brtt. mínum um daginn stilla mjög í hóf. Þá fylgdi ég frv. með þeim breyt., sem settu tryggingu fyrir veitingu embættisins, og á öllum þeim langa tíma, sem liðinn er síðan málið var hér til meðferðar, hefði vel mátt afgr. það. Frv. getur vel gengið fram ennþá, þótt þessi breyt. verði gerð á því. Hæstv. ráðh. sagði, að verið hefðu flokkssamtök á móti frv., en hann veit það, að þótt Sjálfstæðisflokkurinn fylki liði á móti frv., þá þarf það ekki að stranda í Sþ., því að hæstv. dómsmrh. veit, að ef brtt. mín er samþ., þá fylgi ég frv., en það er hæpið, að ég sjái mér það fært, ef brtt. verður felld.

Um dómaraprófið þarf ég ekki mikið að tala. Ég lít svo á, að það sé **trygging** fyrir því, að dóminn skipi ekki aðrir en færir lögfræðingar, en sé engin sjálfsveiting fyrir réttinn.

Það er alveg rétt, að sá möguleiki er hugsanlegur, að sá ráðh., sem ber ábyrgðina á skipun réttarins, verði borinn atkvæðum í því máli, en sá möguleiki er ólíklegur, og til þess verður áreiðanlega ekki gripið nema sérstök nauðsyn og þörf sé á. En ef svo fer, þá stendur ráðh. það alltaf opið að draga sig til baka frá sínum störfum. Hann þarf því ekki í þessu tilfelli frekar en öðrum að gera það, sem hann vill ekki gera.

Hæstv. ráðh. hélt því fram, að þessi brtt. stórspillti frv., ef hún yrði samþ. Ég álít aftur á móti, að hún sé til stórra bóta og veiti mikla tryggingu fyrir því, að vandað sé til þessa réttar, sem skiptir svo geysilega miklu máli fyrir okkur. Ég legg því mikla áherzlu á, að brtt. verði samþ.

Jón Baldvinsson: Við Alþýðuflokksmenn höfum fylgt þessu frv., af því að við höfum álitið, að það væri til bóta.

Hinsvegar hefir það verið svo, að Framsóknarflokkurinn, sem hefir borið þetta frv. fram, virðist nokkuð ósammála um framgang málsins. Hv. 3. landsk. og hæstv. dómsmrh. hafa deilt nokkuð um málið, og nú stendur deilan í raun og veru um það, hvort málið skuli ná fram að ganga eða ekki. Ef þessi brtt. verður felld, þá verður frv. fellt hér í deildinni, því að hv. þm. hefir gefið í skyn, að hann muni greiða atkv. á móti frv., ef brtt. hans nær ekki fram að ganga. Verði till. aftur á móti samþ., þá verður frv. að fara í Sþ., og þá geta Sjálfstæðismenn fellt það þar, því að það er ekki rétt, sem hv. 3. landsk. hélt, að flokkurinn hafi ekki atkvæðamagn til þess. (**JónJ**: Ekki hefir hann haft það). 15 menn geta fellt öll frv. í Sþ. nema fjárlög og fjáraukalög, og á því vil ég vekja athygli hv. þm., ef hann hefir ekki vitað það áður.

Það ber því allt að sama brunni með þetta frv. Það verður sennilega fellt, hvernig sem að er farið. Ég mun þó samkv. minni fyrri afstöðu greiða atkv. móti brtt. hv. 3. landsk. Það er eina hugsanlega leiðin til að bjarga frv., því að eins og ég benti á áðan, þá eru ekki líkur til, að málið komist fram, ef það fer í Sþ.

ATKVGR.

Brtt. 794 samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JakM, JónJ, JónÞ, PM, BSn, GL, HSteins, GÓ.

nei: JBald, JónasJ, MT, PH, EÁrna, IP.

Frv., svo breytt, samþ. með 7:6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MT, PH, EÁrna, IP, JBald, JónJ, GÓ.

nei: PM, BSn, GL, HSteins, JakM, JónÞ.

JónasJ[1]) greiddi ekki atkv.

Frv. afgr. til Sþ.

Á 88. fundi í Ed., 31. maí, og á 88. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt frá Sþ. eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 816).

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

1) Með svofelldri grg.: Með því að frv. hefir nú verið breytt svo, að það er dautt hvort sem er, óska ég ekki eftir að taka þátt í atkvgr.

3. Loftskeytanotkun veiðiskipa.

Á 1. fundi í Nd., 16. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um loftskeytatæki á botnvörpuskipum og um eftirlit með loftskeytanotkun íslenzkra veiðiskipa (stjfrv., A. 16).

Á 7. fundi í Nd., 22. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Mál þetta hefir verið rætt ýtarlega áður í þinginu, bæði hér í þessari deild og eins í Ed., svo að ég sé ekki ástæðu til að fara að rekja efni þess að svo stöddu, en vil leyfa mér að leggja til, að frv. verði vísað til sjútvn. að umr. lokinni.

Magnús Guðmundsson: Það var aðeins fyrirspurn til hæstv. dómsmrh., sem ég vildi bera fram í sambandi við þetta frv. — Svo er mál með vexti, að við endurskoðun landsreikningsins fyrir árið 1930 hefi ég rekið mig á greiðslu vegna eftirlitsmanns með loftskeytum botnvörpuskipa, og vildi ég spyrja hæstv. ráðh., hvort ekki sé rétt, að skipaður hafi verið sérstakur maður í þessu skyni, eins og fylgiskjöl landsreikningsins herma og ég áður sagði. En sé svo, hefir hæstv. ráðh. sýnt þar með í verkinu, að hann telur stj. hafa heimild til að fyrirskipa slíkt eftirlit eftir núgildandi l., og kemur það heim við það, sem bæði ég og aðrir hafa haldið fram í umr. um þetta mál á undanförnum þingum, að stj. hefir næga heimild í núgildandi löggjöf til að fyrirskipa slíkt eftirlit sem frv. stefnir að. — Jafnframt þætti mér gott að heyra, hver árangur hefir orðið af starfi þessa manns, því að það mætti verða nokkur mælikvarði um þörfina á að gera þetta frv. að l. Að öðru leyti mun ég ekki fara út í að ræða þetta mál frekar við þessa umr., en vildi láta þá ósk í ljós um leið og ég lýk máli mínu, að sú n., sem væntanlega fær frv. til meðferðar, leiti sér sem beztra upplýsinga um það, hver árangur hefir orðið að starfi þessa eftirlitsmanns.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Út af fyrirspurn hv. 2. þm. Skagf. vil ég

aðeins taka það fram, að gerðar hafa verið lítilfjörlegar tilraunir um það, hve langt væri hægt að komast í þessu efni eftir þeim leiðum, sem þessi sami hv. þm. hefir mælt með hingað til, og hafa þær tilraunir sýnt það, að tilgangur þessa frv. næst ekki með núgildandi löggjöf.

Magnús Guðmundsson: Út af svari hæstv. ráðh. vil ég aðeins endurnýja beiðni mína til þeirrar n., sem frv. væntanlega lendir hjá, að hún kynni sér sem nákvæmlegast allt það, sem gerzt hefir í þessu máli til þessa, og þá einkum, hvað þessum eftirlitsmanni hefir ágengt orðið í sínu starfi. Ég verð að segja það eins og er, að ég trúi ekki orðum hæstv. dómsmrh. um þetta sem óbrigðulum sannleika fremur en í öðrum efnum, og fæ enda alls ekki skilið, að stj. fái meira ráðstafanavald í hendur með þessu frv. en hún nú þegar hefir að lögum.

Ólafur Thors: Ég er vanur að taka þátt í afmælisfagnaði „ömmu gömlu", sem haldinn er árlega hér á Alþingi. Að þessu sinni mun ég þó láta minna af mörkum í þeim fagnaði en venja mín hefir verið. — Frv. þetta er nú borið fram hér á Alþingi í fimmta sinn, ef ég man rétt, og er það órækur vottur hinnar sívaxandi lítilsvirðingar hæstv. dómsmrh. á Alþingi. Eftir að hæstv. ráðh. tvívegis hafði borið frv. fram hér í þinginu, og það í bæði skiptin lognazt út af vegna þegjandi andúðar og fyrirlitningar flokksbræðra ráðh., skyldi maður hafa haldið, að hann hefði látið sér segjast við það, en þó fór á annan veg, því að ráðh. flutti frv. hið þriðja sinn, og var þá þolinmæði flokksbræðra hans svo ofreynd, að tveir þeirra greiddu atkv. á móti frv., og aðrir tveir létu sig vanta við atkvgr., beinlínis í því skyni, að frv. fengi að sofa áfram, enda varð og sú niðurstaðan. Þá bar hæstv. ráðh. frv. fram í hið fjórða sinn á þinginu 1931, og var „amma gamla" þá drepin með þingrofinu sællar minningar, og nú er hún vakin upp aftur hið fimmta sinn, en það er hugboð mitt, að forlög hennar verði hin sömu enn sem fyrr. (**Dómsmrh.:** Við sjáum nú til). Má og vel vera, að hæstv. dómsmrh. verði vikið úr stj. eins og í fyrra upp úr þingrofinu, og ætla ég þá, að saman fari karl og kýll. — Vegna þess hugboðs míns um forlög frv. sé ég ekki ástæðu til að fara inn á sjálft málið nú. Að því er snertir þessa tilraun hæstv. dómsmrh., sem hefir tekið sérstakan mann á laun í algerðu heimildarleysi til þessa eftirlits, verð ég að segja það, að á henni verður ekkert mark tekið um aðstöðu ráðh. til að gera þær ráðstafanir í þessu efni, sem þurfa má þykja. Sýndi ég greinilega fram á það á þinginu 1931, að stj. hefir næg völd í sínum höndum samkv. núgildandi l. til allra nauðsynlegra ráðstafana, og rakti ég þá lið fyrir lið álit þessa merka lögfræðings, sem hæstv. dómsmrh. vitnar í um nauðsyn þessarar lagasetningar, og sýndi fram á, að allt þetta, sem þessi merki lögfræðingur segir um málið, er helber vitleysa. Í trausti þess, að þm. séu enn minnugir þessara röksemda minna, sem og vegna hugboðs míns um giftuleysi þessa frv., sé ég ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta ómyndarlega vesaldarfrv. að svo stöddu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14:1 atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Nd., 21. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 16, n. 176 og 196).

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Ég mun ekki að þessu sinni fjölyrða um hin einstöku atriði þessa máls. Það hefir nokkrum sinnum áður legið fyrir þessari þingdeild og er því hv. þm. kunnugt frá fyrri tíð. Með frv. er sú spurning lögð fyrir hv. d., hvort hún vilji gera alvarlegar ráðstafanir til þess að afstýra misnotkun loftskeyta í sambandi við brot á landhelgilögunum eða ekki. Það er fyrir löngu vitað, og enda viðurkennt af mótstöðumönnum frv., að slík misnotkun hefir átt sér stað og að það er tiltölulega auðvelt að koma henni við, enda skiljanlega oft mikil freisting til þess fyrir veiðimenn og aðra hlutaðeigendur. Mótstöðu-

menn frv. hafa yfirleitt viðurkennt, að það væri ástæða til að hefta slíka misnotkun skeytanna, en það hefir jafnan farið svo, að n. sú, er haft hefir málið til meðferðar, og hv. d. hafa orðið ósammála um það, hvernig fara ætti að því.

Nú heldur meiri hl. sjútvn. því fram, að með frv. á þskj. 16 og brtt. á þskj. 176 sé gerð líkleg tilraun til þess að afstýra þessari misnotkun loftskeyta. Hinsvegar álítur minni hl. n., að með frv. náist enginn verulegur árangur. En minni hl. hefir ekki bent á nein ráð til þess að afstýra óhæfunni, þótt hann viðurkenni, að ástæða sé til að aftra þessari misnotkun loftskeytanna, ef hægt væri. Hann hefir á undanförnum þingum haldið því fram, og jafnvel lætur skína í það gegnum álit sitt nú, að nauðsynlegar ráðstafanir séu þegar gerðar í því efni með l. nr. 82, 14. nóv. 1917, og reglugerð út af þeim. Um það var mikið rætt á þinginu 1920, hvort lög frá 1917, ásamt reglugerð frá 1918 um notkun loftskeyta væru einhlít til varnar gegn misnotkun loftskeyta í þágu landhelgisbrota eða ekki. Aftur og aftur hefir sú kenning verið flutt hér af andstæðingum þessa máls í hv. d., að nefnd lög væru nægileg stoð fyrir eftirlit með landhelgibrotum og að eftirlitið sé framkvæmanlegt með stuðningi þeirra. Þó er það kunnugt, að þessi lög lúta alls ekki að landhelgivörnum, heldur fara þau í þá átt að skilorðsbinda loftskeytanotkun og setja reglur um meðferð tækjanna, án þess að það aðalatriði, sem frv. fjallar um, komi nokkuð þar til greina. Lögin frá 1917 eru aðallega sett vegna eftirlits um það, að aðrir noti ekki loftskeyti en þeir, er leyfi hafa til þess fengið, og það er almennt vitað, að á þeim tíma var ekki gert ráð fyrir því, að botnvörpungar mundu misnota loftskeyti í þessum efnum, eins og nú er viðurkennt og kunnugt orðið.

Ég tók það fram í upphafi ræðu minnar, að ég mundi ekki fjölyrða um frv. að svo stöddu, þótt aðrir ef til vill finni ástæðu til að gera það. Samt verð ég áður lýkur að minnast á það, að við athugun, sem gerð hefir verið um skeytasendingar þessar, hefir það komið í ljós, að loftskeytanotkun botnvörpunganna hér við land er afarmikil á vissum tímum, þegar þeir eru að veiðum, bæði skeytasendingar milli skipanna innbyrðis og eins milli skipanna og lands, en þar sem þær skeytasendingar fara nær allar fram á dulmálum og lyklarnir að málunum eru ekki þekktir, er ómögulegt að vita, hvort skeyti þessi eru saknæm eða ekki.

Það er að vísu mjög eðlilegt, að skip noti dulmál, af því að þau geta oft þurft að senda skeyti í þeim tilgangi að leiðbeina sínum félagsmönnum og gefa þeim upplýsingar, sem raunverulega eru ætlaðar til notkunar við veiðarnar, og það er alveg eðlilegt, að þeir, sem þannig vilja leiðbeina ákveðnum skipum, noti dulmál og reyni þannig að leynast fyrir keppinautunum. Þess vegna þarf að afhenda lykla að þessum dulmálum, því að það er vitanlega ekki hægt að hafa eftirlit með því, að skeytin séu ekki misnotuð, nema lyklarnir séu afhentir og aðgengilegir fyrir þá, sem eftirlit eiga að hafa. En slíkir dulmálslyklar mundu að sjálfsögðu háðir þagnarheiti gæzlumanna. Í frv. er það tekið fram, auk þeirrar almennu skyldu að afhenda ráðuneytinu lykla dulmála, að á hvert einstakt skeyti skuli vera ritað vottorð, undirritað af sendanda eða útgerðarmanni, að viðlögðum drengskap um það, að ekkert í efni skeytisins sé ætlað til þess að stuðla að því að brjóta lög. En á fyrri þingum hafa andstæðingar frv. haldið því fram, að á slíkum vottorðum væri ekki að byggja, né heldur lyklunum, því að hvorttveggja megi falsa. Ég verð að segja, að þegar slíku er haldið fram, þá finnst mér það vera siðferðisleg þrotabúsyfirlýsing fyrir þjóðarinnar hönd að ætla, að þeir menn, sem gefa vottorð að viðlögðum drengskap, geri það ekki af heilum hug og í því skyni að bera sannleikanum vitni.

Eins og gefur að skilja, er það þetta tvennt í frv., sem getur tryggt það að verulegu marki, að skeytin séu ekki misnotuð. Í fyrsta lagi það, að lyklarnir eru afhentir, og í öðru lagi drengskaparyfirlýsingin.

Ég ætla ekki að fara frekar út í þetta eða tala lengra mál, að öðru leyti en því, að ég vil minna á brtt. meiri hl. á þskj. 176, sem ganga í þá átt að samræma refsiákvæði frv. við gildandi reglur um viðurlög við brotum á landhelgilöggjöfinni.

Ég þykist ekki þurfa að fara ýtarlega út í hverja fyrir sig. Sektarákvæðin í frv. eru óeðlilega há; þess vegna hefir n. flutt brtt. um að færa þau niður. Auk þess eru lítilfjörlegar breytingar málfræðilegs eðlis, og sé ég ekki ástæðu til að fara út í þær frekar, enda munu þær flestum auðskildar. Skal ég svo ekki teygja tímann með lengri ræðu.

Frsm. minni hl. (Jóhann Jósefsson): Það er nú víst í fimmta skipti, sem það er á ferðinni hér, þetta mál, sem hv. frsm. meiri hl. leggur svo mikið upp úr, að eigi að geta komið í veg fyrir landhelgiveiðar, og kveður svo ríkt að orði á þskj. 176, í nál. meiri hl., að frv. sé „sú róttækasta tilraun, sem gerð hafi verið til að koma í veg fyrir misnotkun loftskeyta", og „eina tiltæka ráðið til að koma í veg fyrir ólöglegar landhelgiveiðar".

Minni hl. hefir ekki getað fallizt á þetta þjóðráð, né að með þessu væri verið að afstýra landhelgiveiðum, og það eru fyrir löngu komnar fram ástæðurnar með og móti þessu máli. En vegna þess að hv. frsm. meiri hl. fór nokkuð ýtarlega út í meðmæli sín með þessu mikla „þjóðráði", þá er mér sama, þótt ég tíni fram það helzta, sem af minni hl. hálfu hefir komið fram gegn þessu „þjóðráði" hæstv. stj. og hv. meiri hl. sjútvn. gegn landhelgiveiðum.

Með frv. eins og það nú var lagt fyrir Alþingi er prentuð umsögn einhvers ónafngreinds lögfræðings ríkisstj., sjálfsagt eins af mörgum, sem hún hefir á að skipa til að finna stað þeim lögum og lögleysum, sem hún leggur fyrir þingið, og þessi lögfræðingur kemst að þeirri niðurstöðu, að l. frá 1917 um rekstur loftskeytastöðva á Íslandi og reglugerð sú frá 17. maí 1918, sem sett var samkv. þeim l., nægi ekki til að setja undir þann leka, sem svo mjög virðist bleyta bólið hjá hv. meiri hl. sjútvn. og hæstv. dómsmrh. Og hv. frsm. meiri hl., sem var að tala um það — klifa á þessu sama, að l. frá 1917 væru ónóg, kvað svo ríkt að orði, að stj. hefði eftir l. enga heimild til að skipta sér af loftskeytanotkun. (SvÓ: Það sagði ég ekki) nema þeir einir leyfi, sem með þau mál fara. Ég skrifaði þetta upp hjá mér, og þótt eitthvert orð hafi farið framhjá mér, þá held ég, að ég hafi skilið það rétt, að hv. frsm. meiri hl. hafi verið að halda því fram, að stj. hafi enga heimild haft til að líta eftir þessari notkun loftskeyta. Ég vil nú spyrja hv. frsm. meiri hl., hvort ég hefi ekki skilið þetta rétt? Nú, það þýðir þá ekki. En ef ég má, þá vildi ég spyrja hv. frsm. meiri hl. að annari spurningu til: Eftir hvaða heimild hefir stj. sett þennan njósnarmann, sem hæstv. dómsmrh. játaði hér við 1. umr. að hafa sett til að hlusta á loftskeytaviðskipti togaranna? (SvÓ: Með hvaða heimild hlusta menn í útvarpstæki?). Hæstv. dómsmrh. játaði, að hann hefði sett mann til að hlusta, og ég geri ráð fyrir, að það hafi verið dómsmrh. sem slíkur, en ekki „privat"-maðurinn Jónas Jónsson, sem nú skipar það embætti, sem hefir sett þennan hlustara. Og ég geri ráð fyrir, og það mun þegar vera komið í ljós, að landssjóður hafi eitthvað þurft að borga fyrir þetta. A. m. k. er það upplýst, að það hafa verið keypt sérstök tæki í þessu skyni. Mér finnst það því skjóta nokkuð skökku við, þegar hv. frsm. meiri hl. vill ekki láta hæstv. stj. hafa neina heimild til að skipta sér af misnotkun loftskeyta, þegar það er komið í ljós, að hæstv. stj. hefir sjálf talið sig hafa þessa heimild.

Svo sagði hv. frsm. meiri hl., að þessi athugun hefði leitt það í ljós, að það væru stundum mikil brögð að því, að skeyti væru send, en stundum minni. Þetta er ákaflega sennilegt, og ég býst við, að flestir muni skilja það, að það séu stundum meiri brögð og stundum minni að skeytasendingum; það er trúlegt, að það sé ekki alltaf jafnmikil þörf á skeytasendingum milli skipa eða milli lands og skipa.

Annars er það víst rétt hjá hv. frsm., að það hefir enginn árangur orðið af þessari njósnarstarfsemi hæstv. dómsmrh. Hann kennir því um, að stj. hafi ekki svokallaða lykla að þessum dulmálum. Það getur vel verið, að hæstv. stj. hefði gaman af að fá marga breytilega lykla í hendur, en ég býst við, að hún yrði jafnnær fyrir því, því að af þeirra manna hálfu, sem það vildu, væri víst auðvelt að fara kringum hana.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að því hefði

undanfarið verið haldið fram af andstæðingum þessa frv., að það væri ekki farið ráðvandlega með þessi æru- og samvizkuvottorð, og talaði um siðferðislega þrotabúsyfirlýsingu frá okkur, sem gerum ráð fyrir, að það geti orðið nokkuð hvikult með þessi vottorð. Ef hv. frsm. heldur, að menn brjóti ekki þetta drengskaparvottorð, þá finnst mér, að hann ætti ekki að vera eins tortryggur í garð manna um það, að þeir misnoti loftskeyti. Af hálfu minni hl. hefir því aldrei verið haldið fram, að það geti ekki verið, að einhverjir misnoti loftskeyti, án þess að það sé þó sannað, jafnvel hlustari hæstv. stj. hefir ekkert getað sannað í því efni. Samt sem áður vil ég ekki halda því fram, að þetta geti ekki átt sér stað. En hinu neita ég afdráttarlaust, og byggi það á viðtali við formann Fél. íslenzkra loftskeytamanna, að loftskeytin séu notuð mestmegnis til að skaða landhelgigæzluna.

Það kom fram margt fróðlegt í ræðu hv. frsm. meiri hl. T. d. heyri ég, að hann hefir nú fengið augun opin fyrir einni helztu notkun loftskeyta, sem hann hefir aldrei þekkt fyrr, sem sé þeirri, að togarar hafa með sér skeytafélag til að koma fregnum um aflahætti hver til annars innan ákveðins flokks veiðiskipa. Þeir bentu á, form. F. Í. L. og starfsbróðir hans, sem eftir beiðni komu á fund sjútvn., hvílík feikna vinna væri lögð á alla loftskeytamenn á togurum með ákvæðum þeim, sem í frv. felast, ef það kæmi til framkvæmda. Og eftir það tal, sem sjútvn. átti við þá, sendu þeir henni skriflega umsögn, sem prentuð er með nál. minni hl., þar sem þeir benda á ágalla þessarar fyrirhuguðu löggjafar. Þeir segja sem satt er um 1. gr. frv., þar sem lögboðið er, að öll botnvörpuskip skuli hafa fullkomin loftskeytatæki, að slíkt ákvæði ætti að felast í löggjöf um öryggi á sjó, en að þetta væri ekki ákveðið sérstaklega fyrir veiðiskip. Ég veit til, að þetta er lögboðið í löggjöf annara þjóða, en þar eru þessi ákvæði miðuð við stærð og verkefni skipsins, og er þannig t. d. sumstaðar frekari skylda fyrir skip, sem flytja farþega, að hafa loftskeyti en fyrir önnur skip. Annars er það satt að segja ákaflega hjákátlegt að vera að lögbjóða, að allir togarar skuli hafa loftskeytatæki, þegar það er vitað, að hver einn og einasti togari hefir nú þegar þessi tæki.

Ennfremur segir svo í bréfi form. F. Í. L., með leyfi hæstv. forseta:

„Nú er það svo, að fjöldi íslenzkra botnvörpuskipa hefir oft, og sum að staðaldri, viðskipti við erlenda botnvörpunga og nota til þess dulmál. Samkv. 3. gr. frv. virðist ekki skylda bera til að afhenda þessa dulmálslykla. Einnig hafa margir erlendir botnvörpungar umboðsmenn hér á landi og viðskipti við þá á dulmáli. Verður ekki séð, að umboðsmenn þessir séu skyldugir að afhenda dulmálslyklana, þar sem greinilega er tekið fram í fyrirsögn frv.: „og eftirlit með loftskeytanotkun íslenzkra veiðiskipa“, en erlend skip ekki nefnd eða umboðsmenn þeirra. Virðist oss hér opin leið fyrir hverskonar upplýsingar til íslenzkra skipa, er fara þyrftu á bak við eftirlitið með misnotkun eða notkun loftskeyta.

Það skal tekið fram, að nú sem stendur, og hefir það gilt frá því fyrst var farið að starfrækja loftskeytastöðvar, hafa íslenzkar skipastöðvar notað sérstök eyðublöð frá Landssíma Íslands fyrir öll viðskipti við strandastöðvar, og yfirleitt fyrir öll þau viðskipti, sem gjaldskyld eru“.

Þá benti form. F. Í. L. á, að með ákvæðinu um, að á hverju símskeyti, sem lagt er inn á landssímann til íslenzkra veiðiskipa, skuli vera undirritað drengskaparvottorð sendanda, sé útilokað að nota bæjarsíma til að senda þessi skeyti, og að þá sé ennfremur svo komið, að loftskeytastöðin hætti að taka á móti skeytum í síma, en það hefir hún hingað til gert til mikilla þæginda fyrir alla hlutaðeigendur. En hér eftir, ef þetta frv. verður samþ., verður sú breyting á þessu, að öll skeyti til skipa verða að leggjast inn til landssímans, en það þýðir sama og það, að það er ekki hægt að senda þessi skeyti eftir að landssímanum hefir verið lokað, sem ég held, að sé kl. 9 að kvöldi. Ég gæti vel trúað því, að það gæti oft komið sér illa fyrir þá, sem þurfa að skipta skeytum við skip sín, að geta það ekki eftir lokun landssímastöðva. En núna, og svo hefir það verið hingað til, getur sá, sem óskar að senda skeyti til

skipa, sett sig í samband við loftskeytastöðina, lesið fyrir henni skeytið, sem þar er skrifað niður og sent áfram, ef sendandi á annað borð er skilamaður, sem trúað er fyrir að borga skeytið.

Íslenzkir loftskeytamenn benda líka á, að til þess að forðast allt þetta „skriveri", sem verður æðiþunglamalegt í framkvæmdinni og tafsamt fyrir afgreiðsluna — og ég vil vekja athygli hv. frsm. meiri hl. á því —, þá megi, ef byggt er svo mikið á drengskaparvottorði á annað borð, láta hlutaðeigendur skrifa undir drengskaparvottorð í eitt skipti fyrir öll, m. ö. o. láta þá gefa drengskaparvottorð í eitt skipti fyrir öll, í stað þess að gera það 3—4 sinnum á dag. Þetta er ákaflega vel athugandi. Og sérstaklega ætti hv. frsm. meiri hl., sem leggur svo mikið upp úr þessum drengskaparvottorðum, að aðhyllast þetta. Mér hefir skilizt, að það væri ekki verið að bera þetta frv. fram til þess að gera útgerðarmönnum erfiðara fyrir, heldur til að girða fyrir landhelgiveiðar. Og ef hv. frsm. meiri hl. heldur, að þessi lögkúgaða yfirlýsing hafi nokkurt gildi, þá er það ekki einu sinni nægilegt að láta hlutaðeigendur gefa þessa yfirlýsingu einu sinni fyrir allt, um að þeir skuli ekki misnota loftskeytin, heldur ætti þá bara að láta skipstjórana gefa yfirlýsingu um það í eitt skipti fyrir öll, að þeir skuli bara aldrei veiða í landhelgi. Og þá er óþarft að samþ. þetta frv. frá sjónarmiði hv. frsm. meiri hl., og varðskipin ættum við þá að geta sparað líka.

Þetta er rökrétt afleiðing af því, sem hv. meiri hl. heldur fram um mikilvægi þessara drengskaparvottorða, því að hann segir á einum stað í nál. sínu, að þessi löggjöf sé „eina tiltæka ráðið til að draga úr landhelgibrotum og verja til nokkurrar hlítar landhelgisvæðið". Og sjálfur hefir hv. frsm. meiri hl. játað, að aðalþráðurinn í uppistöðu þessa eftirlitsvefs sé drengskaparloforðið. Þegar hann því heldur því fram, að þetta sé eina ráðið, sem dugi, og eini máttarviðurinn í þessu frv., þá er það rökrétt ályktun, ef þetta er rétt, að þá er bezt að binda varðskipin við garðinn og láta svo þetta frv. sofna svefninum langa, ef bara allir skipstjórar skrifi undir drengskaparvottorð um að veiða ekki í landhelgi! Úr því að hv. frsm. meiri hl. leggur svona mikið upp úr þessu drengskaparvottorði, þá virðist þetta frv. vera alveg óþarft. Minni hl. hefir aftur á móti bent á, að það sé alls ekki einhlítt ráð að samþ. þetta frv. gegn landhelgiveiðum, og sérstaklega ekki gagnvart þeim, sem hafa hug á að beita sér í því að misnota loftskeyti til landhelgiveiða, því að þeir geta alla vega farið í kringum það, svo það kemur ekki að nokkrum notum.

Ég skoða það satt að segja svo, að þetta mál séu upplagðir keipar úr hæstv. dómsmrh. um að knýja fram þessa löggjöf, sem er hégómi frá upphafi til enda. En það er annað, sem er varhugavert í þessu máli, þegar menn taka eins djúpt í árinni og gert er í nál. meiri hl., þar sem sagt er, að þetta sé „eina tiltæka ráðið til að verja landhelgisvæðið". Þá mætti segja, að löggjafinn, ef hann samþ. þetta frv., geri ráð fyrir — eða a. m. k. þeir menn, sem líta svo á, að þetta sé svo einfalt mál, að þeir halda, að þetta frv. geri þetta mikla gagn, sem þeir halda fram, að það geri —, að öll landhelgigæzla sé óþörf og að stj. þá byggi á þessum lagastaf og verði ennþá sljórri framvegis en nú um landhelgigæzluna. Því að það er vitað, að landhelgigæzlunni hefir stórhrakað hin síðari árin og er komin í hið mesta niðurlægingarástand undir stjórn hæstv. núv. dómsmrh. og orðin svo léleg, að það hlýtur að vera barnaleikur einn fyrir innlenda og útlenda togara að fara í landhelgina eftir vild. Það er sjaldan úti nema 1 af íslenzku varðskipunum eða þá ekkert, og um dönsku skipin vita allir, hvaða gagn er af þeim.

Umr. frestað.

Á 36. fundi í Nd., 23. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Nd., 30. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Jóhann Jósefsson) [frh.]: Það er nú liðið langt síðan ég tók hér til máls um þetta mál. Var víst frestað fundi, þegar ég var í þann veginn að ljúka við nokkrar aths., og átti ég tals-

vert eftir. Ég hafði bent á hið athugaverða við þessi æru- og samvizkuvottorð, að ætla að hafa þau fyrir daglegt brauð við sendingu hversdagsskeyta, en á því virðist hv. frsm. meiri hl. byggja, að nokkurt gagn ætti að geta orðið að frv.

Það hefir oft sýnt sig, að þrálát notkun á æru- og samvizkuvottorðum, þegar um smáatriði er að ræða, sljóvgar menn fyrir þýðingu þessara vottorða. Þess vegna á löggjöfin að forðast það að gefa tilefni til þessarar misnotkunar. Ég man eftir því, hve margsháttar skuldbindingar skipstjórar þeir, sem sigldu hingað í ófriðnum mikla, urðu að undirskrifa hjá ófriðarþjóðunum. Kváðust margir hafa það fyrir reglu að undirskrifa hvað, sem væri, því að þetta var vitanlega framþvingað og engin önnur leið fær, ef þeir vildu fá að halda áfram ferð sinni. Mér virtist þeir verða sljóir, þegar fram í sótti, og fannst mér þeir ekki leggja alvöru í það, hvað þetta þýddi. Virðist mér líkt geta farið, ef fara á að heimta af mönnum þetta vottorð í hvert skipti, sem togara er sent skeyti.

Í 4. gr. frv. eru fyrirmæli um það að skylda loftskeytamenn til að bókfæra allar skeytasendingar. Eiga að vera á hverri landssímastöð og hverju veiðiskipi sérstök eyðublöð, þar sem rita skal á öll skeyti með nákvæmri dagsetningu, stund og töluröð. Svo segir í frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Ennfremur skal loftskeytamönnum við loftskeytastöðvar í landi, sem til þess eru kvaddir, skylt að bókfæra, eftir því sem frekast er fært, öll loftskeytaskipti milli veiðiskipa innbyrðis og skeytaskipti þeirra við land".

Félag íslenzkra loftskeytamanna hefir bent á, hvílík óþarfavinna væri lögð á loftskeytamenn með öllum þessum bókfærslum. En látum það nú vera. Hitt er varhugaverðara, að skylda loftskeytastöðvar og varðskip til þess að hlusta eftir öllu því skeytaskvaldri, sem fer milli veiðiskipa. Starfsmenn loftskeytastöðvanna hafa nauðsynlegri verk að vinna en að hlusta eftir því.

Félag íslenzkra loftskeytamanna varar við því að skerða að nokkru leyti vörð loftskeytastöðvarinnar í Reykjavík, sem haldinn er á 600 metra bylgju. En ef sama manni væri falið að hlusta eftir skeytum þeim, er fara milli veiðiskipa, og að halda vörð á hinni alþjóðlegu forstöðvabylgju, þá yrði hann að vanrækja annaðhvort, jafnvel þótt hann hefði 2 móttakara. Þetta segja fagmenn um þetta mál.

Félag íslenzkra loftskeytamanna lagði til í skrifi sínu til sjútvn., að loftskeytastöð Reykjavíkur yrði losuð við öll önnur skeytaviðskipti en þau, sem fram fara á hinni alþjóðlegu bylgjulengd.

Þá er og varðskipum ætlað að hlusta á sömu bylgjulengd og loftskeytastöðvum. En frv. leggur þeim ekki einasta á herðar að hlusta, heldur líka að bókfæra það, sem þau heyra. Þau verða því að njósna um það, sem fram fer milli togara, og er það heldur óhugðnæmt starf, þar sem þau skeyti eru flest um veiðiskap og afla.

Félag ísl. loftskeytamanna álítur, að á 10 mánaða bili séu send um 850 þús. skeyti þannig milli skipa og milli lands og skipa. Fá þeir því nóg að gera, sem eiga að bókfæra þetta allt. Svo á að senda þessi skeyti til dómsmrh., og ætti það að verða ærið efni að vinna úr. Er ekki ólíklegt, að hæstv. dómsmrh. geti hér búið til nokkrar nýjar stöður, til þess að vinna úr þessu og þýða lyklana. — Sé ég af frv., að sjútvn. á að hafa hér hlutdeild í. Hélt ég þó, að henni bærist nóg af skjölum á hverju þingi, þótt hún fengi ekki þessar skýrslur líka, sem engir menn botna í nema fagmenn.

Hv. frsm. meiri hl. lagði áherzlu á það, að frv. byggðist aðallega á drengskaparloforðinu. En í frv. er vel séð fyrir því, að þótt þetta drengskaparvottorð sé skrifað, þá er vel hægt að fara í kringum það án þess að svíkja loforð sín. Ákvæðið nær sem sé ekki til annara veiðiskipa en íslenzkra. Útlend veiðiskip hafa flest loftskeytatæki og mega hafa viðskipti við loftskeytastöðvar hér og íslenzk skip. Hver, sem vill hafa sig til slíks, getur því komið skeytum til íslenzkra skipa gegnum útlenda kunningja sína á sjónum. Hér er ein glufa opin, en þó eru fleiri leiðir til þess að fara kringum ákvæðið, þótt þessi sé auðveldust.

Hæstv. dómsmrh. lýsti yfir því við 1. umr., og hv. frsm. meiri hl. drap einnig

á það, að hér hefði undanfarið starfað hlustari, sem dómsmrh. hefði sent út til þess að njósna um skeytasendingar milli veiðiskipa, og að við þetta hefði komið í ljós, að misjafnlega mikið væri sent af skeytum á ýmsum tímabilum. Þetta er þá allur árangurinn af starfi þessa manns, að leitt hefir verið í ljós, að ekki eru send jafnmörg skeyti á hverjum klukkutíma árið um kring.

Ég spurði eftir því í dómsmrn., hver þessi maður væri og hvar hann væri að finna, en enginn vissi þar um hann. Hefi ég einnig spurt formann sjútvn., sem er frsm. meiri hl., því að það er fróðlegt fyrir okkur, sem um þessi mál eigum að fjalla, að geta séð skýrslur þessa manns og náð tali af honum, en hv. frsm. vissi ekki, hvar þessa nýju tegund af þefara stj. væri að finna. Verður hann ef til vill framvegis í myrkrum hulinn og getur haldið áfram að leiða það í ljós, að misjafnlega mörg skeyti séu send á ýmsum tímum!

Þá vil ég minna á það, að þótt það sé venja hér á landi að nota aðeins Morsekerfið á skipum, þá hafa samt margir útlendir togarar bæði Morse- og taltæki og standa í beinu sambandi við loftskeytastöðvar í landi. Gerum ráð fyrir því, að það kunni að sækja í það horf hér á landi líka, að taltæki fari að tíðkast. Veit ég ekki, hvort löggjöfin myndi þá taka upp á því að banna íslenzkum togurum að hafa slík tæki, eða hvernig ætti að fullnægja kröfum frv.

Annars held ég, að þessi löggjöf verði lítill liður í landhelgigæzlunni. Hefi ég bent á helztu ágalla frv. og umsögn þeirra einu fagmanna, sem hér koma til greina, sem sé loftskeytamanna sjálfra.

Mér finnst rétt að fara með niðurlagsorðin í bréfi frá Félagi ísl. loftskeytamanna, þar sem þeir láta í ljós álit sitt, án þess þó að gera annað en benda á hina teknisku galla frv. Það hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Vér höfum ekki annað eða fleira að benda á eða segja álit okkar um að svo stöddu, nema ef það væri það, að vér álítum, að svo framarlega sem menn á annað borð vilja láta hafa sig til þess að nota loftskeytatækin til ólöglegra veiða, mun hinu strangasta eftirliti með því veitast það erfitt, svo að ekki sé sagt ómögulegt, að fyrirbyggja það; svo margvíslega má fara í kringum allt eftirlit. Nánar verður ekki farið út í það atriði, enda loftskeytamönnunum óviðkomandi".

Þetta kemur heim við það, sem við, sem ekki erum fagmenn, höfum bent á. Er óþarfi að benda á fleiri leiðir færar til þess að gera þennan lagabókstaf þýðingarlausan. Býst ég við, að bak við fullyrðingar hæstv. ráðh. og frsm. meiri hl. liggi skýr meðvitund um það, að hér sé verið að lögleiða mál, sem í rauninni er ekki annað en hégómamál, en er orðið að þrálætisstagli dómsmrh. og hann skipar flokksmönnum sínum að fylgja.

Þá vil ég minnast á ákvæði 6 gr., þar sem segir, að ef sterkar líkur bendi til, að útgerðarstjóri eða skipstjóri hafi notað loftskeyti til að fremja landhelgibrot, þá skuli dómsmrh. heimilt að svipta þá rétti til loftskeytaskipta við land og önnur veiðiskip nema undir eftirliti. Ég held, að það muni vera einstakt í lögum, að láta nægja sterkar líkur um afbrot til þess að yfirvöldin geti, án annara lagaákvæða eða undangengins dóms, komið fram slíkri hegningu. Þetta er ein tegund hegningar og setur blett á þann, sem fyrir verður, því að honum er komið í það álit, að honum sé ekki trúandi til að hafa þetta starf á hendi án strangs eftirlits, enda þótt hann kunni að vera alsaklaus. Í frv. stendur ekkert um það, hver eigi að hafa úrskurðarvaldið. Líklega dómsmrh.

Ég minntist áðan á mann þann, sem hæstv. dómsmrh. hafði falið að hlusta á skeytasendingar milli skipa. Gæti líka verið, að hann ætti að ákveða, hver sekur væri. Gæti þetta farið eftir skýrslu hans og geðþótta dómsmrh. Þarna væri þá dómsmrh. gerður að ákæranda, metanda sakarinnar og ákveðanda hegningarinnar samkv. 6. gr.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að athuganir hlustarans hefðu leitt eitthvað í ljós, sem honum virtist eitthvað byggjandi á, en það var það, að ekki væru alltaf send jafnmörg skeyti á sama tíma. Þegar svo við bætist, að hv. frsm. meiri hl. virðist byggja misnotkun loftskeytanna á því, að „vissa tíma", eins og hann orðaði það, sé mikið um skeytasendingar til veiðiskipanna, en aftur aðra tíma lítið, þá sjá

allir, hvaða rök eru notuð í þessu máli. Því að á skeytafjöldanum einum verður vitanlega ekkert hægt að byggja um það, hvort útgerðarfélögin muni mikið sek eða lítið um misnotkun í þessu efni. En á hitt má benda, að hér er opin leið fyrir óhlutvanda menn að beita misrétti, og þegar þess er gætt, að framkvæmd þessi er lögð á vald hæstv. dómsmrh., þá er ekki nema von til, að sá grunur geri vart við sig þegar í upphafi, að úrskurðir hans kunni að blandast hlutdrægni, þegar um þá menn er að ræða, sem einhverra hluta vegna hafa fallið í ónáð þessa manns. Því það er nú svo um þennan ráðh., að menn eru misvel séðir hjá honum, útgerðarmenn ekki síður en aðrir. Og eftir að hafa hlustað á ýmislegt, sem komið hefir frá honum í ræðum hér á hinu háa Alþingi um einstaka menn og útgerðarfélög, eins og t. d. þegar hann var að tala um, að það væri ekki nema mátulegt að senda kúlu í gegnum belginn á sumum togurunum íslenzku, þá finust mér ekki loku fyrir það skotið, að taldar kunni að verða sterkar líkur um misnotkun loftskeyta hjá einum, en síður hjá öðrum, allt eftir því, hvernig hæstv. dómsmrh. þóknast að líta á í hvert sinn og hverjir hlut eiga að máli. Þess vegna er varhugavert að leggja þetta á vald þess manns, sem sýnt hefir sig beran í því öllum mönnum fremur að bera kala til útgerðarmanna, svo að ekki sé meira sagt. Það mætti líka benda á, að af því að hæstv. dómsmrh. er kunnari að því en frá þurfi að segja að beita hlutdrægni, er andstæðingar hans eiga í hlut, þá gæti maður búizt við, að í þessu efni láti hann ekkert tækifæri ónotað til að ná sér niðri á þeim, er hann telur sér óvinveitta. Ég gæti nefnt dæmi, er sanna, að hæstv. dómsmrh. hefir gert sig beran að því að beita hlutdrægni, er andstæðingar áttu í hlut, og ég skal nefna slík dæmi, ef einhver í hv. d. vefengir orð mín.

Ég býst þá við, að ég sé búinn að benda á aðalgalla frv. þessa. Ég hefi sýnt fram á og fært rök fyrir, að slík löggjöf sem þessi kemur að engu gagni, og þó er það miklu betur rökstutt í bréfi loftskeytamannanna. Frv. gerir greinilega upp á milli íslenzkra og útlendra veiðiskipa, svo að íslenzku skipin eru sett skör lægra en þau erlendu. Ennfremur er stefnt að því að eyðileggja virðingu fyrir drengskaparheiti manna, og er það illa farið. Með ákvæði 6. gr. er opin leið til að beita hlutdrægni til ofsóknar á einstaka menn. Það þarf ekki annað en að „hlustarinn“ bendi á einhvern útgerðarmann og segi: „Þarna er maður, sem „sterkar líkur“ benda til, að þurfi að athuga“, — og þá vill hv. 1. þm. S.-M. og meiri hl. sjútvn. leggja á vald hæstv. dómsmrh. að setja útgerðarstjóra og skipstjóra undir strangasta eftirlit. En með þessu getur fallið blettur á alsaklausa menn, þegar engir fjalla um þessi mál aðrir en „hlustari“ og ráðh.

Annars sýnir fátt betur, hvað mál þetta er nauðaómerkilegt, en það, að þingsalurinn tæmist, þegar farið er að ræða um það. En það aftrar mér ekki frá að gagnrýna málið og benda á galla þess, svo að Alþt. sýni, hvernig tekið hefir verið á þessu frv., sem hæstv. dómsmrh. í trássi við suma flokksmenn sína hefir verið að burðast með ár eftir ár.

Hæstv. ráðh. tollir ekki í sæti sínu á meðan verið er að ræða um þetta andlega fóstur hans, heldur er hann á einlægu flakki fram og aftur, og þarf engan að furða á þessu, sem veit, að árangurinn af afskiptum ráðh. af landhelgigæzlunni er sá, að svo má heita, að hann hafi eyðilagt hana með öllu. Hann tók við landhelgigæzlunni í miklum blóma, og þá var áhugi allra að bæta hana sem bezt og koma henni í það horf, sem hún er hjá öllum siðuðum þjóðum. En sjón er sögu ríkari, í hvaða óefni er komið. Nú er hringlað með varðskipin til og frá, og í fleiri daga og vikur liggja þau bundin við hafnargarðinn. Stundum er þeim haldið föstum við bjargun á strönduðum skipum. T. d. er auglýst í dagblöðunum, að þennan dag fari þetta og þetta varðskip til þess að reyna að ná út skipsflaki á ákveðnum stað. Áður hefir verið bent á, að einu varðskipinu hefir verið haldið úti á fiskiveiðum tímum saman, fyrir nú utan hin mörgu ferðalög, snattferðirnar svonefndu, sem varðskipin hafa verið notuð til, í því skyni að fullnægja hinni miklu ferðalöngun og skemmtanafýsn hæstv. dómsmrh. og gæðinga stj. Með þessu hefir allt verið gert til þess að

veikja landhelgigæzluna. öll afskipti hæstv. dómsmrh. hafa til þess eins orðið að gera gæzluna sem lítilfjörlegasta og landsmenn henni fráhverfa. Og svo bætist við, sem vitað er og borizt hefir til þingsins um rekstur varðskipanna, að þar gengur allt á tréfótum að því er mannahaldið snertir. Skipverjar eru reknir af sumum skipunum í hópatali, aðrir reknir fyrir það að vilja ekki fara á önnur skip. Daglega ganga yfirmennirnir í land vegna ósamkomulags, sumir reknir, en hafa þó full laun, og aðrir teknir í þeirra stað. Og alveg nýlega hefir verið bent á fataleysi háseta í blaði hér í höfuðstaðnum og færð rök fyrir því, hvað mikla þýðingu það hafi út á við, bæði fyrir land og þjóð, að hásetar varðskipanna séu sómasamlega vel til fara. Skipshafnir útlendu varðskipanna, sem hér eru, hafa horft á þá niðurlægingu, sem landhelgigæzla okkar er komin í fyrir miður heppileg áhrif hæstv. dómsmrh. Og ráðið, sem hæstv. ráðh. hefir fundið upp til þess að bæta úr þessu ástandi, er frv. þetta, sem hann ber fram og hv. 1. þm. S.-M. segir um, að sé eina tiltækilega ráðið til þess að efla landhelgigæzluna, eða svo að ég hafi það orðrétt upp eins og það stendur í nál. meiri hl. á þskj. 176: Þetta sé „eina tiltækilega ráðið til að draga úr landhelgibrotum og verja til nokkurrar hlítar landhelgisvæðið". Það þarf mikla djörfung til að halda slíkri fjarstæðu fram í alvöru. Nei, strandvarnirnar eru það eina, sem á er að byggja í þessu efni, að varðskipunum sé haldið áfram við gæzluna, eins og áður var, í stað þess að koma ekki nálægt henni dögum saman.

Ég ætla, að ég þurfi þá ekki að eyða frekari orðum að því í þetta sinn, hve fáránlegar þær ráðstafanir eru, sem frv. fer fram á, að gerðar verði til þess að bæta landhelgigæzluna. Og fari svo, að frv. verði lögtekið, mun brátt koma í ljós, að á slíkri löggjöf sem þessari verður ekkert að byggja og gæzlan í sama öngþveiti og hún er nú. En þegar greindir menn, eins og hv. 1. þm. S.-M., segja, að hér sé „eina tiltækilega ráðið til að draga úr landhelgibrotum", þá gæti samþykkt þessa frv. orðið til þess að draga úr áhuga þjóðarinnar fyrir landhelgigæzlu og orðið á þann hátt valdandi þess að eyðileggja það litla, sem enn er ekki eyðilagt í þessu efni undir stjórn hæstv. dómsmrh.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég hefi ekki haft aðstöðu til að hlusta á alla ræðu hv. þm. Vestm., enda mun þess ekki hafa verið þörf, því að það, sem ég heyrði af henni, var það sama sem hann og aðrir óvinir landhelgigæzlunnar hafa áður sagt oft og mörgum sinnum, bæði utan þings og innan. Þess vegna ætla ég ekki að halda eins langa ræðu og hv. þm. Vestm. En ég ætla að draga saman nokkur atriði í þessu frv. til þess að gera þeim gleggra fyrir, er hugsa með eigingjarnri óvild um allt, sem gert hefir verið til þess að ljósta upp um landhelgibrjótana.

Hv. þm. er það kunnugt, og getur heldur ekki neitað því, að síðan hans flokkur hætti að stjórna þessum málum og öðrum, hefir landhelgigæzlan stórum batnað. Það þarf ekki annað en að benda á Óðin, sem á fyrsta ári sínu tók 30 togara. Nú er þetta sama skip við strandgæzlu með sama útbúnaði og áður og sömu mönnum, og þó tekur það ekki nema fáa togara á ári í landhelgi. Þetta er ekki af því, að vörnin sé lakari en áður, og heldur ekki stendur það í sambandi við aukinn skipakost, heldur er annað, sem liggur hér á bak við. Það, að Óðinn tók svo marga togara á sínu fyrsta ári, en nú fáa, stafar af því einu, að landhelgigæzlan hefir verið betur rækt hin síðari ár en áður, eftirlitið strangara, og þess vegna hefir landhelgibrotum fækkað. Við getum líka tekið Ægi í þessu sambandi. Hann tók tölulvert fleiri togara fyrsta árið en hann hefir gert nú síðari árin. Þetta er staðreynd, sem sýnir, að landhelgigæzlan hefir batnað við það, að íhaldið hætti að stjórna þessum málum. Og þetta kemur af því, að sú stj., sem nú fer með umboðsvaldið, stendur öðruvísi að vígi en fyrrv. stj., sem var háð togaraeigendum, og í þeim hóp voru menn, sem sannazt hafði á, að væru brotlegir við landhelgilögin, og aðrir, þótt ekki væru dæmdir brotlegir, voru það samt í raun og veru. Það er því gefið, að aðstaða Framsóknar til þess að sýna óhlutdrægni í þessum málum er öll önnur en var hjá flokki hv. þm. Vestm., af því að í þeim flokki eru landhelgibrjótar,

sem þurfti að sjá í gegnum fingur við. Mér þykir rétt að lýsa þessu almenna viðhorfi, svo að sjáist, hvers vegna landhelgin er betur varin nú en áður. Landsstj. nú er algerlega óháð þeim mönnum, sem stóðu á hálsi íhaldsstj., eins og t. d. hv. þm. Vestm., sem allt gerði til þess að hindra, að landhelgivörnin væri í lagi vegna hagsmuna sjálfra lögbrjótanna. En svo má líka líta á annað í þessu sambandi, að skipstjórinn á Ægi, nýja skipinu, sem tók við vörnum eftir að íhaldsstj. var hætt að ráða þessum málum, hefir sýnt alveg sérstakan og framúrskarandi dugnað í starfi sínu, sem almennt er viðurkennt af öllum nema lögbrjótum togara. Þegar svo þessi maður er meira affluttur og níddur en nokkur annar — langtum meira en nokkur lélegur starfsmaður landsins hefir orðið fyrir —, þá er skiljanlegt, hvað hv. þm. Vestm. og hans fylgifiskar vilja. Þeir vilja lélega landhelgigæzlu eða eitthvert málamyndakák, en umfram allt vilja þeir ekki, að til starfans veljist duglegir menn, sem allt af séu á verði og gæti skyldu sinnar. Ef þetta hefði ekki verið svona, ef landhelgigæzlan hefði ekki verið svona góð, þá hefði ekki verið beitt ofsóknum á hendur skipstjóranum á Ægi og hann bakbitinn og níddur. En skipstjórinn hefir nú einmitt orðið frægur fyrir árvekni sína og mikinn dugnað í vörnum landhelginnar.

Af því að hv. þm. Vestm. var að dylgja um, að það væri yfirmönnum varðskipanna að kenna, að sagt hefði verið upp mönnum á þeim, þá vil ég taka það fram, að svo er ekki. Það er vegna fjárkreppunnar, að ekki hefir þótt fært að halda öllum skipunum úti. Það er eins hjá ríkisútgerðinni og öðrum fyrirtækjum, að þegar ekki er hægt að gera út, þá er hásetunum sagt upp. Og hvers vegna ætti ríkið að halda öllum skipunum úti, þegar þess er hvorki þörf né heldur hægt að gera það? Ef hv. þm. Vestm. vill „kritisera", að ríkið hafi ekki peninga til að halda skipunum úti, þá vil ég benda honum á, að hans kjördæmi, Vestmannaeyjabær, hefir ekki getað greitt sitt litla framlag, er það hafði lofað til gæzlunnar, og það er ekki af því, að þá hafi skort viljann til þess, heldur er það kreppunni að kenna, sem komið hefir svo hart niður á kjördæmi hans, að bærinn mun eiga fullerfitt með launagreiðslur sínar. Hv. þm. Vestm. þarf því ekki að vera hissa á, þó að stj. haldi ekki fleiri mönnum á launum en hún hefir þörf fyrir.

Ég vil geta þess, að það eru tvö ár síðan Pálmi Loftsson forstjóri ríkisútgerðarinnar og ég tókum upp að hafa menn, sem hv. þm. Vestm. kallar „hlustara", úti um land, þar sem mest brögð eru að því, að brotizt sé inn í landhelgina. Við sömdum við menn í ýmsum verstöðvum að senda skeyti á dulmáli til útgerðarstjórans við „Ríkisskip" um grunsamleg skip, og gengum svo frá, að skeytin var hægt að senda á nóttu sem degi. Hv. þm. getur spurt sjómenn í Garði, Höfnum, Grindavík, Ólafsvík og víðar, hvaða áhrif þetta hefir haft. Hér hefir stórkostleg breyting á orðið, því að þegar íslenzku togararnir, sem helzt eru brotlegir í þessu efni, vita, að haft er auga á þeim úr landi og hægt er að koma að þeim, þar sem þeir eru að trolla, þrátt fyrir alla þeirra eigin „spiona", þá hafa þeir orðið hræddir og fælzt landhelgina. Nú er vitanlegt, að brotlegir menn hér í bænum hafa varðmenn ekki eingöngu við höfnina, til þess að segja, hvenær varðskip fer eða er komið inn, heldur hafa þeir einnig njósnara á vissum stöðum kringum landið, alveg eins og ríkisstj. Hér er því um venjulegt stríð að ræða eins og milli lögreglu og glæpamannaforingja í stóru löndunum. Það er því ákaflega hlægilegt, þegar forsvarsmenn glæpamannanna, eins og hv. þm. Vestm., eru að bera sig upp undan því, að hlustað sé á brotleg skeyti. Og þegar komið er inn í þessa hv. deild, sést, að þar á sæti maður, sem haft hefir svik í frammi, og hann blygðast sín ekki fyrir að standa upp og halda ræðu um sín eigin svik, alveg eins og ósekur væri. (**JJós:** Hver er þessi maður?). Þegar menn, sem afhjúpaðir hafa verið fyrir svik — (**ÓTh:** Nú er ráðh. að fá kast!). — Ég vil biðja hv. þm. Vestm. að líta yfir deildina og athuga, hvort nokkur af þingbræðrum hans sýni í einu glögg merki um geðshræringu og sekt, þegar rætt eru um landhelgibrot. (**JJós:** Mætti deildin ekki vita, hver hann er, þessi maður?) Ég treysti svo greind hv. þm., að hann geti sagt sér þetta sjálfur, eftir að hafa fengið þá vís-

bendingu, sem ég hefi nú gefið. Þm. er svo kunnugur í sínum eigin herbúðum.

Ég vil þá taka fram niðurstöðuna af því, sem ég hefi sagt. Það er álit allra, sem að þessum málum vinna, að það sé sjálfsagt að hafa eftirlit með loftskeytanotkun veiðiskipa, til þess að brotlegir íslenzkir togarar hætti að stelast í landhelgina. Það er vitað, að engir hafa á móti þessu eftirliti nema togaraeigendurnir sjálfir. Það er stríð milli þeirra, sem hafa gætt landhelginnar, og hinna, sem brotlegir eru, eða þeirra manna, sem laumast í landhelgina til þess að stela björg fátækra manna í verstöðvum kringum land. Þessir lögbrjótar hafa enga afsökun. Það hefir ekkert breytzt frá því, að Ágúst Flygenring bar fram ásakanir sínar á hendur lögbrjótunum. Hann sagði hér í þessari hv. d., að það væri eigingirnin og hagsmunavonin, sem lokkaði lögbrjótana til þess að laumast inn í landhelgina og stela fiskinum. Og hann játaði, að útgerðarstj. skipuðu skipstjórunum að fara í landhelgina. Og hann kvað ennþá harðara að orði; hann sagði, að skipstjórarnir væru blátt áfram reknir, ef þeir hlýddu því ekki að stelast inn fyrir landhelgislínuna. Og allar þessar þungu ásakanir voru bornar fram í sambandi við loftskeytatækin, er þá var verið að koma fyrir á íslenzkum togurum.

Það eru kannske send 10 skeyti til sama togarans á einni nóttu. Hver vill nú trúa því, að hér sé aðeins um saklaus verzlunarviðskipti að ræða? Nei, hér er um stór brot að ræða og skeytin send í sviksamlegum tilgangi.

Nú er búið að kaupa nýtt varðskip og bæta gæzluna á ýmsan hátt, en þó vill það brenna við, að vissir útgerðarmenn skipa sínum togurum að laumast í landhelgina, þegar þeir hafa fengið vitneskju í gegnum símann og þefara sína, að það muni vera óhætt. Ef njósn berst frá Vík, að varðskipið sé að fara vestur með, þá er óhætt í landhelginni nálægt Hjörleifshöfða. Þannig má hafa gagn af þessari þefarastarfsemi útgerðarmanna.

Það er alveg fullvíst, að eins og það er hægt að nokkru leyti að hindra fólk, sem hefir sjúkar hvatir og ástríður til óknytta í því að halda fast við sína bresti, þá er hægt að hræða togarana frá því að fara í landhelgina með því að fyrirmuna þeim að fá leiðbeiningar til þess úr landi frá útgerðarmönnum. Með fjölgun varðskipanna hefir tekizt að gera togarana ragari við landhelgina en áður, enda leita þeir tæplega þangað nú orðið, nema þeir standi undir stjórn í landi, en ef þau sambönd verða stöðvuð, eins og tilgangurinn er með þessu frv., þá er síðasta þættinum bætt við þær varnarráðstafanir, sem nægja til þess að landhelgin verði friðuð gegn ránsferðum botnvörpunga. Það er því beinlínis skylda löggjafarvaldsins að tryggja landhelgivarnirnar til fulls með því að gera þetta frv. að lögum.

Umr. frestað.

Á 40. fundi í Nd., 1. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Jóhann Jósefsson): Ég hefði vænzt þess, að hæstv. forseti fylgdi röðinni á dagskránni og tæki fyrir 4. mál, till. um skipun n. til að gera till. um niðurfærslur á útgjöldum ríkisins. N. sú, sem Ed. hafði samþ. að skipa í þessu skyni, var kosin í dag og með því að hér er um afarmikið nauðsynjamál að ræða, en hinsvegar er séð, að nú er orðið svo áliðið þings, að ekki má draga þessa nefndarskipun, verð ég að fara fram á það, að hæstv. forseti vilji fylgja réttri röð á dagskránni og taka þetta mál fyrir nú.

Forseti (JörB): Það var ætlun mín að taka þetta mál fyrir í dag, þegar ég útbjó dagskrána, og ég bjóst við, að mér mundi miða svo áfram með dagskrána, að því mundi nú lokið. En ég hafði jafnframt lofað að taka 12. málið fyrir, og mér virðist ekki blása svo byrlega, að það muni takast að koma báðum málunum fram. En ég skal lofa hv. þm. að ég skal taka 4. málið fyrst á dagskrá á morgun, og vona, að hann geti sætt sig við það.

Frsm. minni hl. (Jóhann Jósefsson): Það er vitanlegt, að það er ekki hæstv. forseta neitt sérstaklega að kenna, hversu tafið hefir verið fyrir þessari till. á þingi. En þar sem hann hefir lofað að taka 12. málið á dagskrá, um loftskeytatæki á

botnvörpuskipum, þá held ég, að það dyljist engum, að hitt málið er meira áríðandi. Og ég vænti þess, að það verði látið koma í réttri röð, eigi síður fyrir það, hversu á því liggur. En vitaskuld verð ég að beygja mig fyrir vilja hæstv. forseta í þessu efni, þó að ég sé ekki ánægður með þessa ráðstöfun.

Jón Auðunn Jónsson: Ég óska þess, að hæstv. forseti vilji bera þetta undir d. Þessari till. liggur á að koma til atkv., því hver dagur, sem líður, tefur n. í Ed.

Forseti (JörB): Ég get ekki séð, að það skipti nokkru máli, hvort málið er afgr. í kvöld eða fyrri partinn á morgun. Ég hefi lofað, og mun standa við það, að taka það sem fyrsta mál á dagskrá á morgun. En ég get borið það undir hv. dm., þó að ég þurfi þess ekki, hvort þetta mál skuli nú tekið fyrir. En ég bjóst við, að hv. flm. till. og þeir, sem hans mál vilja styðja, mundu vilja sætta sig við þessi málalok. (**ÓTh:** Ég óska eftir nafnakalli um þetta). Hv. þm. getur ekki verið alvara með það.

Ólafur Thors: Mér er full alvara með það að óska eftir nafnakalli. Ég vil gjarnan, að það komi skýrt fram, hverjir hv. þm. það eru, sem vilja láta þetta auðvirðilega frv., sem er borið fram af dómsmrh. einungis til þess að hann geti svalað meðfæddri níðskældnisfýsn sinni, ganga fyrir hinu málinu. (Forseti hringir). Forseti hefir undir umr. leyft dómsmrh. að viðhafa þau orð, og ég mun viðhafa þau orð, sem mér sýnist. Mér þykir vel til fallið að það komi í ljós, hverjir það eru, sem vilja láta slíkt frv. ganga fyrir till. eins og þeirri, sem nú er næst á dagskrá, sem allir þdm. vita, að mikið veltur á, hvort samþ. er fyrr eða síðar. Mér er því full alvara með að óska eftir nafnakalli.

Forseti (JörB): Ef þetta skipti máli, þá gæti ég skilið það. En til þess að hafa ekki óþarfamálalengingar út af þessu, þá skal ég bera þetta undir d. Annars hefir forseti leyfi til að færa mál til á dagskrá.

Ólafur Thors: Ég vil minna hæstv. forseta á, að það hefir verið föst venja, ef forseti á annað borð hefir borið eitthvað undir d., að hafa nafnakall, ef einhver þm. hefir krafizt þess. Og ég krefst þess.

ATKVGR.

Samþ. að taka málið fyrir með 13:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BKr, HStef, HJ,[1] HG,[2] IngB, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, VJ, ÞorlJ, BSt, JörB.

nei: GÍ, JJós, JAJ, JÓl, MG, ÓTh, PO.

BÁ greiddi ekki atv.

Sjö þm. (EA, HV, JónasÞ, LH, MJ, ÁÁ, BJ) fjarstaddir.

Ólafur Thors: Ég vil vekja athygli hæstv. forseta á því, að 7 af þeim hv. þm., sem áðan notuðu þingmannsatkv. sitt til þess að bægja frá umr. mikilsvarðandi máli, í því skyni að fá nú þetta grínfrv. til umr., eru nú hlaupnir út úr d. Ég vildi fara þess á leit við hæstv. forseta að hafa manntal í d., til þess að komast að raun um, hvort fundurinn er löglegur.

Forseti (JörB): Fundurinn er ályktunarfær.

Ólafur Thors: Þá kann ég bera ekki að telja, því ég sé ekki nema 13 þm. í d.

Forseti (JörB) (hringir hvað eftir annað): Ég verð að segja fundi slitið, ef hann getur ekki talizt ályktunarfær.

Ólafur Thors: Hæstv. forseti segist munu slíta fundi, ef hann getur ekki talizt ályktunarfær. Ég ætla nú að telja þm., og ef þeir eru ekki 15, þá megum við víst fara. Eða er ekki svo?

Forseti (JörB): Það eru þm. hér í næsta herbergi, svo að það má telja fundinn ályktunarfæran.

1) HJ: Ég sé enga ástæðu til þess, að d. fari að breyta þeirri ákvörðun, sem hæstv. forseti hefir tekið, að taka þetta mál á dagskrá. Annars skal ég játa það, að ég hefi enga sérstaka löngun til þess, að þetta mál verði tekið á undan öðrum málum, sem á dagskránni eru. En úr því að hæstv. forseti hefir ákveðið það, sé ég mér ekki fært annað en að samþ. það, og segi því já.

2) HG: Ég hefi stundum orðið fyrir því, að hæstv. forseti hefir neitað mér um nafnakall. Ég mun greiða atkv. með því, að málið verði tekið fyrir, í trausti þess, að hæstv. forseti haldi þeirri reglu, sem hann hefir tekið upp, að vísa því til d., ef hann álítur orka tvímælis, hvort eigi að veita nafnakall eða ekki.

Ólafur Thors: Má ég spyrja hæstv. forseta, hvort það séu 14 þm. í deildinni.

Forseti (JörB): Ef hv. þm. G.-K. ætlar ekki að nota sinn ræðutíma, þá gef ég öðrum orðið. Það er ekki venja að framfylgja því svo nákvæmlega, að meiri hl. þm. sé alltaf í d. meðan umr. fara fram.

Ólafur Thors: Það er ákaflega óviðfelldið að hefja umr. um mál, þegar hæstv. forseti getur ekki fengið þm. til að koma inn í d., þótt hann berji bjöllluna.

Forseti (JörB): Ég vil nú biðja hv. þm. að hefja ræðu sína, ef hann ætlar ekki að falla frá orðinu.

Ólafur Thors: Ég vil biðja hæstv. forseta að úrskurða, hvort deildin er ályktunarfær. Ég hygg, að það sé rétt að krefjast þess, að fundir séu lögmætir, þegar umræður fara fram.

Forseti (JörB): Það er venja að gæta þess, þegar þingfundir eru settir, að þá séu þeir ályktunarfærir. Hitt hefir þrásinnis borið við, eins og hv. þm. G.-K. efalaust kannast við, að þegar umr. standa yfir, þá eru stundum fáir þm. í d. Hitt er annað mál, að engar ályktanir eru löglegar nema fullur helmingur þdm. séu á fundi og taki þátt í atkvgr. Þegar ég gaf hv. þm. G.-K. orðið, þá voru 15 þdm. viðlátnir í d., og nú gef ég hv. þm. orðið enn á ný.

Ólafur Thors: Hæstv. forseti sagði áðan, að hann mundi slíta fundi, ef þd. væri ekki ályktunarfær. Nú vantar talsvert til þess að hún sé það. Ég vil nú halda því fram, án þess að ég þori að fullyrða, hvað þingsköp ákveða í því efni, að það séu engin dæmi þess, að þm., sem ætlar að hefja umr. í máli sem fyrsti ræðumaður og hefir borið fram ósk um, að þdm. væru viðstaddir, þannig, að fundur væri lögmætur, að hann hafi ekki fengið því framgengt. Vænti ég því, að hæstv. forseti hlutist til um, að hið sama gangi yfir mig sem aðra í þessu efni.

Forseti (JörB): Ég vil nú biðja hv. þm. að tefja ekki tímann lengur. Hv. þm. veit vel, að það er ekki venja að rekast í því, að þdm. séu ætíð í sætum sínum undir umr. Hann veit, að það tíðkast, að þingfundir eru oft ekki ályktunarfærir meðan ræður eru fluttar. Ég vona, að hv. þm. neyði mig ekki til að taka af honum orðið og veita það öðrum, en til þess verð ég að grípa, ef hann hverfur ekki að efninu.

Ólafur Thors: Ég held fast við það, sem ég sagði áður, að ég man engin dæmi þess, að þm., sem ætlar að hefja umr. í máli, hafi ekki getað fengið forseta til þess að hlutast til um, að þdm. séu viðstaddir í d. meðan umr. fara fram. Hinsvegar get ég ekki stillt mig um að láta í ljós ánægju mína yfir því, hvílík fyrirlitning málinu er sýnd með þessu. **(Dómsmrh.:** Ræðumanninum er sýnd). Því fremur sem hæstv. dómsmrh. hefir ekki tekizt að knýja þm. inn í d., þótt hann hafi nú smalað í stundarfjórðung. — Ég skal svo snúa mér að málinu, enda þótt ég játi, að það er ekki þess vert, að um það sé rætt.

Þetta frv. er nú borið fram hér á Alþingi í fimmta sinn, og í hvert skipti, sem það hefir verið flutt, hefir þingið ýmist ekki viljað afgr. það, eða frv. hefir beinlínis verið fellt hér í d. Ég verð nú að telja það ótilhlýðilega vanvirðu, sem hæstv. dómsmrh. sýnir Alþingi með þessari þrákelkni sinni, að flytja þetta frv. hér ár eftir ár. Venjulega hefir það verið hv. 1. þm. S.-M., sem flutt hefir frv. og staðið í eldinum fyrir ráðh., enda hefir það mjög oft komið á daginn, að þegar frv. hefir legið hér fyrir til umr., þá hefir ráðh. ekki reynzt fær um að verja málið fyrir geðofsa sínum og skapsmunaæsingi. Ég geri ráð fyrir, að þau vinahót, sem hv. 1. þm. S.-M. vottar ráðh. með þessu, hafi hann fengið endurgoldin, þegar ráðh. sendi varðskip austur á Mjóafjörð til þess að skjóta niður strompinn fræga, sem kunnugt er.

Hv. frsm. minni hl., þm. Vestm., hefir gert svo ýtarlega grein fyrir ástæðum mótstöðumanna þessa frv., að ég hefi ekki miklu við það að bæta. Á undanförnum þingum, og þá sérstaklega á vetrarþinginu 1931, hefir grg. þessa frv., sem hefir verið skrifuð af dómsmrh.,

verið svo ósæmileg, að það er Alþingi til hinnar mestu vanvirðu. Það má nú að vísu telja til bóta, að þessu gamla góðgæti hefir verið sleppt í þetta sinn úr grg. og reynt að halda sér við málið. Nú er aðaláherzlan lögð á það, sem hefir verið bent á áður, að einhver lögfræðingur, sem dómsmrh. telur bezta lögfræðing landsins, en er að líkindum stimamjúk undirtylla stj., sem lifir á launum úr ríkissjóði fyrir að veita stj. pólitiskan stuðning, hafi gefið út álit um það, að þetta frv. sé miklu víðtækara en lög nr. 82 frá 1917, um rekstur loftskeytastöðva á Íslandi. Því var réttilega haldið fram á Alþingi 1931, að í þessum lögum felist fullkomin heimild fyrir hlutaðeigandi ráðh. til þess að gera allar þær ráðstafanir, sem hann álítur nauðsynlegar. Í 2. gr. þeirra laga stendur þetta, með leyfi hæstv. forseta: „Þráðlausar firðviðskiptastöðvar á erlendum skipum og í íslenzkri landhelgi má aðeins nota samkv. þeim ákvæðum, sem ráðuneyti Íslands setur í reglugerð. Ráðuneytið getur bannað öll þráðlaus firðviðskipti innan íslenzkrar landhelgi og gert þær ráðstafanir, er nauðsynlegar þykja, til þess að banninu verði hlýtt".

Og í 4. gr. sömu laga segir svo: „Innan íslenzkrar landhelgi og á Íslandi má aðeins að fengnu leyfi ráðuneytisins og með þeim skilyrðum, sem leyfið ákveður, setja upp og nota stöðvar eða annan útbúnað til þráðlausra firðviðskipta".

Ég get ekki betur séð en að í þessum lögum felist fullkomin og tvímælalaus heimild fyrir ráðh. til þess að gera þær ráðstafanir, sem óskað er eftir með þessu frv. Í umr., sem fóru fram um þetta mál á Alþingi 1931, gerði ég samanburð á umsögn þessa „merka" lögfræðings um nýmælin í þessu frv. við lögin frá 1917 og sannaði með þeim samanburði, að af 10 nýmælum, sem talin voru í þessu frv., finnast 8 í lögunum frá 1917. En um 9. atriðið er það að segja, að um brot gegn því eru sett viðurlög samkv. öðrum lögum, sem eru þyngri en þau, er ákveðin eru í þessu frv. Þá er aðeins eftir eitt af þessum fyrirmælum, sem nokkur tvímæli eru um, að felist í lögunum frá 1917, en yfirleitt kemur flestum saman um, að það skipti litlu máli. Það er því ekkert annað en barnaskapur hjá þessum „merka" lögfræðing og hv. 1. þm. S.-M. að halda því fram, að af því að þessi lög frá 1917 voru sett áður en loftskeytatæki voru komin á togarana, þá geti þau ekki átt við það, sem snertir notkun þeirra tækja, og ekki heimilað stj. að gera ráðstafanir um þau. Það er undravert, að svo barnalegar viðbárur skuli koma fram hér í þessari hv. þd. Það gefur að skilja, að lögunum frá 1917 verður jafnt beitt gagnvart þeim fyrirbrigðum eða brotum, sem koma fram eftir að lögin voru samþ. Það er svo um öll lög, enda þótt þau hafi ekki verið sett með sérstöku tilliti til þeirra fyrirbrigða, sem fram kunna að koma, eða með hliðsjón af þeim. Í þessu efni skiptir það mestu máli, að lögin frá 1917 eru svo rúm, að samkv. þeim getur stj. gefið út reglugerð um eftirlit með loftskeytatækjum, sem felur í sér öll þessi 10 atriði, sem ég áður nefndi, að einu undanskildu, er öllum kemur saman um, að sé lítilsvert. Ég vil svo ekki þreyta sjálfan mig eða hv. þd. á því að endurtaka hér öll þau rök, sem ég bar fram á móti þessu frv. á þinginu í fyrra, því fremur sem ég þykist vita, að meiri hl. í þessari hv. þd. er svo fylgispakur við dómsmrh., að þeirri hjörð mun ætlað að láta frv. ganga hér fram.

Því hefir verið haldið fram af flm. frv., að fyrirmæli þess væru nauðsynleg, af því að útgerðarmenn stýrðu botnvörpuskipunum inn í landhelgina. En það væri nú gaman að leiða eitt vitni í því máli, ef það gæti talizt vitnisbært, sökum þess hvað það er ómerkilegt. Ég á við umsagnir dómsmrh., sem felast í grg. þeirri, sem fylgdi þessu frv. 1931, og skal nú athugað, hvað þær votta.

Í grg. segist dómsmrh. benda á rök fyrir því, að útgerðarmenn gefi skipunum merki um að fara í landhelgina, og segir hann, að á fundum, sem hann hélt með hreppsnefndum í Ólafsvík og á Sandi, og á nokkrum stöðum í Gullbringu- og Kjósarsýslu í ársbyrjun 1931, hafi vitnisburðir hreppsnefndanna staðfest og sannað þessa staðhæfingu. Af fundinum í Ólafsvík hermir dómsmrh. þetta eftir hreppsnefndarmönnum, með leyfi hæstv. forseta:

„Í vetur sáust margir togarar hér á víkinni á þeim tíma, er hér greinir:

I. Meðan varðskipin voru að leita að togaranum Apríl. Oddviti leigði bát frá Sandi með 4 mönnum, og ráku þeir 3—4 togara úr landhelginni, en vegna þess að veður fór versnandi, náði báturinn eigi landinu og varð að liggja úti um nóttina, og var mönnunum stofnað í lífsháska. (Báturinn trillubátur). Ágangur togaranna hélzt allan leitartímann.

II. Á jólanóttina sáust 6—7 togarar á víkinni. Var þá símað til Reykjavíkur, og hurfu þeir áður en varðskipið Óðinn kom á vettvang.

III. Meðan Ægir var að leita að skipinu Ulv í 2 nætur. Um kl. 4, er fiskibátar fóru til róðurs, sáu þeir mörg skip ljóslaus; er fyrsti báturinn kom út virtist einn togarinn höggva af sér veiðarfærin, en hinir lögðu á flótta. Öll þessi skip voru ljóslaus, svo að engin einkenni sáust".

Síðar í grg. segir dómsmrh. frá því, að hann hafi haldið fundi með hreppsnefndum úr Gullbringu- og Kjósarsýslu í Keflavík. Um þennan fund segir ráðh.: „Litlu síðar var fundur 25 hreppsnefndarmanna úr Gullbringusýslu haldinn í Keflavík til að ræða um landhelgismálið. M. a., sem þar kom fram, bar oddviti Gerðahrepps, hr. Guðm. Þórðarson, að í vetur, meðan varðskipin voru að leita að togaranum Apríl, hafi togararnir margir verið á veiðum í Garðsjó, ekki eingöngu að nóttu til, heldur líka um hábjartan dag".

Af þessum upplýsingum, sem dómsmrh. hefir fengið frá þessum hreppsnefndum, dregur hann þá öruggu ályktun, að það hljóti að vera útgerðarmenn, sem benda togurunum í landhelgina. Ráðh. fer um það í grg. svofelldum orðum, með leyfi hæstv. forseta: „Útgerðarmenn í Reykjavík halda nákvæman vörð um hreyfingar varðskipanna og gefa skipstjórum bendingar eftir því. Vitnisburður sjómanna í Garði og Ólafsvík er samhljóða um það, að veiðiskipin vaða uppi dagana, sem varðskipin eru að leita að Apríl". Og ennfremur: „Saga úr Ólafsvík er engu að síður ber. Þrem sinnum á vetrinum er farið í landhelgina. Í öll skiptin getur hreppsnefndin gert grein fyrir, hvers vegna skipin fara inn einmitt þá. Í tveim tilfellum er verið að leita að sjómönnum í sjávarháska. Á meðan sima menn, sem sitja inni í mjúkum sætum í hlýjum stofum í Reykjavík, að óhætt sé að ræna í Ólafsvík þá nótt".

Ég ætla nú að láta það ósagt og ekkert að dæma um, hvað hæft er í þessum skýrslum hreppsnefndanna, þó að þær gefi auðtrúa ráðh. tilefni til fráleitra ályktana; það skiptir ekki miklu máli. En hitt skiptir mestu máli, ef þær eru réttar, hvort þær sanna það eða afsanna, að það séu útgerðarmenn, sem bendi skipunum inn í landhelgina. Ég ætla nú að biðja hv. þdm. að veita því athygli, hvað dómsmrh. ber fram. Hann segir, að þrem sinnum sé kvartað undan ágengni togara í Ólafsvík; það er tekið fram, að í öll skiptin geti hreppsnefndin gert grein fyrir ástæðunum fyrir því, að skipin fara inn einmitt þá. Í öðru lagi segir hann, að einnig sé hægt að gera grein þess, hvers vegna togararnir fóru í landhelgi í Garðsjó einmitt á þeim tíma, sem það var gert. Ég verð nú að segja, að það þarf meira en í meðallagi sljóan eða vanheilan mann til þess að halda því fram, að það séu útgerðarmenn, sem gefi skipunum bendingar um að fara í landhelgina, ef aðeins er kvartað undan þessum landhelgibrotum á þessum slóðum og engum öðrum. Í öllum þeim tilfellum, sem nefnd eru í grg., stóð svo á, að togararnir gátu fengið fulla vissu um, hvar varðskipin voru stödd, frá öðrum en útgerðarmönnum, nefnilega með því að hlusta á skeytaskipti frá sjálfum ráðh. eða hans umboðsmanni. Hitt vita allir, að útgerðarmenn hafa mjög oft vitneskju um verustað varðskipanna, hvort heldur þau liggja í höfn eða eru í snattferðum með ráðh. Ef það væri svo, að útgerðarmenn gæfu togurunum alltaf slíkar upplýsingar, þá er næsta undarlegt, að kvartanir um landhelgibrot togaranna skuli aðeins koma fram í þau skiptin, sem togararnir geta sjálfir fengið á annan hátt vitneskju um varðskipin.

Allar þessar sannanir sýna það, að togararnir fá ekki aðvaranir frá útgerðarmönnum, og að rógburður dómsmrh. í því efni er algerlega rakalaus. Ég veit ekki, hvernig unnt er að finna sterkari rök gegn þessum rógi ráðh. en einmitt þau, sem hann sjálfur af sljóleik sínum hyggst að nota til að sanna sök útgerðarmanna.

Ég vil annars beina því til hæstv. forseta, að mér þykir leitt, að dómsmrh. skuli ekki hafa kjark til að sitja hér í sæti sínu í d. á meðan ég deili á hann, en það má vera, að hann sé einhversstaðar á hleri til að þjóna eðli sínu. Hitt hefði þó verið skemmtilegra.

Ég get sannað það, að þessum rógburði ráðh. gegn útgerðarmönnum er haldið fram móti betri vitund. Þetta sanna ég með því að vitna í áður nefnda grg., sem hann hefir sjálfur samið, með leyfi hæstv. forseta: „*Á fundinum í Keflavík var staddur hr. Pálmi Loftsson útgerðarstjóri. Garðbúar höfðu staðið í símasambandi við hann meðan varðskipin voru að leita að Apríl. Nú kom í ljós, er borin var saman skeytasending hans til varðskipanna og reynsla Garðbúa, að hinir brotlegu togarar höfðu farið burt úr Garðsjónum einum degi áður en þeir „þurftu“, af því að útgerðarstjórinn hafði sent varðskipunum tvírætt skeyti, sumpart á mæltu máli og sumpart á dulmáli, þegar fór að líða á leitartímann. Óvissan um síðasta sólarhringinn af leitartímanum varð þess valdandi, að togararnir fóru burt úr Garðsjó svo snemma, að enginn möguleiki væri til, að varðskipin hittu þá þar í það sinn, er þau kæmu úr leitinni*“.

Hér segir ráðh. það beinlínis sjálfur, að togararnir hafi fengið vitneskju um varðskipin í símskeyti, sem Pálmi Loftsson sendi þeim. Samtímis segir hann, að togararnir hafi farið burt úr Garðsjó á ákveðnum degi samkv. bendingu frá útgerðarmönnum. Hvernig er hægt að halda því fram samtímis, að togararnir hafi fengið bendingu samkv. skeyti Pálma til varðskipanna, og jafnframt, að það séu útgerðarmenn, sem hafi gefið þeim vitneskju um varðskipin?

Alveg sama máli gegnir um þær togaraveiðar, sem hæstv. ráðh. segir, að orðið hafi á jólanótt, því að hann segir í grg., að það sé föst venja, að varðskipin séu til skiptis inni á jólanótt. Get ég því ekki annað séð en að í þessari grg. liggi skýr *játning hæstv. ráðh. um róg gegn heilli stétt manna*. Þessi játning er að vísu einskis virði, vegna þess, hve ómerkur hann er. Menn hafa hér í d. tekið þá afstöðu til þessa máls að samþ. það, og er því ekki ástæða til að ræða það mjög. En í sambandi við þessa hræsnisviðleitni hæstv. ráðh. er rétt að varpa fram þeirri spurningu, hvernig þessi maður stendur að vígi sem vandlætari í þessu máli. Hann segir í grg., að meðvitundin um það, hvar varðskip séu inni eina nótt, jólanóttina, nægi til að brjóta niður þann varnargarð, sem ríkið hafi reist með 700000 kr. tilkostnaði árlega. Þetta vex honum í augum. — Hann talar um, að sjómenn hafi verið rændir fyrir þetta. En hvernig er nú aðstaða hans sjálfs í þessu efni? Þessi *maður, sem hefir ekki einungis dag og* dag, viku og viku, heldur jafnvel heila mánuði tekið varðskipin í snattferðir fyrir sig og hyski sitt, hann segir, að meðvitundin um það, hvar varðskipin hafi verið inni eina jólanótt, hafi orðið til þess, að landhelgin hafi verið rænd. Hver er nú mestur ræningi í þessu efni? Er það ekki sá, sem fer heilan mánuð í pólitískar snattferðir á varðskipunum og auglýsir það, svo að togarar og sökudólgar geti fylgzt með því.

Ef hæstv. ráðh. hefir kjark til að koma og reyna að sýna lélega viðleitni til að standa fyrir sínu máli, þá getum við talazt við nánar.

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Gamalt orðtak segir, að sagan endurtaki sig frá öld til aldar, ár af ári, og er það vafalaust rétt. En furðanlegt má það heita í þessu máli, að gamlar kerlingasögur virðast endurtaka sig. Ein þeirra segir frá því kynlega atviki, að þegar óvinurinn hitti ömmu sína, þá sortni sól og sígi í mar, en eldi og brennisteini rigni yfir jörðina. Eitthvað svipað má segja um það, þegar hreyft er við þessu máli hér á þingi og reynt til þess að afstýra þeirri óhæfu, sem átt hefir sér stað í misnotkun loftskeyta. Þá kemst hv. þm. G.-K. í æsing og oftekur sig á berserksgangi. Það er óviðeigandi og þýðingarlaust um jafnalvarlegt mál og þetta að snúa því upp í gaspur og hnjóðsyrðalestur. Það hefir oft verið tekið fram, að það, sem um ræðir hér, sé að finna ráð til að afstýra misnotkun loftskeytanna. Tók ég þetta fram í framsöguræðu minni. En hv. frsm. minni hl. leiðir hjá sér að svara þessu. Hann kom aldrei að efninu, og sama er að segja um hv. þm. G.-K. Herkænska

þeirra er sú ein að snúa út úr orðum mótstöðumanna ýmislega.

Hv. frsm. minni hl. og hv. þm. G.-K. hafa upp aftur og aftur komið með þær fullyrðingar, að lög nr. 82 frá 1917 um rekstur loftskeytastöðva séu einhlít til varnar misnotkun loftskeyta, lög, sem lúta að allt öðru efni en þeim vörnum. Ætla ég ekki að eyða nóttunni í það að elta ólar við útúrsnúninga þeirra.

Skil ég að vísu hv. þm. G.-K. vel, að hann vill forðast það, að lögtekin verði ákvæði þau, er felast í frv. þessu, um að gefa skuli drengskaparvottorð í hvert skipti, sem skeyti er sent, um það, að ekki felist í því atbeini við brot á landhelgilögum. Skil ég, að hann muni vera sá drengur, að hann vilji koma sér hjá að falsa skeyti. Hefi ég líka það traust á honum, að hann myndi skirrast við að senda skeyti, ef það væri ekki hægt nema með því að falsa drengskaparvottorð. Ég ætla honum ekki þann ódrengskap, sem hv. þm. Vestm. virðist ætla sjómannastéttinni íslenzku, að ekkert megi undir drengskap hennar eiga. Ætla ég það varmönnum einum að misnota þannig drengskaparorð sín. Tekur ekki tali að vera að ræða um slíkar fjarstæður.

Andmælendur frv. vita vel, að þessi ráð, sem í frv. felast, og engin önnur, fyrir utan strandvarnirnar sjálfar, sem vegna kostnaðarins mikla og stærðar landsins er ábótavant, duga í þessu efni. Auk þeirrar landhelgivarnar, sem nú er beitt, er ekkert öflugra aðhald til en þetta, að skylda menn til þess að gefa drengskaparvottorð. Þetta finna andstæðingar frv., og er þeim því illa við, að það verði lögfest.

Mér er sama, þótt það annað standi ómótmælt, sem hv. þm. Vestm. bar fram í vörn sinni á dögunum, og læt ég það sem vind um eyrun þjóta. Það var að mestu meinlaus útúrsnúningur úr ræðu minni og orðaleikur. Má hann vel standa í Alþt., hv. þm. til ánægju. Meira máli skiptir hitt, að þetta mál fái úrlausn, og verður það efalaust fyrr eða síðar lögfest, þótt nú verði reynt að tefja það. Vil ég svo ekki vera að þreyta hv. þm., með því að komið er miðnætti, og mun ég láta útrætt um þetta að sinni nema ég verði til neyddur af andstæðingum.

Frsm. minni hl. (Jóhann Jósefsson): Hv. frsm. meiri hl. talaði um, að stytta þyrfti umr., þar sem komið væri miðnætti. Vil ég minna hann á, að það er hverjum heimilt að fara, sem vill, og að það er ekki okkar sök, minni hl. n., að mönnum er haldið hér, ég veit ekki hvað lengi, yfir jafnómerkilegu máli. Hann getur þakkað það þeim mönnum, sem hann hefir gerzt skósveinn fyrir á gamals aldri, auðsveipur skósveinn, því að hann hefir gerzt skósveinn hæstv. dómsmrh., og er það illa farið með svo mætan mann. (SvÓ: Vill hv. þm. ekki endurtaka það í 4. sinn?). Hann sagðist ekki nenna að elta ólar við það, sem hann kallaði útúrsnúninga mína á frv. Ég rakti frv. lið fyrir lið og sýndi fram á það með rökum, ekki einungis mínum eigin, heldur líka fagmanna, hversu fráleitt það er. Er það hyggilegt hjá hv. frsm. meiri hl. að spara sér að elta ólar við allt það, sem ég sagði, því að honum er um megn að hrekja það. Það er þægileg aðferð, að snúa sig út úr vandanum með þessu. Get ég fyrirgefið honum þetta, því að hann er þreyttur og slitinn, en þó ekki svo, að hann viti ekki vel, hvenær hann fylgir réttu máli og hvenær röngu. (ÓTh: Það hefir hann aldrei vitað). Jú, hv. þm. veit, að þetta er ómerkilegt mál.

Hv. þm. sagði, að ég ætlaði sjómannastéttinni ódrengskap. Sjálfur lætt hann trúa því, að allir muni halda drengskaparloforð það, sem frv. fer fram á. En þá mætti líka láta gefa drengskaparvottorðið í eitt skipti fyrir öll. Annars hefi ég aldrei haldið því fram, þótt einhverjir togarar eða útgerðarmenn hafi gerzt brotlegir, að það ætti við um alla sjómannastéttina. Mun það frekar vera Tímaklíkan, sem ætlar sjómönnum ódrengskap. Hefir það fallið í minn hlut hér á þingi að verja þessa menn fyrir hv. 1. þm. S.-M. og sumum flokksbræðrum hans. (SvÓ: Ég skil ekki hv. þm.). Ég skal þá skýra það nánar, við hvað ég á. Frv. þetta er byggt á því, að sjómenn á togurum geri sér það að reglu að misnota loftskeytatækin. Hefir það alltaf klingt við á öllum þingum hin síðari árin, að þessir menn séu þjófar og ræningjar, en við, sem höfum bent á, að hér ættu ekki allir sömu málagrein, værum yfirhylmingarmenn. Ég

held, að það sé hæstv. dómsmrh. og þeir, sem stutt hafa hann, sem ætla sjómönnum ódrengskap, en ekki við. Okkar mál hafa loftskeytamennirnir stutt, og eru þeir málinu allra manna kunnugastir. Fél. ísl. loftskeytamanna hefir sagt, að ólögleg notkun loftskeytatækja sé tiltölulega lítil. Hv. þm. veit þetta vel, því að hann átti jafnlangt tal og ég við formann félagsins og sá öll hin sömu skjöl. En á þessar raddir vildi hann ekki hlusta, þó að eyru hans séu ávallt opin fyrir hvísli hæstv. dómsmrh. En þegar sjómenn sjálfir koma á fund og sanna hv. frsm. meiri hl., að hér sé tekið skakkt á hlutunum og loftskeytin séu notuð mest til annars en landhelgibrota, þá gefur hann því engan gaum. Hann er ekki ráðinn upp á það, heldur hitt, að leggja kollhúfurnar við hvíslinu frá hæstv. dómsmrh.

Þegar hæstv. dómsmrh. kom hér inn í salinn síðast þegar þetta mál var til umr., var hann reiður mjög og hélt skammaræðu yfir mér, í 10. eða 12. skiptið, fyrir það, að ég benti á vitleysurnar í frv. og tilgangsleysi þess nema til að halda uppi rógi um menn. Kippi ég mér ekki upp við það að sjá hann reiðan, því að það sá ég svo oft áður, þótt það sé nú orðið fátítt, því að hann kemur sjaldan hér inn, nema þegar hægt er að losna við andstæðingana og eiga síðastur orðið, og gusar þá út úr sér einhverri vitleysu.

Hæstv. ráðh. talaði um það, hve mjög landhelgigæzlan hefði batnað á síðari árum og að miklu færri skip hefðu verið tekin en áður. Á það víst að vera núv. stj. að þakka. Datt þó út úr honum, víst óvart, að vitanlega hafi þessum skipum fækkað af því að varðskipum hafi fjölgað. Er þetta ágæt upplýsing. Vil ég benda hæstv. ráðh. á það, fyrst hann viðurkennir, að teknum skipum hafi fækkað, af því að varðskipum hafi fjölgað, að núv. stj. á ekki aðalþáttinn í þessari fjölgun. Það var fyrrv. stj., sem tók ákvörðun um það á þingi 1925 að hefja íslenzka landhelgigæzlu. Voru þá þegar samþ. lög um það að láta landhelgisjóð taka til starfa. Hann var stofnaður 1913, sem kunnugt er. Þegar ákveðið var 1925, að hann tæki til starfa, var hann orðinn yfir 1 millj. kr. Þá var Óðinn smíðaður. Áður hafði Þór verið keyptur. Bygging Ægis er ekki til komin fyrir það, að núv. stj. ætti frumkvæðið að því, heldur flutti þm. Snæf. 1928 frv. um aukna landhelgigæzlu, sem leiddi til þess, að hann var byggður. Fer því fjarri, að hæstv. dómsmrh. eða flokkur hans hafi aukið landhelgigæzlu og fækkað togaratökum, heldur eru það andstæðingar hans í stjórnmálum, sem það hafa gert. Við hina auknu landhelgigæzlu hefir það líka áunnizt, að útlendingar sjálfir eru farnir að taka harðar á því en áður, ef skip þeirra eru tekin í landhelgi, og refsa sínum mönnum heima fyrir. Mun það eiga drjúgan þátt í því, að útlendir togarar forðast nú landhelgina meira en áður.

Þá sagði hæstv. ráðh., að núv. stj. stæði öðruvísi að vígi gagnvart útgerðarmönnunum heldur en fyrrv stj. Og hann hélt því beinlínis fram, að t. d. ég andmælti þessu „ömmufrv." vegna þess, að það væru flokksmenn mínir, sem ættu togarana, og að skipstjórarnir á þeim væru flestir einnig í Sjálfstæðisflokknum. Ég ætla nú ekki að eyða orðum að því, hvað rétt sé eða rangt í slíkri ásökun. Þingsaga mín og minna flokksbræðra síðan Íslendingar tóku landhelgigæzluna í sínar hendur sýnir bezt, hvað við höfum viljað í þessu efni. Við höfum alltaf staðið fast með því, að landhelgigæzlunni væri haldið vel í horfinu. Það eina, sem hæstv. ráðh. getur hengt hatt sinn á, er það, að við viljum ekki samþ. þetta „þjóðráð", sem hv. 1. þm. S.-M. kemst nær því á loft yfir, þegar hann fer að tala um, af því að það, eins og ég hefi áður sýnt fram á, getur ekki að neinu gagni komið, þó að út úr öllu þessu hlusti og skeytaskráningum gæti orðið talsverður eltingarleikur og njósnarsnatt.

Eftir frv. á loftskeytastöðin hér stöðugt að hlusta á og bókfæra togarskeytin. Það er sýnilegt, eins og félag loftskeytamanna hefir sýnt fram á, að ef ekki væri bætt við mönnum til þess, þá yrði stöðin að vanrækja að hlusta á 600 metra bylgjulengd, og gæti það komið sér allilla, a. m. k. þegar send eru S. O. S.-skeyti, en svo eru neyðarmerki nefnd, sem send eru frá skipum með loftskeytum. Þá gætu loftskeytamennirnir, þegar mest á ríður, verið uppteknir við að hlusta á togara, sem eru að bera sig sam-

an um afla og veður, og sjá allir, hvaða afleiðingar það gæti haft.

Ég get ekki komizt hjá að benda á „moralinn“ í kenningu hæstv. dómsmrh., þegar hann er að hamra á því hér á Alþingi, að andstaðan gegn þessu frv. hljóti að spretta af illum og eigingjörnum hvötum, af því að andmælendur þess séu flokksmenn togaraeigendanna og skipstjóranna. Það hefir verið hans sterka vígi, sem hann hefir skotið úr skeytum sínum, að við vildum hylma yfir lögbrot togaraeigendanna, af því þeir væru flokksbræður okkar. Þessi maður á að gæta laga og réttar í landinu, sem lætur sér um munn fara og virðist halda fast við slíka kenningu. Það mun óhætt að gera ráð fyrir, að hér sem oftar sannist gamla máltækið: Margur ætlar mann af sér. Og maður getur þá betur skilið ýmislegt af því, sem hæstv. dómsmrh. heldur fram, og ýmislegt af því, sem hann framkvæmir, ef gert er ráð fyrir, að það sé runnið af þeim sömu hvötum sem hann vill telja mönnum trú um, að valdi andmælum okkar hv. þm. G.-K. gegn „ömmufrv.“ Enda dylst landsmönnum það ekki lengur, að hann lifir eftir þeirri reglu að sjá í gegnum fingur við afbrot og jafnvel glæpi hjá sínum flokksmönnum, en beita harðýðgi við þá, sem andstæðir honum eru í stjórnmálum, þótt litlar eða engar sakir séu. Það hefir nú skeð sitt af hverju í sambandi við landhelgigæzluna, þótt ekki séu árin mörg. Þegar fyrrv. stj. og hennar flokkur setti landhelgigæzluna af stað, var vandað til löggjafarinnar um hana eftir fremsta megni, settar reglur um skipun skipshafnanna og launakjör þeirra. Það var leitazt við að láta gæzluskipin standa undir sem beinustu eftirliti og íhlutun dómsrn. án milliliða, og ég held, að árið 1924 hafi verið gefinn út konungsúrskurður um það, að landhelgigæzlan og landhelgigæzluskipin skyldu standa beint undir dómsmrn. En þessi hæstv. ráðh., sem alltaf er að hamra á því, að ég og aðrir, sem ekki viljum gleypa þá flugu, að landhelgigæzlunni sé borgið, ef „amma“ er samþ., hann var ekki fyrr kominn til valda en hann fótum tróð lögin um landhelgigæzluna. Ég segi **fótum tróð lögin,** því að það var eitt hans fyrsta verk sem ráðh. að þverbrjóta varðskipalögin. Hann braut þau ekki einungis með því að haga framkvæmd þeirra allt öðruvísi en löggjafinn ætlaðist til og lögin fyrirskipuðu beinlínis, heldur braut hann einnig lög á mönnunum, sem á varðskipunum störfuðu. Hann skar laun þeirra niður eftir eigin geðþótta, svo að þingið varð að skerast í leikinn og bæta þótt ekki væri nema að litlu leyti úr því ranglæti, sem búið var að fremja, sérstaklega á skipstjórunum, sem þá voru á varðskipunum. Þá var ekki eftirlætisgoð hæstv. dómsmrh., sem ég mun síðar minnast á vegna sérstakra ummæla ráðh. í minn garð, komið til skjalanna.

Þegar þess er gætt, að hæstv. dómsmrh. hefir sjálfur kannazt við, að fækkun togarabrota og fækkun þeirra skipa, sem tekin eru í landhelgi, sé bein afleiðing af því, að varðskipunum hefir fjölgað, og þegar þess er einnig gætt, að þeim hefir verið fjölgað fyrir tilstilli annara en hans og hans flokks, að varðskipalöggjöfin var sett áður en hann kom til skjalanna og að hann byrjaði með því að fótum troða hana, þá get ég ekki séð, að hæstv. dómsmrh., geti haldið fram, að hann hafi gert landhelgigæzlunni gagn með aðförum sínum.

Fyrsta spor hæstv. dómsmrh. til að eyðileggja hina íslenzku landhelgigæzlu var þetta brot hans á varðskipalögunum. En hann lét ekki þar við sitja; það var aðeins upphafið, og áframhaldið hefir allt verið eftir því.

Um það leyti sem núv. stj. tók við völdum og umræddur ráðh. fékk öll ráð yfir varðskipunum, voru þau tvö, gamli Þór og Óðinn. Byrjunin á landhelgigæzlunni hafði gengið vel. A. m. k. fullyrði ég og býð hverjum að afsanna það, sem getur, að stj. ráðuneytisins á landhelgigæzlunni, yfirstjórn skipanna og eins sambúðin við foringjana á þeim útlendu eftirlitsskipum, sem hér hafa verið, var í prýðilegasta lagi. Það var heldur ekki vitað, að neitt ósamkomulag væri innbyrðis á skipunum. Engar raddir heyrðust um klögumál eða óánægju milli yfirmanna og undirmanna á þeim. Það hefði því átt að vera hæstv. dómsmrh. létt verk að halda landhelgigæzlunni í því góða lagi, sem hún var komin í, halda áfram á þeirri

braut, sem búið var að ryðja. A. m. k. gat maður vænzt þess af manni, sem áður hafði lýst yfir, að hann vildi „hefja þessa sjólögreglu okkar upp í æðra veldi", að honum veittist það ekki örðugt, þegar honum var lagður slíkur efniviður í hendur og veitt sú aðstaða og það vald, sem hann hefir.

En reyndin hefir orðið nokkuð önnur. Það bar ekki mikið á því áður en núv. dómsmrh. kom til valda, að varðskipin væru notuð til annars en landhelgigæzlunnar. Ég hefi heyrt getið um eitt einasta tilfelli, þar sem annað varðskipanna hafði farið með embættismann á milli hafna. Þá var ekki komið það lag á, sem þessi ráðh. hefir innleitt, að ráðh. notaði varðskipin eins og lystisnekkjur, fyrir sig sjálfan og kunningja sína og yfir höfuð notaði þau jöfnum höndum til landhelgigæzlunnar og ýmissa óþarfra snattferða. Afleiðingin ef einni slíkri sendiför var það, þegar gamli Þór eyðilagðist. Það var af því, að hæstv. ráðh. mátti til að senda hann með tvo kunningja sína norður fyrir land um háveturinn. Og ég skal aðeins geta þess í sambandi við ádrepu, sem hæstv. ráðh. beindi til mín og Vestmannaeyinga um fjárhagsvandræði o. s. frv., að hann efndi ekki til þess þá, þegar gamli Þór strandaði, að létta fjárhagsvandræði Vestmannaeyja; þvert á móti ætlaði hann að láta Þórsstrandið bitna á þeim. Hann ætlaði að svipta Vestmannaeyinga því starfi, sem Þór hafði haft með höndum, og láta strand hans ónýta öll loforð og samninga þings og stj. um björgunarstarfsemi þar. Þingið varð þá að skerast í leikinn, alveg eins og þegar ráðizt var á skipstjóra varðskipanna og kaup þeirra lækkað um helming frá því, sem lög ákváðu, og koma í veg fyrir, að þetta ranglætisverk væri framið.

Hæstv. dómsmrh. sagði um mig í þessari ræðu sinni, að ég hefði reynt að hindra, að landhelgin væri varin. Þetta eru hin mestu ósannindi, því að ég hefi alltaf reynt að vinna að því eftir megni, bæði innan þings og utan, að landhelgin væri vel varin. Hvort skyldi sá maður starfa að því, að landhelgin sé varin, sem barizt hefir fyrir því af fremsta megni að koma af stað íslenzkri landhelgigæzlu, eins og ég hefi gert, þótt ég hafi ekki haft eins góða aðstöðu til að vinna þessu máli gagn eins og hæstv. dómsmrh.? Hvort skyldi sá maður vinna að bættri landhelgigæzlu, sem á þingi, og eftir því, sem hann hefir fengið áorkað utan þings, hefir stutt að því, að varðskipin uppfylli hlutverk sitt, m. a. með því að benda á það hér á þingi, þegar einmitt þessi ráðh. misnotar þau? Hvor skyldi þá meira hafa gert að sínu leyti til þess að verða þess valdandi, að landhelgin sé varin, ég eða hann, sem ráðið hefir yfir varðskipunum nú í nokkur ár og misnotað þau eins og allir vita? Ég segi ekki eins og hann um mig, að illgirni og eigingirni hafi ráðið gerðum hans. Það er hégómagirni hans og valdafíkn, sem valdið hefir því, að hann hefir látið varðskipin flytja sig í pólitíska leiðangra; hann hefir gert það til þess að lyfta undir sig og sína, keypt sér vini með því að láta flytja þá milli hafna og tekið skipin frá landhelgigæzlunni vikum saman til að dútla við þesshættar snatt. Allir, sem vilja sjá það, geta séð, hvað mikil heilindi liggja á bak við, þegar maður úr sessi dómsmrh., sem þannig hefir notað aðstöðu sína, slöngvar því framan í þm., sem eftir megni hafa barizt fyrir að halda landhelgigæzlunni í góðu horfi, að þeir vilji hindra, að landhelgin sé vel varin.

Það hefir fyrr skorizt í odda með mér og þessum hæstv. ráðh. út af landhelgigæzlunni eða einhverju í sambandi við hana. Ég hefi orðið að halda uppi vörnum fyrir tvo af skipstjórum varðskipanna, sem hæstv. ráðh. hefir haft fyrir olnbogabörn. Það voru þeir Jóhann P. Jónsson, sem nú er skipstjóri á Óðni, og Friðrik Ólafsson, sem var skipstjóri á Þór. Aftur á móti hefir hæstv. ráðh. tekið einstöku ástfóstri við sérstakan mann á einu af varðskipunum, nefnilega skipherrann á Ægi. Hæstv. ráðh. hefir borið afskaplega mikið hól á þennan mann, og það er eins og vanalega hjá honum, að hann hefir farið þar út í öfgar. Það er alltaf svo hjá honum, að þegar einhverjir eru eitthvað öðruvísi en hann vill, þá eru þeir hjá honum til einskis nýtir, og jafnvel þjófar og ræningjar, þegar honum tekst upp með lýsingarnar. Þetta er nú vitnisburðurinn um þá, sem eru ekki hans

fylgifiskar, en þegar flokksmenn hans eiga í hlut, eins og skipherrann á Ægi, þá eru það þeir duglegustu, beztu, árvöknustu og á allan hátt fullkomnustu menn, sem til þekkist.

Ég sagði í umr. um þetta mál, að það væri farið mikið að ganga á tréfótum í þessari landhelgigæzlu undir stj. þessa hæstv. ráðh., og svo segir hann, að ég sé að fara með rógburð um þennan duglegasta skipstjóra varðskipanna. Þetta fullyrti hæstv. ráðh., af því að ég drap á það, sem allir vita, að það er mikið ólag orðið og ósamkomulag á einu varðskipinu, nefnilega Ægi.

Um brottrekstur stýrimanna, sem hæstv. dómsmrh. og formaður ríkisútgerðarinnar hafa framið í sameiningu, vita menn það, að nú vill hæstv. ráðh. fá sjútvn. til að samþ. þá ráðstöfun með sér. Hæstv. ráðh. segir, að það hafi verið gert vegna yfirstandandi fjárkreppu. Þessu skýtur dálítið skökku við það, sem stendur í bréfi frá Skipaútgerð ríkisins. Þar er því haldið fram, að þurfi að reka einn stýrimanninn af Ægi og annan, sem sé á Óðni, sökum þess, að þeir hafi óhlýðnazt fyrirskipunum útgerðarstjóra. Þetta kemur dálítið úr annari átt en það, sem hæstv. dómsmrh. segir, að hafi verið ástæðan. Þetta eru merkilegar upplýsingar fyrir þá menn, sem eiga sæti í sjútvn., og gott, að þær eru komnar áður en n. hefir látið uppi álit sitt, hvort hún vill fallast á, að þurft hafi að reka þessa menn.

Ég hefi minnzt á þennan njósnara, sem hæstv. ráðh. hefir haft til að hlusta á skeytaviðskipti milli togara, og að ég vissi ekki, hvar hann væri. Ég spurði um það í dómsmrn., en það kannaðist ekkert við hann, og formaður sjútvn., sem þessu ætti að vera kunnugur, vissi ekki heldur neitt um hann. En út af þessu sagði hæstv. ráðh., að hann og forstjóri skipaútgerðarinnar hefðu tíðindamenn víða í veiðistöðvum. „Þetta er eins og í stríði", sagði hæstv. dómsmrh. Hann var ákaflega hróðugur að tala um þetta stríð, þar sem væru njósnir og gagnnjósnir milli hans og togaranna. Eftir þessum orðum hans er ekki eingöngu einn hlustari, heldur margir, a. m. k. gat ég ekki skilið orð hans öðruvísi en svo, að þeir væru margir og víðsvegar. Má það þó merkilegt heita, þegar þess er gætt, að hæstv. ráðh. gaf þær upplýsingar, að allt þetta hlustarafyrirkomulag hefði engan árangur borið, því að ekki er hætt við, að hæstv. ráðh. hefði ekki notað sér upplýsingarnar, ef hann hefði fengið þær frá þessum mönnum. Svo mikið kappsmál er honum að telja mönnum trú um, að hér sé um glæpsamlegt athæfi að ræða af togaranna hálfu, sem bæði ég og aðrir slíkir menn vilji halda verndarhendi yfir o. s. frv.

Hæstv. ráðh. talaði um þessa miklu svikara og stórbrotamenn, sem hann vissi af hér innan þings. Ég spurði hann, hverjir þessir menn væru, en fékk vitanlega ekkert svar við því. Yfir höfuð var ræða hæstv. ráðh. einn langur reiðilestur yfir mér fyrir það, að ég hafi gerzt svo djarfur að benda á galla á þessari lagasmíði, sem bæði hann og hv. form. sjútvn. þykjast trúa á og mér er sagt, að flokksmenn hans ætli nú að gera honum til geðs að samþ. að þessu sinni.

Ég vil ekki vera eins og hæstv. ráðh., að vera kallaður rógberi án þess að reyna að bera það af mér. Ég kann ekki við annað en að bera hönd fyrir höfuð mér, þegar ég er borinn sökum, er ég skýri frá staðreyndum, sem eru svo augljósar, að það er hægt að staðfesta og sanna þær skjallega hér á þingi. Og ég tel mig hafa fullan rétt á því sem þm. að geta um það í sambandi við þetta mál, þegar hægt er að sanna jafnmikil mistök og virðast hafa komið fram í sambandi við annað varðskipið nú upp á síðkastið. Það er talsvert alvarlegt mál, þegar stofnun eins og Skipaútgerð ríkisins leitar til sjútvn. til að fá samþ. brottrekstur tveggja manna, og annar þeirra er barnamaður með sex menn í heimili.

Ég held, að hæstv. ráðh. hafi ekki tekizt að hefja sjólögregluna upp í hærra veldi en hún var í, þegar hann kom í ráðherrasæti. Mér virðist, að afskipti hans af landhelgigæzlumálunum hafi heldur dregið úr áliti landhelgigæzlunnar og fært hana á lægri svið en hún var á áður. Það er vitanlegt, að nýlega voru 3 stýrimenn, einn loftskeytamaður og bryti af Ægi því sem næst reknir, a. m. k. var eitthvað bogið við þeirra landgöngu. Þetta allt stafar af því mikla ósamkomulagi,

sem er um borð. Það getur verið, að einhverjir þessara manna séu komnir um borð aftur, en a. m. k. eru þeir það ekki allir. (**Forseti**: Ég vil biðja hv. þm. að halda sér betur við efnið). Ég varð að svara því, sem hæstv. dómsmrh. var að bera á mig. Hann bar á mig, að ég hefði verið með rógburð, og ég vona, að hæstv. forseti leyfi mér að bera hönd fyrir höfuð mér, fyrst ég get með hægu móti sannað, að þau ummæli voru ómakleg.

Einn af þessum stýrimönnum er sá, sem ríkisútgerðin hefir leitað til sjútvn. um að koma burt af skipinu. Frá honum liggur fyrir bréf, dags. 29. marz, þar sem hann getur um það, að vegna þess, hve að honum er þrengt af yfirboðurum hans, hafi hann ekki séð sér annað fært en að ganga af skipinu, þó að hann eigi sér ekkert víst um atvinnu og hafi að sjá fyrir 6 manna heimili. Tilefni þessa ósamkomulags virðist vera kæra, er 8 menn af Ægi senda til forstjóra útgerðar ríkisskipanna, Pálma Loftssonar, þann 4. des. síðastl., þar sem þeir kæra skipstjóra sinn. Með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa þessa kæru upp. Hún hljóðar þannig:

Reykjavík, 4. desember 1931.

Herra útgerðarstjóri
Pálmi Loftsson.

Eins og útgerðarstjóranum mun kunnugt, hefir samkomulagið um borð í varðskipinu ekki alltaf verið eins og vera skyldi milli skipstjóra og annara yfirmanna skipsins. Aðalástæðan fyrir því er sú, að skipstjóri hefir ekki sýnt mönnum almenna kurteisi og oft látið sér um munn fara orð, sem siðuðum mönnum eru að öllu leyti ósæmandi. Skipanir sínar hefir hann oft gefið með blótsyrðum, og jafnvel látið spark fylgja.

Hingað til höfum vér ekki viljað kæra þetta vegna yfirboðara hans, en 1. desember kom fyrir það atvik hér um borð, sem vér allir erum sammála um að þola ekki.

Aðstoðardrengur bryta er prúður unglingur, einhver sá bezti, er í þessari stöðu hefir verið. Umræddan dag eftir matartíma var hann í borðsalnum með bræðrum sínum tveimur, syni fyrsta stýrimanns og Ólafi nokkrum Magnússyni, hálfvita. Drengjum þessum hafði hann gefið kaffi. Í þessu bar skipstjóra þarna að, og spurði hann eftir bryta eða matsveini, en þeir voru ekki viðstaddir. Lét skipstjóri það gott heita, og ekki bannaði hann drengnum þá að veita þetta kaffi. Daginn eftir kallar skipstjóri drenginn til sín og rekur hann af skipinu. Drengurinn biður skipstjóra hágrátandi að fyrirgefa sér, en fær það svar, að hann hafi gott af því að fara í land; aðrir, sem kæmu eftir hann, mundu af því læra. Fyrsti stýrimaður, faðir eins drengsins, gerði sér þá ferð til skipstjóra, bauðst hann til að greiða hið umrædda kaffi, ávíta drenginn og ábyrgjast, að þetta kæmi ekki fyrir aftur, en skipstjóri kvaðst reka drenginn. Brytinn fór einnig til skipstjóra í sömu erindagerðum, og varð árangurinn hinn sami.

Oss finnst atvik þetta lýsa hreinni og beinni mannvonzku, og þar sem vér sjáum ekki annað en að vér eigum á hættu að verða reknir fyrir jafnsmávægilegar yfirsjónir, sem öllum getur orðið á, treystum vér oss ekki til að vera á skipinu áfram, nema þessu sé kippt í lag. Er það áskorun vor, að útgerðarstjóri sjái svo um, að umræddur drengur haldi stöðu sinni á skipinu. Að öðrum kosti er það ósk vor að verða afskráðir nú, áður en skipið fer í næsta túr, því að núv. ástand er með öllu óþolandi".

Kæran er undirskrifuð af mönnum þeim, er hér segir:
Þ. A. Þorsteinsson, Guðbjörn Bjarnason, Jens Stefánsson, Adolf Guðmundsson, Kristján Sigurjónsson, Pétur Guðmundsson, Guðmundur Þorsteinsson, Sigmundur Pálmason.

Ég ætla, að hæstv. ráðh. haldi á frekar tæpu máli, þegar hann, eftir að ég hafði gert þá aths., sem ég gerði, vitandi það, hversu mjög allt gekk þarna á tréfótum, segir mig vera með rógburð. Mér virðist þessi kæra sanna, að eitthvert ólag sé þarna undir handarjaðri hæstv. ráðh. Ég veit ekki, hvað réttlætistilfinningin hefir boðið honum að gera í þessu efni, en ekki er vitanlegt, að neitt hafi gerzt annað en brottganga þessara manna, sem ég drap á áðan. Svo virðist, a. m. k. að því er snertir einn mann, eiga að draga sjútvn. Alþingis inn í þetta mál og láta þær

samþ. hefnd ráðh. á þessum manni, eða tveimur þó.

Hæstv. ráðh. talaði mikið um, að togaraeigendur, sjómenn og ef til vill fleiri vildu halda hlífiskildi yfir lögbrotum; menn langaði til að græða ólöglega. Það getur vel verið, að menn langi til að græða, en ég veit, að suma menn langar líka til að ráða, og horfa ekki mikið í að ráða ólöglega. Hæstv. dómsmrh. á ekki hvað sízt skilið þessa málagrein. Það getur verið, að hann sé ekki mikið fyrir að græða, en þó hygg ég, að hann þiggi fóðrið sitt, eins og aðrir. Hitt er víst, að hann svífist lítils til að geta ráðið. Mætti benda á mörg dæmi um lögbrot hans og yfirtroðslur, þegar hann hefir langað til að koma sínum vilja fram.

Ég held, að ég hafi þá lagt inn hjá hæstv. ráðh. fyrir það, sem hann beindi til mín í ræðu sinni, en þrátt fyrir það er enn nóg eftir á að minnast í sambandi við þetta mál. Ég mun samt láta hér staðar numið að sinni, en áður en ég lýk máli mínu vil ég minna hv. þd. á, að það er ekki aðeins ég, sem held því fram, að „ömmufrv." sé með öllu gagnslaust. Allir þeir sérfræðingar í loftskeytasendingum, sem vinna á íslenzka togaraflotanum, vita og hafa sýnt fram á, að frv. kemur ekki að nokkru minnsta haldi. Menn geta farið í kringum ákvæðin án þess að stofna sér í nokkra hættu, bara ef þeir vilja.

Hv. 1. þm. S.-M. byggir allt á drengskaparheitinu, en menn þurfa ekki að rjúfa það drengskaparheit, þó að þeir komi skeytum milli togara viðvíkjandi varðskipunum. Það er glompa í þessu frv., sem hefir ekki verið lagfærð, því að það verður eftir sem áður opin leið til að senda hvaða skeyti sem er til útlendra togara, og þaðan lengra, ef vill.

Það er náttúrlega rétt af Alþingi að setja löggjöf um mál, er almenning varðar, þó aðeins þau lög, sem eru til bóta, en ekki fyrirsjáanlega til spillis. En ég hygg, að löggjöf sú, er hér ræðir um, með þeim forsendum, sem henni hafa fylgt þing eftir þing, sé frekar til að spilla fyrir en bæta úr. Það mun reynslan sýna, ef þessi ákvæði koma til framkvæmda.

Guðbrandur Ísberg: Ég vil leyfa mér, áður en ég tek til máls um þetta frv., að benda hæstv. forseta á, að d. er ekki ályktunarfær, og jafnframt vil ég spyrja hann, hvort það sé meiningin að halda þm. hér fram á næsta dag, svo að umr. nái saman.

Forseti (JörB): Það er óákveðið, hvað umr. verður haldið lengi áfram.

Guðbrandur Ísberg: Ég vil þá leyfa mér að beina þeirri ósk til hæstv. forseta, hvort hann vilji ekki láta fara fram nafnakall um það, hvort þd. vill halda áfram umr. um málið. Klukkan er nú orðin hálf-eitt.

Forseti (JörB): Mér virðist rétt að halda áfram umr. nokkra stund enn. Það hefir gengið svo seint með afgreiðslu mála, að það er mesta nauðsyn að koma þeim nú sem lengst, en það má ekki takast, nema með löngum fundum, þar sem umr. hafa orðið mjög langar.

Guðbrandur Ísberg: Ég verð auðvitað að beygja mig fyrir úrskurði hæstv. forseta, en ég er ekki sem bezt ánægður með það að eiga að sitja hér við dyrnar í alla nótt, eftir það að hafa verið hálfskjálfandi í allan dag vegna trekks frá dyrunum.

Hv. þm. Vestm. hefir lýst afstöðu okkar minni hl. í sjútvn. og bent sérstaklega á það álit okkar, að frv. geti ekki náð tilgangi sínum. En með því er stofnað til mikillar og óþarfrar skriffinnsku fyrir loftskeytamenn á togurunum. Ég mun ekki fara mikið út í umr., en vil þó benda á það, að þetta eykur gífurlega starf loftskeytamannanna, og svo tekur það einnig tíma að taka á móti skeytunum í landi og lesa þar úr þeim. Í lok 4. gr. frv. er sagt, að landssímastjóri skuli hafa skoðun þessa með höndum, og að því búnu eiga skeyti þess að sendast til dómsmrn. En ef við athugum þessi fyrirmæli í sambandi við bréf loftskeytamanna, sem fylgir nál. á þskj. 196, fáum við þær upplýsingar, að 10 mánuði ársins séu send milli skips og lands 850 þús. loftskeyti. Þennan skeytafjölda tæki svo mikinn tíma að rannsaka, að þó landssímastjóri gerði aldrei annað, ynnist honum ekki tími til þess. Í 4. gr. segir ennfremur, að

sjútvn. Alþingis eigi líka að fá skeyti til athugunar. Ég get ekki skilið, að þær fari að eyða sínum dýrmæta tíma í það að fara í gegnum þessa ófróðlegu skeytabunka. Þá er bara dómsmrh. eftir. Auðvitað væri æskilegast, að dómsmrh. tæki sjálfur að sér þessa skoðun. Hann gerði þá a. m. k. ekki annað óþarfara á meðan. Nú má gera ráð fyrir, að flest þessi skeyti séu á dulmáli og taki því langan tíma að stafa sig fram úr hverju þeirra. Og gera má ráð fyrir, að maður athugaði 25 skeyti á klst.; með 8 stunda vinnudegi yrðu það 200 skeyti á dag. Það yrðu 60—70 þús. á ári. En hér er um 850 þús. skeyti að ræða. Það þyrfti því 13—14 menn að sitja við allt árið, ef tími ætti að vinnast til þess að skoða öll skeytin. Ef við sláum nú af og segjum sem svo, að maður mundi lesa úr 50 skeytum á klst., þá er þetta samt viðbót við starfsmannahald ríkisins, sem nemur einum 7—8 mönnum. En ég vil benda hv. d. á það, að eigi að drífa þetta frv. í gegn, verður að ætla álitlega fúlgu í fjárl. til þess að launa þessa menn. Ef gert er ráð fyrir, að hver maður fái 5000 kr. í árslaun, væru þarna 40000 kr., sem sannarlega væri hægt að verja betur. T. d. væri hægt að gera annað varðskipið, sem nú liggur í höfn, út um tíma fyrir þetta fé. Og það væri ólíkt betra fyrir landhelgigæzluna heldur en þessi gagnslausa frv.-ómynd.

Jón Auðunn Jónsson: Ég vil fyrst, með leyfi hæstv. forseta, tala nokkur orð um þingsköp. Ég veit ekki til þess, að vant sé að halda þm. við umr., þegar orðið er svona fátt í d. Ég vil biðja hæstv. forseta að hringja, og fáist ekki helmingur hv. þdm. á fund, er hæstv. forseta vansæmd að því að láta okkur þá fáu, sem eftir erum, sitja og tala yfir tómum bekkjum. — Ég sé, að hæstv. dómsmrh. skýtur upp í dyrum ráðherraherbergisins, og skal ég játa, að það er þó alltaf gott að fá að sjá framan í hæstv. dómsmrh. En ég vil beina því til forseta, að ég hefði talað stutt um þetta mál að degi til, ef þingheimur hefði verið viðstaddur, en eigi að halda því fram til streitu, að umr. haldi nú óslitið áfram, mun ég ekki spara tímann, sérstaklega þegar svo vel hittist á, að hæstv. dómsmrh. er viðstaddur.

Forseti (JörB) (hringir): Út af ummælum hv. þm. N.-Ísf. vil ég taka það fram, að ég hefi áður sagt, hvers vegna ég neyðist til þess að hafa fundina svona langa. Það er til þess, að hægt sé að koma einhverjum málum fram. Ég geri það ekki af neinum leikaraskap að hafa næturfundi; þeir koma ekki síður við mig en aðra hv. þm. En ég vænti þess, að hv. dm. sjái nauðsyn á því, að afgreiðsla mála verði að ganga betur hér eftir en hingað til.

Út af því, hvað margir hlusta á ræður hv. þm., er það að segja, að ég get þar engu um ráðið, þar sem ég hefi engum þm. gefið fjarveruleyfi frá þessum fundi.

Jón Auðunn Jónsson: Ég kann illa við það, að hæstv. forseti skuli láta hæstv. dómsmrh. fá sig til þess að beita slíku ofbeldi við dm., að þeir fái ekki að tala um þingmál, þegar einhverjir eru til að hlusta á ræður þeirra. Ég skora því enn þá á hæstv. forseta að hringja duglega, og komi enginn, þá að fresta umr.

Forseti (JörB) (hringir): Út af ummælum hv. þm. N.-Ísf. vil ég enn taka það fram, að fyrst engir þm. hafa burtfararleyfi, er það ekki mín sök, þótt þeir séu ekki hér til þess að hlusta á ræður hv. þm. Ég sagði öllum strax í morgun, að fundi yrði haldið áfram ótiltekið. Það er því ekki að neinu leyti mín sök, þótt fámennt sé í d. nú.

Frsm. minni hl. (Jóhann Jósefsson): Ég vil bera þá fyrirspurn upp fyrir hæstv. forseta, hvort meiningin sé sú, að ljúka þessari umr. í nótt, hvað lengi sem hún kann að standa.

Ólafur Thors: Hæstv. forseti hefir nú hringt allmyndarlega tvisvar sinnum, en enginn hefir komið til messunnar. Ég vil nú spyrja hæstv. forseta, hvaða sanngirni sé í því að halda okkur, þessum fáu hræðum, sem nú erum orðnir eftir í d. og hlýðum þeim reglum, sem stöðu okkar fylgir, hér við umr. langt fram á nótt, þegar flestir flokksbræður hæstv.

forseta eru löngu sofnaðir (það slokknar á nokkrum perum) og ljósin slokkna af sjálfu sér. Við eigum heimtingu á því, að hæstv. forseti sjái um, að hv. þm. séu þó í húsinu, þegar umr. fara fram, þótt um ómerkilegt mál sé að ræða. Ég skil ekki, með hvaða rétti á að halda okkur hér, þegar sá hæstv. ráðh., sem hlut á að máli og helzt þyrfti að tala við, hleypur alltaf út, þegar andstæðingar hans byrja að tala, en læðist inn á milli til þess að hvísla í eyru forseta.

Forseti (JörB): Ég hélt, að ég þyrfti ekki að taka það oftar fram, að það stendur ekki í mínu valdi að halda hv. þm. á fundi.

Ég vænti þess nú fastlega, að hv. þm. N.-Ísf. noti nú sinn tíma, og svo skulum við sjá til um kl. 1, hvort haldið verður áfram.

Frsm. minni hl. (Jóhann Jósefsson): Ég vil mælast til þess, að hæstv. forseti svari fyrirspurn minni sem fyrst. Ég spurði, hvort það væri meiningin að halda þessum fundi áfram þar til frv. yrði útrætt til 3. umr. Þessu óska ég, að svarað sé strax.

Forseti (JörB): Ég bið hv. þm. Vestm. afsökunar á því, að ég gleymdi að svara fyrirspurn hans. En það var mín meining, að þessari umr. yrði lokið í kvöld. — Ég vil nú eindregið skora á hv. þm. N.-Ísf. að nota sinn ræðutíma.

Ólafur Thors: Hæstv. ráðh. var í kvöld að tala um þá, sem gegndu skyldu sinni, og þá, sem ekki gegndu skyldu sinni. Ég vil minnast á það, að ég hefi hvorki séð hæstv. forsrh. né hæstv. fjmrh. meðal skyldurækinna dm. í kvöld. — Ég vil mælast til þess, að forseti láti fara fram nafnakall um það, hvort umr. skuli nú haldið áfram lengur.

Forseti (JörB): Ég skil ekki í því, að hv. þdm. þyki betra að tala um þingsköp í alla nótt. — Umr. heldur nú áfram.

Frsm. minni hl. (Jóhann Jósefsson): Ég bar fram fyrirspurn mína áðan sökum þess, að ég vildi fá að vita, hvort hæstv. dómsmrh. yrði leyft að ausa úr sér einni af sínum alþekktu ræðum og umr. yrði svo frestað, án þess að færi gæfist á að svara. Þetta hefir oft komið fyrir hér í hv. d. Ég tel það mjög sanngjarnt, fyrst stjórnarliðið er því nær allt farið, og hjálparliðið líka, að atkv. sé leitað um það, hvort halda skuli umr. áfram eða ekki.

Forseti (JörB): Ég ætla, að ekki sé langt síðan umr. var frestað í miðri ræðu hv. þm. Vestm., svo að ég skil ekki, að hann skuli bera mér á brýn hlutdrægni, hvað það snertir. — Ég vænti þess, að hv. þm. N.-Ísf. noti nú sinn ræðutíma.

Jón Auðunn Jónsson: Það stendur í 1. gr. þessa frv., að allir togarar skuli hafa fullkomin loftskeytatæki. Nú vitum við það, að á þýzku togurunum, sem eru allra togara bezt útbúnir, er hætt að hafa loftskeytatæki, en firðtaltæki tekin upp í stað þeirra. Ég kom um borð í togara frá Þýzkalandi fyrir fáum mánuðum. Ég spurði skipstjórann, hvernig þessu væri fyrir komið, og sagði hann, að í öllum togurum þess félags, sem hann vann hjá, en þeir eru yfir 100, væri hætt við loftskeytatæki, en firðtaltæki sett í þeirra stað. Og þetta væri ákaflega þægileg breyting, taltækin væru miklu ódýrari, enda mætti heita svo, að á hverri viku væru loftskeytatækin tekin úr fjölda fiskiskipa og taltækin tekin upp. Mér finnst í meira lagi undarlegt, ef Alþingi ætlar að fara að koma í veg fyrir, að nýjar og betri aðferðir verði teknar upp á íslenzkum veiðiskipum. En það er svo með þetta frv., að það var sannað fyrir mörgum árum, og sá, sem það gerði, hefir ekki lagt það ómak á sig að breyta eftir kröfum tímans, heldur flytur það óbreytt þing eftir þing. — Frá þýzka togaranum, sem ég minntist á áðan, talaði ég við 2 þýzk skip, og var annað 28 mílur suðaustur af Ingólfshöfða, og heyrðist ágætlega. Sum skip hafa meira að segja svo góð tæki, að þau geta staðið í talsambandi við Þýzkaland héðan frá Íslandi. Ég held því, að mjög sé varhugavert að samþ. frv. þetta eins og það liggur nú fyrir. Ég geri að vísu ráð fyrir því, að flm. þessa frv. muni þykja það ágætt, að

íslenzk veiðiskip séu verr útbúin en þyrfti að vera, því að hann hefir alltaf sýnt, að hann vill togaraútveginn feigan. En ég vona, að enginn hv. þm. fylgi honum í því athæfi. Því að eflaust yrði þrengra fyrir dyrum smáútvegsmanna, bænda og verkalýðs, ef togaraútgerðin verður dæmd til þess að deyja út. En með þeirri stefnu, sem nú er haldið, að honum er alltaf í-þyngt meira og meira, er ekki annað fyrirsjáanlegt en að hann verði að hætta.

Hv. þm. Ak. hefir glöggiega bent á það, sem gerir þetta frv. að hreinasta humbugi. Enginn vafi er á því, að mikið þarf að fjölga starfsmönnum ríkisins, ef á að þýða öll skeyti milli skipa og lands. Ég hefi verið um borð í togara í stuttri veiðiför. Okkur gekk erfiðlega að finna fisk, en í 3 daga höfðum við alltaf skeytasamband við togara hér fyrir sunnan og austan land, og leið enginn hálftími svo, að við skiptumst ekki á skeytum við önnur skip um aflafréttir. Öll skipin í þessu skeytafélagi, en þau voru um 10, sögðu frá, hvað kom í hverjum drætti, hvort aflinn væri að glæðast eða þverra. Við vissum alltaf jafnsnemma og þeir hvað veiðinni leið. Mér er óhætt að segja, að á þessum þrem sólarhringum sendu þessir 10 togarar mörg hundruð skeyti, og hefði verið mikið erfiði fyrir loftskeytamennina, hefðu þeir átt að skrifa þau öll upp.

Það er ekki lítið aukið erfiði, sem lagt yrði á loftskeytamennina með því að skylda þá til að skrifa niður öll skeyti, sem þeir senda og taka á móti, og mundi slíkt tefja svo stórkostlega fyrir öllum skeytasendingum milli skipa, að ekki yrðu full not stöðvanna í skipunum. Ég verð að segja það, að ég gæti vorkennt loftskeytamönnunum, sem verða að hafa heyrnartólin á höfðinu 11—12 klukkustundir samfleytt, aðeins með mathvíldum, þó að þeim sæist yfir að bóka rétt hvert það skeyti á dulmáli, sem þeir annaðhvort senda sjálfir eða taka á móti, en undir eins og þeirri reglu er ekki fylgt og skeytin verða öðruvísi í afriti en þau voru í raun og veru, er dómsmrn. þar með gefin ástæða til að hafa grun á þessum skipum og þá banna þeim að nota loftskeytatækin. Það má búast við því, og ég hygg enda, að það sé meiningin með þessu frv., að sett verði á stofn mannmörg skrifstofa, sérstakir hlustendur, sem reyni að taka skeytin milli skipanna, og slíkt má nokkurnveginn takast, ef 10—20 menn eru á þessari skrifstofu, og strax og þannig yrði hægt að staðreyna misritun skeyta milli skipanna, getur dómsmrn. svipt slík skip loftskeytatækjunum, ef því býður svo við að horfa. Nú vita allir, hversu feikilega þýðingu loftskeytatækin hafa fyrir veiðar skipanna. Muna allir hinir eldri sjómenn, að skipin urðu oft að leita 4—5 daga og jafnvel upp undir viku að fiski án þess að finna, áður en loftskeytin komu til sögunnar, af því að önnur skip, sem fundið höfðu aflann, gátu ekki látið vita um, þó að þau vildu. Ég þykist og vita það, að enginn gangi þess dulinn, að hæstv. dómsmrh. mundi grípa fegins hendi öll tækifæri til að svipta skipin loftskeytatækjunum. — Ég hefi heyrt það frá einum af skósveinum hæstv. dómsmrh., að nú væri stjórnarflokkurinn búinn að taka fram fyrir hendur hæstv. dómsmrh. um skipun nýrra embætta og starfsmanna, en flokksmenn ráðh. hafa áreiðanlega ekki séð í gegnum hann, þegar þeir lofuðu að fylgja þessu frv. „Hann vissi, hvað hann gerði hann Jónas". Með frv. er honum búin opin leið til að ráða 15—20 nýja starfsmenn til eftirlits í þessum efnum, og þarf ekki að efa, að þær upphæðir, sem til þessara manna rynnu, yrðu ekki neitt smáræði, er tímar líða fram. Ef menn annars eru svo auðtrúa, að þeir trúi því, að með þessu frv. verði unnt að koma í veg fyrir eitthvað af lögbrotum landhelgiveiða, ættu þeir a. m. k. að treysta landssímastjórninni til að fara með eftirlitið og leggja framkvæmdir þessara mála undir hana. Hitt er hið mesta óráð, eins og enda allir hljóta að sjá, þegar þeim er bent á það, að gefa manni eins og dómsmrh. með þessu átylu til að svipta andstæðinga sína því notagildi, sem loftskeytin hafa fyrir veiðar skipa þeirra. Ég hefi sagt hér frá því áður, að á skipi, sem ég er útgerðarstjóri fyrir, hafi loftskeytamaðurinn búið sér til firðtalsáhald, og er hann var að reyna þetta áhald, fékk hann mann á Ísafirði til að hlusta eftir firðtali frá sér. Héldu sumir, að þetta væru boðsendingar til útgerðarinnar, og andstæðingablað mitt á Ísafirði bar mér það á

brýn, að ég hefði látið smíða þetta áhald í því skyni að geta sent skipið inn í landhelgina, og gekk það svo langt í þessum rógi sínum, að ég neyddist til að stefna ritstjóranum vegna útgerðarinnar og fá ummælin dæmd dauð og ómerk og ritstjórann sektaðan. Þessi loftskeytamaður var að reyna að finna nýja leið til að búa til ódýr firðtæki, og þó að hann gæti að vísu ekki talað óraleiðir með þessu tæki sínu, sem hann hafði algerlega búið til sjálfur og ekki kostaði nema um 400 kr., gat hann samt látið heyra til sín frá Halamiðum allt austur til Þórshafnar á Langanesi. Átti hann oft samtal við Esju og Gullfoss álíka leiðir, og heyrðist svo vel í tækinu, að farþegarnir heyrðu jafnvel samtalið út á þilfar, og gerði það oft mikla lukku, því að hann var þá stundum að skýra frá því á sjómannamáli, sem í botnvörpuna hefði komið í það og það skipti. Hæstv. dómsmrh. hefir farið eins í þessum efnum. Hann hélt í upphafi, að loftskeytin væru mikið notuð í óleyfilegum tilgangi, en ég er sannfærður um, að hann hefir nú fengið þær upplýsingar í þessu máli, að hann veit, að þetta er ekki rétt. Ég veit það, að flest eða öll íslenzk skip eru nú hætt að fara í landhelgina, og mig undrar þetta ekki, því að áhættan er svo mikil, að það má kalla helbera heimsku að ætla sér að fara í landhelgina, ef hún er varin, svo sem nú er hægt með þeim skipakosti, sem við höfum yfir að ráða, og jafnvel þótt ekki væru nema 2 skip við gæzluna, enda ætla ég, að öllum sé ljóst, af hverjum rótum þetta frv. er runnið.

Ég sé, að klukkan er farin að ganga tvö, og vil því beina því til hæstv. forseta, hvort ég á að halda áfram ræðu minni, en ég á allmikið eftir af henni enn, eða hætta nú og geyma mér niðurlagið þar til síðar, og kysi ég það heldur, til þess að ég gæti náð til fleiri þm. en nú eru hér staddir með orð mín, og þá ekki síst hæstv. dómsmrh., sem hefir ekki látið sjá sig hér í deildinni nema rétt í byrjun ræðu minnar.

Forseti (JörB): Ég ætla, að það sé bezt, úr því að nú er orðið svo mjög áliðið, að hv. þm. geymi það, sem hann kann að eiga eftir af ræðu sinni, þar til seinna, enda augsýnilegt, að ekki má takast að lúka umr. að þessu sinni hvort sem er.

Jón Auðunn Jónsson: Mér þykir vænt um, að svo má vera, og skal þá lofa því að vera stuttorðari en ég ella hefði orðið, ef hæstv. forseti hefði pínt mig til að halda áfram ræðu minni nú. [Frh.].

Umr. frestað.

Á 41. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 44. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. aftur tekið til frh. 2. umr.

Jón Auðunn Jónsson: Ég vil spyrja hæstv. forseta, hvort hann getur ekki tekið málið út af dagskrá, þar sem hv. frsm. minni hl. er ekki viðstaddur.

Forseti (JörB): Ég get orðið við tilmælum hv. þm. og tek málið hér með út af dagskrá.

Á 48. fundi í Nd., 11. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Jón Auðunn Jónsson [frh.]: Á næturfundi, síðast þegar mál þetta var rætt hér í d., benti ég á nokkur atriði, sem mér þóttu varhugaverð við frv. Ég sé mér ekki annað fært en að endurtaka nokkuð af því, sem ég þá sagði, því að þá voru nálega engir á fundi, og hafa því fæstir hv. þdm. hlýtt á mál mitt.

Ég benti þar á, að það væri varhugavert að fyrirskipa, að skip skyldu hafa loftskeytatæki. Ég vildi, að þar yrði einnig bætt við firðtalstækjum. Það er vitanlegt, að nú er svo komið, að erlend skip kjósa frekar firðtalstæki en loftskeytatæki; þau eru talin heppilegri til viðskipta milli skipa.

Þá hafa ýmsir bent á, að það er nær ógerningur fyrir loftskeytamennina að bókfæra öll þau skeyti, er milli veiðiskipa fara. Oft er það svo, þegar lítið aflast, að þá er nær allur sólarhringurinn notaður til að símast á milli veiðiskipa og reynt þannig að fá aflafréttir. Eins og félag loftskeytamanna hefir bent á í bréfi sínu, þá er þetta svo mikið starf,

að nær ómögulegt er að anna því. Í bréfinu er talið, að á 10 mánaða veiðitíma ísl. skipanna fari um 850 þús. skeyti milli þeirra samtals. Það er því auðséð, að þetta ákvæði um bókun skeytanna er alveg óframkvæmanlegt.

Ennfremur er ákveðið í frv., að loftskeytastöðvum í landi og loftskeytamönnum varðskipanna skuli skylt að taka upp skeyti, sem fara milli veiðiskipanna innbyrðis. Það þarf sjálfsagt sérstakan mann á loftskeytastöðinni hér til að gegna því starfi. Nú er það svo, að skipin nota aðra bylgjulengd sín á milli en þar er notuð, og þarf því að hlusta á annari bylgjulengd. Það þarf því tvöfaldar vaktir, og leiðir þetta því sýnilega af sér mikla aukningu starfsfólks. Fyrir þá, sem sannfærðir eru um, að þetta komi að engum notum, eru það ekki meðmæli, að því fylgja óhjákvæmilega aukin útgjöld.

Í þessu sambandi vil ég minna á það, sem loftskeytamennirnir, sem þessum málum eru langsamlega kunnugastir allra manna, segja. Þeim farast svo orð í bréfi því, sem ég áður nefndi, „að svo framarlega sem menn á annað borð vilja hafa sig til þess að nota loftskeytatækin til ólöglegra veiða, mun hinu strangasta eftirliti með því veitast það erfitt, svo ekki sé sagt ómögulegt, að fyrirbyggja það;svo margvíslega má fara í kringum allt eftirlit".

Þá er eitt atriði, sem ég vil benda á. Nú getur það komið fyrir eftir að búið er að skila símlykli, að eitthvað misritist í skeyti. Komi það fyrir, þá má strax segja, að það sé grunsamlegt, og þá hefir dómsmrh. þegar fengið það vopn í hendur að svipta viðkomandi útgerðarfélag leyfi til að nota loftskeyti. Vitanlega mundi hæstv. núv. dómsmrh. nota sér þetta fljótlega í sumum tilfellum. En lagasetning, sem slíkt hefir í för með sér, er hreint ótæk, einkum þegar svo er jafnframt ástatt sem loftskeytamennirnir segja, að þetta komi að engum notum, ef menn á annað borð vilja fara í kringum lögin.

Annars er það vitanlegt, að eftir að eftirlitsskipum fjölgaði hefir lítið verið um landhelgiveiðar, enda er það ekki skynsamleg áhætta. Með fjölgun skipanna höfum við komið á svo öruggri gæzlu sem hægt er, svo framarlega sem við höfum ráð á að halda þeim úti. Hitt er vitanlegt, að hin gífurlega misnotkun varðskipanna hefir mikið dregið úr nytsemi þeirra, og það er kaldhæðni örlaganna, að sá, sem mest hefir gert að því að misnota varðskipin og þar með spilla fyrir góðri gæzlu, ber fram þetta málamyndafrv. til að leiða athyglina frá sér, hinum stórseka manni, og fá menn með þessu til að trúa, að hann sé saklaus. Aðferðin er sú sama og tíðkast hjá afbrotamönnum, þegar þeir hlaupa undan og hrópa sjálfir: „Grípið þjófinn," — til þess að leiða athyglina frá sér. Ég veit ekki, hversu margir hv. þdm. fást til að leika hlutverk hins auðtrúa almúga og taka þessu frv. vel.

Enn má nefna það, hvílík óþægindi það hefir í för með sér að eiga að gefa drengskaparvottorð í hvert skipti, sem skeyti er sent. Eins og allir vita, þá reyna útgerðarmenn að verða sér úti um allar þær upplýsingar um veiði, sem fáanlegar eru. Það er oft, að send eru 5—6 skeyti til sama skips á einum eftirmiðdegi. Skeytastöðinni hér er lokað kl. 9 að kvöldi, og þá er það venjan að hringja aðeins loftskeytastöðina upp og biðja fyrir skeytið. En með því að heimta skriflegt drengskaparheit í hvert skipti er fyrir það girt, að sú aðferð verði viðhöfð. Hinsvegar er það svo, að flestir togararnir hafa með sér félagsskap eða samband, sem í eru 3—5 og allra mest 7—8 togarar. Þessir togarar gefa svo hver öðrum bendingar um aflabrögð og dreifa sér oft í því skyni og láta svo hver annan vita, þegar fiskur hittist. Stærsti ókosturinn við þetta frv. er, að það hlýtur að draga úr aflafeng togaranna. Nú má vera, að þeir menn eða sá maður finnist, sem ekkert kærir sig um það, að togararnir afli sem mest. En ég hygg þó, að allir hv. þm. þessarar d. muni vera sammála um það, að ekki beri að spilla afla togaranna að ástæðulausu. En það er alveg fyrirsjáanlegt, að svo verður í mörgum tilfellum, ef frv. þetta verður samþ. Ég vil því vona, að hv. dm., sem fengið hafa umsögn félags loftskeytamanna um, að frv. þetta muni ekki koma að neinum notum til verndar landhelginni, fari ekki að samþ. þetta frv.

Það er að vísu vitanlegt, að hæstv. dómsmrh. leggur á það ofurkapp að fá þetta frv. samþ. Ég veit ekki, hvers vegna hann gerir það, en ég býst þó við, að það sé í þeirri von, að hann nái betur til andstæðinga sinna og geti gert þeim óleik. — Ég hefi áður bent á það, að alltaf getur komið fyrir, að skeyti misritist. Þá er fengin ástæða til þess að gruna það skip um ólöglegar veiðar, og er þá samkv. frv. gefinn réttur til þess að svipta það notkun loftskeytatækja um óákveðinn tíma. — Nú hefir það verið svo og er enn, að langsamlegur meiri hl. þeirra brota, sem framin eru í landhelginni, eru framin af útlendingum. Er það líka eðlilegt, að svo sé, þegar á það er litið, að við höfum ekki nema 30—40 togara, en útlendu togararnir hér við land eru oft 10—15 sinnum fleiri. Auk þess fiska okkar togarar mest í salt, og er þá engin eða a. m. k. lítil ástæða til þess að fiska í landhelgi. En útlendu skipin fiska í ís allan ársins hring, og þá er ástæðan fyrir þá að fara í landhelgi alltaf jöfn, því að sá fiskur, sem er verðmestur sem ísfiskur, heldur sig einatt innan landhelginnar. Jafnvel þótt íslenzku togararnir sýndu eins mikla viðleitni til að fiska í landhelgi eins og þeir útlendu, þá yrðu þó brot þeirra sjálfsagt 10 sinnum minni en þeirra útlendu, af þeim ástæðum, sem ég nú hefi lýst. En eftirlit með loftskeytanotkun hinna útlendu togara er ekki hægt að framkvæma, eins og hér er farið fram á, að gert verði við íslenzku togarana. Eins og á hefir verið minnzt hér áður, þá er óhjákvæmilegt að fjölga loftskeytamönnum að miklum mun, til þess að framkvæma þetta eftirlit. Eru ríkissjóði því bökuð stór útgjöld alveg að ástæðulausu og án allrar nauðsynjar eins og sýnt hefir verið. En með þessu fást nýjar stöður, og fer frv. að því leyti í sömu átt og annað það, sem kemur frá hæstv. dómsmrh., sem miðar allar sínar till. og frv. við það að skapa sér möguleika til að skipa menn í nýjar stöður og ný embætti og auka með því málalið sitt og koma skoðanabræðrum sínum að ríkissjóðsjötunni.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Mér finnst rétt að segja fáein orð um þetta mál innan um hinn langa vaðal íhaldsmanna, þótt engin þörf sé á því málefnisins vegna, því að það er öllum ljóst. — Íhaldsmenn vilja nú fyrir hvern mun koma þessu frv. fyrir kattarnef, og aðferðin, sem þeir ætla sér að beita, eru ekki rök á móti málinu, því að þau hafa þeir ekki til, varla heldur atkvæðamagn, því að það brestur þá líka, heldur málþóf. Mér finnst því rétt, að það sjáist í Alþt., að meðhaldsmenn málsins nota svo sem 5—10 mínútur til andsvara gegn hverjum 3—4 klst., sem þeir taka fyrir sínar ræður. Meira held ég að við þurfum ekki, enda viljum við ekki hjálpa íhaldsmönnum með því að ýta undir málþófið og gera það réttlætanlegra fyrir þá. Í þessu máli liggur það nú orðið ljóst fyrir, að það eru eingöngu eigendur togara og viljalaus eða keypt verkfæri þeirra, sem mæla gegn þessu frv. Það eru þeir hv. þm. N.-Ísf., hv. þm. G.-K., hv. 1. þm. Rang. og hv. þm. Vestm., sem líka er á nokkurn hátt riðinn við togaraútgerð. En aðrir láta sig þetta litlu skipta, og t. d. hv. þm. Borgf., sem þó er harðvítugur flokksmaður, hefir aldrei tekið til máls í þessu máli til andmæla því, svo að ég muni. Og þó að hann mæli ekki heldur þeim í gegn, þá getur það verið af eðlilegri kurteisi við flokksbræður sína. Það má því slá því föstu, að það eru eingöngu þeir íhaldsmenn, sem sérstaklega eru við togaraútgerð riðnir, sem berjast móti þessu frv.

Því hefir nú fyrr og síðar verið lýst af íhaldsmönnum sjálfum, hvernig íslenzku togararnir hegðuðu sér. Hv. þm. Borgf. hefir sagt hér í þessari deild, að það væru þeir, sem færu á undan í landhelgina, og að svo eltu útlendu togararnir þá. Ágúst Flygenring sagði, að íslenzku skipin leiðbeindu útlendu skipunum inn í landhelgina, og hv. þm. Snæf. og fleiri hafa lýst þessu á sama hátt. Þetta sýnir, að íslenzku skipin hafa forgönguna um landhelgiveiðar. Það má að vísu segja, að það sé þekkt mannlegt eðli, sem kemur fram í því, að togaraeigendur vilja halda í þetta ástand. En umsögn þeirra manna, er ég nefndi, er góð sönnun til viðbótar við hinar löngu ræður, að þeir vita sig seka. Eftir að varðskipum var fjölgað og landhelgigæzla batnaði, sem hvorttveggja hefir orðið í tíð núv. stj., má segja, að ekki sé nema einn þráður eftir, sem tengi hin

brotlegu skip við landhelgina. Sá þráður er loftskeytanotkunin. Sú skipun, sem hér er lagt til, að verði gerð í loftskeytanotkuninni, er hið einasta, sem nú er hægt að gera til viðbótar því, sem áður hefir verið gert til verndar fiskimiðum hinna dreifðu sjávarþorpa. Mér finnst hv. þm. N.-Ísf. í þessu máli gleyma sínum kæru fiskistöðvum þar vestra, Hnífsdal, Bolungavík og Jökulfjörðunum. Hann man aðeins eftir togurum sínum.

Ég hefi tekið með mildi á þessari baráttu hér. Það má segja, að baráttan um landhelgiveiðarnar sé flutt úr landhelginni og inn í þingið. Nú er orðið erfitt um landhelgiveiðar togaranna, nema þá í náttmyrkri, og þegar þeir vita, hvar varðskipin eru, fara þeir inn með breitt yfir nafn og númer. Og einnig hér í þinginu er hv. þm. N.-Ísf. á flótta, ásamt öðrum togaraeigendum, með breitt yfir nafn og númer, þar sem þeir telja sig vilja vernda landhelgina, enda þótt ræður þeirra beri vott um annað. Ég skal nú ekki um það segja, hvort þeim tekst með málþófi sínu að hindra framgang þessa máls á þessu þingi. En það mega þeir vera vissir um, að eftirlit með loftskeytanotkun togara, til þess að fyrirbyggja, að þau séu notuð til að beina togurunum inn í landhelgi, mun verða lögtekið fyrr eða síðar.

Eftir því, sem hert verður á landhelgivörnum, minnka og landhelgiveiðar erlendra togara. Áður fyrr, þegar útlendu togararnir sáu, að íslenzku togararnir fiskuðu mikið í landhelgi án þess að vera teknir, þá var það almenn skoðun útlendinga, að íslenzku stj. leyfði þeim að veiða í landhelgi. Stj. var kennt um það, sem loftskeytin voru völd að. Þetta var vitanlega hin mesta hneisa fyrir landið og felldi skugga á hið íslenzka ríki, skugga, sem útgerðarmennirnir íslenzku voru valdir að með loftskeytanotkun sinni.

Allt, sem hv. þm. N.-Ísf. sagði, var á engum rökum byggt. Og í rakaleysi sínu komst hann jafnvel svo langt að segja það um hina íslenzku útgerðarmannastétt, sem hann sjálfur telst til, að ekkert væri að marka drengskaparvottorð hennar. Vann hann það til, til þess að geta fært þau rök gegn þessu frv. Hitt held ég, að sé sönnu nær, sem hv. 1. þm. S.-M. sagði, að þeir mundu almennt ekki vilja brjóta gefið drengskaparvottorð, og að einmitt á því byggðist mótstaða þeirra gegn frv. Hv. þm. N.-Ísf. sagði reyndar, að erfitt væri að komast hjá því að brjóta þetta drengskaparvottorð. En sá erfiðleiki er ekki til, ef engin löngun er til þess að syndga gegn landhelgilögunum. Og sé sá vilji ekki til, þá er vitanlegt, að það er engum erfiðleikum bundið að gefa drengskaparvottorð. Ég hefi áður sýnt fram á það, að drengskaparvottorðið getur aldrei hindrað það, að heiðarlegur útgerðarmaður geti notað loftskeytin til gagns fyrir atvinnu sína.

Hv. þm. N.-Ísf. reyndi að sýna fram á, að framkvæmd þessa frv., ef að l. verður, fylgdi mikill kostnaður. Nú veit hv. þm. það, enda stendur það í frv., að loftskeytamenn á varðskipunum geta fylgzt með þeim skeytum, sem send eru, og borið þau saman við bókfærð skeyti togaranna. Kemur þá í ljós, hvort eitthvert skip er að reyna að senda skeyti utan við, án þess að bókfæra þau. Það hafði geysileg áhrif á landhelgiferðir togaranna, þegar sú ráðstöfun var gerð, að send voru skeyti á dulmáli úr ýmsum verstöðvum hingað til Rvíkur um landhelgiveiðar togaranna. Það brá svo við, að togararnir fóru minna í landhelgi eftir það.

Það þarf vitanlega ekki að kryfja öll skeyti til mergjar, og loftskeytamennirnir á varðskipunum geta gert talsvert af því, sem gera þarf fyrir landsstj. í þessu efni, án aukins kostnaðar. Og það þarf áreiðanlega ekki aukna vinnukrafta til þessa eftirlits. Fólkið, sem vinnur á ritsímanum, og loftskeytamennirnir á varðskipunum geta gert þetta. Ég veit að vísu ekki, hvað íhaldsstj. myndi gera. Það er að heyra á þeim íhaldsmönnum, sem talað hafa, að þeir telji þetta mikið verk. En fyrir mér hefir það aldrei vakað, að miklu þurfi til þessa að kosta. Þar sem mér, eins og hv. þm. hélt, gengur engin glettni eða ertni til að flytja frv. þetta, þá hefi ég, til þess að sýna, að mér er full alvara, hugsað mér að tala við n. fyrir 3. umr. um að breyta einu atriði, sem sé því, hvenær beri að taka hinn frjálsa rétt af skipum til skeytasendingar. Hv. þm. var að vísu að tala um, að það ætti eftir frv. að taka allan rétt af grunuðum skipum til

skeytasendinga. Slíkt þykir hv. þm. hentugt að segja, þegar hann er að halda uppi málþófi. En samkv. frv. mega skipin vitanlega halda áfram að senda skeyti, en þau skeyti verða undir sérstöku eftirliti. En hv. þm. gerði ráð fyrir því, að ég mundi nota þetta of mikið; ég væri svo duglegur að framkvæma hlutina. Nú er það mikið hrós, sem í því felst hjá hv. andstæðingum þessa frv., að ég muni hafa framkvæmd laganna til lengdar og að ég sé duglegur. En ég get sagt þeim það, að ég miða frv. þetta alls ekki við það, hvort ég sit lengur eða skemur í stj., né heldur hitt, hvort ég er duglegur eða ekki. Ég miða einungis við það, að frv. þetta verði að gagni hjá hvaða stj. sem er, þótt ég hinsvegar viðurkenni, að gagnið að þeim myndi verða minna hjá stj., sem skipuð væri íhaldsmönnum og því væri háð togaraeigendum. Ég hefi hugsað mér að leggja til við nefndina, að réttur stj. til að setja sérstakt eftirlit með skeytum hinna grunuðu skipa gilti aðeins til bráðabirgða í hvert sinn, þannig að úrskurður stj. félli úr gildi, ef hann væri ekki staðfestur af meiri hl. sjútvn. á næsta þingi, eftir að þær hefðu átt kost á að kynna sér málavöxtu. Það er engin ástæða til þess fyrir stj. að halda í leyfið til að taka þennan rétt af skipum, ef þingið vill ekki fallast á það í hverju tilfelli. Enda þótt stjórnin hafi rétt fyrir sér, en þingið ekki, þá er ekki ástæða fyrir stj. til þess að halda uppi betri vörnum fyrir landhelgina en þingið vill vera láta, og því er rétt að skjóta því undir úrskurð Alþingis. En það veit hv. þm. N.-Ísf. eins vel og ég, að til eru brotlegir togarar í þessu efni. Og þá ætti hann líka að fallast á það, að rétt sé að takmarka rétt þeirra til loftskeytanotkunar. Mitt eina sjónarmið með því að fá lög um þetta efni *samþ. er trú mín á því, að þau geri* gagn. Og ég vil ganga sem bezt frá þeim, til að þau komi að sem mestum notum við að verja landhelgina ágengni togaranna.

Ég vil að lokum benda hv. þm. N.-Ísf. og öðrum andmælendum frv. á, að þeir styðja þetta mál með engu meiru en því að halda hér uppi málþófi með löngum ræðum og ofbeldisfullum athöfnum, sem þólað hefir á. En ég hefi vitanlega ekkert á móti því, að þeir færi þannig fram vörn hins seka, úr því að þeir finna svo mikið til öryggisráðstöfunar eins og þessarar.

Ólafur Thors: Það er búið að ræða þetta mál allmikið. Hv. þm. N.-Ísf. og hv. þm. Vestm. hafa nú tekið fram flest af því, sem ég álít nauðsynlegt, að fram komi í þessu máli. Ég minntist sjálfur nokkuð á málið við 1. umr., og hefi einnig flutt eina ræðu við þessa umr. frv., og þarf ég litlu við það að bæta. Ég vil þó ekki láta hjá líða að minnast nokkuð á tvær gr. frv., sem hæstv. dómsmrh. gerði sjálfur að umtalsefni.

Önnur gr. er 4. gr., þar sem svo er fyrir mælt, að eftirlit skuli hafa með skeytaviðskiptum milli lands og veiðiskipa annarsvegar og milli veiðiskipanna hinsvegar. Hv. þm. Ak. hefir sýnt fram á, að ef þetta á að vera meira en rétt á pappírnum, þá verða 12—16 menn að vinna 8 st. á dag allan ársins hring, ef á að hafa eftirlit með öllum þessum skeytum. Nú þegar hæstv. ráðh. kemur og segir, að ekki þurfi að óttast stofnun embætta í þessu skyni, þá vil ég bara benda á fortíð þessa hæstv. ráðh., sem í heimildarleysi hefir stofnað hvern bitlinginn á fætur öðrum til þess að kaupa sér fylgi. Hverjum dettur í hug, að hann láti undir höfuð leggjast að hagnýta sér það, sem má kalla lögheimild til þess að koma þessum skoðanabræðrum sínum að jötunni? Það vita allir, að ef þetta verður lögfest, þá verður það notað og — misnotað. Það vita allir, sem þekkja embættisferil hæstv ráðh.

Þá vil ég fara nokkrum orðum um 6. gr. frv. Þar er svo fyrir mælt, að ráðh. geti tekið afnotarétt loftskeyta af veiðiskipum, ef honum þykir grunur liggja á, að skipin hafi misnotað þau. Þó að ég treysti því, að tími hæstv. dómsmrh. í valdasessinum fari nú að styttast, þá skal ég þó ekkert segja um slíkt fyrr en orðið er. Og ég veit, að allir, sem þekkja hugarfar hans til andstæðinga sinna og hans mikla virðingarleysi fyrir lögum og rétti, eru þess fullvissir, að þessi heimild verður misnotuð af honum, ef hún verður lögfest.

Í þessu sambandi vil ég skýra frá smáatriði, sem kom fram gagnvart mér frá

hendi þessa hæstv. ráðh., sem bendir til, hvernig hann mundi nota þessa heimild. Fyrir nokkru stefndi ég ritstjóra Tímans út af illmælum um mig. Fyrsta málið, sem ég höfðaði, var út af því, að ritstjórinn sagði, að ég í pólitískum tilgangi hefði gerzt valdur að því, að sérfræðingur í geðsjúkdómum hefði talið ráðh. ósjálfráðan gerða sinna. Þetta mál fór svo, að undirrétturinn, þ. e. a. s. Björn Þórðarson lögmaður, dæmdi ritstjórann til að greiða háa sekt og málskostnað og ummælin dauð og ómerk. Samtímis höfðaði ég annað mál gegn þessum ritstjóra fyrir önnur illmæli, sem ég hygg, að hann hafi reyndar minnst skrifað af sjálfur, heldur hafi hann látið nafn sitt undir þessi skrif, en hæstv. dómsmrh. hafi skrifað það sjálfur. Nú vildi ég sjá, hverjar undirtektir dómurinn í fyrra meiðyrðamálinu fengi í hæstarétti, og eftir því ætlaði ég að taka ákvörðun um áfrýjun síðara meiðyrðamálsins á hendur ritstjóranum. Nú eru það lög, að ef dómi undirréttar er ekki áfrýjað innan viss tíma, þá verður að sækja um leyfi til þess til dómsmrh., og það hefir verið algerlega óbrotin venja allt frá öndverðu að veita þetta áfrýjunarleyfi. Umsóknin hefir eingöngu verið skoðuð sem formsatriði og aldrei komið fyrir, að dómsmrh. hafi neitað nokkrum manni um þennan rétt. Þegar nú dómur hæstaréttar féll í fyrra málinu, var svo langt liðið frá uppkvaðningu undirréttarins í síðara málinu, að ég þurfti að sækja um slíkt leyfi, og með því að hæstiréttur herti á dómi undirréttarins fyrir meiðyrðin, gerði ég það. En þegar málflutningsmaður minn fer fram á, að þessi heimild verði veitt, sem hefir einungis verið formsatriði, að leita megi álits hæstaréttar um illmæli, sem dómsmrh. hafði sjálfur haft um einn alþm. landsins, þá er þessi regla brotin í fyrsta skipti. Hvað segja nú menn um slíka notkun ráðherravaldsins? Hvert traust geta menn borið til þess ráðh., sem brýtur þannig íslenzkar réttarvenjur og neitar alþm. um, að hann fái að leita til hæstaréttar vegna illmælis, sem hæstv. ráðh. sjálfur hefir látið frá sér fara? Ég segi því: Fortíð þessa manns spáir illu um framtíðina. Það er ekki óhætt að fela honum það vald, sem á að gefa honum samkv. 6. gr. Ef það verður gert, þá megum við, sem erum í andstöðu við þennan hæstv. ráðh., vænta þess, að afnotaréttur loftskeyta verði tekinn af skipum okkar, ekki til að gera okkur atvinnutjón, heldur til að reyna að gera okkur vansæmd.

Hæstv. ráðh. segir, að við útgerðarmenn sönnum sekt okkar með því að andmæla þessu frv. En er það ekki von, að við andmælum slíku frv. sem þessu? Hver ætti að vera réttkjörnari til þess en við? Ég veit ekki betur en að það sé föst venja, þegar áhugamál bænda eru til umr., að þá rísi bændur upp og segi álit sitt. Og það er alveg hliðstætt með mál sjávarútvegsins. Það er eðlilegast af öllu eðlilegu, að sjávarútvegsmenn flytji ræður um þau mál, þegar þau eru til umr. Það er ekki nema eðlilegt, þegar mál eins og þetta er hér á ferðinni, að við rísum upp og köllum á hjálp löggjafanna til að afstýra því, að leidd verði í lög þau ákvæði, sem má misbeita. Ég vil því segja það, að hvað sem verður um þetta frv., þá er það skylda allra þm. að nema burt þessa heimild 6. gr. úr frv. Það er ekki heldur laust við, að hæstv. ráðh. finni, að það er hæpið að fela honum slíkt vald. Ofurlítill iðrunarvottur sást hjá honum þegar hann stakk upp á, að sjútvn. beggja d. skyldu vera látnar dæma um, hvort þessu væri ekki misbeitt. Hann fann, að það þurfti að hafa einhvern hemil gegn misbeitingu þessa valds, viss hæstiréttur til að nema úr gildi þá dóma, sem hann felldi í þessum efnum. En ráðh. ætlast til, að þingið dæmi eftir á, og það er mikilvægur galli. Þess eru mörg dæmi, að flokksmenn þessa hæstv. ráðh. kveinka sér við eftir á að rísa gegn afbrotum hans, þó að þeir séu fyrirfram reiðubúnir til að hindra, að þau verði framin.

Ef setja á önnur fyrirmæli um þetta en þau, sem nú gilda í íslenzkum lögum, þá væri skynsamlegra að hafa þau þannig, að ekki mætti svipta skipin rétti til skeytanotkunar nema fyrirfram væri fengið til þess samþykki sjútvn., og er það þó, að því er ég hygg, ekki næg trygging þess, að rétt sé ráðið, m. a. af því, að hér á þingi kemur það oft fyrir, að flokkapólitík ræður eins miklu a. m. k. eins og réttlætistilfinningin.

Ég hefi alltaf haldið því fram, og ég er

enn sannfærður um, að það er rétt, að þetta frv. nær ekki þeim tilgangi að koma í veg fyrir landhelgiveiðar, ef það hefir þá verið tilgangurinn. Það byggi ég m. a. á því, að erlendir togarar geta haft hér öll þau skeytaviðskipti, sem þeir óska eftir. Ef það hefir við rök að styðjast, sem hæstv. ráðh. segir, að einn togarinn leiði annan í landhelgina, þá er augljóst, að ekkert er því til fyrirstöðu, að forustusauðurinn sé erlendur. Ef íslenzkir togarar vilja brjóta löggjöfina, þá geta þeir gert það eftir leiðbeiningum frá erlendum skipum, óhindrað af ákvæðum þessa frv., því að erlendu skipin mega fá hvaða skeyti sem er frá mönnum hér á landi.

Án þess að vilja endurtaka þau rök, sem ég bar fram í fyrri ræðu minni, vil ég minna á, að enginn hefir fært eins ótvíræðar sönnur á sakleysi útgerðarmanna í þessu efni eins og hæstv. dómsmrh. hefir gert í grg. þessa frv. árið 1931, þar sem hann segir frá, að kvartanir hafi komið frá Ólafsvík, Sandi og úr Gullbringu- og Kjósarsýslu um veiði í landhelgi þar framundan, á öðrum staðnum tvisvar, en á öðrum þrisvar sinnum. Þar tekur hann fram, að skipin hafi getað fengið upplýsingar annarsstaðar frá en frá útgerðarmönnum, þegar svo hagar til, að útgerðarmenn geta mjög oft vitað, hvar varðskipin eru, en samt fá togararnir upplýsingar eingöngu í þau skipti, sem ráðh. sannar, að þær séu frá öðrum komnar, þá liggur það í augum uppi, að engar líkur eru fyrir rógburði ráðh. um, að útgerðarmenn beini skipunum í landhelgi. Þessi frásögn hæstv. ráðh. eru þær sterkustu líkur, sem hægt er að koma með fyrir sakleysi útgerðarmanna í þessu efni.

Tilgangur hæstv. ráðh. með þessu frv. er enginn annar en sá, að svívirða pólitíska andstæðinga. Hann hefir aldrei borið landhelgina fyrir brjósti. Ég vil í þessu sambandi minna á það, að þegar hann er að gorta af því hér í d. að hann og hans flokkur hafi átt frumkvæðið að því, að landhelgigæzlan hafi verið aukin, þá er hæstv. forsrh. að skýra frá því, að við sjávarútvegsmenn, andmælendur þessa frv., hefðum á undanförnum árum kúgað framsóknarmenn — eins og hann orðaði það — til að auka á eyðslu og útgjöld. Og sem dæmi um það nefndi hann fjölgun strandvarnarskipanna. Þessa yfirlýsingu gefur hæstv. forsrh. í sömu andránni og hæstv. dómsmrh. er að hæla sér af því, að hann hafi tekið þessi mál sérstaklega upp á sína arma. Eins og allir vita, þá er það alveg rétt hjá forsrh., að sjálfstæðismenn hafa verið aðalhvatamenn um byggingu varðskipanna, því að þeir vita, að það er það eina, sem dugir gegn landhelgiveiðum. En svo þegar búið er að leggja í þann mikla kostnað að byggja eða kaupa þessi dýru varðskip, þá tekur hæstv. ráðh. þau frá landhelgigæzlunni til ýmissa alóþarfra snattferða í þágu sína og sinna vildarmanna. Síðan kemur hann og lætur í ljós þá miklu þörf til að vernda landhelgina og ber fram frv., sem hann reynir að telja mönnum trú um, að reynist óbrigðult til þess, en er ekkert nema tilraun hræsnarans til að hylma yfir sitt hugarfar, og vottur um iðrun syndarans til að gera þá allralitilfjörlegustu bót fyrir hina miklu misnotkun varðskipanna, sem kosta ríkissjóð 800 þús. kr. á ári.

Ég skal svo ekki orðlengja frekar um þetta, en vænti aðeins þess, hver sem endanleg afgreiðsla þessa frv. verður, að hv. þdm. telji sér skylt að gera breyt á 4. gr. og þó einkum á 6. gr.

Að endingu vil ég svo bæta því við, að þótt frv., grg. þess og málflutningur hæstv. ráðh. sé til mikillar minnkunar, þá er það þó ekki meiri hneisa en að verða að hafa hann fyrir ráðh.

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Það hafa orðið svo miklar umr. um þetta mál, að ætla mætti, að þeim færi nú að verða lokið. Ég mun því takmarka ræðutíma minn sem mest.

Mér er að vísu margt það gleymt, sem mælt var við fyrri hluta umr., enda verð ég að segja, að það væri helzt of mikil viðhöfn við margt af því, sem hv. frsm. minni hl. bar hér á borð, að svara því orði til orðs. Nú hefir að vísu hv. þm. N.-Ísf. tekið upp margt af þessu, en hann hefir talað um það nokkuð á annan veg, dregið saman og vinzað úr það, sem honum þótti þurfa að leggja mesta áherzlu á.

Í öllum þessum orðaflaumi eru það í raun og veru fjórar aðalástæður, sem fluttar eru gegn frv. af mótstöðumönnum þess. Í fyrsta lagi það, að lögin frá 1917

um rekstur og notkun loftskeytastöðva séu einhlít til að girða fyrir misnotkun loftskeyta. Þessu hefir verið svarað hvað eftir annað og sýnt fram á, að svo er alls ekki.

Í öðru lagi er því haldið fram, að afhending dulmálslykla þeirra, sem notaðir eru milli skipa og milli skipa og lands, sé þýðingarlaus, vegna þess, að búa megi til dulmál á hverjum tíma og fara þannig utan um það dulmál, sem tilkynnt verður. Þessu hefir einnig verið svarað og sýnt fram á, að slíkt er í raun og veru ekkert nema almenn yfirlýsing þess, að ekki megi treysta drengskap og ráðvendni þeirra, sem að þessum skeytum standa.

Í þriðja lagi er því haldið fram, að það drengskaparheit, sem gefa verður eftir 4. gr. frv. um hvert skeyti, sem sent er, muni ekki heldur geta að liði orðið, því að sendendur muni jafnvel ekki horfa í að gerast eiðrofar í þessum efnum, ef því væri að skipta og þeir sæju sér hag í að falsa drengskaparheitin. Þetta virðist mér svo óheyrileg getsök, að undrum sætir að heyra það margendurtekið í þessum sal. Ég fór nokkrum orðum um þetta síðast þegar ég reifaði þetta mál, og þarf því ekki að vera margorður um það nú. Ég treysti því fyllilega, að þetta hvorttveggja, afhending dulmálslyklanna og drengskaparheitið hafi hin mestu áhrif til bóta. Ég treysti því, að allur þorri manna ræki loforð sín vel og drengilega. Það eru að sjálfsögðu undantekningar til með einstök varmenni, sem hvorki virða orð né eiða. Þær hafa til verið á öllum öldum, og hæfir ekki að leggja mælikvarða eiðrofanna á almenning allan í þessum efnum. Ég vil ekki hugsa mér allan fjölda þeirra manna, sem þessi skeyti hafa með höndum, eins og síðspjallaðan þorparalýð.

Auk þessara þriggja aðalatriða er því einnig haldið fram, að af framkvæmd þessara laga muni leiða svo mikinn kostnað, að varla megi rönd við reisa; það þurfi heilan her eftirlitsmanna til að rannsaka skeytin, tína saman og bóka allt, sem þarna fer á milli o. s. frv. Einnig hefir það verið tekið fram í þessu sambandi, að þetta muni hafa hinn mesta kostnað og álögur í för með sér fyrir útgerðina.

Það má auðvitað margt um þetta segja, en engin ástæða er til að taka þessar viðbárur alvarlega. Eftir frv. er gert ráð fyrir, að loftskeytastöðvarnar í landi og á varðskipunum bóki, eftir því sem atvik leyfa, skeyti, sem send verða milli skipa og milli skipa og lands. Það er því engin ástæða til að gera ráð fyrir fjölgun eftirlitsmanna í sambandi við þetta starf. Eftirlitið verður falið þessum stöðvum svo sem þeirra starfstími og kringumstæður leyfa. Það er að vísu ekki útilokað, að heimtað yrði meira eftirlit en haft hefir verið að undanförnu um skeytasendingarnar, en öfgar tómar eru það, að her manna þurfi til þessa eftirlits. Yfir höfuð að tala eru allar þessar viðbárur þess eðlis, að auðfundið er, að annað veldur mótspyrnunni en það, sem látið er í veðri vaka af mótstöðumönnum. Þetta hefir ljóslegast verið tekið fram nú nýlega í ræðu hæstv. dómsmrh., og finn ég enga ástæðu til að endurtaka orð hans.

Hnútukast það, sem orðið hefir í sambandi við þetta mál, mun ég ekki taka til meðferðar. Ég kippi mér ekki upp við þau smávægilegu olnbogaskot, sem hv. frsm. minni hl. og hv. þm. N.-Ísf. sendu mér. Ég þykist standa jafnréttur fyrir því, þótt þeir kalli mig auðsveipan skósvein dómsmrh. eða beini til mín öðrum slíkum köpuryrðum. Ég firtist ekki við svo innantóm orð. Það er og harla fátækleg vörn í þeirra máli að dylgja um það, að ég fyrir elli sakir og afturfarar muni ekki bera skyn á þessi mál eða geta með þau farið. Ég ann þeim vel ánægjunnar af því að trúa þessu og byggja á því. Hinsvegar vil ég minna hv. frsm. minni hl. á það, að ef hann skyldi ná þeim aldri, sem ég hefi náð — og allar líkur benda til þess, að svo verði —, þá muni hann finna, að þótt ellin smám saman lami líkamsþróttinn, þá auðgar hún menn oft að reynslu og skilningi, jafnframt því að glæða hæfileikann til þess að draga réttar ályktanir af reynslunni.

Ég vil út af því, sem fram kom hjá hæstv. dómsmrh. um fyrirhugaða breyt. á 6. gr. frv. taka það fram, að með þeim hætti teldi ég, að frv. yrði í framkvæmd betra og líklegra til að ná settu marki og verða að gagni.

Af því að ég vil styðja að því eftir getu, að þetta mál verði sem fyrst

leitt til heillavænlegra lykta, þá mun ég fella niður svör að sinni, þótt ég hafi skrifað ýmislegt fleira hjá mér, en ef einhverjar nýjar væringar koma fram í máli þessu síðar, mun ég ekki ganga í bindindi um svör.

Jón Auðunn Jónsson: Hæstv. dómsmrh. sagði út af skeytaskoðuninni, að nægilegt væri að gera nokkrar „stikkprufur". En ef framkvæmd laganna á að vera þannig, eru öll ákvæði frv. að engu gerð. Án strangra framkvæmda er frv. til einskis. Til að gera „stikkprufur" þarf engan sérstakan lagabálk. Lögin frá 1917 heimila slíkt fullkomlega, og þar með er þá grundvöllurinn undir frv. alls enginn, ef framkvæmd þess á að vera með þeim hætti. Hæstv. dómsmrh. hefir séð, hve ófært var að ætla sér að framkvæma eftirlitið eftir fyrirmælum frv. og fer því nú að slá af.

Hv. 1. þm. S.-M vil ég svara því, að sé svo, að hann treysti svo mjög á drengskaparvottorð sem hann lætur, þá ætti slíkt vottorð í eitt skipti fyrir öll að vera jafngott. Gagnið af drengskaparvottorðinu ætti að vera hið sama og áður, en hinsvegar ekkert að missast af hinu mikla gagni, sem af loftskeytunum leiðir, eins og óhjákvæmilega hlyti að verða, ef menn þyrftu að gefa skrifleg eiginhandarvottorð í hvert skipti. Vænti ég, að hv. þm. athugi þetta til 3. umr. og komi þá með breytingu í þessa átt.

Mér fannst kynlega við bregða, þegar hæstv. dómsmrh. ætlaði að fara að láta menn trúa, að hann bæri landhelgigæzluna fyrir brjósti, maður, sem jafnmikið hefir misnotað varðskipin og hann. Munurinn á honum og Jóni heit. Magnússyni er í þessu sem flestu öðru eins og svart og hvítt. Ég get nefnt það sem dæmi, að einu sinni í stjórnartíð Jóns Magnússonar kom varðskipið inn á Ísafjörð til fá sér vatn. Ég þurfti þá sem útibússtjóri að komast til Dýrafjarðar, en tími var naumur og ill færð á landi. Ég hringdi til Jóns Magnússonar og spurði, hvort skipið mætti setja mig á land á Dýrafirði, t. d. í Haukadal. J. M. lagði bann við því og sagði, að er skipin færu úr höfn, mættu þau ekki láta vita, hvert ferðinni væri heitið, nema líf manns eða heilsa lægi við. Mér er kunnugt um, að hann neitaði um hið sama í brýnum tilfellum.

Hæstv. dómsmrh. var að tala um brotahneigð manna, þ. e. tilhneiging manna til að brjóta landhelgilögin. Ég hefi nú bent á það, að skip það, sem ég hefi veitt forstöðu, hefir ekki verið grunað um að brjóta landhelgilögin, svo að ég hefi ekki ástæðu til að torvelda, að aðrir, sem veiða í landhelgi, verði sektaðir. Ráðh. má trúa hverju, sem hann vill um það, að Bolvíkingar, Hnífsdælingar eða aðrir álíti, að þetta frv. verði til að bæta landhelgigæzluna. Þeir eru áreiðanlega of skynsamir til að hafa trú á slíku. Ég get staðið upp kinnroðalaust og sagt mínar skoðanir á þessu máli sem öðrum. (**ÓTh:** Ber hv. þm. ekki kinnroða fyrir hæstv. dómsmrh?). Ég vil ekki taka það að mér. Ég yrði þá víst nokkuð rauður í framan.

Hið eina, sem hjálpað getur til þess að halda veiðiskipunum utan landhelginnar, er að nota þau varðskip, sem til eru, til landhelgigæzlu og ekki annars, og bæta við þau, þegar fjárhagurinn leyfir. Það hefir heyrzt úr herbúðum stj., að henni þætti kostnaðurinn við varðskipin vera orðinn of mikill. En nauðsynin á ströngu eftirliti er svo mikil, að við megum ekki láta blekkjast af slíku, heldur halda fast á málinu og slaka hvergi til. Það margborgar sig, a. m. k. í framtíðinni.

Hæstv. dómsmrh. virtist vera fús til breytinga á frv. Ég vildi því vænta, að hann vildi gera þá breyt. á 6. gr., að eftirlitið með loftskeytasendingum yrði falið landssímastjóra, því að með þeim hætti væri það í höndum þeirra manna, sem ekki myndu misbeita valdi sínu til hefnda á stjórnarandstæðingum. Eftirlitið yrði betur rækt, ef það væri falið ópólitískri skrifstofu, en að henda því í dómsmrn., þ. e. dómsmrh., til þess að gefa honum ástæðu til að beita ákvæðum 6. gr. frv. gegn einstökum skipstjórum og útgerðarmönnum. Ég skildi ekki, hvað hæstv. dómsmrh. átti við, þegar hann var að tala um ofbeldisaðgerðir til að hindra framgang þessa máls hér á þingi. Mér þykir líklegast, að þetta sem fleira sé sprottið af þeirri sjúklegu tortryggni, sem hann jafnan ber í brjósti. Hinsvegar má búast við, að hann haldi, að hann og stj. geti hrund-

ið mönnum til ofbeldis með því að halda fyrir þeim rétti þjóðarinnar í stærsta máli, sem fyrir þinginu liggur. En hann og stj. mega sjálfum sér um kenna, ef svo ógæfusamlega skyldi til takast.

Ef framkvæmd laganna á að verða sú, sem hæstv. dómsmrh. benti til og gerði ráð fyrir, sem sé „stikkprufu"-aðferðin, þá er víst, að það má framkvæma með reglugerðinni frá 1917. Hið eina, sem ekki væri hægt að ná með henni, væru þau ákvæði 1. gr., að öll botnvörpuskip hefðu loftskeytatæki. En ég er sannfærður um, að réttara væri að breyta því ákvæði og fyrirskipa, að botnvörpuskip skuli hafa loftskeytatæki **eða firðtalstæki.** Ég er sannfærður um, að eftir nokkur ár, eða jafnskjótt og útgerðin hefði ráð á því, verða firðtalstæki tekin upp. Rekstur þeirra er miklu auðveldari og við þau þarf ekki lærða menn. Ég ætla, að hver maður, sem hefir einu sinni eða tvisvar notað þau tæki, kunni með þau að fara eins og talsímatæki á landi.

Í 4. gr. er gert ráð fyrir, að loftskeytastöðin í Rvík og aðrar strandstöðvar og loftskeytamenn á landhelgigæzluskipum hlusti á skeytasendingar milli veiðiskipa. Þetta verður ekki hægt nema með stórauknu mannahaldi. Nú senda veiðiskipin skeyti sín á annari bylgjulengd en landstöðvarnar, og þarf því sérstakan mann á loftskeytastöðina og landstöðvarnar, ef hægt á að vera að hlusta á báðum bylgjulengdum. Ef ráðherra álítur, að þetta frv. sé vörn í landhelgigæzlumálinu, vill hann auðvitað hafa eftirlitið sem strangast. En eigi framkvæmdin að vera eins og hann drap á áðan, er frv. alveg gagnslaust. Og a. m. k. er drengskaparvottorð við sendingu hvers skeytis óþarft.

Hv. 1. þm. S.-M. sagði, að menn yrðu því dómbærari, sem þeir yrðu eldri. Þetta getur verið í mörgum tilfellum. Ég býst við, að dómgreind hans í þessu máli aukizt við það, að það verði ekki afgr. nú, heldur frestað, og ef dæma má eftir hans eigin rökfærslu um vaxandi dómgreind með hverju ári, ætti hann að sjá alvarleg missmíði á frv. eftir 1—2 ár. — Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, nema eitthvað sérstakt komi fram.

Umr. frestað.

Á 50. fundi í Nd., 13. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt svohljóðandi áskorun:

„Við undirritaðir skorum hér með á hæstv. forseta að leita samþ. d. á því, að umr. um frv. til laga um loftskeytatæki á botnvörpuskipum og um eftirlit með loftskeytanotkun íslenzkra veiðiskipa verði tafarlaust slitið og málið borið undir atkvæði.

Alþingi, 13. apríl 1932.

Vilm. Jónsson, Bergur Jónsson, Sveinbjörn Högnason, Hannes Jónsson, Ing. Bjarnarson, Þorleifur Jónsson, B. Kristjánsson, Sveinn Ólafsson, Halldór Stefánsson, H. Guðmundsson".

Nú hafa tveir menn kvatt sér hljóðs áður en þessi áskorun kom fram. Er það venja, að þeir, sem eru á mælendaskrá, þegar niður eru skornar umr., fái að halda sínar ræður. Mun svo einnig verða gert í þetta sinn, ef áskorunin verður samþykkt.

ATKVGR.

Áskorunin samþ. með 13:5 atkv.

Frsm. minni hl. (Jóhann Jósefsson): Hv. frsm. meiri hl. komst svo að orði í síðustu ræðu sinni, upphafi hennar, að honum þætti of mikil viðhöfn fyrir sig, að svara minni hl. Má af þessu marka, að þessi gamli og reyndi þm. finnur ekki lítið til sín, þegar hann lætur ljós sitt skína hér. Á endanum fór það þó svo, að hann svaraði ekki eingöngu því, sem við í minni hl. n. höfðum haldið fram, heldur einnig því, sem við höfðum aldrei haldið fram, þegar fram í sótti ræðuna.

Hv. þm. sagði, að ég hefði verið að gera gys að sínum gráu hárum. Það hefi ég aldrei gert, og hlýtur því að vera um misheyrn eða misskilning að ræða hjá hv. þm. Ég hefi aldrei lagt það í vana minn að gera gys að mér eldri og reyndari mönnum, og mun aldrei gera. Hitt er öðru máli að gegna, þótt framkoma hans í þessu máli verði að einhverju leyti gerð brosleg, einkum þegar þess er gætt, sem hann sjálfur sagði, að hann með aldrinum hefði aukið reynslu sína og fróðleik fram yfir sér yngri menn. Þegar ég við-

urkenni, að þetta muni vera rétt, þá er framkoma hv. þm. í þessu máli vægast sagt brosleg. Hann talaði um það, hvað okkur minni hl.mönnum hefði farizt illa í þessu máli, þar sem við hefðum gert ráð fyrir því, að drengskaparvottorð, sem á að þvinga fram, gætu verið brotin. Hv. frsm. meiri hl. fannst óviðeigandi af okkur að gera ráð fyrir því, að slíkt gæti átt sér stað. Það lá meira að segja við, að hann kæmist í hrifningu, þegar hann var að útmála þennan drengskap, sem við vildum ekki viðurkenna. Ég vil nú minna hv. þm. á það, að sú stj., er hann styður, hefir gefið út rit nokkurt á kostnað alþjóðar, sem nefnt hefir verið „Verkin tala". Í því riti er það borið á brýn stórum hluta gjaldþegna, að þeir sviki drengskaparorð sitt í sambandi við skattamálin. Þetta er borið þar á heila stétt manna. Stj. hv. þm. ber vitanlega ábyrgð á slíkum ummælum, og munu málaferli hafa hlotizt af. Í þessum hóp manna, sem þar um ræðir, munu líka vera sumir þeir útgerðarmenn, sem hv. frsm. meiri hl. vill nú ekki heyra nefnt, að brjóti sitt drengskaparorð. Þetta stingur nokkuð í stúf við það, sem stj. hans heldur fram í umgetinni bók. Ég vil nú að vísu ekki halda því fram, að þetta sé eins og þar er sagt, heldur þvert á móti. En þeir, sem hafa átt sinn þátt í að stuðla að því, að sú bók væri gefin út og dreift um allt land á kostnað alþjóðar, ættu ekki, ef þeir vilja vera samkvæmir sjálfum sér, að byggja á þeim drengskaparvottorðum, sem þvinguð eru fram, er hv. frsm. meiri hl. þykir rétt að gera og sagði, að þyrfti að gera. Því fer vitanlega fjarri, að við, sem þó gerum lítið úr þeim siðferðisáhrifum, sem það hefir í för með sér að heimta slík vottorð hvar sem er, því fer fjarri, að við, sem álítum þetta rangt, trúum ekki mörgum útgerðarmönnum til að halda þetta. Það eru vitanlega til margir útgerðarmenn og skipstjórar, sem aldrei fiska í landhelginni og aldrei vilja fiska þar. Þeir virða lögin nú þegar, og það mundi vitanlega í engu breyta hugsunarhætti þeirra, þótt þeir yrðu að skrifa undir slík drengskaparvottorð 10 sinnum á dag. En hitt er víst, að til eru þeir skipstjórar, bæði innlendir og útlendir, sem brjóta landhelgilögin, þegar þeir geta og sjá sér hag í því. Og minni hl. heldur því fram, að þeir menn verði ekki beizlaðir, þótt þeir séu látnir skrifa undir drengskaparvottorð. Minni hl. hefir engan þátt átt í útgáfu bókarinnar „Verkin tala", með öllum hennar ósæmilega og svívirðilega áburði á landsmenn. En við höfum þá þekkingu til að bera, að við vitum, að meðal útgerðarmanna eru til menn, sem ekki þarf að þvinga. Stóryrði frsm. meiri hl. breyta engu í þessu máli. Ég hélt, að hann mundi geta kannazt við, að ofmiklar ógnanir í þessu efni gætu jafnvel haft gagnstæðan árangur við það, sem til er ætlazt.

Hv. frsm. meiri hl. hefir ekki borið fram og meiri hl. n. vildi ekki ganga inn á neinar breyt. á 6. gr., en óðar en hæstv. dómsmrh. minntist á, að sér fyndist, að breyta mætti gr., þá var hv. frsm. líka á þeirri skoðun. Þetta sýndi mér það, sem ég raunar vissi áður, að hv. frsm. er ekkert annað en auðsveipt verkfæri í höndum hæstv. dómsmrh., til að þjóna þeim málstað, sem hæstv. ráðh. heldur fram, hver sem hann er. Þetta mun hafa verið svo um langt skeið, að þessi virðulegi og margreyndi þm. hefir gengið á mála hjá hæstv. dómsmrh. hvað skoðanir snertir, alla tíð síðan þessi hæstv. ráðh. „leiddi hv. þm. upp á hátt fjall" austur í Fljótsdalshéraði og sýndi honum allt veldi Framsóknar, sem þeir í sameiningu gætu notið. E. t. v. rekur hv. þm. minni til þess.

Hæstv. ráðh. er hér ekki viðstaddur fremur en vant er; hann skortir alltaf kjark til að hlusta á, þegar þetta frv. hans er tætt í sundur, eins og ég gerði í minni fyrri ræðu. Hann hefir aftur á móti verkfæri í hendi sér, sem hann hefir nú beitt, að skera umr. niður. Ég verð nú samt, þó að hann sé ekki við, að svara nokkrum atriðum í ræðu hans.

Hann sagði, að við íhaldsmenn, sem hann nefndi svo, hefðum tafið þetta mál með löngum ræðum. Það er ekki nýtt hér á þingi, að þeim, sem í minni hl. eru, sé borið það á brýn og brigzlað um það af hinum volduga meiri hl., þegar þeir nota þingmannsréttinn til að tala um málin, að þeir séu að tefja tímann. Það er eins og meiri hl. áliti, að hann beri ekkert fram nema það, sem sjálfsagt er að samþ.,

og það orðalaust. Hæstv. dómsmrh. fer hér eins og vant er með rangt mál, þegar hann segir, að minni hl. sé hér að beita ofbeldi. Það er ekki svo óskynsamlegt að segja, að minni hl. beiti ofbeldi við meiri hl.! Ég vil spyrja: Hver hefir beitt ofbeldi í þessu máli? Það er einmitt hæstv. dómsmrh. með aðstoð flokks síns. Þegar málið var hér síðast á dagskrá, var það 12. mál. Á kvöldfundinum þá, kl. rúmlega 10, þegar fundur hafði staðið allan daginn, var búið að afgr. 3 málin á dagskránni. Þá notar hæstv. dómsmrh. aðstöðu sína þannig, að hann þrýstir forseta til að hlaupa yfir öll málin frá 3. máli allt til 12. málsins og taka fyrir þetta frv. Þegar þessu var svo mótmælt af okkur, sem í minni hl. vorum, þá samþ. flokkur hæstv. ráðh. þessa aðferð. Ég tek þetta aðeins fram til að sýna, hver það er, sem hér beitir ofbeldi. Annars ætla ég hvorki í þessu máli né öðrum að biðja hv. framsóknarþm. neinnar afsökunar, þó að ég tali hér um einhver áhugamál þeirra. Ég geri þar ekki annað en það, sem skyldan býður mér, að benda á þá ágalla, sem eru á málunum, og þá sérstaklega þau mál, sem viðkomandi eru þeirri n., sem ég er í, nefnil. sjútvn. Það hefir verið svo að undanförnu, að við stjórnarandstæðingar höfum verið hin síáklagandi samvizka fyrir hæstv. núv. stj., og ég tel það starf ekkert eftir mér, meðan ég á sæti hér á þingi.

Hæstv. ráðh. kom með sína gömlu sögu um Ágúst Flygenring, hv. þm. Borgf. og ýmsa fleiri menn, sem á undanförnum árum hefðu talað máli bátaútvegsins og sýnt, hve miklu tjóni þessi atvinnuvegur yrði fyrir af togaraútveginum. Það er satt, að á undanförnum árum hefir bátaútvegurinn orðið fyrir þungum búsifjum af togurum, ekki síður útlendum en innlendum. En það er alls ekki víst, að slíkar ákúrur séu á öllum tímum jafnréttmætar. Þó að þau sterku orð Ágústs Flygenrings um þetta hafi ef til vill verið réttmæt á þeim tíma, þegar þau voru sögð, þá er alls ekki þar með sagt, að þau eigi við nú. Það vita allir, að hæstv. dómsmrh. er ekki að þessu af umhyggju fyrir sjávarútveginum. Honum er sama um sjávarútveginn, nema þegar hann getur komið með einhver ummæli frá útvegsmönnum, er hann getur útfært þannig, að það gæti orðið til að kasta skugga á þessa stétt í heild sinni, og þó einkum togaraútgerðarmenn.

Þá var það næsta hlægilegt, þegar hæstv. ráðh. var að tala hér um það, að hann hefði tekið á þessu með mildi, og eru það þá víst stjórnarandstæðingar, sem orðið hafa fyrir þessari „mildi“ hjá hæstv. ráðh. Hann er því vanastur, þessi hæstv. ráðh., að taka á málstað andstæðinganna með mildi! Nei, mildi hans hefir komið niður á öðrum en okkur stjórnarandstæðingum. Hv. þm. G.-K. hefir bent á eitt dæmi, hvernig hæstv. ráðh. notar vald sitt, þar sem hann hindraði það, að áfrýjað yrði dómi, sem fallið hafði á ritstjóra Tímans fyrir meiðyrði, og mætti nefna mörg dæmi þessu lík, t. d. þegar einn flokksmaður hæstv. ráðh. norður í landi var dæmdur í sekt fyrir að hafa skrifað undir svívirðilegustu illyrði um prestinn sinn, kallað hann þjóf, lygara og manndrápara. Hvað gerði ráðh. við þennan mann? Hann gerði sér lítið fyrir og náðaði hann, svo að hann þyrfti ekki að greiða sektina, og ástæðan til þess var vitanlega engin önnur en sú, að maðurinn var þægur flokksmaður hæstv. ráðh. Það er því sýnt, að hæstv. ráðh. hefir til mildi.

Hv. þd. hefir álitið, þegar hún samþ. að skera niður umr. um þetta mál, að rétt væri að sýna ráðh. mildi og forða honum undan okkur minnihl.mönnum. Hv. þm. hefir fundizt, að bæði hann og aðrir forsvarsmenn þessa frv. væru nú þegar búnir að fá nóg af ádeilum fyrir þetta frv. A.m.k. virðist það vera svo með hæstv. ráðh., þar sem hann flýr d. í hvert skipti, sem þetta frv. hans er tekið til umr. Og þeir hafa líka vitað, að flokksmenn hans treysta sér lítt til að verja ýmsar gr. frv. Þess vegna leiðist þeim að heyra okkur andstæðinga frv. rífa það í tætlur, og þess vegna hafa þeir sýnt ráðh. þessa mildi. Við stjórnarandstæðingar höfum ekki orðið varir við mildina í okkar garð, enda þurfum hennar ekki með.

Hæstv. ráðh. sagði, að í sinni ráðherratíð hefði hann þurft að fría varðskipstjóra frá þeim áburði, að hann hefði reynt að hylma yfir landhelgibrot. Hér mun vera

átt við þann áburð, sem borinn var á Jóhann P. Jónsson, sem er skipstjóri á Óðni. En það fer fjarri því, að hæstv. dómsmrh. hafi þar hlaupið undir bagga. Þeir, sem bjuggu til þessa ósönnu sögu, urðu sér til minnkunar, eins og við var að búast, þar sem Jóhann P. Jónsson er mesti sóma- og heiðursmaður, og því trúði enginn þeim óhróðri, sem á hann var borinn í Alþýðublaðinu og víðar. Hæstv. dómsmrh. reyndi ekkert að bera þessar ófremdarsögur af skipstjóra.

En það er annarsstaðar, sem hæstv. ráðh. hefir nóg að gera að bera ásakanir af yfirmanni varðskips. Á ég þar við skipstjórann á Ægi, sem orðið hefir fyrir þungum ásökunum, eins og ég gat um í fyrri ræðu minni. Þar mun hæstv. ráðh. hafa nóg að vinna, að halda uppi málstað þess skipstjóra.

Hæstv. dómsmrh. sagði, og sömuleiðis hv. frsm. meiri hl., að drengskaparheitið væri meginþáttur þessa frv. Þessi yfirlýsing hljómar einkennilega í eyrum manna, þegar hún kemur frá manni eins og hæstv. dómsmrh., sem hefir borið þessa stétt mestum rógi af öllum stéttum þessa lands. Nú býr hann til löggjöf, þar sem eingöngu er byggt á drengskap þessara manna, sem hæstv. ráðh. hefir árum saman vítt í ræðu og riti fyrir svik á ýmsum sviðum, skrílsæði og fleira þesshátt ar. Fyrst hann leggur svona mikið upp úr drengskap þessara manna, þá játar hann þar með, að allur sá óhróður, sem hann hefir borið á útgerðarmenn, sé tilhæfulaus uppspuni.

Það var dálítið óljóst, sem hæstv. ráðh. sagði um þessar njósnir, sem upp hefðu verið teknar, en eftir því, sem mér skildist á honum, þá hefir hann þó komið því af stað að halda uppi njósnum um togara í veiðistöðvum. Hann mun líka hafa sett mann hér í Rvík til að hlusta, en vill ekki gefa upp, hver hann er, og ekki vill dómsmrn. kannast við hann, en svo mikið er víst, að þetta hefir engan árangur borið. Er ekki óliklegt, að þessi hlustarastarfsemi muni bera samskonar árangur og þefarastarfsemin hér um árið, sem varð til þess, að öll samúð hvarf með bannlögunum og framkvæmd þeirra. Eins mun fara um þetta. Njósnir um togara, eins og hæstv. dómsmrh. vill hafa þær, verða til þess eins, að menn fá andúð gegn landhelgivörnum, því að þar á ekki að byggja á því, samkv. kenningu ráðh., að halda varðskipunum úti til strandvarna, sem er það eina, sem dugir, heldur á að setja hvern til höfuðs öðrum og hafa hlustara í veiðistöðvunum, og er sú aðferð næsta andstyggileg og ekki líkleg til að leiða af sér meiri virðingu fyrir lögunum en sterkt lögregluefirlit, sem ætlazt er til, að varðskipin hafi á hendi.

Sennilega er það fyrir áhrif einhverra manna úr flokki hæstv. ráðh., að það hefir hvarflað að honum, að 6. gr. sé ekki sem heppilegust, og stakk hann upp á að breyta henni eitthvað. En við, sem höfum gagnrýnt þetta frv., höfum sýnt fram á, að með 6. gr. er dómsmrh. gerður ákærandi, rannsakari og dómari yfir útgerðarmönnum. Hann þarf ekki annað en að láta einhvern segja — eða segja það bara sjálfur —, að líkur séu til, að einhver togari misnotaði skeytasendingar, og þá heimilar 6. gr. að láta hann verða fyrir refsingu með því að setja hann undir eftirlit.

Nú segir hæstv. ráðh., að hann geti gengið inn á það, að þessi refsing eigi ekki að verða gild, nema samþykki sjútvn. komi til. Líkt ákvæði er í l. frá 1928, þar sem svo er ákveðið, að útgerðarstjóri ríkisskipanna megi segja yfirmönnum upp, ef sakir eru fyrir hendi, en þó verði áður að fá þar til samþykki meiri hl. sjútvn., og að því er hæstv. ráðh. segir, þá vill hann, að samskonar fyrirkomulag verði haft um það, hvort útgerðarmenn skuli settir undir eftirlit hvað skeytasendingar snertir. En ég vil í fyrsta lagi minna á það, að með samþykkt þessara laga verða þeim, sem vilja senda skeyti til togara, gerðar þungar búsifjar, sem ég veit ekki, hvort aðrir hafa tekið eftir, hversu þungar eru. Svo er ætlazt til, að í hvert skipti, sem send eru skeyti til togara, verði að gefa um þau æru- og samvizkuvottorð. Til þess verður sendandi sjálfsagt að koma á símastöðina og afhenda skeytið, svo að símaþjónar sjái, að undirskriftin sé rétt. En það þýðir aftur það, að þessi skeyti verða aðeins afhent þegar símastöðin er opin, en 1. flokks stöðvar eru opnaðar kl. 8 og lokað kl. 9 á kvöldin, svo að frá kl. 9 síðd. til 8 árd.

næsta dag getur engin skeytaafhending farið fram á símstöðinni sjálfri. Hingað til hefir það verið svo, að þeir, sem hafa viljað senda skeyti til togara, hafa sent þau símleiðis á loftskeytastöðina, og hún síðan sent þau, en sendandi borgað þau síðar ásamt öðrum símareikningum. Allir vita, að það er engu síður nauðsynlegt að geta sent togurum skeyti á nóttu heldur en degi. En ef þetta frv. verður samþ., þá virðist mér loku skotið fyrir, að hægt sé að afhenda skeyti eftir að landssímastöðin er lokuð. Ég geri sem sé ráð fyrir, að þessir menn, sem allt leggja upp úr drengskaparheitinu, láti sér ekki nægja t. d., að ég sendi skeyti heiman frá mér símleiðis, og gefi þetta samvizkuvottorð aðeins í símanum, heldur verði ég að fara sjálfur á stöðina og gefa drengskaparvottorðið þar skriflega. En eins og gefur að skilja, er það ekki mögulegt nema á þeim tíma, sem stöðin er opin, og virðist ótrúlegt, að Alþingi geti sýnzt það sanngjarnt, að bannað sé á þennan hátt að senda skeyti frá kl. 9 að kvöldi til kl. 8 næsta morgun.

Það hefði þótt ótrúlegt, að hæstv. dómsmrh., sem í bókinni „Verkin tala" hefir úthrópað útgerðarmenn fyrir skattsvik, en skattskýrslur eru sem kunnugt er gefnar upp á æru og samvizku, að hann skuli nú byggja allt á drengskap þessara manna. Þetta gerir hann nú samt, og eru það gleðileg sinnaskipti hjá hæstv. ráðh. Það er svona, að kreppan er þó til nokkurra hluta nytsamleg. Það er ef til vill hún, sem hefir verkað svona á heila hæstv. ráðh., að hann hugsar nú öðruvísi til útgerðarmanna en hann hefir gert á undanförnum árum. Hann veit, að á þessum erfiðu tímum ríður mikið á, að útgerðin geti borið sig, og því áríðandi, að þeir, sem að henni standa, njóti þeirrar verndar, sem þeim ber að réttu, því að það eru þeir, sem nú bera langmest af útgjöldum landsins.

Hæstv. ráðh. var að tala um, að hér væru einhverjir í d., sem hefðu breitt yfir nafn og númer, og hefir þar sjálfsagt átt við andstæðinga málsins. En ég held, að óþarft sé að bera okkur á brýn, að við höfum látið uppi annan hug en við berum til frv. Við höfum haldið fram og sannað, að það væri gagnslaust með öllu, en hinsvegar til ama og óþæginda og til niðurdreps virðingu fyrir lögunum. En hæstv. ráðh. er að burðast hér með frv., sem hann alls ekki trúir á, og væri því nær að segja, að hann hefði breitt yfir nafn og númer.

Eins og ég hefi minnzt á áður, vill hæstv. ráðh. koma upp nýjum hæstarétti til að dæma í þessum málum. Það er sjútvn., sem á að skipa þennan hæstarétt. Þótt gert væri nú ráð fyrir því, að sjútvn. vildi vera réttlátur dómstóll, væri þetta allsendis ónóg. Fyrst og fremst má gera ráð fyrir, að upplýsingar þær, sem n. bærust, yrðu meira og minna litaðar. Og svo kemur annað til greina. Setjum nú svo, að hæstv. ráðh. hafi fengið upplýsingar eða þykist hafa fengið upplýsingar, sem gefi honum tilefni til að setja útgerðarstjórn undir eftirlit það, sem frv. ætlast til, og baki þar með útgerðarfélögum tjón og flekki mannorð þeirra, sem að því standa. Við skulum hugsa okkur, að þetta gerist í maímánuði. Nú á sjútvn. að fella úrskurð í máli þessu. Það getur hún ekki fyrr en á næsta þingi, og þannig gætu liðið allt að 8 mánuðir, og allan þann tíma getur ráðh. beitt ákvæði 6. gr. Það er því allsendis ónóg að áfrýja til sjútvn. eftir að sú réttarskerðing, sem eftirlitið hefir í för með sér, hefir staðið í marga mánuði.

Í öðru lagi vil ég benda á, að hv. sjútvn. er ekki bær að dæma um þessi mál. Hana brestur alla þekkingu til þess að dæma um, hvort í „coda"-skeyti felst annað en það, sem í fljótu bragði virðist.

Í þriðja lagi er til nokkur reynsla um það, hvernig sjútvn. hefir gefizt sem dómstóll. Samkv. lögum frá 1928 á sjútvn. að vera áfrýjunardómstóll í ágreiningsmálum milli starfsmanna varðskipanna og hins opinbera. Sjútvn. hefir einu sinni verið kvödd til úrskurðar út af brottvikningu tveggja starfsmanna á varðskipunum, og meðferð hennar á því máli er ekki til að vekja traust á n. sem dómstóli né heldur á dómstjóra hennar, hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ: Hv. þm. notar sér, að búið er að skera umr. niður). Ég á enga sök á því, að hv. 1. þm. S.-M. og flokksbræður hans hafa neitað frekari umr. um málið með því að neyta afls atkv. Hann getur átt við sjálfan sig

um þetta. Ég tel rétt að rifja þetta upp, því að það getur verið athugunarvert fyrir þá menn, sem vilja láta þingið vera með nefið niðri í öllu.

Tveir stýrimenn á varðskipunum, Jens Stefánsson 2. stýrim. á Ægi, og Haraldur Björnsson 3. stýrim. á Óðni, voru bornir þeim sökum, að þeir hefðu ekki viljað hlýðnast að fara á milli skipa og var sagt upp stöðu sinni af Ríkisútgerðinni. Þetta mál var svo lagt fyrir sjútvn., eins og lög mæla fyrir. Annar þessara manna hefir þungt heimili og fyrir börnum að sjá, og af skjölum þeim, sem fram hafa komið í málinu, virðist mér ljóst, að þeir hafi verið bornir röngum sökum. Um annan þessara manna, Jens Stefánsson, er það að segja, að hann varð fyrir svo þungri aðbúð af hálfu skipstjórans á Ægi, að hann neyddist til að segja upp stöðu sinni áður.

Nú sezt sjútvn. á rökstóla, og var tíminn valinn þannig, að þm. Vestm. var fjarverandi í ferð til Eyja og þm. Barð. veikur, en þeir eiga báðir sæti í n., og vissi n. um forföll beggja. Samþykkti n. svo með 4 atkv. gegn 2 (hv. þm. N.-Ísf. og 1. þm. Reykv.) að staðfesta brottvikninguna. Þetta samþ. framsóknarmennirnir fjórir, enda þótt tveir greiddu atkv. á móti og tveir væru fjarverandi, en lögin mæla hinsvegar svo fyrir, að meiri hl. sjútvn. ráði úrslitum. Úrskurðurinn er því fullkomlega ógildur.

Ég bendi á þetta sem misnotkun valds, sem ekki er ósennilegt, að gæti endurtekið sig. Hér eru fátækir menn, sem að öllum líkindum eru saklausir, reknir með vansæmd úr stöðum sínum. Þetta er sá nýi hæstiréttur, sem hæstv. dómsmrh. vill láta vera á áfrýjunarrétt út af loftskeytaeftirlitinu. Þessi mynd af sjútvn. sem dómstóli undir forustu hv. 1. þm. S.-M. gefur nokkra hugmynd um það réttarfar, sem þar verði ríkjandi. Ég geri ráð fyrir, að þeir fjórir menn, sem samþ. þessa óréttmætu brottvikningu, hafi aldrei kynnt sér málstað stýrimannanna, en látið sér nægja það, sem stj. sagði. Þetta er þá sá dómstóll, sem eftir orðum ráðh. á að beita gegn útgerðarmönnum, sem ef til vill eru alsaklausir.

Hv. 1. þm. S.-M. sagði, að ég væri að nota mér, að umr. hefðu verið skornar niður. Það var ekki ég, sem skar þær niður, heldur fyrst og fremst hann og hans flokksmenn, og ég tel rétt, þar sem hann og hæstv. dómsmrh. hafa gert þetta mál að svo stóru númeri, að sem ljósast komi fram í Alþt., hvað andstæðingar hafa haft fram að færa, þrátt fyrir tilraunir meiri hl. að loka fyrir munninn á þeim. Að vísu er þetta ekki í fyrsta skipti, sem stjórnarflokkurinn beitir þessari aðferð gagnvart andstæðingunum. Í umr. um síldareinkasöluna, er við hv. þm. G.-K. börðumst fyrir umbótum á frv. hv. 1. þm. S.-M., var gripið til þessa sama ráðs. Ég vil minna hv. 1. þm. S.-M., sem ellin hefir auðgað svo mjög að reynslu og færleika, á það, að hann hefði átt að læra það af reynslunni af síldareinkasölunni, að hann hefði nú átt að hlífast við að skera niður umr. fyrir þeim, sem hafa réttan málstað, eins og þá, er við vildum leiðrétta helztu vitleysurnar í till. hans viðvíkjandi síldareinkasölunni.

Hæstv. dómsmrh. sagði, að við miðuðum frv. of mjög við, að hann yrði dómsmrh. framvegis, og væri sem við héldum, að hann væri þjóðinni ómissandi í því sæti. En í rauninni er ekki furðulegt, þótt við miðum frv. við það, því að fyrst og fremst er hann dómsmrh. eins og stendur, og í öðru lagi er alls ekki grunlaust um, að frv. sé fyrst og fremst borið fram af hálfu hæstv. ráðh. til að geta klekkt á pólitískum andstæðingum sínum, enda er engin þörf á að miða við annan dómsmrh. hvað þetta mál snertir, því að fullvíst er, að hvaða dómsmrh., sem eftir hann kemur, nemur úr gildi þau lög, ef að lögum verður, sem óvirða landhelgigæzluna, en eru gagnslaus með öllu. Hvaða ráðh. sem er mun láta endurskoða þessa löggjöf, því að aldrei mun sá maður setjast í sæti dómsmrh., að ekki verði hann heilli og betri en sá, er nú skipar það sæti.

Ef hv. 1. þm. S.-M. hefir ætlazt til, að ég tæki niðurskurðarsamþykkt hans þannig, að ég ætlaði að þegja, hefir honum skjátlazt. Þessi ræða er í senn mótmæli gegn því gerræði stjórnarliðsins að vega nú aftur í sama knérunn og 1928, með því að loka munni andstæðinganna, og gegn frv.afskræmi því, sem hér liggur fyrir. Annars getur hv. 1. þm. S.-M. svarað við 3. umr., ef hann treystir sér til

að hrekja nokkuð af því, sem ég hefi sagt. Röksemdir hans hingað til hafa einkum verið þær, að ekki væri ómaksins vert að eltast við það, sem andstæðingarnir hefðu sagt.

Minni hl. n. hefir sýnt fram á, að í frv. felst engin réttarbót. En hinsvegar gerir það framkvæmd loftskeytasendinga stórum erfiðari en áður og þörf er á. Með því er lögð aukin byrði á herðar loftskeytamanna, sem að vísu er fámenn stétt, svo að hv. meiri hl. álítur máske ekki skipta miklu máli, þó að á þá séu lögð óþörf aukaverk. En líf skipshafnar getur þó oft á því oltið, að starfskraftar þessara manna séu óveiklaðir, og því tel ég bæði rangt og hættulegt að ofbjóða starfskröftum þeirra að nauðsynjalausu. Þeir eru of dýrmætir til að eyða þeim í fánýtt dútl.

Það hefir verið á það bent, að samkv. frv. verður loftskeytastöðin að hlusta í sífellu á loftskeytasendingar milli skipa. Eins og nú er, hefir vörðurinn nóg að gera að taka á móti skeytum á 600 metra bylgjulengd, sem er hin alþjóðlega bylgjulengd. Hefir það ómetanlega þýðingu, að loftskeytastöðin ræki það starf sitt með árvekni og samvizkusemi. En til að hlusta á bylgjulengd milli skipa verður að hætta að hlusta á alþjóðlegu bylgjulengdina, til þess að pára niður veðurfréttir og aflafregnir, sem fara á milli togara. Eigi veiklun starfskrafta og verra eftirlit ekki að vera afleiðing þessa, er augljóst, að fjölga verður starfsmönnum á loftskeytastöðvunum.

Hv. þm. Ak. hefir sýnt með tölum eftir skýrslum frá félagi íslenzkra loftskeytamanna, að fara verður samkv. frv. í gegnum allt að 850 þús. skeyti á ári. Í gegnum þennan grúa verður að þæla, til þess að stj. fái hugmynd um, hvort loftskeyti séu notuð í óleyfilegum tilgangi. Hv. þm. Ak. hefir sannað, að þetta sé 7 manna verk. Ég held að vísu, að ofætlun sé, að sami maður fari í gegnum 50 skeyti á klst. En 7 manna verk verður það þó alltaf minnst. Auk þess verður að bæta mönnum á loftskeytastöðvarnar hér og í Vestmannaeyjum, ef hægt á að vera að hlusta líka á alþjóðlegu bylgjulengdina. Þegar bent var á þetta, sögðu þeir hæstv. dómsmrh. og hv. 1. þm. S.-M., að ekki ætti að framkvæma lögin á þennan hátt. En til hvers er þá verið að setja þetta í lög? Hæstv. dómsmrh. talaði um „stikkprufur". En þær eru vitanlega alveg þýðingarlausar. Annaðhvort verður að ganga gegnum öll skeytin eða ekkert.

Það er því sannað, að ef frv. á að koma til framkvæmda eins og það er á pappírnum, hefir það í för með sér aukinn kostnað og fyrirhöfn. Auk þess er mönnum gert ómögulegt að hafa skeytasamband við skip nema hálfan sólarhringinn, þ. e. a. s. þann tímann, sem landssímastöðvar eru opnar. M. ö. o., það er ekki nema hálfan sólarhringinn, sem hægt verður að senda símskeyti til skipanna, aðeins þann tíma, sem stöðvarnar eru opnar fyrir almenning. Þó vita allir, að það er eins nauðsynlegt fyrir veiðiskip og útgerðarmenn að senda skeyti jafnt á nóttu sem degi. Ég ætla alls ekki að gera tilraun til þess að meta til peninga það tjón, sem af því getur leitt, ef hætta á að senda skeyti gegnum loftskeytastöðina að nóttu til. Afleiðingin af því yrði ekki aðeins óþægindi og tjón fyrir útgerðarmenn, heldur gæti það einnig orsakað alvarlegri hluti. Annars veit ég ekki, hvað þeir menn hafa til saka unnið, sem hafa gerzt skipstjórar á togurum eða útgerðarmenn, að gera þurfi þeim erfiðara fyrir en öðrum með afgreiðslu þessara mála, en það er gert með því að banna þeim að senda loftskeyti nema á meðan landssíminn er opinn. Hingað til hefir þó verið leyfilegt að senda loftskeyti allan sólarhringinn. Annað þekkist líka ekki erlendis en að senda megi skeyti til skipa á hvaða tíma sem er. Íslenzka löggjöfin er því á undan í þessu efni, ef frv. verður að l.

Þeir, sem breiða yfir nafn og númer í þessu efni, eru þeir menn, sem flýja rökin eða skella skollaeyrunum við þeim, en ekki þeir, sem bera þau fram. Það erum því ekki við, sem erum í minni hl. í sjútvn., sem siglum með breitt yfir nafn og númer, heldur hæstv. dómsmrh. og þeir, sem fylgja honum eftir. Slíkt er líka eðli hæstv. ráðh. og hefir verið frá því fyrsta, að hann kom nærri opinberum málum. Hann breiddi sannarlega yfir nafn og númer, þegar hann árið 1916 sigldi úr sócialistaflokknum yfir til bænda, til þess að reyna að veiða þá í net

sitt. Það þýðir ekkert fyrir hann að reyna að hafa á móti því, þar sem það er beinlínis sannað með yfirlýsingum frá flokksbræðrum hans þáverandi. Hann breiðir líka yfir nafn og númer, hæstv. ráðh. dómsmálanna, þegar hann dregur flokksbræður sína bæði sunnan lands og norðan undan réttlátum refsingum laganna.

Að því er snertir afskipti sjútvn. af þessu máli, þá getur hún alls ekki komið í veg fyrir, að ákvæðum 6. gr. frv. verði misbeitt, og að því er snertir meiri hl. sjútvn. nú, þá er honum lítt treystandi til að vera réttlátur dómari, hvorki í þessu máli né öðru, og því til sönnunar hefi ég nefnt hina hneykslanlegu afgreiðslu hans á máli stýrimannanna á varðskipunum, er til n. var skotið.

Þá var hæstv. dómsmrh. eitthvað að tala um þá ágætu skipun, sem komin væri á landhelgigæzluna síðan hann tók við völdum. Hann hefir hælt sér af því áður, hæstv. ráðh., að hafa komið lagi á landhelgigæzluna. En eins og ég hefi svo þráfaldlega bent á, þá hefir hann sannarlega fært hana meira úr lagi en bætt hana, og þetta frv. getur ekki falið þau mistök, sem orðin eru á stjórn hennar. Henni er alltaf að stórhraka. Ráðh. er alltaf að færa hana niður á lægra og lægra svið. Áður var hún t. d. undir stjórn dómsmrn. Á skipunum ríkti þá gott samstarf, sátt og samlyndi, en nú er þetta orðið á annan veg. Skipin hafa verið sett undir aðra útgerðarstjórn og jafnframt notuð til ýmissa annara hluta, sem eru óviðkomandi gæzlustarfi þeirra. Samkomulagið innbyrðis á sumum þeirra hefir orðið hið versta, og því til sönnunar má benda á kærurnar frá skipshöfninni á Ægi. Allt er þetta til þess að gera árangurinn af gæzlustarfinu verri. Eins og kunnugt er, eru nú miklu færri erlend fiskiskip tekin fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi en áður, og það af eðlilegum ástæðum. Þá er ennfremur svo komið, að undir stjórn núv. dómsmrh. skeður það, að þrjár stórþjóðirnar senda hingað gæzluskip til lengri dvalar og ýtarlegra eftirlits en áður hefir átt sér stað. Þetta bendir nokkuð greinilega á það, í hvaða óefni hæstv. dómsmrh. er búinn að stýra landhelgigæzlunni. Við erum hreint og beint, að því er virðist, settir undir eftirlit stórþjóðanna í þessu efni. Þetta gekk alls ekki þannig til áður. Á árunum 1925—26 munu hafa verið tekin hér flest skip og dæmd fyrir landhelgibrot, sem nokkurn tíma hefir verið. Urðu hinar útlendu þjóðir, er fiskveiðar stunda hér, því fyrir þyngri búsifjum um fjárútlát en áður hafði átt sér stað. Þó dró ekki að því, að hingað væru send útlend herskip, til þess að vera hér mánuðum saman til þess að líta eftir hagsmunum þegna sinna. En í dag er ástandið þannig, undir stjórn núv. dómsmrh., **að hingað eru send fleiri erlend herskip til eftirlits, að landhelgigæzlan er rækt miklu verr en áður, að samkomulagið á gæzluskipunum, eins og t. d. Ægi, horfir til stórra vandræða, því að margir yfirmenn af skipunum ganga í landi á fullum launum, en aðrir eru teknir í þeirra stað, allt vegna sundurlyndis og ósamkomulags. Þannig er nú ástand landhelgigæzlunnar,** og þó þykist hæstv. dómsmrh. hafa bætt hana. Þetta sýnir aðeins það, hve gersamlega hann og fylgifiskar hans eru blindir á allt það, er gæzlunni má að gagni verða.

Jón Ólafsson: Ég ætla, að réttast sé í þetta sinn að stytta mál mitt og jafnvel falla alveg frá orðinu við þessa umr. Bæði er það, að vörnin í málinu er orðin hin frækilegasta, svo litlu þarf þar á að bæta; einnig er umr. um málið orðin sæmilega löng. Þá er og nokkuð búið að ganga á tíma þingsins fyrir skilningsleysi stjórnarflokksins. Hefir kveðið svo rammt að því á þessu þingi, að málum bænda hefir t. d. ekki verið sinnt, heldur hefir þessu máli og fleiri hégómamálum verið varpað inn í þingið til umr. Eru þau góður spegill af sálarástandi þeirra, sem að þeim standa og ráða gangi mála hér á þingi, sem sé stjórnarflokksins.

Ég mun nú geyma rétt minn til að tala um mál þetta þar til við 3. umr., þ. e. a. s., verði ennþá sýnt það blygðunarleysi að varpa því inn í d. til umr. til þess að tefja fyrir öðrum nytjamálum. En sem sagt, ég fell frá orðinu nú, af því að ég myndi verða að flytja ádeiluræðu, en kæri mig ekki um það, þar sem búið er að skera niður umr., svo að enginn er til andsvara.

ATKVGR.
Brtt. 176,1 samþ. með 15 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 16:5 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15:2 atkv.
Brtt. 176,2 samþ. án atkvgr.
4. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 176,3.a samþ. með 15 shlj. atkv.
— 176,3.b samþ. án atkvgr.
— 176,3.c samþ. með 15 shlj. atkv.
— 176,3.d samþ. með 15:2 atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 176,4.a samþ. án atkvgr.
— 176,4.b samþ. með 15 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 15:1 atkv.
7.—9. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17:9 atkv.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

4. Umsjón nokkurra ríkiseigna í Ölfusi.

Á 1. fundi í Ed., 16. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um umsjón nokkurra ríkiseigna í Ölfusi (stjfrv., A. 19).

Á 4. fundi í Ed., 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Þetta frv. lýtur að því, að ákveðið sé með lögum, að ólaunuð nefnd hafi umsjón með fimm jörðum ríkissjóðs í Ölfusi. Þetta er ekki stórmál, en getur þó skipt miklu um jarðir þessar, vegna hinna miklu framtíðarmöguleika þar. Þar eystra hefir nú verið byrjað á að reisa berklahæli og ennfremur hefir verið rekið þar gróðrarhús, og byrjað á túnrækt og garðrækt, einkum fyrir landsspítalann. Þar sem nú má búast við, að eignir þessar verði einkum notaðar í sambandi við heilbrigðismál, er svo ákveðið í frv., að sjálfskipaðir skuli vera í þessa nefnd: landlæknir, einn af yfirlæknunum við landsspítalann, kjörinn af yfirlæknunum, læknirinn við Reykjahælið, ráðsmaðurinn við Reykjabúið og ráðsmaður landsspítalans. Má telja víst, að þessum mönnum sé fullkomlega trúandi til að sjá um, að möguleikar jarðanna verði hagnýttir sem bezt. Legg ég til, að málinu verði, að þessari umr. lokinni, vísað til allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 7 shlj. atkv. og til allshn. með 8 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

5. Einkasala á áfengi.

Á 1. fundi í Ed., 16. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 69 frá 1928 [Einkasala á áfengi] (stjfrv., A. 20).

Á 6. fundi í Ed., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Svo sem hv. þdm. mun reka minni til, þá varð nokkurt umtal um það á sumarþinginu síðasta, hvort ekki væri ástæða til að hækka toll á áfengi að nokkrum mun. Þetta varð þó ekki útrætt. En sú skoðun virtist nokkuð almenn, að rétt væri, að ríkissjóður fengi nokkurn aukinn hagnað af innflutningi áfengis. En jafnframt kom og fram, að réttara mundi vera að sníða tekjur ríkissjóðs af víninu með hreyfanlegri álagningu. Samkv. þeim vilja voru svo gefin út bráðabirgðalög snemma í vetur. Þau hafa þó enn eigi verið notuð. Verzlunarástandið hefir breytzt svo mjög í heiminum, að ekki þótti rétt að nota lögin fyrr en þing kæmi saman og fengi tækifæri til að láta í ljós álit sitt. Ég mun þó eigi ræða það nánar að sinni. Óska aðeins, að því, að umr. lokinni, verði vísað til hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

6. Bókhald.

Á 3. fundi í Nd., 17. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um bókhald (þmfrv., A. 24).

Á 5. fundi í Nd., 19. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jónas Þorbergsson): Frv. þetta er borið fram að tilhlutun dómsmálaráðuneytisins. Það hefir tvisvar legið fyrir þinginu áður og þá fyrir hv. efri deild. Í bæði skiptin náði það afgreiðslu þar, en hlaut ekki afgreiðslu þingsins sökum tímaskorts. Við samningu þess var stuðzt við erlenda löggjöf um þessi efni, sérstaklega sænska. Núgildandi lög um þetta efni eru frá 1911, en eins og kunnugt er hefir allur atvinnurekstur landsmanna tekið miklum breytingum síðan. Breytingar þessar hafa vitanlega í för með sér aukna nauðsyn á fullkomnu bókhaldi í landinu. Benda má á það, að nokkrar meginástæður gera breyt. í þessu efni nauðsynlegar. Síðan árið 1911 hefir t. d. orðið mikil breyt. á um notkun lánsfjár til atvinnurekstrar, þar sem flest atvinnufyrirtæki byggjast nú á stórfelldum lánum og gagnkvæmri tiltrú. Aukið og bætt bókhald yrði því til mikils öryggis fyrir lánardrottnana. Í öðru lagi voru fyrir nokkru síðan sett lög um gjaldþrotaskipti. Öruggt og glöggt bókhald myndi gera slík skipti miklu greiðari og réttlátari. Í þriðja lagi má benda á lögin um tekju- og eignarskatt, sem sett hafa verið síðan lögin um bókhald voru samþ. Myndi allt framtal manna til tekju- og eignarskatts verða miklu gleggra og öruggara, ef ákvæðunum um bókhald yrði breytt í það horf, sem farið er fram á í frv. þessu. Og loks má benda á þann einfalda sannleika, að auðveldara verður fyrir einstaklinga og stofnanir að fylgjast betur með sínum eigin hag með bættu bókhaldi.

Þessar eru hinar þrjár meginástæður fyrir því, að frv. þetta er hér fram borið. Einnig eru nokkrar fleiri, smærri ástæðum, sem ég ætla ekki að fjölyrða um hér að þessu sinni.

Eins og ég gat um, hefir frv. þetta fengið allmikinn undirbúning í hv. Ed. á 2 síðustu þingum, og ætti það að geta orðið til góðs stuðnings málinu. — Ég fjölyrði svo eigi frekar um málið að þessu sinni, en vænti þess, að hv. þd. taki frv. vel og láti það hafa góða afgreiðslu. Legg ég svo til, að það verði fengið hv. allshn. til meðferðar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

7. Læknishéraðasjóðir.

Á 6. fundi í Nd., 20. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um læknishéraðasjóði (þmfrv., A. 31).

Á 8. fundi í Nd., 23. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Vilmundur Jónsson): Frv. þetta má heita eins og það var flutt á síðasta þingi og þinginu þar áður, og læt ég nægja að vísa til grg. þeirrar, er því fylgir. Vona ég, að það fái nú betri afgreiðslu en áður.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

8. Prestakallasjóður.

Á 9. fundi í Nd., 24. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um prestakallasjóð (þmfrv., A. 40).

Á 16. fundi í Nd., 29. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Jónsson) [óyfirl.]: Það er alveg rökrétt hugsun, að ef einhver starfsgrein ríkisins er ekki fullskipuð því liði, sem henni er ætlað af löggjafar- og fjárveitingarvaldinu, þá skuli verja því fé, sem við þetta sparast, til þess að bæta starfsgreininni upp hallann á annan hátt.

Þetta frv. er fram komið vegna þess, að upp á síðkastið hefir borið nokkuð á því, að einstakar starfsgreinir hins opinbera hafa ekki fullum starfskröftum á að skipa. Einkum hefir þetta átt sér stað um presta og lækna, og á sumarþinginu voru þess vegna flutt tvö frv., sem og bæði eru fram komin á þessu þingi, nefnilega þetta frv. og frv. um læknishéraðasjóði, og bæði miða að því að gera þessa rökréttu hugsun að veruleika. Í báðum þessum frv. er meginhugsunin alveg sú sama, en útfærsla e. t. v. eitthvað öðruvísi. Starfsemi kirkjunnar er að því leyti öðruvísi en læknastéttarinnar, að með almennu starfi má bæta upp það, sem tapast vegna vantandi starfskrafta. Þess vegna er í þessu frv. gert ráð fyrir, að fénu verði varið til slíkrar starfsemi.

Frv. er að mestu óbreytt frá því á sumarþinginu, nema að teknar hafa verið til greina þær raddir, sem fram komu í sumar, um að nefna útvarpið sérstaklega, er góðs skuli njóta af fé sjóðsins. Ákvæði um þetta hefir verið tekið upp í 4. gr. frv., og vona ég, að sú breyt. verði ekki frv. að trafala.

Að sjálfsögðu eru í orðalagi og útfærslu frv. ýms atriði, sem þurfa umbóta við, og vænti ég, að hv. n. taki það til athugunar. Leyfi ég mér svo að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Jónas Þorbergsson: Ég er hv. flm. sammála um meginstefnu þessa frv., og það því fremur, sem hann hefir nú tekið til greina þær till., sem ég, vegna útvarpsstarfseminnar og hins almenna gildis, sem hún hefir fyrir kirkjuna, flutti á sumarþinginu, um að fé því, sem ríkissjóði sparast á þennan hátt, skuli varið til þess að halda við og auka guðsþjónustur, sem fluttar eru í útvarpið. Það er einsætt, að það er ekki unnt að bæta söfnuðunum upp það, sem þeir fara á mis vegna vöntunar á prestum, nema með útvarpsguðsþjónustum, auk þess sem útvarpsnotendum fer mjög fjölgandi um byggðir og bæi landsins.

Ég get hugsað, að ástæða væri til að athuga eitt formsatriði frv., nefnilega um ráðstöfunarvald þess fjár, sem hér verður til umráða. Eins og 2. gr. frv. ber með sér, þá vill hv. flm., að fénu sé ráðstafað eftir till. prestastefnu og biskups, og skuli sú ráðstöfun bindandi, ef þessir tveir aðilar eru sammála, en ella sker kirkjumálaráðh. úr. Í þessu sambandi vil ég vekja athygli á því, að á þinginu í sumar voru sett lög um kirkjuráð og í 3. gr. þeirra laga, 4. lið, er svo fyrir mælt, að kirkjuráðið hafi „ráðstöfunarvald yfir fé því, sem lagt kann að verða til frjálsrar kirkjulegrar starfsemi eða annara kirkjulegra þarfa, eftir nánari ákvæðum, sem fjárveitingarvaldið setur í hvert sinn". Nú er svo háttað um biskup, að hann er æðsti maður kirkjunnar í landinu og samkv. lögunum um kirkjuráð er hann forseti ráðsins og hefir því samskonar aðstöðu þar og á prestastefnunni. Það virðist því eðlilegast, að frv. verði breytt í þá átt, að ráðstöfunarvald sjóðsins skuli lagt í hendur kirkjuráðsins, og ég mun síðar flytja brtt. þar að lútandi, ef hv. n. gerir það ekki.

Ég vona, að hv. flm. sé ekki mótfallinn þessari breyt., og ég vil ennfremur vænta þess, að hv. n. taki þessar bendingar mínar til greina.

Flm. (Magnús Jónsson) [óyfirl.]: Því fer mjög fjarri, að ég sé aths. hv. þm. Dal. mótfallinn, því ég er fullkomlega samþykkur þeim breyt., sem hann vill láta gera á frv. Að ég tók þetta ekki upp í frv. í fyrra, stafaði af því, að kirkjuráðið var þá í smíðum og ekki orðið að lögum, og í þetta sinn er hið sama að segja, með því að kirkjuráðið er enn ekki komið á fót. Að sjálfsögðu athugar n. þessar brtt. og flytur þær, ef henni þykir þess þörf. Það er ekki nema rétt, að kirkjuráðið hafi sitt atkv. um ákvörðun sjóðsins. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar, en vona, að hv. n. og þingd. taki máli þessu með velvildarhug.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til menntmn. með 17 shlj. atkv.

Fram kom brtt. við frv., á þskj. 74, en nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

9. Áfengislög (frv. MG).

Á 14. fundi í Nd., 26. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 64, 19. maí 1930 (þmfrv., A. 46).

Á 16 fundi í Nd., 29. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Guðmundsson): Í áfengislögunum er ríkisstj. heimilað að setja sérstaka löggæzlumenn, m. a. vegna bannlaganna. Þessa heimild hefir stj notað ósleitilega, svo sem grg. frv. ber með sér, þar sem kostnaður af þessum ráðstöfunum hefir numið um 80—90 þús. kr. síðastl. ár, og stofnuð hafa verið í þessu skyni mörg ný embætti eða sýslanir. Ég held, að stj. hafi í þessu efni farið miklu lengra heldur en þingið hafði ætlazt til, er þessi lagaheimild var sett. Eins og hag ríkissjóðs er nú komið, virðist einsætt, að skera verður við neglur allar þær fjárveitingar, sem ekki verða að teljast óhjákvæmilegar. Enda þótt þetta frv. næði fram að ganga, er ekki ætlunin, að lögreglan verði skert, miðað við það, sem áður var, heldur verði í því efni miðað við það löggæzlulið, sem var 1928. Ég verð að telja, að á slíkum tímum sem nú eru sé Alþingi skylt að leita allra ráða til þess að firra ríkissjóð útgjöldum, sem komast má hjá.

Ég flyt þetta frv. sem sparnaðarmál. Það getur því ekki orkað tvímælis, að það á heima í fjhn., og vil ég óska, að því verði vísað þangað að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16:2 atkv. og til fjhn. með 16:1 atkv.

Á 79. fundi í Nd., 20. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 46, n. 412 og 439). — Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framan.

---

10. Menningarsjóður.

Á 15. fundi í Nd., 27. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 54, 7. maí 1928, um Menningarsjóð (þmfrv., A. 51).

Á 17. fundi í Nd., 1. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Guðmundsson): Í l. um Menningarsjóð er svo fyrir mælt, að árlegar tekjur ríkissjóðs af ólöglegu áfengi, hverju nafni sem nefnist, renni til Menningarsjóðs. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, fer fram á það, að á yfirstandandi ári og næsta ári falli helmingur þessara tekna til ríkissjóðsins. Vitanlega er frv. borið fram vegna hins erfiða ástands, sem nú er hjá ríkissjóði, og ákvæði frv. eru svona tímatakmörkuð af því, að frekar er búizt við, að rætist úr þeirri kreppu, sem nú er, á næsta ári. Það þarf ekki að draga það í efa, að hagur ríkissjóðs á þessum tveimur árum verði svo erfiður, að allverulega þurfi að draga úr öllum framkvæmdum til opinberra þarfa, og þá sýnist mér það ekki vera nema sjálfsagt og eðlilegt, þótt einnig sé dregið úr þeirri starfsemi, sem gert er ráð fyrir með l. um Menningarsjóð. Ég skal ekki fara fleiri orðum um málið meðan ekki koma andmæli fram.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég er að vísu samþykkur hv. flm. um það, að ástæða geti verið til þess að afla ríkissjóði nokkurs tekjuauka, og sennilega koma fram fleiri frv. á þinginu um þetta í því skyni. En ég ímynda mér, að hv. flm. sé það e. t. v. ekki kunnugt, að þessi sjóður hefir fjárhagslega staðið undir allmiklum óhjákvæmilegum útgjöldum vegna andlegs lífs í landinu, síðan hann var stofnaður. Þriðjungur þessa sjóðs gengur til þess að kaupa listaverk fyrir landið af ísl. listamönnum, og það sjá allir,

að aðalmöguleikar þessara listamanna til þess að lifa eru bundnir við þennan sjóð. Ef litið er aftur til þeirra tíma, þegar veittar voru 3 þús. kr. til listaverkakaupa, þá sjá allir, að sú upphæð mundi hrökkva næsta skammt til þeirra mörgu efnilegu listamanna, sem nú eru starfandi hér á landi. jafnvel þótt sumir þeirra selji nokkuð á venjulegum markaði og a. m. k. einn selji málverk sín erlendis. Ef menn athuga þær upphæðir, sem veittar eru í fjárl. til kirkju- og skólamála og bera þær saman við hlut listamannanna, þá verður hann ekki stór. Og ég býst við því, þar sem flm. þessa frv. er nú málaflutningsm., en þeir eru taldir að vera einna bezt settir efnalega af öllum stéttum hér í bænum, þá geti hann ímyndað sér, að þröngt muni vera í búi margra listamanna, ef borið er saman við það, sem meira og minna lítilfjörlegir málafærslumenn fá upp úr starfi sínu.

Annar þriðjungur þessa sjóðs fer til vísindalegra rannsókna á náttúru landsins. Það er alveg sama um það að segja og hitt, að þessir menn, náttúrufræðingarnir, hafa alltaf verið sveltir hér á landi, allt frá því að Sveinn Pálsson hóf sína starfsemi að rannsaka landið. Og heita mátti, að Jónas Hallgrímsson væri drepinn úr hungri. Hin sama barátta hefir alltaf verið fyrir þeim mönnum, sem gæddir hafa verið þeim „idealisma", sem þurfti til að leggja stund á slík fræði.

Einn þriðjungur sjóðsins er fyrir ísl. rithöfunda. Má segja alveg hið sama um þann hlutann og hina fyrri, og ekki verða rithöfundarnir síður fyrir barðinu á dýrtíðinni en aðrir. En ég vil skjóta því til hv. 2. þm. Skagf., að nýlega hefir verið dreift hér út rannsókn, sem sýnir, að kostnaður við útbýting erlendra vara hér í Rvík kostar þjóðina árlega um 13,5 millj. kr. Og þegar litið er á það, hvílíkar óhemju fjárhæðir eyðast á þennan hátt gersamlega að óþörfu, þá álít ég, að hyggilegast væri nú í kreppunni að leita féfanga þar, sem meira er af að taka og minna að missa fyrir þjóðina, þótt eitthvað fækkaði milliliðum landsins.

Ennfremur er þess að geta, að nokkuð af þessu fé Menningarsjóðs safnast saman þegar um verulegar tekjur er að ræða, til bygginga fyrir landið, af því, sem fer til náttúrufræðideildarinnar. Og ég veit, að tekjur þessa sjóðs hafa verið með meira móti árið 1930. Annars skal ég ekki ræða það atriði frekar.

Ég álít, að þetta mál eigi að fara til n. og athugast þar með rökum, en hinsvegar taldi ég rétt nú við 1. umr. málsins að benda á, að þeir andlegu starfsmenn, sem hér yrðu að gjalda, mega sízt við því, að byrjaður sé niðurskurður á þeim.

Flm. (Magnús Guðmundsson): Ég vil fyrst leiðrétta þann misskilning hjá hæstv. ráðh., að hér sé um tekjuaukafrv. að ræða. Hér er aðeins um það að ræða að draga úr gjöldum ríkissjóðs. Ástæðan til þess, að ég ber þetta frv. fram, er einmitt sú, að ég held, að nokkuð erfitt verði að ná með tekjuaukafrv. eða nýjum sköttum þeim tekjum, sem væntanlega þarf. Ég veit það vel, að menn þeir, sem hæstv. dómsmrh. nefndi og njóta góðs af þessum sjóði, hafa ekki of mikið, en þetta verður að koma niður á öllum jafnt, og því verður ekki neitað, að það fé, sem þessum sjóði er lagt fram í þessum ákveðna tilgangi, er eftir okkar hlutföllum gróflega ríflegt. Og þar sem ekki er um annað að ræða en að gera breyt. á þessu fyrirkomulagi um tveggja ára skeið, þá sýnist það ekki vera svo gífurlega langt farið í sakirnar. Afleiðingin myndi væntanlega verða sú, að ekki kæmu út í ár einhver þau rit, sem ella myndu koma, heldur tveim árum seinna. Hinsvegar geri ég ráð fyrir því, að persónustyrkir myndu geta haldizt eins og áður.

Hverjar tekjur sjóðurinn kann að hafa árið 1932, veit hvorki ég né hæstv. ráðh. neitt um, en það er nú einu sinni svo, að það fer ekkert eftir árferði, því lögbrot eru jafnt framin í slæmu árferði og góðu; og e. t. v. má segja, að meira sé um þau á slæmu árunum en hinum góðu. Einnig er það alkunna, að árið 1931 hafði sjóðurinn talsvert miklar tekjur. Stórfelld brot komust upp og af því hafði sjóðurinn talsvert miklar tekjur, og nú standa yfir mörg mál, sem væntanlega verða leidd til lykta á árinu 1932, og koma þá enn miklar tekjur í sjóðinn.

Það eru auðvitað ýkjur hjá hæstv.

ráðh., að listamennirnir lifi mestmegnis á Menningarsjóði, því að þeir hafa lifað áður en hann tók til starfa, en það var árið 1929, svo að ekki hafa þeir einungis lifað á honum.

Ég tók svo eftir, að hæstv. dómsmrh. mundi þó ekki vera á móti því, að málinu væri vísað til n., og vil gera það að till minni, að frv. verði vísað til fjhn. að umr. lokinni.

Jónas Þorbergsson: Ég vildi leyfa mér, áður en frv. fer til n., að lýsa yfir því, að ég er andvigur stefnu þess. Hlutverk Menningarsjóðs er það fyrst og fremst eins og hæstv. dómsmrh. réttilega tók fram, að bera uppi að nokkru leyti nokkurn hluta þeirrar andlegu viðleitni, sem fram kemur með þjóðinni og ekki er borin uppi af fjárveitingarvaldi þingsins frá ári til árs. Er þetta í senn eitthvert örðugasta og óeðlilegasta viðfangsefni fjvn. þingsins og þingsins í heild sinni, að glíma við hinar mörgu umsóknir ýmissa listamanna, rithöfunda og vísindamanna, sem leita á náðir þingsins um styrk á hverju ári, ýmist til þess að geta lært, fullkomnað sig í list sinni, eða til að geta iðkað menntir sínar. Ég lít svo á, að með stofnun Menningarsjóðs, þar sem um er að ræða að leggja til hliðar hluta af tekjum ríkissjóðs, sem sérstök stj. hefir með höndum útbýtinguna á meðal þeirra manna, sem ella mundu neyðast til að leita á náðir þingsins beint í þessu efni í hvert sinn, sé stefnt í rétta átt, sem er að losa þingið við að glíma við þessi óeðlilegu og óskemmtilegu viðfangsefni á hverju ári. Hv. flm., sem á sæti í fjvn. og er auk þess gamall þm., mun vafalaust vera mér sammála um það, hversu þessi viðfangsefni eru óskemmtileg og örðug fyrir þingið, og þó að ég efist ekki um, að tilgangur hv. flm. með þessu frv. sé góður í sjálfu sér, lít ég svo á, að ekki sé tilvinnandi fyrir lítilfjörlegan tekjuauka í tvö ár til handa ríkinu að hverfa frá þeirri stefnu, sem ríkið með þessum ráðstöfunum hefir tekið í þessu máli, og er ég af þessum ástæðum andvígur frv. — Það er að vísu rétt, að fjárhagur ríkissjóðs er ekki góður eins og stendur, en örðugleikar þeirra manna, sem góðs njóta af þessum ráðstöfunum, munu þó sízt minni; þegar kreppur steðja að, koma þær fyrst og fremst niður á þessum mönnum, sem við hin andlegu störf fást, en eru þó ekki bornar uppi af neinum sérstökum stofnunum. Á krepputímum selst minna af málverkum en ella, minna af bókum, og skemmtanir eru þá minna sóttar en ella, og þeir, sem að þessu vinna, fá af þessum ástæðum minna fyrir sitt erfiði en ella fá þeir. Hér er því greinilega ráðizt á garðinn þar, sem hann er lægstur, án þess þó að hér sé um nein bjargráð fyrir ríkissjóð að ræða. Ríkissjóð munar ekkert um þetta, til hvorugrar hliðarinnar, og þar sem hinsvegar hér er farið fram á að svipta okkar fátæku lista- og menntamenn þeim litlu fjárvonum, sem bundnar eru við þennan sjóð, mun ég ekki geta greitt málinu atkv. mitt til n., auk þess sem ég tel stefnu frv. einnig ranga að öðru leyti, eins og ég tók fram.

Flm. (Magnús Guðmundsson): Ég geng þess auðvitað ekki dulinn. fremur en hv. þm. Dal., að þeir menn, sem góðs njóta af tekjum þessa sjóðs, hafa nú minna upp úr sér en ella, vegna árferðisins. En það verða fleiri en þeir fyrir barðinu á árferðinu. Heldur hv. þm. Dal. e. t. v. ekki, að bændur landsins verði fyrir barðinu á árferðinu líka? Ég hygg a. m. k., að þeir verði ekki betur úti en aðrir, og er enda svo um alla atvinnuvegi landsins, að þeir eru nú reknir með halla, meiri eða minni. Þetta mál má því að nokkru leyti vera prófsteinn á þingið um það, hvernig það lítur á fjárhagsástandið, sem nú ríkir í landinu, hæst sem lægst. Ég lít svo á, að þegar svo er komið, að lítið eða ekki verður hægt að vinna umfram það, sem lögákveðið er, liggi fátt nær en að draga úr útgjöldunum á þeim sviðum, þar sem þetta er mögulegt. Það má að vísu e. t. v. segja, að hér sé óheppilega borið niður, en ætli hið sama mundi ekki kveða við um flestar, ef ekki allar niðurskurðartill? Einhversstaðar verður a. m. k. að bera niður, ef hér á ekki allt að fara í kaldakol á næstunni.

Jónas Þorbergsson: Ég er sammála hv. 2. þm. Skagf. um það, að einhvers-

staðar verður að bera niður, svo að um munar, til að rétta hinn halla fjárhag ríkissjóðs, en hér er ekki borið niður svo að um muni í þessu efni, en að vísu svo að um munar fyrir fámennustu stétt landsins, og það einmitt þá stéttina, sem mestum misskilning mætir og við mesta örðugleika á að stríða, af þeim ástæðum meðfram. Ég tók það annars skýrt fram í minni fyrri ræðu, að ég er ósamþykkur þeirri stefnubreyt., sem í frv. felst, frá þeirri skipan, sem nú er á þessum málum, auk þess sem ég taldi það ekki svara kostnaði að hverfa frá þeirri hollu stefnu, sem mörkuð var með Menningarsjóði um þessa hluti. Sá ávinningur, sem ríkið hefði af þessu í 2 ár, er lítill sem enginn, og enda mjög tvísýnn, eins og ég áður sagði. — Það er að vísu alveg rétt hjá hv. 2. þm. Skagf., að bændur landsins verða fyrir barðinu á kreppunni ekki síður en aðrar stéttir í landinu, en eins og hæstv. dómsmrh. réttilega benti á, væri nær að taka það til athugunar, hvort ekki er rétt að reka verzlun þjóðarinnar með ódýrara hætti en nú gerist, og enda ekkert líklegra en að þar mætti grípa niður svo að um muni fyrir ríkissjóð. Ég fer ekki frekar út í þetta hér, en e. t. v. gefst tækifæri til að koma inn á það í sambandi við önnur mál, sem fyrir þinginu liggja.

Jón Auðunn Jónsson: Sú mun verða raunin á, að erfitt verður að fá fram niðurfærslu á gjöldum ríkissjóðs. Ég er sannfærður um það, að í hvert skipti, sem farið er fram á einhverjar slíkar niðurfærslur, koma fram gegn því mótbárur, og jafnan á einhverjum rökum reistar, eins og eru mótbárur hv. þm. Dal. gegn þessu frv. nú. En það er engu líkara en að hv. þm. Dal. sé það ekki fullkomlega ljóst, þó að fullhátt skelli að vísu í tönnum hans, að nú þarf hér sérstakra ráðstafana við. Ég fæ a. m. k. ekki séð, hvernig hinir örþrota atvinnuvegir landsins eiga að rísa undir þeim háu útgjöldum ríkissjóðs, sem nú eru orðin. Á þessu verður að taka hörðum höndum, ef ekki er stefnt beint til ríkisgjaldþrots, og reynt að fleyta landinu sjálfstæðu út úr kreppunni, sem ekki mun minnka hér hjá okkur, þó að heimskreppunni kunni að linna eitthvað, ef ekki eru gerðar til þess sérstakar ráðstafanir, vegna þess, að stj. hefir með fjárbruðli sínu undanfarin ár komið útgjöldunum langt upp yfir það, sem atvinnuvegirnir þola í hverju meðalári.

Flm. (Magnús Guðmundsson): Ég vildi aðeins gera fyrirspurn um það til hv. þm. Dal., hvernig hann hugsar sér, að ríkinu mætti koma auknar tekjur af þessu breytta fyrirkomulagi á dreifingu vara meðal landsmanna, sem hæstv. dómsmrh. kallar svo.

Jónas Þorbergsson: Mér þykir hv. 2. þm. Skagf. ætlast til mikils af mér, ef hann gerir ráð fyrir, að ég sé þess albúinn í sambandi við þetta mál að fara að reifa þær hugmyndir, sem við framsóknarmenn höfum um það, hvernig afla megi ríkissjóði aukinna tekna með breyttu og hagkvæmara fyrirkomulagi á verzlun og viðskiptum. Samkv. skýrslu skattstjórans hér í Rvík um verzlunarkostnað hér á árinu 1930 nemur verzlunarálagningin hér um 14 millj. kr. Er þar að vísu talin með heildsöluálagning á þeim vörum, sem héðan eru seldar út um land, en hinsvegar ekki hagnaður Reykvíkinga af sölu innlendra afurða, sem fullkomlega mun vega upp á móti þessu, því að t. d. hagnaður Reykjavíkurbúa af mjólkinni einni saman mun nema svo skiptir hundr. þús. kr. Þarf ekki mikla hugkvæmd til að skilja það, að hægt muni að skipa verzluninni í það horf, að ríkissjóður hafi mikinn hagnað af frá því, sem nú er. Er ég reiðubúinn til að reifa þær hugmyndir nánar síðar og eiga um það orðastað við hv. 2. þm. Skagf. sem aðra, og mætti þá enda búast við því, að meiri fróðleikur yrði af slíkum umr. en nú yrði, með betri undirbúningi okkar beggja þar til.

Ólafur Thors: Hæstv. dómsmrh. og hv. þm. Dal. hafa báðir dregið hér inn í umr. skjal nokkurt um verzlunarálagninguna hér í Reykjavík, eins og það er kallað, samið af skattstjóranum hér á staðnum. Vildi ég að þessu tilefni gefnu fara nokkrum orðum um þetta skjal, sem er hið einstæðasta í sinni röð, og alls ekki

merkilegt, eins og áðurnefndir hv. þm. kalla það. Ægir saman hinum furðulegustu fjarstæðum í þessu plaggi skattstjórans, og vildi ég hér aðeins nefna til eitt dæmi sem sýnishorn. Skattstjórinn kemst að þeirri niðurstöðu, að álagningin á erlendar vörur nemi um 485 kr. á hvert mannsbarn hér í bænum, og svarar það til 2400—2500 kr. álagningu fyrir hverja fimm manna fjölskyldu. Jafnframt telur skattstjórinn, að þessi álagning sé um 20% af söluverði varanna, og samkv. því verður hver fimm manna fjölskylda hér í bænum að kaupa erlendar vörur fyrir sem svarar 8000—9000 kr. á ári, en til þess að slíkt geti staðizt, yrði hver fjölskylda að hafa milli 15 og 20 þús. kr. tekjur á ári, og þó nær 20 þús. — Tel ég ekki samboðið þm. að vitna til plaggs, sem hefir að geyma aðrar eins vitleysur sem þessa.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15:1 atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., 23. marz, var útbýtt áliti minni hl. fjhn., á þskj. 249, og á 47. fundi í Nd., 9. apríl, áliti meiri hl. n., en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

11. Fræðslumálastjórn.

Á 15. fundi í Nd., 27. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 35, 19. maí 1930, um fræðslumálastjórn (þmfrv., A. 52).

Á 18. fundi í Nd., 2. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Pétur Ottesen): Ég sé ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um frv. þetta að svo stöddu. Með því er ekki stigið nema örlítið skref af því, sem stíga þarf á þessu þingi til að draga úr útgjöldum ríkisins. Frá mínu sjónarmiði verður eigi hjá því komizt að taka nú föstum tökum á niðurskurði á útgjöldum ríkissjóðs, m. a. með því að draga úr hinum mikla kostnaði við skólahaldið í landinu, fresta því að meira eða minna leyti nú um hríð, minnka til stórra muna hið takmarkalausa starfsmannahald við sumar stofnanir ríkisins og draga að öðru leyti úr kostnaði við þær, m. a. með því að lækka launagreiðslur þar, því að yfirleitt hafa þeir, sem starfa við flestar þessar nýrri stofnanir, mun hærri laun en fjöldi þeirra annara starfsmanna ríkisins, sem taka laun samkv. launalögum. Þá þarf og að skera niður greiðslur til einstakra manna, sem ekki eru annað en bitlingar frá stj., er koma fram í ýmsum myndum, þar á meðal í margföldum launagreiðslum til einstakra manna.

Það fer vitanlega eftir því, hvað vel og duglega verður nú gengið að verki í því að skera niður óþarfa útgjöld ríkisins, hvort hægt verður að komast hjá því að draga enn frekara en stj. hefir gert í fjárlagafrv. úr fjárframlögum til verklegra framkvæmda. Vel getur svo farið, að eigi verði hjá því komizt, þó að slíkt sé vitanlega neyðarúrræði, þar sem atvinnuleysi vofir yfir. En eins og gjaldþoli almennings er nú komið og með þeim horfum, sem nú eru um afurðasölu na, verður að telja það gersamlega ófæra leið að ætla sér að byggja útgjöld ríkissjóðsins á nýjum skattaálögum. Eina færa leiðin til þess að komast rétt inn á fjárhag ríkisbúskaparins er að draga úr útgjöldunum, spara eins og frekast er unnt. Á því veltur um fjárhagsafkomu ríkisins, hvernig þetta tekst.

Hvað þetta frv. snertir, þá sparast með því, ef það verður samþ., 15 þús. kr. árleg útgjöld úr ríkissjóði. Um starf þessara svonefndu „kennsluprófasta“ í barnafræðslunnar er almennt litið svo á úti um sveitir landsins, að þótt það sé fellt niður, sé ekki mikill skaði skeður. Ég hefi fellt niður úr l. frá 1930 þær gr., sem fjalla um þetta atriði, en hinsvegar látið standa ákvæðin um prófin. Það er svo ákveðið í lögunum, að þótt þessir „kennsluprófastar“ séu sendir út um sveitirnar, þá á að halda próf árlega eigi að síður. Þetta um prófið hefi ég því látið standa óbreytt eins og það er í l. frá 1930.

Það hafa nú þegar komið fram nokkur frv., sem öll stefna í sömu átt, að draga út útgjöldum ríkissjóðs, og þó að efni

þeirra að öðru leyti gæti frekar fallið undir starfsvið annara fastanefnda en fjhn., þá hefir þeim samt verið vísað til hennar. Það hefir verið litið á þessi frv. sem fjárhagsmál, og svo finnst mér að megi gera með þetta frv.

Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð fleiri, en óska, að málið fái að ganga áfram og geri að till. minni, að því verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. fjhn.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Það má taka undir margt af því, sem hv. flm. sagði um þörfina á að spara útgjöld ríkissjóðs. En þó þykir mér nokkuð hart að gengið að leggja nú til að fella niður nýupptekin störf, sem hafa ¼ lægri útgjöld í för með sér en það fyrirkomulag, sem áður var í þessu efni. Áður greiddi ríkissjóður til prófdómara vegna barnafræðslunnar um 20 þús. kr. á ári, en með l. frá 1930 var sú upphæð færð niður í 15 þús. kr., svo að allir sjá, að með þessu voru sparaðar 5 þús. kr. á ári.

Annars get ég sagt af eigin reynslu, að sú breyt., sem upp var tekin í þessu skyni með l. frá 1930, er til mikilla bóta og gerir fræðslumálastj. hægra um vik að fylgjast sem bezt með þessum málum, og langtum betur en eldra fyrirkomulagið gerði. En við, sem staðið höfum að þessari breyt., höfum aðeins hugsað okkur hana sem millibilsástand, er lúki með því, að skipaðir verði sérstakir menn til að vinna þessi störf. Þó hefir ekki þótt rétt að hallast að því strax, heldur bíða um stund og láta reynsluna skera úr, og er sennilegt, að sú reynsla fáist á næstu 2—3 árum.

Ég er fús að ræða við hv. flm. og þá hv. n., sem málið fær til athugunar, hvort ekki mundi fært, a. m. k. um stundarsakir, að spara eitthvað af þeirri upphæð, sem ætluð er í fjárl. til eftirlits með barnaskólum í kaupstöðum, því að vitanlega er ekki jafnmikil þörf á sliku eftirliti í stórum barnaskólum, þar sem skólastjóri er og margir kennarar, eins og hjá farkennurum í hinum mörgu strjálbyggðu sveitum víðsvegar um land. Gæti vel farið svo, að lækka megi þennan lið um 3—5 þús. kr. á ári og sparast þá á þessu breytta fyrirkomulagi allt að helmingi, að kostnaður, sem áður nam um 20 þús. kr. á ári, kemst niður í 10 eða 12 þús. kr. En lengra held ég, að ekki sé ráðlegt að fara.

Steingrímur Steinþórsson: Ég ætla ekki að þessu sinni að ræða mál þetta. En út af till. hv. flm. um að vísa frv. til fjhn., þá er ég því mótfallinn og finnst eðlilegra og í alla staði betur viðeigandi, að því sé vísað til hv. menntmn. Ef hér væri um bráðabirgðaráðstafanir að ræða, bornar fram í sparnaðarskyni vegna þess, hvað þröngt er í búi ríkissjóðs, þá gæti ég fyrir mitt leyti fallizt á, að fjhn. fengi málið til athugunar. En þar sem mér skildist af ræðu hv. flm., að hann ætlaðist til, að þessar 15 þús. kr. skuli sparaðar til langframa, m. ö. o. fella þessi ákvæði úr l. fyrir fullt og allt, þá er hér verið að breyta grundvelli l. frá 1930, og finnst mér því, að ekki megi ganga fram hjá þeirri fastanefnd hv. þd., er slík mál heyra undir. Þess vegna geri ég að till. minni, að frv. verði vísað til hv. menntmn.

Flm. (Pétur Ottesen): Hæstv. fjmrh. gat um það, að með því að ákveða þessum „kennslupróföstum“ 15 þús. kr. árlega, hefðu verið sparaðar um 5 þús. kr. á ári, miðað við það, sem áður, er ríkissjóður þurfti að greiða prófdómendum vegna barnafræðslunnar 20 þús. kr. Það er að vísu rétt, að um dálítinn sparnað er að ræða fyrir ríkissjóð, en sá kostnaður, sem áður var greiddur úr ríkissjóði til prófdómenda, hefir með l. frá 1930 verið færður yfir á héruðin, því að þeim er gert að skyldu að halda prófunum eftir sem áður og bera kostnaðinn við þau. Allir sjá því, hverskonar sparnaður þetta er fyrir gjaldendur landsins; kostnaður, sem leiðir af starfi „kennsluprófastanna“, er nýr og aukinn kostnaður við barnafræðsluna, án þess að á nokkurn hátt sé dregið úr þeim kostnaði, sem fyrir var.

Hæstv. fjmrh. hélt því fram, að eftir l. frá 1930, og þá einkanlega fyrir starf „kennsluprófastanna“, væri hægt að fá betra yfirlit um barnafræðsluna í landinu. Þetta fæ ég þó ekki skilið, því að eftir l. frá 1926 á fræðslumálastjóri að skipa formenn skólanefnda og mun eflaust sjá um, að í það starf veljist góðir og hæfir

menn, sem líti eftir fræðslunni og gefi fræðslumálastjórn allar nauðsynlegar upplýsingar um barnafræðsluna, hver í sínu héraði, auk þess sem fræðslumálastjóra berast árlega prófskýrslur, er sýna, hver árangur hefir orðið af kennslunni á því skólaári. Ég fæ því ekki betur séð en að fræðslumálastjóri hafi allgóða aðstöðu og þau gögn í höndum, sem nauðsynleg eru til þess að byggja á og fylgjast með barnafræðslunni í landinu, auk þess sem fræðslumálastjóri hefir að öðru leyti aðstöðu til að kynna sér þetta á ýmsan annan hátt.

Okkur hæstv. fjmrh. deilir talsvert á um gagnið, sem orðið hefir af starfi eða eftirliti „kennsluprófastanna". En þar, sem ég þekki til og þetta er komið í framkvæmd, er litið á það sem hreinasta „humbug", þó að menn fari í þessu skyni um landið þvert og endilangt eins og fuglinn fljúgandi og skjótist inn í skólana örlitla stund, eins og þegar kría sezt á stein.

Hv. 1. þm. Skagf. vildi láta vísa þessu máli til hv. menntmn., af því að hér væri um framtíðarskipulag að ræða. En ég vil benda honum á, að frv., sem samþm. hans, hv. 2. þm. Skagf., ber fram um breyt. á áfengislögunum, sem einnig er gert ráð fyrir að geti orðið til frambúðar, var vísað til hv. fjhn., og þó að það að efni til að öðru leyti hefði getað átt heima í annari n. Hv. deild leit eingöngu á fjárhagshlið málsins, og úr því slíkt fordæmi er skapað, fell ég ekki frá till. minni um, að frv. þetta gangi til hv. fjhn., þó að ég hinsvegar geri það ekki að neinu kappsmáli, í hvora n. það fer.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég ætla aðeins að svara hv. flm. nokkrum orðum að þessu sinni. Það er að vísu rétt hjá honum, að samkv. l. frá 1930 eiga sveitar- og bæjarfélög að greiða prófdómendum laun, sem ríkissjóður greiddi áður, en það er svo frá því ákvæði gengið í l., að kostnaður sá á ekki að vera tilfinnanlegur. Og ég tel, að nægilegt aðhald sé fyrir hendi um það, að sá prófdómur sé sæmilega ýtarlegur.

Ég hika ekki við að fullyrða það, að starf eftirlitsmannanna er mjög þýðingarmikið fyrir barnafræðsluna og mikill skaði væri að fella það niður. Það getur verið, að einhverjir kunni að líta öðruvísi á þetta mál, en það er nú kunnugt, að almenningur er stundum helzt til fljótur að fordæma nýtt fyrirkomulag, sérstaklega þegar það hefir kostnað í för með sér, og er því ekki öruggt að treysta því, að hann sé réttur dómari í þessu efni. Það er ekki hægt að ætlast til, að almenningur í sveitum geti að svo stöddu dæmt um þetta nýja fyrirkomulag. Og þó einhverjir tali um bruðl í þessu sambandi, þá er ómögulegt að telja það ákveðnar röksemdir. Hv. flm. talaði um sína reynslu í þessum efnum í því skólahéraði, þar sem hann er formaður skólanefndar. Eftirlitsmaðurinn, sem fór um Borgarfjörð og fleiri nálæg héruð síðastl. ár, er mjög efnilegur kennari, sem lagði mikla alúð við sitt starf, og eftir þeim ýtarlegu skýrslum, sem hann hefir gefið, er full ástæða til þess að gera sér góðar vonir um árangur af starfi hans. Það er ekki búizt við, að eftirlitið geti orðið alfullkomið fyrirkomulag, enda er á það litið af fræðslumálastj. sem spor í áttina til bóta, sem einskonar millibilsástand, sem síðar verði vísir til annars betra fyrirkomulags, þegar tiltækilegt verður. Ég bið hv. flm. að misskilja mig ekki, þannig að ég sé að segja, að stefnt skuli að því að auka kostnaðinn í framtíðinni, heldur á ég við, að stefnt verði til þróunar á þessu sviði.

Að síðustu vil ég taka það fram, að ég styð till. hv. 1. þm. Skagf. um það, að frv. verði að lokinni umr. vísað til menntmn.

Flm. (Pétur Ottesen): Við höfum hvor sína skoðunina á því, hæstv. ráðh. og ég, hvort meiri trygging sé fyrir því, að þessir farfuglar, sem skjótast inn í skólana 1—2 daga í senn, hafi betra eftirlit með barnafræðslunni en hinir stjórnskipuðu prófdómendur, sem skipaðir voru í viðkomandi héruðum, en frá mínu sjónarmiði hafa þeir síðartöldu ólíkt betri aðstöðu til þess að dæma um kennsluna heldur en þessir kennsluprófastar, sem þjóta í einni lotu um stór svæði og reka aðeins höfuðið inn í skólana, eins og þegar kría sezt á stein. Það er alþekkt fyrirbrigði, að svokallaðir sérfræðingar í

ýmsum efnum beiti fyrir sig þeim röksemdum, að sauðsvartur almúginn sé ekki dómbær um þær greinar, er þeir telja sig sérfræðinga í, eins og hæstv. ráðh. vildi láta á sér skilja. Maður er alvanur að heyra þessar röksemdir, en ég mótmæli þeim í þessu sambandi og tel þær réttnefnda sleggjudóma. Auk þess ber á það að líta, að það er einmitt almenningur, sem á að njóta ávaxtanna af þessu nýja fyrirkomulagi og mun einnig áreiðanlega fá að bera kostnaðinn, svo ekki getur talizt nema eðlilegt, að hann segi skýrt og skorinort álit sitt á þessum hlutum. Það er sagt, að menn séu oft hvatráðir til andmæla, ef taka á kostnaðinn úr vösum þeirra sjálfra, en síður þegar á að láta ríkissjóðinn borga, eins og hér er um að ræða. En það virðist benda á það, að menn álíta, að því fé, sem varið er til „kennsluprófastanna", væri betur varið á annan hátt.

Hæstv. ráðh. bar mikið lof á þann mann, er haft hefir eftirlit í mínu skólahéraði, og ég skal ekki vefengja það, að hann geti að mörgu leyti verið góður og gegn, en ég get bent á það, að í þessu héraði, þar sem hæstv. ráðh. hefir skipað mig sem skólanefndarformann og þar sem þessi ágæti eftirlitsmaður hefir flogið um, máttu kennarinn og sóknarpresturinn bíða í fyrravor árangurslaust eftir einhverjum mikilsvarðandi skýrslum, sem „prófasturinn" lofaði að senda þeim áður en barnaprófið var haldið, en sem aldrei komu. Hann hefir náttúrlega sent fræðslumálastjóra sínar skýrslur, en það brást alveg, að kennarinn eða sóknarprestur fengi þær. Annað atriði vil ég benda á, sem bendir til þess, að hv. fræðslumálastjórn sé ekki fullkomlega ljósir þeir fjárhagsörðugleikar, sem sveitarfélög og skólanefndir eiga nú við að stríða, þegar hún tekur upp á því að senda þeim skólahéruðum, sem ekki höfðu á undanförnum árum séð sér fært að kaupa öll þau kennsluáhöld, sem lög heimtuðu, þessi áhöld, sem vantaði, og sem að sumu leyti komu að mjög vafasömu gagni og jafnframt kröfu um að innleysa andvirðið þá þegar. Og ekki var nóg með það, að greidd væri sú upphæð, sem fólst í hinni upphaflegu kröfu, heldur kom seinna krafa um viðbót við hina fyrri kröfu, sem sögð var stafa af einhverri gengisbreytingu úti í heimi. Þessar ráðstafanir benda greinilega á skort nærgætni og kunnugleika fræðslumálastjóra á fjárhagsvandræðum almennings. Ég ætla, að þær mótbárur hér á þingi gegn framkominni viðleitni þessa frv. og fleiri slíkra tilrauna til þess að draga úr útgjöldum ríkissjóðsins, stafi af því, að hæstv. stjórn geri sér ekki nægilega grein fyrir því, hve ástandið er ískyggilegt með afurðasölu hjá okkur og aðra afkomumöguleika.

Ég er nú víst dauður við þessa umr. eftir þessa ræðu, en ég skal að lokum minna hæstv. fjmrh. á orð, sem hann viðhafði í fjárlagaræðu sinni um daginn og ég skrifaði þá hér á eitt þingskjalið, þar sem hann áminnir alla dm. að leita allra úrkosta til þess að draga hvarvetna sem mest úr útgjöldum ríkissjóðs og kveðst meira munu á þessu þingi hlusta á þá menn, sem til sparnaðar vilji stofna, heldur en hina.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Mér var það sönn ánægja, að hv. flm. vitnaði í ummæli úr fjárlagaræðu minni um daginn, en mér þykir það ekki eins skemmtilegt, að hann skuli, að því er virðist, misskilja þau á þann hátt, að ég hafi með þeim lofað að greiða atkv. með hverskonar niðurskurði á útgjöldum ríkissjóðs. Vitanlega gat það ekki verið meiningin, því að þá hefði verið óþarft fyrir mig að leggja fram nokkur fjárlög. Af þessu ætti hv. þm. að geta séð, að hann leggur mjög svo rangan skilning í þessi ummæli mín, er hann vitnar til. Á tvær hliðar verður að sjálfsögðu fyrst og fremst að líta, þegar um sparnaðartill. er að ræða. Önnur er sú, hve langt er gengið í till., en hin hve nauðsynleg sú starfsemi er, sem lagt er til, að dregið sé úr með sparnaðinum. Ég lít svo á, að það séu fjögur atriði í almennum þörfum heimilanna í landinu, sem allra síst megi spara á, og það eru fatnaður, fæði, húsnæði og barnafræðsla. Meðal menningarþjóða er barnafræðslan talin ein allra þýðingarmesta nauðsyn þjóðfélagsins, og ég veit hvergi til þess, að í þeim löndum, sem hafa þurft að gera ýtarlegar sparnaðarráðstafanir vegna kreppunnar,

hafi verið ráðizt á barnafræðsluna. Hér í þinginu heyrast aftur á móti sífellt raddir um það, að á barnafræðslunni megi þó alltaf spara. En hver, sem hugsar um það mál í alvöru, hlýtur að viðurkenna, að það væri í mesta máta tilfinnanlegt fyrirkomulag, ef barnafræðslan ætti að ganga upp og niður eftir fiskverðinu eða einhverju þess háttar, þannig að í harðærum væri dregið mjög úr fræðslunni, en í góðærunum yrði hún aftur á móti aukin.

Þá verð ég að leiðrétta ekki alveg hlutlausa frásögn hv. flm. um kennsluáhöldin, sem keypt voru fyrir ýms fræðsluhéruð síðastl. ár. Það er nú liðið á annað ár síðan skólanefndirnar voru aðvaraðar í þessu efni. Þá var öllum kennurum skrifað og þeir beðnir að senda skýrslu um þau kennsluáhöld, sem til væru í hverjum skóla. Þegar þær skýrslur komu til fræðslumálastjóra, var skólanefndunum skrifað um það, hver áhöld vantaði í hverjum skóla, þau er lögboðin eru og þyrftu að vera til. Skólanefndunum var jafnframt bent á það, að fræðslumálastjórnin hefði ákveðið að útvega þessi áhöld fyrir þær skólanefndir, er þess óskuðu, og það var jafnframt tekið fram, að þögn skólanefndanna við þessu tilboði yrði tekin sem ósk um það, að fræðslumálastjóri sæi um útvegun áhaldanna. Hv. flm. gerði mikið úr þeim upphæðum, er skólarnir hefðu þurft að greiða fyrir þessi áhöld, en þetta er ekki heldur allskostar rétt. Öll þau kennsluáhöld, sem tilskilið er, að einn skóli skuli eiga, nema nú ekki nema sem svarar 300 kr. að verði, svo að það hlýtur að hafa verið mjög bágborið ástand í þessu efni þar, sem skóli hefir þurft að borga svo hundruðum króna skiptir fyrir þessi áhöld, svo að varla sé með sanngirni hægt að telja það mikla fjarstæðu, þó úr því væri bætt. Og eftir því, sem mig minnir, var þessi kostnaður mestur hátt á öðru hundraði hjá einum skóla. Ég vil taka það fram, að þegar pantanirnar voru gerðar, þá var ekki fyrirsjáanlegt það ástand í fjármálum, sem orðið var þegar vörurnar komu í haust, enda var þeim skólahéruðum veitt undanþága, sem í tíma færðust undan að kaupa öll þau áhöld, sem vantaði. Hin héruðin, sem ekkert létu til sín heyra, voru aftur álitin vilja fá þessi áhöld. Það óhapp bættist svo við, sem líka var ófyrirsjáanlegt, að sterlingspundið og okkar peningar féllu í verði, en þýzka markið steig, en frá Þýzkalandi voru vörur þessar pantaðar. Þetta var ástæðan til þess, að það bættist við verð fyrri sendinganna. Ég varð að segja þetta til þess að leiðrétta missögn hv. flm. Hlutaðeigendur voru allir aðvaraðir, enda hafa viðskiptin hvergi orðið hörð milli skólanefndanna og fræðslumálastjóra í þessum efnum. (**PO**: Sum héruð hafa þó endursent áhöldin). Það hafa aðeins nokkur héruð gert, sem engu svöruðu fyrirfram, en vildu svo sparka öllu frá sér þegar vörurnar voru komnar. Annars er það óþarft af hv. flm. að lýsa þessum áhaldakaupum með stórum orðum. Það er langt frá því, að hér sé um að ræða heila dýragarða, náttúrugripa- og þjóðminjasöfn. Áhöldin voru útveguð eftir reglugerð, sem lengi hafði gilt, en ekki hafði verið fullnægt, en sem verður að segja, að byggð er alveg á lágmarkskröfum. Mér þykir fyrir að heyra hv. flm. tala um þetta í áminningartón, eins og hann sjái enga hlið á þessu máli nema fjárhagshliðina.

Það kann að vera, að eftirlitsmaðurinn, sem fór um Borgarfjörð og Suðurnes, hafi ekki getað sent öllum skýrslur sínar í tæka tíð. En ég vil segja það, með allri virðingu fyrir hinum æfagamla kennara í Innri-Akraneshreppi, að hann hefði átt að geta haft mikið gott af heimsókn eftirlitsmannsins, en þó meira gagn, ef kennarinn hefði verið yngri. (**JAJ**: Það á máske eða fara að setja aldurshámark á kennara). Það gæti vel komið til mála að setja t. d. 80 ára aldurshámark á kennara. Það er mjög ástæðulaust að amast við eftirlitsmanninum, þó hann sé ungur, og það er þá ekki mikið gagn að sérfræðinni, ef þaulreyndur eftirlitsmaður getur ekki skapað sér réttara álit á fræðslunni með því að heimsækja skólana heldur en prófdómandi, sem aldrei hefir fengizt við kennslu, þó hann hlusti á próf í 2 daga. Það er alveg hægt að fullyrða, að maður með kennaramenntun, sem auk þess er sérlega duganda í sínu starfi, getur fengið réttara álit á einum barnaskóla, þó hann kynni sér hann ekki lengur en eina 2 daga, heldur

en ólærður og óæfður maður gæti, þó hann væri fleiri vikur í skólanum.

Af þeim ástæðum, er ég hefi nú tilgreint, vil ég fastlega leggja til, að umrædd lagaákvæði fái að standa óbreytt.

Flm. (Pétur Ottesen): Hæstv. fjmrh. var að tala um æfagamlan kennara í minu skólahéraði. En ég get sagt honum alveg ákveðið, að það eru engin þau ellimörk komin fram á honum enn, að hann geti ekki innt starf sitt vel af hendi, og að hann stendur þeim, sem yngri eru, fyllilega á sporði og tekur mikið fram mörgum nýgræðingnum úr kennaraskólanum, því það er mál manna, að um marga þeirra megi segja, að þar sé greinilega keyptur kötturinn í sekknum, þar sem þeir eru sumir hverjir. En ef hæstv. ráðh. ætlar að setja 80 ára aldurshámark á kennara, þá má kennarinn í minu héraði sitja lengi ennþá. **(Fjmrh.:** Hversu lengi ætli hann megi sitja?). Hann má sjálfsagt bæta við sig einum 12—15 árum enn.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Það er ekki nema ánægjulegt fyrir formann skólanefndar að geta hælt svo sínum kennara sem hv. flm. gerir. En ég mótmæli því, að það sé réttmætt að kasta rýrð á þá kennara, sem hafa prófvottorð frá kennaraskólanum. Það er nýtilkomið, ef menntun og vottorð eru talin lýti á mönnum.

Flm. (Pétur Ottesen): Það var af gefnu tilefni frá hæstv. ráðh. að ég minntist hér á kennarana, það var af því, að hæstv. ráðh. fór að tala hér um einstakan kennara.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ef hv. flm. heldur, að ég hafi verið að gefa hinum aldna kennara það að sök, að hann væri gamall, þá er það alveg misskilningur.

Flm. (Pétur Ottesen): Mér er það gleðiefni, ef hæstv. ráðh. er nú kominn í þær kringumstæður í þessu máli, að hann skuli telja sig þurfa að bregða fyrir sig slíkum útúrsnúningi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15:1 atkv.

Till. um að vísa því til fjhn. felld með 13:11 atkv. Frv. vísað til menntmn. með 14:6 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

12. Skipun barnakennara og laun (frv. HV o. fl.).

Á 16. fundi í Nd., 29. febr., var útbýtt:

Frv. til. l. um breyt. á l. nr. 75, 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra (þmfrv., A. 54).

Á 18. fundi í Nd., 2. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Héðinn Valdimarsson): Þetta frv. hefir legið fyrir tveimur undanförnum þingum. Það mun upphaflega samið af Sambandi íslenzkra barnakennara og hefir verið flutt af ýmsum hv. þm. og þ. á m. núv. hæstv. fjmrh.

Með þessu frv. á að gera breyt. á skipun barnakennara og bæta laun þeirra. Málið hefir verið athugað áður hér á þingi í n., er því orðið kunnugt og ætti að geta gengið greiðlega gegnum þingið.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa lengri framsögu fyrir frv., en legg til, að því verði vísað til menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13:2 atkv. og til menntmn. með 17 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

13. Ábúðarlög.

Á 20. fundi í Nd., 4. marz, var útbýtt:
Frv. til ábúðarlaga (þmfrv., A. 70).

Á 24. fundi í Nd., 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Bernharð Stefánsson: Þetta mál hefir legið fyrir nokkrum undanförnum þingum og verið töluvert rætt. Á vetrarþinginu í fyrra fékk það einnig allrækilega athugun í nefnd. Vonast ég því eftir, að það geti að þessu sinni gengið umræðulítið til nefndar.

Á vetrarþinginu í fyrra fékk málið afgreiðslu frá landbn. Hún lagði til að gera allmiklar breytingar á frv. Nú er frv. lagt hér fram að mestu leyti í sömu mynd og það var áður og lítið tekið upp af brtt. landbn. í fyrra. Við flm. höfum tekið upp þær einar breyt., sem við vorum sammála um að væru til bóta. Ég vil taka það fram, þar sem ég var í landbn. í fyrra og skrifaði undir nál. með fyrirvara, að ég gæti þó e. t. v. gengið inn á einhverjar fleiri breyt., ef málinu væri þá borgið. Breytingar þær, sem við flm. höfum gert á frv., eru þá þessar:

Í fyrsta lagi við 2. gr., um rétt jarðareiganda til að taka jörð úr ábúð. Við leggjum til, að sá réttur sé aukinn svo, að jarðareigandi megi taka jörð úr ábúð handa foreldri sínu eða barnabarni.

Þá er brtt. við 11. gr. um húsaskyldu. Leggjum við nú til, að ekki sé skylda að halda við húsum á jörðum, sem allar horfur eru á, að leggist í auðn. Virðist þetta vera sjálfsögð breyting.

Þá er 16. gr. ekki samhlj. því, sem hún var áður. Hún er um vexti eða hækkað afgjald, sem leiguliði á að greiða af framlagi landsdrottins til húsabóta. Hér eiga vextirnir ekki að vera ákveðnir, heldur má hækka afgjald jarðarinnar sem svarar þeim vöxtum, er landsdrottinn verður að greiða af láni því, er hann kann að taka vegna húsagerðarinnar, ella venjulegir sparisjóðsvextir. Engin ástæða er til að landsdrottinn fái ekki sömu vexti og hann hefir sjálfur orðið að greiða, ef hann hefir átt féð sjálfur, virðist ekki ástæða til að greiða honum hærri vexti en hann getur fengið í bönkum og sparisjóðum.

Þá eru engar breytingar fyrr en við 43. gr. Þar er bætt við fyrri ákvæði, að ef landsdrottinn vill gera jarðabót á jörð, sem er í fastri byggingu, og nái hann ekki samkomulagi við leiguliða um það, þá megi hann samt sem áður gera jarðabótina. En þegar henni er lokið, geti hann látið úttektarmenn skoða hana og meta, hversu mikið jarðargjald megi hækka við jarðabótina. Beri þá leiguliða að halda jarðabótinni við og gjalda árlega þá hækkun á eftirgjaldi, sem metin er fyrir jarðabótina. Virðist sanngjarnt, að landsdrottinn geti sjálfur bætt eign sína eftir vild.

Aðalbreyt. er þó e. t. v. við 45. gr. Hún er um kaupskylduna. Áður stóð í frv., að þegar landsdrottinn byði leiguliða jörð til kaups með 5 ára greiðslufresti og fasteignamati, en leiguliði neitar að kaupa, þá hafi leiguliði fyrirgert ábúðarrétti sínum. Nú hefir greiðslufresturinn verið færður niður í 6 mán. Þetta er miklum mun hagstæðara fyrir landsdrottin, en við litum svo á, að hitt ákvæðið gæti komið um of í bága við hagsmuni hans. Nú er líka svo komið, þegar miðað er við heilbrigða tíma, að aðgangur að peningastofnunum gegn veði í fasteign er orðinn það greiður, að oftast verður ekki miklum erfiðleikum bundið fyrir leiguliða að geta svarað út jarðarverðinu á þessum tíma. En oft getur verið, að landsdrottni sé nauðsynlegt að fá jörðina greidda innan þessa tíma, og gæti því fyrra ákvæði frv. komið of mjög í bága við hagsmuni hans.

Þá er loks brtt. við 57. gr., þar sem við leggjum til, að frestur á fullri framkvæmd þessara laga verði ákveðinn 10 ár í stað 5 ára áður.

Ég hefi þá gert grein fyrir, að hverju leyti frv. er breytt. Vonast ég eftir, að frv. gangi til n. og n. eigi hægra með að afgreiða það fljótt og vel vegna hins mikla undirbúnings, er það hefir þegar fengið. Hvað sem um brtt. landbn. frá í fyrra má segja, er þó víst, að í þeim er saman komið allt það helzta, sem menn hafa talið athugavert við frv. Ætti því það starf að vera til mikils léttis fyrir landbn. nú.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til landbn. með 17 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., 11. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 73. fundi í Nd., 12. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 70, 680, n. 681).

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Það er vitað, að fyrir þá, sem jörðina yrkja, er ábúðarréttur sá, er þeir eiga við að búa, eitt mikilsverðasta skilyrðið fyrir því, að þeir geti innt starf sitt af höndum svo vel sé. Frá fornu fari hefir verið tvennskonar ábúðarréttur hér á landi. Annarsvegar hafa verið sjálfseignarbændur, hinsvegar leiguliðar. Þessi tvennskonar ábúðarréttur hefir strax skapazt með byggingu landsins. Tiltölulega fáir menn slógu eign sinni á landið, og afhentu það síðan öðrum, ýmist seldu það, gáfu eða létu á leigu. Fyrstu aldirnar munu þó leiguliðar hafa verið hlutfallslega fáir móts við sjálfseignarbændurna.

Er aldir liðu og aðstaða þjóðarinnar versnaði, fór leiguliðum að fjölga, einkum eftir að kirkjuvald tók að færast í aukana, og þó enn meir við eflingu konungsvaldsins, og um leið jókst neyð alþýðu og kjör leiguliða versnuðu.

Núg. ábúðarlög eru frá 1884. Þótt óhætt sé að telja þau réttarbætur frá því sem áður var, er þó ekki hægt að dyljast þess, að þau hafa einkum verið samin með hag landsdrottins fyrir augum, en minna verið litið á hagsmuni leiguliða. Það er auðsætt, að landeigendur, en ekki leiguliðar hafa fjallað um þá löggjöf. Í þessum lögum eru ákvæði, sem engum virðist þó hafa þótt ábótavant, þar sem með öllu er gengið framhjá hagsmunum og öryggi leiguliða. Þannig er ákveðið, að jörð skuli byggð til eins árs í senn, þótt að vísu megi byggja jörðina til lengri tíma. Þarf ekki að fara mörgum orðum um það, hvílíkt öryggisleysi þetta ákvæði skapaði leiguliðum, sem máttu búast við að vera hraktir af ábúðarjörð sinni á hverju vori. Þessi eins árs bygging hefir mjög tíðkazt og vitanlega háð öllum varanlegum umbótum á leigujörðum, sem svo hafa verið byggðar. Í öðru lagi var landsdrottinn ekki skyldur til að láta hús fylgja jörð að neinu verulegu leyti, og við það bættist, að réttur leiguliða til að losna við þau hús, er hann lét byggja á leigujörðinni, með sæmilegu verði, var mjög svo takmarkaður. Sama var að segja um jarðabætur og annað, er hann kunni að gera til umbóta. Allt þetta olli því, að aðstaða leiguliða til að gera umbætur á ábúðarjörðum sínum hefir verið mjög erfið til þessa. Afleiðingin hefir orðið sú, að leigujarðir hafa níðzt niður. Menn hafa því fengið rótgróna ótrú á ábúð á leigujörðum, og því hefir það þótt vænst til bjargráða og koma sem flestum jörðum í sjálfsábúð, eins og þjóðjarðasalan ber ljósastan vott um. En hins hafa menn ekki gætt, að ábúðarréttur manna á jörðum einstaklinga hefir ekki batnað, og ekkert hefir verið gert af hálfu löggjafarvaldsins til þess að hindra það, að sami maður hefði eignarumráð á mörgum jörðum samtímis, þótt vitanlegt sé, að kjör leiguliða á þeim séu ávallt miklu lakari en á leigujörðum hins opinbera. Jarðir á landinu eru nú taldar alls 6245. Af þeim eru 3316 í sjálfsábúð, en 2929 í leiguábúð, eða 47%. Þegar þess er gætt, að tvíbýli og fleirbýli er tíðara á leigujörðum en sjálfseignarjörðum, má gera ráð fyrir, að meira en helmingur af bændum landsins séu leiguliðar.

Það veltur ekki á litlu, hvernig fer um ábúðarrétt helmings bænda landsins, og þess er ekki að vænta, að veruleg og almenn þrif verði í landbúnaðinum fyrr en réttur leiguliða er betur tryggður en nú.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, stefnir að því að bæta kjör leiguliða. Það er samið af mþn. í landbúnaðarmálum, sem tók til starfa 1927. Frv. hefir legið fyrir undanförnum þingum, en ekki náð afgreiðslu þingsins enn.

Aðalbreyt., sem í frv. felast, eru þær, að lífstíðarábúð er aðalreglan, þótt með undantekningum sé, að landsdrottnar eru skyldaðir til að láta nauðsynleg hús fylgja leigujörðum, að landsdrottinn skuli kaupa eftir mati úttektarmanna þær umbætur leiguliða, sem koma jörðinni að gagni, að bannað er að taka landsnytjar og hlunnindi af leigujörðum og rýja þær þannig að helztu gæðum.

Ég vil þessu næst minnast nokkuð á brtt. landbn. N. er þó ekki alveg á einu máli um þær, enda hafa tveir nm., þeir hv. þm. Borgf. (PO) og hv. 2. þm. Skagf. (MG) skrifað undir nál. með fyrirvara. Ég hygg þó, að þessi fyrirvari sé þess eðlis, að þeir óski fremur víðtækari breyt. á frv. en að þeir séu ósamþykkir brtt. okkar í aðalatriðum. Munu þeir og líta svo á, að frekari breyt. þurfi að gera á frv. en hægt sé að gera nú á þessu þingi. Landbn. hefir haft svo mörgum málum að sinna, að henni hefir unnizt minni tími en þurft hefði til þess að athuga þetta merka frv. sem skyldi. Brtt. okkar á þskj. 680 eru margar smávægilegar, en aðrar aftur stærri og breyta efni frv. Skal ég þá fara nokkrum orðum um þær.

Við höfum samið upp fjórar fyrstu greinar frv. og breytt efnisniðurröðun þeirra. Þar eru nokkur nýmæli tekin upp og sumu breytt. Við leggjum til, að frv. byrji með nýrri grein, sem skilgreinir, hvað „jörð" er, en áður hefir það hugtak ekki verið skýrt í lögum. Greinin er á þessa leið: „Jörð nefnist í lögum þessum hvert það sveitabýli, sem metið er sérstaklega til verðs samkv. fasteignabók". Ég býst við, að þessi skýring kunni að orka tvímælis, en okkur finnst eðlilegt, að skýring sé gefin á því, hvað „jörð" sé, og álítum, að ekki fáist eðlilegri skýring á því en sú, hvernig fasteignamatið gengur frá þessu á hverjum tíma. Í 2. gr., þar sem talað er um, að jarðir megi sameina, er nauðsynlegt að skilgreina, hvað hugtakið jörð sé. Við leggjum til, að jarðir megi því aðeins sameina, að hver þeirra fyrir sig sé ekki lífvænlegt býli, og úttektarmenn telji sameiningu nauðsynlega og Búnaðarfél. Íslands samþykki hana. Sem betur fer er svo mikill efniviður í flestum jörðum hér á landi, að óþarfi er að auka á landrými þeirra. Því er þörf á að leggja sterkar hömlur á sameiningu jarða, og þykir þá Búnaðarfél. Íslands réttur aðili til að hafa endanleg áhrif um það. Sumir telja e. t. v., að hér sé verið að stofna til aukinnar skriffinnsku, en við ætlum, að þetta muni koma sjaldan fyrir, svo að þessi ákvæði muni ekki saka að því leyti.

Þá er tekið fram, að sami maður megi ekki hafa samtímis ábúð á tveim eða fleiri jörðum, nema úttektarmenn og Búnaðarfél. samþykki. Þetta er gert til að hindra, að einstakir menn geti náð undir sig mörgum jörðum meðan aðra vantar jarðnæði. Þá álítum við, að þetta eigi þó ekki að vera útilokað með öllu og viljum því leggja það á dóm úttektarmanna og Búnaðarfél. Sett hafa verið ákvæði í frv. um að þessi ákvæði nái ekki til ábúða þeirra jarða, sem öðlazt hafa gildi í síðasta lagi í fardögum 1931. Þá er einnig í 2. gr. heimild til að skipta jörð. Við vonum, að í framtíðinni verði fjölda jarða skipt, en hitt verði undantekningar, að jarðir séu sameinaðar. Við leggjum til, að Búnaðarfél. veiti samþykki sitt til að skipta jörð, og eigum við með því, að ráðunautar þess gefi leiðbeiningar um skiptinguna, en hinsvegar á þetta ákvæði ekki að skoðast sem neitt haft á leyfi til að skipta jörð.

Í 3. gr. leggjum við til, að kveðið sé nánar á um það, hvenær maður, sem á jörð, sé skyldur til að byggja hana. Í 1. gr. frv. er svo ákveðið, að sá, sem á jörð, er hann hefir ekki ábúð á sjálfur, skuli selja hana öðrum á leigu. Við bætum við „sæmilegum umsækjanda gegn hóflegu eftirgjaldi að dómi úttektarmanna", þar sem ekki verður fallizt á að skylda landsdrottin til þess að leigja hvaða manni sem er jörð til lífstíðar, fyrir lítið sem ekkert eftirgjald, eins og skilja má, að geti orðið samkv. 1. gr. frv.

Í 2. gr. frv. er sveitarstjórn gefin heimild til að skipta jörð, sem hún tekur við til ráðstöfunar, ef hún telur hana byggilegri á þann hátt. Þá er og sveitarstjórn gefið vald til þess að byggja upp á slíkum jörðum án samþykkis landsdrottins, en landsdrottinn skyldaður til að kaupa byggingarnar. Hér þykir okkur allt of langt gengið á rétt landsdrotttins og leggjum því til, að þetta verði fellt burt. Hinsvegar leggjum við til, að ef landsdrottinn getur eigi leigt jörð sína, skuli hann bjóða sveitarstjórn hana til ráðstöfunar gegn ákveðnu eftirgjaldi. Getur oft komið fyrir, að sveitarstjórn geti fremur byggt jörð en landsdrottinn, sem e. t. v. er langt í burtu, og auk þess má gera ráð fyrir, að sveitarstjórnum sé áhugamál að hafa allar jarðir sveitarinnar í á-

búð, og geri því allt, sem hægt er, til að byggja þær.

Þá leggjum við til, að ef eigandi hefir engin not jarðar sinnar, sé hann eigi skyldur til að greiða af henni opinber gjöld. Hv. 2. þm. Reykv. (EA), einn af kunnustu lögfræðingum landsins, sem sæti á hér í hv. d., telur þó hæpið, að þetta ákvæði fái staðizt frá lögfræðilegu sjónarmiði, og þori ég því ekkert að fullyrða um það. En þetta er samskonar ákvæði og er í ábúðarlögunum frá 1884. Getur þó vel orkað tvímælis, hvort gengið sé inn á rétta braut með því að láta eigendur slíkra jarða sleppa við að greiða af þeim skatta og önnur opinber gjöld. Hinsvegar vildum við ekki sleppa honum við að inna af höndum önnur lögskil, svo sem smölun heimalands og annað.

Í 4. brtt. er svo ákveðið, að taki sveitarstjórn jörð til ráðstöfunar, geti hún byggt hana öðrum, enda samþykki landsdrottinn þá byggingu. Þetta ákvæði um samþykki landsdrottins er sett inn með sérstöku tilliti til þess, að um lífstíðarbyggingu sé að ræða, og þess vegna sé varhugavert að veita sveitarstjórn heimild til þess að byggja jörð til svo langs tíma, nema landsdrottinn samþykki ábúðarsamninginn.

Við II. kaflann, um ábúðartímann, höfum við ekki gert brtt. Sá kafli hefir það merkilega nýmæli að geyma, að allar leigujarðir skuli vera í lífstíðarábúð, nema eigandi þurfi á jörð að halda handa sjálfum sér eða nánustu skyldmennum. Ef hið opinbera þarf á jörð að halda, má einnig taka hana úr ábúð, og sama gildir um sveitar- og bæjarfélög, sem jarðir eiga.

Við III. kaflann, um hús á jörð og skyldur landsdrottins, höfum við gert allmiklar breyt. 11. gr. höfum við orðað um án þess að gera þó verulegar efnisbreyt. Í frv. er ákveðið, að hverri jörð skuli fylgja nauðsynleg hús, sem landsdrottinn á, í góðu og gildu standi. Þetta orðalag höfum við ekki kunnað við og því breytt því. Í frv. er einnig svo ákveðið, að úttektarmenn skuli meta hús, en jafnframt skuli leita álits læknis og hreppstjóra, svo að trygging sé fyrir því, að húsin séu í góðu meðallagi eftir því sem gerist í þeirri sveit. Við viljum sleppa hreppstjórunum, en leggjum hinsvegar til, að leita megi álits héraðslæknis um bæjarhús. Samkv. þessari grein er landsdrottinn skyldur til að láta fylgja leigujörð sinni nauðsynleg bæjarhús í góðu lagi, að dómi úttektarmanna.

Við 12. gr. höfum við gert allverulegar breyt. Í frv. er svo ákveðið, að landsdrottinn beri alla fyrningu, en álag skuli aldrei metið. Hinsvegar skuli leiguliði halda húsum svo við, að þau fyrnist ekki um skör fram fyrir handvömm. Þessi breyt. frá núg. ábúðarlögum er í samræmi við þær reglur, sem giltu til forna, er viðhalds- og fyrningarskyldan hvíldi á landsdrottni. En síðar velti konungsvaldið þessari skyldu af sér yfir á landsetann, af því að það vildi ekki bera þann kostnað, er af viðhaldi og fyrningu leiddi. En sú regla, sem skapaðist af brotum hins erlenda valds, hefir náð svo mikilli hefð, að n. sá sér ekki fært að taka fyrningarskylduna alveg af leiguliða. Hinsvegar sá hún sér þó ekki fært að taka upp álag aftur. Álag byggist sem kunnugt er á mati eftir á um það, hvað jarðarhús hafi gengið úr sér í ábúðartíð leiguliða. Leiguliði veit því aldrei, hve stór þess kvöð kann að verða, og þegar tíð eru ábúendaskipti, kemur kvöð þessi mjög misjafnlega niður. Sá, er nýtur húsanna nýrra, verður hennar lítið var, en síðan skellur hún með öllum sínum þunga á þann, sem e. t. v. hefir aldrei notið húsanna nýrra eða nýlegra. Fyrningar- og viðhaldsskyldu er annars venjulega slengt saman. Fyrning svarar að réttu lagi til hinnar eðlilegu hrörnunar líkamans, en viðhald til hinnar daglegu næringarþarfa. Þótt oft sé erfitt að draga réttar merkjalínur milli fyrningar og viðhalds, og lítið sem ekkert hafi verið gert af slíku hér á landi, er samt sú aðferð notuð víðsvegar um lönd og hefir gefizt vel, og þar sem búsreikningar eru haldnir, er það orðin venja að skrifa þannig af verði húsanna árlega eftir því, sem búizt er við, að húsin muni endast. Yfirleitt má segja, að erlendis sé það sú almenna regla, að fyrningargjaldið sé ákveðið þannig fyrir fram, og n. leit svo á, að þessi aðferð væri að öllu leyti heppilegri en sú aðferð, sem hér hefir verið notuð um álag. Hinsvegar er n. það vel ljóst, að há-

mark fyrningargjaldsins, eins og það er ákveðið samkv. brtt. n., getur þurft breyt. við. Reynslu um þetta höfum við litla hér á landi, svo að hér er að mestu leyti um ágizkun að ræða, og er n. því fús til breyt. á þessu atriði. Það má og búast við því, að þessu þurfi að breyta síðar eftir því, sem reynslan leiðir í ljós í þessu efni, einkum eftir því, sem nýir byggingarhættir ryðja sér til rúms. — Samkv. brtt. n. er svo ákveðið, að leiguliðabótin skuli að hálfu greidd landsdrottni um leið og landsskuld ár hvert, en að hálfu megi hún standa vaxtalaust hjá leiguliða, og afhendist þá landsdrottni, þegar leiguliðaskipti verða, eða til endurbyggingar kemur. Er þetta að nokkru leyti í samræmi við það, að leiguliði þarf ekki, eins og nú er, að greiða út álagið, fyrr en hann fer burt af jörð.

Mér þykir rétt að geta um það í þessu sambandi, að til orða kom í n. að hafa á þessu aðra skipun, þannig, að leiguliðabótin yrði lögð í sérstakan sjóð, sem stofnaður yrði fyrir hverja jörð og síðan varið til endurbygginga á jörðinni. Kom hv. samþm. minn með þessa uppástungu, en n. gafst ekki tími til þess að átta sig á, hvernig þessu yrði bezt fyrir komið, en mun athuga þetta frekar fyrir 3. umr.

Þá er það 7. brtt. n., um það, að á eftir 12. gr. komi ný gr., þess efnis, að leiguliði sé skyldur til að halda húsum svo við, að þau ekki fyrnist um skör fram. Þetta ákvæði er nú í 12. gr. frv., en tekið þaðan og sett inn sem ný grein. Samkv. þessum tveim síðustu till. n., sem ég nú hefi rakið, er þannig gerður greinarmunur á fyrningu og viðhaldsskyldu húsanna, eins og virðist rétt að gera, þótt það í framkvæmd muni valda ýmsum erfiðleikum, að þessum liðum aðskildum að öllu leyti.

8. brtt. n. er við upphaf 13. gr., þar sem segir, að úttektarmenn séu skyldir fimmta hvert ár, eða hvenær sem landsdrottinn krefst þess, að skoða öll hús á leigujörðum og gefa landsdrottni skýrslu um skoðunina. N. virtist óþarft að skylda úttektarmenn til þessa, því að ef ekki er ágreiningur milli landsdrottins og leiguliða, er engin þörf á slíkri skoðun á hverjum 5 ára fresti, og leggur n. því til, að þessu sé breytt svo, að úttektarmenn séu skyldir til að framkvæma skoðunina, hvenær sem landsdrottinn eða leiguliði krefst þess. Virðist þetta og eiga að vera næg trygging landsdrottni fyrir því, að leiguliði níði jörðina ekki óþarflega mikið niður, auk þess sem hér er einnig jafnframt tekið tillit til leiguliðans um þetta, því að báðum aðiljum er ætlaður sami réttur í þessum efnum samkv. brtt. n. N. sá enga ástæðu til þess, eins og ég áður sagði, að fara að lögfesta slíka allsherjar skoðunargerð á 5 ára fresti, en þótti hinsvegar sjálfsagt að gefa þessum báðum aðiljum kost á að fá fram skoðun á jörð, þegar þeir æsktu. Það getur að vísu farið svo í sumum tilfellum, ef brtt. n. verður samþ., að slík skoðun á jörð fari fram árlega, en í öðrum tilfellum, þar sem fullt samkomulag er milli landsdrottins og leiguliða, er e. t. v. aldrei þörf slíkrar skoðunar meðan sami maður situr jörðina og virðist þá ástæðulaust með öllu að lögbjóða skoðun á ákveðnum tímum.

9. brtt. n. fer fram á það, að 14. gr. frv. verði felld niður, en þessi gr. kveður svo á, að ef úttektarmenn brjóti skyldur sínar og það sannist, að landsdrottinn hafi beðið tjón af þeim sökum, skuli þeir skyldir að greiða honum skaða allan, hvort sem er eftir mati eða dómi. N. álítur óeðlilegt að gera úttektarmenn skaðabótaskylda á þennan hátt, auk þess sem erfitt mundi reynast að framfylgja þessu ákvæði og leiða til óánægju og jafnvel málaferla, enda sá n. enga ástæðu til þess, að þessir starfsmenn væru fremur undir þessum ákvæðum en ýmsir aðrir embættis- og sýslunarmenn, sem hliðstæðum störfum gegna. Ef úttektarmenn vanrækja skyldur sínar, heyrir slíkt auk þess undir hin almennu kvæði hegningarl. Af þessum ástæður leggur n. til, að þessi gr. frv. verði felld niður.

10. brtt. n. er umorðun á 15. gr. frv., og felur hún ekki í sér neina verulega efnisbreyt. á gr., að öðru leyti en því, að n. hefir fellt niður hin fornu ákvæði um það, að hús skuli rjúfa fyrir Jónsmessu hina næstu. N. sá enga ástæðu til að halda þessu forna ákvæði og leggur til, að þetta verði orðað svo, að leiguliða sé skylt að sjá um, að hús séu rofin, ef viðtakandi krefst, og þá svo, að viðtakanda sé sem

minnst mein að. Ef um ónýt hús er að ræða, sá n. enga ástæðu til að skylda fráfaranda til að rjúfa þau, nema krafa kæmi um það frá viðtakanda. — Önnur ákvæði þessarar gr. miða að því að tryggja leiguliða það meira en verið hefir, að hann geti losnað við hús, sem hann kann að eiga á leigujörð sinni, við sæmilegu verði, með því að skylda landsdrottin til að kaupa húsin, ef úttektarmenn votta, að jörðin þarfnist þeirra. Er hér um mjög mikla réttarbót að ræða fyrir leiguliða frá því, sem verið hefir.

11. brtt. n. er við 17. gr. frv., sem kveður svo á, að landsdrottinn skuli jafnan tryggja hús á leigujörð sinni fyrir eldsvoða. N. sá ekki ástæðu til þess að skylda menn fremur til þess að tryggja gegn eldsvoða á leigujörðum en öðrum jörðum, og ef skyldutrygging kemst á, sem væntanlega verður ekki langt að bíða, heyrir þetta að sjálfsögðu undir hana, en á alls ekki heima í ábúðarlögum. Aftur á móti telur n. rétt og sjálfsagt, að eigandi beri kostnaðinn af því, ef hús eru vátryggð á leigujörð, en jafnframt telur hún, að rétt sé að skylda leiguliða til þess að sjá um iðgjaldagreiðslu o. fl., er snertir vátryggingu af húsum landsdrottins, ef landsdrottinn óskar eftir. Þetta getur verið til þæginda fyrir landsdrottin, þar sem leigujarðir hans eru í mikilli fjarlægð.

Þá kem ég að IV. kafla frv., sem fjallar um leiguliðaskipti á jörð og skyldur leiguliða. — Hefir n. komið með allmargar brtt. við þennan kafla, en fæstar þeirra eru þó stórvægilegar. Er það þá fyrst, að n. leggur til (með 12. brtt. sinni), að ný gr. bætist inn í upphafi kaflans, svo hljóðandi:

„Skylt er leiguliða að eiga lögheimili á ábúðarjörð sinni, nema sveitarstj. samþ. annað, sbr. þó 3. gr.“

Þetta var að nokkru leyti tekið fram í 1. gr. frv. áður, en fellur þar í burtu samkv. till. n., og hefi ég áður gert grein fyrir þessu. Er þetta nauðsynlegt tryggingarákvæði fyrir því, að ekki fari svo, eins og verið hefir til þessa, að margar jarðir séu setnar af mönnum, sem lögheimili eiga utan þeirrar sveitar, sem jarðirnar eru í. Getur þetta valdið því, að sveitarfélögin missi svo mikils í, hvað gjaldstofna snertir, að stór bagi geti af hlotizt, og þykir því rétt að gefa sveitarstj. íhlutunarvald um það, hvort leiguliðum skuli heimilt að hafa lögheimili annarsstaðar en á ábúðarjörð sinni, svo að þær geti komið í veg fyrir, að um þverbak keyri í þessum efnum.

13. brtt. n. er við 20. gr., og er í raun og veru aðeins smávægileg orðabreyt. Þessi gr. kveður svo á, að ef fráfarandi eigi fyrning heys, eldsneytis eða byggingarefnis, skuli hann bjóða viðtakanda eða landsdrottni kaup á því skv. mati úttektarmanna. Leggur n. til, að á eftir orðinu „byggingarefnis“ verði skotið inn setningunni: „er hann hefir aflað á þeirri jörð“. N. sá ekki ástæðu til þess, að undir ákvæði þessarar gr. féllu hlutir eins og kol, sement, trjáviður o. fl., sem ekki er aflað á jörðinni sjálfri, en fráfarandi hefir flutt að, enda er þetta ákvæði aðeins miðað við það, að landsnytjar séu ekki fluttar burt af jörðum.

14. brtt. er við 21. gr., og er hún í 2 liðum. Fjallar fyrri liðurinn um það, að fyrir orðið „áburð“ komi „búfjáráburð“ í upphafi gr., en þar er fráfarandi skyldaður til að hafa flutt allan áburð á tún áður en hann fer frá jörð. Taldi n. réttara að nota orðið búfjáráburð í þessu sambandi, svo að ekki orki tvímælis, að ákvæðið tekur ekki til tilbúins áburðar. Síðari liður þessarar brtt. fjallar um það, að ákvæði síðari málsgr. þessar gr. nái einnig til selalátra. Þar kveður svo á, að ef eggver fylgi jörð, skuli viðtakandi eiga öll afnot þess það vor, er hann flytur að jörð. Taldi n. réttmætt, að þetta næði einnig til friðlýstra selalátra, enda tilgangurinn með þessum ákvæðum að koma í veg fyrir, að fráfarandi misnoti eða jafnvel eyðileggi hlunnindi á jörðum, hver sem eru, það vor, er hann flytur burt.

15. brtt. n. er við 22. gr. Höfum við samið þessa gr. um, en ekki er hér þó um verulega efnisbreyt. að ræða. Gr. fjallar um það, að hvort innstæðukúgildi fylgi leigujörðum, skuli fara eftir samkomulagi landsdrottins og leigutaka, en taki leiguliði við slíkum kúgildum, skuli hann greiða í leigu eftir þau 6% af verði þeirra. Samkv. frv. á að miða verð kúgildanna við verðlagsskrá, en hún er nú orðin lítils

virði í viðskiptum manna á meðal, og telur n. því eðlilegra, að þetta sé ákveðið eftir skattmati.

16. brtt. n. er umorðun á fyrri málsgr. 23. gr., sem hefir að geyma skýrgreiningu á því, í hverju leiguliðanot eru fólgin. Er hér um enga efnisbreyt. að ræða frá því, sem er í frv., að öðru leyti en því, að n. hefir tekið það upp í upptalninguna á því, sem heyrir undir leiguliðanot, að leiguliði skuli hafa til notkunar allt land jarðarinnar eða jarðarparts, ef um það er að ræða. — Ákvæði þessarar gr. eru mjög mikilsverð breyt. frá því, sem verið hefir í þessum efnum, því að til þessa hefir landsdrottinn getað tekið undan jörð öll þau hlunnindi, sem honum sýndist, en samkv. gr. er þetta bannað að öllu leyti.

17. brtt. n. er við 24. gr. — Samkv. 1. málsl. þessarar gr. er leiguliða bannað að byggja öðrum af leigujörð sinni. Eru þetta ákvæði úr gömlum l., en n. sá ekki ástæðu til að hindra það, að leiguliði mætti byggja hluta af ábúðarjörð sinni, ef slíkt væri gert með samkomulagi við landsdrottin, og leggur n. því til, að aftan við 1. málsl. gr. komi: nema landsdrottinn leyfi.

18. brtt. n. er aðeins orðabreyt., og er ekki þörf á að skýra hana, og sama er að segja um 19. og 20. brtt. Um 21. brtt. n. er það að segja, að n. leggur til, að 2. málsl. 31. gr. falli niður, og er ástæðan sú, að þetta er tekið fram í 3. gr. frv., eins og sú gr. verður samkv. till. n.

Þá kem ég að V. kafla frv., sem fjallar um skemmdir á jörðum af völdum náttúrunnar og breyting á jarðargjöldum af þeim ástæðum. — Kveður 33. gr. frv. á um það, að landsdrottinn og leiguliði skuli gera hús aftur í sameiningu, ef þau eyðileggjast af snjóflóði, skriðum eða öðrum slíkum náttúruviðburðum, en n. þykja ákvæði gr. um framlag leiguliða til slíkra endurbygginga vera of óljós, og hætt við, að deilur geti af því sprottið, ef hlutur leiguliða í þessu er ekki skýrar ákveðinn. Leggur n. því til, að hlutur leiguliða sé ákveðinn svo, að hann leggi fram sem svarar leiguliðabót af húsum, að því leyti, sem hún er eigi áður greidd, svo og allt innlent efni, eins og t. d. möl og sand, og ennfremur annist hann alla flutninga á erlendu efni frá hafnarstaðnum. Verður hægast fyrir leiguliða að inna þetta af höndum, og efnisflutninga getur hann annazt í fristundum sínum, svo að þeir eiga ekki að þurfa að koma tilfinnanlega við hann. — Fjallar 22. brtt. n. um þetta.

Þá kem ég að VI. kafla frv., sem fjallar um breyt. á jarðargjöldum fyrir sérstakar ástæður. Leggur n. til, að önnur gr. þessa kafla, 36. gr. frv., falli niður, en þessi gr. kveður svo á, að ef leigumáli jarðar sé óhæfilega hár, eða hærri en gerist í þeirri sveit eða héraði á líkum jörðum, geti leiguliði krafizt gerðardóms, er ákveði eftirgjöld af jörðinni. Álítur n. þetta mjög varhugavert ákvæði, og leggur því til, að það verði fellt niður. Leiguliði og landsdrottinn gera með sér ákveðna samninga og verða að standa við þá samninga, en ef þetta ákvæði yrði gert að l., væri hægt að hugsa sér, að það yrði misnotað af leiguliða, til þess að ganga á þessa gerðu samninga, þannig, að leiguliði byði óeðlilega háa leigu í jörð, til þess að komast að henni, en notaði sér síðan ákvæði gr. til þess að láta færa leiguna niður með aðstoð gerðardóms, eftir að hann hefði tryggt sér lífstíðarábúð á jörðinni. Þar sem n. auk þess lítur svo á, að tilgangur þessarar gr. náist að nokkru með ákvæðum 35. gr., telur n. réttast að fella þessa gr. alveg niður úr frv.

Þá kem ég að VII. kafla frv., sem fjallar um reka á leigujörðum. Hefir n. komið með nokkrar brtt. við þennan kafla.

37. gr. frv. kveður svo á, að engan viðarreka megi undanskilja leiguliðanotum, sem fylgt hefir jörð áður. Nú hefir það hinsvegar verið algengt, að reki væri að miklu leyti skilinn frá jörð, og leggur n. til, að farinn verði millivegur í þessu efni og rekanum skipt á milli landsdrottins og leiguliða, þannig, að landsdrottinn hafi $^2/_3$, en leiguliði $^1/_3$, en jafnframt er þeim þó í sjálfsvald sett að semja um þetta á annan veg, ef þeim sýnist svo, og er þetta aðeins réttur þeirra hvors um sig. Sömu ákvæði leggur n. og til, að gildi um hvalreka. — Hvorugt þetta atriði skiptir þó miklu máli, sízt hvalrekinn. Reki er nú yfirleitt í mikilli hnignun, enda orðinn lítils virði, og sá n. ekki ástæðu til að banna landsdrottni rekanot af leigujörðum sínum, ekki sízt, þar sem honum er gert að skyldu að hýsa þær, því að oft

má notast við rekavið til húsagerðar. — Fjalla 24.—26. brtt. n. um þetta.

Við VIII. kafla frv. hefir n. aðeins flutt eina brtt. (nr. 27), og er hún eingöngu leiðréttíng á tilvitnunum, og kem ég þá að IX. kafla, sem fjallar um kaupskyldu á leigujörðum. Hefir þessi kafli aðeins að geyma eina gr., þar sem svo er ákveðið, að ef landsdrottinn bjóði leiguliða ábýlisjörð hans til kaups með fasteignamatsverði, að viðbættu virðingarverði þeirra umbóta á jörðinni, er landsdrottinn á, skuli leiguliði annaðhvort kaupa jörðina eða hafa fyrirgert ábúðarrétti sínum og víkja fyrir hinum nýja eiganda. Ef leiguliði gengur að kaupum á jörðinni, áskilur gr. honum hinsvegar aðeins 6 mán. greiðslufrest, og þykir n. þetta of lítið, og fjallar 28. brtt. um það, að þessi frestur til handa leiguliðanum verði hækkaður upp í eitt ár.

Þá er það 29. og 30. brtt., við 49. og 54. gr.; þær eru aðeins leiðréttingar, svo um þær þarf ég ekkert að tala.

Þá kem ég að 31. brtt. við 55. gr., um að gr. falli niður. Það er síðasti kafli frv., sem í eru ákvæði um stundarsakir.

Í frv. eru allnákvæm ákvæði um það, hvernig farið skuli að með leigujarðir, þegar lögin öðlast gildi. Þar er gert ráð fyrir, að úttekt skuli fram fara á öllum leigujörðum í fardögum næsta ár á eftir, og að þá skuli landsdrottini vera skylt að reisa öll þau bæjarhús, sem eru svo hrörleg, að þau verða ekki tekin gild samkv. lögunum. Þó er í 57. gr. slakað nokkuð til á þessu ákvæði, því þar er svo um mælt, að við næstu skoðunargerð úttektarmanna, sem fram á að fara eftir 10 ár, skuli landsdrottnar hafa gert öll jarðarhús upp. Þeim er m. ö. o. gefinn 10 ára frestur til að koma húsunum í það lag, sem tilskilið er í frv. N. leggur til, að þessum ákvæðum verði breytt mjög, sem sé, að bæði 55. og 56. gr. falli niður, en að í stað 57. gr. komi ný grein, og er það 33. brtt. n., þar sem svo er ákveðið, að ákvæði laga þessara skuli koma til framkvæmda jafnskjótt og leiguliðaskipti verða á jörð, eða nýtt byggingarbréf er gefið út eða framlengt, eftir að lög þessi öðlast gildi. Þetta er miklu auðveldara og léttara í framkvæmd, og hefir auk þess þann kost, að því er mér virðist að minnsta kosti, að þær jarðir, sem leigðar eru til 1 árs eða fárra ára, koma fljótlega undir ákvæði laga þessara, og að landsdrottnar þeirra jarða verða þá þegar að taka á sig þær skyldur, sem lögin kveða á um húsabætur. Aftur á móti er lengri frestur gefinn þeim landsdrottnum, sem byggt hafa jarðir sínar til lengri tíma, eða ef þeir hafa byggt þær til lífstíðar; þá fá þeir þennan frest, meðan ábúandinn lifir. Þetta álít ég að sé rétt, að þeir landsdrottnar, sem látið hafa jarðir sínar með betri leigumála, njóti þess, og fái lengri frest til að byggja upp á þeim en hinir, sem leigt hafa með verri leigumála. Ákvæðið kemur þá miklu réttara niður en áður, auk þess sem það er auðveldara fyrir landsdrottin ef hann á fleiri leigujarðir, að byggja upp á þeim smátt og smátt heldur en allt í einu.

Ég hefi þá reynt, í svo stuttu máli sem unnt er, að skýra frá brtt. n., og skal ég þá líka láta máli mínu vera lokið.

Umr. frestað.

Á 74. fundi í Nd., 13. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

Magnús Guðmundsson: Ég stend ekki upp til þess að andmæla hv. frsm. landbn., heldur til þess aðallega að undirstrika það, að ég held, að milli okkar, sem höfum undirskrifað nál. með fyrirvara, og hinna, er undirskrifað hafa fyrirvaralaust, sé ekki mjög mikill ágreiningur. Ég held satt að segja, að í n. hafi verið samkomulag um það, að mál þetta sé tæplega nægilega hugsað og undirbúið. Það hefir verið svo, að fyrir landbn. hefir legið fjöldi mála og hafa mörg þeirra verið mjög vandasöm og merkileg, svo að n. hefir þurft að leggja í þau mikla vinnu. Af þessu leiddi það, að n. var ekki hægt að sinna þessu merkilega máli fyrr en alllangt var liðið á þingtímann, og því held ég, að það sé ekki svo gagnrýnt og skoðað sem þörf er á.

Það er eitt sérstaklega, sem ég er ekki ánægður með í frv., en það er 45. gr. Ég skil ekki annað en n., ef hún tekur frv. aftur til meðferðar, geti orðið sammála um að fella þessa grein blátt áfram niður. Eins og hv. dm. vita, er í þessari gr. tekið

fram, að landsdrottinn skuli hafa rétt til að bjóða leiguliða ábúðarjörð hans til kaups með fasteignamatsverði. að viðbættu virðingarverði þeirra umbóta á jörðinni, er jarðeigandi á, og gerðar hafa verið eftir að síðasta fasteignamat fór fram, enda er gefinn ákveðinn gjaldfrestur á verði jarðarinnar, en vilji leiguliði ekki kaupa jörðina, hefir hann samkv. þessari gr. fyrirgert sínum ábúðarrétti. Þetta tel ég algerlega óhafandi ákvæði. Ég hefi bent á þetta áður hér á þingi annaðhvort í fyrra eða hitteðfyrra, að hér getur verið um herfilegt ranglæti að ræða, því þetta ákvæði getur blátt áfram orðið til þess að reka leiguliða af sinni ábúðarjörð, og er það ekki lítið tilfinnanlegt. sérstaklega þegar um lífstíðarábúð er að ræða, sem oftast mundi vera í þeim tilfellum, er þessi grein væri látin koma til framkvæmda, auk þess sem það er alls ekki víst, að leiguliði kæri sig um að kaupa ábúðarjörð sína, gæti hæglega staðið á því, að hann skorti möguleika til að greiða verð hennar á tilsettum tíma. Auk þess verður að álítast rétt, að samningar, sem gerðir eru milli landsdrottna og leiguliða, verði að standa. Þá skoðun hefir n. líka gengið inn á; það sýna brtt. hennar við 57. gr.

Þó að n. hafi ekki gert fleiri brtt. en raun er á, þá er það með engu móti víst, að frv. sé nú þannig úr garði gert, að ýmsir gallar geti ekki á því verið, og því ekki svo prýðilega frá gengið sem þyrfti að vera um svo þýðingarmikil og þörf lög og þessi, bæði hvað snertir orðalag og hugsun. Þetta er alveg eðlilegt, þar sem n. hefir ekki haft nægan tíma til að sinna málinu. Annars skal ég taka það fram, að ég er yfirleitt samþykkur n. um brtt. hennar. Samt hefði ég t. d. kosið, að 1. gr. væri öðruvísi orðuð. Þar er sagt, að jörð heiti það sveitabýli, sem sérstaklega er metið til verðs samkv. fasteignamatsbók. Af þessu leiðir, að nýtt býli, sem myndast á tímabilinu milli jarðamata, getur ekki talizt jörð, af því það er ekki í jarðamatsbók. Þetta er óhentugt, en má laga með lítilfjörlegri brtt. Ýmsir fleiri gallar eru á frv., og stafa þeir af því, að landbn. hefir lítinn tíma getað lagt í athugun þessa frv. Þeir, sem eru svo samvizkusamir að sitja hér í hv. þd. allan þann tíma, sem fundir eru á degi hverjum, hafa lítinn tíma aflögu til nefndarstarfa, nema sjálfa nefndarfundatímana, en þeir eru ekki hentugir til nákvæmrar gagnrýni.

Ég hefi rekið mig á tvær prentvillur í síðustu gr. í brtt. n. Þar stendur: Við 55. gr., á að vera við 58. gr., og ennfremur er skakkt vitnað í ártal, á að vera 1884 en er 1887. (StgrS: Þetta er rétt, ég hefi orðið var við þessar prentvillur). Þá vil ég víkja með fáeinum orðum að brtt. n. við 12. gr. frv. Í brtt. er í fyrsta sinn gert ráð fyrir, að í lögum verði talað um svo nefnda leiguliðabót, er leiguliði borgar landsdrottni og koma á í stað fyrningar. Ég tel hugmyndina um leiguliðabót rétta, en lít svo á, að það sé ekki rétt að geyma uppbót þessa að helmingi hjá leiguliða og að helmingi hjá landsdrottni, heldur eigi hún að geymast í sérstökum sjóði. Ég vil fara þá leið að láta leiguliða og landsdrottin árlega leggja nokkra upphæð í sjóð, sem svo verði varið til að endurbyggja hús jarðarinnar, þegar þörf krefur. Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að eitt mesta böl landbúnaðarins hefir verið það, hve illa jarðirnar hafa verið húsaðar. Það hafa nú á síðari árum ýmsar tilraunir verið gerðar til þess að ráða bót á þessu, en engin tilraun hefir verið gerð, er segja megi, að nái til allra jarða eða meginhluta þeirra. Verði hægt að finna ráð, er kæmi að haldi flestum jörðum í framtíðinni til bóta í þessu efni, væri stórvirki unnið í þágu landbúnaðarins. Ég veit, að fyrst um sinn yrði slíkur sjóður, sem ég hefi nefnt, lítill og kæmi því fyrst að verulegum notum eftir nokkurn tíma. Ég skal viðurkenna, að ýms nánari ákvæði þarf um þetta, og er ég ekki undir það búinn að skýra hugmyndina nægilega vandlega við þessa umr. Ég hreyfði þessari hugmynd í landbn. og varð ekki var við annað en að henni væri vel tekið.

Út af 5. gr. brtt. tel ég skylt að benda á það, að með því að skylda landsdrottin til að láta eignarjörð sinni, er hann leigir til ábúðar, fylgja nauðsynleg húsakynni, er ríkissjóði bundinn nokkur baggi, en ég sé ekki, að hægt sé að komast hjá því. Það er auðvitað ekki hægt að láta ríkissjóð vera verri landsdrottin en aðra, og þá skyldu, sem Alþingi telur þörf að leggja

á einstaka menn, verður það einnig að leggja á ríkissjóðinn, meðan hann á jarðir.

Í brtt. við 23. gr. frv. er lagt til, að öll jarðarafnot hverrar jarðar skuli fylgja jörðinni eða jarðarhluta. Ég skil þetta svo, að leiguliði eigi kröfu á því, að þetta allt fylgi, en ef hann kærir sig ekki um afnot allra jarðarnytjanna, þá sé samningafrelsi um þetta atriði. Í þessu máli vildi ég aðallega hafa sagt, að það sýnist hafa dregið svo saman um ágreiningsatriði, að lítið annað sé eftir við frv. að gera en að hefla það, laga og samræma ákvæði þess. En ég tel það ekki enn nægilega heflað til þess að það geti orðið að lögum á þessu þingi.

Ef frv. fer til 3. umr., mun ég, ef mér vinnst tími til, yfirfara það enn á ný, og býst ég við, að minn fyrirvara sé réttast að skilja í sambandi við þær brtt., sem ég þá kann fram að bera við frv. til viðbótar brtt. n. á þskj. 680.

Jörundur Brynjólfsson: Þetta mál hefir legið fyrir undanförnum þingum nú um nokkurt skeið eins og kunnugt er, og tvívegis sætt allrækilegri meðferð hér í þinginu, sem sé á seinasta vetrarþingi og í þetta sinn. Ég vænti því, að hv. landbn., sem sérstaklega hefir haft málið til meðferðar, hafi gert á því þær athuganir, sem mestu máli skipta. Hinsvegar má það vel vera, að í þessu efni sem öðrum sé unnt að gera enn frekari umbætur á frv. en þegar hafa verið gerðar. Á ég þar ekki einungis við efni þess, heldur engu síður við framsetningu og form. Slíkt er lengi hægt að bæta og laga, svo að það valdi ekki misskilningi, og að þeir, sem undir lögunum eigi að lifa, geti tekið þeim þrifnaði, sem önnur skilyrði ein veita þeim, svo og að ákvæði laganna valdi engum torveldleika.

Um brtt., sem hér liggja fyrir af hálfu landbn., er það að segja, að ég get tjáð n. þakkir af hálfu okkar flm. fyrir þá alúð, sem hún hefir sýnt málinu og sýnist af till. hennar, að hún sé höfuðstefnu frv. fygjandi. Þær brtt., sem hún gerir, raska í mjög fáum atriðum nokkuð verulega þeirri stefnu, sem í frv. felst. N. hefir að vísu orðið að taka allangan tíma nú til þess að athuga málið. Býst ég því við, að þar sem orðið er svo mjög áliðið þings, verði málið að ganga greiðar í gegnum þær umr., sem eftir eru, ef það á að ná fram að ganga á þessu þingi. Það er auðvitað síður tiltökumál, þótt athugun slíkra mála sem þessa taki alllanga stund. Þess ber að gæta, að hv. landbn. þessarar d. hefir haft allmörg mál til meðferðar á þessu þingi. Mér hefir að vísu hálfleiðzt, hve seint málið kemur frá n., en ég vil þó ekki á neinn hátt átelja landbn., allra helzt fyrir þá sök, að mér sýnist sem brtt. hennar séu í höfuðdráttum málefninu fylgjandi, og það varðar vitaskuld mestu, en getur þó því aðeins komið að notum, að menn ræði ekki um það þing eftir þing, að málið sé ekki nógu vel úr garði gert og búningur þess geti tekið bótum og fresti því þess vegna ár eftir ár. Yfirleitt get ég sagt það af hálfu okkar flm., að við getum verið n. þakklátir fyrir margar hennar brtt., sem ég tel ýmist til lagfæringar og sumar jafnvel til bóta, þótt að vísu í þeim felist atriði, sem ég tel hæpin og hvika nokkuð frá hinni upphaflegu stefnu frv. En þesshättar skoðanamunur er ekki mjög stórvægilegur og ekki óeðlilegt, að kunni að gæta eitthvað hér á þingi í meðferð mála. Hv. 2. þm. Skagf. lét þau orð falla, að hann hefði jafnvel búizt við því af hálfu landbn., að það væri ekki tilætlunin, að þetta mál næði fram að ganga nú á þessu þingi. Ég verð að vona, að hér sé um misskilning að ræða og það hafi fullkomlega verið tilætlun n., að málið gengi nú fram, og ég vænti svo góðs til hv. 2. þm. Skagf., að hann noti tímann milli 2. og 3. umr. til þess að íhuga málið nánar og koma fram með þær brtt., sem hann telur málinu til bóta og álítur vert að komi fram.

Ég ætla ekki að fara ýtarlega út í þessar brtt. eða tala mikið um málið almennt. Ég get einungis sagt það um málið í heild, að þörfin á lagasetningu í þessu efni er mjög brýn. Nær helmingur allra búenda landsins (bænda) eru leiguliðar, og það er ekkert vafamál, að mikill hluti leiguliða getur ekki tekið þrifnaði sökum ábúðarlöggjafarinnar. Þessi lög eru nú orðin nokkuð gömul og voru þá, er þau voru sett, mjög ófullkomin, og fullvíst er það, að engin menningarþjóð hefir slíka ábúðarlöggjöf. Ákvæði hinna ís-

lenzku ábúðarlaga eru alveg einstök. Svo langt eru þau á eftir og fjarri því, sem tíðkast með öðrum menningarþjóðum, og gegnir furðu, hve seint hefir sótzt að fá leiðréttingu á þessu. Og enn undarlegra virðist þetta þar sem Alþ. 1923 gerði úr garði nýja löggjöf og ýtarlega mjög um búnaðarmál. Ég á hér við jarðræktarlögin. En þau koma ekki nema að litlu leyti að gagni fyrir þá, sem hafa jarðir á leigu, sökum þess, hvernig ábúðarlöggjöf landsins er háttað, og þrifnaði geta þessir menn ekki tekið í sínum búskap fyrr en fullkomnari og betri löggjöf er sett.

Um einstakar brtt., sem bornar eru fram af hálfu n., ætla ég ekki að segja margt, en drepa einungis á fáar. Eftir því sem mér lízt á afgr. landbn. á málinu, þá hafa hugir manna dregizt saman og tel ég þá ekki vert að fjölyrða um málið í heild.

Brtt. við 3. gr. er um orðalagið, þar sem svo er að orði komizt, að þeir, sem eigi jarðir og selji á leigu, skuli selja þær á leigu gegn hóflegu eftirgjaldi, að dómi úttektarmanna. Ég ætla, að samkv. ákvæðum frv., eins og þau eru nú, og eftir till. n., sé í raun og veru — nema þegar sérstakar ástæður eru þess valdandi, að breyt. hefir orðið á verðlagi — engin ákvæði í frv. sem segi fyrir um, á hvern hátt úttektarmenn eigi að meta þetta gjald. Ég skýt þessu fram aðeins til athugunar, því að það getur tæpast verið meiningin, að áður en jörð er byggð með þeim skilmálum, sem jarðeigandi hugsar sér, þá skuli bera það undir úttektarmenn, hvort þeir álíti skilmálana hóflega. Ég vil því víkja að þessu til frekari athugunar.

Þá er það 6. brtt., sem ég vildi minnast lítilsháttar á. Hún er um viðhald húsa og þá kvöð, sem lögð er á leiguliða, að þeir eigi að greiða sérstakt fyrningargjald af húsum, sem í frv. er kölluð leiguliðabót, þar sem svo er að orði komizt, að fyrningin eigi ekki að vera hærri en 1% af steinhúsum og 2% af timburhúsum eða byggingum úr öðru efni. Í sjálfu sér er ekki mikið við því að segja, þótt leiguliði greiði þetta gjald, því að það er ekki nema eðlilegt, að eigandi jarðar verði að fá gjald, sem nemur fyrningu þessara mannvirkja og þeirra fjármuna, sem í húsin eru settir. Ég get tekið undir þau ummæli hv. 2. þm. Skagf., að hyggilegra væri, bæði af leiguliða og eiganda jarða, að þetta gjald væri látið renna í sérstakan sjóð, svo að hann væri til taks, þegar þyrfti að endurbyggja hús á jörðinni. Ég álít, að hvorttveggja geti misst nokkuð marks eftir þessu ákvæði. Það er ekki víst, að efnahag jarðeigandans sé svo háttað, þegar þarf að endurbyggja á jörðinni, að hann geti það. En þeim hluta gjaldsins — þessari leiguliðabót — sem stendur inni hjá leiguliða, er þannig háttað, að ekki er víst, að hann geti innt þá greiðslu af hendi þegar endurbyggja þarf. Því held ég, að það sé langbest, að það ákvæði sé sett inn í lögin, að þessir fjármunir, sem leiguliðinn greiðir, séu lagðir í sérstakan sjóð, sem ekki megi eyða. Að sjálfsögðu er það rétt, að leiguliði greiði vexti af þeim fjármunum, sem í byggingarnar fara. Verður þá fyrningargjaldið að miðast við endingu húsanna. Þyrfti þetta helzt að vera útbúið þannig, að gjaldhæðin væri ekki meiri en nauðsynlega þarf.

Þá vil ég minnast á aðra brtt., sem ég tel allmiklu máli skipta, 22. brtt., um endurbyggingu, þegar óviðráðanleg slys ber að höndum, annaðhvort jarðskjálfta, eldsumbrot eða snjóflóð o. s. frv. Hefir n. breytt nokkuð til frá því sem við höfum gert ráð fyrir. Í greininni frá okkar hálfu er undir þessum kringumstæðum lögð sú kvöð á leiguliða, að hann vinni eins og hann framast má með skylduliði sínu að veggjagerð og byggingu hússins eftir því sem hann frekast getur að dómi úttektarmanna. Ég skal játa, að slík ákvæði sem þetta eru enganveginn ákveðin. Það getur staðið misjafnlega á og verið mismikið, sem leiguliði lætur af mörkum til þessara verka, ef þessu orðalagi er haldið, en þeir, sem eiga um þetta að dæma, eru úttektarmennirnir. Eiga þeir að vera öllum háttum kunnir og þá auðvitað ástæðum leiguliða, hve mikið hann getur af mörkum látið. Eins og vitað er, getur það orðið talsvert misjafnt. En samkv. þessu orðalagi brtt. álít ég, að þetta geti verið hæpið ákvæði og mjög varhugavert og undir mörgum kringumstæðum ógerlegt að leggja slíka kvöð á leiguliða. — Það er sagt í brtt., að leiguliði eigi að svara leiguliðabót af húsum

að því leyti, sem hún er ekki áður greidd. Þetta ákvæði, „að því leyti, sem hún er ekki áður greidd“, þ. e. a. s. að því leyti sem það er fallið í gjalddaga vil ég skilja svo, en ekki á þann hátt, að leiguliði eigi að greiða allt gjaldið, sem ógreitt er af byggingunni. Hugsum okkur, að hús sé fyrir skömmu byggt, úttektarmenn hafi gert áætlun um, að það standi í 50 ár. Fimm ár líða frá því að húsið er byggt og svo eyðileggst það af einhverjum náttúruvöldum. Leiguliði ætti þá, ef þetta væri skilið bókstaflega, að greiða alla leiguliðabótina. Slíkt býst ég þó ekki við, að sé meiningin, heldur þann hluta hennar, sem stendur inni hjá leiguliða, þegar þetta ber við. (MG: Það stendur í till.: „að því leyti sem hún er ekki áður greidd“). En samkv. ákvæðum frv. hér að framan er sagt, að hann eigi að greiða „½ leiguliðabót ár hvert til landsdrottins“. Hinn helmingurinn stendur því hjá honum sjálfum. Ég skil það svo, að það sé sá hluti, sem hann á að greiða, en ég held, að hyggilegra sé að taka það fram, að það sé það, sem þá er fallið í gjalddaga, svo þetta geti ekki orkað tvímælis. Ennfremur á leiguliði að flytja að innlent efni og annast allan efnisflutning innanlands á staðinn. Sé hér átt við, að leiguliði eigi að flytja að ekki einungis það efni, sem tekið er á jörðinni til byggingarinnar, heldur einnig það, sem kann að þurfa að sækja til kaupstaðar, þá getur þetta orðið svo þungbær kvöð, að ekki nái nokkurri átt að leggja hana á leiguliða. Ef við hugsum okkur, að húsið sé byggt úr steini, þá er það ærin kvöð á leiguliða að flytja að allt byggingarefni, þótt nærtækt sé og auðvelt að koma því á staðinn, þar sem byggja á. Það getur, þótt ekkert sé óhagstætt, kostað mörg hundruð krónur. En nú hagar víða svo til, að sand og möl þarf að sækja langar leiðir, jafnvel yfir margra kílómetra veg, og það er ekkert tekið tillit til þess í þessu frv., hvort torvelt sé að flytja efnið eða ekki. Mér sýnist samkv. þessu, að eigandinn hafi, eins og eðlilegt er, ákvörðunarrétt um það, hvort hann vill byggja úr timbri eða hafa torf- og grjótveggi — byggja í gömlum stíl — eða byggja steinhús. Getur því flutningurinn á þessu innlenda efni orðið mjög misdýr og erfiður og kostað mikið fé undir vissum kringumstæðum. Þar að auki á leiguliði að annast allan flutning innanlands. Í þessu orðalagi getur auðveldlega falizt það, að hann eigi að flytja allt efni úr kaupstað á byggingarstaðinn, timbur og sement, sem til byggingarinnar þarf, og annað þesshättar. Þetta getur kostað mjög mikið fé, skipt mörgum hundruðum og jafnvel þúsundum króna. Ég vil taka dæmi. Við skulum hugsa okkur, að miðja vegu í Árnessýslu vildi jarðeigandi reisa byggingu, t. d. steinhús. Flutningur á aðkeyptu efni frá Rvík og austur til byggingar, sem rúmaði svona 8—10 heimilismenn, myndi hlaupa, með þeim taxta, sem nú er hjá bifreiðastöðvunum, upp í nær 1600 kr. Það er heldur ekkert orð sagt um það í frv., að flutningurinn skuli miðast við næsta verzlunarstað. Þó er það nú svo, að byggingarefni er misdýrt. Austur við Ölfusárbrú er það t. d. dýrara en hér í Reykjavík og er það ekki nema eðlilegt, þar sem efnið er flutt héðan. En mætti nú eigandinn velja um, hvar hann keypti byggingarefni, og þyrfti ekki að annast flutninginn, myndi hann að sjálfsögðu kaupa það þar sem það væri ódýrara, t. d. hér í Reykjavík, og láta svo leiguliðann kosta flutninginn austur um fjall. Ef miðað er við 100 km. flutningsleið, myndi flutningur á efni í þessa steinbyggingu nema h. u. b. 1600 kr. Svo ætti hann til viðbótar að annast flutning malar og sands, og sjá þá allir, hve þetta allt nemur mikilli upphæð. Væri um timburhús að ræða, að stærð 12 × 12 með kjallara, myndi flutningskostnaður á aðkeyptu efni nema 1200 kr. Þetta er svo mikil kvöð, að ég teldi alls ekki rétt að lögfesta slík ákvæði. Ég er sannfærður um, að leiguliðinn myndi heldur ganga frá jörð en að leggja sér þessa byrði á herðar, m. a. af því, að þegar svo byggingunni er lokið, verður hún metin til verðs, og af þeim fjármunum, sem leiguliði hefir lagt fram bæði beint og óbeint, á hann að svara vöxtum eftir kostnaðarupphæð byggingarinnar, og síðan greiða fyrningargjald. Það væri ekki nokkur meining fyrir eigandann, að fjármunir, sem leiguliðinn hefir lagt þarna fram, væru ekki taldir með, þegar byggingin er metin,

Þótt ég drepi nú á þessi atriði til frekari athugunar og umbóta, get ég ekki séð, að neitt sé á móti því, að brtt. í þessa átt verði samþ., því að hægt væri að umbæta hana við 3. umr. Reyndar held ég, að ekkert væri að því, þótt frestað væri að bera hana upp. Yfirleitt væri e. t. v. heppilegra að fresta brtt. landbn. til 3. umr. Samt geri ég enga till. um það. Það má eins vel lagfæra við 3. umr. það, sem ábótavant kann að þykja í frv.

Þá er það 23. brtt., við 36. gr., um að gr. falli burt. Má vera, að það skipti í sjálfu sér ekki miklu um ákvæði þessarar gr. frv., en ég held þó, að hyggilegra sé vegna beggja málsaðilja að hafa ákvæði eitthvað svipuð þessu. Ég get viðurkennt, að það getur vel komið fyrir, að það gæti verið eins sanngjarnt, að um hækkun væri að ræða eins og lækkun, og fyrir mitt leyti gæti ég vel fallizt á, að ákvæðum gr. væri breytt í það horf, að bæði jarðeigandinn og leiguliðinn gætu fengið breytt afgjaldinu að dómi þeirra manna, sem um það eiga að fjalla.

Um að fella niður 37. gr., um að viðarreka megi undanskilja, þá skoða ég það ekkert meginatr. Það á óvíða við, og þar sem útlit er fyrir, að sú kvöð verði lögð á eigendur, sem þá eiga húsin og leggja til þeirra það, sem þarf, þá sé ég ekkert sérstakt athugavert við það, þótt þetta ákvæði sé fellt burt.

Þá vil ég hér víkja að bráðabirgðaákvæðunum. Landbn. leggur til, að bráðabirgðaákvæðunum eða ákvæðunum um stundarsakir, verði breytt í það horf, að lög þessi komi til framkvæmda jafnótt og leiguliðaskipti verða á jörðum. Þetta kann að virðast sanngjarnt í sjálfu sér, en þá verður miklu lengri dráttur á því, að lögin öðlist gildi og verki eins og til er ætlazt. En vitaskuld geta menn viðurkennt, að það skipti ekki mestu máli, að lögin komi þegar í stað til framkvæmda. (BJ: Í mörgum tilfellum ganga þau fyrr í gildi á þennan hátt). Ég veit ekki nema það hefði samt verið hyggilegra að tiltaka í l. einhvern ákveðinn tíma, er þetta skuli koma til framkvæmda. En fyrir mitt leyti geri ég ekki mikið úr þessu. Það er álitamál, sem vel má ræða um og mælir sitt með og móti hvoru.

Hv. 2. þm. Skagf. drap réttilega á, að í seinustu brtt. er um prentvillu að ræða, og hafa verið gerðar ráðstafanir til að leiðrétta það í skjalapartinum.

Þá vil ég víkja örfáum orðum að ummælum hv. 2. þm. Skagf. Það er mjög smávægilegt, því að mér þótti einmitt vænt um það frá hans hálfu, að mér virtist hann vera með þessu máli í höfuðatr. eins og það er fram borið. Hann gerði að umtalsefni 45. gr. frv., þar sem ákveðið er, að landsdrottinn bjóði leiguliða ábýlisjörð til kaups við fasteignamatsverði. Í 45. gr. er það ákveði, að ef landsdrottinn býður leiguliða ábýlisjörðina til kaups við fasteignamatsverði, þá sé honum skylt að kaupa jörðina eða víkja að öðrum kosti, ef eigandi þarf að selja hana. Er það rétt hjá hv. 2. þm. Skagf., að þetta getur komið sér illa fyrir leiguliða, og það er ekki af því, að okkur sé það ekki ljóst, að við setjum þetta ákvæði. En þar sem þetta frv. er allt í öðrum búningi en okkar gamla ábýlislöggjöf, og þar sem miklar skyldur eru lagðar á jarðeigendur (þeir verða að leggja fram mikið fé til endurbóta, viðhalds o. s. frv.), þá þótti okkur ekki nema sjálfsagt, að þeir hefðu stundum rétt til þess að koma eign sinni í peninga. Getur staðið svo á, að jarðeigandi þurfi nauðsynlega að selja jörð sína, en með lífstíðarábúð er það oftast nær ómögulegt fyrir hann. Töldum við því ekki nema sjálfsagt, að hann hefði svigrúm til þess að losa jörðina úr ábúð, ef hann þarf að koma henni í peninga. En það hefir þó lengst af verið svo, að fæstir hafa viljað selja, nema nauðsyn bæri til. Held ég því, að þetta sé sanngjörn krafa og að ekki sé annað hægt en að veita jarðeigendum þessa sjálfsögðu tryggingu. Þetta var það, sem fyrir okkur vakti.

Hv. 2. þm. Skagf. drap á 1. brtt. n. Geri ég ráð fyrir því, að við 3. umr. málsins verði það athugað nánar. Held ég, að ég þurfi ekki að víkja miklu fleiri orðum að þessu. Vil ég svo þakka hv. landbn. áhuga hennar á málinu, enda þótt hv. 2. þm. Skagf. vildi enn fara höndum um frv. og „hefla“ það, eins og hann komst að orði. Það er nú auðvitað gott og blessað, en ég vil þó benda á það, að enda þótt margt mætti þar betur fara, skiptir hitt mestu, að þetta mál nái fram að ganga. En þar sem hv. 2. þm. Skagf., sem er þess-

um vinnubrögðum vanur, vill gera sitt bezta til þess að fá málið athugað, þá vona ég, að með slíkri athugun fleiri góðra manna geti frv. orðið vel úr garði gert eftir næstu umr. Annars vil ég geta þess, að frágangur málsins var í byrjun lakari en við ætluðum, því að meiningin var um haustið þegar við sömdum frv., að við færum yfir það aftur eftir áramótin, en þá kom einn n.manna, ekki hingað suður, og þótti okkur þá skylt að flytja frv. hér, eins og það var, þegar hann skildi við það með okkur flm.

Sé ég svo ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar, en vænti þess, að hv. d. og Alþingi öllu sé ljós nauðsynin á lagasetningu um þessi efni, og enda þótt æskilegt hefði verið, að málið yrði betur athugað, er ekki fyrir því ástæða til þess að láta það nú daga uppi í 4. eða 5. sinn.

Sveinn Ólafsson: Ég hefi lítinn tíma haft til þess að kynna mér þetta mál af nýju, og brtt. n. hefi ég aðeins lesið fljótlega yfir og borið saman við frv. Lízt mér sem frv., eins og það kom fram á öndverðu þingi, með þeim breytingum, er landbn. leggur til, myndi verða nær hæfi en áður var, þótt ég verði hinsvegar að álíta, að mikil smíðalýti séu á því ennþá. Á ýms þeirra hefir hv. 2. þm. Skagf. bent, og er ég honum sammála í öllum aðalatr. Veit ég líka, ef málið bíður næsta þings, að ganga má svo frá því, að við megi hlíta og brjóti ekki í bág við rótgrónar venjur eða eldri lagasetningu, svo sem frv. þetta gerir. En til þess má ekki ætlast, að slíkur lagabálkur sem þessi sé gallalaus í upphafi og geti staðið um allan aldur óbreyttur. Breytingar eru í þessu efni og búnaðarháttum svo tíðar, að ekki er þess að vænta, að landbúnaðarlöggjöf standi lengi óhögguð. Í frv. eru nokkur ákvæðin atr., sem mér virðist sérstaklega athugaverð, eða jafnvel óeðlileg. Og yfirleitt leggur frv. allt of mikil höft á samningafrelsi manna, höft, sem einstæð eru í íslenzkri löggjöf. Ákvæðið fortakslausa í 9. gr., um að jörð skuli ætíð byggja til lífstíðar, er óréttmætt. Getur oft staðið svo á, að frá hálfu annars samningsaðiljans sé það æskilegt að binda það ekki nema um sinn. Það er kunnugt, að neyðarlausir samningar gerast oft um ábúð á jörðum til styttri tíma. Getur það verið allt með eðlilegum hætti og þarf ekki að fylgja nein kúgun við annan aðiljann.

Þá er það fortakslausa ákvæði í frv., að landeigandi skuli byggja hús á leigujörð sinni eftir mati úttektarmanna á hverjum stað og tíma og vera skyldur til að auka við þau hús eftir þörfum og kröfum ábúanda, og þannig yfirleitt vera háður áliti óviðkomandi manna um það, hversu mikið hann leggi fram til þessara eigna sinna. Slíkar kröfur geta orðið óhóflegar. Finnst mér þetta vera óeðlileg bönd á samningafrelsi manna. Líka er það óviðfelldið að geta ekki og mega ekki leigja jörð nema með ákveðnum húsafjölda. Eru þess ekki fá dæmi, að jarðir eða jarðarpartar séu leigðir án nokkurra húsa, t. d. þegar land er leigt til ræktunar nærri verstöð eða kauptúni. Er það oft svo, að sá, sem fær jarðarskika leigðan, reisir þar sjálfur hús við sitt hæfi eða utan leigulandsins. Veit ég ekki, hvað ætti að vera á móti því, að slíkir samningar megi takast. En óeðlilegast er þó, að landeigandi skuli skyldur til að kaupa þau hús, sem í slíkum tilfellum eru reist af leigjanda og jafnvel í óþökk landeiganda.

Um ýms fleiri hliðstæð ákvæði hefi ég hnotið í frv., ákvæði, sem ég er hræddur um, að leiða myndu til þess, að lögin yrðu óvinsæl. Má segja, að hér sé, eins og hv. frsm. landbn. tók fram, að meira leyti en sanngjarnlegt er, litið á hagsmuni leiguliða. Er það rétt hjá honum, að með ábúðarlöggjöfinni frá 1884 var ekki jafnmikið tillit tekið til hagsmuna þeirra og landeigendanna. Getur því verið, að sumstaðar hafi kjör þeirra orðið erfiðari í seinni tíð en ætlunin var eftir þeim lögum. Þó held ég ekki, að þess hafi gætt nema á tiltölulega fáum stöðum. Kannast ég ekki við það, að í þeim landshluta, þar sem ég er kunnugastur, séu kjör leiguliða neitt sérstaklega erfið. Er heldur ekki við því að búast, þegar útstreymið úr sveitunum er svo mikið, að erfitt er og sumstaðar ómögulegt að fá jarðirnar byggðar. Enda þekki ég ekki þá afarkosti, sem hér er talað um, að þessir menn þurfi við að búa. Ætti það þá að vera í landshlutum, þar sem ég er ókunnugur. Ef það væri rétt, að þessir menn byggju

við harðræði, þá væri sjálfsagt að láta þá njóta verndar, en ég held, að þetta frv. gangi þó of langt í því efni og sé að ýmsu á öfgum byggt.

Að því er kemur til opinberra eigna, þá virðist mér sem ákvæði frv. um kaup og viðhald húsa á þeim myndu leiða til þess, að ríkið kysi heldur að farga eignunum en reisa eftir mati úttektarmanna hús, sem yrðu miklu dýrari en jarðirnar sjálfar. Held ég, að mikið af opinberum eignum yrði að selja til þess að losna við þessa óeðlilegu húsakvöð. Sjálfsagt yrði hún til þess, að fjölgaði sjálfseignarbændum í landinu, einkum ef ríkið gæfi jarðirnar heldur en ganga undir kvöðina, sem vel gæti orðið. Gæti líka farið svo, að jarðirnar yrðu keyptar af öðrum en þeim, sem ætluðu beinlínis að hagnýta sér þær í því skyni að reyna að hafa þær að féþúfu. Verður hér að fara varlega og leggja ekki óeðlilegar kvaðir á landeigendur og ríkissjóð, sem ætti að vera bezti landsdrottinn. Gæti það orðið til þess að auka fólksstrauminn úr sveitunum, sem verið hefir fullstríður hin síðustu ár, ef neyða ætti landeigendur til samtaka um varnir gegn svona fráleitri lagasetningu.

Um formsatriði ýms mætti margt segja. Er ég á því, að einnig í því tilliti þurfi að fara höndum um frv. aftur.

Hv. landbn. hefir lagt til, sem rétt er, að skilgreina hugtakið „jörð“ í upphafi frv. Skilgreining n. er nærri þeirri hugmynd, sem tengd er við nafnið **bújörð**. Þó er skilgreiningin ekki tæmandi, og mætti athuga þetta nánar og rýmka skilgreininguna. N. segir, að jörð nefnist í þessu frv. hvert það sveitabýli, sem metið er sérstaklega til verðs samkv. fasteignamati, — „enda fleyti býlið 6 kúgildum hið minnsta“ bætir n. við nú af nýju. Stundum eru ræktanlegar skákir, lóðir eða lítil grasbýli metin þannig og ættu þá að falla hér undir skilgreininguna „jörð“, en ekki er þó venja að nefna slík býli jarðir. Held ég, að skilgreiningin ætti að vera á þá leið, að eitthvert ræktað land fylgdi, einhver hagi og önnur landsafnot, sem gera býlið sjálfstætt, enda hefir málvenjan tengt þetta við bújarðarnafnið. Fjölyrði ég ekki frekar um þetta, en vænti, að lagamenn hv. d. lagfæri það.

Ég verð að láta í ljósi sömu skoðun og hv. 2. þm. Skagf. um undirbúning málsins, að ég tel honum tæpast svo langt komið, að það geti orðið að lögum á þessu þingi, þegar ætla má, að komið sé að þinglausnum. Að rekja einstakar gr. frv. eða brtt. við það, tæki of langan tíma. Vil ég aðeins taka það fram, að áður en hægt er að veita málinu fylgi, þarf að endurskoða það allt frá rótum vandlega og athuga, hvort það hæfir nútímanum og getur komið í stað eldri ábúðarlaga. Skal ég svo ekki fjölyrða um þetta frekar; ég hygg það tilgangslaust.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Það er ekki margt, sem ég þarf að segja viðvíkjandi ræðum þeirra hv. þm., er hér hafa talað um málið. Hv. samþm. mínum get ég vel verið sammála um það, að ýmsir agnúar muni vera á frv., sem sverfa þurfi af. Hann minntist á eitt atriði, er hann væri óánægður með, sem sé ákvæði 45. gr. um kaupskyldu leiguliða á ábýlisjörð, að viðlögðum missi ábúðarréttar, ef landsdrottinn býður honum jörðina til kaups við fasteignamatsverði. Hv. þm. áleit þetta óréttlátt, því að það gæti komið illa við leiguliða. Það er alveg rétt. En ég held þó, eins og hv. 1. þm. Árn. að rétt sé að tryggja það, að landsdrottinn geti losnað við jörð sína, ef hann vill selja. Er erfitt að leggja slíkar kvaðir á landsdrottin, sem gert er í þessu frv., ef ekki eru einhverjar útgöngudyr fyrir hann til þess að losna við jarðir sínar, ef hann þarf nauðsynlega.

Þá geri ég ekki eins mikið úr erfiðleikum leiguliða á því að kaupa ábúðarjörð sína með eins árs gjaldfresti og hv. þm. Ætti það að vera hægt í venjulegu árferði að fá nægilegt lánsfé til þess að kaupa jörð við fasteignamatsverði. Væri ég fús til þess að athuga, hvort ekki væru til aðrar leiðir til að ná þessu marki, en ég held, að ekki sé hægt að loka þessu alveg. Hefi ég heyrt það á landeigendum, að þeir telji þetta ákvæði nauðsynlegt sjálfra sín vegna, þar sem gengið sé svo nærri þeim í öðrum atriðum. Væri það varhugavert að loka alveg fyrir þeim þessum útgöngudyrum.

Hv. 2. þm. Skagf. og hv. 1. þm. S.-M. gerðu báðir aths. við skilgreiningu orðs-

ins „jörð“. Ég skal fúslega kannast við, að skilgreiningin á þessu sé ekki svo glögg sem skyldi. Og ég get vel fallizt á, að skilgreining hv. þm. sé betri. E. t. v. væri hægt að setja ákvæði um þetta, eitthvað í líkingu við það, sem hv. 1. þm. S.-M. drap á. Ég tel því rétt, að þetta atr. sé athugað nánar.

Ég held, að það sé þá ekki fleira að sinni, sem ummæli hv. 2. þm. Skagf. gefur mér ástæðu til að minnast á.

Hv. flm. frv., 1. þm. Árn., talaði nokkuð um frv. og brtt. landbn. Virtist hann þeim að mörgu leyti samþykkur. Þó kom hann fram með nokkrar aths. við sumar þeirra. Skal ég stuttlega minnast á þau atriði og þá fyrst á það, er hann sagði um 6. brtt. n., sem er um fyrningargjald leiguliða af húsum.

Hv. flm. féllst að vísu á það, að landbn. væri á réttri leið með uppástungu sinni, er kemur fram í þessari brtt., sem er sú, að leggja ákveðið fyrningargjald á leiguliðana. En mér virtist hann þó sammála hv. 2. þm. Skagf. um, að sú leið, er um getur í brtt., myndi eigi vera vel heppileg. Betra myndi vera að mynda fyrningarsjóð. Ég gat nú um þetta í framsöguræðu minni í gær. Hygg ég því, að gott samkomulag geti orðið um að breyta til í þá átt. En það þarf þó vel að athugast. Og ákvæði um slíka sjóðsstofnun myndi leiða til fleiri breyt., sem þá verða að athugast og ákveðast um leið.

Það var einkum 22. brtt. landbn., sem hv. flm. lagði á móti. Sú brtt. er um það, hvernig skipta skuli kostnaði við endurbyggingu, ef hús eyðast af völdum náttúrunnar eða af óviðráðanlegum orsökum. Þótti hv. flm. þrengt um of að kosti leiguliða með ákvæðum brtt. En sú skipting er þar á gerð, að leiguliði leggi til allt innlent efni, svo sem möl og grjót, ef um steinbyggingar er að ræða, eða strengi, hnausa og annað, ef um torfbyggingar er að ræða. Auk þess á hann að annast alla flutninga á efni í bygginguna, einnig á útlendu efni. Hv. flm. benti á, að þetta kæmi mjög misjafnt niður á leiguliðana, eftir því, hvar þeir væru búsettir. Og að þetta gæti orðið tilfinnanlegur skattur fyrir þá, sem langt ættu að sækja til kaupstaðar. Hann hélt því fram, að leiguliði myndi oft kjósa eða neyðast til að ganga frá jörð fremur en að ganga undir slíka kvöð. Ég held, að hér sé nú fullfreklega að kveðið hjá hv. flm. Í fyrsta lagi kemur það nú sjaldan fyrir, að hús eyðist á þennan hátt, þó að dæmi séu að vísu til þess, einkum í jarðskjálftum. Og í öðru lagi verður þetta sjaldnast svo hár skattur, að leiguliða sé ekki vel fært að rísa undir honum. Hitt er vitanlega rétt, að flutning á útlendu efni verður að miða við næsta kaupstað, enda var það meining landbn. Hitt kemur vitanlega ekki til mála, að landsdrottinn geti þröngvað leiguliða til að sækja efni til bygginga eitthvað á annað landshorn. Þessi kvöð er vitanlega miðuð við það, að efnið sé flutt frá næsta verzlunarstað. Má hæglega gera brtt. um þetta, svo slíkt orki ekki tvímælis.

Þótt þessi kvöð sé lögð á leiguliða, sem í brtt. getur, þá verður samt hans þáttur í byggingarkostnaðinum aldrei nema lítill hluti af endurbyggingarkostnaði, og því minni, sem byggingin er dýrari og úr vandaðra efni.

Þá er 23. brtt., um að niður falli 36. gr. frv., en í þeirri gr. er leiguliða gefin heimild til að krefjast endurmats á leigumála, ef hann þykir óhæfilega hár. Ég tók því fram í frs.ræðu minni, að n. hefði litið svo á, að leiguliði gæti hæglega misnotað þennan rétt sinn. Hv. flm. viðurkenndi líka, að gr. væri óheppilega orðuð. Ef rétt væri að halda þessu ákvæði, ætti landsdrottinn líka að hafa gagnkvæman rétt gagnvart leiguliða, ef leigumáli væri óeðlilega lágur. Má vitanlega athuga nánar, hvort rétt sé að taka slíkt ákvæði upp í greinina, ef hv. þdm. verða ekki ásáttir um að fella hana niður. Annars sýnist ekki mjög athugavert, þótt um leigumálann gildi frjáls samningur. Leiguliði gæti misnotað þetta ákvæði með því að bjóða hátt í jörð til að ná ábúðarrétti á henni, krefjast svo endurmats og fengið leigumálann lækkaðan, e. t. v. þegar á næsta ári. Þetta gæti, að óþörfu, valdið landsdrottni tjóni. En þetta má athuga nánar. Landbn. gat aðeins ekki sætt sig við frvgr. eins og hún er nú.

Ég þarf þá lítið fleira að taka fram vegna þess, er hv. flm. sagði. Hann minntist að vísu á þá breyt., sem við leggjum til, að gerð sé á bráðabirgðaákvæðum frv. Hann virtist sætta sig við

það, en hafði þó á orði, að marka þyrfti nánar í l., hvenær þau kæmu til framkvæmda. En ég hygg þó, að bezt sé að láta þá samninga um leiguábúðir, sem nú eru, gilda þangað til þeir renna út. Það er líka vani löggjafarinnar að grípa ekki aftur fyrir sig til þeirra samninga, sem áður hafa verið gerðir. Og ég hygg, að það ákvæði, að l. komi til framkvæmda smátt og smátt, komi réttlátlegar niður heldur en ef þau kæmu í öllum tilfellum þegar til framkvæmda. Þeir, sem hafa byggt jarðir sínar til skamms tíma, koma þá fyrr undir ákvæði laganna, en þeir, sem hafa byggt þær til langs tíma, njóta þess þó, ef þeim þykir verra að vera þessum l. háðir. Þetta ákvæði yrði þó einkum gagnlegt ríkissjóði, sem hefir leigt jarðir sínar til lífstíðar. Fyrir hann yrði það hagkvæmara að gera húsabætur á jörðum sínum smátt og smátt heldur en að taka þær allar fyrir í einu. Á sama hátt fengist og meiri reynsla um úttekt jarða og húsa heldur en ef sú úttekt á að fara fram á öllum leigujörðum þegar eftir að l. hafa öðlazt gildi.

Þá þarf ég að svara hv. 1. þm. S.-M. nokkrum orðum. Hann áleit, að smíðalýti væru á frv. — Ég skal ekki deila við hann um það út af fyrir sig. Hann taldi, að með frv. væru lögð óeðlileg höft á samningafrelsi manna. Því til sönnunar nefndi hann a. m. k. 3 atriði. Hið fyrsta var, að frv. gerir ráð fyrir lífstíðarábúð, með takmörkunum þó. Hann áleit, að styttri ábúðartími ætti líka að vera leyfður. Ég lít svo á, að ef víðari útgöngudyr eru gefnar um þetta en um getur í frv., þá megi löngum skjóta sér undir það, og er þá grundvöllurinn undir þessu frv., sem er lífstíðarábúðin, burtu tekinn. Ef til þess er ætlazt, að leiguliðar sýni jörðum þeim sóma, sem þeim eru leigðar, þá verður líka ábúðarréttur þeirra að vera langur. Ef hann er stuttur, þá er ekki hægt til þess að ætlast, að þeir geri neitt það, sem verða má jörðinni til þrifnaðar. Það, hvað jarðirnar hafa verið byggðar til skamms tíma, hefir einmitt verið meinið, sem staðið hefir í vegi fyrir því, að leigujarðirnar hafi fylgt þeirri þróun, sem orðið hefir um ræktun og aðrar umbætur jarða á síðustu áratugum. Ég hygg því, að aðalreglan eigi að vera undantekningarlaus lífstíðarábúð, þó þannig, að ábúandi geti sagt upp jarðnæði með hæfilegum fyrirvara. En að öðru leyti hafi hann rétt til að sitja á jörðinni æfilangt, með þeim undantekningum einum, sem í frv. getur, sem eru eiginafnot jarðareiganda eða nánustu vandamanna hans. Ég lít því svo á, að þessi höft til að tryggja leiguliða ábúðina, séu nauðsynleg. Og ég hygg einnig, að þau verði í þágu jarðareiganda, þegar til lengdar lætur. Einnig fyrir hag landsdrottins mun bezt verða séð með því, að leiguliðinn geti starfað sem sjálfstæður maður.

Annað, sem hv. 1. þm. S.-M. fannst varhugavert, var það ákvæði frv., að það væri fortakslaus skylda landsdrottins að sjá fyrir nauðsynlegum húsum á leigujörð sinni og auka við þau eftir þörfum. Hér er nú að vísu um nýmæli að ræða, ef skammt er litið. En áður fyrr hvíldi þó þessi skylda á landsdrottnum, þó hún væri úr gildi numin með fullkomnu lagaleysi. Og þær minningar, sem við afnám þeirrar skyldu eru tengdar, eru þess eðlis, að varasamt er að vera að halda þeim í nokkrum heiðri. Ef þessi ákvæði hefðu aldrei verið afnumin, þá mundi mönnum finnast jafnsjálfsagt, að hús fylgdu leigujörð, eins og það nú t. d. þykir sjálfsagt, að blað fylgi skafti á skóflu, ef hún er leigð til notkunar. Hvorugt má vanta, ef gagn á að vera af hlutnum. Ég vona, að þegar menn fara aftur að venjast þessu, þá þyki það alveg sjálfsagt. Svo er það a. m. k. í minum huga, að það eigi ekki að orka tvímælis, að hús eigi að fylgja jörðu. Ef leiguliði situr jörð sína svo vel, að hún þoli aukna áhöfn vegna þeirra umbóta, er hann hefir gert, þá tel ég það ekki nema sjálfsagt, þegar leiguliði hefir þannig aukið verðmæti jarðarinnar, að landsdrottinn leggi til nauðsynlegar viðbætur við húsakost hennar. Frá mínu sjónarmiði er ekkert athugavert við þetta. Hingað til hefir þetta gengið svo, að jarðir hafa verið byggðar leiguliðum, húsalausar að mestu eða öllu. Leiguliðarnir hafa þá verið tilneyddir að byggja, en þar sem þeir hafa oftast enga tryggingu getað fengið fyrir því, að þeir fái endurgoldinn þann kostnað, er þeir hafa lagt fram, þá hefir það orðið til þess, að þeir hafa neyðzt til að hrúga upp sem allra ódýr-

ustum kofum, sem byggðir hafa verið til einnar nætur. Þetta hefir svo orðið að endurtaka hvað eftir annað. Jarðirnar hafa með þessu lagi staðið í stað, þegar bezt hefir látið, eða þá að þær hafa níðzt niður. — Þetta og hinn stutti leigutími hefir verið orsök til þess, að leigujarðir hafa verið verr setnar en þær, sem eru í sjálfsábúð. Og það hefir alveg hamlað því, að leigujarðirnar gætu orðið sæmilega hýstar. Skylda landsdrottna að byggja á leigujörðum sínum, eða að yfirtaka hús, sem leiguliði hefir byggt, ef úttektarmenn telja, að þörf sé fyrir þau fyrir það verð, sem metið er, er því að mínu áliti alveg sjálfsögð og réttmæt. Með þessu er verið að skapa möguleika fyrir því, að umbætur geti orðið sem jafnastar á jörðum, hvort sem þær eru í sjálfsábúð eða leiguábúð. Hv. 1. þm. S.-M. hélt því fram, að kjör þau, sem leiguliðar ættu við að búa, væru ekki eins erfið og ég hefi haldið fram. Hann sagðist ekki þekkja, að þeir ættu við neina afarkosti að búa. — Ég hélt nú ekki neinu slíku fram. Ég veit, að afgjald af leigujörðum hefir oft verið lágt. En landeigendur hafa það þó í hendi sinni. Og ef frv. verður breytt eins og hv. þm. vill, þá verður fyrirkomulagið hvorki fugl né fiskur. Það, sem einkennir leigujarðirnar, er húsakosturinn og umbæturnar, sem hvorttveggja standa að baki því, sem er á þeim býlum, sem eru í sjálfsábúð. Og þetta mein liggur áreiðanlega meira í fyrirkomulaginu sjálfu heldur en því, að leiguliðarnir séu yfirleitt meiri búskussar en sjálfseignarbændurnir. Aðalástæðan er áreiðanlega sú, að frá hálfu löggjafarvaldsins hefir verið verr að þeim búið. Ég tel það skyldu löggjafarvaldsins að hlutast svo til með löggjöfinni, að þeir, sem sama atvinnuveg stunda, eigi við lík skilyrði að búa, að svo miklu leyti sem hægt er að tryggja það með löggjöf. Og sú löggjöf þarf að vera svo úr garði gerð, að hún tryggi þessi höfuðatr. svo vel, að þar séu engar smugur á til að smjúga í gegn. Hv. 1. þm. S.-M. minntist að lokum á það, að sum atr. þessa frv. væru þannig vaxin, að þau gætu leitt til þess, að fólksstraumurinn úr sveitunum til kaupstaðanna mundi verða meiri en áður, ef l. kæmu til framkvæmda. — Mér var það satt að segja ekki vel ljóst, á hvern hátt hann rökstuddi þetta. Ég hefði heldur haldið, að ein ástæðan til þess, að fólkið hefir flúið úr sveitunum, væri sú, að illa hefir verið búið að leiguliðunum. Það er einmitt ekki sízt úr moldarkofum leigujarðanna, sem fólkið flýr til kaupstaðanna. Ef býlin verða bætt að húsakynnum, svo að fólki líði vel í þeim, tel ég það eitt hið helzta bjargráð til þess að halda fólkinu í sveitum landsins og varna því, að býlin leggist í auðn, þau, sem annars er lífvænt á. Hitt er vitanlega sjálfsagt, að undanþiggja þær jarðir þessari kvöð, sem eru svo snauðar að landskostum, að ekki er neinu til þeirra kostandi. En svo álít ég, að því sé varið með sum býli og jafnvel heilar sveitir. Og það er engin meining að láta menn kosta miklu til umbóta á slíkum býlum.

Það er rétt, að með ákvæðum frv. er úttektarmönnum fengið mikið vald í hendur. Ef þeir starfa ekki vel og sanngjarnlega, þá getur svo farið, að þeir misbjóði landsdrottnum í mati því, sem þeim er ætlað að framkvæma. En þó þetta geti mistekizt, þá vil ég þó miklu fremur vænta þess, að það takist vel. Úttektarmenn eru yfirleitt svo valdir, að það eru færir menn, vel kunnugir allri aðstöðu og færir að dæma um, hvað við á á hverjum stað og geta því tekið tillit til allrar aðstöðu. Ég tel enga hættu á því, að þeir muni fara neitt harkalega að gagnvart landsdrottnum. Skal ég svo ekki ræða meira um þetta að sinni.

Einar Arnórsson: Það kann nú að þykja óþarft, að kaupstaðarmaður, sem líka er þm. fyrir kaupstaðarkjördæmi, fari að blanda sér í umr. um mál eins og þetta, sem eingöngu varðar sveitir landsins og þá atvinnu, sem þar er rekin. En ég býst þó við, að það sé réttlætanlegt, að ég tefji tímann dálítið með því að ræða þetta. Hér er um stórmál að ræða, sem í raun og veru er hverjum borgara landsins viðkomandi. Ég vona því að mér fyrirgefist, þó ég segi nokkur orð.

Ég sagði, að þetta væri stórmál. Það hefir líka sýnt sig í framkvæmdinni. Fyrst var skipuð mþn. til að undirbúa löggjöf um þetta efni. Hún skilaði bæði frv. og áliti, sem svo var lagt fram á

þingi. Það hefir þó ekki hlotið afgreiðslu, og mun þetta vera fjórða þingið, sem hefir það til meðferðar, og stundum hefir verið lögð í það mikil vinna í nefnd. En þrátt fyrir það, þó svona mikil alúð hafi verið lögð í þetta mál, þá finnst mér þó ýmislegt á það skorta, að afgreiðsla þess sé enn orðin svo fullkomin sem vera ber um slíkt mál. Það er vitanlegt, að í frv. eru atr., sem aldrei verður fullt samkomulag um. Þar kemur til greina stefnumunur. En þó því sé sleppt, þá eru að minni hyggju í frv. mörg atr., sem ástæða er að taka til nánari athugunar. Sérstaklega þó, þegar þess er gætt, að enda þótt frv. kæmi heilsteypt frá mþn., eru nú fram komnar margar brtt. við það frá landbn., sem vafalaust verða samþ. að meira eða minna leyti. En þá er líka hætt við því, að í því flaustri og málamergð, sem einkennir síðustu daga þingsins, gefist ekki tími til að afgreiða málið svo, að ekki verði ómynd. Ég geri því ráð fyrir, að þm. hafi ekki fullan tíma til að bera saman ákvæði frv., eftir að búið er að umskapa þau, með því að samþykkja brtt. landbn. Það fengjust þá að vísu landbúnaðarlög, en sem strax yrði að fara að krukka í á næsta þingi. En að þurfa strax að breyta l., veldur óvissu hjá almenningi og erfiðleikum í framkvæmd laganna. Er það svo auðskilið mál, að ekki þarf að rökstyðja það. Ég mun þó ekki fara út í mörg atriði frv., þar sem ég hefi ekki haft tíma til að athuga það nákvæmlega í sambandi við brtt. n. En á þær verður að minnast um leið og frv., þar sem efni þeirra og frv. er svo mjög samtvinnað.

Í 2. brtt. á þskj. 680 er talað um sameiningu jarða. Í sömu gr. er og bann við því, að einn maður hafi samtímis ábúð á tveimur eða fleiri jörðum. Og loks er í sömu brtt. ákvæði um að landeiganda sé heimilt að skipta jörð sinni í 2 eða fleiri jarðir. En allt þetta — að sameining jarða eða samtímis ábúð sama manns á tveimur eða fleiri jörðum skuli því aðeins leyfð, að úttektarmenn mæli með slíkum ráðstöfunum og Búnaðarfél. Ísl. samþykki, og skipting jarðar í tvær eða fleiri jarðir verði ekki leyfð nema með samþykki Búnaðarfél. Íslands — um allt þetta er það sama að segja, að með þessu er stofnað til óþarfa skriffinnsku. Ég held, að ef einhver takmörk á að setja um þetta, sem vel má vera, að sé rétt, séu úttektarmennirnir manna kunnugastir og færastir að meta, hvort sem um er að ræða, að einhver maður skuli búa á tveimur jörðum, jarðir sameinaðar í eina, eða jörð skipt í fleiri jarðir. Um allt þetta hafa úttektarmennirnir langbezt skilyrði að jafnaði til að dæma um og meta, hvort slíkar ráðstafanir eru réttmætar og nauðsynlegar. Í stjórn Búnaðarfél. Íslands eru að vísu góðir menn, en þá brestur oftast kunnugleika á hverju einstöku slíkra mála og yrðu í langflestum tilfellum að byggja á umsögn og till. úttektarmanna. Með brtt. hv. landbn. er því ekki annað unnið en að málið er tafið fyrir hlutaðeiganda og honum bakaðir skriffinnskutorveldleikar með því.

Það hefir verið talað um fyrirmæli 9. gr., þar sem svo er ákveðið, að allar jarðir skuli leigðar æfilangt. En þetta ákvæði „æfilangt" er ekki aðeins miðað við þann mann, sem tekur jörð á leigu, heldur fær ekkjan ábúðarréttinn og maður sá; er hún kynni að eignast, ekki aðeins í annað sinn, heldur nær þetta einnig til þeirra manna, sem hún kynni að giftast í þriðja og fjórða sinn o. s. frv. Með þessu móti er auðsætt, þegar landsdrottinn byggir jörð manni, sem ekki er ómögulegur til að giftast, og um leið er mögulegt, að hann byggi jörðina manni eða mönnum, sem hann hefir aldrei séð eða veit engin deili á. Eftir þessu ákvæði 9. gr. getur landsdrottinn aldrei reiknað út, hvort góður maður fær jörðina eða ekki, því hann getur aldrei vitað um, hvaða menn komi til að hafa ábúðarréttinn æfilangt.

Eftir núg. lögum er það svo, að ekkja heldur ábúðarrétti manns síns á meðan hún getur. En sá persónulegi réttur ekkjunnar helzt þó ekki, ef hún stofnar til ráðahags af nýju, því að þá er kominn nýr maður í spilið, sem landsdrottinn hafði ekki gert ráð fyrir, er hann byggði jörðina. Það er eftir þessari grundvallarreglu, sem maður leigir nú eign sína, því hann verður að byggja á, hver það er, sem fer með hlutinn. Samkv. ákvæði 9. gr. veit hann ekkert um, hvaða maður kann að fara með eign hans. Ég hafði þó hugsað, að meira máli skipti, hver bónd-

inn er en konan, þegar um er að ræða, hvernig jörð er setin, án þess þó að ég vilji á nokkurn hátt gera lítið úr kvenfólkinu.

Annars segir um ábúðarrétt ekkju, án tillits til hvað marga menn hún kunni að eignast, að skilyrði til áframhaldandi ábúðar sé, að hún hafi aðskilinn fjárhag. En mér virðist sem allerfitt kunni að verða að leysa úr því, hvort kona hafi aðskilinn fjárhag við mann sinn eða ekki, því það er nú svo, að eftir núg. lögum getur fjárhagur hjóna verið með mörgu móti.

Í fyrsta lagi er hugsanlegt, að hjón hafi enga sameign, heldur sé allt, sem þau búa með, séreign hvors þeirra um sig, og er þá þessu skilyrði fullnægt, að þau hafa aðskilinn fjárhag.

Í öðru lagi geta hjón eftir l. um fjármál hjóna frá 3. jan. 1900 haft algert félagsbú, og er þá auðsætt, að ekkjan mundi eigi fullnægja skilyrði 9. gr. frv. um aðskilinn fjárhag.

Í þriðja lagi er það enn eftir gamla fyrirkomulaginu, að hjón hafi nokkra séreign, en jafnframt nokkurt félagsbú. Hafa hjónin þá aðskilinn fjárhag að nokkru, ef konan á nokkra séreign og kóndinn sömuleiðis, en hafa svo félagsbú að öðru leyti, og þannig er það hjá mörgum hjónum hér á landi ennþá. Ef svo er, þá skal ég ósagt láta, hvort konan fullnægir áðurnefndu skilyrði 9. gr. frv.

Fjórða tilvikið er, að hjón búi saman eftir l. frá 1923. Eftir þeim hafa þau e. t. v. enga séreign, heldur svokallaða hjúskapareign. Þetta er óþekkt hugtak áður og þýðir, að konunni teljist eignir þær, sem hún átti áður en hún giftist, en það, sem þau eignast saman í hjónabandinu, er svo ætlazt til að verði hjúskapareign þeirra hvors um sig. Þetta er aðalreglan, sem byggja verður á, því að svo hefir hvort hjónanna forráð hjúskapareignar sinnar, en þó takmarkað. Ef þau skilja, borgast skuldir hvors þeirra af hjúskapareigninni, en það, sem afgangs verður fram yfir skuldir, er þá lagt saman og síðan skipt í tvennt. Þau hafa því á þennan hátt að nokkru aðskilinn fjárhag, en vafasamt er þó, hvort kona, sem við þessa skipun byggi, fullnægði skilyrði 9. gr. frv. Loks er enn hugsandi það tilvik, að t. d. hjónin geti átt hjúskaparsameign eftir l. frá 1900 og séreign einhverja. Og er þá enn vafasamt, hvort konan hafi aðskilinn fjárhag í merkingu 9. gr. frv. (MG: Þau eiga að hafa fullkomlega aðskilinn fjárhag.). Ef þetta er rétt hjá hv. 2. þm. Skagf., þá mega hjónin ekkert eiga nema séreignir. En eins og ákvæði þetta er orðað í 9. gr., þá geta verið ýmis tilvik, sem deila má um.

Annars sé ég ekki, hvaða raunverulega þýðingu það ætti að hafa, hvort t. d. konan á 5 kýr sér og maðurinn aðrar 5 kýr sér, og svo einhverjar hjúskapareignir eða félagsbú. Sannleikurinn er sá, að það, hvernig jörð er setin, fer ekki eftir því, hvort hjónin hafa aðskilinn fjárhag eða ekki, heldur ræður þar mestu um, hvernig þær manneskjur eru, sem á jörðinni búa, hvort þær eru ráðdeildarsamar eða ekki. Það ræður engu um, hvernig jörð er setin, hvort konan á séreign í tveimur kúm og maðurinn í tveimur hrossum og nokkrum kindum, eða þau hafa að öllu leyti sameign með sér.

Mér finnst ákvæði 9. gr. um lífstíðarábúðina óviðkunnanlegt og langt frá þeirri hugmynd, sem ég hefi gert mér um samningafrelsi manna, þar sem sett er sú aðalregla, að ekki megi byggja land skemmri tíma en lífstíð landseta, ekkju hans og manna hennar. (BSt: Það má taka jörð úr ábúð, þegar eigandi þarf þess með.). Já, ég kem að því síðar, en ég hefi ekki alveg lokið aths. minni um þetta atr.

Oft mun það vera svo, að maður kærir sig ekki um að fá jörð, byggða til langs tíma, og ætti það þá að vera leyfilegt að byggja hana tiltekinn tíma. Ef í byggingarbréfi stendur, að jörð sé t. d. byggð til 5 ára, þá ættu báðir aðiljar að vera bundnir við það eftir almennum samningsreglum. En til þess mun ekki ætlazt eftir þessum fyrirmælum 9. gr. frv. Þótt jörð sé byggð tiltekinn tíma, þá getur landseti víst hlaupið frá slíku samningsákvæði eftir frv. En sú aðferð í skiptum manna á milli er almennt kölluð svik eða prakkaraskapur. Mér skilst þó, að þessi löggjöf geti ekki haft þann tilgang, að menn, sem hefið hafa um jörð vissan og ákveðinn

tíma, geti gengið frá öllu, er þeim bezt gegnir.

Einhver skaut því fram áðan, að eigandi gæti losað jörð sína úr ábúð. Það er rétt, að ýmis ráð eru til þess. Það er þá fyrst og fremst, ef leiguliði vanefnir skyldur sínar, uppfyllir ekki þá skilmála, sem hann hefir undirgengizt. Við það hefi ég ekkert að athuga, enda eru þau ákvæði aðalefni núg. laga um ábúð jarða. Þó er þar atr., sem mjög orkar tvímælis, sem sé það, að maður fyrirgeiri aldrei strax ábúðarrétti sínum eftir þessu frv., hversu svívirðilega, sem hann fer með jörðina. Þó að upp komist, að landseti fari illa með jörð eða nytji hana óleyfilega, t. d. strax að vorinu, þá verður eigandi að bíða fram undir jól með uppsögn sína, og fær þó manninn ekki burt fyrr en í næstu fardögum. Raunverulega yrði það svo eftir frv., að 2 ár gæti t. d. óreiðumaður, sem alls ekki greiddi eftirgjald eftir leigujörð sína, setið leigulaust á henni og niðurnítt hana í tilbót. Slík ákvæði eru vitanlega alveg ótæk.

Þá er það ákvæði 45. gr., sem áður hefir verið talað um. Eftir þessari gr. getur landsdrottinn boðið landseta jörðina til kaups við fasteignamatsverði, og greiðist andvirðið innan 6 mán. Geti hann það ekki, missir hann ábúðarréttinn til handa hinum nýja eiganda jarðarinnar, ef hún er öðrum seld. Þar finnst mér hallað á rétt landseta og hann óþarflega hart leikinn. Efnuðum landseta, sem býr á jörð, er honum býðst til kaups við fasteignamatsverði, eða fyrir sannvirði, gerir þetta ákvæði ekkert til, því að hann mundi þá kaupa jörðina, ef hann vill búa á henni áfram. Aftur á móti getur öðrum reynzt það tilfinnanlega ójafn leikur. Ef fátækur landseti á í hlut, þá getur þetta orðið til þess, að hann missi af jörðinni, ekki aðeins, að hann verði af kaupunum; heldur tapi þeim ábúðarrétti, er hann hafði, vegna þess að hann getur ekki útvegað fé á þeim tíma, er til var settur. Jafnvel má gera ráð fyrir á sílkum tímum sem nú eru, að það standi í mörgum að útvega fullt kaupverð á 6 mán., og jafnvel þó að sá tími yrði framlengdur í eitt ár, eins og hv. landbn. leggur til með 28. brtt. sinni á þskj. 680.

Þá er að athuga, að vel getur verið, að þótt ýmsar jarðir fyrir 1—2 árum hafi verið metnar þetta og þetta, þá geta þær verið farnar að falla í verði eftir nokkur ár, og ekki sízt, ef landbúnaðurinn á við áframhaldandi kreppu að búa. Þá getur vel verið, að ábúanda þyki ekki gefandi fyrir jörðina fasteignamatsverð og neyðist því til að segja nei við kaupunum, sem þýðir venjulega það sama og að hann verði þá að fara frá jörðinni. Með þessu er auðséð, að landsdrottinn hefir opna leið til þess að koma ábúanda burt af jörðinni, og getur ákvæðið að því leyti verkað illa. Hinsvegar, ef fasteignamatið er lægra en kaupverðið, þá verkar ákvæðið ekki eins og hugsað er, því eigandi kýs þá að halda eignarréttinum og ekki losna við ábúanda.

Um þriðju leiðina til þess að losna við ábúanda segir svo í 9. gr. frv.: Heimilt er þó landsdrottni að taka jörð úr ábúð handa sjálfum sér, o. s. frv. Ef maður, sem á jörð öðrum byggða, ætlar að taka hana úr ábúð handa sjálfum sér, þá er ákvæðið skýlaust, og skal ég játa, að þetta er bót í sjálfu sér og réttlátt. En þetta má misnota eða nota til að ónýta aðalregluna. Ekki vil ég þó lasta, að aðalreglan, sem mér þykir hörð, verði að víkja fyrir þessu ákvæði. En hentugra væri fyrir leiguliða að taka jörð til ábúðar eitthvert ákveðið árabil, í stað æfilangt og eiga alltaf yfir höfði sér, að landsdrottinn komi og tilkynni, að að ári liðnu verði ábúandi að víkja af jörðinni. Annars skal ég ekki mæla á móti því, að þetta standi í frv., en tek þó fram, að ákvæði þetta getur orðið til þess að ónýta aðalregluna.

En svo er landsdrottni einnig heimilt að taka jörð úr ábúð handa „foreldri sínu, barni, fósturbarni eða barnabarni til eignar og ábúðar, nema landsdrottinn hafi skuldbundið sig til annars í byggingarbréfi".

Nú vil ég spyrja: Ber þetta að skilja á þann veg, að ef faðir vill losa leigujörð úr ábúð, t. d. handa syni sínum, á hann þá fyrst að selja syni sínum jörðina og síðan byggja honum hana? Líklega á að skilja þetta svo, að til þess að landsdrottinn geti tekið jörð úr ábúð handa syni sínum, þá sé ekki nóg að byggja syninum jörðina, heldur verði jafnframt að selja honum hana eða gefa. En ef faðir þarf

fyrst að afsala syni sínum jörðina áður en hann byggir honum hana, þá þykir mér of langt gengið, því að réttmætt virðist vera, að hann byggi syni sínum jörðina, en sé hvorki skuldbundinn til að selja hana eða gefa. En mér finnst vanta ýmsa fleiri nákomna menn landsdrottni, sem falla ættu undir þetta ákvæði, svo sem kjörbörn, stjúpbörn og tengdabörn, sem allt eru nánir vandamenn, en falla þó ekki alltaf undir orðið barn. En þetta er smáræði, sem auðvelt er að lagfæra í meðferð málsins hér á þingi.

Annars yrði það of langt mál, ef ég færi að fara inn á hvert einstakt atr. frv., sem ég hefi eitthvað að athuga við. Þó vil ég geta þess, að samkv. ákvæðum 36. gr. finnst mér óþarflega mikið umstang að setja gerðardóm um það atr., sem nefnt er þar. Það ætti að nægja að láta úttektarmenn meta slíkt, enda er ekki um erfiðara mat að ræða eftir þessari gr. en í ýmsum öðrum gr. frv., sem úttektarmönnum er ætlað að gera.

Þá er eitt atr. í ábúðarlöggjöf okkar, bæði í þeirri, sem gildir og þessari, sem nú á að lögleiða, sem ég verð að telja mjög ósanngjarnt, sem sé það, að leiguliði að nokkru leyti beri áhættu af eign, eða komi á hans bak, ef eign eyðist eða skemmist af völdum náttúrunnar, svo sem af snjóflóðum, vatnsgangi, skriðum, sandfoki, jarðskjálfta og eldgosum. Að vísu mun það ekki vera almenn regla, að leigutakar beri slíka áhættu. Reglan mun vera, að eigandinn beri slíka áhættu og tryggi sig fyrir henni. En bæði er svo sagt í gildandi lögum og ætlazt til með þessu frv., að landseti beri að nokkru leyti þá áhættu af því tjóni, sem eignin kann að verða fyrir af völdum náttúrunnar. Ég bendi á þetta hv. landbn. til athugunar, ef hún vildi taka það til greina. Annars eru ýmis orðatiltæki í lagafrv. þessu, sem ástæða væri til að tala um, þó að ég leiði það hjá mér að þessu sinni.

Í upphafi 26. gr. frv. segir: „Leiguliði skal greiða alla skatta og skyldur, sem á leigujörð hans hvíla, og halda uppi öllum lögskilum af henni landsdrottni kostnaðarlaust". Þó að þetta sé gamalt í lögum, að leiguliði greiði skatta og skyldur af leigujörð sinni, þá getur það trauðla átt við nú á tímum, þó að svo þætti mega vera um 1880. Þá voru aðeins fá gjöld og smá, jarðartíund og annað, og mátti því segja, að litlu skipti, þó að lagt væri á landseta að greiða þau. En nú hafa þessi gjöld nokkuð hækkað og þeim verið fjölgað og eftir þessu frv., ef að lögum verður, á landseti að greiða fasteignargjald af jörðinni í ríkissjóð, sem er að vísu ekki stór summa. En hvað eignarskatt af leigujörð snertir, virðist mér ekki hægt að gera landseta að skyldu að greiða hann, því hann er ekki annað en einn hluti af þeim skatti, sem landsdrottinn á að greiða af eignum sínum í einu lagi, og getur ekki verið, að landseti eigi að greiða hann. En eftir frv. er þetta svo að skilja, nema landsdrottinn greiði landseta þann hluta af eignarskattinum, sem hvílir á jörðinni. Svo segir, að leiguliði eigi að halda uppi öllum lögskilum af jörðinni landsdrottni að kostnaðarlausu. Þetta er líka gömul regla og sjálfsagt að mestu leyti rétt. En það er líka í annari grein en 26. gr., að orðið lögskil er notað og þá í annari merkingu. Í 26. gr. hygg ég, að lögskil sé látið merkja skatta og skyldur. En í gömlu máli merkir orðið lögskil fjallskil, fátækraflutning, smalamennsku o. s. frv. Ég sé ekki ástæðu til að rugla þannig orðinu lögskil, að nota það sitt í hvorri merkingu sitt í hvorri grein. (**MG**: Hvaða grein er það?). Ég man það ekki í svip, en skal síðar benda á það. (**StgrS**: Það er víst 2. gr. eða jafnvel 1. gr.). Þetta er að vísu ekki neitt stórt atr., en þó væri réttara að laga það.

Ég skil vel, að hv. landbn. hafi ekki haft tíma eða tækifæri til þess að athuga þetta mál eins og skyldi í þeim málaflaumi, sem hún hefir orðið að synda í á þessu þingi, en það gerir það auðvitað ekki að verkum, að frv. þurfi minni athugunar við.

Í 52. gr. er talað um, að úttektarmenn skuli gera fjárnám í munum þeim, er fráfarandi á á jörðinni, ef hann vill ekki greiða þær bætur, sem úttektarmenn hafa gert honum að greiða. Þetta heitir ekki fjárnám, heldur lögtak, og það er það líka kallað í lögunum frá 1884.

Ég skal endurtaka það, sem ég sagði áðan, að ég álít, að það væri bezt fyrir þetta mál, að það væri ekki afgr. til fulls á þessu þingi, heldur undirbyggi stj. það

ennþá betur fyrir næsta þing. Það væri þessu máli fyrir beztu, ef vera mætti, að það yrði afgr. sem lög, er gætu síðan staðið óhreyfð um langan tíma. Annars er ég hræddur um, að komi fram ýmsir agnúar á þessum lögum og jafnvel mótsagnir í ákvæðum einstakra greina frv., ef málinu verður nú flaustrað af með þeim brtt., sem hv. landbn. hefir borið hér fram.

Bernharð Stefánsson: Ég get vel skilið þá menn, sem eru ragir við að láta þetta frv. ganga fram á þessu þingi. Ég get vel skilið það, þó að ég sé annar af flm. frv. Þetta er stórmál og þarf vitanlega mikillar athugunar við, en þó að þetta mál hafi nokkrum sinnum áður verið borið fram hér á þingi, þá hefir það ekki fyrr verið rætt hér nema við 1. umr. og því ekki fengið neina rækilega athugun í þinginu, enda hefir Alþingi ekki lagt ennþá úrskurð á einstök atr. þess.

Ég get vel búizt við, að það fari líka þannig í þetta sinn, að frv. nái ekki fram að ganga, þar sem ætla má, að nú sé mjög farið að líða á þingtímann. En þrátt fyrir þetta vil ég þó leggja áherzlu á það, sem hv. meðflm. minn sagði, að a. m. k. þessi hv. d. afgr. málið og leggi sinn úrskurð bæði á einstakar gr. frv. og einnig á málið í heild sinni, að svo miklu leyti sem hún telur sig geta það á því stigi, sem málið er nú á, og að frv. geti þar af leiðandi komizt svo langt á þessu þingi sem kostur er á, jafnvel þó að svo kunni að fara, að það gangi ekki fram. Ef málið kemst ekki lengra áleiðis en nú er orðið, þá býst ég við, að tiltöluega lítið gagn yrði að þeirri vinnu, sem landbn. hefir nú lagt í athugun þess. Þá mundi verða að byrja á málinu á næsta þingi, á svipaðan hátt og var byrjað á því í vetur og þannig mundi það ganga þing eftir þing.

Ég sé það, bæði af nál. hv. landbn. og þeim brtt., sem n. hefir flutt á þskj. 680, að n. hefir lagt mikla vinnu í að athuga þetta mál, enda hefir hún satt að segja haft það lengi til meðferðar. Eins og hv. meðflm. minn vil ég tjá n. þakkir fyrir þessa vinnu, sem hún hefir lagt í það að athuga málið sem bezt. Ennfremur vil ég þakka hv. frsm. n. þau lofsamlegu ummæli, er hann hafði um frv. og stefnu þess. Sömuleiðis vil ég þakka n. fyrir það, að þótt hún hafi flutt nokkuð margar brtt. við frv., hefir hún þó ekki viljað víkja neitt frá meginstefnu eða grundvallaratr. þess.

Það var svo, þegar þetta mál var fyrst borið fram hér á þingi, að þá réðust sumir hv. þm. á það allóvægilega og töldu fátt nýtilegt í því. Nú virðist mér, að bæði nál. landbn. og brtt. þær, sem hún hefir borið fram, vera viðurkenning þess, að frv. miði til bóta að allverulegum mun. Sé ég því, að þessu máli hefir aukizt mikið fylgi síðan það var fyrst borið fram, og er mér það auðvitað gleðiefni.

Ég hafði ætlað mér að minnast á nokkrar af brtt. n., en ég get látið það niður falla, vegna þess að hv. meðflm. minn hefir minnzt nokkuð á þessar brtt., og get ég algerlega skrifað undir það sem hann sagði þar um. Ég er eins og hann yfirleitt ánægður með meðferð n. á málinu, en um þau fáu atr., sem hann taldi sig ekki ánægðan með, er ég honum alveg sammála. Sérstaklega er ég óánægður með þá brtt. n., að 36. gr. skuli með öllu falla niður. Eins og tekið er fram í nál. og líka kom fram í ræðu hv. frsm., þá er þessi till. borin fram af því að n. óttast, að hrekkvísir menn kynnu að misnota sér ákvæði greinarinnar með því að bjóða óeðlilega hátt eftirgjald eftir jörð til þess að tryggja sér lífstíðarábúð á henni, og heimta svo kannske eftir eitt ár gerðardóm um leigumálann, sem þeir teldu allt of háan.

Það má vel vera, að þetta tilfelli geti átt sér stað, og ég gæti gengið inn á það, að þessari gr. þyrfti að breyta eitthvað til að draga úr þeirri hættu, sem n. þykist sjá þarna. Hitt tel ég ekki rétt, að afnema þetta ákvæði með öllu og setja ekkert í staðinn, því að það er áreiðanlegt, að leigumálinn á sumum jörðum, ég vil ekki segja mörgum, er alveg óhæfilega hár.

Þrátt fyrir allan fólksstraum, sem talað er um, að nú sé úr sveitum til kaupstaðanna, þá er það víða svo, að ýmsir eru í vandræðum með jarðnæði. Og allir, sem til þekkja í sveitum, vita það, að dæmi eru til, að leiguliðar hafi orðið að sæta afarkostum, þegar þeir hafa tekið jarðirnar á leigu. Það er því ekki nema eðlilegt, að þar sé tekið í taumana. En ég vil

benda á það, að það er alls ekki heimilt eftir gr. að beita þessu nema leigumálinn sé óhæfilega hár og hærri en gerist í þeirri sveit um samskonar jarðir, og yrði það komið undir mati óvilhallra manna.

Það gæti líka komið fyrir, að landsdrottinn neyddist af einhverjum ástæðum til að byggja jörðina með óhæfilega lágum leigumála. Gæti ég vel gengið inn á að breyta gr. á þann veg, að hvor aðilja sem væri, landsdrottinn eða leiguliði, gæti krafizt slíks gerðardóms. Það væri ekki nema sanngjarnt.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um gagnrýni hv. þm. á þessu frv. Hv. 1. þm. S.-M. hélt því fram og síðan hv. 2. þm. Reykv., að í frv. fælust höft á samningafrelsi manna. Vitanlega er þetta rétt, en sama má segja um öll þau ákvæði, sem gilda og gilt hafa um ábúð jarða. Það er yfirleitt eðli allra laga, að þau eru höft á hið svokallaða athafnafrelsi einstaklinganna. En þau rök, sem þessir hv. þm. báru fram til að sýna, að þetta væru „óeðlileg, ranglát og óþolandi höft", fundust mér ekki sérstaklega veigamikil.

Það, sem þeim fannst sérstaklega vera óþolandi höft á samningafrelsi manna, var lífstíðarábúðin, sem ákveðin er í frv. Mér virtist hv. 1. þm. S.-M. ekki aðeins telja þetta höft á landsdrottin, heldur einnig á leiguliða. En það er öllum vitanlegt, að þótt jarðir séu byggðar fyrir lífstíð, þá getur leiguliðinn sagt jörðinni lausri, hvenær sem hann vill, svo að þetta getur ekki verið neitt haft á hann. Landsdrottinn er aftur á móti bundinn þannig, að hann getur ekki byggt jörð sína öðruvísi en fyrir lífstíð, þó með þeim undantekningum, sem í frv. segir. Að hverju leyti er þetta þá bindandi fyrir landsdrottin? Ef hann þarf á jörðinni að halda handa sjálfum sér eða sínum nánustu vandamönnum, þá getur hann tekið jörðina úr ábúð. Höftin eru þá aðeins þau, að hann má ekki taka jörðina af þeim manni, sem hann hefir einu sinni leigt hana, og byggja hana öðrum sér óviðkomandi manni, nema þá með því móti, að leiguliði uppfylli ekki samninga sína við landsdrottin. Ég er viss um, að þótt þessi höft séu lögð á landsdrottin, þá sé þó miklu meira virði fyrir þjóðfélagið það öryggi fyrir leiguliða, sem í þessu ákvæði felst. Þá eiga þeir ekki á hættu að verða hraktir burt af jörðunum eftir örfá ár, eins og nú viðgengst.

Þá þótti hv. 1. þm. S.-M. mikil og þung skylda vera lögð á landsdrottin með því að skylda hann til að láta reisa öll nauðsynleg hús á leigujörðinni. Hv. frsm. hefir nú svarað þessu svo, að ég þarf litlu þar við að bæta. — Hv. 1. þm. S.-M. sagði, að það væri hart, að landsdrottinn skyldi ekki geta leigt jörðina sjálfa alveg húsalausa. Já, það er náttúrlega afskaplega hart! Hv. þm. býst líklega við því, að það sé hægt að búa á jörð, sem er með öllu húsalaus! Þegar um þessa skyldu er að ræða, þá verður að gæta að því, að tímarnir hafa breytzt. Þeir tímar, sem við lifum á, krefjast annars en eldri tíminn. Byggingarnar eru að breytast í það horf, að nú er ekki lengur hægt að hafa sama fyrirkomulag með hús á leigujörðum eins og áður var. Eins og við vitum, var það svo áður og er enn eftir núgildandi lögum, að þegar leiguliði fer af jörð og á hús á jörðinni, þá getur hann samið við viðtakanda um að kaupa húsin. Ef samningar takast, þá er allt gott og blessað. En ef samningar takast ekki, er hvorki landsdrottinn né viðtakandi skyldur til að kaupa húsin, og má þá fráfarandi rífa þau og flytja efnið burt. Þetta gat gengið, meðan öll hús voru torfhús með einhverju af viðum. Eins gat það gengið með timburhús. Þó að það yrði vitanlega oft fráfaranda til stórskaða að rífa þessi hús, þá gat hann þó gert sér eitthvert verð úr þeim. En nú eru steinhús sem óðast að ryðja sér til rúms, og má telja víst, að í framtíðinni verði það að mestu leyti eða eingöngu steinbyggingar, sem reistar verða á jörðunum. Hvernig á þá að fara að, ef leiguliðar byggja slík hús? Þeir eiga alltaf undir högg að sækja, hvort þeir geta selt þessi hús, þegar þeir fara frá jörðunum. Ekki geta þeir flutt steinhús með sér. Það eru þessar breyttu ástæður, sem verður að taka til greina, og virðist því algerlega sjálfsagt ákvæði, að öll nauðsynleg hús fylgi jörðinni.

Þá talaði þessi sami hv. þm. um það, að hann þekkti ekki til þess, að kjör leiguliða væru neitt slæm Studdi hann þetta með því, hve mikill fólksstraumur væri

úr sveitum til kaupstaðanna og taldi, að af þeim ástæðum væri ekki eftirspurn eftir jörðum. Ég vil segja honum það, að ég þekki mjög mörg dæmi þess, að leiguliðar hafa við afarslæm kjör að búa, og svo ótryggan ábúðartíma, að þeir sjá sér ekki fært að leggja í neinn kostnað til að bæta jarðirnar, og ég veit, að margir aðrir hv. þm. þekkja þetta líka. En það undarlegasta, sem kom fram hjá þessum hv. þm. var þó það, að hann virtist álíta, að ef kjör leiguliða væru bætt, þá mundi fólkið flykkjast úr sveitunum til kaupstaðanna. Ég get ekki vel skilið þessa röksemdafærslu, því að jafnvel þótt þessi löggjöf gengi í þá átt, að mönnum þætti óaðgengilegra en áður að eiga jarðir til að leigja þær öðrum, en vildu gjarnan selja þær, þá mundi það ekki leiða þar af, að jarðirnar yrðu óbyggðar. Það yrði miklu fremur til þess, að fátækir menn, sem nú eru leiguliðar, mundu þá geta fengið jarðirnar keyptar með vægum kjörum og vera því kyrrir áfram í sveitinni. Þetta sannar því þveröfugt við það, sem hv. þm. vildi vera láta.

Hv. 2. þm. Reykv. vildi halda því fram, að eftir ákvæðum frv. væri leiguliði skyldur til að borga hluta af eignarskatti landsdrottins, vegna þess að svo er ákveðið í frv., að leiguliði borgi skatta og skyldur af ábúðarjörð sinni. Ég veit ekki betur en að það sé svo eftir núg. löggjöf, að leiguliða bera að borga skatta og skyldur af ábýlisjörð sinni, og þó veit ég ekki til, að um það sé deilt, að landsdrottinn eigi að greiða eignarskatt af öllum eignum sínum. Það er auðvitað mál, að þótt landsdrottinn gjaldi eignarskatt af öllum sínum eignum, og þar með náttúrlega þeirri jörð, sem um er að ræða, þá nær það engri átt, að það sé hluti af sköttum og skyldum af jörðinni. Það er auðvitað aðeins átt við þau gjöld, sem hvíla á jörðinni sérstaklega sem slíkri.

Annars hefði verið ástæða til að minnast á ýmis þau atriði, sem komu fram í ræðu hv. þm., en það er ekki tími til þess nú. Mér fannst líka, að það, sem hann bar fram, væri mest sparðatíningur og lögkrókar, enda er það vitanlegt, að maðurinn er einn af fremstu lögfræðingum landsins, og þegar hann tekur sig til að hártoga frv., þá getur hann vitanlega fundið þau atr., sem hægt er að snúa út úr, en ég held, að hann hafi ekki bent á neitt, sem verulegu máli skiptir.

Hann minntist nokkuð á lífstíðarábúðina og talaði um það, að ef jörð væri byggð til 2—3 ára, þegar þessi lög gengju í gildi, þá gæti leiguliði krafizt lífstíðarábúðar, ef hann vildi, og þetta sagðist hann vilja kalla svik og pretti. Ég býst við, að hv. þm. hafi tekið eftir því, að í till. n., sem við flm. höfum líka lýst yfir, að við gætum fallizt á, er svo ákveðið, að ákvæði þessara laga komi fyrst til framkvæmda um hverja einstaka jörð jafnóðum og nýr ábúðarsamningur er gerður, og þar af leiðandi kemur þetta, sem hv. þm. var að tala um, alls ekki til greina.

Hv. þm. sagði m. a., að það mundi oft vera hentugra fyrir leiguliða að fá jörðina leigða um ákveðið árabil, þannig, að hann á þeim tíma mætti vera óhræddur um að þurfa að fara, heldur en að mega kannske alltaf búast við því að verða að standa upp af jörðinni, ef landsdrottinn skyldi vilja fá hana til sinna eigin afnota eða barna sinna. En auðvitað má landsdrottinn samkv. ákvæðum frv. skuldbinda sig í byggingarbréfi til að taka jörðina alls ekki af leigjanda um einhvern ákveðinn tíma. Frv. gerir beinlínis ráð fyrir, að þetta geti komið fyrir, og því má landsdrottinn ekki taka jörð úr ábúð, jafnvel ekki handa sjálfum sér, ef hann hefir skuldbundið sig til annars. Þar af leiðandi sé ég ekki annað en leiguliði geti fengið sig tryggðan í þessu efni á sama hátt og nú er. Ef frv. nær fram að ganga, þá er það tryggt, sem í þessu efni er mest um vert, að leiguliði fær lífstíðarábúð á ábýlisjörð sinni, nema landsdrottinn þurfi nauðsynlega á jörðinni að halda handa sér og sínum nánustu.

Hver sem forlög frv. kunna að verða á þessu þingi, þá vil ég endurtaka þá ósk mína, að hv. þd. leggi dóm sinn á frv. og þær brtt., sem fram eru komnar við það. Ég tel það nauðsynlegt til þess að sú vinna, sem í það hefir verið lögð á þessu þingi, komi að sýnilegum notum. Ef frv. fær við atkvgr. í þessari hv. þd. á sig þá mynd, sem meiri hl. þdm. vill gefa því eftir atvikum, þá getur sú vinna komið að nokkrum notum, þó að frv. verði ekki afgreitt sem lög frá þinginu.

Pétur Ottesen: Hv. 2. þm. Skagf. hefir nú gert grein fyrir því, hvað í því felst, að við skrifuðum undir nál. með fyrirvara. Fyrirvari okkar liggur í því, að þó raunar væri ekki mikill ágreiningur um frv. í n., þá töldum við þó þörf á breyt. á nokkrum atr. í því. Við álítum einnig, að þegar um svo stórt og mikilvægt mál er að ræða sem þetta er, þá væri nauðsynlegt að gera það svo vel úr garði sem nokkur föng eru á. Og þó að málið hafi fengið allrækilega athugun á landbn., bæði í fyrra og nú, þá töldum við samt ekki enn svo vel um alla hnúta búið sem þörf er á í svo mikilvægu máli. Það er og eðlilegt, að það sé tímafrekt verk að athuga þetta mál hér í þinginu, þar sem frv. hafði ekki fengið eins góðan undirbúning og æskilegt hefði verið, þegar það var fyrst borið fram. Hv. form. þeirrar mþn., er undirbjó málið, sem er hæstv. forsrh. þessarar d., hefir líka játað, að skort hafi á þann undirbúning, sem sú n. þó taldi nauðsynlegan, og hefir hann gert grein fyrir því, í hverju það liggur. Þetta er orsök þess, hve málið hefir tafizt.

En auk þess hefir málið tafizt fyrir það, að hér er um svo stóra breyt. á gildandi löggjöf að ræða, löggjöf, sem lengi hefir staðið. Sú breyt. er að vísu gagnleg, þar sem hún færir til skyldur þær, sem hafa hvilt á landsdrottnum og leiguliðum og jafnar þær, þó þeim sé að vísu í sumum tilfellum alveg snúið við og færðar yfir á hinn aðiljann. Sumum þótti líka að þar væri gengið of harkalega til verks og að það þyrfti að koma á meira samræmi á þeim skyldum, sem á aðiljunum hvíla.

Þessar róttæku breyt. virðast lítinn stuðning hafa átt, hvorki hjá þingi né stjórninni. Þar sem frv. var upphaflega undirbúið af mþn., er stjórnin skipaði, hefði verið eðlilegt, að hún hefði tekið það til flutnings. En það hefir hún ekki treyst sér til að gera. Og hún hefir algerlega látið undir höfuð leggjast að gera nokkrar þær lagfæringar á frv., er til bóta horfðu, m. ö. o. ekkert sinnt málinu. Það hefir því orðið hlutverk höf. að bera það fram í þinginu. Þetta mál hefir nú verið athugað rækilega, bæði á vetrarþinginu 1931 og nú á þessu þingi. Í fyrra voru það þáv. 2. þm. Skagf., Jón Sigurðsson, og hv. þm. Mýr. (BÁ), sem að því unnu og lögðu til, að því yrði gerbreytt. Þeir fluttu 47 brtt. við 55. gr. frv., sem margar voru alveg orðaðar um. Þessar brtt. komu ekki fram fyrr en daginn áður en þinginu var hleypt upp og þingmenn sendir heim. Hv. flm. höfðu þó tekið nokkuð af brtt. þeirra til greina, er þeir lögðu málið fram og undirn., sem nú hefir starfað að frv. í landbn., hefir og stuðzt mjög við þessar brtt., auk þess sem hún gerir ráð fyrir fleiri breyt. Þetta sýnir bezt hinn mikla skoðanamun, sem verið hefir um þetta mál, því um hitt er enginn skoðanamunur, að þörf sé mikilla umbóta á ábúðarlöggjöfinni. Aðalatr. er því að finna haganlegt fyrirkomulag, þegar farið er að breyta löggjöfinni.

Þrátt fyrir mikla athugun á þessu þingi og þinginu í fyrra, sem frv. þetta hefir fengið, þá hefir það þó komið greinilega í ljós í dag, að enn eru ýms atr. í sambandi við frv., sem þarfnast nýrrar athugunar, ef lögin eiga að ná sem bezt tilgangi sínum. Hv. landbn. er þetta líka fyllilega ljóst, þ. á m. þeim mönnum í n., sem mest unnu að frv., en það voru þeir hv. þm. Skagf. Þeim og öðrum var það ljóst, að frv. stóð enn til bóta hvað búning snertir. Og þeim var það einnig ljóst, að ef meiri tími ynnist til nánari athugunar á því, þá væru efnisbreyt. enn nauðsynlegar á því. Landbn. hefir heldur enga áherzlu lagt á það, að frv. fengi endanlega afgreiðslu á þessu þingi. Það mun þvert á móti vera samhuga álit hennar, að frv. verði tekið enn á ný til nánari athugunar. Hinsvegar þótti n. rétt, að frv., ásamt þeim breyt., er hún leggur til, að á því verði gerðar, kæmi fram, svo að hv. d. gæfist kostur á að ræða það og láta í ljós álit sitt um brtt. Auk þess mátti búast við, að fram kæmu ýmsar aths. og gagnrýni við frv. frá hv. dm., sem svo gætu orðið til stuðnings og glöggvunar, þegar endanlega er gengið frá þessu máli. Það hefir líka komið á daginn, að bent hefir verið á ýmislegt í sambandi við frv., sem full ástæða er til að taka til athugunar. Ég held því, að það væri vinningur fyrir góða, endanlega niðurstöðu í málinu, að frekari athugun fengist á því en tími vinnst til á þessu

þingi, eftir að gengið hefir verið til atkv. um þær brtt., sem nú liggja fyrir, en að það væri hinsvegar undirbúið eins vel og rækilega og hægt er fyrir næsta þing. Flestir gera ráð fyrir, að þinginu verði slitið einhverntíma í næstu viku, og verður því eflaust ekki tími til að athuga frv. frekar en orðið er, ef það á að þvinga það í gegn nú, og teldi ég það illa farið. Hinsvegar legg ég áherzlu á, að frv. verði borið fram aftur á næsta þingi. Hygg ég, að heppilegt væri til samkomulags um málið og góðrar afgreiðslu þess, að landbn. tæki þá að sér flutning frv., eftir að ný athugun hefði farið fram á því á milli þinga.

Ég skal ekki fara neitt út í það nú að gera grein fyrir, hvaða atriði það eru í frv. og brtt. þeim, sem n. flytur, sem ég teldi betur fara, að nokkrar breyt. væru gerðar á. Fari svo, að frv. komi til 3. umr. mundu þær aths. sennilega koma fram í brtt.formi, eftir því sem tími vinnst til, og mun ég þá gera grein fyrir þeim.

Ég skal aðeins minnast á eitt atr., sem töluvert hefir verið gert að umtalsefni undir þessum umræðum. Það er ákvæðið um það, að jarðareigendurnir eigi að leggja til öll hús á jarðirnar, þó að gerð húsanna og hvað mikið er lagt í kostnað við þau eigi að vera háð ályktun annara manna. Þó að nokkuð sé slakað til í þessu efni í brtt. n. frá því, sem var í frv. upphaflega, þá er þar þó svo til tekið, að landsdrottni sé skylt að láta fylgja leigujörð sinni nauðsynleg bæjarhús og peningshús í góðu lagi að dómi úttektarmanna. Yrði það þá vitanlega með þeim hætti, að þegar húsin væru ekki lengur í góðu standi að dómi úttektarmanna, þá myndu þeir álykta, að jarðareigandinn yrði að bæta úr því, e. t. v. byggja öll bæjarhúsin upp af nýju og peningshúsin líka, eftir því sem áhöfn jarðarinnar gerir nauðsynlegt, og þó ríflega það, því taka á tillit til aukinna möguleika til skepnuhalds, sem aukin ræktun hefir í för með sér. Nú er sá rekspölur kominn á yfirleitt í sveitum landsins, að byggt er aðallega úr steini eða timbri, þegar byggt er upp af nýju á annað borð. Og reynslan hefir sýnt, að verð steinbygginganna, og jafnvel timburbygginganna líka, hefir í mörgum tilfellum farið langt fram úr verði jarðanna sjálfra samkv. fasteignamati, þó ekki hafi verið farið langt fram yfir þær þarfir, sem fyrir hendi eru á sveitaheimilum. Það leiðir því af sjálfu sér, að með þessu ákvæði er lögð þung kvöð á jarðareigendurna, ef það er framkvæmt þannig, að strangar kröfur eru gerðar til þeirra um gerð húsanna, og sé ég ekki annað en að þeir verði að beygja sig fyrir ályktun úttektarmannanna hvað það snertir. Og mér skilst, að það gæti í mörgum tilfellum farið svo, að jarðareigandinn eigi þess engan kost að leggja fram nægilegt fé til þeirra bygginga, sem hann eftir þessu þyrfti að koma upp. Þó að hann veðsetji jarðirnar fyrir byggingarláni, þá mundi hann í ýmsum tilfellum ekki fá út á þær nema nokkurn hluta af því fé, sem til bygginganna þyrfti og auk þess geta jarðirnar verið veðsettar áður. Afleiðingin yrði sú, að jarðareigandinn gæti á engan hátt uppfyllt þessi skilyrði og neyddist hann þá sennilega til þess að selja jörðina fyrir það verð, sem hann gæti fengið fyrir hana á þeim tíma. Þetta gæti þá e. t. v. snúizt þannig við, að sá, sem hafði jörðina á leigu, verði kaupandi hennar, og þegar hann er orðinn eigandi jarðarinnar, á hann um það við sjálfan sig, hvað hann getur sætt sig við litlar og ódýrar byggingar, og mundu þá kröfurnar í mörgum tilfellum verða minni heldur en meðan annar átti að bera kostnaðinn. Ég held, að þetta mundi þannig í framkvæmdinni stuðla að sjálfsábúð, og tel ég það út af fyrir sig gott. Framtíð búnaðarins er áreiðanlega bezt borgið með því, að sem flestir bændur eigi sjálfir jarðirnar, sem þeir nota. Hinsvegar er því ekki að leyna, að þetta getur komið jarðareigendum mjög í koll, og þeir yrðu undir þessum kringumstæðum oft að sætta sig við lægra verð fyrir jarðeignir sínar heldur en þeir gætu fengið, ef engin slík þvingun ætti sér stað í sambandi við sölu þeirra.

Það hefir verið bent á það hér, að tiltækilegra mundi vera fyrir ríkissjóð að selja þær jarðir, sem hann á enn í landinu heldur en leggja fram allt það fé, sem þurfa mundi til húsabóta á þeim. Í því tilfelli mundi því niðurstaðan einnig verða sú, að þetta yrði til þess að auka

sjálfsábúð í landinu, og teldi ég það út af fyrir sig síður en svo til tjóns.

Þá vil ég minnast á eitt atr., sem ég sé ekki, að neitt sé vikið að í frv., en sem mér finnst full ástæða til að taka til athugunar í þessu sambandi, en það er það tilfelli, þegar um gjafajarðir er að ræða. Eins og kunnugt er, hafa ýmsir gefið jarðir sínar í guðsþakkarskyni eins og kallað er. Þeir hafa þá gefið út gjafabréf fyrir þeim, þar sem ákveðið er, að árlegt afgjald þeirra renni til einhvers ákveðins, t. d. einhverrar styrktar- eða líknarstarfsemi, til verðlauna og ýmislegs þesshátt ar. Nú segir það sig sjálft, að ef þessir sjóðir eiga að leggja fram fé til þess að byggja upp á jörðunum, er það ekki hægt á annan hátt heldur en að brjóta í bága við þau ákvæði gjafabréfanna, að afgjaldið skuli árlega renna til þess, sem þar er ákveðið. Því að afgjaldið þyrfti um lengri eða skemmri tíma að ganga óskipt til þess að standa straum af byggingarkostnaðinum. Ég skal ekkert segja um réttmæti þessara gjafabréfa, eða hvort talið er, að Alþingi megi rifta því, sem þar er ákveðið; það má vel vera að svo sé. Hinsvegar er það svo um þessi gjafabréf, að margir líta á þau sem helga dóma, vegna þess að í þeim komi fram hinsti vilji gefandans, og telja því allvarhugavert að raska ákvæðum þeirra. Auk þess virðist þessi verknaður, að gefa fé sitt til góðgerðastarfsemi eða annara gagnlegra hluta, vera þess eðlis, að ekki sé rétt að varpa skugga á hann í augum manna, með því að gera að engu þær reglur, sem gefandinn vill láta verja gjafafénu eftir. Mér finnst því full ástæða til að taka þetta efni sérstaklega til athugunar í sambandi við afgreiðslu þess máls, sem nú liggur fyrir.

Ég skal þá ekki hafa þessi orð fleiri, en vildi eindregið óska þess, að samkomulag gæti orðið um að knýja frv. ekki gegnum þingið nú, þar sem séð er, að ekki er hægt að leggja það verk í að ganga frá því, sem nauðsynlegt er og við hæfi jafnmikilsverðrar löggjafar, heldur verði endanlegri afgreiðslu málsins frestað til næsta þings, og tíminn milli þinga notaður til þess að gera enn umbætur á frv., svo að næsta þing geti afgreitt það sem vel undirbúna og góða löggjöf.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Það eru aðeins örfá orð, sem ég þarf að segja viðvíkjandi þeim ræðum, sem hér hafa verið fluttar síðan ég talaði síðast.

Hv. 2. þm. Reykv. byrjaði mál sitt með því að segja, að það þætti e. t. v. óeðlilegt, að hann sem bæjarbúi og þm. Reykjavíkur færi að tala í þessu máli, sem nær einungis skipti sveitirnar. Það er langt frá því, að mér þyki slíkt óeðlilegt að nokkru leyti. Ég veit, að það er styrkur fyrir þetta mál sem önnur, að jafnþaulæfður lögfræðingur og skarpur maður og hv. 2. þm. Reykv. leggi sitt til að gera frv. vel úr garði. En í þessu sambandi vil ég nefna það, að mér virtust hans aðfinnslur við frv. ekki vera það stórvægilegar, að í raun og veru sé hægt að segja, að hann hafi mjög mikið út á það að setja.

Hv. þm. gerði dálitla aths. við 2. brtt. n. Honum fannst það óeðlileg og óþörf skriffinnska, að leita þurfi álits Búnaðarfél. Íslands eða fá samþykki þess til þess að sameina jarðir og til þess að sami maður geti fengið að hafa ábúð á fleiri en einni jörð. Fannst honum nóg, að úttektarmennirnir dæmdu um þetta. Meining n. var líka sú, að úttektarmennirnir, sem kunnugir eru á hverjum stað, segi álit sitt um þessa hluti, en n. álítur, að tryggara sé, að annar aðili hafi þó æðsta úrskurðarvald og virðist Búnaðarfél. Íslands sjálfkjörið til þess.

Ég held, að það verði svo sjaldgæft, að ástæða sé til að sameina jarðir, eða sem farið verður fram á, að sami maður fái að hafa ábúð á fleiri en einni jörð, að það valdi ekki neinum óeðlilegum erfiðleikum, þó að til Búnaðarfél. þurfi að leita. Fyrir mér vakir, að það sé gott að hafa annað vald yfir úttektarmönnunum til þess að skapa samræmi í þessum aðgerðum; hindra það, að úttektarmenn í einni sveit gangi mikið lengra en annarsstaðar er gert í því að leyfa sameiningu jarða. Ég geri ráð fyrir, að í flestum tilfellum fari Búnaðarfél. eftir till. úttektarmannanna um að veita þessi leyfi, en ef vart verður við, að einhverjir úttektarmenn gangi lengra í því heldur en almennt gerist, virðist eðlilegt, að Búnaðarfél. athugi, hvernig á því stendur, og taki í taumana, ef úttektarmennirnir brjóta í

bága við það, sem almennt er talið hyggilegt í þessu efni.

Um 3. atr. gr., að leita skuli samþykkis Búnaðarfél. um hvernig því skuli fyrir komið, ef landeigandi vill skipta jörð sinni, skal ég játa, að óheppilega er að orði komizt. Ég held, að það væri heppilegra að hafa þar „umsagnar" í stað „samþykkis". Meiningin var, að álit sérfróðra manna kæmi til um hvernig skiptingin getur orðð sem haganlegust, en ekki hitt, að binda hendur landeiganda í þessu efni. Það er tekniska hliðin á málinu, sem hér kemur til greina og Búnaðarfél. á að hafa nógum á að skipa til að veita leiðbeiningar í því efni.

Greinin mundi því betur innifela það, sem fyrir okkur nm. vakti, ef í stað „samþykkis" kæmi „umsagnar". Eins og till. er orðuð, getur litið þannig út, að Búnaðarfél. geti beinlínis bannað mönnum að skipta jörðum sínum, en það er vitanlega ekki meiningin.

Þá talaði hv. 2. þm. Reykv. töluvert um 9. gr. frv. og hafði allmikið við hana að athuga. Ég skal játa, að ég hafði enga hugmynd um það, fyrr en hv. þm. kom með sínar nákvæmu skýringar, á hversu margan hátt má á það líta, þegar sagt er, að kona hafi aðskilinn fjárhag við mann sinn. En vitanlega mætti bæta úr þessu með því að segja „fullkomlega aðskilinn fjárhag" eða eitthvað slíkt. Annars er hér ekki um svo stórt atr. að ræða, að ég gerði það að nokkru ágreiningsatr., þó að menn vildu fella það niður. Og lögskýringar hv. 2. þm. Reykv. dettur mér vitanlega ekki í hug að rengja.

Þá fannst hv. þm., að þar sem talað er um, handa hverjum má taka jörð úr ábúð, þyrfti að taka kjörbörn með. Ég leit svo á, að kjörbörn og fósturbörn væri yfirleitt það sama. Þó skal ég ekki segja, að svo sé í öllum tilfellum, og vitanlega spillti það engu, þó kjörbörn væru tekin þarna með í upptalninguna.

Einnig minntist hv. þm. á, hvernig ætti að skilja það, þar sem talað er um, að jarðareigandi verði að afhenda jörðina til „eignar og ábúðar", ef hann tekur hana úr ábúð. Ég býst við, að þetta verði að skilja svo, að um leið og jarðareigandinn tekur jörðina úr ábúð handa barni sínu eða öðrum nákomnum, verði hann að afhenda hana til fullrar eignar þeim, sem tekur hana til ábúðar. Ef skilja ætti þetta öðruvísi, þyrfti að segja til „eignar eða ábúðar".

Hv. þm. fannst óeðlilegt, að ekki mætti byggja jarðir til skemmri tíma en lífstíðar. Ég hefi áður tekið það fram, að ég lít svo á, að ef farið er að gera undantekningar frá þessu ákvæði á annað borð, þá yrði það til þess, að hægt yrði að fara í kringum það fyrir þá, sem það vilja viðhafa, og er ákvæðið þá um leið orðið gagnslaust. Ég lít svo á, að í frv. sé fyllilega séð fyrir öllum þeim tilfellum, þar sem nauðsyn krefur, að jörð sé tekin úr ábúð. Ég sé ekki ástæðu til að landsdrottinn fái að taka jörð af ábúanda nema handa sjálfum sér eða sínum allra nánustu, og legg því mikla áherzlu á, að ekki sé ennþá linað á ákvæðum frv. hvað þetta snertir.

Þá talaði hv. þm. nokkuð um 45. gr., sem fjallar um skyldu leiguliða að kaupa ábýlisjörð sína. Fannst honum þar hallað á landsetana. Það er rétt hjá hv. þm., að ef fátækur maður á í hlut, þá getur hann misst ábúðarrétt sinn vegna þess, að hann geti ekki innleyst jörðina eða greitt hana á tilsettum tíma. En ég lít svo á, að þegar um lífstíðarábúð er að ræða, þá væri óforsvaranlegt að gefa ekki landsdrottnum einhverskonar möguleika til þess að losna við jarðir sínar, þegar þeir þurfa á því að halda. Einnig drap hv. þm. á, að í þessu sambandi væri ekki réttlátt að miða verð jarðarinnar alltaf við fasteignamatið, því að ef jarðir héldu áfram að lækka í verði, gæti farið svo, að þær færu niður fyrir fasteignamatsverð. Þetta er að vísu hugsanlegt, en reynslan, sem fengizt hefir, sýnir, að hitt er miklu algengara, að fasteignamatið sé talsvert lægra heldur en gangverð jarðanna, og mætti út frá því segja, að frekar væri hallað á landsdrottnana með því að miða við það. En ég lít svo á, að fasteignamatið eigi að framkvæma þannig, að það sé sem sanngjarnast söluverð, og þess vegna sé rétt að binda sig við það í þessu tilfelli. En það er vitanlega með það sem önnur slík möt, að það er ekki í öllum tilfellum hið rétta, sem næst þannig.

Þá nefndi hv. 2. þm. Reykv. 26. gr., þar sem ákveðið er, að leiguliðar greiði skatta

og skyldur af leigujörð sinni og minntist á eignarskattinn í því sambandi. Mér datt nú satt að segja ekki í hug, að eignarskattur gæti komið þarna undir. Það er vitanlegt, að þetta ákvæði hefir verið í lögum, og mun samt engum hafa komið í hug að krefja leiguliða um eignarskatt af ábúðarjörðum þeirra. Um hitt má aftur tala, hvort réttlátt sé, að leiguliðar greiði yfirleitt skatta og skyldur af leigujörðum sínum, t. d. fasteignaskatt. Eftir þeirri venju, sem ríkir í kaupstöðum um greiðslu fasteignaskatts er það ekki rétt, og ég mundi geta fallizt á að breyta þessu ákvæði. En þá yrðu jarðeigendur auðvitað að taka hærri leigu, svo að hér er að nokkru leyti aðeins um formsatr. að ræða. Ég geri því ekki svo mikið úr því, hvor leiðin verður farin.

Þá vék hv. þm. að ákvæðum 34. gr. og taldi óeðlilegt, að leiguliðar bæru að nokkru leyti ábyrgðina á því, ef jörð rýrnar af völdum náttúrunnar. Þetta er að vísu ekki í samræmi við það, sem gildir um aðrar eignir. En mér virðist hér gegna nokkru öðru máli. Ef gengið er út frá lífstíðarábúð þá er ekkert athugavert við það, þó að leiguliði beri þessa ábyrgð að nokkru. Ég sé því ekki ástæðu til að breyta þessu ákvæði. — Ég held, að ég hafi nú drepið á flestar aths. hv. 2. þm. Reykv.

Út af ræðu hv. þm. Borgf. þarf ég lítið að segja. Hann sagði, að það hefði verið samkomulag um það í n. að láta málið ekki ganga fram á þessu þingi. Ég vil ekki kannast við, að þetta sé rétt. En n. bjóst ekki við, að það ynnist tími til að afgreiða málið á þessu þingi. Við gerðum þá ráð fyrir, að þingi yrði slitið nú um hvítasunnuna. En ef þing situr nú í nokkrar vikur enn, sé ég enga ástæðu til annars en að vinna að þessu máli sem öðrum og koma því áfram. Og ég hefi styrkzt í þessari skoðun minni við umr., því þótt ýmsar aths. hafi verið gerðar við frv., þá eru engar svo stórvægilegar, að ekki megi laga frv. og koma því gegnum þingið, ef það situr nokkuð lengur. Hitt dylst mér ekki, að það er mjög mikilsvert, þótt frv. nái ekki fram að ganga nú, að það hefir komið til umr., því ýmsar mikilsverðar bendingar hafa komið fram og málið allt skýrzt.

Annars skal ég ekki lengja umr. um skör fram og læt því staðar numið að sinni.

Magnús Guðmundsson: Ég er sammála hv. frsm. um það, að málið hafi haft mjög gott af hinum rólegu umr., er hér hafa farið fram. Það er alveg satt, sem hann segir, að svo lengi getur þingið staðið, að hægt verði að afgreiða málið. En ég og hv. þm. Borgf. gerðum ráð fyrir, að þingið stæði ekki mjög lengi enn. Ég ætla hér aðallega að ræða um nokkur almenn atr., er borið hafa á góma í umr.

Það er þá fyrst út af því, sem hv. 1. þm. S.-M. sagði um hús á jörðum. Mér skildist á honum, að hann teldi það ófært að skylda eigendur til að láta hús fylgja leigujörðum. Ég er á þveröfugri skoðun. Mér finnst, að ekki sé hægt að leggja það á annan en eigandann að leggja til jarðarhús. Mér finnst sú jörð ekki vera í leigufæru standi, sem er húsalaus. Hitt er annað mál, að á þeim tímamótum, er ný ákvæði eru sett, sem breyta gömlum venjum, þá verður að gæta þess að gera ekki eigendum of erfitt fyrir. Það get ég viðurkennt í skoðun hv. þm. En ég held, að það sé óhugsandi að leggja húsaskylduna á annan en eigandann. Það mun sýna sig, að meðan leiguliðar eiga að leggja til húsin, verður aldrei vel byggt. Ég veit, að þessi ákvæði geta í bili komið hart niður á eigendum, og það verður að finna leiðir, er gera eigendum kleift að húsa leigujarðir sínar. Það má vera, að ekki sé nægilega séð fyrir því í frv., þótt talsvert hafi verið úr því bætt frá því það kom fyrst fram. Ég held, að frv. hafi í byrjun gengið fullmikið á rétt eigenda, og þeir, sem það sömdu, hafi sjálfir fundið til þess og því bætt 45. gr. inn í frv. til þess að milda það. Ég skal ekki fara langt út í að ræða þá gr. Mér skildist, að það mundi vera einna mestur ágreiningur milli mín og hv. frsm. um hana. Ég get alls ekki sætt mig við hana eins og hún er. Við skulum taka dæmi af tímum eins og nú eru. Það getur verið alveg ómögulegt, jafnvel fyrir efnaðan ábúanda, að fá lán til jarðakaupa á hinum tiltekna fresti. Það væri sjálfsagt hægt að reka hvern þann ábúanda af jörð, sem ekki ætti peninga í sjóði til

að borga jarðarverðið. Þetta er alltof strangt ákvæði, og því verður að breyta. Það getur komið ákaflega hart niður á leiguliðum. Það væri betra að milda eitthvað skyldu landsdrottins til þess að leggja til hús á jörð, t. d. gripahús, en grípa til þessa óyndisúrræðis.

Þá vil ég nefna þá spurningu, sem hv. 2. þm. Reykv. hreyfði, um áhættuna af því, að byggingar á jörðum skemmast af náttúrunnar völdum. Fyrir flestum slíkum skemmdum er ekki hægt að tryggja sig. Í fljótu bragði sýnist það rangt að láta eigendur ekki bera áhættuna af ófyrirsjáanlegum skemmdum, en þó verður því ekki neitað, að taka ber tillit til þess, sem hv. þm. benti á, að þetta horfir nokkuð öðruvísi við, þar sem um lífstíðarábúð er að ræða. Ég held, að þetta atr. sé þess vert að taka það til nánari athugunar.

Um lífstíðarábúðina get ég verið fáorður. Hún gildir aðeins gagnvart eigendum; leiguliðar geta sagt ábúðinni upp, þegar þeir vilja. Það er auðvitað, að mjög stuttur leigutími er hættulegur fyrir leiguliðana, og brýn nauðsyn að fyrirgirða það, að hægt sé að halda þeim í þeirri kreppu að fá byggingu frá ári til árs. Það lamar viðleitni þeirra til að gera jörðinni til góða og er á þann hátt eigendum líka til ills.

Ég veit, að ennþá eru í frv. ýms atr., sem betur færi á að leiðrétta. Það er leiðinlegt að sjá málvillurnar í frv., og því miður eru þær í brtt. líka. Í 10. gr. er t. d. punktur í stað kommu. Það er líka í brtt. (EA: Það er víða í frv.). Í 31. gr. er leiðinlegt orðatiltæki, sem endilega þarf að leiðrétta. Það væri talin slæm villa í íslenzkum stíl í barnaskóla. Þetta þarf allt saman að laga og leiðrétta. Það þarf að hefla frv. og pólera áður en það fer úr deildinni. Það er hægt að gera milli 2. og 3. umr., ef tími vinnst til þess, og ég vil beina þeirri ósk til hæstv. forseta, að hann gefi n. tóm til þess að fara nákvæmlega yfir frv., ef það skyldi sýna sig, að þing standi svo lengi, að tiltök verði á því að afgreiða málið.

Einar Arnórsson: Hv. síðri flm. frv. (BSt) hafði verið eitthvað úrillur út af því, sem ég sagði áður um þetta frv. Ég heyrði ekki ræðu hans alla og get því ekki svarað honum nema að nokkru leyti.

Hann sagði, að öll lög hefðu í sér fólgin höft á athafnafrelsi manna og það væri því ekkert sérkenni á þessu frv. Núg. ábúðarlög bindu líka hendur manna. Þessa frumlegu speki hans þekki ég. Það er vitanlega ofmælt, að öll lög hafi í sér fólgin höft á athafnafrelsinu. Stundum segja þau aðeins, að svo eða svo skuli fara, ef málsaðiljar eru ekki á annað sáttir. Það má að vísu jafna saman frv. og ábúðarlögunum frá 1884, en þó kemur þar fram æðimikill munur. Ábúðarlögin 1884 segja að vísu, að jörð skuli byggð æfilangt, **nema** annað sannist. Hér er öðru máli að gegna; það **má ekki** semja öðruvísi en um lífstíðarábúð. Samkvæmt gömlu lögunum hefir landsdrottinn aðeins **sönnunarbyrðina** fyrir því, að jörð hafi ekki verið byggð æfilangt. Hér er því ólíku saman að jafna.

Hv. 2. flm. virtist gramur yfir því, að ég og ýmsir aðrir höfum leyft okkur að gera aths. við frv. Það er ástæðulaust, því aths. hafa verið hóflegar og til þess eins að upplýsa málið, en á engan hátt til að gera lítið úr verkum mþn. eða hv. þm.

Út af því, sem hv. aðalfrsm. sagði, hefi ég ekki margt að segja. Hann talaði af fullri skynsemd og því að ýmsu leyti ólíkt hv. samflm. sínum. Ef svo er, að samþykki Búnaðarfélags Íslands til að sameina megi jarðir sé aðeins form, þá er það í raun og veru það sama, sem ég vildi halda fram. Ég taldi, að Búnaðarfél. sakir ókunnugleika mundi almennt samþ. tillögur úttektarmanna. En ef svo er, þá er engin ástæða til að leggja þessa kvöð á herðar mönnum. Það er aðeins óþörf skriffinnska og getur stundum valdið mönnum bagalegum drætti.

Um 9. gr. get ég bætt því við fyrri aths. mína, að kjörbörn og fósturbörn eru sitt hvort hugtakið. Mörg fósturbörn eru ekki kjörbörn og það er ekki víst, að kjörbörn séu ávallt einnig fósturbörn. N. ætti líka að athuga, hvort ekki væri ástæða til að taka tengdabörn og stjúpbörn inn í frvgr.

Þá er það ekki allskostar hentugt eða réttlátt ákvæði, að landsdrottinn, sem

vill láta barn sitt fá jörð til ábúðar, verði líka að afhenda því hana til eignar. Þegar maður á mörg börn og fáar jarðir, er það ekki hentugt að neyða hann til að afhenda einu þeirra jörð sína til eignar. Það má að vísu segja, að hann geti haldið hinum börnunum skaðlausum með því að taka skuldabréf fyrir jarðarverðinu. En það getur verið, að fleiri af börnum hans vilji eignast jörðina. Ef það þykir nauðsynlegt að halda þessu ákvæði um eignarafhendingu, þá má skjóta því fram til athugunar, hvort honum ætti ekki að vera leyfilegt að láta eignarréttinn ganga til fleiri barna sinna, en með áskildum ábúðarrétti handa einu þeirra.

Um skattskyldu leiguliða af leigujörðum sínum hefi ég lítið að segja fram yfir það, sem ég sagði áður. Mér finnst hún óeðlileg. Það má að vísu taka tillit til hennar þegar leigumálinn er ákveðinn, en ósanngirnin getur komið fram í því, að leiguliðar beri áhættuna af breyt. á skattalöggjöfinni. Ef nú væri t. d. lögleiddur mjög hár fasteignaskattur, mundi hann ekki verka réttlátlega að þessu leyti.

Þessi atriði finnst mér ekki svo stórvægileg, að ekki mætti afgr. málið þeirra vegna. Ég skal játa það, að þessar aths., sem ég hefi gert, eru ekki nema fáar einar, en þær eru ekki fleiri vegna þess, að ég vil ekki tefja tímann. Einnig verð ég að játa, að ég hefi, vegna tímaskorts, eigi getað kynnt mér frv. og brtt. eins og æskilegt væri. Geri ég ráð fyrir, að hægt hefði verið að benda á mjög margt fleira en það, sem við, er nú höfum hreyft andmælum, höfum komið fram með.

Úr því að ég er staðinn upp á annað borð, vil ég minnast ofurlítið á húsaskyldur landsdrottins. Það er mikil ástæða til að bæta úr því fyrirkomulagi, sem nú er í þessu atr. Samt sem áður virðist mér, að ákvæðin, sem hér er verið að lögleiða, fari of langt, séu of undantekningarlaus. Ég get hugsað mér það tilfelli og það hefir áreiðanlega komið fyrir, að hús séu reist á jörð og miðuð við þá búnaðarháttu, sem þá eru á jörðinni. Hugsum okkur t. d., að landsdrottinn byggði á jörð, sem þætti sérstaklega hæf til kúabús. Svo byggir hann handa leiguliða dýrt og vel gert fjós. Nokkrum árum síðar breytast búnaðarhættir þannig, að leiguliða þykir sér nú hentara að reka aðallega sauðfjárbú. Þar af leiðandi hyggst hann að fækka kúnum allverulega, en efla í þess stað sauðfjáreign. Nú er ekki víst, að þetta dýra og myndarlega fjós verði hentugt fyrir sauðfé og oft mun það algerlega ónothæft til þess. Þá myndi landseti heimta, að landsdrottinn byggði handa honum fjárhús. Þannig gæti vel komið fyrir, að menn yrðu að tvíbyggja á jörð, þó að þau hús, sem upphaflega hefðu verið byggð, væru ennþá í góðu standi. Ég veit, að slík tilfelli geta komið fyrir, og ég skýt því þess vegna til hv. flm., hvort þeir vilji ekki athuga þetta mál nokkru nánar en gert hefir verið.

Sveinn Ólafsson: Mér er í rauninni óljúft að tala í þessu máli, og sízt vildi ég tefja fyrir eða verða þess valdandi, að það gæti ekki fengið hér þá afgreiðslu, sem tíminn kann að leyfa. En ég finn til þess, að á frv. eins og það liggur fyrir, jafnvel með brtt. landbn., sem flestar eru til bóta, eru samt þeir agnúar, að alveg er nauðsynlegt að breyta því í verulegum atriðum, til þess að ekki veki það megna óánægju úti um landsbyggðina og verði e. t. v. til tjóns. Yfirleitt hafa umr. verið hóflegar, og með fullri velvild til málsins virðist mér, að allir hafa tekið þátt í þeim. Það er mjög eðlilegt, þar sem skoðanir eru jafnskiptar og í þessu máli, að nokkur árekstur verði. En gagnstætt því sem áður hefir verið, finnst mér nú allir mælendur vilja leggja lið til þess að frv. fái þær umbætur, sem nauðsynlegar eru, og komist eitthvað í áttina.

Ég tók það fram áður, að ég teldi einna helztan ókostinn við þetta frv., að það legði óeðlilega miklar hömlur á samningafrelsi manna, og ég hlýt þess vegna að gera nánari grein fyrir því, af því að minnzt hefir verið á það af stuðningsmönnum málsins, að þetta muni vera misskilningur. Ég skal þá taka það dæmi, sem næst liggur, 22. gr. frv. Þar er gert ráð fyrir því, að ákveðin, lögboðin leiga skuli goldin eftir kúgildi, ef þau fylgja jörð, sem annars eftir frv. er samningsatr. milli landsdrottins og landseta. Jafn-

vel þótt venjulegir viðskiptavextir séu nú 7—8%, þá mega þeir eftir frv. ekki vera yfir 6%, þegar svo stendur á, að fjármunirnir eru kúgildar ær. Ég veit ekki, hvað er að hamla samningafrelsi manna, ef það er ekki á þennan hátt, að setja inn í lög ákvæði, sem ekki geta staðizt gagnvart því breytilega verðlagi, sem alltaf getur verið og sem aldrei stendur stöðugt. Líkt má í raun og veru segja um ákvæði 9. gr., sem hv. 2. þm. Reykv. hefir skýrt vel og ljóslega. Þar er um lögboðinn lífstíðarsamning að ræða, sem bindandi er aðeins fyrir annan aðiljann, nefnilega landsdrottin. En af hverju ekki báða? Mér finnst þar vera gengið mjög freklega á samningsfrelsi, þar sem einungis annar aðilinn má tryggja sig og getur rofið samninginn þegar hann vill, en sá samningsaðili, sem mest á í húfi, getur ekki tryggt sinn rétt. Yfirleitt eru mörg atr. í frv. þessu lík, og mundi það taka allt of langan tíma að rekja þau lið fyrir lið. Í sjálfu sér er það svo, eins og tekið hefir verið fram af hv. 2. þm. Reykv. og eins og ég minntist á í fyrri ræðu minni, að þessi fortakslausa lífstíðarleiga er lítt hafandi og í mörgum tilfellum hrein rangsleitni. Þessi framhaldandi ábúðarréttur frá konu til manns og koll af kolli var það, sem kallað var eilífðarleiga, þegar frv. lá fyrst fyrir Alþingi. Það hefir reyndar verið gerð tilraun við endursamningu frv. til þess að breyta þessu með ákvæðinu um rétt ekkju, og binda hann við það, að hún hefði séreign eða sérstæðan fjárhag. En samt hygg ég, að þetta geti jafnvel orðið eins og eilífðarleiga, því að ekkjan, sú, sem að yfirvarpi hefði sérstæðan fjárhag og þannig héldi réttinum eftir að hún hefði gifzt af nýju, skilst mér að mundi geta hvenær sem væri lagt þessi réttindi í félagsbúið, og maður hennar því notið allra sömu réttinda og hún, auk heldur þótt hún félli frá og hann lifði lengur. En þá væri líka komin í kring þessi keðjuregla, að einn af öðrum gæti eignazt ábúðarréttinn, án þess að landeigandinn hefði nokkuð um það að segja. Þau tvö ákvæði í frv., sem mér virðist mestur vandi að koma svo fyrir, að ekki hefti almennt samningafrelsi, eru ákvæðin um lífstíðarábúðina og hið fortakslausa skilyrði um að reisa byggingar á leigujörðum, sem hverju sinni teljist fullnægja þörfum landseta. Ég veit, að það er erfitt að koma þessum ákvæðum svo fyrir, að ekki geti þau orðið að fótakefli. Hv. frsm. n. lagði tiltölulega mikla áherzlu á nauðsyn þess, að landsdrottinn legði til þau hús, sem þörfin krefði á hverjum tíma, og virðist telja það frágangssök að leigja jörð, án þess að svo væri um búið, og leiguliða tryggt að geta heimtað af landeiganda hverja viðbót húsa, sem henta þætti. Hann tók til dæmis, að fjarstæða væri að hugsa sér að leigja skóflu, sem vantaði á skaftið. Það mundi nú reyndar verða kallað að leigja rekublað, en ekki reku, og er óþarft að ræða um slík kringilyrði og öfugmæli. Á hitt er rétt að benda, að aðrar eignir, sem á leigu eru seldar, eru ekki háðar neitt líkum leiguskilyrðum og frv. ætlar, að jarðir skuli verða háðar. Ekkert slíkt er í lögum að því er snertir leigu á húsum. Ekkert slíkt er í lögum að því er snertir leigu á lifandi peningi, og engin hliðstæð skilyrði um leigu á peningum. Hliðstæð skilyrði um húsaleigu væri t. d., að skrúðgarður, baðstaður og leikvöllur fylgdi; um hest, að reiðfæri með ákveðinni gerð fylgdi, og um peninga, að peningaskápur ætti að fylgja. En engum kemur í hug að lögbinda slíkt. Það verður því, ef þetta frv. á að lögfesta, alveg sérstætt fyrir jarðeigendur, að eignarumráð þeirra yfir jörðum hverfa að mestu í annara hendur og þeirra réttur þrengist miklu meira en viðgengst um nokkrar aðrar eignir.

Hv. 2. þm. Reykv. benti á þau tilfelli tvö, sem ætla má, ef frv. þetta verður að lögum, að oft geti komið fyrir, þegar um þessar fortakslausu húsbyggingar eftir þörfum ábúanda væri að ræða: Búskap með nautarækt og síðar með fjárrækt. Ef ábúandinn, sem stundaði nautarækt og heimtað hefði af landeiganda vandað fjós, breytti búnaðarháttum sínum svo, að hann hætti að hafa kúabú og færi að stunda sauðfjárbú, þá mundi hann heimta fjárhús og beitarhús til og frá um víðlent beitiland. Nú gæti það líka komið fyrir, að eftir að leiguliði hefði reynt þetta hvorttveggja, nautarækt og sauða, þá kæmist hann einn góðan veðurdag að þeirri niðurstöðu, að takmarka

hvorttveggja og leggja allt kapp á að rækta jarðepli og aðra garðávexti. Þá þyrfti landeigandi sjálfsagt að byggja jarðeplakjallara í viðbót. Væri jörðin við sjó, hætti ábúandi e. t. v. við þetta allt og færi að leggja stund á útgerð. Yrði þá að byggja fyrir hann bryggju, sjávarskemmu o. fl. þesshættar. Það er yfirleitt ómögulegt að gera grein fyrir því, hve mjög mætti teygja þessi fráleitu ákvæði frv. í margar áttir. Annars vil ég nefna það, sem ég áður hefi tekið fram, að nauðsynlegt getur oft verið að leigja jörð eða jarðarhluta til notkunar, án þess að nokkur hús fylgi. Því er svo varið, sérstaklega nærri verstöðvunum, að margir, sem við sjóinn búa og stunda fiskveiðar að meira eða minna leyti, eiga hús, en hafa enga grasnyt og leigja því oft jarðarpart nærlendis, ef þess er kostur og alveg húsalausan. Það nær engri átt að torvelda slíka samninga eða neyða landeiganda til að leggja slíku jarðnæði til byggingar eða að reisa þar hús, sem lítil eða engin þörf er fyrir þau.

Í sambandi við þetta vil ég minnast á það, sem hv. 2. þm. Skagf. sagði, að ef leggja ætti skyldu á einhvern til að halda húsum við á leigujörð og reisa hús af nýju, þá yrði það að leiða á landeiganda. Því er svo varið, að á flestum jörðum, hvort sem þær eru eign hins opinbera eða einstakra manna, er meira eða minna af húsum, sem jörðinni fylgja, og nefnast þau jarðarhús. En af því að ábúandinn hefir samkv. byggingarbréfi, hvarvetna að ég ætla, rétt til að breyta húsaskipun og haga henni eftir því sem við á í hvert skipti, þá er það líka svo með flesta leiguliða, að þeir eiga meira eða minna af húsum og breyta þeim eftir geðþekkni eða þörfum, stækka eða minnka eftir því, sem bezt hagar, en skila við brottför jafngildi jarðarhúsa í peningum eða öðrum húsum, sem á jörðinni standa. Ég held, að slíkt sé í raun og veru haganlegast og eigi bezt við ástæður sveitanna viðast hérlendis.

Það er í raun og veru svo, að íbúðarhús eru sjaldnast reist nú á dögum fyrir minna en sem svarar 4000—8000 kr., og ég gæti búizt við, að þegar úttektarmenn á hverjum stað ættu að fara að meta, hvers jarðirnar þyrftu af húsum, þá yrði að öllum jafnaði ekki gert ráð fyrir íbúðarhúsum minni en 4000—8000 kr., auk útihúsa og peningshúsa. Hinsvegar er það ljóst, ef litið er á gildandi fasteignamat, að mikill fjöldi jarða í sveit er ekki með öllum jarðarhúsum metinn hærra en 2000—2500 kr. Húsaskyldan eftir frv. þýðir þá það m. a., að þær jarðir, sem ekki hafa nú þegar fullkomin jarðarhús eftir kröfu ábúanda, yrði að yfirbyggja. Og úttektarmenn mundu varla láta standa á sér að leggja til, að byggt yrði fyrir þrefalt til fjórfalt jarðarverð. Mega allir sjá, hverjar afleiðingar það myndi hafa. Margir jarðeigendur mundu neyðast til að farga jörðunum fyrir lítið, heldur en að taka á sig slíkar kvaðir.

Ég vil ekki tefja tímann með því að ræða um þetta nánar og eyða þannig hinum fáu stundum, sem líklega eru eftir af þessu þingi. Það getur ekki, hvernig sem að er farið, fengizt fullnaðarafgr. málsins á þessu þingi. Hinsvegar vona ég, að sá undirbúningur, sem það fær nú, og sérstaklega, ef hv. landbn. tekur rækilega til starfa af nýju og gagnrýnir framkomnar bendingar, leiði til þess, að málið verði e. t. v. undirbúið til fullnaðarafgreiðslu á næsta þingi. Ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu.

ATKVGR.

Brtt. 680,1 (ný 1. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

— 680,2 (ný 2. gr.) samþ. með 14:3 atkv.

— 680,3 (ný 3. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

— 680,4 (ný 4. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

5.—8. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

9.—10. gr. samþ. með 15:2 atkv.

Brtt. 680,5 (ný 11. gr.) samþ. með 13:3 atkv.

— 680,6 (ný 12. gr.) samþ. með 13:3 atkv.

— 680,7 (ný gr., verður 13. gr.) samþ. með 14:1 atkv.

— 680,8 samþ. með 15 shlj. atkv.

13. gr. (verður 14. gr.), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 680,9 (14. gr. falli burt) samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 680,10 (ný 15. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
16. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 680,11 (ný 17. gr. samþ. með 16:1 atkv.
— 680, 12 (ný gr., verður 18. gr.) samþ. með 14:1 atkv.
18.—19. gr. samþ. með 16 shlj. atkv. (verða 19.—20. gr.).
Brtt. 680,13 samþ. með 17 shlj. atkv.
20. gr. (verður 21. gr.), svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 680,14. a—b samþ. með 17 shlj. atkv.
21. gr. (verður 22. gr.), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 680,15 (ný gr., verður 23. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
— 680,16 samþ. með 15 shlj. atkv.
23. gr. (verður 24. gr.), svo breytt, samþ. með 14:1 atkv.
Brtt. 680,17 samþ. með 17 shlj. atkv.
24. gr. (verður 25. gr.), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 680,18 samþ. með 15 shlj. atkv.
25. gr. (verður 26. gr.), svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
26.—27. gr. (verða 27.—28. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 680,19 samþ. án atkvgr.
28. gr. (verður 29. gr.), svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 680,20.a—b samþ. með 19 shlj. atkv.
29. gr. (verður 30. gr.), svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
30. gr. (verður 31. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 680,21 samþ. með 15 shlj. atkv.
31. gr. (verður 32. gr.), svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
32. gr. (verður 33. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 680,22 samþ. með 13:2 atkv.
33. gr. (verður 34. gr.), svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
34.—35. gr. (verða 35.—36. gr.) samþ. með 14:1 atkv.
Brtt. 680,23 (36. gr. falli burt) samþ. með 12:6 atkv.
— 680,24 (37. gr. falli burt) samþ. með 14:2 atkv.
— 680,25 (ný 38. gr., verður 37. gr.) samþ. með 13:2 atkv.
— 680,26 samþ. með 15 shlj. atkv.
39. gr. (verður 38. gr.), svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
40. gr. (verður 39. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
41.—43. gr. (verða 40.—42. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 680,27 samþ. án atkvgr.
44. gr. (verður 43. gr.), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 680,28 samþ. með 14:1 atkv.
45. gr. (verður 44. gr.), svo breytt, samþ. með 15:2 atkv.
46.—48. gr. (verða 45.—47. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 680,29 samþ. án atkvgr.
49. gr. (verður 48. gr.), svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
50.—53. gr. (verða 49.—52. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 680,30 samþ. án atkvgr.
54. gr. (verður 53. gr.), svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 680,31 (55. gr. falli burt) samþ. með 14:1 atkv.
— 680,32 (56. gr. falli burt) samþ. með 14:1 atkv.
— 680,33 (ný 57. gr., verður 54. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
— 680,43 (ný 58. gr., verður 55. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 76. og 77. fundi í Nd., 17. og 18. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 78. fundi í Nd., 19. maí, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 736, 756, 758, 760, 761, 765, 769).
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 760, 765 og 769. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Eins og hv. þdm. sjá, eru komnar fram allmargar brtt. við ábúðarlagafrv., en ég mun lítið á þær minnast fyrr en flm. þeirra hafa talað fyrir þeim. Þó vil ég aðeins með fáum orðum minnast á nokkrar brtt., sem landbn. flytur á þskj. 758. N. flytur þá brtt. við 1. gr., að það skuli vera nokkru nánar ákveðið, hvað átt skuli við með jörð í lögunum, og er ákvæði brtt. á þá leið, að jörð teljist

hvert það býli, sem fleyti minnst 6 kúgildum. Það getur náttúrlega verið álitamál, hvaða lágmark skuli sett um þá minnstu áhöfn, sem jörð getur fleytt, en það er hinsvegar nauðsynlegt að setja einhver takmörk um það, hvað býli megi vera minnst samkv. lögunum, svo að jörð geti talizt, en um það varð samkomulag í n. að hafa lágmarkið 6 kúgildi, og virðist ekki ástæða til að setja það lægra.

Einnig leggur n. til., að við ákvörðun hugtaksins „jörð" sé ekki lagt til grundvallar mat samkv. fasteignamatsbók, eins og nú er í frv., heldur sé miðað við fasteignamat almennt. Virðist réttara og eðlilegra að miða við þetta, því að ella gæti svo farið, að býli kæmust ekki undir ákvæði l. fyrr en nýtt allsherjarfasteignamat hefir fram farið, en slíkt er auðvitað ekki meiningin.

2.—5. brtt. n. eru aðeins leiðréttingar og lagfæringar, sem ekki þurfa skýringar við, og sama er að segja um 6. brtt., en við hana hefir hv. 2. þm. Reykv. flutt sérstaka brtt. á þskj. 761, þar sem hann vill taka upp lítið eitt breytt orðalag frá því, sem er á þessari brtt. n., og get ég viðurkennt það, að brtt. hv. þm. sé til bóta, og hygg, að ég mæli þar fyrir hönd n., er ég legg til, að þessi brtt. hv. 2. þm. Reykv. verði samþ. Um aðrar brtt. þessa hv. þm. mun ég ekki margt ræða að svo stöddu, né heldur um þær brtt., sem hv. 1. þm. N.-M. hefir borið fram við frv. Ég vil þó taka það fram, að n. hefir ekki haft aðstöðu til að athuga þessar brtt., svo að það, sem ég segi um þær, er frá eigin brjósti talað, en ekki fyrir hönd n. Hefi ég lítið lauslega yfir þessar brtt., og sýnist mér sem sumar þeirra séu til bóta, en um aðrar má segja, að þær orki nokkrum tvímælum, þó að ég muni ekki sjá mér fært að fylgja þeim, en ég skal ekki fara meira inn á það að sinni, og geymi mér það, þar til flm. þeirra hafa reifað þær. Á eina af brtt. hv. 1. þm. N.-M. verð ég þó að drepa lítið eitt nánar í sambandi við þá brtt. n., sem ég á eftir að minnast á, og n. flytur sérstaka á þskj. 765.

Samkv. frv., eins og það nú er, er hámark leiguliðabótarinnar ákveðið 1% af steinbyggingum og 2% af byggingum úr öðru efni. Við nánari athugun hefir n. komizt að raun um, að þetta muni vera fullhátt, og leggur því til, að hámarkið verði lækkað um 50%. Verður þetta ekki sízt nauðsynlegt, ef sú brtt., sem hv. 1. þm. N.-M. flytur viðvíkjandi ráðstöfun leiguliðabótarinnar, verður samþ., en hann leggur til, að leiguliðabótin verði látin renna í sérstakan sjóð, sem varið verði til að endurreisa byggingar á leigujörðum. Hefir þessi till. hv. 1. þm. N.-M. að vísu ekki verið rædd í n., en ég hygg þó, að mér sé óhætt að segja, að n. sé till. fylgjandi, enda hafði uppástunga um þetta komið fram í n. frá hv. 2. þm. Skagf., eins og ég gat um við 2. umr., og n. leizt vel á hugmyndina, þótt ekki yrði úr því, að hún bæri fram till. í þessa átt. Það er hinsvegar ljóst, að hámark leiguliðabótarinnar yrði alltof hátt, ef þetta væri upp tekið, eins og hámarkið er nú í frv., því að frv. gerir jafnframt ráð fyrir, að helmingur leiguliðabótarinnar standi vaxtalaust hjá leiguliða, unz leiguliðaskipti verða eða til endurbyggingar kemur. Samkv. brtt. hv. 1. þm. N.-M. yrði leiguliði aftur á móti að greiða leiguliðabótina alla út árlega, og er þetta tvennt mjög ólíkt. Sé og gert ráð fyrir því, að leiguliðabótin sé ávöxtuð með 4½% vöxtum, eins og hún er ákveðin í frv., mundi verða hægt að endurnýja steinbyggingar á 38—39 árum og aðrar byggingar á 27 árum. Sjá allir, að ekki nær nokkurri átt, að vandaðar steinbyggingar endist ekki lengur en þetta, og að því muni óhætt að hækka hámarkið. Leggur n. til, að hámark leiguliðabótarinnar verði ákveðið ½% af steinbyggingum, sem svarar til þess, að hægt sé að endurbyggja þær á 50—60 árum, og 1% af öðrum byggingum, sem þannig yrði hægt að endurreisa á 36—40 árum. Auk þess er á það að líta, að með því að hafa hámarkið eins hátt og það er í frv., er gefið undir fótinn með það að ákveða leiguliðabótina óhóflega háa, ef sá háttur er uppi, og sýnist sízt vera ástæða til þess.

Halldór Stefánsson: Ég hefi flutt brtt. við þetta frv. á þskj. 756, og skal ég nú gera grein fyrir þeim með nokkrum orðum.

1. brtt. mín er aðeins orðabreyt., skal ég eiga það algerlega undir tilfinningum

þdm. fyrir réttu máli, hvernig um þessa brtt. mína fer.

2. brtt. mín fer fram á það, að jörð þurfi ekki að afhendast til eignar nánustu venzlamönnum jarðareigandans, til þess að hann megi taka hana úr ábúð þeim til handa, eins og 9. gr. frv. ákveður. Mér þykir það óeðlilegt, að jarðareigandi skuli ekki mega losa jörð sína úr ábúð fyrir nánustu ættingja og venzlamenn nema með því móti, að þeir kaupi jörðina, en sé óheimilt til að selja þeim jörðina á leigu. Ég óttast það, að þetta geti leitt til þess, að farið verið í kringum l. á þann hátt, að fram verði látin fara málamyndasala á slíkum jörðum, og er þá verr farið.

3. brtt. mína skal ég ekki fara neitt inn á, enda hefir hv. 1. þm. Skagf. þar tekið af mér ómakið, og 4. brtt. mín er aðeins orðabreyt., sem ég skal láta algerlega á valdi hv. d., hvernig fer um.

Kem ég þá að 5. brtt. minni, sem er aðalbrtt. mín við frv. — Aðalhugsun þessarar löggjafar er að bæta og rýmka kjör leiguliða á jörðum, en mér þykir of lítið tillit tekið til þessarar aðalhugsunar í 25. gr. frv., því að ákvæði þeirrar gr. þrengja kosti leiguliðanna ekki lítið, og alveg að óþörfu. Ég viðurkenni það, að setja verður þau skilyrði, að leiguliði sitji jörð ekki svo, að hún gangi úr sér um ræktun og annað, en þegar þeim skilyrðum er fullnægt, álít ég, að leiguliði eigi að hafa eins frjálsar hendur og unnt er, og ég tel mjög óréttmætt að meina leiguliða að selja hey af jörð sinni, eins og gert er með ákvæðum 25. gr., enda er þetta ástæðulaust með öllu. Hér getur verið um að ræða sölu á töðu eða úthey. Þegar um úthey er að ræða, þá verður að teljast, að jörð sé því betur notuð og ræktuð, því meira af landi jarðarinnar sem notað er til slægna. Þess eru mörg dæmi, að land, sem ekki var slegið, hefir fallið í órækt; þó að á því hafi verið talsvert rubb eða sinujúði, hefir slíkt ekki komið að neinu gagni, þar sem engin skepna hefir viljað líta við því. Því er einnig oft svo farið, að fyrir fátækan leiguliða er eini möguleikinn til að geta haldið jörðinni að afla sér tekna með heysölu. Hann getur bjargazt með lítinn bústofn, ef hann má selja hey, og vegna þeirrar aðstöðu getur hann e. t. v. smátt og smátt komið sér upp hæfilegum bústofni. Skiptir að vísu nokkuð öðru máli um sölu á töðu eða ræktuðu heyi, en nú eru þó mjög breyttar ástæður um það frá því, sem áður var, þegar þau ákvæði voru upprunalega sett, að leiguliði mætti ekki selja hey af jörð sinni. Þá var ekki möguleiki til að selja ræktað hey, án þess að ræktun jarðarinnar gengi úr sér, þar sem salan hafði í för með sér áburðartap fyrir jörðina, en nú horfir þetta öðruvísi við, því að nú má halda við ræktun jarðarinnar með tilbúnum áburði, og er því engin nauðsyn framar jarðarinnar vegna að meina leiguliðum heysölu.

6. brtt. mín er aðeins afleiðing af 5. brtt., og þarf ég því ekkert um hana að ræða.

Ég vil geta þess að lokum, að ef 2. brtt. mín verður samþ., ættu orðin: „eignar og“ einnig að falla niður í 10. gr., og mun ég e. t. v. bera fram brtt. í þá átt, en ég tel þó, að þetta megi eins leiðrétta, þegar frv. verður prentað upp eftir umr.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Ég vil segja nokkur orð út af brtt. hv. 1. þm. N.-M., þegar hann nú hefir talað fyrir þeim, en ég tek það fram, og hefi þó reyndar gert það áður, að ég tala fyrir sjálfs mín reikning, en ekki f. h. n.

Um 1. brtt. hefi ég ekkert að segja. Hún er aðeins orðabreyt., og get ég vel sætt mig við hana, en tel þó, að sama sé, hvort orðið er notað.

2. brtt. er hinsvegar allmikil efnisbreyt., þótt lítið láti yfir sér, og get ég alls ekki fylgt henni. Fer till. fram á það, að landsdrottni sé heimilað að taka jörð úr ábúð og leigja hana síðan nánustu skyldmennum sínum, en samkv. frv. er þetta bundið því skilyrði, að hann láti þeim hana af höndum til fullrar eignar, og er þetta skilyrði sett til þess að tryggja leiguliða fyrir því, að honum sé byggt út, en jörðin þó aðeins afhent að nafninu til, þannig t. d., að landsdrottinn taki hana úr ábúð handa barni sínu að yfirvarpi, og ráðstafi jörðinni síðan eins og honum sýnist. Ég álít því mjög varhugavert að samþ. þessa till., því að með henni er sú trygging felld niður, sem frv. setur fyrir því, að þessum ákvæðum verði mis-

beitt. Mun ég því greiða atkv. á móti þessari brtt.

Um 3. brtt. hefi ég áður talað og skal ekki endurtaka það, en vísa til þess, sem ég hefi áður sagt í því efni. Ég vil aðeins bæta því við það, sem ég sagði þá, að það kom fram í n., að eðlilegast væri, að landsdrottinn legði eitthvað fram á móti tillagi leiguliða í endurbyggingarsjóðinn, t. d. nokkurn hluta jarðarafgjaldsins, en þar sem þetta er síðasta umr. málsins hér í d., verður till. í þessa átt sennilega ekki komið við, og hefir enda ekki fengið nægilega athugun enn.

4. brtt. hv. 1. þm. N.-M. er aðeins orðalagsbreyt., og get ég vel fellt mig við hana.

Kem ég þá að 5. brtt., sem hv. þm. taldi aðalbreyt. sína við frv. Skal ég játa, að margt af því, sem hv. þm. sagði út af henni, er á fullum rökum reist, en það mun þó tæplega rétt, að með ákvæðum 25. gr. frv. sé leiguliða bannað að selja hey. Þetta er ekki bannað, en aðeins áskilið, að hann kaupi jafngildi þess í áburði. Það er hinsvegar rétt, að það getur verið óþægilegt og enda rangt að óheimila leiguliða að selja hey í burtu, ef hann kaupir ekki jafngildi þess í áburði. Það geta verið þær aðstæður fyrir hendi, t. d. þar sem áveituengjar eru, að ekki sé rétt að krefjast slíks. Breyttar aðstæður gera það á margan hátt að verkum, að breyt. á hinum fornu lagaákvæðum í þessu efni hafa við mikil rök að styðjast, og að því er mig snertir, mun ég greiða atkv. með þessari till. Hygg ég og, að engu þurfi að vera stefnt í voða, hvað þetta snertir, því að svo er um búið, að úttektarmenn eiga að meta það sem annað, að ekki sé of langt gengið á þessu sviði.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þessar brtt. hv. 1. þm. N.-M. Ég mun greiða atkv. á móti 2. brtt. og hefði að vísu kosið dálitlar breyt. á 3. brtt., en mun þó greiða henni atkv. eins og hún er, og enda hinum öðrum brtt. hv. 1. þm. N.-M.

Halldór Stefánsson: Þegar ég minntist hér á brtt. mínar áðan, gleymdi ég annari aðalbrtt., sem sé 3. brtt. á þskj. Hún ræðir um það fyrningargjald, sem frv. gerir ráð fyrir. Sú nýja hugsun kemur fram í frv., að ákveða fyrningargjald af húsum og mannvirkjum. Þetta út af fyrir sig tel ég eðlilegt. Sú meðferð er ætluð á fyrningargjaldinu, að það verði í vörzlum landeiganda og ábúanda, að hálfu hjá hvorum, og er til þess ætlazt, að það verði tiltækilegt, þegar endurreisa þarf hús. En eftir þessari meðferð þykir mér hætt við, að svo geti farið, að fyrningargjaldið verði ekki tiltækt, þegar til þess þarf að taka, ef það gengur inn í reksturinn og viðskiptaveltu þessara aðilja, leigusala og ábúanda. Með brtt. mínum er ætlað, að fyrningargjaldið haldist óbreytt, en þær gera einungis ráð fyrir breyttri tilhögun með geymslu á því. Þær gera ráð fyrir, að leiguliðabótin skuli öll falla í sérstakan sjóð, sem sé settur á vöxtu í Búnaðarbankanum og sé þar undir stjórn bankastjórnarinnar og yfirstjórn atvmrn., til þess að tryggja það, að þessi nytsami sjóður sé til, þegar til þarf að taka og að honum verði réttilega varið. Það verður þá miklu léttara að endurbyggja híbýlin á leigujörðum, ef sjóðurinn er alltaf tiltækur, enda þótt hann verði ekki nægilega mikill og einhverju þurfi að bæta við hann.

Það má e. t. v. segja, að ekki séu ýtarlegar eða nægilegar þær reglur og ákvarðanir, sem settar eru hér í brtt. um geymslu og meðferð fyrningarsjóðsins, en það er þá líka ætlazt til, að nánari reglur geti orðið um þetta í reglugerð. En í till. er fyllilega tekið fram um meðferð, ávöxtun og vörzlu sjóðsins, og það er aðalatriðið. — Það liggur fyrir till. frá landbn. um að lækka hámark fyrningargjaldsins. Hv. frsm. n. gerði nokkra grein fyrir því, að það mundi vera óþarflega hátt sett í frv. Það á vitanlega að fara þar meðalhófið og ég get fallizt á, að lækka megi hámarkið, og því fremur, ef sjóðurinn er settur í örugga vörzlu, eins og ég geri till. um.

Það er vitanlegt, að það getur komið til álita, að bæði landsdrottinn og leiguliði leggi í þessa fyrningarsjóði. En ég hygg, að það sé meira form- en efnismunur. Því að ef landeiganda væri ætlað að leggja í sjóðinn þannig, að það mætti skoðast sem hluti af réttlátu fyrningargjaldi, þá mundi hann vilja áskilja sér

þeim mun hærri leigu eða vel það. Ég álít fara vel á því að ætla einungis ábúanda að leggja fram fyrningargjald. Það er eðlilegt, að sá, sem með fjármunina fer, skili þeim í jafngildu standi og hann tók við þeim. Það hlýtur að koma niður á ábúanda engu að síður, þótt svo væri ákveðið, að landsdrottinn skyldi leggja fram hluta af fyrningargjaldinu á móti honum.

Þar sem hv. frsm. n. tók mjög vinsamlega í þá hugsun, sem felst í þessari till. minni, vænti ég þess, að hún mæti yfirleitt velvild í hv. d. og geti náð fram að ganga.

Magnús Guðmundsson: Það er út af seinustu orðum hv. 1. þm. N.-M., að ég vildi segja örfá orð. Spurningin er um, hvort bæði leigutaki og jarðeigandi skuli leggja fram fé til endurbyggingar húsa á leigujörðum. Mér finnst það vera nauðsynlegt, að eigendur leggi líka fram fé. Það má þó að vísu segja, að þetta komi í einn stað niður, því að þegar eigandinn eigi að leggja til hús, þá verði hann að greiða þann mismun, sem verður á endurbyggingarkostnaðinum og því, sem lagt hefir verið fram af hálfu leiguliða. En ég álít betra fyrir eigendurna að leggja fram ákveðinn hluta af eftirgjaldinu á hverju ári og safna þannig í sjóð, sem á að fylgja jörðinni við kaup og sölu, og notast til að byggja upp, þegar með þarf. Þykist ég þá sjá í hendi mér, að með þessu geti safnazt öflugir sjóðir, án tilfinnanlegrar byrði fyrir leiguliða eða jarðeiganda. Þá má og búast við sæmilegri hýsingu á jörðunum, þegar byggja þarf, en ég tel það eitt hið mesta mein, hve jarðir, sérstaklega leigujarðir, eru illa hýstar. Ég er sannfærður um, að ef þetta fyrirkomulag hefði staðið nú um 40—50 ára skeið, þá væri mikill munur á byggingum í landinu frá því, sem er, og það er eitt af aðalatriðum, sem keppa ber að, að á sveitabýlum verði reistar byggingar úr varanlegu efni og svo góðar, að vel megi teljast viðunandi. En eins og nú er, er það svo mjög víða á landinu, að byggingar eru svo slæmar, að ekki geta talizt viðunandi. Ég er því ekki ánægður með brtt. hv. 1. þm. N.-M., og vildi óska, að hann gæti gengið inn á að láta framlagsskyldu einnig ná til jarðeiganda.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Ég ætla ekki að ræða um málið sjálft, en verð að óska þess f. h. landbn., að málið verði tekið út af dagskrá til morguns. Það eru komnar svo margar brtt. við frv., sem n. vildi fá tækifæri til að líta á og athuga áður en til atkvgr. kemur.

Halldór Stefánsson: Það er aðeins fyrirspurn til hv. 2. þm. Skagf. um það, hvort hann meini, að landeigandi eigi að leggja fram hluta af fyrningargjaldinu, og ábúandi þá þeim mun minna, eða hvort hann ætlast til, að jarðeigandi leggi í fyrningarsjóðinn á móti fullu fyrningargjaldi frá ábúanda og það taki þá þeim mun styttri tíma að safnast í sjóðinn. Hvort ég get fallizt á þá hugsun, sem kemur fram hjá hv. þm. veltur á því, hvort hann ætlast til, að landeigandi eigi í raun og veru að bera nokkuð af fyrningarkostnaðinum eða hvort hann á að leggja það fram í því praktiska augnamiði að eiga þar fé, sem hægt sé til að taka þegar endurreisa þarf híbýlin.

Magnús Guðmundsson: Mín hugsun var, að eigandinn legði fram jafnmikið og ábúandinn, en framlag hins síðarnefnda verði full leiguliðabót, yrði svo, að sjóðurinn safnaðist þeim mun fyrr. (**HStef:** Þá fellst ég á það). Það vakir fyrir mér, að þetta komi sem fyrst að notum. Það er alltaf hægt að færa niður gjaldið hjá báðum eða öðrumhvorum, ef það sýnir sig, að óþarflega fljótt ætli að safnast í sjóðinn.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Út af umr., sem orðið hafa um 3. brtt. á þskj. 756 frá hv. 1. þm. N.-M., vil ég taka það fram, að mér sýnist dálítið hæpið að leggja þá kvöð á jarðeigendur að leggja fé í þennan sjóð, því að vel getur komið fyrir, að jörðin komist í leiguábúð, og þá er enginn slíkur sjóður til. Það er þó virðingarvert af Alþingi að vilja tryggja viðhald bygginga á þeim leigujörðum, sem nú eru. Þó er það ekki nema nokkur hluti þessa máls, því að alltaf getur breytzt með ábúð á jörðum. Annað veif-

ið eru þær í sjálfsábúð, en hitt í leiguábúð. Annars sé ég ekki, hver munur getur verið á því, að leiguliði og landsdrottinn greiði þetta gjald báðir eða að gera öðrum þeirra að skyldu að greiða það, því að ef landsdrottinn á að greiða það, þá setur hann afgjald jarðarinnar þeim mun hærra, sem því nemur. En sé leiguliðans að greiða það, þá borgar hann sem því svarar minna eftirgjald. Það er því með öllu ástæðulaust að vera að skipta þessu. Hitt er athugavert, hvort ákvæði þetta ætti ekki að ná til annara jarða en þeirra, sem eru í leiguábúð.

Magnús Guðmundsson: Það er alveg rétt hjá hv. þm. V.-Húnv., að jarðir eru til skiptis í leiguábúð og sjálfsábúð. Má því vel taka til athugunar, hvort ekki sé hægt að láta þetta ákvæði ná einnig til jarða, sem eru í sjálfsábúð. En því verður ekki neitað, að það er síður hætt við, að þær jarðir, sem eru í sjálfsábúð, komist í niðurníðslu, heldur en hinar, sem eru í leiguábúð. Annars er ætlazt til, að sjóð þennan megi ekki skerða, þó að jarðir, sem eru í leiguábúð, komist í sjálfsábúð, nema ef byggt er upp á þeim.

Ég get ekki verið sammála hv. þm. um, að það skipti ekki máli, hvor aðilinn, leiguliði eða jarðeigandi, greiði þetta gjald, því að það eru sett ákvæði um þetta í frv., hvert afgjald skuli vera af jörðum, og getur landsdrottinn því ekki sett það eftir vild. Mér finnst því réttlátt að skipta þessu og láta leiguliða borga eðlilega fyrningu og landsdrottin jafnmikið á móti af eftirgjaldinu. En þegar endurbyggt er, á hann að láta allt, sem til vantar. Ég er því viss um, að það kemur sér betur fyrir hann að láta árlega lítinn hluta af landskuldinni. Það safnast þegar saman kemur.

Ég þykist þess fullviss, að verði þetta skref tekið, þá verði fyrir framtíðina ráðin bót á því stóra og vandasama spursmáli, sem er hýsing jarðanna.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Í 12. gr. frv. er gert ráð fyrir, að leiguliði eigi að borga 1—2% af verði jarðarhúsanna, sem falli í þennan sjóð, og geri ég ráð fyrir, að það sé það, sem talið er hæfilegt fyrningargjald, en eigi svo að bætast við önnur eins upphæð, þá sýnist mér, að gjald þetta sé óþarflega hátt, a. m. k. þar sem góðar og dýrar byggingar eru, og því hart að skylda jarðeiganda til þess að festa fé sitt þannig. (**MG:** Þetta er hámark gjaldsins). Ég veit það, en ég hefi hvergi séð, eftir hvaða reglum eigi að ákveða gjaldið. Ef það eru úttektarmennirnir, sem eiga að ákveða fyrningargjaldið, þá ákveða þeir eðlilega raunverulega fyrningu og það á leiguliði að borga. En þá bætist við, samkv. brtt. hv. 1. þm. N.-M., annað eins, en þá skilst mér, að sjóðurinn verði aukinn fram yfir það, sem nauðsynlegt er til viðhalds og aukningu húsanna. Mér finnst ekki nema eðlilegt, að ábúandi borgi fyrningu húsanna. Hann notar húsin og á því að borga hana.

Magnús Guðmundsson: Mér finnst eins og hv. þm. V.-Húnv. gangi út frá því, að þetta gjald frá leiguliða nægi til þess að byggja upp á jörðunum, miðað við þær kröfur, sem gerðar verða í framtíðinni til húsa á sveitabýlum. Kröfurnar hljóta að vaxa og eiga að vaxa, því að það eru hreinustu vandræði að sjá margar byggingar til sveita. Þeim er mörgum hróflað upp af vanefnum og fátækt. Til þess að bæta úr þessu og svo að hægt sé að byggja upp eins og kröfur tímans heimta, vil ég, að eigandinn sé skyldur að leggja fram á eignarjörð sinni vissan hluta af afgjaldinu árlega.

Umr. frestað.

Á 79. fundi í Nd., 20. maí, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 736, 758, 760, 761, 765, 769, 771).

Sveinn Ólafsson: Ég saknaði þess við fyrri hluta þessarar umr., að hv. 2. þm. Reykv. gerði þá ekki grein fyrir brtt. sínum, og í raun og veru hafði ég hugsað mér að bíða eftir skýringum hans með að taka til máls.

Ég skal láta þess getið um þær brtt., sem fram eru komnar, að þær eru yfirleitt til bóta að mínum dómi, enda þarf frv. mikilla bóta við til þess að það megi verða að lögum. En þótt allar brtt. yrðu samþ., tel ég samt enn svo mikla galla á frv., að mjög varhugavert væri að gefa

því gildi, ekki aðeins forms vegna, heldur líka efnis.

Eins og áður verð ég að halda því fram, að ákvæði 9. gr. um skilyrðislausa lífstíðarábúð séu þess eðlis, að ekki megi lögleiða þau, nema þá ef tekin væru upp víðtæk undanþáguákvæði, sem tryggðu jarðeigendur gegn tjóni og rangsleitni.

Alveg það sama er að segja um þá fortakslausu skuld landeigenda að byggja á leigujörðunum við hæfi eða eftir kröfum hvers ábúanda. Það er svo fráfælandi kostur fyrir jarðeigendurna, að það mundi oft leiða til þess, að þeir yrðu að losa sig við jarðirnar, jafnvel þó að þeir yrðu að sæta afarkostum, og láta þær af hendi fyrir sáralítið verð. M. ö. o. er með þessu gengið svo nærri 63. gr. stjórnarskrárinnar, að ég held, að hvergi í íslenzkum lögum séu dæmi til þess, að eigendum fjármuna séu gerðir slíkir afarkostir. Ekki gildir neitt slíkt um hús, ekki um skip og ekki svo ég viti um nokkurt það fé, sem leigt er eða lánað öðrum til afnota.

Að því er snertir meingölluð fyrirkomulagsatriði frv. get ég bent á það sem dæmi, að ef ákvæði 2. gr. verða að lögum, verður ekki hægt að víkja sér þversfótar í neinu því, er lýtur að samningu jarðarparta eða skiptingu jarða í fleiri býli, nema sækja leyfi til þess um torsótta vegu, fá samþykki úttektarmanna og Búnaðarfél. Íslands.

Nú liggur fyrir brtt. frá landbn. við 1. gr. um skilgreiningu á nafninu jörð. Er þar gert ráð fyrir, að jörð skuli talið sérhvert sveitabýli, sem metið er sérstaklega og framfleytir a. m. k. sem svarar 6 kúgildum. Þarna er þá komin sú skilgreining, sem n. telur eðlilega, og ég get fallizt á, að hún sé dálítið nær lagi heldur en sú, sem í gr. hefir staðið. En hugsum oss mann, sem á tvö slík 6 kúgilda samliggjandi smábýli, bæði laus úr ábúð og að hann vilji taka þau sjálfur til ábúðar. Ef frv. verður að lögum, má hann það ekki, nema úttektarmenn og Búnaðarfél. Íslands samþ. það. Hann má ekki hagnýta sér sína eigin eign á þann veg, nema leita fyrst til matsmannanna og Búnaðarfél. Alveg er það eins eftir þessari sömu gr., ef landeigandi vill skipta ábúðarjörð sinni í fleiri býli, t. d. á milli barna sinna. Hann verður að fá til þess samþykki úttektarmanna og Búnaðarfél. Íslands. Slík fyrirmæli í lögum eru þess eðlis, að ekki geta liðizt eftir gildandi þjóðskipulagi í þessu landi. Slík höft hafa aldrei þekkt verið í þessu landi. Það getur verið, að þeir, sem lengst ganga í áttina móti sócialistum og kommúnistum, geti fellt sig við þau, en þeir, sem hafa mætur á fortíðar og nútíðar þjóðskipulagi munu ekki aðhyllast víðtækari breyt. á því en þörfin krefur.

Ég hefi þá bent á örfátt af því, sem þarf að athuga og gjalda varhuga við, ef þetta frv. á að ná fram að ganga.

Ég vil ekki tefja tímann með því að taka hér upp til umr. fleiri greinar og rekja misfellur þeirra. Ég lít yfirleitt svo á, að það megi ekki koma fyrir, að þetta frv. verði að lögum eins og það er nú. Því verður að umsteypa gersamlega áður. Og ef svo skyldi fara, að það yrði samþ. út úr þessari hv. d., og þannig skapaður möguleiki fyrir því, að það geti orðið að lögum í svipaðri mynd og það nú er í, þá vil ég a. m. k. þvo hendur mínar af því verki og mun því greiða atkv. á móti frv. út úr d. Hinsvegar greiði ég vitanlega atkv. með þeim brtt. öllum, sem telja má til bóta.

Ég skal svo ekki tefja tímann frekar, og mun láta mér hægt og ekki taka mér nærri, þótt mér verði harkalega svarað.

Einar Arnórsson: Því miður gat ég ekki verið við umræður þessa máls í gær. En þar sem hæstv. forseti sýndi þá biðlund að fresta umræðulokunum þangað til í dag, fæ ég nú tækifæri til þess að tala fyrir þeim brtt., sem ég hefi leyft mér að flytja við frv. En ég get til að byrja með tekið undir það með hv. 1. þm. S.-M., að þó að þær brtt., sem fram eru komnar við frv., bæði frá hv. landbn. og einstökum þm., yrðu samþ., yrðu samt ýms ákvæði í frv., sem ég er ekki ánægður með og get ég hvað það snertir vísað til þess, sem ég sagði við 2. umr. þessa máls hér í hv. d.

Ég ætla þá að ganga stuttlega gegnum brtt. mínar, sem eru á þskj. 760. Brtt. þær, sem ég flyt við 1., 2. og 4. málsgr. 2. gr. talaði ég eiginlega um við 2. umr. Ég skal geta þess, að inn í 1. brtt. hefir

slæðzt ofurlítil villa. Hún ætti að hljóða þannig: „Orðin „og Búnaðarfélag Íslands samþykki hana“ falli burt“. Og við e-lið stendur: „Í 3. málsgr.“ o. s. frv., en á að vera: „Í 4. málsgr.“ o. s. frv.

Ég benti á það við 2. umr., að það væri ekki nema til tafar og óþæginda að leggja þau atr., sem 1., 2. og 4. málsgr. 2. gr. ræða um, undir úrskurð Búnaðarfélags Íslands. Ég ætla, að úttektarmönnunum sé eins vel trúandi til þess að meta það, hvort menn eiga að fá að sameina jarðir, hafa ábúð á fleiri en einni jörð samtímis, eða skipta jörðum í fleiri býli, eins og svo margt annað, sem þeim er falið að meta. Ef ég man rétt, eru þessi atr. ekki lögð undir Búnaðarfél. í frv. eins og mþn. gekk frá því, svo ég get vænzt þess, að hv. flm. hafi ekkert á móti þessari brtt. minni, þar sem hún er í samræmi við það, sem þeir sjálfir lögðu upphaflega til.

Þá er 2. brtt. mín, sem er við 3. gr. frv. Í henni segir, að „ef enginn hefir not jarðarinnar, er landsdrottni óskylt að greiða af henni opinbera skatta eða skyldur eða önnur lögskil“.

Eftir frv. á maður, sem ekki hefir fengið jörð sína byggða, að inna af hendi öll lögskil fyrir hana. Ég veit nú ekki, hvernig koma á því við. Það er e. t. v. hægt að láta eiganda eyðijarðar sjá um fjallskil eða borga smalamennsku þar, en það er ómögulegt að láta hann bera þingboð þaðan og þvíumlíkt. Þingboð koma alls ekki þangað sem enginn er til þess að heyra þau og enginn til að flytja þau. Eigandi eyðijarðarinnar getur átt heima í öðrum hreppi og þarf ekki að eiga þar eina einustu sauðkind, er þá lítil sanngirni að skylda hann til þess að ganga á fjöll og firnindi til að smala kindum nágrannanna, sem nota sér land hans í óleyfi.

Það getur verið, að þetta sé ekki stórvægilegt atr., en í eðli sínu er það rangt að skylda jarðeiganda undir öllum kringumstæðum til þess að inna af hendi þessi lögskil, hvort sem hann getur haft nokkur not af jörðinni eða ekki.

Þá er brtt. við 6. gr., 2. málsgr. Þar segir í frv., að í byggingarbréfi skuli „nákvæmlega taka fram um leiguliðanot samkv. lögum þessum, skyldur leiguliða og fyrir hverjar vanrækslur hann missir rétt sinn til ábúðar“. Með þessu er eiginlega sagt, að í byggingarbréfi eigi að taka upp mikinn hluta af ábúðarlögunum, og myndu byggingarbréfin með því móti verða óþarflega löng. Ég hefi séð nokkuð mörg byggingarbréf um æfina. Ég hefi séð byggingarbréf, þar sem málsaðilar hafa reynt að taka upp sem mest úr ábúðarlögunum frá 1884, og hefir mér virzt það takast misjafnlega. Og ég hefi líka séð, og sjálfur útbúið, byggingarbréf, þar sem beint hefir verið sagt, að um það, sem ekki er sérstaklega tekið fram um í bréfinu, skuli fara eftir ábúðarlögunum. Það er sú regla, sem ég hugsa mér, að sett verði með 3. brtt. minni á þskj. 760. Þá þurfa málsaðiljar ekki að taka annað fram í byggingarbréfinu en hverjir þeir eru, hver jörðin er, sem byggð er, og hver leigumálinn er; um flest annað nægir að vísa til ábúðarlaganna, eða þá taka ekkert fram um það, því að ef ágreiningur verður, er vitanlega úr honum skorið eftir ábúðarlögunum.

Við 9. gr. 1. málsl. hefi ég líka komið með brtt. Ég skal geta þess, að hún gengur skemmra heldur en ég hefði viljað. En ég bjóst ekki við, að brtt., sem lengra gengi, hefði byr hér í hv. d. Þessi brtt. felur það í sér, að ekkja, sem giftist aftur, eða hennar maður, hafi ekki lengur ábúðarrétt, sem hún hefir fengið eftir fyrri mann sinn. Ég talaði um þetta atr. við 2. umr. og ætla ekki að endurtaka það.

Sömuleiðis hefi ég gert brtt. við 10. gr. Hv. 1. þm. N.-M. hefir flutt brtt. við 9. gr., sem ég er samþykkur, þess efnis, að orðin „eignar og“ falli burtu, þ. e. a. s., ef t. d. faðir tekur jörð úr ábúð handa syni sínum til ábúðar, þá þurfi hann ekki endilega að afhenda honum hana til eignar. En hv. þm. hefir ekki tekið eftir, að þessi orð eru endurtekin í 10. gr. og þurfa að falla niður þar líka, ef brtt. hans er samþ., sem ég vona að verði.

Þar næst hefi ég gert brtt. við 16. gr., um að landsdrottinn, sem lagt hefir til nægileg peningshús, sem enn eru í nothæfu ástandi, en notast ekki lengur vegna breyttra búnaðarhátta á jörðinni, sé ekki skyldur til að láta landseta sínum í té ný hús. Ég held, að ég hafi talað um þetta við 2. umr. Mig minnir, að ég tæki dæmi

af því þá, ef landsdrottinn hefði t. d. upphaflega látið landseta sinn fá gott fjós, nýlegt og nægilega stórt fyrir þær kýr, sem þá var hægt að hafa á jörðinni, en svo breytti landsetinn þannig til, að hann fargaði kúnum og keypti sauðfé í staðinn, þá heimtaði hann ný fjárhús af landsdrottni, en fjósið stæði ónotað. Þetta fannst mér ósanngjarnt, að láta landsdrottna verða svo algerlega háða kröfum landseta, að þeir verði að byggja peningshúsin upp af nýju, ef landseta dettur í hug að skipta um búnaðarháttu, þótt það sé á engan hátt jörðinni eða eiganda hennar að kenna.

Brtt. mín við 17. gr. er að vísu lítils virði. En mér finnst óviðfelldið að setja það í lagatexta, að einn maður geti falið öðrum manni að fara með umboð sitt til þess að gera þetta eða hitt, því það er svo sjálfsagt frá sjónarmiði heilbrigðrar skynsemi, að ekki þarf að taka það fram í lögum.

Þá er 8. brtt., við 27. gr. Mér finnst rétt að taka það fram, að það séu einungis skattar og skyldur, sem telja má, að sérstaklega hvíli á leigujörðinni, sem leiguliði á að greiða. Fasteignagjaldið í ríkissjóð hvílir nú t. d. á jörðunum, því það er lögveð í þeim því til tryggingar. Aftur á móti er ómögulegt að segja, að eignarskattur af verðmæti jarðar og tekjuskattur af þeim tekjum, sem eigandinn hefir af henni, hvíli sérstaklega á jörðinni sjálfri. Með brtt. minni vil ég gera það glöggt, að ábúandi eigi aðeins að greiða þá skatta og gjöld af ábúðarjörð sinni, sem eingöngu eru við hana miðuð, en ekki aðrar eignir eða tekjur jarðeigandans jafnframt.

Þá er í sömu brtt. falin önnur breyt. á 27. gr., sem meiru máli skiptir. Eins og hún er nú orðuð í frv., þá er eftir henni eindagi jarðarafgjalda fyrir fardaga ár hvert. Það er ekki fullkomlega augljóst, hvort gjalddaginn á eftir þessu að vera fyrirfram eða eftir á, en ég þykist vita, að meiningin sé, að hann eigi að vera eftir á. Nú er gert ráð fyrir í frv., að ef leiguliði geldur eigi eftir jörðina næsta missiri eftir að leigan fellur í gjalddaga, þá hafi hann fyrirgert ábúðarrétti sínum frá næstu fardögum. Eftir þessum reglum getur hver óreiðumaður sem vill fengið sér byggða jörð og setið á henni 2 ár, án þess að borga eftir hana einn eyri. Það er fyrst þegar tvö ár eru liðin, sem jarðeigandinn getur losnað við hann af jörðinni. Þetta finnst mér óhæfilegt og réttur landsdrottna með því ofurseldur; ég er viss um, að ýmsir óreiðumenn myndu nota sér það. Ég legg til, að ákvæðunum um þetta verði breytt þannig, að jarðarafgjöld skuli greidd eftir á ár hvert fyrir veturnætur og gjalddagi sé síðasti sumardagur. Þetta er ekki mikil breyt. frá því, sem nú er, því kúgildisleigur á, að mig minnir, að greiða 29. september, en landskuld þar á móti í fardögum eftir á, nema öðruvísi sé um samið. En hausttíminn mun vera einna hentugastur gjalddagi fyrir bændur, því þá hafa þeir venjulega komið í verð afurðum sínum, svo sem ull og kjöti. Það mun því hvorki verða gengið á rétt leiguliða né landsdrottins með því að ákveða gjalddagann síðasta sumardag.

Einnig sú efnisbreyt. felst í þessari brtt., að hafi leiðuliði ekki greitt að fullu jarðarafgjöldin fyrir næstu jól eftir eindaga, þá geti landsdrottinn byggt honum út, enda geri hann það fyrir 15. jan. næstan á eftir. Þó að þessi brtt. verði samþ., orkar það að vísu ekki að koma í veg fyrir, að óreiðumenn geti haft jörð til afnota eitt ár án þess að gjalda eftir hana, en þeir geta það þó ekki lengur, ef landsdrottinn notar sér þann rétt, sem í brtt. minni felst.

Brtt. mínar við 29. og 30. gr. eru eðlilegar lagfæringar. Eins og greinarnar eru nú, finnst mér þær ekki falla vel við önnur fyrirmæli frv.; geri ég ráð fyrir, að hv. þm. hafi tekið eftir því, svo ég þurfi ekki að fara nánar út í það.

Þá á ég brtt. við 36. gr. Ég legg til, að er meta skuli upp leigumála, þurfi ekki aðrir um það að fjalla en úttektarmenn. Gerðardómur virðist hér óþarfur, þar sem slíkt mat getur ekki verið vandasamara en að ákveða hæfilegt eftirgjald eftir 1. málsgr. 3. gr. Þetta er ekkert stefnuatr. Eins og gerðardómurinn er skipaður eftir 36. gr. myndu þessir tveir menn, sem aðiljar nefna í dóminn, verða hlutdrægir hver á sína vísu. Reynsla við matsgerðir og fleira hefir sýnt, að slíkir menn skoða sig fremur sem málsvara en óvilhalla

dómendur. Málsaðiljum er ekki heldur fyrirmunað að tala sínu máli, þótt úttektarmenn einir framkvæmi matið.

Þá er lítil brtt. við 37. gr. Mér skilst svo, að sá einn leiguliði, sem bjargar reka undan sjó, skuli fá álnarlöng kefli og þar undir. Ef það á að vera aðalreglan, að leiguliði fái einn ⅓ rekans, þá ætti það ekki að fara eftir því, hvort trén eru stór eða lítil. En eigi leiguliði ávallt að fá þessi kefli, á mín brtt. ekki við. Veit ég ekki, hvernig flm. hafa hugsað sér að gera grein fyrir þessu.

Þá er orðabreyt. á 41. gr. Ég álít, að úr því að úrlausn úttektarmanna er kölluð „mat" eigi það einnig við hér.

Þá er 14. brtt., við 44. gr. Mér virðist ákvæði hennar vera helzt til óákveðin í frv. Eftir greininni getur landsdrottinn boðið leiguliða jörð við fasteignamatsverði og árs gjaldfresti til kaups, en vilji leiguliði ekki kaupa, verður hann að víkja fyrir nýjum eiganda. Hér er gert ráð fyrir, að jarðeigandi hafi annan kaupanda, og ef hann selur honum, verður landseti að víkja fyrir honum, en í frv. er ekki tekið fram, með hvaða fyrirvara, en það hlýtur að vera ársfrestur. Ef leiguliða er t. d. boðin jörð til kaups 1. des. á hann að fá frest til 1. des. næsta ár og víkja í næstu fardögum þar á eftir.

Þá er brtt. við 46. gr. Hún er aðeins til skýringar. Í gr. er talað um, að varamaður komi í stað úttektarmanns, en ég vil orða þetta svo, ef hann sé svo nákominn aðilja, að hann mætti eigi dómkveðja til dómsstarfa í máli hans.

Brtt. við 51. gr. eru svo einfaldar, að ég sé ekki ástæðu til að tala um þær. Í a-liðnum felst, að fyrir „fjárnám" komi „lögtak". Í enda greinarinnar legg ég til, að orðin „nema á annan hátt hafi verið um samið", falli niður, þar sem búið er að taka hið sama fram áður. Annars er mér sama, hvort b-liðurinn verður samþ. eða ekki.

Ég hafði sent í prentsmiðjuna brtt. við 9. gr., en hún hefir fallið niður á þskj. Hún er um það, að landsdrottinn megi afhenda jörð tengdabarni sínu, kjörbarni og stjúpbarni. Býst ég við, að enginn hafi á móti þessu, hvorki flm. né aðrir, en af því að greinarmunur er gerður á þessum vandamönnum og þeim, sem frv. greinir, í fátækralögunum og dómaskipan, er ljósara, að þetta sé tekið fram.

Þá hefi ég flutt orðabreyt. við 6. brtt. landbn. á þskj. 758. Hún virðist hafa ruglazt eitthvað í meðförunum, því að þar stendur, að „úttektarmenn skuli lýsa nákvæmlega stærð og ásigkomulagi húsa, hvað þeim sé áfátt sem fullgildum jarðarhúsum". Þetta finnst mér að geti ekki staðizt, því að „fullgildum jarðarhúsum" getur ekki verið áfátt, en meiningin er sú, að úttektarmenn meti, hvað skorti á, að húsin séu fullgild. Orðinu „þau" er ofaukið á fyrri staðnum, og bið ég hæstv. forseta að athuga það.

Ég vil að endingu vekja athygli á brtt. landbn. á þskj. 765, um að leiguliðabót sé færð úr 1% og 2% í ½% og 1%. Ég efast um, að þetta sé til bóta. Eftir gildandi lögum til skattlags er ætlað 2% af timburbyggingum og 1% af steinbyggingum. Býst ég við, að þetta hafi vakað fyrir flm. og n. og meðan ekki koma fram ný rök, mun ég greiða atkv. á móti brtt. þessari.

Jörundur Brynjólfsson [óyfirl.]: Ég tel þær brtt., sem fram hafa komið, yfirleitt vera til bóta og er því flm. þakklátur fyrir þær. Þær lagfæra flestar frv., en skerða mjög lítið efni þess. Yfirleitt mun ég því ekki gera þær að ágreiningsefni. Sú tilhliðrun, sem á sér stað í einstökum atr., stríðir ekki á móti tilgangi frv. Fer og bezt á, að lögin séu sanngjörn í garð allra í framkvæmd og engum gerð meiri óþægindi en nauðsyn ber til.

Viðvíkjandi brtt. hv. 2. þm. Reykv. get ég látið í ljós, að þær eru til bóta og gera frv. ljósara. Um 11. brtt. vil ég segja það, að þótt okkur þætti þörf á að búa vel um matið eftir 36. gr., þá er rétt, að í ýmsum efnum eru lagðar svo miklar skyldur á herðar úttektarmanna, að eins má trúa þeim fyrir endurmati á leigumála. Brtt. gerir matið einfaldara og kostnaðarminna, þar sem jafnan á að vera tiltölulega auðvelt að ná til úttektarmanna, en ætti þó ekki að draga úr öryggi þess.

Um till. hv. 1. þm. N.-M. er það að segja, að ég get fallizt á tvær aðalbrtt. hans, III. og V. brtt. Fyrir okkur, sem sömdum frv., vakti að búa sem tryggi-

legast um það, að ekki væru seldar burt jarðarnytjar, án þess að jörðinni væri haldið í góðri rækt. En staðhættir og þjóðlífshættir hafa breytzt svo, að oft getur verið auðveldara fyrir leiguliða að bjarga sér, ef hann hefir frjálsari hendur í þessu efni, að því tilskildu, að jörðin gangi ekki úr sér.

Ég hefi flutt brtt. við 34. gr. um það, að leiguliða sé ekki skylt að annast um efnisflutninga innanlands. Ég get að vísu fallizt á, að leiguliði hjálpi stundum til að endurreisa jarðarhús, enda er sú kvöð lögð á hann, að hann flytji að nærtækt efni, en jafnframt, að hann flytji að allt byggingarefni úr kaupstað. Ég hefi áður vikið að því, að þetta gæti orðið óbærileg kvöð, þegar hún bætist ofan á vexti og fyrningargjald. Þetta er því ekki viðhlítandi. Við skulum hugsa okkur, að hús falli í jarðskjálfta. Þá getur allmikill hluti af verði húsanna verið fólginn í flutningskostnaði, og þetta ætti leiguliði að leggja til, án þess að fá nokkrar bætur og greiða auk þess vexti og fyrningargjald.

Ég hefði talið æskilegt að finna hér einhverja millileið, en af því að ég sá, að hún myndi verða út í loftið, hefi ég lagt til, að þetta ákvæði verði fellt niður. Ég hygg, að flestir leiguliðar muni aðstoða eftir getu við endurbyggingu jarðarhúsa, án þess að reikna fyrirhöfn sína.

Þá er brtt. frá hv. 1. þm. Eyf. og mér um það, að þegar jarðeigandi eða leiguliði telji leigumála óviðeigandi, geti þeir óskað eftir mati, og ætti það að tryggja báðum sanngjarna lausn. Ella gæti risið ágreiningur milli þessara tveggja aðilja, sem spillti sambúðinni og ylli því, að meðferð jarðarinnar yrði verri en ella. Landbn. vill fella niður orðin „og leggja málið í gerð“ o. s. frv. Ég get fallizt á, að hitt nægi, einkum ef brtt. hv. 2. þm. Reykv., sem miðast við, að svo verði gert, verður samþ.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um till. Mér þykir vænt um, að hv. þm. vilja leggja sitt bezta til málanna, og þótt horfur séu á því að málið fái ekki afgreiðslu á þessu þingi, tel ég þó undirbúning þann, er það hefir fengið, mikilsverðan.

Ég ætla ekki að svara þeim ummælum hv. 1. þm. S.-M., að frv. skorti á margt bæði í efni og orðfæri. Ég ætla, að við verðum seint sammála um efni frv. En ég hygg, að hans efnisbreyt. séu sízt til bóta. Það var leiðinlegt að heyra það til svo rökviss og greinds manns, að frv. rækist á stjskr. Hér er öllum tryggður fullkominn eignarréttur. Hinsvegar hefi ég aldrei heyrt hv. 1. þm. S.-M. segja, að gamla löggjöfin hyggi skarð í eignarrétt leiguliða, en það gerir hún þó á ýmsan hátt. Og er hann drap á hús í kaupstöðum og skip, og sagði, að engin ákvæði væru til um að þau skyldu vera nothæf, þá er því til að svara, að það er fullkominn misskilningur, því með löggjöfinni eru reistar rammar skorður við því, að hús eða skip séu í því ástandi, að notendur bíði tjón af og lagður skyldur á herðar eigendum í því efni. Mér virðist hv. þm. ekki hafa gert sér grein fyrir, hve afstaðan er orðin gerbreytt frá því sem áður var, og að þetta sé ástæðan fyrir því, hve bágt hann á með að sætta sig við ákvæði frv., sem brjóta í bága við gamlar venjur. En ég vil benda á, að í aðalatr. göngum við ekki lengra en gert var í lögum, sem giltu frá stofnun Alþingis og þangað til gömlu ábúðarlögin voru sett. Því þó að konungur upphaflega, og ýmsir aðrir í kjölfar hans, kæmu af höndum sér þessum skyldum, þá höfðu það þó verið lög. Og venjan var svo rík í þessu efni og sat svo fast í mönnum, að þrátt fyrir það, þó landsdrottnarnir gætu komið sér undan þessum skyldum, lögðu þeir samt jörðunum til nauðsynleg hús eins og tíðkazt hafði til forna.

Frekar skal ég svo ekki ræða um þetta.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Landbn. hefir athugað þær brtt., sem fyrir liggja við frv., og skal ég lítillega drepa á, hverja afstöðu hún hefir tekið til þeirra.

Ég ætla þá fyrst að snúa mér að brtt. á þskj. 760, frá hv. 2. þm. Reykv. Um 3 fyrstu brtt., sem eru í raun og veru ein brtt. í 3 liðum, og fjallar um það, að numið verði í burtu úr frv. að Búnaðarfél. hafi nokkuð um það að segja, hvort jarðir megi sameina, hvort leyfð skuli ábúð sama manns á 2 eða fleiri jörðum samtímis, og um skiptingu jarða, skal ég

geta þess, að n. hefir óbundin atkv. um þessi atr. Ég lít sjálfur svo á, að þessi ákvæði megi gjarnan standa, eins og ég gerði grein fyrir við 2. umr. Búnaðarfél. yrði þá einskonar yfirdómur um þessi mál, ef með þyrfti, og mundi sjá um, að samræmis gætti um veitingu þessara leyfa í hinum einstöku sveitum landsins. En annars álít ég þetta ekki mikið atr., og mun ekki hefja neinar deilur um það.

Um 2. brtt. á sama þskj., við 3. gr., þar sem hv. 2. þm. Reykv. leggur til, að auk þess, að svo er ráð fyrir gert í 3. gr. frv., að ef jörðin er ónotuð, þá þurfi ekki að greiða af henni skatta, þá skuli eigandinn ekki heldur þurfa að inna af höndum önnur lögskil, en þau eru hreinsun heimalanda, smalamennska, bréfaburður, refaeyðing og annað slíkt, er það að segja, að n. getur ekki fallizt á þetta. Skyldu eins og bréfaburð er náttúrlega útilokað, að eigandi geti innt af höndum, því til þess þarf hann að vera á staðnum, enda verður þess vafalaust ekki krafizt; a. m. k. veit ég ekki til, að það hafi verið gert, þó jörð hafi verið í eyði. En þó jörð sé í auðn 1 ár, þá verður eigandinn auðvitað að sjá um hreinsun heimalands, og getur n. ekki fallizt á að losa hann við slíka kvöð. Hv. þm. talaði um, að ef jörð lægi í eyði til langframa, þá væri það hörð kvöð að inna þetta af höndum fyrir eyðijarðir. Ég hygg, að það kæmi nú mjög sjaldan til þess. Það er náttúrlega hægt að varpa þessu fram sem hugsanlegum möguleika, en í reyndinni kæmi það varla fyrir, því sjálfsagt mundi landsdrottinn gera sér far um að losa sig við slíka jörð á einhvern hátt. Hún yrði sjálfsagt í ýmsum tilfellum lögð til afréttarlands sveitarfélagsins eða upprekstrarfélags; það hefir venjulega farið svo með eyðijarðir. Aftur á móti, þó jörð sé í eyði 1—2 ár, þá sér n. enga ástæðu til, að þessi kvöð verði af landsdrottni tekin. Landbn. mælir því gegn því, að þessi till. verði samþ. Aftur á móti skal ég taka það fram, að n. álítur, að 3 brtt., sem er aðeins orðabreyt., sé til bóta, og mælir með, að hún verði samþ.

Þá kemur 4. brtt., við 9. gr., og er þar um efnisbreyt. að ræða. Þar er svo tiltekið, að allar jarðir skuli byggja æfilangt, og hafi ekkja landseta ábúðarréttinn, þar til hún giftist af nýju. N. getur fallizt á, að þetta megi svo vera; þó það kunni að vera skiptar skoðanir innan landbn. um þetta, sér hún ekki ástæðu til að gera þetta að ágreiningsmáli, og vil ég því mæla með, að brtt. verði samþ.

Þá er á öðru þskj., 780, frá sama þm. brtt. um það, að leyfi það, sem landsdrottinn hefir til að taka jörð úr ábúð, sé rýmkað nokkuð með því, að bætt sé við upptalninguna: stjúpbarni, tengdabarni eða kjörbarni. N. hafði ekki ástæðu til að taka afstöðu til þessarar till., af því að hún kom svo seint fram, og skal ég því ekki ræða um hana frekar, því ég álít hana líka sjálfur aukaatr., en mun annars með atkvæði mínu sýna mína afstöðu til hennar.

Þá er 5. brtt. á þskj. 760; hún er í raun og veru í samræmi við brtt. hv. 1. þm. N.-M., sem ég minntist á í gær. Ég vil geta þess, að hún er um það, að það falli burt úr 9. gr., þar sem talað er um, að ef landsdrottinn vill taka jörð úr ábúð fyrir sig eða skyldmenni sín, þá geti hann það ekki, nema setjast á hana sjálfur eða afhenda hana öðrum til eignar og ábúðar. Hv. flm. leggur til, að „eignar" sé þarna tekið burt. Landbn. hefir óbundin atkv. um þessa till. Sjálfur greindi ég frá afstöðu minni í gær, og skal ekki taka það upp aftur að þessu sinni.

Þá er 6. brtt., við 16. gr., sem fjallar um húsaskyldu landsdrottins. Hv. flm. till. leggur til, að bætt verði inn nýrri málsgr. um að ákvæði 1. mgr. 16. gr. gildi ekki, ef landsdrottinn hefir lagt til nægileg peningshús, sem enn eru að dómi úttektarmanna í nothæfu ástandi, en verða nú eigi notuð til fulls vegna breyttra búnaðarhátta á jörðinni, t. d., ef tekið væri upp kúabú í stað sauðfjárbús, sem áður hefði verið. Þetta telur n. rétt, því hún álítur, að ekki komi til mála að láta landsdrottin byggja tvöfalt eða þrefalt við það, sem þarf yfir þann búpening, sem jörðin getur fleytt. N. mælir því með því, að þessi brtt. verði samþ.

Þá er það 7. brtt., við 17. gr. frv. Þar leggur hv. flm. til, að síðari málsl. falli niður. Hann hljóðar um það, að landsdrottinn geti falið leiguliða að annast um vátryggingu á húsum á leigujörð fyrir sína hönd. Hv. þm. sagði, að þetta væri

svo sjálfsagt, að það væri óviðfelldið að vera að taka það fram í lögum, að það væri hægt fyrir mann að fela öðrum að gera eitthvað fyrir sína hönd samkv. samningi. En landbn. lítur svo á, að hér með sé leiguliða gert það að skyldu að annast þetta fyrir landsdrottin, ef það er hægara fyrir hann að fela leiguliða þetta en að sjá sjálfur um það. Þetta mundi helzt gilda, ef landsdrottinn byggi sjálfur langt frá leigujörðinni. Ef landsdrottinn t. d. byggi í öðru sýslufélagi en leigujörð hans væri í, þá gæti verið betra fyrir hann, að leiguliðinn sæi um þetta fyrir hann, greiddi t. d. nokkurn hluta af eftirgjaldinu fyrir vátryggingu á húsunum. Við slík tækifæri lítur n. svo á, að það eigi að vera skylda leiguliða að annast þetta fyrir landsdrottin, ef hann vill. En það má vel vera, að það væri betur orðað á annan veg, t. d., að leiguliða væri skylt að sjá um þetta. En ég hygg þá, að þegar því er lýst yfir af n., að hún álíti þetta skyldu, þá muni mega álítast, að svo sé. N. leggur því á móti því, að þessi brtt. verði samþ.

Þá er það brtt. við 27. gr.; það er um greiðslu jarðarafgjalda og skatta af leigujörðum. N. fellst á, að sé skýrar ákveðið í brtt. en frv., hvort greiða eigi fyrirfram eða eftir á jarðarafgjöld, og getur yfirleitt fallizt á þessa brtt. hv. þm. Hv. flm. mælti rækilega fyrir brtt., og þar sem ég get alveg fallizt á röksemdafærslu hans fyrir henni, þá skal ég ekki lengja tímann með því frekar að færa fram rök fyrir henni.

Næstu brtt., bæði 9. brtt., við 29. gr. og 10. brtt., við 30. gr., eru aðeins leiðréttingar, þar sem fært er til betra máls það, sem í gr. segir, og föllumst við á þær brtt. eins og þær liggja fyrir.

Þá kemur 11. brtt., við 36. gr. Aðalefnisbreyt. er sú, að í þeirri grein er gert ráð fyrir, að ef breyt. verða á verðlagi eða aðstaða til búskapar á jörð breytist, án þess að það sé af náttúruvöldum, eins og t. d. vatnsgangi, skriðum, sandfoki eða öðrum náttúruviðburðum, og án þess að hún breytist fyrir tilverknað leiguliða eða landsdrottins, þá sé hægt að krefjast þess, að nýtt mat fari fram á jörðinni og nýr leigumáli sé settur. Í frv. er ennfremur gert ráð fyrir, að gerðardómur skeri úr þessu, ef samkomulag næst ekki. Hv. þm. leggur til, að gerðardómurinn sé numinn burtu. N. getur fallizt á, að svo megi vera, og að hér sé ekki ástæða til, frekar en í öðrum tilfellum, sem um ræðir í frv., að leggja málið í gerð, og mælir n. því ekkert á móti þessu.

Ég vil í sambandi við þetta minnast á brtt. frá hv. 1. þm. Árn. og hv. 1. þm. Eyf. á þskj. 771, þar sem þeir leggja til, að aftan við þessa gr. bætist ný málsgr., þar sem öðrumhvorum aðilja sé gefin heimild til að krefjast endurmats á leigumála jarðar, ef hann telji hann óviðunandi, samanborið við leigumála á líkum jörðum í þeirri sveit eða héraði. N. leggur til, að þessi viðbót verði samþ. En til samræmis við till. hv. 2. þm. Reykv. hefir hún borið fram brtt. á þskj. 781, um að niðurlag brtt. á þskj. 771 falli niður, því það á frekar við frv., en ekki við till. hv. 2. þm. Reykv.

Þá er það smábrtt. við 37. gr., um reka. Það má vera, að eins og gr. er í frv., sé ákvæðið um skiptingu rekans ekki eins skýrt orðað og skyldi, svo að mismunandi skilning megi leggja í það. Ég leit svo á, að niðurlag gr., sem hljóðar svo: „Öll álnarlöng kefli eða minni skulu vera eign leiguliða“, ætti við alla gr. Ég skal viðurkenna það, að ég leit svo á, að þar sem talað er um „álnarlöng kefli eða minna“, þá ætti allt það smælki að vera eign leiguliðans, í öllum tilfellum. En nú hefir hv. 2. þm. Reykv. lagt til, að skotið verði inn orðinu „þá“ milli „skulu“ og „vera“, svo að þetta hljóðar svo: Skylt er leiguliða, ef sérstakt rekaítak er í ábýlisjörð hans, að hirða reka fyrir eiganda, marka hann viðarmarki hans og bjarga, svo að sjór taki ekki út. Öll álnarlöng kefli eða minni skulu þá vera eign leiguliða“. Og mun þá ekki orka tvímælis, að síðasti málsl. gr. á aðeins við þau tilfelli, þegar í ábýlisjörð leiguliða er sérstakt rekaítak. Það er náttúrlega aukaatr., hvort þessi brtt. verður samþ. eða ekki. En annars hefði ég kosið, að leiguliði ætti alltaf í öllum tilfellum allt smælkið, eins og verið hefir, því það er svo ómerkilegt og verðlaust, að það verður aldrei flutt burt af jörðinni, og getur því eingöngu komið þeim að notum, sem situr á þeirri jörð, sem rekinn er á.

13. brtt., sem er aðeins orðabreyt., föllumst við á.

Þá er brtt. við 44. gr., um kaupskyldu leiguliða á leigujörðum, þar sem hv. 2. þm. Reykv. leggur til, að þó leiguliði verði að víkja af ábýlisjörð sinni, vegna þess að hann vill ekki kaupa eða getur ekki keypt, þá skuli hann þó ekki verða að víkja fyrr en í næstu fardögum, að ársfrestinum liðnum. Landbn. er þessu meðmælt, og mæli ég því með, að brtt. verði samþ.

Um hinar, 15. og 16. brtt., sem aðeins eru smávægilegar orðabreyt., er það að segja, að n. telur rétt að samþ. þær, og álítur, að það megi betur fara, ef þær verða samþ.

Hv. 2. þm. Reykv. minntist lítilsháttar á brtt. landbn. á þskj. 765, um fyrningargjaldið eða leiguliðabótina, þar sem lagt er til, að það sé lækkað um helming frá því, sem er í frv., nefnilega, að það verði aldrei hærra en ½% af steinbyggingum og 1% af byggingum úr öðru efni. Í þessu sambandi minntist hv. þm. á, eins og rétt er, að þetta væri samkv. þeim reglum, sem gilda við skattmat fasteigna, og að það mundi einnig hafa verið lagt hér til grundvallar. Hann sagði, að þetta mundi a. m. k. hafa vakað fyrir mþn., en það var ekki mþn., sem setti þetta í frv., heldur var það gert hér eftir till. landbn.

En ég skal nú geta þess, að samkv. okkar till. er svo til ætlazt, að hálft fyrningargjaldið eða leiguliðabótin megi standa vaxtalaust hjá leiguliða meðan hann býr á jörðinni og ekki þarf að endurbyggja hús á henni, og með því móti eru gerðar miklu minni kröfur til leiguliða en ef hann á að svara allri leiguliðabótinni út árlega. Ég skal líka færa rök fyrir því, að það er óþarfi að ætla hámark leiguliðabótarinnar 1% af steinbyggingum og 2% af byggingum úr öðru efni. Ef gert er ráð fyrir, að 1% af kostnaðarverði húsanna sé lagt í sjóð og greiddir af honum 4% vextir á ári, þá mundi þessi 1% í sjóði ná stofni á 38—39 árum. Nú er engin ástæða að ætla, að því er okkur virðist, að vel gerðar steinbyggingar endist ekki lengur en þetta. Með ½% gjaldi og 4% vöxtum væri stofninn ekki lengur en 53—54 ár að nást upp. Með 2% gjaldi væri hann á sama hátt ekki nema 26—27 ár að nást upp, og það sýnist okkur óþarfi, þó að um torf- eða timburbyggingar sé að ræða, að ætla þeim ekki að standa lengur, ef þær eru vel gerðar í upphafi. N. hefir því komizt að þeirri niðurstöðu, að fyrningargjaldið, eins og það er nú í frv., sé of hátt og að það sé óþarfi að gera svo háar kröfur til leiguliða í þessu efni. Það má líka gjalda varhuga við að binda leiguliðunum of þunga bagga með leiguliðabótinni. Hún á að vera endurgjald fyrir afnot og fyrningu húsanna, en það er ekki ætlazt til, að hún geti orðið að sjóðssöfnun fyrir landsdrottna umfram það, sem þarf til að endurbyggja á jörðunum. Og ef gott lag er á byggingunum í upphafi, þær vel gerðar o. s. frv., þá er það víst, að það fyrningargjald, sem n. leggur til, mun nægja. Það er náttúrlega ekki hægt að gefa ákveðnar, fastar reglur fyrir því, hvernig þessar byggingar skuli vera í hverju einstöku tilfelli, því þar kemur svo margt til greina, sem er sérstakt fyrir þann stað, sem byggt er á í það og það skiptið, bæði veðráttufar og annað. En ef um slíkar byggingar er að ræða, sem eru svo illa gerðar í upphafi, að það fyrningargjald, sem n. leggur til, nægi ekki, þá sé ég ekki betur en að það bitni á þeim landsdrottni, sem hefir lagt svo illa til húsanna í byrjun, að þau hafa orðið illa gerð.

Þetta gerði það að verkum, að n. sá sér fært að lækka frá því sem var í hennar fyrstu till. fyrningargjaldið eða leiguliðabótina.

Þá held ég, að það sé ekki fleira viðvíkjandi brtt. hv. 2. þm. Reykv. og því, sem hann sagði, sem ástæða sé til fyrir mig að minnast á í þessu sambandi.

Ég hefi þegar talað um brtt. á þskj. 771 frá hv. flm. ábúðarlagafrv., en þá er það brtt. á þskj. 769, frá hv. 1. þm. Árn., þar sem hann leggur til, að gerð sé sú breyt. á 34. gr. frv., þar sem rætt er um það, ef hús á leigujörð verður fyrir skemmdum af völdum náttúrunnar, svo sem af snjóflóði, vatnsflóði, skriðum eða jarðskjálfta, sem leiguliða verður engin sök á gefin, þá skuli landsdrottinn og leiguliði gera hús aftur í sameiningu. Ennfremur er í frv., eins og það liggur fyrir, ráð fyrir því gert, að leiguliði skuli

sjá um allt innlent efni í bygginguna og annast alla efnisflutninga innanlands. Hv. 1. þm. Árn. leggur til, að fellt sé í burtu ákvæðið um, að leiguliði annist alla efnisflutninga innanlands.

N. játar það, að eins og þetta er sett fram í gr. nú, geti það í vissum tilfellum komið illa niður, svo að t. d. þar sem flutningar eru langir og erfiðir, geti hlutur leiguliðans, sá, sem hann á að inna af höndum, orðið honum þungur skattur. Hinsvegar hefir n. ekki tekið fulla afstöðu til brtt. ennþá. N. leit svo á, að það þyrfti að athuga þessa gr. frekar, en hefir annars óbundin atkv. um brtt. En jafnframt leit hún svo á, að þó að brtt. verði samþ., þá þurfi samt að taka þessa gr. frv. til frekari athugunar.

Í gær minntist ég nokkuð á brtt. á þskj. 756, frá hv. 1. þm. N.-M. Ég gerði það þá algerlega frá eigin brjósti, því þá hafði landbn. ennþá ekki athugað aðra aðalbrtt. undir III. lið, um það, að leiguliðabótin skuli lögð í sérstakan sjóð, sem landbn. er samþykk, að gert verði. En í því sambandi get ég getið þess, sem ég líka drap á í gær, að það hefir komið fram till. í n. um, að þessari sjóðsstofnun yrði öðruvísi hagað en ráð er fyrir gert í brtt., sem sé þannig, að landsdrottinn legði líka fé í sjóðinn, og er landbn. ekki á einu máli um, hvort svo skuli vera, en mun greiða atkv. með brtt. eins og hún er nú.

Um V. brtt., við 25. gr., hafa nm. óbundin atkv.

Um síðustu brtt. hv. 1. þm. N.-M., undir VI. lið, við 30. gr., er það að segja, að ég hygg, að hún sé óþörf, og að heppilegra sé að samþ. brtt. um sama efni frá hv. 2. þm. Reykv. Hann hefir orðað alveg um alla 30. gr. og skýrt þar frá, hvað það sé sem valdið geti leiguliða útbyggingu. Býst ég við, að n. muni greiða þeim brtt. atkv. sitt.

Ég man svo ekki eftir fleiru, sem ástæða sé til fyrir mig að taka fram.

Pétur Ottesen: Enda þótt nú séu hér við 3. umr. komnar fram milli 30 og 40 brtt. við þetta frv., sem flestar, að ég ætla, miða til bóta fyrir frv., þá er það þó svo, að enn eru nokkur atriði í frv., sem bent hefir verið á, að þyrfti að athuga nánar og setja ákvæði um, en ekki hefir verið komið með brtt. um. Í því sambandi vil ég benda á, að ég hefi við 2. umr. málsins bent á tvö atr., sem virðist svo háttað, að það hljóti að verða sett einhver ákvæði í ábúðarlög um þau, áður en endanlega er gengið frá þeirri löggjöf hér á hv. Alþ. Ég gerði grein fyrir þessum tveim atr. við 2. umr. frv. Þess vegna get ég að mestu látið vera að ræða um þau í þetta sinn. Annað atr. er í sambandi við það, hvað við tæki, ef jarðeigandi er ekki unnt að inna af hendi þá skyldu, að byggja nauðsynleg hús á jörð sinni. Mér skilst að þetta geti í ýmsum tilfellum skipt svo miklu fyrir jarðeigandi fjárhagslega, að jafnframt því, sem skylda er lögð á jarðeigendur með lögum þessum til þess að húsa jarðir sínar, þá muni þurfa að setja ákvæði í lögin um það, að jarðareigandinn verði ekki allt of hart úti, þannig að jörðin verði honum ekki allt um of verðlítil fyrir þessa skyldukvöð. Hitt atr. er það, að þar sem jarðir eru gefnar samkv. gjafabréfi gæti hæglega farið svo, að ákvæði þessara gjafabréfa yrði að engu um langan tíma vegna skyldu sjóðsins til að byggja upp á jörðinni, því ég geri ráð fyrir, að það geti tekið tugi ára að borga höfuðstól, sem lagður væri í hús, með afgjaldinu. Ég sagði við 2. umr., að ég liti svo á, að það væri varhugavert að ganga í berhögg við vilja gefenda í þessu efni, og það mundi vera fullkomlega ástæða til þess að setja sérákvæði, er tryggi það, að ekki sé gersamlega gengið framhjá þeirra vilja.

Sennilega eru það einhver fleiri atr., sem ástæða væri að leggja áherzlu á, t. d. það, sem hv. 1. þm. S.-M. talaði um, að það væri ófært skilyrði, að jarðir séu ætíð leigðar með æfiábúð; gæti verið ástæða til að athuga þetta nánar.

Hv. 1. þm. N.-M. flytur brtt. 756 III., við 12. gr. og tekur upp hugmynd, er kom fram í landbn. að ég ætla frá hv. 2. þm. Skagf. og var þar nokkuð rædd. Var fyrst talað um að mynda af hinni svokölluðu leiguliðabót sjóð fyrir hverja jörð, sem yrði varið til húsabóta. Ástæðan fyrir því að n. bar ekki fram neinar till. um þetta atr. var sú, að hún treysti sér ekki til að ganga svo frá ákvæðum um þetta, að vel væri, á þeim takmarkaða tíma, sem n. hefir. Ég ætla, að það hafi vakað fyrir

hv. 2. þm. Skagf. að setja þetta inn í lögin, en hv. 1. þm. N.-M. hefir nú lagt til, að ákvæði um þennan sjóð séu sett með reglugerð. Í brtt. n., sem samþ. var við 2. umr., er gert ráð fyrir, að bæði leiguliðar og landeigendur leggi til jafns fé í þennan sjóð, en hv. þm. vill láta aðeins leiguliðana greiða fé í sjóðinn. Ég tel heppilegra, að báðir aðilar greiði fé í þennan sjóð, og tel það betri tryggingu fyrir bættri húsaskipun í framtíðinni.

Þá flytur hv. þm. brtt. á sama þskj. við 25. gr., sem hann leggur til að falli burt og önnur ný komi í staðinn. Tilgangur gr. eins og hún er í frv. er aðallega sá að tryggja það, að jörðunum sé haldið í sæmilegri rækt, en við breyt. hv. þm. virðist mjög dregið úr þessum tilgangi. T. d. ætlar hann algerlega að fella niður bannið við því, að fluttur sé áburður burt af jörð, og sömuleiðis við því, sem skýrt er fram tekið í frv., að selt sé burt hey nema gegn endurgjaldi í beit eða áburði. Þessi ákvæði eru vitanlega sett því til tryggingar, að ræktun haldist við á jörðunum og frekar aukist. Í staðinn fyrir þessi ákvæði setur hv. 1. þm. N.-M. óákveðin orð, sem túlka má á ýmsa vegu. Ég er því ekki í neinum vafa um, að ákvæðin í frv. muni reynast haldbetri í þessum efnum heldur en till. hv. þm., því það er síður en svo, að þær séu til bóta. Ég vil því ráða hv. þdm. til þess að láta 25. gr. halda sér, því vitanlega er það mikilsvert atr. að tryggja það sem bezt, að ræktunin haldist við á jörðunum og setja skorður við því, að hún gangi úr sér. Ég geri ráð fyrir því, ef frv. verðum samþ., þá gangi það til Ed., þó nokkurn veginn sé fyrir því séð, að það afgreiðist ekki sem lög frá þessu þingi. En vegna þess vil ég einmitt taka það fram, að ef menn sjá, að í frv. vantar mikilsverð ákvæði, þá er sjálfsagt að nota þann tíma, sem gefst, áður en frv. endanlega verður afgreitt frá þinginu til þess að laga gallana, og vil ég þá vænta, að tekin verði til athugunar milli þingi þau atr., sem ég hefi nú bent á.

Forseti (JörB): Útbýtt er í deildinni brtt. á þskj. 780. Þarf að leita afbrigða frá þingsköpum til þess að hún megi koma hér til umr.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Sveinn Ólafsson: Það hefir átt sér stað lítilsháttar misskilningur út af einni brtt. á þskj. 760 milli mín og hv. flm. Ég hafði gert ráð fyrir því eftir viðtali við hann, að hann bætti inn í 4. lið brtt., við 9. gr. frv., ákvæði þess efnis, að ekki sé skylt að byggja jörð æfilangt, ef leiguliði óskar annars, eða ef nauðsyn ber til þess að ráðstafa jörð um tiltekinn tíma, en þar sem farizt hefir fyrir með þessa viðbót við brtt., ætla ég að leyfa mér að bera hér fram skrl. brtt. við brtt. á þskj. 760, við 9. gr. frv., þar sem talað er um, að allar jarðir skuli vera í æfiábúð, en með brtt. 760,4 er tekið fram, að ekkja hefir ábúðarrétt manns síns, þar til hún giftist aftur. Ég vil fylgja þeirri brtt. og tel hana til mikilla bóta. Skrl. brtt. er á þessa leið: Við brtt. 760,4. lið. Á eftir orðinu, „æfilangt" komi: nema leiguliði óski annars eða nauðsyn beri til að ráðstafa jörðinni tiltekinn tíma. Um þetta er hv. flm. aðaltill. mér sammála.

Það getur hæglega staðið svo á, að leiguliði hvorki óski né hafi þörf fyrir byggingu jarðarinnar nema stuttan tíma. (**BSt:** Getur hann þá ekki sagt lausu?). Í annan stað getur vel staðið svo á, að eigandi jarðar hafi ekki tækifæri til að nota jörð sína fyrr en eftir einhvern ákveðinn tíma og er þá hastarlegt, að hann skuli ekki mega byggja jörðina þangað til hann þarf hennar, nema til lífstíðar. Einnig skal ég benda á, að það kemur oft fyrir, að beinlínis er óhjákvæmilegt að ráðstafa um stuttan tíma jörðum, sem eru opinber eign. Á Austurlandi hefir það þrisvar komið fyrir um læknissetur, síðan ég tók við umsjón opinberra eigna í Múlasýsluumboði, að skyndilega hefir þurft að ráðstafa því um stuttan tíma. (**StgrS:** Það eru annarsstaðar í frv. ákvæði, sem sjá fyrir því.) Það eru engin skýr ákvæði í frv. um það. Í slíkum tilfellum er vitanlega nauðsynlegt að binda ekki jarðirnar í æfiábúð, enda hugsanleg fleiri tilfelli lík. Ég tel því nauðsynlegt, að í frv. séu ákvæði, sem tryggja, að undir sérstökum kringumstæðum megi ráðstafa jörðum um stuttan ákveðinn tíma.

Ég vil svo að síðustu taka undir með hv. þm. Borgf. um gjafajarðir, sem annaðhvort eru eign hins opinbera eða einstaklinga, að mér finnst þurfa að setja sérákvæði vegna þeirra. Það sæmir ekki að gera að engu gjafabréf eða síðasta vilja gefanda slíkra eigna. En að leggja fortakslausa húsbótaskyldu á slíkar jarðeignir mundi oft leiða til þess, að jarðarverðið sjálft nægði ekki til húsabóta og jörðin yrði eiganda með öllu arðlaus.

Ég skal svo ekki tefja tímann með lengri ræðu að sinni. Ég á ekki von á því, að frv. fari öllu lengra en komið er og tel meðferð þess hér í hv. d. hafa orðið því búningsbót mikla, þótt enn sé mörgu áfátt, sem athuga þarf áður til úrslita kemur.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. 1. þm. S.-M., við brtt. 760,4, á þessa leið:

„Á eftir „æfilangt" komi: nema leiguliði óski annars eða nauðsyn beri til að ráðstafa jörðum tiltekinn tíma".

Þessi brtt. er skrifleg og of seint fram komin og þarf því tvennskonar afbrigða vegna hennar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 786) leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Það liggur í hlutarins eðli, að um þá skrl. brtt., sem nú var lesin, get ég ekkert sagt fyrir hönd landbn., en ég ætla að fara um hana nokkrum orðum frá eigin brjósti. Ég hefi áður við umr. um þetta mál í öðru sambandi talað um, hve varhugavert það sé, að rýmka ákvæðin um æfiábúð, sem eru einhver þýðingarmestu ákvæðin í frv. Ef þessi brtt. nær samþykki, þá er með henni alveg búið að nema burtu þessi ákvæði eða opna möguleika til þess að komast framhjá æfiábúðinni. Eða mundi ekki fara svo, að landsdrottinn álíti sér í öllum tilfellum heppilegra að byggja jörð sína til ákveðins tíma heldur en til lífstíðar, eða hvers vegna er það svo nú, að þeir vilja jafnan byggja jarðirnar til sem stytzt tíma? Ég geri engan mun á því, hvort þessi brtt. verður samþ. eða gömlu ákvæðin fá að gilda áfram, því hver á að meta, hvort nauðsyn ber til að ráðstafa jörðinni stuttan tíma eða ekki? Hér virðist enginn munur á vera. Ég get því alls ekki gefið þessari brtt. mitt atkv., og frá mínu sjónarmiði er með henni rýrð einhver mesta réttarbót þessa frv. fyrir leiguliðana, og sömuleiðis tekið burtu fyrsta skilyrðið fyrir því, að leigujarðir séu sæmilega setnar, að ábúendurnir geti verið rólegir. Í þessum efnum á þjóðarheill að sitja í fyrirrúmi fyrir einstaklingshagsmunum, enda álít ég, að búið sé að ganga svo langt í því að gera undantekningar frá æfiábúðarákvæðinu, að lengra sé ekki fært að fara.

Viðvíkjandi því, sem hv. 1. þm. S.-M. sagði, að það vantaði heimild til þess, að hægt væri að byggja opinberar jarðir til ákveðins tíma í vissum tilfellum, vil ég benda honum á það, að það eru einmitt ákvæði í frv., sem tryggja, að hægt er að taka opinbera jarðeign úr ábúð þegar ríkið þarf á að halda. Ég vil bara benda honum á ákvæði 9. gr., þar sem tekið er fram, að jarðeigandi geti jafnan upphafið ábúð leiguliða, ef eigandi þarf sjálfur á jörðinni að halda. Nú er það vitanlegt, að ríkið sjálft er landsdrottinn sinna landseta og hefir eftir þessu ákvæði fullan forgangsrétt til sinna jarðeigna, hvenær sem það þarf á að halda. Hér ætti því ekki að þurfa langar ræður til þess að sýna, að vegna ríkisins er engin þörf fyrir þessa brtt. Hinsvegar, ef brtt. verður samþ., þá er ákvæðið um æfiábúðina rýrt svo, að það er einkisvirði, því jarðeigendur munu jafnan hafa einhver ráð til að smeygja sér undir ákvæði brtt.

Það, sem talið hefir verið til þessa sjálfseignarbúskapnum mest til gildis fram yfir leiguliðabúskapinn, er það, hve bændurnir geta setið öruggir á jörðum sínum. Ég hygg því, þegar á það er litið, að um helmingur jarða á landinu eru í leiguábúð, þá beri brýna nauðsyn til þess að skapa þau skilyrði, að leiguliðabúskapurinn þurfi sem minnst að standa hinum að baki.

Ég lít þannig á, að það sé nokkuð öðru máli að gegna, þó að lagðar séu nokkuð þyngri kvaðir á jarðeignir en aðrar eignir. Mín skoðun er sú, að landið sé í raun og veru sameign allra landsmanna, þótt

atvikin hafi hagað því svo, að einstakir menn hafi eignarrétt yfir því, og þess vegna eigi að tryggja það sem bezt, að það fólk, sem býr í landinu, fái að hafa sem mestan og jafnastan ábúðarrétt án tillits til þess, hvort þeir séu að nafni til sjálfseignarbændur eða leiguliðar. Það er kunnugt, að í gömlu ábúðarlögunum var eingöngu litið á rétt landsdrottins, en réttur leiguliða algerlega borinn fyrir borð. Þykir mér einkennilegt, að hv. 1. þm. S.-M., sem rís hér upp hvað eftir annað og talar um það, hve harkalega sé búið að landeigendunum með ákvæðum þessa frv., virðist aldrei finna til þess, hvernig búið er að leiguliðum með gildandi ábúðarlöggjöf, þó að þeir séu réttlausir og verði ósjaldan að hrökklast af jörð sinni fyrir ofríki þess, sem byggir þeim jörðina, án þess að fá nema að litlu leyti greiðslu fyrir þær umbætur, sem þeir hafa gert á jörðinni. Hygg ég, að þar sé gengið jafnnærri 63. gr. stjskr. eins og gert er með ákvæðum í þessu frv.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, en vil að lokum biðja hv. d. að gjalda varhuga við að greiða þessari till. atkv.

Sveinn Ólafsson: Ég vil út af orðum hv. 1. þm. Skagf. endurtaka það, sem ég var búinn að benda á áður, að réttmætt getur verið og óumflýjanlegt að ráðstafa jörð um stuttan tíma, og að óhæfilegt er að aftra því með l., að slíkar ráðstafanir verði gerðar, hversu mikil nauðsyn sem á því kann að vera. Hv. þm. segir reyndar, að það opinbera geti tekið jörð af ábúanda þegar þörf krefji. Hvar stendur það í frv.? Ég sé ekki, að frv. tryggi því opinbera þennan rétt nokkursstaðar. Það getur t. d. komið fyrir, ef læknissetri, sem er opinber eign, þarf að ráðstafa stuttan tíma, eins og ég nefndi fyrr, að af lífstíðarábúð leiði hinn mesta vanda. Læknir verður ekki talinn til skylduliðs landeiganda, þegar svo stendur á, og frv. bannar fortakslaust að taka jörð úr ábúð nema landeigandi eða næstu vandamenn hans taki við ábúð. Þess vegna er ákvæðið um lífstíðarábúð óhafandi þegar ástæður eru þær, sem ég nú hefi lýst.

Að því er snertir þann skilning hv. 1. þm. Skagf. á hinni skrl. brtt. minni, að landeigandi geti fortakslaust útilokað umsækjanda um jörð frá því að komast að, ef till. verður samþ., vil ég benda á það, að þrátt fyrir brtt. er umsækjanda opin leið til þess að fá það metið, hvort nauðsyn beri til bráðabirgðaráðstöfunar eða um yfirvarpsástæður einar sé að ræða. Getur umsækjandi vissulega skotið máli sínu undir þá menn, sem hafa bæði rétt og skyldu til að skera úr slíkum ágreiningi á hverjum stað.

Það má segja, að ekki skipti miklu máli nú, hvort till. mín verður samþ. eða ekki, af því að vitanlegt er, að frv. dagar uppi á þessu þingi, en það rekur að því síðar, að taka verður ákvörðun í þessu efni, og ég trúi ekki öðru en að bráðlega opnist augu hv. 1. þm. Skagf. fyrir því, að ekki verður hjá því komizt að heimila, að jörð megi ráðstafa til bráðabirgða, þegar slík ráðstöfun er nauðsynleg.

Ég hefi áður drepið á það, að þegar landeigandi þarf að hafa jörð tiltæka handa barni, foreldri eða öðrum nánustu ættingjum, má hann þó ekki eftir frv. ráðstafa jörðinni um stundarsakir, heldur á að neyða hann til að gefa út byggingarbréf um lífstíðarábúð, sem svo kemur ábúanda á óvart að fellur úr gildi einn góðan veðurdag. Get ég ekki séð kostina við það að láta bráðabirgðaábúð koma fram á þennan hátt. Slík byggingarbréf mundu áreiðanlega verða ábúanda til meiri skaða en ávinnings, enda væru þau sannkölluð svikamylla.

Ég skal svo ekki eiga í frekari deilum út af þessu máli. Læt ég mér í léttu rúmi liggja, hvernig fer um brtt. mínar, af því að ég veit, að málið dagar uppi í þinginu, en till. koma aftur fram af nauðsyn og verða viðurkenndar þótt síðar kunni að verða.

ATKVGR.

Brtt. 758,1 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 760,1.a—b samþ. með 13:6 atkv.
— 760,1.c samþ. með 14:5 atkv.
— 756,I samþ. án atkvgr.
— 758,2 samþ. án atkvgr.
— 760,2 felld með 12:11 atkv.
— 760,3 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 786 felld með 15:6 atkv.
— 760,4 samþ. með 15:6 atkv.
— 780 samþ. með 16:3 atkv.
— 756,II samþ. með 13:10 atkv.

Brtt. 760,5 samþ. án atkvgr.
— 765 samþ. með 18:1 atkv.
— 756,III samþ. með 17 shlj. atkv.
— 756,IV samþ. með 19 shlj. atkv.
— 758,3 samþ. án atkvgr.
— 758,4.a—b samþ. án atkvgr.
— 760,6 samþ. með 19:1 atkv.
— 760,7 tekin aftur.
— 756,V samþ. með 13:7 atkv.
— 760,8 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 760,9 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 760,10 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 756,VI tekin aftur.
— 758,5 samþ. án atkvgr.
— 769 samþ. með 14:7 atkv.
— 760,11 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 781 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 771, svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
— 760,12 samþ. með 16:3 atkv.
— 760,13 samþ. án atkvgr.
— 760,14 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 760,15 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 761 samþ. án atkvgr.
— 758,6.a, svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
— 758,6.b samþ. án atkvgr.
— 760,16.a samþ. án atkvgr.
— 760,16.b samþ. með 18 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 80. fundi í Ed., 21. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A.787).

Á 82. fundi í Ed., 24. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

14. Nýbýli.

Á 20. fundi í Nd., 4. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um nýbýli (þmfrv., A. 85).

Á 24. fundi í Nd., 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til landbn. með 17 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

15. Húsnæði í Reykjavík.

Á 23. fundi í Nd., 8. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um húsnæði í Reykjavík (þmfrv., A. 118).

Á 25. fundi í Nd., 10. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Ég hefi leyft mér að bera þetta frv. fram enn á ný. Ég hygg það orki ekki tvímælis, að hinar sömu ástæður séu enn ríkjandi hvað húsnæði snertir í þessum bæ, sem áður hafa legið að flutningi þessa frv. Því verður ekki á móti mælt, að mikill hluti bæjarbúa lætur af hendi mjög mikið gjald fyrir húsnæði sitt, og í mörgum tilfellum um skör fram, bæði um sanngirni og greiðslugetu. Á þetta hafa ekki verið bornar brigður, enda er hér um óyggjandi staðreyndir að ræða. Þetta er höfuðatriði málsins, og af þessum ástæðum hefi ég leyft mér að flytja þetta frv. sem tilraun til nokkurra umbóta á þessum sviðum.

Á síðasta þingi var nokkuð að frv. vikið og einstökum atriðum þess. Hefi ég nú tekið til greina sumar þær bendingar, sem þá komu fram, og breytt frv. í nokkrum smávægilegum atriðum, en í höfuðatriðum og stefnu er frv. óbreytt, sem sé tilraun til þess að koma í veg fyrir húsaleiguokrið hér í bæ. Hin smá-

vægilegri atriði, sem gerð voru að umræðuefni í sumar á þinginu og talin voru valda erfiðleikum í framkvæmdinni, hefi ég flest numið burt úr frv. (EA: Ekki öll). Flest a. m. k. (EA: Ó-nei). Ja, það gat að mínu áliti ekki komið til mála að nema burt ákvæðið um hámark húsaleigu, því þá væri fyrir það girt, að lögin kæmu að nokkru gagni.

Þá skal ég víkja nokkuð að breyt. þeim, sem ég hefi gert á frv. frá því í sumar. Upphaflega var gert ráð fyrir því, að skriflega samninga skyldi gera um húsnæði. Þetta þótti ýmsum vera óþarft ákvæði, og eftir þessu frv. eru munnlegir samningar látnir nægja, en báðum aðilum er eftir sem áður rétt að leita álits nefndarinnar um leigumálann. Ennfremur er því bætt við, að leigusali geti sagt upp húsnæði, ef hann telur sig þurfa, án sérstakrar greinargerðar hvers vegna. (EA: Það er nú gott). Hinsvegar er ákvæði um það, að bæjarstj. megi taka til ráðstöfunar autt húsnæði. Þá er og numið burt það ákvæði, að óheimilt sé að láta utanbæjarfólki húsnæði í té. Ég geri ekki ráð fyrir þeim fólksstraumi til bæjarins, eins og nú er ástatt, að það út af fyrir sig geri framkvæmd laganna erfiðari.

Þá var því og haldið fram, að hundraðsgjald það, 15% af fasteignaverði og 5% af verði sömu lóðar, sem taka mætti sem húsaleigu, væri allt of lágt. Þess vegna hefi ég tekið upp viðbótarákvæði í 10. gr. frv., þar sem n. er heimilað að taka til yfirvegunar og ráða leigumálanum, enda þótt hann fari upp úr þessu hundraðsgjaldi, ef ástæður leigusala mæla sérstaklega með því. Mér virðist það ekki með öllu útilokað, að þegar hús eru ný og vönduð, þá geti þessi hundraðstala undir vissum kringumstæðum verið of lág, miðað við fasteignamat. Mér er tjáð af fróðum mönnum, að húsnæði sé ærið misjafnt hér í bæ, bæði um útbúnað og frágang allan og raunverulegan dýrleika. Það er því eftir atvikum bæði rétt og skylt að taka tillit til þess, þar sem fært þykir.

Ég geri ekki ráð fyrir, að það orki tvímælis, að einna mestur dýrleiki á lífsnauðsynjum í þessum bæ sé á húsnæði. Vel má það vera, að ekki verði ráðin bót á því til fulls með lagasetningu, en eftir mínum kunnugleikum er enginn vafi á því, að slík löggjöf myndi ráða hér bót á að nokkru. Þeir tímar eru nú framundan, að sjáanlegt er, að leita verður allra ráða til þess að draga úr dýrtíðinni, en hvað Reykjavík snertir, og um leið allt landið, þá er það fyrst og fremst húsaleiguokrið, sem heldur dýrtíðinni uppi. Um það verður ekki deilt. Og eftir horfum yfirstandandi tíma og afkomu atvinnurekstrar til lands og sjávar er það ekki sjáanlegt, að þeir verði þess megnugir að halda uppi starfsemi sinni áfram, ef kaupgjald allt og verðlag er slíkt sem nú er. Eins og dýrtíðin er í Reykjavík, þá er það lítt hugsanlegt, að allur almenningur geti bjargazt áfram með þær litlu tekjur, sem þvílíkir atvinnuleysistímar gefa í aðra hönd, ef dýrtíðin og húsaleiguokrið verður svo óskaplegt sem nú er og verið hefir að undanförnu. Þess vegna hefi ég ráðizt í flutning þessa máls hér á Alþingi, og það er trú mín, að ef frv. þetta nær fram að ganga, þá gæti það orðið til stórmikilla bóta á núverandi ástandi, a. m. k. hvað snertir allmikinn hluta bæjarbúa.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið að sinni, en vænti, að hv. þd. lofi því að ganga fram, og geri ég það að till. minni, að málinu verði, að lokinni þessari umr., vísað til allshn.

Einar Arnórsson [óyfirl.]: Ég sé ekki ástæðu til að lengja mikið þessar umr. Á síðasta sumarþingi var svo mikið rætt um þetta frv. yfir höfuð og frá ýmsum hliðum, að ég gæti látið mér nægja að vísa til þess. Það er að vísu góðra gjalda vert, að hv. flm. þessa frv. hefir nú tekið til greina ýms þeirra atriða, er bæði ég og aðrir af andstæðingum frv. bentum honum á í sumar, að væru óheppileg. Og þó að hann telji, að þau atriði hafi verið lítilsverð, þá geri ég það ekki. En að öllu samantöldu verð ég samt að álíta, að þetta frv. sé ekki annað en lítilfjörleg hrossalækning. Það hefir áður fengizt reynsla fyrir því, að hverskonar hömlur, sem settar hafa verið í þessu efni, hafa ekki náð tilgangi sínum. Jafnvel þó að þetta frv. yrði gert sem bezt úr garði og með sem minnstum agnúum, mundi það ekki hafa almennt gildi eða verka í þá átt, sem ætlað er. Það er alkunnugt bæði

hér á landi og erlendis, hversu erfitt er að framfylgja slíkum þvingunarlögum. Ég skal t. d. benda á ákvæði 9. gr. frv., þar sem ætlazt er til, að allir leigusamningar verði lagðir fyrir húsnæðisnefnd innan tiltekins tíma. Það er ákaflega hætt við, að ein húsnæðisnefnd hér í Reykjavík komist ekki yfir að athuga þá svo gagn verði að.

Höfuðandmælin, sem flutt voru gegn þessu frv. á sumarþinginu, auk þess, er ég nú hefi nefnt, voru, að húsagerð mundi minnka í bænum, einstaklingar mundu ekki þora að leggja í byggingar, þegar þeir fengju ekki að ráða til fulls yfir sínum húsum. Um þetta var svo rækilega rætt á sumarþinginu, að ekki er ástæða til að endurtaka það nú.

Það er sjálfsagt rétt hjá hv. flm., að húsaleigan sé sumstaðar of há sér í bænum, en hitt er annað mál, hver ráð eru heppilegust til þess að koma í veg fyrir það og sporna við of hárri leigu. Ég legg áherzlu á það, að hömlur koma þar ekki að neinu gagni, og í öðru lagi vil ég benda á, að það bætir ekki úr vandræðunum, þó að skortur verði á húsnæði. En þær hömlur, sem í frv. eru lagðar á húseignir, gera menn ragari að ráðast í byggingar.

Ég gat þess í byrjun ræðu minnar, að það væri góðra gjalda vert, að hv. flm. hefði gert ýmsar góðar breyt. á frv. frá því að hann flutti það á sumarþinginu. En hann hefir gleymt einu ákvæði í 10. gr. frv., þar sem lóðaleigan er áætluð allt of lágt. Þeir, sem kaupa lóðir og þurfa að taka lán með 7—8% vöxtum til að borga þær, og þurfa auk þess að greiða skatta og skyldur af lóðaverðinu, fá með engu móti risið undir þeim kostnaði, ef þeir mega ekki taka í leigu meira en 5% af fasteignamatsverði lóðarinnar. Samkv. síðustu málsgr. 10. gr. er húsnæðisnefnd heimilt að hækka leigumála á húsum upp úr 15% af matsverði, en mér skilst, að hún sé bundin við sama taxta af lóðaverðinu. Vitanlega geta þeir, sem fylgja frv., lagfært þetta við síðari umr. þess.

Héðinn Valdimarsson: Hv. 1. þm. Árn. og flm. þessa frv. lætur sér annt um okkur Reykvíkinga og sýnir öllu meiri áhuga í því, heldur en að greiða fyrir sínum eigin kjósendum. Hann hefir ekkert frv. flutt til þess að laga þeirra hag, og virðist þó sízt vanþörf á því. Ég finn ekki ástæðu til að þakka þennan brennandi áhuga hv. flm. fyrir bæjarbúum, því að þó að hann væri einu sinni þm. fyrir Reykjavík, þá nýtur hann engrar lýðhylli hér nú. Það má hv. þm. vita.

Þó að þetta frv. veki engan fögnuð hér í bænum, þá hefir hv. þm. sniðið af því ýmsa agnúa frá því á sumarþinginu. En þrátt fyrir það er gildi þess mjög vafasamt fyrir bæjarbúa; það, sem veldur mestum vandræðum hér í bænum, er hvað það húsnæði er lélegt og ófullkomið, sem fjöldinn á við að búa, og í öðru lagi, hvað húsnæðið er dýrt. Hv. þm. snýr sér með þessu frv. aðeins að annari hlið málsins — húsaleigunni. Það, sem einkum hefir staðið í vegi fyrir umbótum á þessu sviði, er, að bankarnir lána ekkert til húsabygginga, veðdeildin má heita lokuð, og það litla, sem selst af veðdeildarbréfum, er með svo miklum afföllum, að byggingarkostnaðurinn margfaldast. Þetta kemur svo vitanlega aftur fram í húsaleigunni, hún hlýtur að verða því hærri, sem örðugleikarnir eru meiri við að byggja húsin. Jafnframt því að lækka og samræma húsaleiguna þarf þess vegna að greiða sem bezt fyrir lánveitingum til húsabygginga og bæta lánskjörin. En stefna Framsóknarflokksins hefir verið sú, að hindra lánveitingar til húsabygginga í Reykjavík, og auk þess eru lánsstofnanir nú svo félausar, að jafnvel þó að Framsókn vildi eitthvað styðja að auknum byggingum, þá er það ekki hægt. Þó að talsvert sé komið áleiðis um byggingu nokkurra verkamannabústaða hér í bænum, þá er það samt svo, að ef húsaleigan á að lækka til muna, þá verður að efla byggingarstarfsemi í bænum, einkum fyrir verkamenn. En ekkert hefir enn komið fram í þá átt á þessu þingi. Á síðasta þingi varð samkomulag um það á milli Framsóknarfl. og Alþýðufl. að láta arðinn af tóbakseinkasölu ríkisins renna til húsabygginga í sveitum og til verkamannabústaða í kaupstöðum. En nýlega er fram komið frv. frá stj., þar sem laumazt er aftan að þessum tekjum með því að leggja enn háan toll á tóbakið, og vitanlega rýrir það

tekjur byggingarsjóðanna af þeim stofni. Málið verður ekki leyst án þess að eitthvað sé gert annað en að jafna húsaleiguna, annaðhvort að styrkja einstaka menn til bygginga eða samvinnufélög, sem stofnuð væru í þeim tilgangi.

Þetta frv. kann þó að verða til bóta að einhverju leyti, og mun ég ekki hindra, að það fái að ganga til nefndar. En ég vil hér með skora á hv. flm., fyrst hann þykist bera svo mikla umhyggju fyrir hag okkar Reykvíkinga, að hann beiti áhrifum sínum til þess að lækka mjólkurverðið í bænum, því að í því eiga kjósendur hans mikinn þátt.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Ég sé ekki ástæðu til að fara langt út í þær aths., sem hv. ræðumenn hafa gert við þetta frv. mitt. Hv. 2. þm. Reykv. taldi, að frv. væri einungis lítilfjörleg hrossalækning og að það myndi ekki koma að verulegum notum, þó það yrði samþ. Mér hefir nú aldrei dottið í hug að staðhæfa, að það yrði allra meina bót, en fyrst hv. þm. þykir svo lítils um það vert, þá þykist ég mega gera ráð fyrir, að hann búi sjálfur yfir einhverjum betri úrræðum í þessu máli, og vil ég hér með skora á hann að bera þau fram, og ef mér þykir vera eitthvert lið í þeim, þá fullvissa ég hann um, að hann mun eiga stuðning minn vísan, ef það verður borið fram sem þingmál. Annars játaði hv. 2. þm. Reykv., að húsaleigan hér í bænum væri óhæfilega há. **(EA:** Ekki almennt, heldur sumstaðar). Já, mjög víða, enda vita allir það, að húsaleigan er yfirleitt ósanngjörn. Þó að einhverjir kunni að þurfa að fá allháa húsaleigu, þá get ég ekki séð, að hinir eigi að okra á húsaleigunni í skjóli þess. Og til þess að koma í veg fyrir slíkt er þetta frv. fram komið. Andstæðingar frv. segja, að það leiði til þess, að húsabyggingar fari minnkandi í Reykjavík, af því að húsaleigan gefi þá svo lítið í aðra hönd, en í þessu felst viðurkenning þess, að eigi sé hlítandi við það, sem nú er. Þó að frv. þetta verði að lögum, má húsaleigan hér í bænum vera til jafnaðar sem svarar 10—12% af kostnaðarverði húsanna, og hefði það einhverntíma þótt nægilega hátt fyrir húseigendur. Ég skal játa, að það er ekkert aðalatriði í málinu, þar sem ákveðið er í 10. gr. frv., að bætt skuli við húsaleiguna 5% af matsverði lóðarinnar, því ákvæði er hægt að breyta í nefnd, ef það þykir skipta miklu máli, og mun ég ekki amast við því. — Fjölyrði ég svo ekki frekar um ræðu hv. 2. þm. Reykv., enda hljóta það að verða endurtekningar á því, sem sagt var um þetta mál í þinginu í sumar, og afstaðan hefir ekkert breytzt.

Þá mælti hv. 3. þm. Reykv. nokkur orð gegn frv. Mér þótti leitt, að hann skyldi vera svo afbrýðissamur út af flutningi þessa frv. eins og ræða hans bar vott um. Það er rétt, að þetta mál snertir Reykvíkinga fyrst og fremst, en það snertir líka alla landsbúa, jafnvel í hinum fjarliggjandi héruðum. Og ástæðan til þess, að ég flyt þetta frv., er því m. a. sú, að ég sé ekki, að það bóli á neinum till., hvorki hér í Reykjavík né í þinginu, til lagfæringar á dýrtíðinni í bænum, og húsaleigan er aðalrót hennar. Hv. 3. þm. Reykv. hefir ekki dregið í efa, að þetta mál væri mikilsvert og hin fyllsta ástæða til breyt. frá því sem nú er. Ég þykist þess umkominn að bera fram frv. um það efni og þykist ekki þurfa að sækja um leyfi til þess, hvorki frá hv. 3. þm. Reykv. né öðrum. Og þótt hann hafi ekki sjálfur treyst sér til að gera það, þá hefir hann þó viðurkennt, að málið sé mikilsvert. Ég tel því, að rétt hafi verið af mér að flytja málið. Hv. þm. vék að hinum erfiðu lánskjörum í bönkunum, og ég þykist vita, að það sé hvorki á mínu færi né hans að ráða verulega bót á þeim að svo stöddu. Þá sagði hv. 3. þm. Reykv., að Framsóknarflokkurinn hefði verið á móti því að greiða fyrir húsabyggingum í Reykjavík, og hygg ég, að honum hafi því orðið mismæli, því að rétt á eftir gat hann um samkomulag Framsóknarfl. og Alþýðufl. um að veita styrk til verkamannabústaða í kaupstöðum og styðja byggingu þeirra. Ég skal fúslega játa, að það er réttari og heilbrigðari stefna í byggingamálum heldur en villubyggingar þær, sem nú tíðkast hér í Reykjavík, sem kosta stórfé, en standa að miklu leyti auðar og bæta því eigi úr húsnæðisskortinum. Hv. 3. þm. Reykv hefir einmitt góða aðstöðu til að sporna við þeim óheppi-

legu ráðstöfunum bankanna að lána fé til slíkra bygginga.

Hv. 3. þm. Reykv. gat þess ennfremur, að Framsóknarfl. og Alþýðufl. hefðu samþ., að arðinum af tóbakseinkasölunni skyldi varið til að styrkja byggingar í sveitum og verkamannabústaði í kaupstöðum. Þetta sannar einmitt það, sem ég sagði áður, að Framsóknarfl. hefir ekki beitt sér á móti húsabyggingum í Reykjavík, heldur það gagnstæða.

Þá skoraði hv. 3. þm. Reykv. á mig að láta hér eigi staðar numið með áhuga minn fyrir málum Reykvíkinga, og í því sambandi minnti hann á mjólkurmálin og ætlaðist til, að ég styddi að því, að mjólkurverðið í bænum færi lækkandi. Ég get sagt hv. þm., að ég mun stuðla að því eftir því sem ég get. Ég kysi það mjög gjarnan fyrir hönd minna kjósenda í Árnessýslu, að hægt væri að gera mjólkurflutningana þaðan ódýrari en þeir eru nú og að minni kostnaður væri við útsölu mjólkurinnar hér í bænum. Þá þyrftu neytendur mjólkurinnar líka að borga minna fyrir hana. Þetta væri mér vissulega gleðiefni. En í þessu efni hefir hv. 3. þm. Reykv. betri aðstöðu til að hafa áhrif en ég. Hið háa mjólkurverð stafar mest af fyrirkomulagi mjólkursölunnar í bænum og því, hvað hún er skipulagslaus og kostnaðarsöm. Ég hygg, að það varði ekki litlu, ef bæjarstj. Reykjavíkur vildi láta sig það einhverju skipta að bæta skipulagið á mjólkursölunni, og þar er hv. 3. þm. Reykv. aðili. Ég vona, að hv. þm. heiti liðveizlu sinni til þess að bæta úr þessum tvennskonar agnúum á mjólkurverzluninni, of miklum flutningskostnaði og sölukostnaði, og að því mun ég ótrauður vinna.

Þá sagði hv. 3. þm. Reykv., að ég hugsaði minna um hag minna kjósenda í Árnessýslu heldur en Reykvíkinga. Ég mun nú síðar á þessu þingi leita til hans og annara hv. þm. um fylgi við málefni, sem snerta hagsmuni minna kjósenda, og þá er gott að heyra, að vænta má stuðnings frá hv. 3. þm. Reykv. Annars hélt ég, að þó að eitthvað kynni að skorta á hjá minum kjósendum, þá hefði hv. 3. þm. Reykv. ekkert á móti því, þó að eitthvað væri gert fyrir Reykvíkinga; en í þeim efnum, sem komið hafa til greina í þessum umr., fara hagsmunir Árnesinga og Reykvíkinga að mörgu leyti saman.

Þá vék hv. 3. þm. Reykv. að einu atriði persónulegs eðlis, sem ekki kemur þessu máli við. Hann sagði, að þó að ég hefði eitt sinn verið þm. Reykv., þá nyti ég ekki hylli þeirra nú. Ég ætla, að hv. þm. sé enginn dómari í þeim efnum, enda er fráleitt, að þessi umsögn hans sé á nokkrum rökum byggð. Hinsvegar mun ég eigi ætlast til, að þeir hlífi mér við þeim dómi, sem ég á skilið að fá og hefi unnið til. En þá er gott að eiga góðan að, þar sem er hv. 3. þm. Reykv.

Hv. andmælendur þessa frv. hafa ekki getað mótmælt gildi þess, og þeir hafa ennfremur viðurkennt höfuðatriði málsins, að húsaleigan væri ósanngjarnlega há, enda þótt þeir hafi fundið agnúa á frv. og séu ekki sterktrúaðir á gagnsemi þess. Um leið og ég lýk máli mínu vil ég nú skora á þessa hv. þm. að bera fram þau úrræði í þessu máli, er komi að meira gagni en þetta frv. mitt, ef þeir þykjast sjá þau.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Ég skal ekki blanda mér í deilu hv. flm. og hv. 3. þm. Reykv. En þegar um það er að ræða, hver greiði Reykvíkingum er gerður með þessu frv., þá er það áreiðanlega hinn mesti bjarnargreiði. Það fer um afleiðingar frv. líkt og segir í sögunni af manni einum, þegar fluga settist á vanga hans. Vinur hans, Björn að nafni, vildi koma honum til hjálpar og sló hann í andlitið með hnefanum til að flæma burt fluguna, en af högginu hlaut maðurinn þann áverka, sem leiddi til bana. Síðan hafa hin misheppnuðu vinahót verið nefnd „bjarnargreiði".

Það er óneitanlega eitthvað sérkennilegt við það, að hv. flm. skuli vera að troða þessum greiða upp á Reykvíkinga, þegar allir þm. bæjarins beiðast undan honum og eru frv. mótfallnir. Það er líklegt, að þeir geri það af illum hug til sinna kjósenda, en hitt er þeim öllum ljóst, að hér er aðeins um kák að ræða. Hv. flm. mælir fyrir þessu frv. með því að þylja upp raunarollur um vandræði almennings hér í bænum og ýmiskonar fróma þanka um að bæta úr ástandinu,

en það eru engin rök fyrir gildi frv. Við játum, að það er erfitt fyrir fátæklinga að greiða háa húsaleigu, en það er ólíklegt, að þeim gangi það betur, þó að hún verði enn hærri. Og ég sé ekki betur en að þetta frv. leiði til þess, að húsaleigan hækki.

Ég mun vera þannig á vegi staddur, að ég er líklegur til að komast í húsnæðisnefnd hér í bænum samkv. þessu frv., þar sem ég hvorki er leigjandi né á hús til þess að leigja út, og get því litið óhlutdrægt á málið. — Athugum nú, hvernig stendur á, að húsaleigan er mismunandi og að menn verða að taka dýrar íbúðir. Ég get hugsað mér tvennskonar ástæður fyrir því. Hin fyrri er sú, að ef leigjandinn er óæskilegur, hávaðasamur og hirðulítill eða hefir slæma framkomu, þá getur verið, að húseigandinn hækki leiguna til þess óbeinlínis að ýta honum burt. Og ég skil ekki, hvers vegna húseigendur mega ekki hafa dálítið mismunandi mat á leigjendum. Hin ástæðan er sú, sem alltaf er meginástæðan, ef einhver hlutur er seldur of dýrt, að of lítið er til af þeim hlut. Það gæti enginn leigt húsnæði óeðlilega dýrt, ef nóg væri til af húsum.

Annað atriði í þessu máli, sem ég vil benda á, er það, að þó húsaleigan sé ekki ósanngjarnlega há, getur hún fyrir því yfirleitt verið of há. Það stafar af því, að húsin eru of dýr. Ef hægt væri að koma upp ódýrari húsum, sem þar af leiðandi væri hægt að leigja fyrir minna verð, þá myndu menn eflaust gera það. Ég held því, að orsakirnar til hinnar háu húsaleigu hér í Reykjavík séu fastari fyrir og rótgrónari en það, að það dugi jafnalgengt og einfalt ráð eins og það að skipa eina nefndina ennþá til þess að hún lækki. Ef í n. væru skipaðir sanngjarnir menn, þá mundu þeir yfirleitt staðfesta það verð á íbúðunum, sem nú er. Hún mundi e. t. v. lækka leiguna í rétt einstaka tilfelli, ef sérstakur okrari ætti í hlut. Þó það sé auðvitað leiðinlegt, ef menn okra á náunganum, þá held ég, að þær undantekningar réttlæti ekki þessa lagasetningu, því það mun ekkert vera algengara, að okrað sé á íbúðum en öðru, sem leigt er eða selt. Það, sem hér þarf að gera, ef koma á í veg fyrir of háa húsaleigu, er að örva húsabyggingar þangað til svo mikið er til af íbúðum, að ekki sé hægt að leigja eina tiltölulega hærra en aðra.

Eitt einstakt atriði í frv. vil ég minnast á. Er það hámarkið, sem á að vera á húsaleigu, 15% af fasteignamatsverði hússins, að viðbættu 5% af lóðarverðinu eftir fasteignamati. Mér þykir mjög einkennilegt, að hér skuli miðað við fasteignamatsverð, þar sem menn aftur á móti verða að greiða tekjuskatt af húseignunum miðað við brunabótavirðingu. Fasteignamatsvirðing er oft svo langt undir kostnaðarverði, að 15% hámark á leigu miðað við hana næði ekki nokkurri átt. Það myndu margir, sem byggt hafa fyrir dýr lán, verða þegar vanskilamenn, ef þeir mættu eigi leigja dýrara en þetta. Að vísu hefir verið settur öryggis„ventill" í niðurlag 10. gr., með því að heimila húsnæðisnefnd að ákveða hærri leigu, ef henni þykir sýnt, að kostnaðarverð hússins sé svo hátt, að 15% af fasteignamati sé ekki viðunandi leigumáli fyrir húseiganda. En mér finnst það ansi hart, að menn þurfi að eiga það undir úrskurði nefndar, hvort menn verða vanskilamenn eða ekki. Nú hefir húseigandi e. t. v. reiknað húsið út og getur leigt það fyrir það verð, að hann getur staðið í skilum, og getur hann þá átt á hættu, að n. banni honum að leigja nema fyrir lægra verð. Auðvitað verða slíkar ráðstafanir til að aftra mönnum frá að byggja; menn forðast að láta fé sitt í eignir, sem eru að einhverju leyti ófrjálsar. Þetta er meginástæðan gegn frv. Hömlurnar, sem það gerir ráð fyrir, verða til þess, að færri ráðast í að byggja, framboð á íbúðum minnkar og húsaleiga hækkar þar af leiðandi.

Ég ætla ekki að fara að ræða mikið um dýrtíðina hér í Reykjavík. En starf hv. fim. þessa frv. gegn henni virðist raunar vera ennþá óeigingjarnara heldur en hv. samþm. minn lýsti, því það er ekki óæskilegt fyrir nærsveitirnar, að það haldist svona þó nokkur dýrtíð hér í Reykjavík. Það er ekkert að því fyrir þær, að talsvert miklir peningar fljóti hér, að veltan sé mikil hjá bæjarbúum, því þá eru markaðsskilyrðin betri.

Ég skal ekki blanda mér inn í deilur

framsóknar- og jafnaðarmanna út af byggingu verkamannabústaða. Ég er á móti slíkum byggingum af hálfu þess opinbera, eða með beinum stuðningi þess, vegna þess, að reynslan annarsstaðar hefir sýnt, að þegar farið er að gera sérstakar ráðstafanir í þessa átt, dregur það úr byggingum yfirleitt. Menn, sem annars hefðu byggt af eigin rammleik, fara að bíða og bíða, í þeirri von að lenda undir einhver vildarkjör. Ef opinberar ráðstafanir eiga að verða til þess, að meira sé byggt en ella, verða þær að vera mjög stórkostlegar. Það er ekki sanngjarnt af hv. flm. að heimta af hverjum, sem andmælir frv. hans, að hann hafi á reiðum höndum annað ráð til að húsaleigan í Reykjavík lækki. Það setja margir út á kvæði og benda á galla þess, þó þeir geti ekki sjálfir ort betur. Ég get að vísu bent á betri leið í þessu máli heldur en að samþ. frv., og það er að samþ. það ekki. Þegar ráðlagt er að setja lög til að koma í veg fyrir háa húsaleigu, sem myndu frekar hafa áhrif í þá átt að hækka húsaleiguna, þá er betra ráð fólgið í því að setja þau lög ekki.

Það væri einnig ráð til að lækka húsaleiguna að útvega lánsfé með hagkvæmum kjörum. Það er ráðstöfun til bóta, ef það væri hægt. Nú hefir veðdeildin verið svo að segja lokuð til langs tíma. Yfirleitt er eina ráðið, sem að gagni getur komið í þessu efni, að örva menn á heilbrigðan hátt til að byggja sem mest.

Ég greiddi atkv. á móti búnaðarbankalögunum þegar þau voru afgr. héðan úr hv. d., hefi líklega verið sá eini, sem það gerði. Það var nú af ýmsum ástæðum, en fyrst og fremst var það af því, að ég sá, hvar fiskur lá undir steini að því er veðdeildina snerti. Það var verið að kljúfa hana með því að setja nýja veðdeild handa sveitunum, en skilja kaupstöðunum eftir veðdeild Landsbankans. Fram að þeim tíma var skárra að fá þar lán til bygginga en nú er. En þarna ráku á eftir fulltrúar þess hluta landsmanna, sem tiltölulega flesta fulltrúana hefir á þingi. Að slíta þannig í sundur veðdeildina fannst mér því svipað og að leysa uppskipunarbát aftan úr mótorbát, sem á að draga hann. Þegar Reykjavík er orðin ein eftir með veðdeild Landsbankans, þá er ekki mikil von til þess, að mikið verði lagt í sölurnar til þess að bæta verðbréfamarkað hennar. Ég er ekki að halda því fram, að það sé heilbrigt, að ríkið taki lán til veðdeildarbréfakaupa. Er vonandi, að ríkisveðbankinn bæti á sínum tíma úr þörfinni með verðbréfasölu erlendis. En meðan ekki er hægt að útvega sæmilegt lán til bygginga, held ég, að ekkert sé hægt að gera í þessu máli, sem að verulegu gagni kemur.

Húsaleigunefnd gæti e. t. v. lækkað húsaleigu í einstaka húsi, og væri það ekki nema gott. En það gagn svarar alls ekki til þess fyrirkomulags, sem frv. gerir ráð fyrir, til þeirra óþæginda og kostnaðar, sem það mundi hafa í för með sér, ef að lögum yrði.

Einar Arnórsson [óyfirl.]: Það mun ekki þörf á að lengja mikið umr. um þetta mál. Það kemur sennilega til 2. umr., og gefst þá tækifæri til að athuga það nánar. Vil ég aðeins svara nokkrum atriðum í ræðu hv. 1. þm. Árn.

Áskoranir hv. þm. til okkar andstæðinga frv. um það að koma með önnur ráð betri til að koma í veg fyrir háa húsaleigu í Reykjavík hefir þegar verið svarað. Eins og hv. 4. þm. Reykv. benti á, er eina raunverulega ráðið til þess, að leigan verði alstaðar sanngjörn, að örva menn til húsabygginga. Öll önnur ráð eru ekki annað en hrossalækningar. Kostnaðurinn, óvildin og óþægindin, sem leiða mundi af framkvæmd frv., mundi fyllilega vega á móti lækkun á húsaleigu, sem n. e. t. v. kæmi til leiðar í einstökum tilfellum. Hagurinn af því mundi því verða afskaplega lítill.

Við munum eftir gömlu húsaleigunefndinni; hagurinn af þeim ráðstöfunum var tvísýnn. Þó stóðu þannig sakir þá, á árunum 1917—1920, að það mátti heita alveg ómögulegt að byggja. Byggingarefnið var svo dýrt, að ekki var kleift mennskum mönnum að kaupa það. Sementið var þá t. d. á 60 kr. tunnan hér á höfn. Þá var því útilokuð sú leið að auka byggingar. Nú eru sem betur fer ekki slíkar ástæður fyrir hendi. Verð á byggingarvörum má heita skaplegt. Verð á sementi er t. d. komið niður í 11 til 12 kr. tunnan. Þegar byggingar hófust aft-

ur, sýndi það sig, að húsaleigunefndin var óþörf, enda var hún þá afnumin.

Eitt atriði var það eða röksemd í ræðu hv. þm., sem getur látið nógu vel í eyrum manna, en við nánari athugun fær illa staðizt. Hann sagði, að þeir, sem ekki þyrftu að taka háa húsaleigu, ættu ekki að fá að gera það í skjóli hinna, sem þess þurfa. Ég skil vel, hvað hv. þm. á við með þessu. Hann á við, að maður, sem t. d. byggir nú eða á þeim tíma, sem dýrtíðin var enn meiri, þurfi að fá hærri húsaleigu heldur en maður, sem byggt hefir á ódýrari tíma.

Þetta lætur vel í eyrum til að byrja með, að lægra eigi að leigja gömul hús heldur en ný. En skoði maður húsnæði sem hverja aðra markaðsvöru, kemur fram, hvað þessi röksemd er haldlítil. Við skulum hugsa okkur, að hv. þm. fengi eitt sumar ódýrari kaupamann heldur en nágrannar hans. Ekki færi hann að selja afurðir sínar fyrir minna verð fyrir það. Ekki færi hann að selja okkur mjólk eða dilka fyrir lægra verð en aðrir bændur, þó hann notaði ódýrari vinnukraft og þyrfti þar af leiðandi að kosta minnu til framleiðslunnar. Það verður hver að hafa happ sem hlýtur hvað þetta snertir. Sá, sem byggir óeðlilega dýrt hús, hlýtur að hafa skaða af því, hvort sem hann selur það eða leigir það út. Eins verður sá maður, sem er svo heppinn að komast yfir eitthvert verðmæti á ódýran hátt, sjálfur að hagnast á því. Ef einhver, sem byggt hefir fyrir stríðið, getur veitt jafngóða íbúð í húsi sínu eins og í nýju húsi væri, hygg ég, að engin nefnd tæki fullt tillit til þess við ákvörðun húsaleigu, að hann þurfti minna að kosta til hússins en þeir, sem nú byggja, enda væri það ekki rétt.

Það hefir verið minnzt á, að ósamræmi væri í því, að skattaálagning er miðuð við brunabótaverð, en samkv. frv. á að miða húsaleigu við fasteignamat. Það er alveg rétt, að í þessu væri hið mesta ósamræmi. Ég þekki hús, sem er metið á 70 þús. kr. eftir brunabótavirðingu. Samkv. því er leiga eftir það metin 7000 krónur við framtal til tekjuskatts. En fasteignamatsverð á sama húsi er 40 þús. kr. Ef það væri leigt fyrir þá hámarksleigu, sem gert er ráð fyrir í frv., yrðu það 6000 kr. Eigandi hússins verður m. ö. o., ef hann vill sjálfur búa í húsinu, að reikna sér 7000 kr. leigu, en ef hann leigir það öðrum, má leigan ekki fara fram úr 6000 kr. Vitanlega vex verðmæti hússins ekkert við það, þó eigandinn búi í því sjálfur! Ef farið væri að bera saman brunabótavirðingu og fasteignamat, hygg ég, að ekki yrðu fá dæmi svipuð þessu.

Hv. 1. þm. Árn. talaði um, að bankarnir hefðu lagt mikið fé í svonefndar villubyggingar. Sannleikurinn er sá, að bankarnir eiga mjög lítið fé í slíkum byggingum, sem byggðar hafa verið á seinni árum, þó óbeinlínis hafi þeir lagt fram fé til þeirra. Veðdeildin hefir verið svo að segja lokuð síðustu árin og mjög lítið verið lánað út á fyrsta veðrétt. En menn hafa tekið út sparifé sitt og fengið lánað sparifé hjá öðrum til þess að byggja fyrir. Það hefir því ekki verið með vilja bankanna, að þessar „villur" hafa verið byggðar, en þeir hafa orðið að þola, að tekið væri út fé til þeirra, og hafa þannig tapað því, sem munar á sparisjóðsvöxtum og útlánsvöxtum, við það að lána ekki. Þessar byggingar eru yfirleitt nokkuð dýrar, en þó hygg ég, að meira orð hafi verið gert á því en ástæða er til. Það er ekki nema gott, að menn geti reist sæmilega vönduð hús, og þau eru bæjarprýði.

Flest húsin, sem undir þessu heiti ganga, eru þannig byggð, að eigandinn skaffar fleirum húsnæði, leigir öðrum undir sinni íbúð eða með sér, jafnvel meiri hlutann af húsinu. Það eru ekki margar af þessum „villum", sem eru einstrengdar við það að vera eins manns íbúðir.

Annars býst ég við, að það hafi verið fremur hv. samþm. minn, 3. þm. Reykv., en ég, sem þessum skeytum um villubyggingar var beint til, því ég hefi aldrei verið svo heppinn að eignast „villu".

Ég get rifjað það upp fyrir hv. þm., sem nokkuð var talað um í sumar, að húsaleigulög sem þessi verka á fleiri en einn hátt í þá átt að draga úr húsabyggingum. Það var algengt meðan gömlu húsaleigulögin voru í gildi, að menn, sem höfðu efni á að byggja, sátu í leiguíbúð í skjóli þeirra. Þeim þótti það búhnykk-

ur, vegna þess hvað dýrt var að byggja. Í sömu átt verka lögin gagnvart þeim, sem byggja hús handa öðrum. Ég talaði við marga efnaða menn meðan gömlu lögin giltu, sem ekki þótti borga sig að byggja yfir sig sjálfa eða aðra. Eins mundi fara nú. Ýmsir, sem ekki hafa enn byggt yfir sig, en gætu þó gert það, mundu ekki gera það vegna þess, að þeir gætu sætt betri kjörum með því að leigja.

Ég gæti hugsað mér aðrar leiðir til að lækka húsaleigu, þar sem hún er of há, heldur en þá, sem frv. gerir ráð fyrir, og það hægari leiðir. T. d. mætti stinga upp á að leggja sérstakan aukaskatt til bæjarins á þá húsaleigu, sem bersýnilega væri of há.

Hv. flm. má ekki halda, að við þm. Reykv., sem andmælt höfum þessu frv., skoðum okkur sem talsmenn þeirra, sem leigja út húsnæði, húsaleiguokraranna, sem hv. þm. kallar. (**JörB:** Ég held maður heyri tóninn). Við viljum þvert á móti stuðla að því að koma í veg fyrir of háa húsaleigu, en við álítum það ekki beztu leiðina að samþ. frv. hv. 1. þm. Árn.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Ég nenni ekki að eltast við öll þau smáatr., sem hv. 4. þm. Reykv. tíndi hér fram, en vil aðeins víkja að nokkrum atriðum í ræðu hans. Hann viðurkenndi eins og aðrir, sem andmælt hafa þessu frv., að talsvert húsaleiguokur myndi eiga sér stað í þessum bæ. Það var ekki heldur von, að hann vildi mæla því í gegn, þar sem sannað er, að slíkt á sér því miður stað. Hann var að leita að ástæðum fyrir því, að húsaleigan væri svona há, og fann tvær. Hin fyrri var sú, að leigusala kynni að falla illa við leigjanda, þykja hann ganga illa um hús, vera sóðalegur o. fl. þessh., og ætlaði svo að bæta þessa galla hans með því að láta hann greiða meira fé fyrir húsnæðið! Ég geri nú satt að segja lítið úr þessum ástæðum. Ég held nefnilega, að þeir, sem yfir húsnæði hafa að ráða, vilji yfirleitt heldur vera alveg lausir við slíka leigjendur en að taka nokkrum krónum meira af þeim fyrir húsnæðið. Ég býst við, að þessi ástæða megi sín afarlítils og að húsaleiga í Rvík sé ekki hærri fyrir þær sakir. Þá benti hv. þm. á aðra ástæðu, og hún var sú, að húsnæði í Rvík væri of lítið. Þessi ástæða ein út af fyrir sig væri ærin á móti málinu, bara ef hún væri fyrir hendi. Það má að vísu vera, að húsnæði hér í bænum hafi verið heldur lítið, en þó hefi ég bæði í vetur og sumar veitt því athygli, að talsvert er af auglýsingum í blöðunum, þar sem hús eru til boða. Er þetta á annan veg en lengi hefir tíðkazt hér í bæ. Bendir það til þess, að húsnæði sé ekki af svo mjög skornum skammti, þótt e. t. v. væri æskilegra, að greiðara væri um í þeim efnum. Hv. þm. lagði aðaláherzluna á þetta atriði. Hitt nefndi hann aftur á móti ekki, sem miklu máli skiptir, hverskonar leigumálar eru ríkjandi í bænum, eða við hvaða verði menn vilja láta húsnæði sitt í té. Það getur oft verið svo, að húseigendur telji sér fremur hag í því að láta sumt af húsum sínum standa autt en lækka leiguna. Mér finnst, að þeir menn, sem væru svo fjárhagslega illa staddir, að þeir þyrftu að grípa til þessa óyndisúrræðis, ættu fremur að byrja á því að lækka leiguna. En sé því ekki til að dreifa, er hægt að halda nokkru af húsnæðinu auðu, en leigja hinn hlutann þeim mun dýrara, og halda á þann hátt uppi leigunni. Hv. 4. þm. Reykv. veit, að þetta tíðkast oft í almennum viðskiptum. Nærtækt dæmi því til sönnunar er það, er nokkrir menn komu af stað einokun á einni vörutegund hér á landi. Ég á hér við olíusöluna. Viðskiptamenn voru bundnir samningum um að skipta aðeins við þetta eina fyrirtæki, og með því móti hélzt verðið stórkostlega uppi. Þetta liggur fyrir skjallega sannað. Verðið hélzt sannarlega ekki uppi af þeim sökum, að of lítið væri til af olíu, heldur af því, að verzlunin var komin á eina hönd og hún réð verðinu. (**EA:** En eru húsin í Reykjavík komin á eina hönd?). Nei, að vísu ekki. (**ÓTh:** En fáar?). Já, tiltölulega fáar, borið saman við fólksfjölda. Þetta veit hv. þm. G.-K. vel, þar sem birt hefir verið opinberlega skýrsla um þetta mál og útbýtt hér á Alþingi. Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að örva þyrfti húsabyggingar hér í bænum og taldi það bezta ráðið við þessum vanda. Ég skal játa það, að það myndi e. t. v. ráða bót á hinni háu húsaleigu, ef hægt væri að örva mjög ódýrar byggingar, en þó vildi ég ekki á-

byrgjast, að svo færi. En af því að hv. 4. þm. Reykv. lagði svo mikla áherzlu á það atriði, að menn mættu ekki fá lægri húsaleigu en nú er án þess að verða vanskilamenn og ganga á gerða samninga, þá vil ég varpa fram þeirri spurningu, hvernig færi, ef húsaleigan þrátt fyrir allt lækkaði. Yrðu þá þessir menn ekki sömu vanskilamennirnir? Ef svo er ekki, er það játning á því hjá hv. þm., að þessir menn búast við, að aðdragandinn að nægilegri húsaaukningu verði svo langur, að þeir geti á þeim tíma verið búnir að afborga mikið húseignir sínar. Annars yrðu þessir menn sömu vanskilamennirnir, hvort sem húsaleigan lækkaði vegna sérstakra ráðstafana eða af sjálfsdáðum. Þessu er ekki til neins að mótmæla. En það er rétt að minnast á það í þessu sambandi, hvílíkt böl þessi okurleiga er fyrir alþýðu manna í þessum bæ. Og þegar sú hlið málsins er athuguð, fullyrði ég hiklaust, að fjöldi manna greiðir nú húsaleigu langt um efni fram, og mjög margir húseigendur taka meiri leigu en nauðsyn og réttlæti krefja. (ÓTh: Eru þeir nú orðnir „mjög margir" húseigendurnir? Var þetta ekki allt saman í fárra manna höndum?).

Hv. 4. þm. Reykv. svaraði þeirri kröfu minni til hans um betri lausn á þessu máli en í frv. mínu felst á þá leið, að það væri strax betra að flytja ekki þetta frv. Þetta er nú hans skoðun. Á svona litlum röksemdum voru mótmæli hans reist. Og þó einkum er hann viðurkenndi, að húseigendur tækju meiri leigu en þeim bæri. Þá vék hann orðum sínum að Búnaðarbankanum. Það mál er þessu óskylt, og ætla ég ekki að leiða það inn í umr. að sinni, þótt hv. þm. gæfi tilefni til þess.

Hv. 2. þm. Reykv. þarf ég litlu að svara. Hann hóf ræðu sína á því að tala um ósamræmið á milli brunabóta- og fasteignamatsvirðinga hér í bæ. Þetta er rétt. Og ég get viðurkennt, að þar sem hvor virðingin fyrir sig er lögð til grundvallar fyrir gjöldum, þá er þar ekki fullt samræmi á milli, og er það illt. Að ég lagði ekki brunabótavirðingu húsanna til grundvallar í þessu frv., stafar af því, að kunnugir menn hafa sagt mér, að brunabótavirðingin myndi vera nokkru ofan við hið raunverulega verð. Ég veit að vísu, að húseignir kosta meira en fasteignamatsverðið þendir til, og sökum þess hafði ég prósentutöluna þetta hærri en hóflegt myndi, ef fasteignamatið væri hið raunverulega verð. Svo hefi ég einnig gætt þess, að ef eitthvað bæri á milli, væri hinni væntanlegu nefnd mögulegt að mæta þeim ástæðum, sem fram kynnu að koma. Hv. þm. taldi sig því samþ., og vænti ég þess, að hann standi við það.

Þá vék hv. 2. þm. Reykv. að því, að þótt menn hefðu komizt yfir ódýr hús og stæðu sig því betur við að leigja þau við vægu verði, þá væri hæpið, að rétt væri að skylda þá til þess. (EA: Já). Já, þarna skilur okkur gersamlega á. Ég álít, að yfirleitt, og ekki sízt á öðrum eins örðugleikatímum og nú eru, eigi umhugsunin um velferð alþýðu manna að sitja í fyrirrúmi. Þegar ákveðið var, hve háa vexti menn mættu taka af fjármunum sínum, var ekkert tillit tekið til þess, hversu mikinn kostnað eigandinn hafði haft við öflun þeirra. (EA: Við hvað á hv. þm.?). Ég á við l. um lögleigu. Hv. þm. veit bezt, á hvern hátt þessi l. eru til komin. Sú ákvörðun var tekin af löggjafarvaldinu til þess að vernda hagsmuni almennings. (EA: Mér virðist þetta einungis sanna mitt mál, og ekkert annað). Þvert á móti. Sá, sem hafði haft mikinn kostnað við öflun fjármunanna, mátti ekki taka hærri vexti af þeim en hinn, sem e. t. v. hafði eignazt þá að kostnaðarlausu. (EA: M. ö. o. þeir máttu taka jafnt). Hv. 2. þm. Reykv. vill þó ekki halda því fram, að hús, sem kostað hefir 10 þús. kr., hafi kostað eigandann jafnmikið og annað, sem kostaði 17 þús. kr. (EA: En eftir l. eiga þeir að fá jafnt).

Þá sagði hv. 2. þm. Reykv., að bankarnir myndu ekki hafa lánað mikið fé til þessara dýru bygginga. Óbeint hafa þeir gert það, enda stóð það ekki í þeirra valdi að hindra, að einstakir menn tækju fé út úr bönkunum til þess að leggja í þessi dýru hús. Mér hefir verið sagt, að á nokkrum lóðum, sem eru eign bæjarins, sé bannað að byggja annarskonar hús en hinar svonefndu „villur". Það sé blátt áfram skilyrði til þess að fá að byggja á lóðum þessum að hafa húsin með ákveðnu sniði. Þótt það sé svo sem hv. 2. þm. Reykv. segir, að þeir menn, sem

byggja þessi dýru hús, leigi fyrir neðan sig (EA: Eða ofan), þá væri miklu æskilegra, að allt öðruvísi væri byggt og meir við hæfi almennings.

Ég var alls ekki í minni ræðu að víkja nokkru að hv. 2. þm. Reykv. né öðrum, sem í þessu máli hafa talað, viðvíkjandi þeirra eigin byggingum. Það kemur mér ekkert við. Ég nefndi aðeins þessar byggingar sem dæmi þess, hve miklir fjármunir eru settir í lítið húsnæði og stuðla því að dýrri húsaleigu. Annars er mér kunnugt um, að þessi hv. þm. á prýðilegt hús við eina af götum bæjarins, þótt ekki komist það undir þetta „villu"-heiti, og þótt svo væri, þá veit ég, að hann myndi ekki andmæla frv. þess vegna. (EA: Mér er persónulega alveg sama um þetta atriði). Ég hefi líka gengið út frá því.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Ég held, að þessi „villu"þræta sé dálítið utan við málið, því að þótt einhverjir hafi reist sér dýr hús og búi í þeim sjálfir, hefir það engin áhrif á húsaleiguna í Rvík yfirleitt, frekar en skrauthýsi t. d. í Lundúnum hafa það. Ég sé ekki, að húsaleiga sé yfirleitt of há. Ég vil alls ekki kannast við það, að hér væri „húsaleiguokur", eða að það tíðkaðist mjög. Ég er ekki svo kunnugur í bænum, að það geti ekki verið innan um og saman við menn, sem okra á húsum sínum, en algengt er það ekki. Og ef það væri til, þá stafaði það einungis af of litlu húsnæði, því að menn geta ekki okrað á hlutum, sem nóg er til af. Húsnæðisvandræðin ein fá orsakað slíkt okur. Það mun vera rétt hjá hv. þm., að talsvert sé farið að sjást af húsnæðisauglýsingum í blöðunum, og það ber vott um, að vandræðin eru ekki eins mikil nú og áður. Annaðhvort stafar það af því, að aðstreymi til bæjarins hefir minnkað eða húsnæði er meira til en áður. En hvað sýnir þetta? Einungis það, að ef svona heldur áfram, er húsnæði komið að því að lækka í verði. Þótt ein og ein íbúð sé leigð, hefir það ekki nokkur áhrif á heildarverðið. En fari að verða margir húseigendur, sem verða að leita á til þess að fá leigjendur, í stað þess að leigjendur leituðu á áður, þá fer það eins og með erlendan gjaldeyri, að leigan hlýtur að lækka. Ég get sagt það sem dæmi um húsnæðisvandræðin, að ég frétti, að maður nokkur hér í Rvík ætti von á að fá embætti úti á landi og spurði hann því, hvort ég myndi geta fengið íbúðina hans. Ég var sá 63. í röðinni, sem spurði um slíkt! 62 voru komnir á undan mér, af því að þá hafði grunað, að þarna myndi losna íbúð! Annað dæmi. Það dó kona hér í bænum, og viðbúið var, að maðurinn myndi hætta að halda heimili. Þegar ég frétti það, fór ég til mannsins, þó ekki fyrr en búið var að jarða konuna. En það var of seint. Menn höfðu byrjað að spyrja eftir íbúðinni undireins og konan veiktist! Það eru einmitt þessi vandræði, sem orsaka, að húsaleigan fer upp úr öllu valdi. Hér í Reykjavík eru eins og annarsstaðar nokkuð erfiðir tímar, og má því vera, að menn sæki minna til bæjarins en áður og þá rýmkist um. Og e. t. v. fer það svo, að fái hv. 1. þm. Árn. þetta samþ., þá verði hann svo heppinn að koma, eins og skottulæknarnir, með meðalið, þegar lækningin er að koma af sjálfu sér, en þakka svo sér þetta eftir á. Húsaleigan getur líka lækkað vegna erfiðleikanna um greiðslu. Það er æfinlega svo, að þegar menn eiga erfitt með að greiða, þá fara húseigendurnir að sigta betur úr þá, sem þeir vilja skipta við, og þeir vilja heldur leigja þeim, sem eru öruggir um greiðslu, fyrir lítið eitt lægra verð. Þetta verður til þess, að húsaleigan fer lækkandi, og ég get ímyndað mér, að þannig verði það á næstu árum hér í Rvík. En allt þetta er aðeins einn sorglegur vottur um, hvernig þetta ástand er. Þegar hátt verð er einhversstaðar, blómgast viðskipta- og atvinnulíf. Þannig hefir það verið hér í Rvík undanfarið. Það er því blandin ánægja að sjá þetta háa verð lækka sífellt.

Það mun vera rétt hjá hv. þm., að eftir skipulagsuppdrætti bæjarins eru vissir hlutar hans, sem bannað er að byggja nema einbýlishús á. Það eru vissar götur, sem ætlazt er til, að byggð verði einungis sambýlishús við, og einbýlishúsin aftur við aðrar. Hér er verið að hugsa um útlit bæjarins. Það þykja skemmtilegri og hollari hús, sem standa ein sér, með rúmgóðum görðum í kring, heldur en sambýlisbyggingarnar. Það má vel

vera, að þetta þyki heldur mikill „luksus“, en menn hér langar nú til þess að vera eins og annarsstaðar. En ef menn ætla að spara alla skapaða hluti, þá væri bezt að lögbjóða mönnum að búa í einhverjum hottentottakofum, einhverjum „leirkrúsum“, eða jafnvel snjóhúsum eins og Eskimóar. Nei, hér er aðeins verið að hugsa um útlit bæjarins. Það þykir fara betur á því að skipa litlum húsum saman í hverfi, og svo stórum aftur annarsstaðar. Þetta er mikil framför frá því, sem áður var. Ég sný ekki aftur með það, sem ég benti á áðan, að það er strax betra að láta vera að setja þessi l. en setja þau. Það er mín meginröksemd, að það eigi ekki að gera neitt til þess að draga úr byggingum, en það gera þessi l.

Svo er það aðeins eitt, sem ég vildi svara í ræðu hv. þm. Hann sagði, að það væri orðið allvíðtækt, að menn héldu íbúðum óleigðum til þess að hafa áhrif á leiguna. (JörB: Það sagði ég aldrei). Og hv. þm. tók til dæmis um það, hve slík áhrif gætu orðið hættuleg, að olíuhringur hefði myndazt hér fyrir nokkrum árum og látið menn kenna mjög hart á sér. Þetta er algerlega ósambærilegt. Fyrst er það nú, að íbúðir eru alls ekki komnar á eina hönd, og m. a. s. ekki á fáar hendur. Ég veit varla um nokkurn mann, sem hefir sett stórfé í húseignir, sem hann leigi út. Það kann að vera, að sami maður eigi e. t. v. 2 hús, en varla mun um stórhringa að ræða í þeim efnum. Það er svo gerólíkt um steinolíuhring og þessar húsabyggingar, að það er yfirleitt svo með leigusala, að þeir mega enga íbúð láta óleigða, en hin feiknastóru félög, sem stofnuð eru með millj. og milljarða króna höfuðstól, geta auðveldlega verzlað sér til skaða í einu landi meðan þau eru að níða niður keppinauta og ná allri verzluninni undir sig. En þetta getur ekki komið til greina hér.

Mér skildist, að hv. þm. féllist á það, að íbúðirnar væru ekki á fárra manna höndum, a. m. k. talaði hann um, að ósanngjarnir leigjendur væru mjög margir, en ef íbúðirnar væru á fárra manna höndum, þá skil ég ekki, hvernig ósanngjarnir leigusalar gætu verið mjög margir, því að ekki geta þeir ósanngjörnu verið fleiri en leigusalar yfirleitt.

Ég held annars, að ekki sé ástæða til þess að ræða þetta þrautrædda mál frekar. Það er eðlilegt, að fram komi ár eftir ár sömu röksemdirnar, en mér finnst, að hv. þdm. ættu að taka nokkurt tillit til þess, að allir þm. bæjarins, sem þó eru ekki oft allir sammála, skuli nú allir einhuga um að leggja á móti þessu frv.

Einar Arnórsson [óyfirl.]: Það er aðeins stutt aths., ég ris væntanlega upp við 2. umr. málsins. Hv. flm. virtist, eins og stundum kemur fyrir menn í bardagahita, að hann sannaði of mikið, en sá, sem sannar of mikið, sannar ekki neitt. Annað var um olíuhringinn, en hitt um lögleigu. Lögleigudæmið sannaði einungis mitt mál. Ef við, hv. flm. og ég, eigum sína kúna hvor, og ég hefi keypt mína fyrir ærna peninga, en hann fengið sína að gjöf, þá verður lögleigan jöfn eftir báðar kýrnar. Hann hefir jafnmikinn rétt til þess að taka jafnmikla leigu og ég. Í þessu tilfelli er alls ekki hægt að taka tillit til þess, með hvaða kjörum við vorum að skepnunum komnir. Þetta dæmi sýnir því, að hv. flm. hefir gersamlega mistekizt. Okkur kemur saman um það, að brunabóta- og fasteignamatsvirðing sé sitt hvað af sömu eigninni. Því að brunabótavirðingin tekur mikið tillit til lóðarinnar. Þetta er svo mjög, að mikið ósamræmi hlýzt af í hvívetna.

Við hv. flm. getum vitanlega talað um það nánar, hvort hægt sé að koma þar samræmi á milli. En við getum ekki gert út um það mál, því við ráðum ekki störfum skattstjórnarinnar hér í Reykjavík.

Ég geri ráð fyrir því, að við fáum tækifæri til að leiða saman hesta okkar af nýju við 2. umr. þessa máls.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Ég vil víkja fáum orðum að hv. 2. þm. Reykv. og lögleigunni. Hv. þm. veit það vel, að hér er miðað við löggilt mat, sem á að sýna hið raunverulega verð eignarinnar, en ekkert tillit tekið til þess, þótt eign hafi t. d. verið gefin eiganda. Leigan er miðuð við ákveðinn hundraðshluta af fasteignamatsverðinu, en þó hefir nefndin vald til að víkja frá því, ef ástæður mæla með því.

Við hv. 4. þm. Reykv. vil ég segja það,

að mér hefði þótt æskilegt, að hann hefði sagt það í fyrri ræðu sinni, sem hann sagði nú, að hann þekkti alls ekkert til málsins. Um leið og hann gerir kröfu til þess, að tillit sé tekið til skoðana sinna, þá er ekki heppilegt, að hann komi með slíkar yfirlýsingar.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Ég vil aðeins svara þessum útúrsnúningi hv. flm. Ég sagðist ekki þekkja dæmi þess, að hér væri okurhúsaleiga, en gerði þó ráð fyrir, að svo kynni að vera sumstaðar. En það er auðvitað allt annað en það, sem hv. flm. lagði mér í munn.

Einar Arnórsson [óyfirl.]: Af því, sem hv. flm. sagði um fasteignamatið og réttmæti þess annarsvegar og brunabótavirðinguna hinsvegar, leiðir, að frv. er byggt á sjóðvitlausum grundvelli.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Það er sorglegt, að hv. 2. þm. Reykv., sem starfað hefir í fjöldamörg ár í húsaleigunefnd, skuli hafa gert sér svo rangar hugmyndir um þetta mál.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14:2 atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

16. Iðja og iðnaður.

Á 25. fundi í Nd., 10. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 18, 31. maí 1927, um iðju og iðnað (þmfrv., A. 131).

Á 27. fundi í Nd., 12. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Jónsson): Af því að fundartíminn er liðinn og hv. þdm. er þetta frv. kunnugt frá fyrri þingum, þá mun ég ekki flytja neina framsöguræðu fyrir því, en óska aðeins, að það fái að ganga til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

17. Fyrning skulda.

Á 25. fundi í Nd., 10. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 14, 20. okt. 1905, um fyrning skulda og annara kröfuréttinda (þmfrv., A. 134).

Á 27., 28., 30. og 32. fundi í Nd., 12., 14., 16. og 18. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Nd., 21. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Halldór Stefánsson): Frv. þetta fer fram á tvær breyt. á fyrningarlögum. Fyrri breytingin er í því fólgin, að kröfur út af sölu eða afhendingu á vörum eða lausafé, sem ekki er afhent sem fylgifé með fasteign, fyrnist á einu ári, í stað fjögra ára. Hin breytingin er sú, að það hafi ekki áhrif á fyrningu þessara skulda, hvort viðskipti haldast óslitin eða ekki milli skuldara og skuldareiganda.

Tilgangur frv. er sá, að vinna á móti skuldasöfnun lausaskulda, fyrst og fremst verzlunarskulda. Honum er ætlað að ná á þann hátt, að gera örðugra og varhugaverðara bæði fyrir lánveitanda og lánþega að stofna til slíkra skulda. Má því segja, að frv. sé hemill á óverðskulduðu lánstrausti. Það er svo um lánstraustið sem margt annað gott, að það er tvíeggjað sverð, gott og gagnlegt, ef réttilega er með farið, en annars báðum aðiljum til skaða. Misnotað lánstraust hefir margvíslega bölvun í för með sér. Það leiðir til eyðslu umfram getu, og kemur þannig fram eins og fölsk kaupgeta í viðskiptum, fyrst innanlands, og svo erlendis, sem skiljanlegt er, þar sem ástæðan er sú, að verðmætið, sem á bak við átti að standa, hefir brugðizt. Af mis-

notkun lánstrausts stafa verzlunarskuldirnar og bankatöpin, en af því aftur skuldirnar við útlönd og vaxtakúgunin og ólag á viðskiptin til að standast áfallin og væntanleg áföll.

Fyrningarlögin eru orðin nær 30 ára gömul, og því er ekki furða, þótt viðhorf hafi breytzt á svo löngum tíma og þau þyrftu einhverra umbóta við.

Á það ber einnig að líta í sambandi við fyrningarfrestinn, hvort lífsþarfir líðandi stundar eigi ekki að hafa meiri rétt en eldri þarfir, svo að gamlar skuldakröfur, þótt skýlausar og réttmætar hafi verið í upphafi, verði eftir vissan tíma að þoka fyrir þeim. En það hefir komið fyrir, einkum við innheimtu gamalla verzlunarskulda, að menn hafa verið sviptir brýnustu lífsnauðsynjum og möguleikum til að fullnægja þörfum líðandi stundar, vegna gamalla skulda.

Þess er og að gæta, að hvað snertir afhendingu eða sókn á vörum og lausafé er fjögra ára fresturinn ekki annað en blekking, þar sem krafan helzt um áratugi án fyrningar, ef viðskipti haldast. Þetta er alveg óeðlilegt, og er í rauninni alveg sama og að verzlunarskuldir fyrnist alls ekki og er því gefinn meiri réttur en öðrum skuldum, sem þó að lögum er ætlað að vera rétthærri.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15:2 atkv. og til allshn. með 15:1 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

18. Vélgæzla á gufuskipum (frv. GÍ).

Á 25. fundi í Nd., 10. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um heimild handa atvmrh. til að veita Þorbirni Kapraciussyni skírteini til vélstjórnar á íslenzkum gufuskipum (þmfrv., A. 141).

Á 27. fundi í Nd., 12. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Guðbrandur Ísberg): Vegna þess að fundartíminn er liðinn, læt ég mér nægja að vísa til grg. fyrir þessu frv. og óska, að því verði vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 16 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., 23. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 141, n. 228).

Frsm. (Guðbrandur Ísberg): Eins og grg. frv. ber með sér, hefir maður sá, sem hér um ræðir, verið 1. vélstjóri á gufuskipum í 6 ár, og er þetta hið sjöunda. Það er auðsætt, að hann hefir þegar í starfi sínu sem vélstjóri aflað sér þeirrar þekkingar og reynslu í meðferð gufuvéla, sem próf frá vélstjóraskólanum á að tryggja. En auk þess árafjölda, sem hann hefir verið 1. vélstjóri, hafði hann mörg ár áður verið kyndari. Hefir hann þannig í nærfellt 20 ár unnið við gufuvélar, fyrst sem kyndari og aðstoðarmaður og síðustu árin sem vélstjóri. Það er sanngirnismál gagnvart manninum að veita honum þau takmörkuðu vélstjóraréttindi, sem hér er farið fram á, og honum er það fullkomið nauðsynjamál að fá þessi atvinnuréttindi tryggð á umræddan hátt. Og jafnframt því, að manninum sjálfum er þetta nauðsyn, er hér einnig um að ræða nauðsyn þess héraðs, sem hann starfar í. Síðastl. haust strandaði póstskipið „Unnur", sem annazt hafði póstferðir á Eyjafirði, Skagafirði og Skjálfanda. Þetta skip hafði um skeið notið 14—15 þús. kr. ríkissjóðsstyrks á ári. Um seinustu áramót var styrkur þessi færður niður í 11 þús. kr. Félag það, sem gert hafði „Unni" út og rekið hana með tapi, þrátt fyrir styrkinn, sá sér ekki fært að reyna að halda ferðunum áfram með nýju skipi, þar sem styrkurinn hafði verið lækkaður. Leit helzt svo út um tíma, að enginn mundi fást til að taka ferðirnar að sér. En þá tók skipshöfnin á „Unni" sig saman um að leigja skip á eigin ábyrgð og taka að sér að halda póstferðunum uppi. Skipta þeir á milli sín þeim ágóða, sem þeir fá af

skipinu og láta sér hann nægja sem kaup fyrir vinnu sína. Þessi útgerð hefir gengið vel að þessu, en hún byggist á því, að mennirnir, sem samtökin gerðu, geti unnið þarna allir áfram og að þeir verði ekki þvingaðir til þess að fá sér annan vélstjóra, því að það myndi kosta þá að greiða honum fast kaup á kostnað allrar skipshafnarinnar, hvernig sem rekstur skipsins annars bæri sig. Myndi félag þetta þá leysast upp og póstferðirnar og flutningastarfsemin leggjast niður, til mikils tjóns fyrir hlutaðeigandi héruð, ef eigi yrði aukinn styrkurinn úr ríkissjóði til póstferðanna til mikilla muna. Það eru því eindregin tilmæli skipshafnarinnar og íbúa hlutaðeigandi héraða, að Alþingi leggi ekki stein í götu þeirrar sjálfsbjargarviðleitni, sem hér er að verki. Ég tel það lofsvert fordæmi, sem umrædd skipshöfn hefir gefið með því að leggja meira upp úr fastri atvinnu allt árið en uppsprengdu tímavinnukaupi. Gæti það e. t. v. orðið öðrum, sem líkt stendur á fyrir, holl bending til athugunar og eftirbreytni.

Sjútvn. hefir haft málið til athugunar og leggur til, að frv. verði samþ., og leyfi ég mér því að vænta þess, að hv. d. sjái sér fært að gera það.

Haraldur Guðmundsson: Ég tel þetta frv. mjög varhugavert og að Alþ. fari inn á hættulega braut, ef það samþ. það óbreytt. Alþingi er alls óhæfur dómari um það, hvort einhver er fær um að vera vélstjóri á gufuskipi eða ekki. Það hefir enga þekkingu í þessu efni og verður að byggja dóm sinn á misjafnlega áreiðanlegum vottorðum. Auk þess lít ég svo á, að um leið og sett væru lög um það, hverja þekkingu vélstjórar verða að hafa, og námstími þeirra fyrirskipaður til tryggingar, verði jafnframt að tryggja þeim, sem leggja þetta nám á sig aðgang að starfi umfram aðra. Þeir, sem ætla að gera vélstjórn að atvinnu sinni, verða að vinna 3 ár á verkstæði fyrir sáralítið kaup, fyrst í stað a. m. k. Þeir verða að sigla 1 ár sem kyndarar og síðan að stunda 2 vetra nám. Samt eru nú nægilega margir vélstjórar fulllærðir hér á landi. Auk þess eru nú 39 menn á vélstjóraskólanum, og af þeim eiga 13 að útskrifast í vor. Er það því harla varhugavert að veita mönnum undanþágu, sem ekki hafa vélstjóraréttindi lögum samkvæmt. Er mér kunnugt um, að mótmæli hafa komið fram gegn slíkum undanþágum frá Vélstjórafélagi Íslands og vélstjóraskólanum. Þó játa ég það, að það er hart að svipta þá menn þessum rétti, sem áður hafa flotið á undanþágum, þar sem margir þeirra búa við þröngan kost. En eins og ég sagði áðan, þá er Alþingi óhæft til þess að gerast dómari í þessum málum. Ef horfið er að því ráði að veita mönnum, sem áður hafa siglt sem vélstjórar, undanþágur, þá væri bezt, að Alþingi setti sérstök lög um prófraun handa þessum mönnum.

Frsm. (Guðbrandur Ísberg): Ég er sammála síðasta ræðumanni um það, að eðlilegast væri að skipa málunum þannig, að ekki komi aðrir til greina sem vélstjórar en þeir, sem hafa próf. En undanfarið hefir verið hörgull á þesskonar mönnum, og hafa því mörgum verið veitt bráðabirgðaskírteini til vélgæzlu, sem eigi hafa gengið á vélskóla. Þessi maður, sem hér ræðir um, hefir starfað sem vélstjóri mjög lengi, og þar sem auk þess er um fátækan fjölskyldumann að ræða, væri það hart, ef honum yrði nú bægt frá atvinnu sinni. Ég get gengið inn á það, að eðlilegast væri að setja lög, sem heimiluðu undanþágu um tiltekinn árafjölda, og væri svo hætt með öllu að veita undanþágur. Og ég get upplýst, að frv. þess efnis mun fljótlega verða flutt hér í þessari hv. d. En þar sem óvíst er, að það nái að verða að lögum á þessu þingi, vil ég mælast til þess við hv. d., að hún láti þetta frv. halda áfram til Ed. Mér er kunnugt, að Vélstjórafélagið mun ekki hafa neitt sérstakt að athuga við það, þó að þessum manni verði veitt takmörkuð vélstjóraréttindi. Hefir lengi verið hörgull á vélstjórum á Akureyri, og má búast við því, að svo verði lengi enn, að vélstjóra skorti fyrir norðan, þó að nóg sé af þeim hér og í Hafnarfirði, þar sem gufuskipaflotinn er næstum allur samankominn. Er því ástæðulaust með öllu af hálfu Vélstjórafélags Íslands að amast við því, að frv. þetta verði samþ. Treysti ég því, að hv. d. leyfi því að halda áfram

til Ed. Gæti það eftir atvikum hvílt sig þar í n., þar til útséð er um, hvernig væntanlegu frv. um almenna undanþágu til handa próflausum vélstjórum reiðir af hér í deildinni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13:2 atkv.
2. gr. samþ. með 14:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13:2 atkv.

Á 37. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Ég verð að játa, að ég hefi ekki gefið frv. þessu nægilegan gaum meðan það hefir verið hér á ferðinni, einkum af því, að sjútvn. mælti óskipt með frv. En síðan frv. var hér til 2. umr. hefi ég talað við nokkra menn um frv., og af þeim viðtölum hefi ég komizt að því, að hér er um varhugavert mál að ræða.

Er augljóst, að ef það á að fara að tíðkast, að menn geti með sérstökum lögum fengið skírteini til þessa starfa, sem aðrir verða að gegnumganga sérstakan skóla til að fá, er þessi stétt í veði. Skal ég ekki draga það í efa, að þetta geti verið færir menn, sem orðið geti góðir vélstjórar, þó að ekki hafi þeir gengið í neinn skóla, en aðeins lært iðn sína af því að vinna að henni. En því verður að halda fram, að ekki er unnt að fá betri tryggingu í þessum efnum en fæst með því að krefjast ákveðins náms af þessum mönnum. Og ef menn geta orðið hæfir til þessa starfs án nokkurs náms, þá ættu þeir ekki að vera síður hæfir við að gegnumganga ákveðið nám í þessu skyni, heldur betri og meiri sómi stétt sinni. Auk þess er á það að líta, að þegar verið er að gera kröfu til þess, að menn gangi á skóla til að afla sér þessara réttinda — og er nú fjöldi slíkra manna á vélstjóraskólanum —, er ekki sanngjarnt, að öðrum séu veitt samskonar réttindi án þess að þeir hafi tekið á sig það aukaómak að ljúka þessu námi.

Ég býst ekki við því, að ég muni með þessum orðum stöðva þetta frv., sem hefir fengið meðmæli sjálfrar sjútvn. og enda siglt við góðan byr gegnum þingið til þessa, en ég sé mér ekki fært að greiða frv. atkv. af þessum ástæðum, og vildi aðeins gera grein fyrir atkv. mínu með þessum orðum.

Frsm. (Guðbrandur Ísberg): Ég geri ráð fyrir því, að hv. 4. þm. Reykv. hafi upplýsingar þær, sem hann hefir fengið, frá einhverjum vélstjórum, og þykir mér ekki nema eðlilegt, að þeir séu því andvígir, að mönnum séu veitt vélstjóraréttindi, sem ekki hafa notið kennslu í þessari grein, en það verður vissulega einnig að taka tillit til þeirra manna, sem gegnt hafa vélstjórastörfum undanfarið vegna vöntunar á skólagengnum vélstjórum, og reynzt hafa ekki síðri að dugnaði og leikni í þessum efnum en hinir, sem skólagengnir eru.

Eins og hv. 4. þm. Reykv. réttilega tók fram, hefir sjútvn. einum rómi lagt til, að frv. verði samþ., en síðan n. gerði þá ályktun hefir henni borizt frv., sem skrifstofustjórinn í atvmrn. hefir samið, þess efnis, að um næstu þrjú ár geti allir þeir, sem gegnt hafa vélstjórastörfum í 5 ár eða lengur, fengið endanleg skírteini til þessa starfa, en að eftir þann tíma sé loku skotið fyrir þetta með öllu. Þetta frv. er nú í prentun og verður lagt fram hér í deildinni á næstunni, og ef það nær samþykki þingsins, verður það frv., sem hér um ræðir, að vísu óþarft, því að þá geta allir þeir, sem gegnt hafa vélstjórastörfum þennan tilsetta tíma, þessi maður sem aðrir, fengið slík réttindi án sérstakra laga, en þar sem nú er mjög liðið orðið á þingtímann og því óvíst um, að frv. geti náð samþykki, enda þótt það hefði fylgi þingsins, vildi ég mega leyfa mér að mælast til þess, að þetta frv. yrði samþ. hér nú og afgr. til Ed. Gæti frv. þá beðið þar, unz útséð er um það, hvernig um hitt frv. fer.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Ég skal ekki hefja mikil andmæli gegn þessu frv., og er enda ekki kunnugur þessu máli frá rótum. Veit ég t. d. ekki, hvé margir slíkir menn enn eru eftir, sem gætu stytt sér leið með þessu móti og þannig dregið úr atvinnumöguleikum þeirra, sem ekki hafa hlíft sér við að ganga undir þetta

nám. Þetta er hinsvegar fjórða undanþágan frá vélstjóralögunum, sem borin er fram á þessu þingi, og það má gera ráð fyrir, að þeir séu ekki ómargir, sem enn koma hér til greina. Allir þeir mörgu, sem á vélstjóraskólann ganga, gera það í því trausti, að þeir með því hafi öðlazt meiri rétt en hinir, sem ekkert vilja á sig leggja í þessu skyni. Það má að vísu segja, að það sé hart að veita þeim mönnum ekki vélstjóraréttindi, sem lengi hafa starfað að vélgæzlu, en þeim er opin sú sama leið sem hinum, að ganga í skólann, sem ætti að veitast þeim fremur létt, enda þótt það yfirleitt sé erfiðara fyrir fullorðna menn að sitja og nema í skóla. Mér er og sagt, að ýmsir þessara manna hafi gert þetta, og ekki ættu þeir þó að hafa staðið betur að vígi í þessum efnum en þeir menn, sem nú er verið að sækja um undanþágur fyrir, og þó að það sé hart að bægja þessum mönnum frá, er þó hitt enn meira misrétti vegna þeirra, sem lagt hafa á sig nám í þessu skyni, því að með því er verið að opna þeim leið til að komast hjá öllum erfiðleikum í þessum efnum.

Út af hinu frv., sem hér var verið að boða, vil ég aðeins segja það nú, að ég er ákaflega hræddur um, að í sama horfið sæki aftur um þessar undanþágur, enda þótt frv. væri samþ. og meiningin sé að taka fyrir undanþágurnar með öllu eftir 3 ár. Er ekki vafi á því, að þessar undanþágur verða til að eyðileggja vélstjóraskólann, og hér er líka í raun og veru um það að ræða, hvort við eigum að hafa faglærða menn á okkar skipum eða ófaglærða. Ég hefi ekki vit á vélum, en ég veit þó, að vélgæzla er mikið og vandasamt starf, og þar sem hér er auk þess um dýr tæki að ræða, verður að krefjast ákveðinnar skólagöngu af öllum vélstjórum undantekningarlaust. Álít ég því, að bezt sé að taka nú hreinlega fyrir allar þessar undanþágur, því að þótt þær verði leyfðar í 3 ár enn, eins og yrði samkv. frv., sem verið var að boða um þetta, verður jafnhart eftir þann tíma að bægja þessum mönnum frá, auk þess sem á það er að líta, að hér er ekki verið að steypa neinu yfir menn, sem þeim komi á óvart, og enda sanngjarnast, að eitt verði látið ganga yfir alla jafnt í þessum efnum.

Frsm. (Guðbrandur Ísberg): Ég vil leyfa mér að benda hv. 4. þm. Reykv. á það, að nú er hér mjög mikill hörgull á vélstjórum, a. m. k. úti um land. Og það er vitanlegt, að þetta verður svo, unz síðasti árgangurinn, sem nú er í vélstjóraskólanum, hefir verið útskrifaður. Fyrr getum við ekki gert okkur vonir um að geta fengið nóg lærðra vélstjóra. Og það er of hart að gengið að veita ekki þeim mönnum, sem nú hafa um lengri tíma gegnt þessum störfum og leyst þau vel af hendi, tækifæri til þess að öðlast vélstjóraskírteini. Álít ég, að með frv., sem ég nefndi áðan, sé einmitt stefnt í rétta átt að þessu leyti, að samkv. því gefist þessum mönnum tækifæri til þess í 3 ár að fá slík skírteini, og taka svo alveg fyrir þessar undanþágur eftir þann tíma. Það væri afarhart aðgöngu að heimta það, að undanþáguvélstjórarnir, sem flestir munu vera milli fertugs og fimmtugs, fari að setjast á skólabekk eftir að þeir hafa gegnt þessum störfum, sumir hverjir jafnvel upp undir 20 ár, og leyst þau prýðilega af höndum. Þá er og á það að líta, að hér er aðeins um takmörkuð vélstjóraréttindi að ræða, því að það er ætlazt til, að þessir menn hafi ekki rétt til að vera 1. vélstjórar á skipum með meira en 200 hestafla vél, og undirvélstjórar á skipum með meira en 900 hestafla vél.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12:7 atkv. og afgr. til Ed.

Á 37. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 141).

Á 39. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Jón Baldvinsson: Það hafa nokkur frv. lík þessu legið fyrir þinginu áður, þar sem farið er fram á að veita mönnum, sem ekki hafa tekið vélstjórapróf, rétt til vélstjórnar á íslenzkum skipum. Um þetta hafa orðið töluverðar umr. í blöðum í vetur, og hefir því verið haldið fram, að þegar vélstjóraskólinn hafi starfað í vetur, þá séu nægilega margir

menn til, sem hafi þá þekkingu, sem heimtuð er eftir núgildandi lögum fyrir rétti til vélstjórnar á íslenzkum skipum. Eins og nú standa sakir er þetta undanþágumál orðið hálfgert vandræðamál frá báðum hliðum. Það er erfitt að gera upp á milli manna, sem hafa starfað lengi við vélstjórn. Það getur ýmislegt mælt með því að veita t. d. einum þennan rétt, en þá kemur annar og telur sér órétt gerðan með því. Verður þingið þannig að meta á milli manna í hverju tilfelli. Ég tel því vafasamt, hvort þingið eigi að ganga inn á þessa braut. Mér virtist bezt, að það skipti sér ekkert af því, þegar nægilega margir vélstjórar eru til, sem réttindi hafa. Ég vil því biðja hv. sjútvn., sem mál þetta fær til meðferðar, að athuga þetta rækilega, og mér þykir ekki ósennilegt, eftir þeim upplýsingum, sem ég hefi um þessa hluti, að hún komist að þeirri niðurstöðu, að ekki sé þörf á að veita þessa undanþágu.

Bjarni Snæbjörnsson: Ég hefi flutt hér í deildinni frv., er fór í svipaða átt og þetta. Af því hafa sprottið allmiklar blaðadeilur og jafnvel persónulegar árásir á mig, og til gamans vil ég geta þess, að stjórn vélstjórafélagsins hefir kært mig fyrir stjórn læknafélagsins vegna flutnings þessa frv.

Ég get tekið undir það með hv. 2. landsk., að þetta er talsvert vandamál, þó að öll sanngirni mæli með því, að þeir, sem lengi hafa unnið við vélstjórn á skipum án þess að hafa sérstakt próf, fái einhver réttindi. Um það efni er nú komið fram frv. í Nd., og mun ég bíða og sjá, hvernig það fer. Annars vænti ég, að hv. sjútvn. skili nál. um frv. mitt, sem til hennar hefir verið vísað, hvað sem um það kann að verða að öðru leyti.

Ingvar Pálmason: Það er rétt, að hjá sjútvn. er frv. frá hv. þm. Hafnf. um þetta efni, en n. hefir ekki séð ástæðu til að taka fasta ákvörðun um það, af því að hún hafði grun, sem nú er orðinn að vissu, um það, að fram myndi koma í hv. Nd. frv., sem leysti þetta mál á heppilegum grundvelli. Ég vil því taka það fram f. h. n., að hún mun láta frv. hv. þm. Hafnf. bíða, þar til séð verður fyrir um afdrif frv. í Nd. En ég get látið það í ljós sem mína skoðun, að ég tel mjög varhugavert að ganga inn á þá braut, sem frv. fer fram á. Ég tel miklu heppilegra, að sett sé löggjöf um það, að menn geti öðlazt þennan rétt eftir föstum skilyrðum, þótt þeir hafi ekki gengið gegnum vélstjóraskólann.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

19. Skemmtanaskattur og þjóðleikhús.

Á 25. fundi í Nd., 10. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 56, 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús (þmfrv., A. 142).

Á 27., 28., 30., 32., 34. og 35. fundi í Nd., 12., 14., 16., 18., 21. og 22. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., 29. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Bergur Jónsson): Með frv. þessu er farið fram á tvær höfuðbreyt. á lögunum frá 1927 um skemmtanaskatt og þjóðleikhús. Í fyrsta lagi, að lögin nái til fleiri staða en áður og í öðru lagi að hækka þennan skatt um 100%. Ennfremur er það lagt til í frv., að allur skemmtanaskattur, sem leiðir af samþ. þessa frv., renni í ríkissjóð. Ennfremur allur skemmtanaskattur eftir l. frá 1927 eftir 1. júlí þ. á. til 1. jan. 1934.

Það er sjáanlegt, að tekjustofnar ríkisins rýrna mjög, sérstaklega vöru- og verðtollur, þar sem gera má ráð fyrir, að innflutningur á öðru en brýnustu nauðsynjavöru falli niður að miklu eða öllu leyti. Það er yfirleitt ekki hægt að búast við því, að neinir tollar haldi sér, nema þá ef vera skyldi kaffi- og sykurtollur-

inn, sem er þó að mínu áliti ranglátastur. Þegar svona árar, þá verður eitthvað að finna, sem bætir upp að einhverju leyti þann tekjumissi, sem ríkissjóður verður fyrir. Sýnist þá vera réttmætt að leggja skatt á skemmtanafýsn manna. Þeir menn sýnast helzt hafa eitthvað aflögu, sem skemmtanir geta sótt, eða haga sér a. m. k. eins og þeir hefðu það.

Um einstök atriði frv. skal ég ekki ræða mikið. Nú koma ekki aðrir staðir undir ákvæði l. frá 1927 en þeir, sem hafa 1500 íbúa eða fleiri. En hér er lagt til, að sú tala sé færð niður í 500. Virðist réttmætt, að kaupstaðir og kauptún komi undir þetta ákvæði, hvort sem þar er fámennt að þessu marki eða fjölmennt.

Þótt hækkun sú á skattinum, sem gert er ráð fyrir í frv., virðist hlutfallslega há, þá er hún samt sem áður ekki mjög tilfinnanleg. T. d. yrði aðgangur að þeim skemmtunum, sem nú kosta kr. 2.00, eftir frv. kr. 2.20, og mánaðargjald fyrir knattborðsstofur yrði kr. 60.00 fyrir kr. 30.00. Af því gæti auðvitað orðið sú afleiðing, að skemmtanir yrðu heldur minna sóttar. En þótt svo yrði, tel ég það ekki tjón. Að því er knattborðsleik snertir skal ég játa, að hann er að sumu leyti góð íþrótt, sem eykur handlægni og nákvæmni manna, en hann er líka frekur tímaþjófur, sem dregur bæði unga og gamla til sín frá nauðsynlegum störfum.

Þriðja atriðið er það, að þessi skattur renni allur til ríkissjóðs. Hér hefir nú verið borið frv. fram um það að taka tekjur Menningarsjóðs og láta þær renna til ríkisins. Ef það er rétt stefna að hætta að styðja listamennina, sem þess sjóðs eiga að njóta, þá er það ekki síður rétt að taka þann skatt, sem á að ganga til stofnunar á svo dýrri byggingu sem þjóðleikhúsið verður, og fyrirsjáanlega verður svo dýr í rekstri, að við í nánustu framtíð getum alls ekki haldið því uppi.

Eins og sést á grg. frv., hefir skemmtanaskatturinn numið 3 árin 1928—1930 að meðaltali 86 þús. kr. og þótt hann yrði heldur minni, þá ætti hann að nema með hækkun um 75 þús. kr. á þessu ári og þá 150 þús. kr. á næsta ári.

Pétur Ottesen: Hv. flm. hefir nú gert grein fyrir þeim breyt. á l. frá 1927, sem fram á er farið með þessu frv. Aðalástæðan, sem hann telur vera fyrir frv., er sú að afla ríkissjóði tekna vegna hins bágborna ástands hans nú og á næsta ári, eins og gera má ráð fyrir. Á þessu er nú sjálfsagt þörf. En ég veit ekki, hvort hv. þm. hefir tekið það til athugunar, er hann flutti eða samdi frv., að ákvæði 1. gr. þess snerta mörg sveitar- og bæjarfélög, sem líka eiga við erfiðleika að búa. Í l. frá 1927 var heimild fyrir þau bæjarfélög, sem hafa fyrir neðan 1500 íbúa, að leggja á hjá sér skemmtanaskatt. Mátti sá skattur renna beint til þarfa hreppsins. Eftir þessari heimild hefir nú þessum skatti verið komið á á nokkrum stöðum og nokkurra tekna verið aflað á þennan hátt. Er þá nokkuð harkalegt að ræna slík sveitarfélög þessum tekjustofni nú, einkum þar sem þessar tekjur hafa verið látnar ganga til líknarstarfsemi og annara þarflegra hluta. Mundi slík starfsemi verða að leggjast niður, þar sem svo erfitt er nú um allar greiðslur. Ég held því, að hv. flm. hafi ekki komið auga á þessa hlið málsins, er hann samdi frv. Vona ég, að hann geti fallizt á við nánari athugun að fella niður 1. gr. frv. Það er líka annað atriði í sambandi við ákvæði sömu greinar. Það ákvæði, að skatturinn frá kauptúnum eða þorpum, sem hafi 500—1500 íbúa, skuli renna til ríkissjóðs, stangast á við það ákvæði l. frá 1927, er ég gat um áður, því heimildin á að standa þar óhögguð eftir sem áður. Býst ég við, að hv. flm. hafi ekki athugað þetta nógu vel, því víðar er um ákvæði að ræða, sem rekast hver á önnur. Við frv. að öðru leyti hefi ég ekkert að athuga. Ég get fallizt á, að skatturinn, sem innheimtur er samkv. lögum frá 1927 og nú gengur til þjóðleikhússins, renni beint í ríkissjóðinn um þetta 1½ ár, sem til er tekið. Enda er það í samræmi við till., sem fjvn. flytur um ráðstöfun á skemmtanaskattinum.

Ég vona aðeins, að hv. flm. og hv. d. geti fallizt á aths. mínar við 1. gr. frv., um að hún verði felld niður og að frv. verði síðan samþ. svo breytt.

Héðinn Valdimarsson: Þegar skemmtanaskattur var fyrst lögtekinn, þá átti hann að ganga til félagslegra þarfa í við-

komandi kaupstað eða kauptúni. Hér í Rvík var honum varið til barna- og gamalmennahæla og til að koma upp verkamannaskýli. Fyrir baráttu núv. hæstv. dómsmrh. var skattur þessi tekinn af bæjunum og lagður til þjóðleikhúss gegn mótmælum Rvíkur og annara kaupstaða, sem ekki fengu neinn annan tekjustofn í staðinn.

Nú vill hv. þm. Barð. taka hann aftur frá þjóðleikhúsinu og láta hann ganga til almennra þarfa ríkissjóðs. Við jafnaðarmenn gerðum á síðasta þingi till. um, að skattur þessi gengi til sérstakrar ráðstöfunar, atvinnubóta og atvinnuleysisstyrkja. Var það sanngjarnt, að skatturinn væri þannig notaður á þeim stað, sem hann félli til.

Það er nú svo með þessa hv. þm., sem áður hafa verið jafnaðarmenn, að þeir eru sífellt að ræna hugmyndum og till. okkar jafnaðarmanna. Aðeins breyta þeir þeim nokkuð, og þá jafnan til hins verra. Nú vill þessi hv. þm. láta skemmtanaskattinn ganga skilyrðislaust í ríkissjóð, í stað þess að við vildum láta nota hann í ákveðnum tilgangi. Þessu get ég ekki verið sammála. Ég vil, að þessum skatti sé varið eins og við jafnaðarmenn lögðum til á síðasta þingi, eða þá að hann gangi til bæjarfélaganna eins og upphaflega var.

Það var skemmtilegt að hlusta á hv. þm. Borgf. Hann gat verið með þessu frv., ef hann bara fengi undanþágu fyrir sitt kæra Akranes, vegna þess að það kæmi með, ef l. tækju yfir kauptún, sem hafa færri en 1500 íbúa. Hann er á móti frv., ef breyt. nær yfir Akranes, annars getur hann verið með því. En það er vitanlega alveg eðlilegt, að Akranes fylgi með öðrum kauptúnum og kaupstöðum.

Ég mun fylgja þessu frv. til 2. umr. og n. En verð síðan á móti því, nema sú breyt. verði á því gerð, að skatturinn verði ákveðinn til atvinnubóta eða þá að hann verði látinn ganga til bæjarfélaganna.

Flm. (Bergur Jónsson): Ég hefi ekkert á móti því, að n. taki till. hv. þm. Borgf. til athugunar. En ég verð þó að segja það, að stór munur er á aðstöðu bæjar- og sveitarfélaga eða ríkissjóðs um öflun tekna. Í þeim eru tekjurnar fengnar með útsvörum, en við álagningu þeirra er hægt að taka tillit til allra ástæðna af kunnugum mönnum í hvert sinn. Er því hægt að ná þar nægum tekjum, enda þótt tekjur ríkissjóðs rýrni mjög, þar sem þær eru bundnar við alveg ákveðna lögbundna tekjustofna, sem geta rýrnað mjög í erfiðu árferði.

Hv. 3. þm. Reykv. vildi breyta frv. þannig, að skatturinn yrði bundinn við ákveðnar framkvæmdir úr ríkissjóði, eða þá að hann væri látinn renna til bæjarfélaganna. Eftir því, sem hv. þm. talaði, þá býst ég ekki við neinum stuðningi af honum. Ég get ekki verið með því að binda hverja tekjugrein ríkissjóðs við ákveðnar framkvæmdir. Ríkissjóður er samlagssjóður allrar þjóðarinnar. Honum á að verja henni til þarfa eftir því, sem þörfin heimtar og geta og kringumstæður leyfa í hvert sinn. Ef þessi samlagssjóður þjóðarinnar er aukinn, þá er líka hægt að gera meira og taka til greina fleiri þarfir landsmanna.

Ég mun litlu svara skætingi hv. þm. Ég hefi aldrei verið sócialisti og mun aldrei verða það, a. m. k. ekki meðan hv. 3. þm. Reykv. er í þeim flokki. Ég hygg, að það hafi legið nær hv. þm. að verða Tímamaður en mér að verða sócialisti. Hann var víst einu sinni nærri því kominn að verða ritstjóri þess flokks, en þá var, sem betur fór, völ á öðrum færari manni til þess starfa. Hefði Framsóknarfl. verið svo fátækur að starfskröftum þá, að hann hefði orðið að gera hv. 3. þm. Reykv. að ritstjóra sínum, þá væri hv. þm. líklega Tímamaður enn þann dag í dag.

Pétur Ottesen: Ég þarf litlu að svara hv. 3. þm. Reykv. Hann hélt því fram, að ég hefði áður verið með því að taka skemmtanaskattinn frá bæjar- og sveitarfélögum, en þetta er rangt. Ég talaði á móti því, þegar það var til umr. á þinginu 1923, og þetta getur hv. þm. kynnt sér, ef hann vill líta í Alþt. frá þeim tíma.

Ég er þakklátur hv. flm. fyrir það, hve vel hann tók undir aths. mínar og vænti þess jafnframt, að hv. n., er málið fær til meðferðar, taki þær til athugunar.

Hv. flm. vildi halda því fram, að hægara væri um vik fyrir sveitar- og bæjar-

félög að afla sér tekna á erfiðum tímum heldur en ríkissjóðinn. En þetta nær engri átt. Tekjurýrnun ríkissjóðsins stafar af þverrandi gjaldþoli borgaranna. Þetta hefir ekki síður áhrif á tekjuöflunarmöguleika sveitar- og bæjarfélaga. Sveitar- og bæjargjöld eru aðallega lögð á eftir efnum og ástæðum, þess vegna kemur erfitt árferði og þarafleiðandi þverrandi gjaldþol alveg sérstaklega hart niður á sveitar- og bæjarfélögum, eins og líka dæmin sýna, þar sem því er svo komið nú um ýms sveitarfélög, að þau rísa ekki undir útgjöldum. Hinir erfiðu tímar koma því engu síður hart niður á bæjar- og sveitarfélögum en ríkissjóði. Það er því sízt ástæða til að rýra tekjustofna þeirra frá því, sem nú er.

Einar Arnórsson: Hv. þm. Borgf. tók að mestu af mér ómakið, þar sem hann svaraði þeim atriðum í ræðu hv. flm., sem ég sérstaklega ætlaði að gera aths. við.

Það liggja nú fyrir þinginu nokkur frv., sem borin hafa verið fram í þessari hv. d., frv., sem vitanlegt er, að sérstaklega er ætlað að ná til Reykvíkinga. Má þar til nefna frv. um háleiguskatt, stóríbúðaskatt og frv. það, sem nú er til umr., þar sem farið er fram á að ráðstafa skemmtanaskattinum á annan veg en gert hefir verið. Það er nú svo um alla skatta, hvort sem þeir nefnast háleiguskattar, stóríbúðaskattar eða hverju nafni sem þeir nefnast, að ef þeir á annað borð eru greiddir, þá rýra þeir gjaldþol þeirra, sem fyrir þeim verða. Það er aldrei nema rétt, sem sagt hefir verið hér, að þeir séu ekki of góðir að borga skatta til hins opinbera, sem hafa efni á að veita sér mikil þægindi, hvort sem er í húsakynnum eða öðru, en þó er það svo, að það rýrir gjaldþol þeirra. Þeir eru t. d. ekki eins færir um að greiða há útsvör eins og ella. Þessir háu skattar til ríkissjóðs hljóta því að ganga út yfir bæjar- og sveitarfélögin, þar sem þau geta ekki þeirra vegna lagt eins há útsvör á og annars. Gjaldstofnar bæjar- og sveitarfélaganna hafa ekki það þanþol, að hægt sé að leggja ótakmarkað á þá. Hvernig komið er um sjávarútveginn t. d. hér í Rvík, vita allir. Hann þolir ekki þau álög, sem hann hefir borið undanfarið. Útsvarsálagning á þá, sem að honum hafa unnið, getur því ekki orðið hin sama nú og verið hefir. Sama máli er að gegna um verzlunarstéttina. Hún getur ekki borið sömu álögur til bæjarfélagsins og verið hefir, a. m. k. eru tekjur hennar minni en að undanförnu, er bæði stafar af innflutningshöftum og kaupgetuleysi almennings. Af þessum ástæðum o. fl. er það sýnilegt, að löggjafarvaldið verður að fara sér varlega í því að skattleggja þegnana til ríkissjóðs, ef bæjar- og sveitarfélögin eiga að geta haldið uppi sínum fjárreiðum. Með þessu er ég þó alls ekki að halda því fram, að ekki sé rétt að leggja skatt á skemmtanir, heldur vil ég láta löggjafarvaldið fara eins varlega og hægt er, til þess að þrautpína ekki fólkið svo, að sveitar- og bæjarfélögin fái ekkert í sín gjöld.

Ég held, að það sé ómótmælanlegt, að kreppan komi engu síður niður á bæjar- og sveitarfélögin en ríkissjóðinn, og að þau eigi þeim mun erfiðara að ná inn sínum tekjum eftir því, sem kreppan stendur lengur. Ég álít því, að frv. þetta sé mjög varhugavert, því að ég vil láta skattinn ganga til þeirra sveitar- og bæjarfélaga, þar sem hann er greiddur.

Héðinn Valdimarsson: Það er ekki margt, sem ég þarf að svara hv. þm. Barð. Það er af sérstakri ástæðu, að við jafnaðarmenn finnur okkur knúða til þess að taka það fram um allan nýjan tekjuauka, að honum skuli varið til ákveðins marks. Fjármálastj. hefir nefnilega verið þannig að undanförnu, að tekjum ríkissjóðs hefir ekki alltaf verið varið til þess, sem þær voru ætlaðar. Ef sett er fast, til hvers hverju einu skuli varið, er verra fyrir stj. að nota fé eftir sínum geðþótta.

Þessi hv. þm. fann mikið til þess, hve ég talaði vitleysislega. Það er von, hann sem alltaf talar svo gáfulega, a. m. k. þegar hann er allsgáður. En því segi ég þetta hér, að hann hefir oft sézt drukkinn hér í þingsalnum, a. m. k. á þinginu í fyrra. (**Forseti** hringir). Hvað það snertir, að hann hafi verið jafnaðarmaður áður, þá vil ég taka það fram, að hann var a. m. k. skráður hér sem meðlimur í einu jafnaðarmannafélagi í bænum,

Hvort hann hefir ekkert meint með því, get ég ekkert um sagt.

Flm. (Bergur Jónsson): Mér virtist hæstv. forseti og hv. dm. sýna síðustu orðum hv. 3. þm. Reykv. hæfilega lítilsvirðingu, og er því að nokkru leyti óþarft fyrir mig að taka til máls. Ég mótmæli því harðlega, að ég hafi nokkurntíma mætt hér í þinginu öðruvísi en allsgáður. Ummæli hv. þm. um mig eru því uppspuni einn, sem engum er samboðinn nema honum sjálfum, enda sýndi það sig áðan, hve þessi ósvífni hneykslaði hv. dm. Annars kemur það úr hörðustu átt, að þessi hv. þm. skuli vera að tala um ölvun annara manna, maður, sem eftir allri framkomu sinni í þingsalnum virðist helzt aldrei vera allsgáður. Má þar til nefna framkomu hans 14. apríl síðastl., þegar hann að sögn, eftir mikinn bægslagang, óð að hv. þm. G.-K., tók í hönd hans og afhenti honum Alþýðufl. með húð og hári. Það hefði verið til afsökunar fyrir framkomu hans þá, ef hann hefði verið drukkinn.

Hvað snertir frv. það, sem hér er til umr., þá virðist mér nú svo komið, að meira sé deilt um formsefni en stefnuatriði, og því sé óþarft að halda lengur áfram umr. um það. En mér finnst útlitið um fjárhagsafkomu ríkissjóðs svo alvarlegt, að öllum hv. þm. beri skylda til að taka tillit til allra þeirra möguleika, sem fyrir hendi eru, til þess að afla honum tekna. Annars þýðir ekki fyrir hv. 3. þm. Reykv. að vera að ásaka stj. fyrir ógætilega fjármálastj., þar sem hann sjálfur stóð við hlið hennar árið 1930, einmitt það árið, sem hún er mest ásökuð um eyðslu.

Héðinn Valdimarsson: Það lítur ekki út fyrir, að hv. þm. Barð. hafi fylgzt vel með stj. fjármálanna áður en hann kom á þing. Við Alþýðuflokksmenn höfum alls ekki verið að finna að því, hvernig þeim fjárveitingum hefir verið varið, sem í fjárl. hafa staðið, en við höfum aðallega verið óánægðir með eyðslu stj. fyrir utan fjárl., og því höfum við komið á undanförnum þingum með frv. um jöfnunarsjóð o. fl.

Hafi hv. þm. Barð. séð atburði þá, er gerðust hér 14. apríl síðastl., á þann hátt, er hann lýsti þeim, að ég hafi tekið í hönd hv. þm. G.-K., eins og Tíminn hefir líka sagt, og að ég hafi afhent honum Alþýðufl. með húð og hári, munu nokkrar þúsundir Reykvikinga með fullum rétti segja, að hann hafi þá einnig séð tvöfalt, en sennilega hleypur hann með þessa lygasögu eftir einhverjum, sem ekki hefir verið þar allsgáður.

Flm. (Bergur Jónsson): Ég hefði mátt sjá vel; ef ég hefði átt að geta séð atburði þá, er gerðust hér á Alþingi 14. apríl síðastl., þar sem ég var þá staddur vestur á Patreksfirði. En eins og ég tók fram, er ég drap á framkomu hv. 3. þm. Reykv. þann dag, þá var það eftir sögn manna, er viðstaddir voru, og voru það miklu skilríkari menn heldur en þessi hv. þm.

Ólafur Thors: Ég skal ekki blanda mér í málið. En hafi það átt að vera vottur um drykkjuskap hv. 3. þm. Reykv., að hann tók í hönd mér þann 14. apríl síðastl., þá held ég, að hið sama mætti segja um mig. Ég hygg, að fæstir þeirra, er viðstaddir voru hér þann dag, hafi getað tekið atburðunum með jafnaðargeði. Ég gerði það a. m. k. ekki.

Að hv. þm. Barð. hafi oft mætt drukkinn í þinginu, held ég, að ekki sé rétt. Ég hefi a. m. k. aldrei orðið þess var.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13:3 atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Nd., 16. apríl, var útbýtt áliti meiri hl. fjhn., á þskj. 438, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

20. Verðhækkunarskattur.

Á 26. fundi í Nd., 11. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um verðhækkunarskatt (þmfrv., A. 149).

Á 29. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Halldór Stefánsson): Eins og getið er um í upphafi grg. afgreiddi meiri hl. mþn. í tolla- og skattamálum þær till., sem í þessu frv. felast, til ríkisstj. Einn nm., hv. 2. þm. Skagf., varð okkur hinum ekki sammála. Nú hefir hæstv. stj. ekki tekið þessar till. okkar upp, og því berum við þær nú fram á Alþ.

Eins og kunnugt er, hafa fasteignir hækkað mjög í verði hér á landi á síðustu tímum, af ýmsum ástæðum. Ef verið hefðu í l. ákvæði eins og þau, sem stungið er upp á í frv., hefði á undanförnum árum safnazt allmikið fé til almennra þarfa á réttlátan hátt.

Verðhækkun á fasteignum verður af mismunandi ástæðum, og verður að gera greinarmun á, hvaða verðhækkun er rétt að skattleggja og hverja ekki. Sú verðhækkun, sem orðið hefir fyrir eigin aðgerðir eiganda eignarinnar, er ekki rétt að skattleggja. En verðhækkunin stafar oft að miklu leyti af orsökum, sem eigandinn á engan þátt í, m. a. af því, að hið opinbera leggur fram fé eða einhverskonar aðstoð til umbóta í nánd við eignina, eða á annan hátt aðeins fyrir rás viðburðanna.

Ef t. d. opinbert fé er lagt til umbóta eða framkvæmda á einhverjum stað, leiðir það til þess, að fólki fjölgar þar; við það vex eftirspurnin eftir húseignum og landi í grenndinni, og skapar það verðhækkun fasteigna á þeim stað. Slík verðhækkun er það, sem við flm. teljum, að eigi að skattleggja.

Menn hafa sjálfsagt tekið eftir því, að í frv. er ekki gert ráð fyrir, að skattur þessi renni beint í ríkissjóð, heldur er ætlazt til, að hann skiptist til helminga milli eins allsherjarsjóðs, sem sé eign ríkisins, og þeirra sveitarfélaga, þar sem skatturinn fellur á.

Tilgang sjóðsins hugsum við okkur þann, að honum sé varið til þess að styðja að því, að fasteignir geti komizt aftur í eigu hins opinbera. Við flm. erum sammála um, að það hafi ekki reynzt að vera spor í rétta átt, þegar heimilað var að selja fasteignir hins opinbera, þjóðjarðir og kirkjujarðir. Ég segi ekki, að sá tilgangur, sem lá bak við þá ákvörðun, hafi verið rangur. En reynslan hefir sýnt, að sala jarðanna hefir ekki náð þeim góða tilgangi, sem henni var ætlað að ná.

Samkv. þessari skoðun okkar höfum við einnig borið fram frv. um að nema úr lögum leyfið til að selja opinberar eignir. Jafnframt höfum við borið fram þál. um, að skorað sé á stj., að hún láti undirbúa og beri fram frv. um ábúð á jörðum hins opinbera. Ætlumst við til, að ábúendum verði tryggt, að þeir og þeirra afkomendur njóti aðgerða sinna og umbóta á jörðunum betur en nú er eftir ábúðarlögunum.

Ég hygg, að ekki sé þörf á að rekja þetta mál frekar nú við 1. umr. Ég leyfi mér að gera ráð fyrir, að frv. fái að ganga til n. Við 2. umr. verður þá réttur vettvangur til að ræða einstök atriði frv. og þær aths., sem við það kunna að verða gerðar.

Magnús Guðmundsson: Það er rétt, sem hv. 1. flm. sagði, að mál þetta var til meðferðar í mþn. í tolla- og skattamálum, og gat ég ekki fylgt meðnm. mínum við afgr. þess. Frv. þetta mun hafa verið borið fram á vetrarþinginu í fyrra, en komst vegna þingrofsins ekki það áleiðis, að séð yrði, hvernig hv. d. tæki í það. Við fyrstu umr. andmælti ég frv. nokkuð, og get ég að mestu látið nægja að vísa til þess nú, er ég sagði þá.

Ég vil sérstaklega fara fram á það við þá n., sem frv. fær til meðferðar nú, að athuga rækilega frágang þess. Ég hygg, að á því séu svo miklir smíðagallar, að það megi alls ekki ganga fram eins og það liggur fyrir. Þeir, sem fylgjandi eru hugmynd þeirri, sem í frv. felst, mega ekki loka augunum fyrir þeim agnúum, sem á frv. eru, heldur verða þeir að vinna að því að koma frv. í viðunandi búning, ef það á að ná fram að ganga.

Hv. flm. tók fram, að verðhækkun fasteigna stafaði oft af framkvæmdum hins opinbera og af því, að fólk safnaðist saman á vissa staði. Þetta er að nokkru leyti rétt. En að fólkið safnast saman og fasteignirnar hækka í verði er ekki síður bundið við verk einstaklinganna á þeim stað. Engar framkvæmdir koma af sjálfu sér, og það er nú svo þegar menn leggja fram fé og krafta sína, að menn vilja sjá einhvern árangur. Menn leggja

fram fé í framkvæmdir einmitt til þess að gera eign sína verðmætari.

Annars held ég, að það sé ekki eins auðvelt eins og hv. flm. vilja vera láta að dæma um, hve mikið eða af hverju fasteignir hækka í verði. Ég held t. d., að það sé ekki nóg að líta á, hvað verð jarðar hækkar mikið að krónutölu á þeim tíma, sem verðgildi krónunnar lækkar um helming. Ég álít því mjög óhyggilegt að setja lög um verðhækkunarskatt á slíkum tíma sem nú eru nema lagður væri um leið til grundvallar annar mælikvarði á verðmæti fasteigna heldur en gjaldmiðillinn, sem er á sífelldu flökti hvað verðgildi snertir.

Ég ætla ekki að fara að ræða um, hvort það hafi verið gert rangt í því árið 1907, þegar þingið heimilaði að selja þjóðjarðirnar bændunum, sem ábúð höfðu á þeim. Mér hefir alltaf fundizt sú stefna rétt, sem þar lá að baki. Hvað sem um þetta mál annars má segja, verður ekki borið á móti því, að þeim, sem jarðirnar eignuðust, hefir orðið það mikil hvöt til að gera þeim til góða. Það er ekki neitt, sem hvetur bændur eins mikið til að bæta jarðir sínar eins og vitundin um það, að þeir eigi þær og þeir séu því að búa í haginn fyrir sjálfa sig og afkomendur sína með verkum sínum.

Það er alls ekki hægt að sjá, að ríkissjóðsjarðirnar séu betur með farnar heldur en aðrar jarðir, heldur er það þvert á móti. Meðan ríkið átti margar jarðir, var hægt að þekkja þær úr á því, hvað þær voru verr setnar en þær jarðir, sem í sjálfsábúð voru.

Ég vil sérstaklega beina þeirri fyrirspurn til hv. flm., hvort það sé ekki rétt skilið hjá mér, að einungis verði farið eftir verðgildi krónunnar eins og það er þegar sú sala fer fram, sem telja á verðhækkunina af og verðhækkunarskatturinn reiknaður út frá því. Ég ætla ekki að fara mikið út í einstök atriði, en fæ þó ekki stillt mig um að minnast lítilsháttar á 10. gr. frv. Þar er svo ákveðið, að verðhækkunarskatt skuli ekki greiða þegar eigendaskipti verða án þess að endurgreiðsla komi fyrir eignina. Ég gæti hugsað, að það yrði ærið oft reynt að koma því þannig fyrir, að eignin væri gefin, til þess að losna við verðhækkunarskattinn. Ég vil ennfremur spyrja hv. 1. þm. N.-M. að því, hversu mikill verðhækkunarskattur yrði af jörð, sem árið 1913 var keypt fyrir 4 þús. kr. og nú seld fyrir 8 þús. kr., og á hvern hátt á að reikna verðhækkunarskattinn af þeirri jörð?

Flm. (Halldór Stefánsson): Okkur flm. þessa frv. kemur það ekki á óvart, þótt menn verði ekki sammála um það, því að ýms ákvæði þess geta vitanlega verið álitamál. Við vikjum að því í grg., að þar sem þetta sé nýmæli, megi búast við, að okkur hafi ekki tekizt að ganga svo vel frá því í alla staði, að ekki verði að fundið. Það er því sjálfsagt að taka vel þeim aths., sem fram koma við málið, sérstaklega þar sem þær eru eins hóflega fram bornar eins og hjá hv. 2. þm. Skagf. Af því, sem ég hefi sagt, vildi ég, að það skildist, að ég stend í raun og veru ekki upp til þess á þessu stigi málsins að ræða einstök ágreiningsatriði. Ég hugðist fyrst og fremst að minnast á fyrirspurn þá, sem hv. 2. þm. Skagf. beindi til mín. Hann spurði um, við hvað verðhækkunarskatturinn ætti að miðast, hvort miða ætti við krónuna eins og hún væri á hverjum tíma eða þá gullgildar krónur eða annan fastan óbreytilegan verðmæli. Í frv. er gert ráð fyrir að miða við verðmælinn, krónuna, eins og hann er á hverjum tíma. Ég skal þó geta þess, að þetta atriði kom til athugunar í n. Náðist ekki samkomulag um þetta atriði á milli okkar flm. Berum við fram aðeins það, er við vorum sammála um, mun og erfitt í framkvæmd og vafasamt í mörgum tilfellum, ef við annað væri miðað en þegar sala fer fram. Að því verður að gæta, þótt verðmælirinn hafi mismunandi gildi gagnvart kaupi og sölu, hefir hann það einnig í skattgreiðslunni.

Hv. þm. kom dálítið inn á mál, sem ekki er á dagskrá, en er þó þessu máli tengt, það er sala þjóð- og kirkjujarða. Ég er sammála honum um þá hugsun eða tilgang, sem þar lá til grundvallar, en við erum e. t. v. ósammála um, hverjar ályktanir beri að draga af þeirri reynslu, sem fengizt hefir. Það er ekki hægt að leggja mikið upp úr því, þótt hægt sé að benda á, að meiri framkvæmda hafi gætt á jörðum í sjálfseign en í leiguábúð. Það

tel ég stafa fyrst og fremst af því, hversu örðug kjör leiguliðar hafa átt við að búa eftir ábúðarlögum vorum. En yrði þeim breytt til hins betra, þannig, að leiguliðar gætu haft sömu hvöt til umbóta á leigujörðum eins og eigendur, þá myndi munurinn hverfa. Ef svo væri um búið, að leiguliðar á opinberum eignum hefðu ekki aðeins lífstíðarábúð, heldur erfðaábúð og að öðru leyti svo um búið, að þeir og niðjar þeirra fengju að njóta þeirra umbóta, sem þeir gera á eigninni meðan þeir hafa hana með höndum, þá hefðu þeir sömu hvöt til umbóta og sjálfseignarbændur.

Ég finn svo ekki ástæðu til þess að minnast á fleiri atriði að svo komnu, en leyfi mér að leggja til, að málinu verði, að lokinni umr., vísað til allshn.

Haraldur Guðmundsson: Ég skal ekki lengja mikið þessar umr. Mér er áhugamál, að frv. þetta komist til n., en vil þó bæta örfáum orðum við ræðu hv. 1. flm., og þá einkum út af aths. hv. 2. þm. Skagf.

Ég vil taka undir það, sem hv. 1. flm. sagði, að smíðalýti munu að sjálfsögðu finnast á frv. þessu, og er ekki nema gott eitt við því að segja, að bent sé á þau, bæði af hv. þm. og svo væntanlega af n. Það segir sig sjálft, að þótt flm. séu allir af vilja gerðir, geta aðrir en þeir ef til vill séð betur. Hinsvegar skildist mér á hv. 2. þm. Skagf., að grundvallarhugsun frv. sé ill í hans augum og honum andstæð. Ég skal ekki ræða mjög um stefnumál í þessu sambandi, en aðeins leyfa mér að benda á þá verðhækkun, sem kunnugt er, að orðið hefir á skömmum tíma hér á landi. Árið 1908 var að tilhlutun skattamálan. samin skrá yfir verðmæti fasteigna á öllu landinu. Samkv. því var verð allra jarðeigna í sveitum og lóða í kaupstöðum alls 11,2 millj. króna. Eftir fasteignamati, sem framkvæmt var á árunum 1916—1918 samkv. l. um fasteignamat frá 1915, var landverð jarða og lóðaverð um 42 millj. króna. Á þessum tíma, rösklega 10 árum, hefir landverðið í heild fast að því fjórfaldazt. Langmest af þessari hækkun kemur að sjálfsögðu á þá staði, þar sem fólksfjölgunin er mest. Árið 1908 er verð allra lóða í kaupstöðum 3 millj. 489 þús. kr. Þessar sömu eignir, lóðir og lendur í kaupstöðum, eru eftir fasteignamatinu frá 1915 20 millj. 200 þús. kr. Það hefir því 6—7-faldazt á þessum 10 árum. Þetta sýnir, hve geysileg verðhækkunin er, og engum dettur í hug, að hún sé orðin fyrir aðgerðir lóðaeigenda. Hún er einungis afleiðing fólksfjölgunarinnar og aðgerða hins opinbera, en orsakir hennar verða á engan hátt raktar til aðgerða einstakra eigenda. Þessi stórfellda verðhækkun hefir að sjálfsögðu margvíslegar afleiðingar og yfirleitt skaðlegar fyrir þjóðfélagið. Þetta háa verð, sem skapazt hefir af þessum sökum, heimtar sínar rentur, sitt eftirgjald á sínum tíma. Ég skal sérstaklega benda á eitt dæmi. Ríkisstj. keypti lóðarskika undir símastöðina nýju við Vallarstræti. Það er kyrrlátur staður. Verðið, sem goldið var fyrir blettinn, var 150 kr. fyrir hvern fermetra eða 120 þús. kr. alls. Fyrir lóðarskikann undir húsið er greitt meira en fasteignamatsverð allra jarða í 3 hreppum í kjördæmi hæstv. forsrh. Þessi verðhækkun hefir ekki orðið vegna aðgerða lóðareigandans, heldur vegna fólksfjölgunar í bænum. Og við það, að þetta stóra og veglega hús hefir verið reist á lóð þessari, hafa tvær lóðir, sem liggja næst því, hækkað stórkostlega í verði, og maðurinn, sem átti þær, grætt stórfé bara vegna þessara aðgerða, sem hann sjálfur tók engan þátt í. Það er sú stefna að fyrirbyggja, að einstaklingur taki þannig verðhækkun án eigin tilverknaðar, sem liggur til grundvallar frv.

Ég vil benda á annað dæmi. Niðri í miðju Austurstræti var fyrir hálfu öðru ári síðan keypt lóð undir verzlunarhús fyrir 230 kr. hver fermetri. Þetta gífurlega kaupverð verður vitanlega ekki gert arðberandi á annan hátt en þann að leggja vexti og afborganir á vörurnar, sem þarna eru seldar. Ég hirði ekki að rekja fleiri dæmi, en eftir því, sem ég hefi komizt næst, hefir landverð nálega fimmfaldazt frá því 1907 til 1928. Að vísu er þetta ekki byggt á niðurstöðu nýjasta fasteignamats, því að það er ekki enn prentað, en ég hafði önnur gögn í höndum og hv. n. getur nú fengið niðurstöðutölur þess og reiknað út frá því. Hækkun landverðsins hefir vitanlega orðið meiri

í kaupstöðum en í sveitum, og mest í hinum stærri kaupstöðum.

Um einstök atriði þessa máls skal ég ekki fjölyrða. Lægsti verðhækkunarskattur er áætlaður 20% af verðhækkuninni einni saman. Og það er gert í samræmi við l. um Skeiðaáveituna, sem eru einskonar verðhækkunarskattslög, þar sem gert er ráð fyrir, að til ríkissjóðs falli 20% af þeirri verðhækkun, sem kemur fram á jörðunum. Skatturinn fer síðan stighækkandi, unz komið er að vissu marki. Nú skal ég játa, að það hefir nokkuð til síns máls, sem hv. 2. þm. Skagf. benti á, að sökum þess, að miðað er við peningaverð jarðanna getur skatturinn komið nokkuð misjafnt niður, því að hið raunverulega verðgildi peninganna getur verið mismunandi. Meðan landverð hefir fimmfaldazt, hefir gildi peninga rýrnað um helming. Raunveruleg verðhækkun er því ekki nema hér um bil 2½ til 3 sinnum á fasteignunum. Til þess að sýna, hve þetta gæti komið ranglega niður, spurði hv. þm., hvernig ætti að reikna verðhækkunarskatt af þeirri jörð, sem keypt hefði verið á 4 þús. kr. fyrir árið 1914, en seld nú, þegar gengi peninga er helmingi minna en þá, fyrir 8 þús. kr. Mér skildist á hv. þm., að enginn eðlilegur grundvöllur væri undir skattinum. En þetta er hinn mesti misskilningur. Ef maður hefir keypt jörð fyrir 4 þús. kr., sem hann, eins og venja er, hefir fengið að láni, en á skuldina ógreidda þegar hann selur jörðina, þá getur hann greitt hana til fulls, en haft hreinar 4 þús. kr. ágóða. Og því er svo farið, að venjulega má rekja slík skuldaskipti samfara verðlagsbreyt., og sé ég því ekki betur en reikna beri eftir verðgildi peninga á hverjum tíma. Annan verðmæli er ekki unnt að nota. Og það, sem haft er á móti því að miða þennan skatt við peningaupphæð, má og bera fram sem rök móti því að ákveða hvaða skatta sem er í peningaupphæðum.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að taka fleira fram um þetta og eigi lengja umr., ef hægt væri að koma málinu til n. nú.

Magnús Guðmundsson: Hv. flm. þessa frv. hafa báðir vikið að því, að tilætlunin væri að miða skattinn við verðgildi peninga á hverjum tíma. Ég álít, að með þessu sé í rauninni kippt fótunum undan hugmyndinni í þessu frv. og að eftir því sé ómögulegt að leggja á verðhækkunarskatt, sem í rauninni sé verðhækkunarskattur. Það getur alveg eins orðið skattur á verðlækkun, og þá er hugmyndum þeim, sem í frv. felast, algerlega snúið við. Báðir hv. flm. segja, að þetta verði ekki haft á annan hátt. Sýnir það ekki einmitt, hversu óframkvæmanleg þessi hugmynd er? Þetta er augljóst hverjum, sem um það hugsar. Við skulum taka það dæmi, að maður, sem árið 1913 hefir keypt jörð fyrir 4 þús. kr., selur hana nú fyrir 8 þús. kr. Á hann þá að greiða verðhækkunarskatt af þessum 4 þús. kr., sem söluverðið er hærra en kaupverðið? Hvað hefir þessi jörð hækkað í verði? Þegar hann keypti jörðina, var kr. í 100 gullaurum, en nú í 50—60. Að mínu áliti hefir þessi maður ekki grætt neitt, eða mjög lítið. Það má að vísu segja, að það fari að nokkru eftir því, hvað hann ætlar að gera við krónurnar, er hann selur. Ef hann ætlar að greiða með þeim skuld, græðir hann. En ætli hann að kaupa aðra jörð, — hvað græðir hann þá? Ekkert. En hann verður að greiða verðhækkunarskatt, þótt í rauninni sé ekki um neinn gróða að ræða. Þetta er einmitt höfuðgallinn á þessu frv. Skatturinn getur alveg eins lent og hlýtur oft og tíðum að lenda á þeim, sem engrar eða aðeins ímyndaðrar verðhækkunar njóta. Þetta eitt út af fyrir sig gerir þennan skatt óhæfan eins og hann er hugsaður eftir frv.

Hv. aðalflm. kvaðst vera samþykkur þeirri hugsun, sem í raun og veru lægi bak við sölu þjóðjarða, en sú sala hefði brugðizt vonum sínum. Ég veit ekki, hvaða vonir hann hefir gert sér, en mér þykir undarlegt, ef hann, sem er á svipuðum aldri og ég, man ekki eftir því, að áður en farið var að selja þessar jarðir mátti þekkja þær úr fyrir það, hversu miklu verr þær voru setnar en þær jarðir, sem voru í sjálfseign. Nú segist hann vilja bæta úr þessu með því að láta leiguliðana fá erfðaábúð á jörðunum. Í þessu efni vantar allar till., og er það þó atriði, sem vel hefði mátt verða þessu máli samferða. Ekki er víst, að menn hafi sömu hvatir til þess að bæta jörð, þótt

þeir hafi erfðaábúð á henni. Það fer eftir því, hvort sá, sem féð leggur í jörðina, getur búizt við, að afkomendur hans vilji njóta þess.

Hv. þm. Seyðf. viðurkenndi, að vera myndu smíðalýti á þessu frv., og ætla ég ekki að fara út í það sérstaklega. Það er ekki nema eðlilegt, eins og hann tók fram. Það, sem hann ræddi einna mest um, var verðhækkunin á landi. En það virðist svo, sem báðir hv. flm. hafi gengið út frá því í frv. sínu, að þessi verðhækkun hefði komið svo að segja af sjálfu sér. Þetta er alls ekki svo. Verðhækkunin hefir orðið fyrir tilverknað landsmanna sjálfra. Hún er fram komin fyrir það starf og þá atorku, sem þeir hafa sýnt í endurbótum á þessum eignum sínum. Hvað halda hv. flm. t. d., að verð lóðar hækki mikið við það, að byggt er á henni gott hús, sem hægt er að leigja fyrir gott verð? Meðan lóðin stendur ónotuð er hún lítils virði, en undir eins og gott hús hefir verið reist á henni, sem svarar vöxtum og afborgunum, vex verð hennar stórkostlega.

Það er eftirtektarvert, að til þess að geta réttlætt þennan skatt þarf að ganga út frá því í dæminu, sem ég tók, að skuld á fasteign hafi staðið óhreyfð frá því að kaupin voru gerð 1913. Með öðru móti verður þessi skattur ekki réttlættur. Hitt er vissulega miklu líðara, að maður, sem keypti fasteign 1913, sé nú, á árinu 1932, *búinn að borga hana að mestu*, og ef svo er, er grundvöllur skattsins horfinn, af því að hlutaðeigandi hefir ekkert grætt. Þær 8000 kr., sem hann færir fyrir eignina, *eru ekkert verðmeiri vegna falls peninganna* en þær 4000 kr., sem hann gaf fyrir hana 1913, svo að ég haldi mér við dæmið, sem ég tók.

Þessir gallar gera það að verkum, að ég tel mér ekki unnt að fylgja frv. Það er eftirtektarvert, að báðir hv. flm. hafa sagt, að torvelt væri að koma þessu fyrir, nema með því að miða við krónuverðið á hverjum tíma. En einmitt þetta sýnir, að þessi skattur er yfirleitt ekki réttlátur, þótt hann í einstökum tilfellum geti verið það.

Hannes Jónsson: Það á e. t. v. ekki við á þessu stigi málsins að fara mikið út í einstakar gr. frv., en ég vil samt ekki láta undir höfuð leggjast að taka nokkur atriði þess til athugunar, og vonast ég til þess, að sú hv. n., sem fær þetta mál til yfirvegunar, taki aths. mínar til greina. Það, sem ég ætla aðallega að taka til athugunar, er 4. gr. frv. Mér skilst það svo, að í sínu núverandi formi geti hún alls ekki staðizt. Hér er gert ráð fyrir, að eigendaskipti jarða geti orðið með þrennu móti, sölu, erfðum og gjöf. Í gr. er gert ráð fyrir, að hafi ekki orðið eigendaskipti á fasteign síðan í fyrsta skipti var ákveðið matsverð hennar samkv. lögum nr. 22, 3. nóv. 1915, og telst þá matsverð þess fasteignamats vera kaupverðið, nema seljandi sanni, að það hafi verið hærra, þegar hann eignaðist hana. En nú geta hæglega hafa orðið eigendaskipti á jörðum eftir að þessi lög gengu í gildi, án þess að verð hafi komið fram, t. d. ef jarðir hafa verið gefnar. Samkv. gr. væri nú ekki hægt að láta þessa jörð falla undir ákvæði seinni hluta gr., heldur yrði hún að falla undir þann fyrri. Og ef svo vel vildi nú til, að þessi jörð hefði ekki verið seld síðan í Móðuharðindunum, og þá fyrir fáeina dali, er ég hræddur um, að verðhækkunarskatturinn samkv. 1. gr. frv. yrði helzt til mikill. Og þetta er einmitt gagnstætt því, sem hv. flm. hafa ætlazt fyrir með frv., og því nauðsyn á breyt., svo að það komi vel fram, að þó að eigendaskipti hafi orðið síðan fasteignal. *komu í gildi*, verði verðið ekki hærra en fasteignamatið er. — 18. gr. frv. finnst mér einnig athugaverð. Þar eru ákvæði um það, að ef seljandi ætlar að koma sér undan verðhækkunarskatti með því að tilgreina of lágt söluverð, skuli lögskipaðir virðingamenn bæjar- og sveitarfélaga meta gangverð fasteignarinnar eins og á stóð þegar eigendaskipti fóru fram, og skal það teljast söluverð samkv. 5. gr. Ég held, að oft sé örðugt að sjá, hvort seljandi hafi í huga að koma sér hjá verðhækkunarskatti. Það er víða svo nú orðið, að foreldrar selja börnum sínum jarðir. Venjulegast er þá söluverðið ákveðið lágt, oft talsvert lægra en fasteignamatið. Það mætti segja, að þarna væri seljandinn að reyna að smeygja sér undan verðhækkunarskatti. Og þá er farið að stefna í öfuga átt við tilgang frv.,

ef ekki má selja jörð vægu verði, jafnvel neðan við sannvirði, þegar svona stendur á. Ég tala nú ekki um það, ef einhver vildi blátt áfram gefa jörð; það gæti enn frekar litið út sem tilraun til þess að smeygja sér undan verðhækkunarskattinum. Ég er á því, að í frv. séu ýms varhugaverð ákvæði. T. d. er það mjög vafasamt, hvort rétt sé að láta þennan skatt ná til verðaukningar jarða af þeim ástæðum, að dýrmætir málmar fyndust í jörðinni; það gæti svo farið, að allur ágóði slíks fundar yrði tekinn af eigandanum samkv. þessu frv., ef verðhækkunin fer yfir 200%. Hingað til hafa slíkar námur, ef fundizt hafa, verið taldar óskoruð eign jarðeigandans, og eigi að afnema það, þá er þar gengið gersamlega á móti öllum ríkjandi skoðunum um þetta mál. — Mér skilst það af frv., að flm. þess líti svo á, sem öll verðhækkun fasteigna muni koma fram við ráðstafanir hins opinbera, og þess vegna sé ekki nema réttlátt að taka skatt af allri slíkri verðhækkun. En verðhækkun fasteigna getur mjög auðveldlega orðið án þess að opinberar ráðstafanir komi þar nálægt. Í grg. frv. er tekið fram, að eðlilegt sé, að einhver hluti verðhækkunarinnar hverfi aftur þangað, sem hún sé runnin frá, nefnilega því opinbera. Ef það á að vera föst regla, að einhver hluti slíkrar verðhækkunar hverfi aftur til upphafs síns, er ekki réttlátt að taka mikinn skatt til hins opinbera af verðmætum, sem kynnu að finnast í fasteigninni án allrar tilskikkunar hins opinbera.

Ég hefi e. t. v. ekki athugað frv. nógu vel, en mér finnst vanta í það ákvæði viðvíkjandi erfðaleigulöndum. Ekkert er tekið fram um það, hvernig stofnverð eigi þá að myndast. Sé byggt á óbyggðu landi, yrði auðvitað að taka byggingarkostnað o. s. frv. þar með. Þetta o. fl. þyrfti að athuga nánar, og treysti ég n. til að gera það. Annars get ég sagt það, að ég fellst á stefnu frv. í aðalatriðum, en finnst það hinsvegar vera að „grípa guð í fótinn“ eftir allan þann glundroða, sem orðinn er í öllu verðlagi, að setja nú l. um hindrun á hóflausri verðhækkun fasteigna eftir að hækkunin er komin á. Lögin eiga að fyrirbyggja þann sjúkdóm, en geta ekki læknað hann nema að litlu leyti.

Flm. (Halldór Stefánsson): Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða ýtarlega um smáágreiningsatriði á þessu stigi málsins. Þar sem málið er nýmæli, er það ekki nema eðlilegt, að menn greini á um bæði aðalefni þess og einstök atriði. Samt ætla ég að víkja að þeim einstöku atriðum, sem gerðar hafa verið aths. við. Hv. 2. þm. Skagf. var enn að tala um þann mikla mismun á verði 1913 og 1932. Það er rétt, að sá verðmunur er mjög mikill, en hann snertir ekki þetta frv., því að þar er gert ráð fyrir, að aldrei sé leitað lengra fram eftir kaupverði en til fasteignaverðsins, sem ákveðið var með fasteignamatslögunum frá 1915, þ. e. a. s. til 1920.

Í þessu sambandi get ég líka minnzt á aths. hv. þm. V.-Húnv. við seinni hluta 4. gr., en sá hluti átti einmitt að taka það fram, að ekki skyldi leitað lengra fram með ákvörðun verðs en til 1920. Ef það þykir ekki koma nógu ljóst fram, að þetta tímatakmörkunarákvæði eigi við í öllum tilfellum, þá má auðvitað breyta orðalaginu, svo að ekki verði um villzt. Ég veit vel, að skoðanir manna um sölu þjóðjarða og kirkjujarða eru skiptar. Ég var sölunni upphaflega fylgjandi, en hefi skipt um skoðun í því efni síðan, og er það vegna þess, að mér virðist salan ekki hafa náð tilgangi. Það byrjar venjulegast með því, að jörðin er keypt í skuld að mestu leyti, svo er hún veðsett ýmislega, þangað til veðsetningin er komin upp í fullkomið söluverð. Jarðeigandinn verður auðvitað að standa straum af öllum skuldunum, en vegna veðsetninganna og skuldanna, sem á hvíla, er jörðin þá raunverulega komin í annara manna hendur, nema aðeins umráðarétturinn. Og endirinn verður oft sá, að jarðeigandinn megnar ekki að standa straum af skuldunum og jörðin kemst inn í lausasölu, og kemst þá oft í óeðlilega hátt verð.

Það er ekki nema von, að hv. 2. þm. Skagf. sé á móti þessu frv., ef hann lítur svo á, að verðhækkun, hvernig sem hún kann að vera til komin, eigi að vera skilyrðislaus eign jarðeigandans, - - ég skildi svo orð hans. Frv. er byggt á þeirri hugsun, að hafi verðhækkunin orðið af völdum eigandans, beri honum hún með réttu, en hafi hún á engan hátt orðið fyrir hans tilstilli, sé fullkomlega réttmætt

að taka hluta af henni til almennra þarfa. Það er eðlilegt, að slíkur gagngerður munur á skoðunum valdi slíkri afstöðu til mála, og mun kostur að ræða mál þetta betur síðar við hv. þm.

Það má vera hverjum manni augljóst, að sú mikla verðhækkun á fasteignum, einkum lóðum, sem orðið hefir á síðustu árum, á mikinn þátt í þeirri dýrtíð, sem nú ríkir í landinu, einkum í kaupstöðum, t. d. Rvík. Þetta verður mjög skiljanlegt, ef litið er á það, að ekki stærra land en þarf sem byggingarlóð undir eitt myndarlegt hús skuli hafa getað komizt upp í verð, sem nemur jafnvel hundr. þús. króna. Íbúð eða önnur afnot í slíku húsi hlýtur að verða mjög dýr, því að eigandinn verður að standa straum af þeim kostnaði, sem hann hefir lagt í húsið.

Þá ætlaði ég að víkja örfáum orðum að ths. hv. þm. V.-Húnv. Um 4. gr. er það að segja, að ég viðurkenni fúslega, að sjálfsagt sé að orða hana svo, að hún geti ekki misskilizt. Að þessu hefi ég vikið áður. Þá minntist hann á 18. gr., þar sem ætlað er að slá varnagla við því, ef seljandi ætlar að koma sér hjá verðhækkunarskattinum með því að tilgreina of lágt söluverð, og tók hann t. d., að eigandi vildi selja börnum sínum fasteign við lágu verði. Ég vil ekki fullyrða, að ekki sé hægt að líta öðruvísi á, en ég gæti ekki litið á slíkt þeim augum, að með réttu sé hægt að telja, að seljandi væri að reyna að koma sér hjá verðhækkunarskatti, þótt hann vildi afskrifa nokkurn hluta þess verðs, sem í jörðinni liggur, þegar hann ætlaði að selja hana barni sínu.

Þá minntist hv. þm. V.-Húnv. á það, að ákvæði frv. tækju ekki til erfðaleigu, og var á honum að heyra, að honum þætti þetta miður. Þessu er nú því til að svara, að við flm. höfðum aðeins þær fasteignir eftir skilgreiningu 1. gr. frv. í huga, sem ganga kaupum og sölum, og fórum af þeim ástæðum ekki inn á þetta svið. Má vel vera, að full ástæða sé til að taka leiguna sjálfa með í þessu, og má þá athuga það undir meðferð málsins, hvort ef til vill mætti ekki fella ákvæði í þá átt inn í frv. — Annars get ég verið þakklátur hv. þm. V.-Húnv. fyrir undirtektir hans við frv., því að hann virtist vera samþykkur þeirri hugmynd, sem því liggur til grundvallar, og hygg ég gott að eiga samvinnu við hann um breytingar, því að ég geng þess ekki dulinn, að það standi um margt til bóta, og ths. hv. þm. báru því vitni, að hann ber góðan hug til málsins. Það er og rétt, sem hv. þm. síðast sagði í ræðu sinni, að hér er reyndar verið að „grípa guð í fótinn", því að ég þóttist geta skilið, að hv. þm. ætti við — máltækið hefi ég ekki heyrt fyrr —, að ráðstafanir þær, sem í þessu frv. felast, kæmu of seint. Viðurkennum við flm. fúslega, að það hefði betur fyrr orðið, að ákvæði þessa frv. hefðu orðið að lögum, en hér á sem oftar við, að betra er seint en aldrei.

Umr. frestað.

Á 30. fundi í Nd., 16. marz, var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Nd., 19. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

Jón Auðunn Jónsson: Ég vil benda hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, á að athuga, hvort hér er ekki um að ræða ráðstöfun til þess að rýra veðhæfni fasteigna óhæfilega mikið. Mér virðist, að svo muni vera. Ég er sannfærður um, að nú, síðan gildi peninga lækkaði svo mjög, eru jarðir, sem t. d. voru keyptar fyrir 4000 kr. á árunum 1912—1914, ekki verðmætari en þá, þó þær séu veðsettar fyrir 7—8 þús. kr. með 1., 2. og 3. veðrétti. Og ef samt á að leggja á slíkar eignir verðhækkunarskatt, sem ganga á fyrir veðskuldum, þá er sýnilegt, að bankar og aðrir lánveitendur geta ekki lánað eins hátt út á þær og ella.

Þó að lán út á 1. veðrétt séu að vísu miðuð við helming af fasteignamatsverði, þá er það nú svo, að flestir þurfa að fá meira út á jarðir sínar, þurfa að veðsetja þær öðrum og þriðja veðrétti, til þess að geta keypt búslóð og nýtt þær. Mér virðist því, að frv. eins og það er nú gæti haft þau áhrif, að veðhæfni fasteigna rýrni of mikið.

Ég verð að taka í sama strenginn og þeir, sem haldið hafa fram, að sá maður, sem t. d. hefir keypt jörð á 4000 kr. fyrir stríð, sé ekkert betur haldinn af að fá

8000 kr. fyrir hana nú. Hann fær fleiri pappírskrónur heldur en hann lagði út, en ekki meira verðmæti. Líka ímyndaða verðhækkun er síður en svo ástæða til að skattleggja. Yfirleitt er of lítið gert að því að brýna fyrir fólki, að krónutalan er ekki öruggur mælikvarði á verðmæti eigna, vegna þess hvað verðgildi gjaldmiðilsins er breytilegt. Í þessu efni sem öðrum verður að taka fyrst og fremst tillit til hins raunhæfa.

Magnús Guðmundsson: Við fyrri hluta þessarar umr. sagði hv. 1. þm. N.-M. út af því, sem ég hafði látið um mælt, að ég liti svo á, að öll verðhækkun ætti að vera skattlaus hvernig svo sem hún væri til komin. Þetta vil ég leiðrétta, því að þetta er alls ekki mín skoðun og þetta sagði ég ekki. En ég sé svo mikil vandkvæði á að greina milli þeirrar verðhækkunar, sem eigi að vera skattskyld, og þeirrar, sem ekki á að vera það, eða er í raun og veru ekki verðhækkun, að ég get ekki fylgt þessu frv. Ég skal játa, að mér hefir ekki dottið í hug nokkur sanngjörn lausn á þessu máli, og ég held helzt, að hún sé ekki til. Verði þetta frv. að lögum, verður margt skattað, sem í rauninni er engin verðhækkun.

Ég tók svo eftir, að hv. aðalflm. segði við fyrri hl. umr., að hann sæi ekkert á móti því, að ekki væri tekinn verðhækkunarskattur þegar um sölu á milli skyldmenna væri að ræða. Ég er hræddur um, að lítið verði úr þessu frv., ef slíkar sölur eiga að vera skattfrjálsar. Ég vil gjarnan fá skýringu á því hjá hv. flm., hvað eigi að teljast sölur milli skyldmenna, og hvort þær eigi alltaf að vera skattfrjálsar, þótt vitanlegt sé, að eignin hafi hækkað stórkostlega í verði. Því að þótt foreldrar finni upp á því að selja barni sínu með lágu verði sér að útlátalausu, getur eignin samt hafa hækkað mjög í verði.

Flm. (Halldór Stefánsson): Ég vil aðeins víkja að aths. hv. þm. N.-Ísf. um það, að frv., ef að l. yrði, myndi rýra veðhæfni fasteigna, og tók hann sem dæmi máli sínu til sönnunar, sem áður hefir verið tekið við þessar umr., hinn mikla verðmun nú og 1914. Það er vitanlegt, að miklar verðbreyt. hafa orðið síðan 1914. En ég vil á ný benda á það, að ekki er í frv. gert ráð fyrir, að kaupverð verði nokkurntíma rakið lengra fram en til þess mats, sem gert var samkv. l. frá 1915 og ekki var ákveðið fyrr en 1920. Af þessu er það auðsætt, að ekki þarf að gera ráð fyrir þeim mikla verðmun á fasteignum, sem var fyrir eða um stríð og nú, heldur ber að miða við árið 1920, þegar verðlag fasteignanna var ákveðið. Hvað veðgildinu viðkemur, þá er óhugsandi, að það geti rýrnað af völdum skattsins, þar sem skatturinn kemur því aðeins til, að eignin hafi hækkað í verði frá því þegar veðgildi hennar var ákveðið.

Um annað atriðið, þar sem hann drap á, að verðgildi peninga hefði breytzt, þá er það rétt. Og það er atriði, sem rétt er að taka til athugunar., og er það þá til athugunar fyrir n.

Hv. 2. þm. Skagf. leiðrétti þann skilning, sem ég hafði lagt í orð hans. Ég skildi hann svo, að ekki væri undir neinum kringumstæðum réttmætt að skattleggja verðhækkun, á hvern hátt sem hún væri til komin. Ef ég hefi misskilið orð hans, tek ég gilt það, sem hann sagði, og er ágreiningur okkar á milli um það atriði þá niður fallinn. En viðvíkjandi hinu atriðinu, ef selt er milli skyldra, þá er það ekki ætlun frv. né okkar flm. þess, að skatturinn falli á, ef virkilega er selt lægra verði en kaupverðið eða raunverulegt verð er. Ég get ímyndað mér, að slíkar sölur færu einkum fram á milli ættingja, ef eigandinn hefir kostað miklu til eignarinnar, en telur, að kaupanda sé ekki fært að standa straum af því verði, sem jörðin er metin eða raunverulega kostar. Slíkt verður að teljast alveg eðlilegt og réttmætt og getur ekki talizt tilraun til að ætla að koma sér hjá skatti. En ef hinsvegar sýnilega er reynt að búa til falskt verð, þá eru ákvæði í frv., sem eiga að koma í veg fyrir, að slíkt sé tekið gilt.

Að öðru leyti er ekkert við því að segja, þótt menn beri fram sínar aths. um málið. Það getur verið ávinningur fyrir málið að fá þær nú þegar. Væntanlega tekur þá sú n., sem fær málið til meðferðar, þær til athugunar.

Jón Auðunn Jónsson: Hv. flm. gaf mér ekki svar við mínum fyrirspurnum, fyrst og fremst þeirri, hvort veðréttur ætti að víkja fyrir skattinum. Í öðru lagi, hvort honum fyndist sanngjarnt að taka verðhækkunarskatt, ef krónan væri komin niður í 10 gullaura, þótt menn seldu fyrir tvöfalt verð frá því 1914. Hinsvegar er víst, að fasteignamatið, sem framkvæmt var frá 1916—1918, var um 25% hærra en verðlag 1914. Sumstaðar hefir þetta talsvert lækkað. Ég þekki t. d. heila sýslu, þar sem fasteignamatið var ekki nema 8—10% hærra eftir fasteignamati en verðið frá 1914. Þá hygg ég það nokkurn vanda að dæma um, hvort um sé að ræða „pro forma"sölu eða raunverulega. Ég veit, að sumir líta svo á, að í fasteignamatinu, sem nú á að ganga í gildi um næstu áramót og framkvæmt hefir verið af fasteignamatsnefndum úti um land, hafi verðið verið sett svo hátt, að óhugsandi sé, að jarðirnar seljist við því verði. Ekki mun vera hægt að fá hina venjulegu jarðrentu, 4% af matinu, upp úr jörðunum. Og ég þekki mörg dæmi þess, að ekki er hægt að fá jarðrentu miðað við það mat. (**HStef:** Þá þarf ekki að óttast verðhækkun). Það getur farið svo samt, ef krónan félli niður í 10 gullaura. Þá myndi söluverðið hækka. (**HG:** Og söluverðið þurrkast út um leið). Flestir skulda, þótt það sé oft minni hlutinn, sem betur fer. Annars væri illa komið.

Ég verð að segja það, að þessi hugmynd eins og hún kemur fram, að skatturinn fari ekki eftir raunverulegu verði, heldur eftir pappírsverði, er alveg fráleit, að minni hyggju.

Magnús Guðmundsson: Ég vildi aðeins taka undir það, sem hv. þm. N.-Ísf. sagði, að matið, sem framkvæmt var 1916—20, var ekki miðað við þá verðhækkun, sem þá var orðin. Búizt var við, að verðlag myndi lækka aftur eftir stríðsárin, bæði jarðaverð og annað. En reyndin varð önnur. Jarða- og lóðaverð hefir mjög lítið lækkað í verði, og af því leiðir, að þótt farið sé eftir matinu frá 1916—1920, kemur mikið af þeirri verðhækkun, sem þá var komin, ekki fram í matinu, en kemur þó fram í verðhækkunarskattinum, verði þetta frv. að lögum.

Mér er ekki ljóst, hvernig á að finna það í hverju einstöku tilfelli, hvort salan sé tilbúin, gerð til þess að láta verðið líta lágt út, eða þá raunveruleg. Ég hefi fyrir mitt leyti sannfærzt um það, að illmögulegt sé að finna sanngjarna reglu í þessum efnum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 34. fundi í Nd., 21. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14:6 atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Á 59. og 60. fundi í Nd., 25. og 26. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá,

Á 61. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 149, n. 398 og 495).

Frsm. meiri hl. (Halldór Stefánsson): Meiri hl. fjhn. fellst á frv. þetta í öllum höfuðatriðum, en ber þó fram 2 brtt. Við 1. umr. kom fram aths. um það, að 4. gr. væri ekki nægilega skýr, til þess er tvímælalaust væri, að framkvæmd laganna yrði sú, sem til væri ætlazt. Í 1. brtt. er tekið tillit til þessa og greinin orðuð svo skýlaust, að enginn vafi getur leikið á, hvernig eigi að skilja hana. Í 2. brtt. felst aðeins orðabreyt. Minni hl. n. mun gera grein fyrir sinni afstöðu og mun ég geyma mér að ræða ágreiningsatriði, unz svo hefir verið gert.

Umr. frestað.

Á 62., 64. og 66. fundi í Nd., 28. og 30. apríl og 3. maí, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Nd., 4. maí, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 149, n. 398 og 495).

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson) [óyfirl.]: Mér kemur dálítið á óvart, að byrjað hefir verið á 2. umr. þessa máls. Ég vék snöggvast af fundi daginn sem átti að taka það fyrir, og var mér sagt, að frv. hefði verið tekið út af dagskrá.

Skildi ég það svo, að umr. hefði verið frestað frá byrjun. Þykir mér leitt að hafa ekki heyrt, hvað hv. frsm. meiri hl. hefði um málið að segja.

Það var nokkuð rætt um þetta frv. við 1. umr. og mætti það þá þegar nokkrum andmælum. Geri ég ráð fyrir, að hv. frsm. meiri hl., sem einnig er 1. flm. frv., hafi í upphafi þessarar umr. borið fram eitthvað svipuð rök fyrir því og við 1. umr. Ég vil geta þess aðeins, að það var þá bent á ýmsa smíðagalla á frv., sem talað var um, að leiðrétta mætti í n. Það hefir þó ekki verið gert. Hv. meiri hl. hefir á engan hátt leitazt við að sníða af frv. þá agnúa, sem óneitanlega eru á því, og minni hl. var vitanlega ekki að fara út í það, þar sem hann leggur til, að frv. verði ekki samþ.

Sú stefna, sem fram kemur í þessu frv., er auðvitað ekki ný. Það hefir mikið verið rætt um ákveðna stefnu í þjóðhagsmálum, sem byggð er á því, að ríkið eigi rétt á verðhækkun fasteigna, sérstaklega alls lands. Sú stefna hefir þó verið hugsuð öðruvísi í framkvæmd heldur en gert er ráð fyrir í þessu frv., því skatturinn átti samkv. henni ekki að vera bundinn við sölu eignanna, heldur við það verð, sem talið er, að þær séu í á hverjum tíma. Og þeir, sem beitt hafa sér fyrir þeirri stefnu, héldu því fram, að hér væri um svo mikil verðmæti að ræða, að ríkin gætu að mestu leyti komizt hjá að leggja á aðra skatta en verðhækkunarskatt. Þeir byggðu á því, að allir ættu jafnan rétt til landsins og þess vegna ætti verðhækkunin á því aldrei að renna í vasa einstaklinga, heldur í sameiginlegan vasa allra landsmanna, ríkissjóðinn.

Þessi stefna spratt eiginlega upp af sérkennilegri reynslu í því landi, þar sem hún kom fyrst fram, nefnilega Ameríku. Menn horfðu þar á stór landflæmi, sem áður voru óbyggð og verðlaus, byggjast smátt og smátt og hækka í verði um hundr. og þús. milljóna. Og Henry George, sem telja má höfund þessarar stefnu, sýndi fram á, að þannig sköpuðust svo mikil ný verðmæti, að þau mundu nægja til þess að standa undir kostnaðinum af allri starfsemi ríkisins. En þessi stefna hefir ekki sigrað í heiminum. Hún er líka m. a. byggð á því, að hún sé tekin upp þegar í stað meðan löndin eru verðlaus, því annars verður hún erfið í framkvæmd.

Það hafa komið fram kröfur um þessa verðhækkunarskatta í fleiri myndum en þessari og í ýmsum tilgangi, en það hefir verið fremur lítið um, að menn hafi séð sér fært að lögleiða þá.

Það hafa þó verið gerðar dálitlar tilraunir með þetta, t. d. í Þýzkalandi. Þar hefir verið lagður skattur á verðhækkun lands, svipaður þeim, sem hér er stungið upp á, en miklu lægri, og honum var skipt milli bæjarfélaga og ríkisins. En þetta þótti svo erfitt í framkvæmdinni þar, að nú er víða frá því horfið. Líka hefir þessi skattur verið reyndur í Englandi — svonefndur Betterment tax — en hann var ólíkur að því leyti, að þar var beinlínis miðað við það, að opinberar framkvæmdir hefðu valdið verðhækkuninni. Í frv. er lítið svo á, að eigendur fasteigna eigi engan rétt til verðhækkunar, annarar en þeirrar, sem beinlínis leiðir af aðgerðum þeirra sjálfra. Í Englandi var lítið svo á, að hið opinbera eignaðist ekki rétt til verðhækkunar landsins, annarar en þeirrar, sem beinlínis leiddi af aðgerðum þess. Þar var því alveg öfugt farið að, miðað við það, sem hér er lagt til. Þar að auki var þessi skattur ætlaður sveitarfélögunum, en ekki ríkinu. Í Danmörku hefir stöku sinnum verið lagður á verðhækkunarskattur. T. d. fékk bærinn Esbjerg leyfi til að setja hann á handa sér. Þar voru byggð stór hafnarmannvirki, og lóðir, sem áður voru lítils virði, þutu upp úr öllu valdi vegna þeirra. En þennan skatt fékk bærinn og hann var notaður til að standast þann kostnað, sem af því leiddi, að bærinn óx svo stórkostlega. Enn eru þess dæmi, að verðhækkunarskattur hefir verið lagður á í sambandi við járnbrautarlagningar. Vitaskuld hækkar landið beggja megin brautarinnar mjög í verði, og hefir þá þótt sanngjarnt, að þeir, sem þar bjuggu, greiddu nokkuð af verðhækkuninni til sveitarinnar.

En þrátt fyrir það, þótt þessir skattar hafi verið miklu takmarkaðri en sá, sem hér er stungið upp á, þá hafa risið upp ókleifir örðugleikar í sambandi við framkvæmdina. Englendingar urðu t. d. að af-

nema sinn Betterment tax, þegar verðgildi peninga raskaðist á stríðstímanum. Í reyndinni varð hann ómögulegur.

Hjá okkur held ég, að verðhækkunarskattur hafi ekki verið notaður nema í einu einasta tilfelli. Það var í lögunum um Skeiðaáveituna. Þá var hann settur í alveg sérstöku tilefni og miðaður við alveg ákveðnar endurbætur, er hið opinbera hafði gert á þessu svæði, og var einskonar aðferð til þess að búendur þar greiddu ríkissjóði það, sem hann hafði lagt fram. Hann var þó ólíkur þessum að því leyti, að hann var bæði miðaður við matsverð jarða og söluverð og hann var ekki stighækkandi.

Hér er því um nýja braut að ræða, bæði hjá okkur og eins meðal nálægra þjóða. Hér er bæði seilzt víðar miklu, þar sem skattur er tekinn af allri verðhækkun, sem ekki er beinlínis til orðin af völdum eiganda, og eins er hann mjög hár og stighækkandi og rennur loks að helmingi í ríkissjóð, en það er þó ekki alveg dæmalaust.

Eins og ég hefi getið um, þá er skatturinn miðaður við, að eigendur fasteigna eigi ekki rétt á nema nokkrum hluta af verðhækkun þeirra. Hugsunin er sú, að hið opinbera hafi valdið verðhækkuninni að svo og svo miklu leyti og eigi því rétt á að taka þann hluta. Og eftir því, sem hv. flm. segja í grg. frv., byggja þeir á þeirri hugsun, að eðlilegast og æskilegast sé, að fasteignir væru í opinberri eign, og ætla sér með frv. að vinna að því, bæði með því að rýra eignargildi fasteigna og safna sjóði, er svo sé varið til að kaupa upp fasteignir handa því opinbera.

Ég býst því við, að fylgi og andstaða við þetta frv. fari að nokkru leyti eftir því, hvaða skoðun menn hafi á þessu. Og mér virðist, að hér á Alþingi hafi komið fram töluvert sterk andmæli gegn þessari stefnu hv. flm. og flestir séu þeirrar skoðunar, að heppilegast sé, að a. m. k. jarðirnar séu í eign einstaklinga og setnar af eigendum. Frv. gengur beinlínis gegn lögunum um sölu þjóðjarða og kirkjujarða. Líka hefir mér virzt stefnan í ábúðarlagafrv. því, sem nú liggur fyrir þinginu, vera sú, að heppilegt sé, að jarðir séu í sjálfsábúð. Þar er vitanlega miðað við þá reynslu, sem fengizt hefir, að jarðir þær, sem eigendur búa á, séu betur setnar en leigujarðir og við þær lögð meiri alúð og rækt. Með frv. er stefnt burt frá þessu og í áttina til þess, að allar jarðeignir verði opinber eign.

Þegar kemur til þess að athuga, hvað af verðhækkun fasteigna er eigendum að þakka og hvað því opinbera, þá kemur það í ljós, að það er erfitt að grafast fyrir rætur hennar. Yfirleitt er það svo í viðskiptalífinu, að það er ákaflega erfitt að rekja í sundur þræðina. T. d. má taka lóðir í kaupstöðum. Þar getur verið alveg ómögulegt að finna, hvað af verðhækkuninni er eigendum að þakka og hvað því opinbera, því m. a. er oft allt það, sem hið opinbera gerir, framkvæmt fyrir fé eigendanna. Við skulum taka t. d. öflugan kaupsýslumann, sem setur sig niður í smáþorpi. Hann byrjar að reka útgerð, hefir mikið um sig, byggir höfn. Fólkið streymir að og bærinn verður fjölmennur og lóðir hækka í verði. Hvað á nú eigandinn af verðhækkuninni og hvað hið opinbera? Hann hefir svo að segja búið bæinn til. Er hægt að segja, að þær framkvæmdir, sem bærinn réðst í fyrir fé, sem hann tekur af eigandanum með sköttum, eigi einungis að koma því opinbera til góða, eigandinn eigi engan rétt á þeirri verðhækkun, sem þeir valda? Ég held, að það sé rangt. Eins og menn bera áhættuna, eins eiga þeir að hirða arðinn. Og það er ómögulegt að rekja þræðina sundur og segja, hvað sé eigandans og hvað sé hins opinbera.

Í grg. frv. er ekki viðurkenndur eignarréttur eigenda að annari verðhækkun en þeirri, sem beinlínis orsakast af mannvirkjum þeim, sem þeir gera á lóðinni. En það má segja, að það sé viðurkenndur eignarréttur þeirra að þessari verðhækkun. Það er bara lagður skattur á hana. En þó má benda á það, að samkv. skattstiganum í 12. gr. kemst skatturinn upp í 100%, eða m. ö. o. hún er tekin öll.

Nú má spyrja mig, ef ég viðurkenni þá hugsun, að hið opinbera eigi rétt á þeirri verðhækkun, sem stafar af aðgerðum þess, hvar ég vilji þá láta draga mörkin. Ég álít, að þau mörk sé ekki hægt að draga. Það má skjóta þessari spurningu fram, en hún er ákaflega ófrjó; það er

ómögulegt að rekja þræðina sundur. Ef það á að taka verðhækkunarskatt, þá verður að byggja á öðrum forsendum en þeim, að hið opinbera eigi rétt á þeirri verðhækkun, sem af þess völdum stafar. M. ö. o., þetta er ekki hæfur grundvöllur undir löggjöf. Hinsvegar má náttúrlega leggja á verðhækkunarskatt eins og aðra skatta aðeins í því skyni að afla peninga.

En ef nú á að fara að leggja á verðhækkunarskatt, þá er mjög ósanngjarnt að fara að skipta honum milli ríkisins og bæjar- og sveitarfélaga, eins og gert er samkv. frv. Ef það á að fara að leggja verðhækkunarskatt á kaupstaðalóðir, þá er alveg sjálfsagt, að hann renni allur til bæjarfélaganna. Og það er ekki nóg. Ég álít, að hann eigi að renna til alveg ákveðins og sérstaks verkefnis. Það verkefni er skipulag bæjanna. Ef ég gæti fundið skynsamlegan grundvöll undir skattinn, þá mundi ég vera því fylgjandi að leggja hann til þessa verkefnis. Það er mikið vandamál, hvernig bæirnir eiga að standast þann kostnað, sem leiðir af skipulagningu þeirra. Breytt skipulag orsakar verðbreytingar, sem eru alger tilviljun og í engu byggjast á því, hvort eigandinn er hygginn maður og duglegur eða ekki. Við skulum taka til dæmis það, sem stungið hefir verið upp á, að lengja aðalgötu bæjarins, Austurstræti, upp í Grjótaþorpið. Þá mundu úr verðlitlum baklóðum myndast dýrustu lóðir bæjarins. Ef verðhækkunarskattur á nokkurs staðar heima, þá er það í slíkum tilfellum. En þá er sjálfsagt að nota hann til að koma skipulagsbreytingunum í framkvæmd. Og eitt af því, sem mælir móti þessu frv., er það, að þá væri búið að taka af bæjunum þann eina möguleika, sem þeir hafa til að koma í framkvæmd skipulagsbreytingum.

Þetta eru allt andmæli gegn aðferðinni, sem hér er viðhöfð. En svo kemur það til, hvort yfirleitt sé gerlegt að leggja á verðhækkunarskatt. Fyrsta skilyrðið er það, að hægt sé að finna raunverulega verðhækkun fasteigna. Hvernig hefir hv. flm. tekizt það? Þeim hefir tekizt það þannig, að þeir miða einungis við krónutöluna. Ef kaupverð fasteignar er 1000 kr., en söluverðið 2000 kr., þá er tekinn viss hluti af mismuninum eftir skattstiganum í 12. gr. En sá verðmælir er mjög ófullkominn. Með honum er ekkert sagt um það, hvort eignin hefir raunverulega hækkað, lækkað eða staðið kyrr í verði. Dæmin eru deginum ljósari, og það er alveg óafsakanlegt að koma með þetta nú, einmitt þegar verðgildi peninga er síbreytilegt. Verðhækkun, sem nemur hundruðum %, getur verið eintóm missýning. Það getur vel verið, að maður verði að borga verðhækkunarskatt af raunverulegri verðlækkun. Þetta var hv. flm. bent á við 1. umr. þessa máls. Þeir höfðu þá ekki annað fyrir sig að bera en að ekki væri hægt að finna annan grundvöll. Ég vil draga af því þá rökréttu ályktun, að ekki sé hægt að nota þennan skattstofn.

En ég gæti hugsað mér að reynt væri að finna annan grundvöll, t. d. að miða við gullverð. En þá kemur það upp úr dúrnum, að gullverðið er ekki heldur öruggt. Gullverð hefir t. d. fallið stórum síðan fyrir stríð. Þá mætti hugsa sér að miða við verðlagsskrá. En þá þarf að finna hana fyrst.

Hv. 2. flm. þessa frv. bar hér við 1. umr. fram ýmsar tölur, sem áttu að sýna, hvað lóðir og aðrar fasteignir hækkuðu í verði miðað við krónur. Ég andmælti því ekki, að lóðir, sérstaklega í Reykjavík, hafa hækkað mjög í verði á síðustu árum. En þessar tölur eru samt ekki ábyggilegar. Verðskrárnar sýna, hvað peningarnir eru breytilegir, og því er ekki mikið að marka verðhækkun, sem einungis er miðuð við krónur. Mér er nær að halda, að í uppvexti mínum hafi meðalalin í Skagafjarðarsýslu verið liðlega 50 aurar. Fyrir stríð var meðalalin alltaf fyrir neðan 70 aura. En nú sé ég í Árbók hagstofunnar, að meðalalinin fyrir allt landið hefir eitt ár komizt upp í 2 kr., en mun nú vera um 1,50 kr. Á þessu sést, að verðhækkun, miðuð við krónutöluna eina, er mjög villandi.

Umr. frestað.

Á 70., 71. og 73. fundi í Nd., 9., 10. og 12. maí, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

21. Stóríbúðaskattur.

Á 26. fundi í Nd., 11. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um stóríbúðaskatt (þmfrv., A. 152).

Á 29. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 31. fundi í Nd., 17. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Jónas Þorbergsson): Frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 152, er nú hvorki langt né flókið; það liggur svo ljóst fyrir, að ég sé ekki ástæðu til að halda langa framsöguræðu. Ég vil þó geta þess, að tilgangur þessa frv. er ekki aðallega sá, eins og í fljótu bragði kann að virðast, að það sé til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð, heldur, ef vera mætti, að koma til leiðar betri og hagnýtari notkun húsnæðis hér í bænum en nú á sér stað.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að hér í bænum eru mikil húsnæðisvandræði, en hinsvegar mikið húsnæði, sem víst er um, að ekki er hagnýtt eins og skyldi. Og það eru nokkrar líkur til þess, að skattur sá, sem hér er ætlazt til, að greiða skuli af þessu húsnæði, mætti e. t. v. stuðla að því, að það yrði notað á hagnýtari hátt og mundi leiða til betri notkunar þess.

Ég vil taka það fram, að lágmarksupphæðin í 1. gr. frv. er ekki nein óhagganleg tala. Það má vera, að það sé of lágt, og er það þá hlutverk n. að meta það, hvort þetta lágmark er hæfilega og sanngjarnlega sett, og færa það til betri vegar, ef hún álítur, að svo sé ekki.

Ég legg svo til, að frv. verði að umr. lokinni vísað til fjhn.

Héðinn Valdimarsson: Það er ekki í fyrsta sinni, sem frv., sem borin hafa verið fram af Alþýðuflokknum, eru tekin upp af Framsóknarflokknum, breytt eitthvað, og oftast til hins verra, og borin svo fram í allt öðru skyni heldur en ætlazt var til upphaflega. Það eru nú hvorki meira né minna en 3 frv., sem þessi armi Framsóknarflokkur hefir tekið upp úr frv., sem við þm. Alþýðuflokksins fluttum hér á fyrra þingi, og ber þau nú fram, eftir að hafa snúið þeim upp í tekjuöflunarfrv. fyrir ríkissjóð.

Þessi málaþjófnaður er orðinn svo algengur, að það veitti ekki af, að við Alþýðuflokksmenn létum, þegar við flytjum frv., prenta á þau: Öll réttindi áskilin. — Við komum í fyrra með þetta frv. sem einn hluta af kreppufrv. því, sem við fluttum, þar sem við lögðum til, að til atvinnubóta væri lagður á háleiguskattur og stóríbúðaskattur. En eins og flm. koma nú með þetta frv., eiga tekjurnar af þessum skatti að renna til almennra ríkissjóðsþarfa. Og þá er allt öðru máli að gegna um það, hvort við Alþýðuflokksmenn sjáum okkur fært að fylgja því. Ég vil þó geta þess, að við munum ekki leggjast á móti því, að frv. gangi til n., en munum flytja við það þá brtt., að tekjur af því renni einungis til að byggja verkamannabústaði í kaupstöðum. Því til hvers annars væri þeim betur varið en að reisa fyrir þær íbúðir fyrir fátækari hluta íbúa í bæjunum? Það er sanngjarnt, en engin ástæða til að fara að taka þennan skatt af kaupstaðabúum og verja honum svo til allt annars, e. t. v. til framkvæmda í sveitunum.

Ólafur Thors: Ég er hlynntur þeirri stefnu, sem kemur fram í þessu frv. Ég er sem sé þeirrar skoðunar, að það sé rétt að ná sem mestum skatti af eyðslu manna. Og því álít ég það réttlátt, að þeir, sem hafa ráð á því og vilja eyða í það að búa í dýrum íbúðum, greiði skatt af þeirri eyðslu. Að þessu leyti er ég samþykkur stefnu þessa frv. En mér þykir þó gengið of langt í þeim till., sem felast í frv. Hinsvegar er ég sannfærður um það, að það er mesti misskilningur hjá hv. flm., ef þeir halda, að þetta frv. verði til þess að lækka húsaleigu í bænum. Það er augljós sannleikur, sem allir hv. þdm. vita, að flestir þeirra manna, sem búa einir í húsum sínum og þessi skattur mundi lenda á og löggjöf þessi er miðuð við, hafa ráðizt í að byggja þessi dýru hús af því að þeir hafa ætlað sér þau fríðindi að verða einir í þeim. Og þessi hús eru flest þannig byggð, að það mun vera mjög erfitt að leigja út af þeim, svo nokkru nemi. Það er þannig mesti misskilningur hjá hv. flm., að þó þessi skattur yrði lögfestur,

mundi af honum leiða það, að þessir menn færu að reyna að leigja út meira eða minna af þeim húsum, sem þeir búa í. En hitt er sannfæring mín, að þessi skattur kæmi til með að leiða til þess að draga úr viðleitni manna til að byggja sér slík hús. En það, að menn hafa ráðizt í slíkar húsabyggingar, hefir þó orðið til að draga mikið úr húsnæðisleysinu hér í Rvík.

Þegar ég því játa, að stefna frv. að því er snertir tekjuöflun fyrir ríkissjóð sé rétt, en ég hinsvegar er sannfærður um, að a. m. k. í bili muni afleiðingar þess að öðru leyti verða í framkvæmdinni þveröfugar við þann tilgang í húsnæðismálinu, sem lýst er í grg., sem sé að auka húsnæði í bænum, þá get ég ekki fylgt frv. Ég vil benda hv. flm. á það, að um langt undanfarið skeið hefir það verið aðalvopn Tímans og Framsóknarflokksins á andstöðuflokkana, að þeir hafi ekki gert neitt sérstakt til að ráða bót á dýrtíðinni í Rvík. Þetta er náttúrlega vitlaust út af fyrir sig. En sleppum því. Framsóknarflokkurinn heldur þessu fram, og þar með, að af öllu illu, sem hér sé, sé hin háa húsaleiga allra verst. En svo til þess að ráða bót á dýrtíðinni í Rvík, eru hér á dagskrá í dag 2 frv. frá Framsóknarflokksmönnum, sem bæði miða að því að draga úr byggingum, hækka húsaleiguna og auka dýrtíðina frekar.

Ég þykist nú vita, að það sé skilningsskortur, sem veldur þessu, og ég vil gera mér von um, að öll sú umhyggja, sem kemur fram hér frá framsóknarmönnum í húsnæðismálum Rvíkur, verði til þess, að sumir þeirra muni nú láta sér segjast. Og ég vil vona, að nú, þegar ríður á, að hvatt sé til aukinna bygginga í bænum, en ekki dregið úr þeim á neinn hátt með aðgerðum hins opinbera, þá sjái flokksmenn þessara hv. flm. sér ekki fært að lögfesta þetta frv.

Flm. (Jónas Þorbergsson): Hv. 3. þm. Reykv. lét þess getið, að þetta væri ekki í fyrsta sinni, sem við framsóknarmenn værum að hnupla málum frá þeim jafnaðarmönnunum og gera að okkar eigin málum. Hann gat þess um leið, að þeir mundu grípa til þess ráðs að prenta á frv. sín orðin: „Öll réttindi áskilin". (HV: Það veitir ekki af því). Ég vænti þess, að hv. 3. þm. Reykv. sé svo þroskaður maður og að honum sé fyrst og fremst svo annt um þau málefni, sem um er að ræða, að hann taki það ekki nærri sér, þó aðrir taki sér fyrir hendur að bera málin fram, ef þá er borgnara, að náð verði því takmarki, sem þau stefna að. Því þó Alþýðuflokkurinn hafi á sumarþinginu borið fram frv., sem var þannig vaxið, að það náði ekki hylli, a. m. k. ekki innan þingsins. — (HV: En utan þings?). Hitt, um vinsældir þess utan þings, kemur í ljós í næstu kosningum, og jafnframt hvað þeir jafnaðarmennirnir hafa grætt á þingsetu sinni síðan þeir biðu síðasta ósigur. — En eins og ég sagði, þá náði þetta frv. þeirra engri tiltrú. Og þó þeir eigi góðar hugmyndir í þessu kreppufrv., sem vert er að taka til greina og teknar út úr frv. gátu orðið þannig, að hægt væri að vekja með þeim samúð, þá mega þeir vera þakklátir fyrir, að aðrir skapa þeim hugmyndum þá tiltrú, sem þeir eru ekki megnugir að skapa sjálfir. Og það eru auðvitað öfgar, að þó Alþýðuflokksmönnum takist að hrúga saman góðum hugmyndum í eina kös í stóru frv., og láta svo prenta á það: „Öll réttindi áskilin", þá séu þeir þar með búnir að lögfesta, að þeir eigi einkarétt á þeim hugmyndum. Ég veit ekki betur en að allir borgarar landsins eigi fullan rétt á að notfæra sér þær hugmyndir, sem fram koma, svo það eru ekki miklar líkur til, að þetta bann Alþýðuflokksmanna yrði virt mikils. (HV: Þetta er kenning Jónasar Þorbergssonar í Tímanum).

Annað var ekki þess vert að svara í ræðu hv. 3. þm. Reykv. Hann gat þess að vísu, að það væri eðlilegt, að þessum skatti yrði varið í einhæfu augnamiði, til þess að byggja verkamannabústaði. En það er mikill vafi, að það sé rétt hjá hv. þm., að þetta sé sú rétta leið. Sú almenna þróun í landinu er borin uppi af almennu samstarfi þjóðarinnar, og það er því eðlilegt, að þeir skattar, sem koma sem afleiðing af þesskonar þróun, renni í ríkissjóð. Þetta er hin almenna regla. En á síðustu árum hefir nokkuð brytt á þeirri stefnu að binda tekjur ríkissjóðs við viss fyrirtæki. En það er þó ýmislegt

varhugavert við þá stefnu. Ennfremur má benda á það, að þótt ekki sé í frv. gert ráð fyrir, að skatturinn gangi til að byggja verkamannabústaði, þá miðar hann þó til þess, að þeir, sem búa við þröngan kost, fái fremur en ella úrlausn í því efni, með því að það er gert ráð fyrir, að þetta losi eitthvað af húsnæði, sem er að óþörfu í notkun annara borgara í bænum.

Ég þarf litlu að svara hv. þm. G.-K. Mér þótti vænt um að fá þá yfirlýsingu frá honum, að hann gæti fallizt á og væri samþykkur aðalstefnu frv., þó hann hinsvegar hafi ótrú á, að það nái tilgangi sínum, þeim aðaltilgangi að bæta úr húsnæðisvandræðum í bænum, þar sem hann heldur, að það muni verða til að hækka húsaleiguna, af því að það muni draga úr byggingum. Mér skilst, að frv. muni ekki hafa mikil áhrif í þá átt að draga úr framkvæmdum þjóðarinnar. Það miðar aðeins að því að jafna húsnæði milli manna, ef það getur orðið til þess. Það má e. t. v. segja, að það muni draga úr byggingum, en það má þá eins vel segja, að það dragi líka úr þörfinni fyrir byggingar fyrir verkamenn í Rvík, þar sem þetta frv. miðar að því, ef svo má verða, að þeir, sem hafa meira húsnæði en þeir nauðsynlega þurfa, sæju sér hag í því að láta nokkuð af því af hendi til þeirra, sem er í mestum vandræðum með húsnæði; en það eru aðallega verkamenn bæjanna.

Haraldur Guðmundsson: Því fer mjög fjarri, að ég harmi það, að stjórnarflokkurinn hnupli frv. frá okkur Alþýðuflokksmönnum. Þetta er blátt áfram mjög eðlilegt, og liggja til þess margar orsakir. Ein er t. d. sú, að fyrir liggur tveggja ára gömul yfirlýsing frá hv. Framsóknarflokki um að öllum áhugamálum hans sé nú lokið. Og þá er ekki nema eðlilegt, að hann þurfi að fá eitthvað af málum lánað, og ég kann því ekki illa, að þá sé fremur komið til okkar og fengin okkar mál til að bera fram heldur en mál hins andstöðuflokksins, sem við getum ekki fellt okkur við. Hitt er mér náttúrlega miklu verr við, að þegar frv. okkar eru tekin og borin fram, þá sé þeim breytt til verri vegar, og það svo mjög, að stundum er ekki eftir annað óspjallað en nafnið eitt.

Ég get nú ekki sagt, að þetta eigi við þetta frv., sem hér liggur fyrir, nema að nokkru leyti. Þó er þetta frv. miklum mun lakara á allan hátt en kafli sá úr kreppufrv. okkar jafnaðarmanna, sem flm. hafa hnuplað. Ég hefi dálítið gaman af því, að hv. framsóknarmenn skuli nú gerast til þess að fá að láni úr þessu kreppufrv. okkar, sem hæstv. fjmrh. þrásinnis hefir reynt að gera gys að, en fær nú flokksmenn sína til að tína upp úr í þeim tilgangi að reyna örlítið að punta upp á fjárhaginn. Hafi verið vansmíði á kreppufrv., þá eru þó miklu meiri missmíði á þessu lánsfé.

Í okkar frv. var ekki ætlazt til, að skattur væri lagður á þær íbúðir, sem metnar eru hærra en 20 þús. kr. Hér er þetta lækkað ofan í 18 þús. kr., og finnst mér, að ekki hafi verið ástæða til að breyta þessu á þann veg. Í öðru lagi — og það skiptir meira máli — var þessi skattur eftir okkar frv. kreppuráðstöfun aðeins, og var gert ráð fyrir, að hún gilti einungis um 2 ár. En hér í þessu frv. er lagt til, að lögfestur verði skattur, sem vari um tíma og eilífð, eða a. m. k. svo lengi sem núv. hv. stjórnarflokkur hefir ráð á að halda honum í lögum. (**ÓTh:** Það verður nú varla um tíma og eilífð). Ja, a. m. k. kemst ekki flokkur hv. þm. G.-K. til valda aftur. En annars gefur þetta innskot hv. þm. mér tilefni til að minnast á annað í þessu sambandi, sem sé mál, sem Íhaldsflokkurinn hefir nú lagt mikla áherzlu á í 2½ þing, þegar þetta er með talið. Hann hefir gengið mjög vel fram í því að reyna að skreyta sig með fjöðrum, sem hann hefir fengið að láni frá okkur, hann hefir tekið upp kröfur Alþýðuflokksins um jafnan rétt allra kjósenda og stjórnmálaskoðana, um 21 árs kosningaaldur og rétt fátæklinga. Ég man það þó, að Íhaldsfl. var ekki vel við að færa aldurstakmarkið til kosningarréttar niður í 21 ár. Hann mátti ekki heyra það nefnt. En nú hefir hann tekið upp harða baráttu fyrir þessu, og þeir eru svo montnir af þessu íhaldsmennirnir, að þeir vita ekki, hvorum fætinum þeir eiga að stíga niður, hoppa upp og kunna sér ekki læti fyrir frjálslyndismonti. Ég

man það líka, að þeir ætluðu af göflunum að ganga yfir því, að við vildum veita þeim mönnum kosningarrétt, sem þegið höfðu fátækrastyrk. Þeir sögðu, að 90% af mönnum mundu hætta að vinna og lifa á fátækrastyrk, ef þetta yrði samþ. En nú þykir þeim þetta sjálfsagt. Ég man ennfremur, að þeim var svo illa við breytingu á kjördæmaskipuninni, að á þingi 1930 stóð form. flokksins upp við umr. um till. frá okkur jafnaðarmönnum um það mál í Sþ. og andmælti því, að farið væri að taka upp hlutfallskosningar eða uppbótarsæti. Nú er þetta þeim hið mesta hjartans áhugamál. Ég vona, að þeir standi nú við orð sín, þau hin síðari, og ég vona, að þeir haldi áfram að „hnupla" okkar áhugamálum, fá lánaðar skrautfjaðrir hjá okkur. Því það er nú svo með okkur, eins lítinn flokk og við erum ennþá, jafnaðarmenn, að hann á ekki annars kost en að bera fram sín mál og sínar hugsjónir með festu og vinna að því að gera þær vinsælar með þjóðinni. Þegar svo við höfum unnið nægilega mikinn hluta þjóðarinnar til fylgis við áhugamál okkar og hugsjónir, þora hinir stærri flokkarnir ekki annað en að taka málin upp, gera þau að sínum málum, af ótta við það, að ella snúi kjósendur baki við þeim. Að íhaldsmenn skreyta sig nú með lánuðum frjálslyndisfjöðrum er ágætur vottur um stórkostlegan árangur af starfi okkar Alþýðuflokksmanna og áhrifum kenninga þeirra, sem við flytjum. Ég vil gjarnan fá framhald á þessu og óska, að stóru flokkarnir hér haldi áfram að „hnupla" áhugamálum okkar og koma þeim í framkvæmd, en þá að sjálfsögðu óbreyttum, en ekki eins og átt hefir sér stað með frv. þetta, að breyta meginatriðum þess til hins verra. Við hugsuðum okkur stóríbúðaskattinn sem kreppuráðstöfun og til húsnæðisbóta, að tekjum þeim, er hann gæfi, yrði varið til þess að byggja verkamannabústaði. Það er venja erlendis að nota það fé, sem fæst á þennan hátt, til þess að bæta húsakynni þeirra, er eiga við vondan húsakost að búa.

Út af þeim ummælum hv. þm. G.-K., að slíkur skattur sem þessi yrði til þess að draga úr byggingum, vil ég taka það fram, að ég tel ekki óhugsandi, að svo gæti farið. Var því í frv. okkar jafnaðarmanna ákvæði, sem sá við því, þar sem lagt var til, að það, sem byggt væri þau tvö ár, sem skattinum var ætlað að standa, skyldi vera skattfrjálst. Eins og hv. 3. þm. Reykv. tók fram, munum við jafnaðarmenn flytja brtt. við frv. þetta við 2. umr., og er afstaða okkar til frv. undir því komin, hvernig þeim reiðir af.

Einar Arnórsson: Mér hefir þótt gaman og að sumu leyti fróðlegt að hlýða á sennu hv. flm. frv. og hinna tveggja kommúnista, er hér hafa tekið til máls. Það var nógu gaman að heyra þá lýsa sökum á hendur Framsókn og Íhaldinu, sem þeir kölluðu. Hv. þm. Seyðf. tók skynsamlegar á málunum heldur en hv. 3. þm. Reykv., þar sem hann sagði hreinan og beinan sannleikann, að flokkur þeirra væri svo magnlítill, að hann kæmi engu af áhugamálum sínum fram. Hefði svo litla tiltrú hjá landsmönnum. Að hv. þm. Seyðf. skyldi halda þessu fram, er sökum þess, að hann er greindur maður á blettum, og getur því stundum greint skil á réttu og röngu. (**ÓTh:** Þetta er oflof). Það má vel vera, en þetta, sem hann nú sagði, ber þó vott um greind hjá honum. Þó að hv. jafnaðarmenn finni börn sín hjá vinum sínum, framsóknarmönnunum, skiptir engu máli. Það fer sennilega vel um þau þar. Er það því mjög á annan veg en fyrir þeim mönnum, sem missa börn sín í hendur bófa og illmenna.

Svo ég snúi mér að frv. sjálfu, þá held ég, að það sé rétt, sem kommúnistarnir héldu fram, að upphæð sú, 18 þús. kr., sem miðað er við fyrir 5 manna heimili, sé of lág, því að það mun ekki ætlun flm. að útiloka það, að menn byggi sæmilegar íbúðir fyrir sig. Vænti ég því, að þeir geti fallizt á brtt. til lagfæringar á þessu. Annars var það ánægjulegt að heyra báða kommúnistana, sem töluðu, vera á sama máli og ég er í þessu efni. Þeir skilja nú orðið glöggt sjálfir, hvar skórinn kreppir í þessum hlutum, þar sem þeir eiga skrautlegar hallir og reynslan hefir sýnt, að óhæfilegt er að gjalda skatt af íbúðum, sem í raun réttri gera ekki meira en fullnægja almennum heilbrigðiskröfum og menningar.

Eftir því, sem byggingarkostnaður er

hér í Rvík, þá eru það ekki góðar íbúðir, sem ekki fara fram úr 18 þús. kr. með lóðarverði. Menn byggja hér alls ekki góð hús fyrir 18 þús. kr., ef þeir þurfa að kaupa lóðina með. Mér skilst nú, að lög þessi eigi að ná til alls landsins, en þá ber þess að gæta, að byggingarkostnaður er eigi alstaðar hinn sami á landinu. Ég þori t. d. að fullyrða, að hús, sem hægt er að byggja fyrir 18 þús. kr. á Akureyri, myndi kosta nær 30 þús. hér í Rvík. Það er því auðsætt, að úti á landi er hægt að byggja lúksusíbúðir, sem þessi skattur næði ekki til, sem þó myndi lenda skattur á, ef þær væru hér. Þetta vil ég biðja þá hv. n., sem mál þetta fær til meðferðar, að athuga.

Þá held ég, að hv. flm. hafi tekið nokkuð léttum tökum á sumum fyrirmælum frv. Í 3. gr. stendur t. d.: „Stóríbúðaskattur samkv. lögum þessum skal ákveðinn af skattstofunni í Reykjavík og af skattanefndum annarsstaðar á landinu". — Ég geri ráð fyrir, að það verði töluvert margbrotið verk að ákveða þennan skatt. Að vísu er það ekki margbrotið þar, sem einn maður býr í sama húsinu, en þar, sem eigandinn býr ekki aðeins sjálfur í húsinu, heldur margir fleiri, þar hlýtur það að verða margbrotið. Til þess að ákveða þennan skatt þar, sem svo stendur á, fæ ég ekki annað séð en að rannsaka þurfi hverja íbúð. Fasteignamat hússins nægir alls ekki í því tilfelli. Það þarf að meta hverja íbúð út af fyrir sig. Ef t. d. A B og C búa í sama húsinu, getur íbúðunum verið skipt þannig á milli þeirra, að ein íbúðin sé skattfrjáls, en hinar falli undir skattinn. Ég geri nú fullkomlega ráð fyrir, að rannsóknir þær, sem óumflýjanlegar myndu verða til þess að hægt yrði að framkvæma ákvæði þessara laga, myndu hafa mikinn kostnað í för með sér. Er mér því m. a. s. ekki grunlaust, að hann myndi verða svo mikill, að hann hyggi allverulegt skarð í tekjurnar af frv., þar sem varla er vitanlegt um eitt einasta hús fyrirfram, hvaða skattur ætti að greiðast af því.

Þá eru nýmæli í 4. gr. frv., að húseigendur skuli vera ábyrgir fyrir skattgreiðslu leigjenda sinna. Það er að vísu til í lögum fyrirmæli um það, að húsbændur greiði gjöld fyrir hjú sín, en það mun ekki vera nema ellistyrktarsjóðsgjald og kirkjugjald, sem hvorttveggja eru mjög lágar upphæðir, og húsbændunum er innan handar að halda því eftir af kaupi þeirra. Ég vil nú spyrja: Hvers vegna eiga húseigendur frekar að vera ábyrgir fyrir þessum skatti leigjenda sinna heldur en öðrum sköttum, t. d. tekju- og eignarskatti? Hér getur verið um stóra upphæð að ræða, sem þeir beinlínis eigi erfitt með að greiða. Ég fyrir mitt leyti tel þetta háskalegt og ekki í samræmi við nein skattalög. Það á kannske að bæta úr, að skatturinn á ekki að greiðast fyrr en eftir á, en ég tel það litla bót. Leigusali á undir högg að sækja hjá leigutaka með að ná skattinum, og standi leigutaki í vanskilum með húsaleiguna, tapar leigusali ekki aðeins henni, heldur verður hann að greiða skattinn í ofanálag.

Að síðustu vil ég beina því til hv. n., sem málið fær til meðferðar, hvort ekki sé ástæða til þess að taka öll þessi atriði, sem ég hefi bent á, til rækilegrar athugunar.

Ólafur Thors: Mér þótti vænt um að heyra játningu hv. flm., að það væri rétt hjá mér, að frv. þetta, ef að lögum yrði, gæti orðið til þess að draga úr byggingum, en hann bætti því við, að það myndi einnig draga úr þörfinni fyrir byggingar.

Hið fyrra er rétt hjá hv. flm., en hið síðara rangt, því að eins og ég benti á, er ekki hægt að setja lagafyrirmæli um það, að þeir, sem hafa stórar íbúðir, skuli minnka við sig. Húsunum er mörgum þannig fyrir komið, að það er beinlínis ekki hægt að leigja þau út.

Ég tel það mikilsvert atriði, að hv. 1. flm. skyldi játa, að frv. gæti orðið til þess að draga úr byggingum. Mér er því óskiljanlegt, að hann, sem viðurkennir þörfina á auknum byggingum, skuli bera fram frv., sem dregur úr þeim.

Hv. flm. sagði, að ég hefði talið mig samþykkan stefnu frv., en það er ekki rétt. Ég sagðist vera fylgjandi þeirri stefnu, að ríkið aflaði sem mest tekna með sköttum af eyðslu manna, en ég er fyrst og fremst á móti frv. af því, að ég er á móti því að veita núv. stj. nýja tekjustofna, og í öðru lagi af því, að mér

er það ljóst, að það mun draga úr byggingum og verða að því leyti til þess að hækka húsaleigu og auka dýrtíðina, en í þriðja lagi er ég á móti því af því, að því er beinlínis stefnt á Rvík eina. Ég tel því ástæðu til þess að athuga, hvort ekki sé rétt að geyma þennan tekjustofn bænum til handa.

Ég ætla ekki að fjölyrða um ræðu hv. þm. Seyðf. Það fór fyrir honum í síðustu ræðu hans eins og fyrr. Hann ætlaði að hnýta í Framsókn, en sá ekkert nema Sjálfstæðisflokkinn og réðist að honum með offorsi. En það vil ég segja þessum hv. þm., að hann þarf ekki að hvessa augun á mig. Ég hefi ekki „stolið" till. hans um kosningarrétt sveitarlimanna. Ég veit ekki betur en ég hafi frá því fyrsta, er ég kom á þing, verið því fylgjandi að fella niður þau ákvæði 29. gr. stjskr., sem svipta þá menn kosningarrétti, sem þegið hafa sveitarstyrk. Ég hefi bæði talað með því og greitt með því atkv. Hv. þm. þarf ekki heldur að bera mér á brýn, að ég hafi hnuplað frá honum till. um það, að atkvæðisréttur allra kjósenda í landinu skuli vera jafn. Ég hefi alltaf fylgt því. Í einu orði sagt, hann þarf ekki að búast við því að finna nokkurn af sínum krógum í mínu bæli. En hitt þarf engan að undra, þótt einhver þeirra finnist í bæli Framsóknar eftir 5 ára hjónaband.

Flm. (Jónas Þorbergsson): Hv. þm. Seyðf. var mjög glaður yfir hugarfarsbreytingu sjálfstæðismanna í kjördæmamálinu. En hversu glaðir mega þeir þá ekki vera aftur yfir hugarfarsbreytingu Alþýðuflokksmanna að því er snertir afstöðu þeirra til eignarréttarins, því að harðvítugri vörn fyrir eignarréttinum getur varla en þeir hafa háð hér í dag. Þeir hafa tileinkað sér hugsanir manna, hvað þá annað, og er þá lengra gengið en ég og aðrir hv. dm. munu telja sæmilegt.

Hv. 2. þm. Reykv. fór út í einstök atriði málsins. Honum þótti t. d. upphæð sú, sem skatturinn er miðaður við, of lág. En eins og ég gat um í framsöguræðu minni, get ég vel fallizt á, að svo sé. Við flm. leggjum enga megináherzlu á, hvar takmörk upphæðarinnar eru sett. Það teljum við hlutverk n. þeirrar, er málið fær til meðferðar, að athuga. Það, sem við leggjum aðaláherzluna á, er það, að frv. megi verða sem sanngjarnast og réttlátast fyrir hagsmuni þjóðarinnar.

Að því er snertir ákvæði 3. gr. frv., um að skattstofan í Rvík skuli ákveða skattinn, vil ég taka það fram, að okkur flm. virtist það það réttasta, en jafnframt er gert ráð fyrir, að fjmrn. setji reglugerð um allt það, er varðar framkvæmd álagningarinnar.

Annars sé ég ekki ástæðu til að ræða mikið um einstök atriði frv. á þessu stigi. Ég býst við, að n., sem fær það til meðferðar, athugi það eins vel og hún hefir tök á og færi það til betri vegar, því mér dettur ekki í hug að halda því fram, að í því geti ekki verið einhver atriði, sem betur mættu fara.

Umr. frestað.

Á 32. fundi í Nd., næsta dag, var fram haldið 1. umr. um frv.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Það hefir í raun og veru verið tekið fram flest það, er segja þarf um frv. Er því ekki þörf á langri ræðu. En ég verð þó að segja það, að mig undrar það, að þessir menn, sem ganga leitandi og þefandi að efni í skattstofn fyrir ríkið, skuli ekki enn hafa komið auga á ýms önnur gæði, sem mönnum eru þó veitt. T. d. þetta einmuna góða tíðarfar. Það mætti setja vissan skatt fyrir hvern dag, sem menn fá að hreyfa sig úti í þessu dásamlega veðri. Það væri ekki ósanngjarnara eða vitlausara en sumt annað, sem fram er borið. Annars fer þessi eltingarleikur að nálgast það að vera hlægilegur. Ef sú regla er upp tekin að líta á öll lífsins þægindi ekki sem menningarvott, heldur sem skattstofn, þá má vissulega ganga langt í því. Ég er að vísu sammála hv. þm. G.-K. um það, að ekki sé nein fjarstæða að leggja skatt á mjög stórar íbúðir, ef um þær væri að ræða. Ef maður á og notar hús, sem kostar 70—100 þús. kr. eða e. t. v. meira, einungis fyrir fjölskyldu sína, þá væri rétt að skattleggja slíkt, ef reglur um það væru komnar í ákveðið kerfi. Það er skoðun mín, að miklu réttara sé að leggja á mikla eyðslu heldur en á miklar tekjur. Það er engin ástæða til að draga úr við-

leitni manna til að eignast eitthvað, því tekjur slíkra manna koma þjóðarheildinni jafnan á einhvern hátt til góða. En á mikla eyðslu er ávallt miklu réttara að leggja, og þá einnig á óhófsíbúðir sem annað. En það er hið argasta rangnefni og blekking að kalla þetta frv. frv. um stóríbúðaskatt, þar sem miðað er við aðeins 18 þús. kr. hámark á skattfrjálsri íbúð. Hér er aðeins miðað við hið allra minnsta, sem hægt er að komast af með. Það er menningarmál, ekki síður en heilbrigðismál hverrar þjóðar að geta veitt sér góðar íbúðir. Það blátt áfram mannar fólkið að búa í góðum húsakynnum. En þetta frv. fer alveg í gagnstæða átt. Það þrengir mönnum til þess að láta sér nægja lélegar íbúðir og getur því kallast reglulegt skrælingjafrv.

Hér í Rvík kostar sómasamleg íbúð fyrir fjölskyldumann 30—35 þús. kr. Og *ég vil ekki skattleggja þá menn, sem geta veitt sér slíkar íbúðir*, og tel þær engan óþarfa. Ég tel það engan óþarfa, þó hver meðlimur fjölskyldunnar hafi herbergi fyrir sig. A. m. k. mætti þó gera þá kröfu, að piltar væru sér og stúlkur sér. Að allt heimilisfólk eigi að láta sér nægja eitt svefnherbergi, er hreinasti skrælingjabragur. Mig undrar, að menn skuli vilja koma með till., er stuðlar að slíku.

Frv. villir því á sér heimildir. Það talar um *stóríbúðir, en er bara tilraun til þess* að neyða menn til að búa í svo litlum íbúðum, að teljast mega alveg óviðunandi fyrir stærri fjölskyldur.

En það er annað um tilgang frv., sem ég hefi að athuga við. Það skín að vísu ekki beint út úr frv. sjálfu, en það kom glöggt fram í ræðu hv. flm. Hann sagði, að þetta væri ekki borið fram sem tekjuaukafrv. Það var þó hið eina, sem gat verið skynsamlegur tilgangur þess. En hv. flm. lagði áherzlu á, að þetta frv. ætti að vera til að bæta úr húsnæðisvandræðunum hér í bæ. Það vantar nú sannarlega ekki frv. um þessi efni. En það gengur eins og rauður þráður gegnum þau öll, að þau beinlínis fæla menn frá að byggja, og það gera þau með því að leggja aukna skatta á húsin. Það er hreinasta hugsunarvilla, að þetta verði til þess að skipta íbúðunum í sundur. Það gæti að vísu orðið til þess, að eitthvað losnaði af einbýlisherbergjum, en á þeim er enginn skattur. Vegna kreppunnar er nú meira framboð en eftirspurn á þeim. Þetta hljóta þessir hv. flm. að vita, ef þessi skattgræðgi hefir ekki hlaupið svo í heilann á þeim, að þeir séu beinlínis orðnir vitlausir. Ef ég t. d. hefi 4 herbergi og eitt eldhús, hvernig á ég þá að skipta því í tvær fjölskylduíbúðir? Húsin eru þannig byggð, að það er ekki hægt að setja í þau eldhús hvar sem er. En vera má, að hv. flm. hafi sýnar fyrirmyndir frá Rússlandi, þar sem hver fjölskylda hefir aðeins eitt herbergi til umráða. Með því að taka það til fyrirmyndar, þá mætti kannske koma 5 fjölskyldum fyrir þar, sem er sæmileg íbúð fyrir eina fjölskyldu nú. Ég veit hreint ekki, hvernig hv. flm. hugsar sér, að þetta frv. bæti úr húsnæðisvandræðunum, nema því aðeins, að hann gangi með einhverja slíka hugsun. Það er *því hugsunarvilla, að hægt sé að skipta* sundur íbúðum, en afleiðingarnar verða aðrar. Skatturinn hlýtur að hækka leiguna á íbúðunum. En aðalafleiðingin verður þó sú, að draga úr byggingum.

Hv. 2. þm. Reykv. hefir glögglega sýnt, hvað húseigendur hér mundu eiga við að búa í sköttum, en auk þess eiga þeir að ábyrgjast skattinn hjá leigjendum sínum. Gæti þá farið svo, enda þótt leigjendur stæðu ekki í skilum með húsaleigu, að *húseigendur yrðu að borga skattinn fyrir* þá. Upp á slík býti mundi enginn vilja byggja hús, nema þá með svo litlum íbúðum, að hættulaust gæti talizt, að þær kæmust undir skatt.

Það er lagt til, að skatturinn hvíli sem lögveð á húsinu. Það sést þó ekki, hvort hann á að ganga á undan 1. veðrétti til veðdeildar. Ef svo er, þá verða húsin óveðhæf fyrir slíkum lánum. Það dregur enn úr byggingum, ef hlaðið er lögveðum á húsin, sem ganga eiga fyrir 1. veðrétti. Veðdeild getur því ekki lánað út á húsin, nema ákvæði komi í frv., að þetta lögveð komi á eftir 1. veðrétti. Ekki verður heldur hægt að byggja svo, að tryggt sé, að íbúðirnar komi ekki undir ákvæði þessara laga. Það fer eftir fasteignamati í hvert sinn. Og þó virðing á íbúðum sé fyrir neðan hámark hinna skattfrjálsu íbúða þegar byggt er, þá er ekki víst, að svo verði síðar. Og þótt

þetta hámark sé sett nú, þá er viðbúið, að skattaþefarar síðari tíma fari fram á, að það verði lækkað, og fái því framgengt. — Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta. Vegna þess, hvað mér finnst frv. mikil fjarstæða, mun ég greiða atkv. gegn því þegar við þessa umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14:3 atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Fram kom brtt. við frv., á þskj. 213, en nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

22. Háleiguskattur.

Á 26. fundi í Nd., 11. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um háleiguskatt (þmfrv., A. 153).

Á 29. og 31. fundi í Nd., 15. og 17. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 32. fundi í Nd., 18. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Steingrímur Steinþórsson): Ég hefi leyft mér ásamt þremur öðrum hv. þm. að bera þetta frv. fram. Á þessu stigi málsins ætla ég ekki að segja um það nema örfá orð.

Eins og allir vita, hafa fasteignir hækkað úr hófi fram á síðustu tímum, og þessi almenna verðhækkun fasteigna hefir kreppt meira að öllum almenningi en flestir aðrir þættir þeirrar miklu dýrtíðar, sem menn eiga nú við að búa. Það er í raun og veru svo, að atvinnurekendum er það til alveg eins mikils skaðræðis, að verð á fasteignum sé of hátt eins og bóndanum eða útgerðarmanninum að þurfa að kaupa tæki til atvinnurekstrar síns of dýru verði.

Ég lít svo á, að almennur verðhækkunarskattur sé sjálfsagður til þess að hafa áhrif á þá óeðlilegu verðhækkun, sem iðulega á sér stað, — ekki svo mjög til að fá þessar tekjur, heldur fyrst og fremst til að halda fasteignum í hæfilegu verði, vera hemill á þeirri óeðlilegu verðhækkun, sem oft á sér stað um fasteignir og sem oft stafar af braski einstakra manna; veldur það öllum almenningi miklu tjóni, en kemur bröskurunum einum að gagni. Út í þetta mál ætla ég ekki að fara nánar nú, en það er þó náskylt því máli, sem hér er til umræðu.

Það hefir farið svo um þessa hækkun fasteigna, að mörg gömul hús, bæði í Reykjavík og öðrum kaupstöðum hér á landi, hafa verið leigð gegn óhæfilega hárri leigu, og þá einkum þau hús, sem hafa verið í eign sama manns frá því 1914, þegar verðhækkunin byrjaði. Slík hús hafa verið leigð svo hátt, að eins árs leiga hefir jafnvel numið því upphaflega verði hússins. Hér er því um óhæfilega háa húsaleigu að ræða.

Í þessu sambandi vil ég nefna eitt einstakt dæmi, sem ég þekki, þó að það eitt sanni auðvitað ekkert sem almenna reglu. Ég kom í eitt slíkt hús hér í borginni nú fyrir fáum dögum til lítillar fjölskyldu, sem hafði litla íbúð, og þar var mér sagt, að sú íbúð hefði fyrir stríð verið leigð fyrir 10—12 kr., en nú 70—80 kr. Húsið hafði alltaf verið á sömu hönd, svo að ekki var kaupum og sölu um að kenna. Þar sem slíkur munur verður á húsaleigu að ástæðulausu, þá er auðséð, að leigan er langt úr hófi fram. Dæmi svipuð þessu eru til ekki svo fá. Þetta á að skattleggja; það er enginn minnsti vafi á því, og ekki sízt á tímum eins og nú, þegar margir eiga erfitt uppdráttar. Hér er réttlátur tekjustofn, þar sem svona miklar tekjur fást af eignunum.

Ég lít svo á, að þetta geti haft þau áhrif, að húsaleigan lækki, og það er í mínum augum miklu mikilsverðara en það, að þarna sé hægt að fá nýjan tekjustofn. Vitanlega vilja menn, að hver tekjustofn gefi sem mest. En ég óska þess, að ef einhver háleiguskattur verður lagður á slíkur sem þessi, þá yrði hann til þess, að húsaleigan mætti lækka og tekjur af þessum skattstofni þá um leið litlar.

Íbúðir í gömlu húsunum eru nú oft leigðar fyrir svipað verð og í nýbyggðum húsum, og þó vantar í mörg þeirra öll nýtízku þægindi, svo sem bað og miðstöð. Það er því ekki eingöngu svo, að

eigendur slíkra húsa fái hlutfallslega miklu hærri leigu en þeir, sem leigja út ný hús, heldur er líka húsnæðið oft miklu verra.

Tillögur um slíkan skatt sem þennan hafa áður komið fram. Eins og tekið er fram í grg., var háleiguskatturinn einn liðurinn í frv. jafnaðarmanna á síðasta þingi í sambandi við atvinnukreppuna, og má því vænta þess, að þeir ljái þessu máli fylgi sitt nú. Og þegar húsaleigufrv. var hér til umr., þá sagði hv. 2. þm. Reykv., að sér fyndist rétt að leggja skatt á óhæfilega háa húsaleigu. Þetta bendir til þess, að einnig megi vænta stuðnings frá sjálfstæðismönnum til að koma þessu máli áfram. Það virðist því svo, að menn séu farnir að sjá, að hér má vinna tvennt í einu, fá tekjur í ríkissjóð og svo hitt, sem er aðalatriðið, stuðla að því, að húsaleiga lækki. Áhrif þessa skatts mundu vitanlega einkum koma fram í Reykjavík, nokkuð annarsstaðar á landinu, en auðvitað í miklu smærri stíl.

Ég álít, að á þessu stigi málsins sé ekki ástæða til að ræða einstök atriði frv. Ég vil aðeins taka það fram, að við flm. munum mjög fúsir til að ganga inn á breyt. á einstökum atriðum frv. T. d. skal ég ekkert um það segja, hvort sá skattstigi er réttur, sem stungið er upp á í frv., og geri ég ráð fyrir, að við getum til samkomulags gengið inn á einhverjar breyt. á því.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um frv. á þessu stigi málsins, en ég legg til, að samkv. eðli málsins verði frv. vísað til fjhn. að umr. lokinni.

Haraldur Guðmundsson: Það er sama um þetta frv. að segja og það frv., sem síðast var hér til umr. (frv. um stóríbúðaskatt), að við jafnaðarmenn munum koma með brtt. við 1. gr. frv. um sérstaka ráðstöfun þeirra tekna, sem frv. gerir ráð fyrir, í þá átt, að þær verði notaðar til að bæta úr húsnæðisleysinu og atvinnuleysinu, sem nú er fyrirsjáanlegt, með því að verja þeim til byggingar verkamannabústaða. Afstaða okkar til frv. er komin undir því, hvort sú brtt. nær fram að ganga. Við lítum svo á, að rétt sé að nota slíkan skatt sem þennan og skatt af stóríbúðum til að ráða bót á atvinnuleysinu og húsnæðisvandræðunum. Hér í bæ eru til mörg hús, sem gefa stórkostlegar tekjur, miðað við verð þeirra, og verður ekki annað sagt en að rétt sé að skattleggja slíkar óhæfilega háar tekjur. Í grg. eru dæmi tekin, sem sýna þetta að nokkru, en þó má áreiðanlega finna dæmi, sem stinga ennþá meira í augun.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 63., 66., 67., 70., 71. og 73. fundi í Nd., 29. apríl, 3., 4., 9., 10. og 12. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 153, 214, n. 395).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

23. Eftirlitsmaður með bönkum og sparisjóðum.

Á 26. fundi í Nd., 11. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um afnám laga nr. 48, 20. júní 1923, um eftirlitsmann með bönkum og sparisjóðum (þmfrv., A. 154).

Á 30., 32., 34. og 35. fundi í Nd., 16., 18., 21. og 22. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., 29. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Steingrímur Steinþórsson): Ég hefi leyft mér ásamt hv. 2. þm. Rang. að bera fram frv. þetta á þskj. 154. Ég ætla ekki að fara að hafa langa framsögu að því, en vil aðeins geta þess, að það er borið fram sem einn lítill liður í þeirri viðleitni að draga úr starfsmannahaldi hins opinbera, eins og t. d. frv. um breyt. á áfengislögunum og frv. um breyt. á l. um fræðslumálastjórn o. fl. Þá vil ég einnig benda á í þessu sambandi, að víða að hafa komið óskir um að afnema þetta embætti. Benda þær til þess, að það muni almennt álit úti um land, að embætti þetta hafi ekki komið að þeim notum, sem til var ætlazt í fyrstu.

Ég get vel búizt við, að sú mótbára

komi fram gegn frv. þessu, að það sé ekki til sparnaðar fyrir ríkissjóðinn, þar sem bankar og sparisjóðir landsins greiði launin. En þá er því til að svara, að reynslan hefir orðið sú, að sá hluti launanna, sem greiðast hefir átt af sparisjóðunum, hefir ekki náðst allur inn, og því lent beint á ríkissjóði.

Hvað snertir þann hluta launanna, sem greiðist af bönkunum, þá má segja, að þar sé náið nef augum. Það skiptir í raun og veru ekki svo miklu máli, hvort þeir greiða hann eða ríkissjóður, þar sem svo er komið, að tveir af bönkum landsins eru reknir algerlega á ábyrgð ríkissjóðs, og sá þriðji í raun og veru að mestu leyti einnig.

Sé ég svo ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri, en óska frv. vísað til fjhn. að umr. lokinni.

Ólafur Thors: Það hefir borið allmjög á því nú hin síðari ár, að stjórnarflokkurinn hefir lagt mikla áherzlu á að ná völdum yfir peningamálum landsins. Á þinginu 1928 stóð hörð deila um Landsbankann. Stjórnarflokkurinn bar þá fram breyt. á landsbankalögunum, sem beinlínis voru til þess að ná óskiptum völdum yfir bankanum. Það fór heldur ekkert dult, að breytingarnar voru til þess gerðar, því að hv. 2. þm. Árn., sem er eindreginn Framsóknarflokksmaður, lýsti því yfir á fundi austur í Árnessýslu. Eftir að Framsóknarfl. náði yfirráðum yfir Landsbankanum má segja, að atvikin hafi hagað því svo, að hann fékk einnig yfirráðin yfir öðrum aðalpeningastofnunum landsins, Búnaðarbankanum og Útvegsbankanum. Það lítur því alls ekki vel út, þegar Framsóknarfl. er búinn að ná yfirráðum yfir þessum peningastofnunum með lagafyrirmælum, sem orkar tvímælis, hvort ekki stafar voði af, þá skuli einn af þm. flokksins flytja frv. um að afnema allt eftirlit með þessum stofnunum. Þetta lítur a. m. k. mjög illa út. Ég vil þó ekki segja, að það vaki fyrir hv. flm. með þessu að tryggja það, að Framsóknarfl. geti með meirihlutavaldi ráðið öllu og noti sér yfirráð sín til þess að þjóðin fái sem minnst að vita um þau málefni, sem hana varða.

Hv. flm. færði engin rök fyrir þeirri fullyrðingu sinni, að þetta starf hefði ekki orðið að neinu gagni. Ég veit einmitt, að þegar eitthvað hefir komið fyrir í okkar bankamálum, sem hefir krafizt skjótrar úrlausnar, þá hefir verið kallað til bankaeftirlitsmannsins og heimtaðar af honum skýrslur og hann látinn framkvæma mat. Ríkisstj. hefir því ekki eingöngu séð, að starfið var nauðsynlegt, heldur líka sýnt það í verki, með því að færa sér það í nyt.

En starfssvið þessa manns er miklu stærra en það að líta eftir starfsemi aðalbankanna. Hann hefir líka eftirlit með útibúum þeirra og öllum sparisjóðum í landinu. Ég hygg, að það sé ekki ofmælt, þótt sagt sé, að hann sé gerkunnugur starfsemi allra sparisjóða í landinu.

Það kom ljóslega fram í ræðu hv. flm., að þetta væri ekki borið fram í sparnaðar skyni. Hann tók það fram, eins og rétt var, að afnám þessa starfs væri ekki til sparnaðar fyrir ríkissjóð, heldur þá aðeins fyrir bankana. Vildi hann svo láta n. leita álits þeirra um þetta frv. En ég verð nú að segja það, að það er ekki eðlilegt, að þeir óski frekar eftirlitsmanns heldur en þjófurinn óskar eftir lögreglu. — Með þessari samlíkingu er ég þó ekki að bera þessum mönnum neitt ljótt á brýn. Ég tók hana bara til þess að sýna, að það væri ekki eðlilegt, að þeir óskuðu eftir þessu eftirliti. Þetta starf er sett vegna hagsmuna almennings. Það er til að tryggja og vernda hagsmuni hans, að óháður maður bönkunum viti jafnan um hag þeirra og geti gefið upplýsingar, þegar óskað er eftir því. Ég held því, að engin ástæða sé til þess fyrir hv. deild að samþ. þetta frv. Ef það eitt vakir fyrir hv. flm. að spara, þá er hægt að hitta fyrir verðugri stað. Það mætti t. d. leggja niður útvarpsstjóraembættið og sameina það dyravarðarembættinu þar. Því gegnir nú menntaður maður, Halldór Kiljan Laxness. Ef hv. flm. kemur fram með till. um það, þá mun ég máske taka höndum saman við hann, líkt og sagt er, að ég hafi gert við Héðin Valdimarsson í fyrra.

Flm. (Steingrímur Steinþórsson): Ég þarf ekki langa ræðu til að svara hv. þm. G.-K. Meginræða hans var um það, að

stj. væri að leitast við að ná fullu einveldi yfir bönkunum og að eftirlitsmaðurinn myndaði mótvægi gegn því. Án þess að ég viðurkenni, að hv. þm. fari hér rétt með mál, þá get ég samt bent honum á það, sem hann líka veit, að hver stjórnmálaflokkur sem er, eða stjórn hans, veitir þær stöður, er til falla, þeim einum mönnum, er hann treystir bezt, og þá einkum þeim mönnum, sem eru svipaðrar skoðunar. Þegar t. d. flokkur hv. þm. G.-K. sat við völd, þá var hann svo sem ekki að taka tillit til minni hl. eða afsala sér neinum réttindum til hans. Annars kom þetta ekki því máli við, sem hér er til umr., og er því tómt gaspur, en engin rök. Ég benti á það í fyrri ræðu minni, að það væri dómur alls almennings í landinu, að eftirlitsmaðurinn hefði ekki komið að neinum notum. Ég taldi sjálfan mig ekki svo bankafróðan, að ég gæti fullnaðardóm á þetta lagt. Ég benti því á, að eðlilegt væri, að þetta yrði rannsakað af n., sem m. a. leitaði sér umsagnar bankaráðanna. Bankaráðin eru einkum sett til eftirlits og yfirstjórnar með bönkunum. Þau ættu því að vilja hafa sem bezta tryggingu fyrir því, að störf bankanna séu vel unnin. Umsögn þeirra um nytsemi þessa starfs ætti því að gefa góða bendingu.

Hv. þm. G.-K. sagði, að eftirlitsmaðurinn væri gagnkunnugur öllum sparisjóðum landsins. Mér þykir nú hv. þm. setja sig á nokkuð háan hest, ef hann vill fá hv. þd. til að trúa því, að svo sé. Hann er áreiðanlega ekki kunnugur þeim. Hann hefir máske einu sinni komið í þá alla, en langt er nú um liðið síðan það var. Forstöðumenn sparisjóða hafa tjáð mér, að hið eina, sem þeir verði varir við, að eftirlitsmaður sé til, er það, að þeir verða að senda nokkrar krónur til greiðslu á launum hans einu sinni á ári. Ég veit, að þetta er satt, þó hv. þm. G.-K. lýsi yfir því, að eftirlitsmaðurinn sé gerkunnugur sparisjóðum. Með frv. þessu er farið fram á það eitt, að athugað sé, hvort þetta starf hefir náð tilgangi sínum. Um nytsemi þess hefir nú fengizt alllangur reynslutími, svo nú ætti að vera hægt að fá um þetta nægileg rök. Ég veit, að allur fjöldi landsmanna telur, að þetta sé humbugsstarf, og óskir hafa borizt úr allmörgum kjördæmum, líka úr kjördæmum, þar sem flokksmenn hv. þm. G.-K. hafa öll ráð, um að starf þetta væri lagt niður. Er því rétt, að þetta sé athugað af n. og að hún leiti upplýsinga hjá bankaráðum hér og sparisjóðum úti um land. Það er hreinasti misskilningur að halda, að bankastofnanirnar eða forstöðumenn sparisjóða mundu hafa nokkuð á móti þessu eftirliti, ef það væri álitið að vera til gagns eða tryggingar því, að peningastofnunum væri betur stjórnað. Hv. þm. G.-K. sannfærir engan um, að svo sé, enda þótt hann orði það á sinn venjulega kurteisa hátt. Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta nú. Að vísu gaf hv. þm. G.-K. fullt tilefni til þess, að farið væri að segja bankasögu síðustu ára og sýna í sambandi við hana, hvers virði starf eftirlitsmannsins hefir verið. En út í það fer ég þó ekki nú, nema fyllra tilefni gefist.

Ólafur Thors: Það er vitanlega alveg tilgangslaust að deila við hv. flm. um það, hvort bankaeftirlitsmaðurinn er gagnkunnugur starfsemi sparisjóðanna eða ekki. Ég hefi það frá góðum heimildum, að hann sé þeim gagnkunnugur, og hv. flm. kom ekki með nein þau rök, er afsanni það. Ég get því með eins miklum rétti sagt, að allt það, sem hv. flm. sagði um það efni, sé gaspur. (**StgrS:** Þá etur hver sitt!). Ég vil ráðleggja hv. flm. að fara til bankaeftirlitsmannsins og spyrja hann að því, hvort hann þekki ekki sparisjóð Sauðárkróks og sé kunnugur starfsemi hans. Ég er ekki í vafa um, að hann þekkir vel til hans.

Það er rétt að leiða athygli að einu því, er hv. flm. sagði. Hann mælti, að svo væri um alla stjórnarflokka, að þeir vildu ná í aðstöðu til að hafa yfirráð yfir bönkunum og skipuðu yfir þá í þeim tilgangi menn, sem hefðu svipaðar skoðanir og stj. og flokkur hennar. En í þessu kemur einmitt fram skaðlegur misskilningur um tilgang bankanna. Það er einmitt nauðsynlegt, að um þá sé sem mestur friður og að þeir séu sem óháðastir ríkisvaldinu. Hættan í landsbankalögunum frá 1928 liggur einmitt í því, að með þeim var verið að seilast til meirihl.valds yfir bankanum og lagabreytingar gerðar

í því skyni. Þetta er hættulegt fordæmi, ef því verður fylgt fram síðar af þeim stjórnum, sem þá verða. Fyrirkomulag stjórna bankanna á eigi að vera það, að þær séu hnöttur, sem hinar pólitísku flokksstjórnir geti velt eftir vild sinni. Bankinn á að sinna sérstöku starfi fyrir alþjóð, og það starf verður bezt unnið með því, að hann sé ekki í höndum flokksstjórnar. En þar sem þessi tilhneiging, að gera bankana háða flokksstjórnum, er mjög rík hjá núv. stjórnarflokki, þá er nauðsynlegt að berja hana niður við hvert tækifæri.

Hv. flm. sagði, að það væri skoðun almennings, að leggja bæri starf bankaeftirlitsmannsins niður, en sjálfur væri hann ekki svo bankafróður, að hann gæti um það dæmt. Ég veit nú varla, hvort fært er að byggja á skoðun almennings í þessu. Hann er næsta ófróður um gagnsemi þessa starfs. Er það og von, þar sem hv. flm. segist ekkert vit hafa á því — og um það er ég honum alveg sammála. En þótt hann hefði ekkert vit á þessu, og einmitt vegna þess, þá átti hann ekki að flytja þetta frv.

Einar Arnórsson: Ég ætla ekki að blanda mér í deilur þær, sem hér hafa orðið, en vil aðeins gera nokkrar almennar aths. við þetta mál.

Eins og sjálfsagt mörgum hv. þdm. er kunnugt, þá eru víða skipaðir eftirlitsmenn með bönkum og sparisjóðum. Svo mun það vera í Noregi, Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi. Ástæðan fyrir því, að það er gert, er hin sama og hér, að rétt þykir, að ríkisstj. skipi óvilhallan fastan starfsmann, sem vit hefir á bönkum og bankastarfsemi, til þess að gæta að rekstri og framkvæma rannsókn á bönkum og sparisjóðum. Þeir ferðast um til að framkvæma þetta eftirlit, athuga þessi fyrirtæki, gefa leiðbeiningar og safna skýrslum um þau. Ég er því miður ekki kunnugur erindisbréfum þessara manna, og ekki veit ég heldur, hvort bankaeftirlitsmaðurinn hér hefir fengið nokkurt erindisbréf. En þessi hugsun, sem ég nú hefi lýst, er lögð til grundvallar fyrir starfi þessara manna, og í nágrannalöndunum þykir starf þetta nauðsynlegt, enda hafa engar raddir komið fram þar um að leggja það niður. Þessir menn starfa víst eftir erindisbréfi og framkvæma vissar rannsóknir eftir sérstökum skipunum. Ég geri ráð fyrir því, að líkt hafi verið farið að hér. Ég geri líka ráð fyrir því, að bankastarfsemi sé ekki rekin hér á landi með meiri ráðdeild, fyrirhyggju og samvizkusemi en í þessum löndum, sem telja þó nauðsynlegt að hafa slíkan eftirlitsmann. Að vísu fékk Landsbankinn hér bankaráð 1928 og Útvegsbankinn 1930. Hafa þau rétt til eftirlits með framkvæmd og starfsemi bankanna. En bankaráðin eru ekkert sérstakt fyrirbrigði hér á landi. Þau eru til við flesta eða alla banka á Norðurlöndum, skipuð líkt og hér og ætlað líkt starfsvið. En þessi bankaráð hafa yfirleitt gert lítið gagn. Nægir í því efni að vísa til reynslu Dana. Bankaráðsmennirnir hafa lítið annað gert en að halda fundi endrum og eins, t. d. einu sinni á mánuði eða svo, og hirða laun sín. Þegar svo banki hefir hallazt, þá hefir komið í ljós, að bankaráðsmennirnir hafa rekið starf sitt slælega og jafnvel unnið að því með samþykktum sínum, fleiri eða færri, að þeir hafa gert bankanum óleik, þar sem bankastj. hefir kvatt þá til ráða.

Nú er ekki víst, að þetta gangi svo til hér, en bankaráðin eru þó engan veginn næg trygging fyrir því, að almenningur og stjórn geti fengið sannar og greinilegar skýrslur um hag bankanna hvenær sem er. Og þótt gengið væri nú út frá því, að bankaráð væri næg trygging fyrir þessu, þá er á það að líta, að sú trygging nær þá aðeins til tveggja bankanna, en ekki lengra. Við þriðja bankann og sparisjóðina **alla** eru engin slík bankaráð. Þar er ekkert nema stjórn þeirra, sem venjulega er líka framkvæmdarstjórn sparisjóðanna. Þarf ekki annað en minna á sparisjóðinn á Eyrarbakka, sællar minningar. — Ég geri ráð fyrir því, að þetta starf eigi að koma að notum og muni líka gera það. Vona ég því, að málið verði vel athugað í þeirri n., sem við því tekur, og leiti upplýsinga um málið hjá þeim mönnum, er bezt til þekkja og hún nær til.

Sveinbjörn Högnason: Ég hefi gerzt meðflm. að frv. þessu um að afnema eftirlitsstarfið með bönkum og sparisjóð-

um, og skal játa strax, að fyrir mér vakir sparnaður, sem hægt sé að framkvæma án þess nokkuð tapist. Við heyrum daglega um það rætt, bæði hér á þingi og utan þess, að nauðsynlegt sé að spara á sem flestum sviðum. Og það er ekki nema eðlilegt að heyra slíkar raddir í því árferði, sem nú er.

Stjórnmálafundir víðsvegar um land brýna fyrir þingmönnum og Alþingi yfir höfuð að gæta hans ýtrasta sparnaðar hvar sem því verður við komið. Ég minnist þess frá þingmálafundum í Rangárvallasýslu, að þar voru samþ. till. í þessa átt, og m. a. mjög eindregnar áskoranir til þingsins um að afnema öll óþörf eða lítt þörf embætti. Og svipaðar áskoranir úr öðrum kjördæmum landsins hefi ég rekizt á í þingmálafundargerðum og heyrt sumar lesnar hér upp.

Nú er það svo, að orkað getur mjög tvímælis, hvort embætti er óþarft eða ekki, því að eitthvert gagn má af allflestum embættum hafa, og fer það þá vitanlega að nokkru eftir því, hvaða menn sitja í þeim. Mig rekur ekki minni til, að í þeim mörgu þingmálafundargerðum, sem ég hefi kynnt mér, sé minnzt á nein sérstök óþarfa embætti, sem leggja beri niður, nema þetta eina: um eftirlit með bönkum og sparisjóðum. Og sú áskorun er komin úr Norður-Ísafjarðarsýslu. Þegar því hv. þm. G.-K. segir, að með frv. sé fyrir tilstilli Framsóknar ráðizt á þetta embætti með það fyrir augum að ná sér niðri á pólitiskum andstæðingi, þá vil ég benda honum á, að óskin um að fella þetta sérstaka embætti niður kemur úr einhverju allra sterkasta kjördæmi hans flokks, — einu höfuðvígi flokksins, ef svo mætti að orði kveða — en alls ekki úr framsóknarkjördæmi.

Að líkindum eru fá embætti svo gersamlega gagnslaus, að ekkert þarft eða gott geti af þeim hlotizt. En um þetta embætti veit ég ekki til, að hægt sé að benda á neitt, sem sýni, að af því hafi hlotizt nokkurt gagn. Á undanförnum árum hefir verið talsvert mikill öldugangur í fjármálum okkar, og hefði þá mátt vænta þess, að starf og athuganir eftirlitsmannsins kæmu að einhverjum notum. En svo er ekki, svo hægt sé að benda á.

Hv. þm. G.-K. sagði, að Framsóknarfl. hefði gert sér far um að ná undir sig bönkunum og peningaverzluninni í landinu. En þetta er í litlu samræmi við það, sem hann sagði litlu seinna, að raunar hefðu atvikin hagað því svo, að allt þetta vald hefði komið upp í hendur Framsóknar.

Nú er vitanlegt um hin stórfelldu töp, sem bankarnir hafa orðið fyrir, og einmitt á þeim árum, sem liðin eru síðan eftirlitsmaðurinn var skipaður. Ekki er að sjá, að starf hans hafi komið þar að miklu liði. Og það, að bankarnir hafa orðið hvað eftir annað að leita á náðir ríkissjóðs, sýnir, að eftirlitsmaðurinn hefir ekkert gert í því að fylgjast með og engar bendingar komið frá honum um, hvað væri á ferðinni.

Hv. þm. G.-K. fórust svo orð í sambandi við starf eftirlitsmannsins: „Það eru engin rök í sjálfu sér, að þetta hafi ekki komið að liði". M. ö. o., að þó að starfið sé einskis nýtt, þá á samt að halda því uppi. (ÓTh: Ekki sagði ég nú þetta). Ójú, hv. þm. sagði þetta; ég hefi skrifað það hér orðrétt eftir honum. — (ÓTh: Nú, stendur það skrifað þarna!). En það er gott, að hv. þm. sér ósamræmið í orðum sínum, enda býst ég við, að honum takist ekki að rekja þetta mál svo langt, að hann sýni það, að bönkunum hafi komið hjálp úr þessari átt.

Nokkrir flokksbræður hv. þm. G.-K. bera fram frv. um að afnema fræðslueftirlitið í landinu, sem margir menn hafa með höndum, en kostar þó ríkissjóð ekki meira en þessi eini maður, sem hér um ræðir. Þetta fræðslueftirlit, sem ég hygg, að ekki hafi staðið nema eitt ár, hefir þó þegar sýnt, að af því er margfalt meira gagns að vænta en af bankaeftirlitinu, og get ég því ekki séð, hvert samræmi er í því að vilja afnema það, en berjast með hnúum og hnefum gegn afnámi þessa gagnslausa bankaeftirlits.

Hv. þm. G.-K. sagði, að bankaeftirlitsmaðurinn væri nákunnugur öllu því, sem gerzt hefði í sparisjóðum landsins á undanförnum árum. Sennilega getur hv. þm. lagt fram nákvæma skýrslu um þetta, sem kemur fyrir þá hv. n., er frv. fær til athugunar. Það sést þá, hvernig sparisjóðirnir standa sig gagnvart innstæðufé

því, er þeir hafa tekið að sér að ávaxta, hvernig þeir hafa lánað út og hvernig það fé er tryggt. Ef slík skýrsla er í nokkru lagi, ætti að mega sjá á hverjum tíma sem er, í hvað miklum ábyrgðum hver einstakur stendur í hverri einstakri lánsstofnun. Ef eftirlitið hefir starfað raunhæft, þá sést af þessum væntanlegu skýrslum, hvar það hefir komið að liði. En mín spá er, að hv. þm. G.-K. takist ekki að leggja fram þær skýrslur, er sýni, að eftirlitið með bönkum og sparisjóðum hafi komið að nokkru minnsta gagni.

Hv. 2. þm. Reykv. talaði mest um þörfina á þessu eftirliti, en leiddi hjá sér að benda á gagnið, sem af því hefði komið. Þetta getur nú verið álitamál frá mínu sjónarmiði. Að vísu get ég fallizt á, að ef eftirlitið er gott, þá megi vænta þess, að það gæti komið að einhverju gagni. En það er betra að hafa ekkert eftirlit og reiða sig ekkert á það, en að hafa eftirlit, reiða sig á það meira og minna, jafnvel ósjálfrátt, þar sem það er til, en að það bregðist svo ætið, þegar á það reynir. Þess vegna er bankaeftirlitið, eins og það hefir verið rækt, hreint og beint skaðræði fyrir alla, sem hlut eiga að máli. Upphaflega var það sett til þess að gera menn öruggari, og menn hafa reynt að treysta því óafvitandi, en svo hefir komið á daginn, að á því er ekkert að byggja og engu að treysta í því sambandi.

Hv. þm. G.-K. kvaðst þess fús að taka höndum saman við okkur og leggja niður önnur óþarfa embætti, er hann nefndi svo. Ef hann vill ekki vera meiri í orði en verki, þá vil ég benda honum á, að hér er tækifæri fyrir hann að sýna það, með því að taka höndum saman við okkur, er að þessu frv. stöndum, og samþ. það. Annars er ég þess fús að taka höndum saman við hann og vinna með honum að öllum skynsamlegum sparnaði á hvaða sviði sem er. Aðeins vona ég, að hann fari ekki í manngreinarálit og vinni einhuga að sparnaðinum, án tillits til þess, hvort flokksbræður hans eigi í hlut eða ekki.

Um það eru allir sammála, eins og fjárhag ríkissjóðs er komið, að ýtrasti sparnaður á öllum sviðum er eina færa leiðin út úr því öngþveiti, sem kreppan hefir komið þjóð okkar í um stund. Og ég veit, að þjóðin væntir þess af fulltrúum sínum hér á Alþingi, að þeir hafi skilning á þessu og jafnframt vilja til framkvæmda.

Einar Arnórsson: Það eru aðeins örfáar aths. til viðbótar því, sem ég sagði áðan, og þá aðallega í tilefni af ræðu hv. 2. þm. Rang. Hann vildi halda því fram, að starf eftirlitsmannsins væri illa rækt. (SvbH: Ég sagði, að það hefði ekki komið að notum). Jæja, látum það heita svo. En eina ályktunin, sem er dragandi af því, að starfið hafi verið illa rækt og ekki komið að notum, er þá sú, að enginn þeirra fjármálaráðherra, sem verið hafa yfirmenn þessa manns, hafa sagt honum fyrir verkum né hirt um, að hann væri þar á verði, sem honum er ætlað að vera. Þess vegna vil ég beina því til hv. 2. þm. Rang., hvort hann vilji ekki skila til hæstv. fjmrh. að setja bankaeftirlitsmanninum erindisbréf, sem mér skilst, að aldrei hafi verið gert, og leggja honum þær lífsreglur, sem ættu að duga. Þetta er það eina, sem hægt er að gera, því að ég vil ekki gera hv. 2. þm. Rang. þær getsakir, að hann blandi saman manni og málefni. Þó að einhver sé óánægður við mig eða hann í starfi okkar, þá verða stöðurnar ekki lagðar niður, heldur verður okkur sagt að standa betur í þeim, og ef við látum okkur ekki segjast, er ekki annað að gera en láta okkur fara og taka aðra menn í staðinn.

Hv. 2. þm. Rang. hefir ekki neitað því, að eftirlitið geti verið bráðnauðsynlegt og gagnlegt, ef það er vel rækt. Þess vegna er ósamræmi hjá honum að vilja leggja starfið niður, þó að eitthvað megi finna að því, hvernig maðurinn hafi rækt það fram að þessu.

Flm. (Steingrímur Steinþórsson): Það er lítið, sem ég þarf að svara síðari ræðu hv. þm. G.-K., enda voru það ekki rétt ummæli, sem hann lagði út af. Hann sagði, að ég hefði sagzt ekki vita, hvort þörf væri á því bankaeftirliti, sem verið hefir. En það er ekki rétt eftir mér haft. Ég sagðist ekki vera svo bankafróður, að ég gæti um það dæmt, hvort eftirlit væri nauðsynlegt. En um hitt þykist ég vera dómbær, er ég segi, að það banka-

eftirlit, sem verið hefir hér á landi síðan 1923, hefir ekki komið að neinum notum. Ég er sjálfur viðriðinn lítinn sparisjóð úti á landi og er því dómbær um, hvers virði eftirlitið hefir verið fyrir hann, þótt ég hinsvegar viðurkenni, að ég sé ekki bær að dæma um, hvort bönkum sé þörf á einhverskonar eftirliti. En eftirlitsstarfið, eins og það hefir verið rækt, hefir reynzt gagnslaust með öllu að dómi mikils hluta þjóðarinnar.

Þá var hv. þm. G.-K. að bregða mér um vitleysi, en kunni þó betur við að víkja við orðum mínum og snúa út úr þeim. Ég ætla nú ekki að fara að deila við hann um, hvor okkar hafi sýnt meira vitleysi, en ræður hans hafa sannfært mig um, að ég hafi vit á við hann í þessu máli.

Sami hv. þm. var að fræða okkur um, að eftirlitsmaðurinn hefði samið skýrslur um ýmislegt, sem honum hefði þótt athugavert í starfsemi bankanna, og að ríkisstj. hefði aðgang að þeim skýrslum. Það væri óneitanlega gaman að sjá þessar skýrslur, og vona ég því, að hv. þm. G.-K. bendi mér á, hvar þær sé að finna.

Hvernig var það þegar reginhneykslið í útibúi Íslandsbanka á Seyðisfirði komst upp árið 1929? Sú fjármálaóreiða hafði verið að myndast langan tíma og alltaf að fara í vöxt, þar sem það reginhneykslí átti sér stað, að bróður útibússtjórans var lánað nær því allt fé útibúsins, og bankinn tapaði á þessum eina manni meira en 1½ millj. króna. Hvaða skýrslur lágu fyrir um allt það sukk frá eftirlitsmanninum? Ég hefi ekki heyrt, að hann hafi látið það minnsta á sér bæra né nokkur aðvörun komið frá honum. Og það var annar maður, er sendur var þangað austur, sem uppgötvaði, hvernig komið var. Hvaða gagn var þá af starfi bankaeftirlitsmannsins, sem hafði þó gegnt embættinu um sex ára skeið? Og hvernig var það 1930, þegar Íslandsbanki komst í þrot? Hvaða skýrslur lágu þá fyrir um það frá þessum eftirlitsmanni? Var ekki svo komið, að bankanum varð að loka með sólarhrings fyrirvara, nema þingið gerði alveg sérstakar ráðstafanir í því máli? Ef eitthvert gagn hefði verið í þessu eftirliti, þá hefði skýrsla átt að vera fyrir hendi frá eftirlitsmanninum um þetta mál. Og hvernig var það nú í vetur, þegar Alþingi með örstuttum fyrirvara veitti ríkisábyrgð á öllu sparisjóðsfé Útvegsbankans og varð að flýta málinu svo mikið, að afbrigða þurfti frá þingsköpum hvað eftir annað? Hvaða skýrsla kom um þetta fyrirfram frá eftirlitsmanninum?

Ég hefi hér bent á nokkur atriði, er sýna það öll, að eftirlitið hefir að engu gagni komið, og aldrei hafa neinar upplýsingar komið um þessi mál fyrirfram, þegar þess hefir þurft. Ég skammast mín ekkert fyrir að játa það, að ég er ekki svo gagnkunnugur þessu eftirliti, að ég geti dæmt um, hvort þetta er af því, að starfið sé svo slælega stundað, að það kemur ekki að gagni, eða hvort það sé í rauninni ómögulegt að framkvæma eftirlitið, en hvort sem um er að ræða, þá er þetta fyrirkomulag ófullnægjandi, og verður að breyta til, og það verður fyrst og fremst hlutverk n., sem væntanlega fær þetta frv., að íhuga, hvort rétt sé að ganga inn á stefnu frv.

Hv. þm. G.-K. vildi gera gys að mér fyrir að ég skyldi benda á það, að rétt væri að leita álits bankaráðanna. Hann sagði, að það væri svipað og að þjófur ætti að fara að óska eftir lögreglu. Hv. 2. þm. Reykv. svaraði raunar þessu atriði. Hann sagði, að það væri sjálfsagt, að bæði bankastjórarnir og aðrir, sem kunnugleika hafa á þessum málum, fengju að segja álit sitt, því að þeir geta bezt dæmt um, hvort eftirlitið kemur að nokkru gagni. Tel ég hv. 2. þm. Reykv. ólíkt dómbærari um þessa hluti en hv. þm. G.-K. og fellst á röksemd hans fyrir því, að rétt sé að leita umsagnar bankastjórna um mál þetta.

Ég tel mig ekki þurfa að bera neinn kinnroða fyrir að flytja þetta mál, þar sem viðsvegar frá þjóðinni koma háværar raddir um það, að embættið sé gagnslaust. Það er því alveg sjálfsagt að hreyfa þessu máli og annaðhvort afnema embættið eða breyta því svo, að það geti komið að gagni. Það má ekki lengur sitja við það sama, og get ég þar tekið undir orð hv. meðflm. míns, að ónýtt eftirlit er verra en ekkert.

Magnús Guðmundsson: Mér virðist, að þeim, sem tekið hafa til máls í umr. um

þetta mál, komi saman um það, að ef þetta starf er vel rækt, þá komi það að gagni. En hjá sumum hefir það gægzt fram, að þeir álíti, að starfið hafi verið rækt svo illa, að það hafi að engu gagni komið.

Ég skal viðurkenna það, að þegar þetta eftirlit var sett á stofn, gerði ég heldur lítið úr því. Nú heyrist mér vera gert talsvert mikið úr því í sjálfu sér, en það eru sumir, sem álíta, að það hafi verið illa stundað. Það er því ástæða til að spyrja hæstv. fjmrh. að því, fyrst og fremst hvort hann telji þetta starf gagnslaust, og í öðru lagi, hvort hann álíti, að embættinu sé svo slælega gegnt, að engin not verði af því af þeim sökum. Ég trúi honum vel til að segja það, sem hann álítur sannast og réttast um þetta mál, og því sjálfsagt, að það komi fram, hvernig hann, yfirmaður þessa embættismanns, lítur á málið. Ég veit að sönnu, að þeir hafa ekki starfað saman lengi, en mér er þó kunnugt um, að hæstv. ráðh. hefir falið bankaeftirlitsmanninum einhverjar rannsóknir af sinni hálfu.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég get svarað þessari fyrirspurn hv. 2. þm. Skagf., en vitanlega eingöngu fyrir þann tíma, sem ég hefi setið í stjórn.

Það hefir ekki komið til minna kasta að heimta af eftirlitsmanninum almennar skýrslur, og hann hefir ekki heldur komið með neinar aðvaranir eða séð ástæðu til að vekja athygli fjmrn. á ástandi þeirra stofnana, sem undir hann heyra, að einni undanskilinni. Þessi stofnun er Útvegsbankinn. Mér hefir verið það ljóst síðan ég tók við stöðu fjmrh., að ráða þurfti fram úr málum Útvegsbankans með aðstoð þings og stjórnar. Ég hafði því fengið hjá eftirlitsmanninum greinagóðar upplýsingar, sem áttu þátt í því, að ég gat tekið skjóta afstöðu til málsins. Að öðru leyti hefi ég ekki leitað til eftirlitsmannsins nema um samþykktir á reglugerðum sparisjóða og öðrum slíkum minni háttar störfum, sem skylt er að fá álit hans um. En hvernig hans starfi hefir verið varið áður en ég kom í stj., get ég ekkert sagt um, en tel þó, að hann hafi ekki verið svo fastur við starfið sem skyldi. En ég hygg, að erindisbréf hafi aldrei verið gefið út, og ég tel rétt, ef þetta starf heldur áfram, að slíkt bréf verði gefið út, en ef embættið verður niður fellt, þá kemur það vitanlega ekki til greina.

Það var upphaflega ætlazt til þess með stofnun þessa embættis, að draga ýms viðkvæm fjármál banka og sparisjóða út úr svæsnum flokkadeilum. Sú hugsun var réttmæt, og er vonandi, að þetta starf verði unnið framvegis á þann hátt, að hinum upphaflega tilgangi verði náð.

Ég er ekki með þessum orðum að fella neinn almennan dóm um starf þess manns, sem nú gegnir þessu embætti; til þess er ég ekki nægilega kunnugur hans starfi, en ég veit, að þeir, sem á undan mér hafa verið í ríkisstj. hafa ekki kvartað, en um samstarf þeirra veit ég ekki.

Ég álít, að eftirlitsmaðurinn geti orðið að miklum notum og gefið fjmrn. upplýsingar, sem það getur ekki án verið.

Ólafur Thors: Hv. 2. þm. Rang. færði það úr lagi, sem ég sagði um þetta mál. Ég benti á, að á undanförnum árum hefði flokkur sá, er hann tilheyrir, lagt mikla ástundun á að ná yfirráðum yfir bönkunum. Og ég benti á það, að það væri illa til fallið nú, þegar hann er búinn að ná þessum yfirráðum, að þá komi frv. frá mönnum innan flokksins, þó að það séu kannske ekki ráðandi menn í flokknum, þar sem lagt er til, að afnumið sé eftirlit með gerðum þess meiri hl., sem framsóknarmenn hafa í stj. bankanna.

Hv. þm. þóttí ósamræmi í því, að ég gat um það, að atvikin hefðu hér lagt þeim lið. Ég meinti, að stöðvun Íslandsbanka hefði gert þeim létta gönguna að þessu marki. Í orðum mínum lá ekkert annað.

Þá sagði hv. þm., að ég hefði fullyrt, að það væru engin rök í þessu máli, þó að sannað væri, að eftirlitið hefði að engu liði komið. Ég hefi ekki sagt neitt í þessa átt; þetta er algerður uppspuni. Ég sagði, að það væru engin rök, þó að þeir, sem líta ætti eftir, kærðu sig ekkert um eftirlitið. Ég sagði þetta í sambandi við það, að hv. 1. flm. sagði, að ef ganga ætti úr skugga um, hvort embættið væri nauðsynlegt, þá væri bezt að spyrja þá, sem líta ætti eftir.

Ég vænti, að hv. þdm. séu mér sammála um það, að þetta embætti er ekki stofnað fyrir banka- og sparisjóðsstjórnir, heldur sé það vegna almenningsheilla, að verið er að líta eftir því, sem fram fer í þessum stofnunum.

Hv. þm. sagði, að hann teldi líklegt, að þetta kæmi að liði, ef starfið væri vel rækt. Ég vil í því sambandi taka undir það, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði, að þá á ekki að leggja embættið niður, heldur tryggja það, að starfið sé vel innt af hendi. Með þessum ummælum sínum játar því hv. þm., að það frv., sem hann sjálfur flytur, sé ekki eingöngu gagnslaust, heldur beinlínis skaðlegt.

Ég er ekki viss um, að hann hafi gert sér fulla grein fyrir, hvert er eðli þessa eftirlits. Hann virðist halda, að eitt það mikilvægasta í starfinu sé það, að eftirlitsmaðurinn geti gefið upplýsingar um það, í hve miklum ábyrgðum hver einstaklingur væri. Ég held, að þetta sé algert aukaatriði, en hitt aðalatriðið, sem hæstv. fjmrh. gat um, að eftirlitsmaðurinn geti á hverjum tíma gefið fjmrn. þær upplýsingar, sem það þarf að fá um þessi mál. Hæstv. fjmrh. sagði ekki meira en ég gat af honum vænzt, en það ætti samt að vera nóg til að sannfæra flokksbræður hans um það, að þetta frv. þeirra er ekkert nema vitleysa. Hæstv. ráðh. sagði, að hann hefði skamma stund unnið með eftirlitsmanninum, en þó nógu lengi til þess, að hann hefði á umsögn hans getað byggt afstöðu sína í því mikilvægasta fjármálaatriði, sem komið hefir fyrir þingið. Hann sagðist hafa snúið sér til hans og beðið hann um upplýsingar um Útvegsbankann, og á þeirri greinagóðu skýrslu, eins og hann orðaði það, hefði hann svo byggt afstöðu sína. Og hæstv. ráðh. sagði meira. Hann sagðist telja ágæti þessa embættis liggja í því, að eftirlitsmaðurinn gæti á hverjum tíma gefið fjmrn. mikilvægar upplýsingar, sem ekki væri hægt að vera án, eins og hann orðaði það. — Hann sagðist ekki vita, hvernig þessi maður hefði reynzt fyrirrennurum sínum, en þeir hefðu þó látið hann sitja í embætti. Ég veit ekki, hvernig á að leiða sterkari rök að því, að þetta frv. er staðleysa, heldur en gert er með þessari hlutdrægnislausu umsögn hæstv. fjmrh. Og rökin eru þessi: Í fyrsta lagi, að fyrirrennarar hans hafi látið eftirlitsmanninn sitja í embætti, í öðru lagi, að hann hafi, jafnvel þótt hann hafi skamma stund með honum unnið, fengið hjá honum greinagóðar skýrslur, sem hafi orðið honum að miklu gagni, og í þriðja lagi segir hann, að eftirlitsmaðurinn geti á hverjum tíma gefið upplýsingar, sem fjmrn. geti ekki verið án. Mér virðist engin þörf á sterkari rökum fyrir því, að embættið hafi verið rækt það vel, að engin ástæða sé til að kvarta undan. (**Forseti:** Þetta er aðeins stutt aths.). Það hefir nú svo mikið verið á mig deilt og ég hefi talað svo lítið á þessu þingi, að ég vona, að ég fái að tala í fáeinar mínútur ennþá, því að ég á eftir að svara hv. 1. þm. Skagf. Hann sagði, að ég hefði rangfært orð sín, en það er ekki rétt; ég fór rétt með þau. Hann sagðist játa það, að hann væri ekki svo bankafróður maður, að hann hefði vit á, hvort embættið væri nauðsynlegt, en það væri almennt litið svo á, að það væri ekki neitt gagn í því. En það er nú ekki mikil von til þess, að almenningur hafi mikið vit á málinu, fyrst aðalflm. játar, að hann hafi ekki vit á því.

Þá vildi hv. þm. færa fram líkur fyrir því, að embættið hefði verið illa rækt, og tilfærði þar þau rök, að embættismaðurinn hefði undir vissum kringumstæðum ekki komið með viðvaranir í tæka tíð. Ég veit ekki, hvort hv. þm. veit það, en mér er kunnugt um það, eins og líka hæstv. ráðh. tók fram, að hann hefir gefið upplýsingar, sem hafa komið að miklu liði. (SvbH: Hvenær sagði hann það?). Hann sagði, að hann hefði gefið greinagóða skýrslu, sem hefði verið þess valdandi, að hæstv. ráðh. gat tekið afstöðu til málsins.

Þá fór hv. þm. að tala um, að engar upplýsingar hefðu verið gefnar í tæka tíð, þegar Íslandsbanka var lokað 1930. Hv. þm. hefir auðsjáanlega ekki áttað sig á því, að það, sem framsóknarmenn álitu ótækt að gera þá, var álitið sjálfsagt að gera nú. Annars er það svo með þessi mál, að það er ekki hægt að útræða það á heilum mánuði, hvort eigi að taka ábyrgð á innstæðufé eða ekki. Slíkt verður annaðhvort að gera undir eins, eða

það er gagnslaust, því að ef farið er að ræða um það, hvort eigi að veita bankanum slíka ábyrgð, þá taka menn auðvitað fé sitt úr honum, svo að bankanum verður að loka. Menn verða að skilja, ef þeir vilja dæma málið af sanngirni, að það er meira en lítið vandaverk að dæma um fjárhag bankanna á hverjum tíma. Íslenzku atvinnulífi er þannig háttað, að margir atvinnurekendur geta orðið gjaldþrota eða því sem næst, ef misæri skellur á, þó að í góðæri geti þeir staðið straum af skuldum sínum. En bankarnir eru ekkert annað en samnefnari af afkomu manna, og því ærið margs að gæta, þegar dæma skal um afkomu þeirra. Það má því ekki krefjast meira af eftirlitsmanninum en þess, sem hægt er með sanngirni að heimta af honum.

Hv. 2. þm. Rang. bauðst til að rétta mér hönd, ef ég vildi koma með sparnaðartillögur, og hv. 1. þm. Skagf. sagði, að þegar slík hreyfing væri svo sterk meðal þjóðarinnar, þá skammaðist hann sín ekki fyrir að bera þetta mál fram hér á þingi.

Hvaða hreyfing er það, sem er að magnast meðal þjóðarinnar? Halda þessir hv. þm., að Íslendingar séu svo vitgrannir, að þeir álíti, að hag ríkissjóðs sé borgið með því að afnema þetta eina embætti? Nei, sú hreyfing, sem magnast meðal þjóðarinnar, er, að niður falli súspilling, sem átt hefir sér stað á undanförnum árum í bitlingaveitingum stj. Það er sú hreyfing, að afnumin verði sem flest af þeim nýju embættum, sem stofnuð hafa verið eins og gýligjafir örlátrar stjórnar til fylgispakra flokksmanna.

Sveinbjörn Högnason: Hv. 2. þm. Reykv. dró þá ályktun af fyrri ræðu minni, að ef þetta embætti hefði ekki komið að því gagni, sem til var ætlazt, þá væri fjmrh. um að kenna, en ekki eftirlitsmanninum. Þetta er svipuð ályktun og að segja, að hv. þm. væri lélegur lögfræðikennari og draga það af því, að einhver, sem hann hefði kennt lögvísi, reyndist lélegur lögfræðingur.

Það er ekki rétt, að ég hafi hér blandað saman málefni og manni. Ég hefi aðeins sagt, að embættið hefði ekki komið að notum, en nefndi ekkert, hvort það væri manninum eða fyrirkomulaginu að kenna.

Hv. þm. spurði mig, hvort ætti að leggja okkar stöður niður, ef einhver kvartaði um, að embætti okkar kæmu ekki að gagni. Ég vil svara honum því til, að ef almenn kvörtun kæmi fram um það í landinu, að stöður okkar eða embætti kæmu ekki að neinu liði, þá býst ég við, að við myndum báðir heldur kjósa þann kostinn að ályktа, að fyrirkomulagi embætta okkar væri um að kenna, heldur en því, að við værum að öllu óhæfir til að gegna þeim.

Þá sagði hv. þm., að ég hefði viðurkennt, að eftirlitið væri bráðnauðsynlegt. Ég sagði það alls ekki, heldur sagði ég, að ég gæti ímyndað mér, að eftirlitið ætti í vissum tilfellum að geta komið að gagni, en í þeim tilfellum, sem komið hafa fyrir að undanförnu og hafa verið bæði alvarleg og þýðingarmikil og vel til þess fallin, að þetta embætti hefði sýnt notagildi sitt, hefir ekki sézt nokkur minnsti árangur af þessu starfi.

Hv. 2. þm. Skagf. sagðist upphaflega hafa verið á móti stofnun þessa embættis. Fyrst svo er, þá eigum við flm. þar vísan stuðning í þessu máli, því að ég get ekki ímyndað mér, að nokkur maður, sem var á móti stofnun embættisins, álíti það nú nauðsynlegt, eftir þá reynslu, sem fengin er af því.

Þá var hv. þm. G.-K. aftur að staglast á því, að Framsóknarflokkurinn hefði lagt mikla áherzlu á að ná völdum og yfirráðum yfir bönkum landsins, og þess vegna væri mjög óviðeigandi fyrir hann að leggja niður þetta eftirlitsmannsembætti með bönkunum. Ég sagði það áðan í minni fyrri ræðu, að ef þetta embætti kemur ekki að neinu haldi, eins og reynslan því miður bendir til, þá er verra að láta það haldast að forminu heldur en að hafa það ekki. (**ÓTh:** Hvað sagði hæstv. fjmrh. um það?). Ég kem að því síðar. Það hefir skaðlegar afleiðingar að halda við embætti, sem reynzt hefir gagnslaust, og ætla að treysta á það; þess vegna viljum við leggja það niður og afla upplýsinga um hag banka og sparisjóða á annan hátt. Því að það hefir líka þráfaldlega sýnt sig undanfarið, að frá núv. eftirliti er engrar hjálpar að vænta og engar upplýsingar hefir það gefið í tæka tíð til

þings og stjórnar, þegar bankastofnanir voru að komast í þrot. Ég skal ekkert deila við hv. þm. G.-K. um, hvað hann hafi sagt þessu viðvíkjandi; ég get verið ánægður með, að hann hefir nú fallizt á, að embættið hafi verið vanrækt.

Mér þykir það einkennilegt, ef ekkert má leggja upp úr því, sem stjórnir banka og sparisjóða segja um þetta eftirlitsstarf, vegna þess að eftirlitið sé á þá sjálfa og þeim til höfuðs. Ég get ekki hugsað mér annað en að bankastjórar tækju fegins hendi við því eftirliti, sem þeir álitu einhverja stoð í fyrir stofnanirnar og almenning, hvaðan sem það kæmi. Ég ber það traust til bankastjóra okkar yfirleitt, að þeir meti réttlátlega, hvað bönkunum má að gagni verða í þessu efni.

Þá sagði hv. þm. G.-K., að eftir því sem við flm. þessa frv. hefðum talað, þá gætum við ekki ætlazt til, að starfið yrði lagt niður, heldur að sá maður, sem því gegnir nú, verði látinn fara og starfið betur rækt eftirleiðis. Ég skal ekki deila um það, hvernig sá maður, sem gegnir þessu starfi nú, er hæfur til þess, en ég er sannfærður um, að ef á að rækja þetta starf vel, þá þarf eftirlitsmaðurinn að hafa sérþekkingu í þessum efnum og helga starfinu alla sína krafta, en blanda sér ekki við önnur störf. Ég geri ráð fyrir, að við eigum ekki völ á mörgum mönnum, sem til þess séu kjörnir, þegar frá eru taldir bankastjórar og æðir yfirmenn í bönkunum.

Hv. þm. G.-K. taldi það lítilsvert, þó að bankaeftirlitsmaðurinn gæti gefið bönkum og sparisjóðum upplýsingar um innieignir einstaklinga eða ábyrgðir þeirra og skuldbindingar í öðrum bönkum og annað, er orðið gæti þeim til leiðbeiningar við útlánastarfsemina, en ég hygg, að þetta sé einmitt verulegt atriði, sem ætti að geta komið að gagni, ef lögð væri rækt við það. Ef það á að vera aðalatriðið í starfi eftirlitsmannsins að gefa fjmrh. á hverjum tíma upplýsingar um hag banka og sparisjóða, þá hefir það aðalatriði verið hrapallega vanrækt. Hv. þm. G.-K. sagði, að þær upplýsingar, sem hæstv. fjmrh. hefði gefið um störf eftirlitsmannsins, hefðu gefið það til kynna, að þetta frv. okkar væri einber vitleysa. Ég heyrði það nú ekki á ræðu hæstv. ráðh., en hinsvegar lýsti hann yfir því, að eftirlitsmanninum hefði aldrei verið sett neitt erindisbréf, og verður því varla öðruvísi á það litið en að aðalstarf eftirlitsmannsins hafi verið að hirða laun sín. (ÓTh: Þetta er hörð árás á framsóknarstjórnina). Ég hugsa, að þessi hv. þm. sé nú ekki ákaflega hörundssár fyrir því, ef svo væri. — Þá hafði hv. þm. það eftir hæstv. fjmrh., að eftir að bankaeftirlitsmaðurinn hefði látið uppi álit sitt um ástæður Útvegsbankans í vetur, þá hefði stjórnin getað ráðið ráðum sínum betur en ella. Hv. þm. vildi leggja ákaflega mikið upp úr þessu. Ég skrifaði orð hæstv. ráðh. eftir honum, og fann ég ekki, að í þeim fælust sérlega sterk rök fyrir því, að álit eftirlitsmannsins hefði verið merkilegt. Það felst ekki mikið í því, þó að sagt sé, að betra hafi verið að ráða ráðum sínum að fengnum einhverjum upplýsingum en ella. Þær upplýsingar gátu vel hafa komið, þótt embættið væri ekki til. Hv. þm. G.-K. sagði ennfremur, að þetta eftirlitsembætti hefði verið rækt þannig, að ekki væri ástæða til að kvarta yfir því, og vill hann láta halda því í sama horfi og áður. En hv. þm. getur á engan hátt samræmt það við fyrri ummæli sín um sama efni, og segir það vitanlega nú eingöngu vegna þess, að hann sér þó það nú, að á annan veg er ekki hægt að réttlæta mótstöðu gegn afnámi embættisins.

Að lokum skal ég minnast á fjármálahugleiðingar hv. þm. G.-K. í sambandi við þetta frv. Hv. þm. gerði lítið úr því, að ráðstafanir eins og þessi um fækkun embætta yrði til þess að draga úr fjármálaóreiðu ríkisins, eins og hann orðaði það. (ÓTh: Þessa eina embættis). Já, við skulum segja það, en ef hv. þm. vill fylgja okkur um sparnað á þessu embætti og á fleiri sviðum, þá mundi það koma að verulegu haldi fyrir ríkissjóð. Hv. þm. hefir oft talað um fjármálaspillingu ríkisins hér í þessari hv. þd., en ég hygg, að sú fjármálaspilling komi víðar fram en gagnvart ríkissjóði. Má í því sambandi t. d. benda á fjármeðferð bankanna og ýmsra viðskiptamanna þeirra. Sá sparnaður, sem þetta frv. hefir í för með sér, á því að geta komið að fullu gagni, þó að bankarnir njóti þess jafnframt að nokkru leyti.

Magnús Guðmundsson: Það mátti skilja á orðum hv. 2. þm. Rang., að hann vildi gera lítið úr því, sem hæstv. fjmrh. sagði, af því að hæstv. ráðh. vildi ekki bera vitni með honum í þessu máli. Ég hygg, að það sé skylda hæstv. fjmrh. að gera grein fyrir áliti sínu á nauðsyn þessa embættis, og mér virtist hann gefa um það yfirlýsingu, sem ég fyrir mitt leyti skildi vel. Þá vildi hv. þm. telja sér vísan stuðning minn við þetta frv., en hann getur sparað sér það ómak að tíunda mitt atkv., og yfirleitt allar áhyggjur af því, hvernig ég snýst við þessu máli. Ég hefi aldrei sagt, að ég teldi þetta embætti óþarft, en hitt sagði ég, að ég hefði aldrei gert mér miklar vonir um árangurinn af þessu embætti.

Um mitt atkv. í þessu máli fer nokkuð eftir því, hvað verður um önnur sparnaðarfrv., sem lögð hafa verið fyrir þingið. Ég vil gjarnan sjá, hvernig hv. þm. og samflokksmenn hans snúast við öðrum sparnaðartill., sem snerta þeirra flokksmenn. Ég vil sjá, hvort þeir ráðast á þetta embætti af því, að það er stjórnmálaandstæðingur þeirra, sem þar á hlut að máli.

Þessi bankaeftirlitsmaður var á sínum tíma skipaður af stjórn Framsóknarfl., enda stóð hann þeim flokki þá nær en nú. Það er því ekki útilokað, að það hafi nokkur áhrif á suma flokksmenn hæstv. stj., að eftirlitsmaðurinn er nú í andstöðu við þann flokk.

Þá minntist hv. þm. á, að sá maður, sem gegnir þessu embætti, yrði að helga því alla starfskrafta sína, en það skilst mér hann geta að mestu, þó að hann sé þm. að auki, eins og hv. 2. þm. Rang., sem þrátt fyrir prestsembættið getur rækt þingmennskustarfið. Núv. bankaeftirlitsmaður hefir ekkert annað aukastarf en þingmennskuna. Hv. þm. talaði um, að eftirlitsmaðurinn hefði sýnt megna vanrækslu í sínu starfi, en það eru engin rök fyrir niðurlagningu embættisins, heldur ætti, ef sú ásökun væri á rökum byggð, að setja manninn frá embætti, ef hann vildi ekki bæta ráð sitt. Annars er það alger misskilningur hjá hv. 2. þm. Rang., þar sem hann heldur því fram, að af því að bankaeftirlitsmaðurinn hafi ekki fengið neitt erindisbréf, þá hafi hann ekki gert annað en hirða laun sín. Starfsvið bankaeftirlitsmannsins er ákveðið í lögunum um stofnun embættisins, og auk þess geta störf hans verið ákveðin samkv. viðtölum við fjmrh. á hverjum tíma. Ég veit að vísu ekki, hvort þessu hefir verið þannig háttað í tíð núv. stj., en hitt er mér ljóst, að það er vel hægt. Þess vegna sé ég ekki, að það skipti miklu máli, þó að þetta umtalaða erindisbréf hafi ekki verið gefið út til birtingar í stjórnartíðindunum.

Einar Arnórsson: Hv. 2. þm. Rang. hefir misskilið það, sem ég sagði í fyrri ræðu minni. Mér hefir aldrei komið til hugar að segja, að ef bankaeftirlitsmaðurinn rækti ekki sitt starf, þá ætti fjmrh. einn sök á því; það var alls ekki mín meining.

En ef það hefir komið á daginn, að þetta starf hefir verið vanrækt, og ef það hefir verið rækt eins slælega og hv. 2. þm. Rang. taldi öll þau ár síðan embættið var stofnað, þá er það líka áreiðanlega sök yfirboðara eftirlitsmannsins, því að þeir hefðu átt að aðvara hann eða finna að við hann, ef þeim hefði þótt ástæða til. En ef þeir hafa ekki gert það, þá ber það vott um eitt af tvennu, að þeir hafi verið ánægðir með starfrækslu hans eða að þeir hafi brugðizt skyldu sinni um að fylgjast með því. Ég veit ekki, hvort af þessu er réttara, en ég vil ganga út frá hinu fyrrtalda, að þeir hafi verið ánægðir með starfrækslu eftirlitsmannsins.

Um árangurinn af svona starfi er ekki gott að fullyrða, og okkur þm. brestur aðstöðu til þess að dæma um það. Það er hæstv. fjmrh., sem hefir mestan kunnugleik á því, og eftir því sem hann lýsti áðan í ræðu sinni, þá hefir hann haft talsvert gagn af starfi eftirlitsmannsins síðan í sumar, og er það eini vitnisburðurinn, sem fyrir liggur um þetta atriði. — Hitt má vel vera, að stj. hafi ekki fundið ríka ástæðu til þess að krefja eftirlitsmanninn um skýrslur um ástæður Íslandsbanka, ekki sízt vegna þess, að einn af fyrrv. fjmrh., Magnús Kristjánsson, var jafnframt í bankaráði Íslandsbanka og að forsrh. var alltaf formaður bankaráðsins, svo að stj. var í lófa lagið að fylgjast með um hag bankans. Þó mun bankaeftirlitsmaðurinn hafa rannsakað skjöl og

bækur Íslandsbanka 1926, og að líkindum gefið stj. skýrslu eða bendingar um, hverjir af viðskiptamönnum bankans væru verst settir og hvar búast mætti við, að bankinn yrði fyrir töpum. Eftir það hlaut stj. því að hafa sérstakan ugg gagnvart þeim skuldunautum, sem á var bent, og gæta þess, hvernig um þá færi.

Þetta bankaeftirlitsstarf er fyrst og fremst stofnað til þess að tryggja almenningi, að fjárgeymsla banka og sparisjóða sé í góðu lagi, en það hefir líka mikilsverða þýðingu fyrir þá, sem stjórna bönkunum, að fá leiðbeiningar hjá eftirlitsmanninum um athugaverðar lánveitingar, ýmiskonar bókfærsluatriði og fleira, sem þeir kynnu að vilja spyrja hann um. Þetta embætti er því jöfnum höndum stofnað fyrir almenning og þá, sem stjórna bönkum og sparisjóðum, alveg á sama hátt og endurskoðendur eru nauðsynlegir til leiðbeiningar ráðherrum og til fræðslu alþingismönnum og almenningi. Það getur oft og tíðum bjargað stofnunum frá hruni, þegar endurskoðendur benda gjaldkerum þeirra á eitt eða annað, sem þeim ber að varast eða taka til greina.

Ég held, að það sé allt of mikil svartsýni hjá hv. 2. þm. Rang., að hér á landi finnist varla hæfir menn til þess að gegna slíku starfi. Ég hygg, að það megi finna ýmsa á meðal starfsmanna í bönkunum og þeirra, sem hafa verið löggiltir endurskoðendur, er væru vel færir um þetta starf, auk núv. eftirlitsmanns. Reynslan hefir sýnt það annarsstaðar, t. d. í Danmörku, að löggiltir endurskoðendur hafa gefizt vel á þessu sviði. Þessi mótbára er því einskis virði.

Það virtist koma fram í ræðu hv. flm. frv., einkum ræðu hv. 2. þm. Rang., að frv. þessu er stefnt gegn þeim manni, sem nú hefir þetta embætti. (**SvbH:** Hvernig kom það fram?). Ég spurði hv. þm., hvort hann hefði ekki haldið því fram, að starfið hefði verið slælega rekið, og hann kinkaði kolli því til samþykkis, og allur andinn í ræðu hans benti líka til þess; ég hygg, að enginn þdm. hafi verið svo óþefvís, að hann hafi ekki skilið, hvert ræðunni var stefnt.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Einn hv. þdm. sagði, að samkv. því, sem orð hefðu fallið í ræðu minni um þetta mál, þá væri frv. staðleysa. Þetta get ég ekki tekið undir. Um frv. er það að segja, að þó að því sé ábótavant, þá getur það stefnt til lagfæringar frá því, sem nú er um þetta embætti. Frv. vekur a. m. k. athygli á þeirri merkilegu staðreynd, að enginn af þeim fjmrh., sem farið hafa með völdin síðan embættið var stofnað, hefir sett bankaeftirlitsmanninum erindisbréf eða krafizt af honum skýrslna um störf hans. Í lögunum er ætlazt til þess, að erindisbréf verði gefið út honum til handa, og hitt er vitanlega ófullnægjandi, að störf þessa embættismanns byggist aðeins á lauslegum samtölum milli hans og fjmrh. Eftirlitsmaðurinn verður að geta átt frumkvæði að ýmiskonar ráðstöfunum, ekki eingöngu gagnvart ráðuneytinu, heldur miklu fremur við þær stofnanir, sem hann þarf að líta eftir og á að leiðbeina; og þá er aðeins um tvennt að velja, að koma betri skipun á þetta starf en nú er, eða leggja það niður. Annars er mér kunnugt um það, að sá maður, sem hefir gegnt þessu starfi, hefir verið þjáður af heilsuleysi ár eftir ár, og þess vegna hindraður frá störfum svo mörgum mánuðum skiptir. Ég lýsti yfir því í minni fyrri ræðu, að ég hefði leitað til hans um upplýsingar viðvíkjandi Útvegsbankanum, og það hefir ekki verið rangfært af öðrum ræðumönnum, sem ég sagði, að upplýsingar hans hefðu gert mér léttara fyrir að taka ákvörðun um bankann. Ég hafði að vísu borið mig saman við bankastjórana og formann bankaráðsins um málið, en það er öruggara fyrir stj. að geta leitað til fleiri manna. Og þegar eftirlitsmaðurinn hefir aflað sér þekkingar á því, sem fyrir liggur, þá er gott fyrir stj. að geta leitað til þessa manns, sem ber ábyrgð á umsögn sinni. Ég hefi að vísu leitað til hans oftar en í þetta skipti, eigi aðeins viðvíkjandi þeim atriðum, sem fram hafa komið á þessu þingi og snerta Útvegsbankann, heldur út af þeim ákvörðunum, sem gerðar voru á síðasta þingi. Þær ákvarðanir voru teknar að fengnum upplýsingum frá bankastjórum Útvegsbankans, bankaráðsformanninum og bankaeftirlitsmanninum. Upplýsingum þeirra og bendingum hefir yfirleitt borið saman í aðalatriðum, þó að sumir þess-

ara aðila hafi verið nokkuð bjartsýnni en aðrir.

Að lokum vil ég leggja áherzlu á það, að nauðsynlegt er að setja eftirlitsmanninum erindisbréf, vegna hans sjálfs, þeirra stofnana, sem hann á að líta eftir, og fjármálaráðuneytisins.

Sveinbjörn Högnason: Ég verð að segja það, að mig furðaði mjög á þeirri yfirlýsingu, sem hv. 2. þm. Skagf. gaf um afstöðu sína í þessu máli, þar sem hann lýsti því yfir, að hann myndi haga atkv. sínu eftir því, hvaða afstöðu við, sem erum í andstöðuflokki hans, kynnum að taka gagnvart öðrum málum. Ennfremur vildi hv. þm. gefa til kynna, að tilgangur okkar flm. með þessu frv. væri eingöngu sá, að beina örvum að pólitískum andstæðing.

Ég hélt, að þessi hv. þm. tæki sinar ákvarðanir eftir gildi málanna, sem fyrir liggja í hvert sinn, en ekki eingöngu eftir pólitískum ástæðum. Frá mínu sjónarmiði skiptir það engu máli, hvaða stjórnmálaflokki bankaeftirlitsmaðurinn fylgir. Það, sem mér finnst mestu skipta í þessu efni, er það álit, sem almennt er ríkjandi, að embættið sé óþarft og að starf eftirlitsmannsins hefir engin áhrif haft eða árangur til bóta. Í öðru lagi finnst mér full ástæða til þess að spara þar, sem unnt er, og þá verður hendi næst að fella niður þetta óþarfa embætti.

Ég er sannfærður um, að þegar hv. 2. þm. Skagf. athugar nánar það, sem hann sagði um afstöðu sína í þessu máli, og minnist þess, að hann var upphaflega á móti þessu embætti, og sér nú, að það hefir ekki komið að gagni, þá verður hann bezti stuðningsmaður okkar með þessu frv.

Hv. 2. þm. Reykv. var að tala um, að stj. hefði hið bezta tækifæri til að fylgjast með hag bankanna gegnum bankaráðin. Ef þetta er rétt, er það einmitt sterk sönnun fyrir því, að þetta embætti er óþarft. Sami hv. þm. gat um það sem merkilegan hlut, að eftirlitsmaðurinn hefði sent skýrslu eitt ár. Lítur ekki út fyrir, að slíkt sé algengur atburður.

Ég vil mótmæla því, að þetta frv. sé fram komið af illvilja til þess manns, sem nú gegnir þessu embætti. Við tókum einmitt greinilega fram, að við værum ekki að beina skeytum okkar að manninum, heldur að starfi, sem að okkar áliti er gagnslaust. Og við vitum, að það er réttmæt krafa almennings í landinu, að slík störf séu lögð niður á þessum tímum.

Magnús Guðmundsson: Ég heyri, að hv. 2. þm. Rang. er að reyna að spyrða mig við sig í þessu máli. Ég skal lofa honum því, að ég skal athuga vandlega, hvort ég eigi að fylgja honum eða hæstv. fjmrh. í þessu máli. Ég er ekki alveg viss um nema það ráði nokkru um afstöðu hans, að núv. bankaeftirlitsmaður er í öðrum þingflokki en hann sjálfur. Annars mun ég bíða með að taka afstöðu með hv. þm. þangað til hann hefir sýnt hug sinn í öðrum málum, sem fyrir liggja. Af afstöðu hans til annara sparnaðarmála get ég ráðið, hvort hann mælir með þessu máli af einlægni eða ekki.

Um erindisbréfið er það að segja, að starfið þarf ekki að vera lítilsverðara fyrir það, þótt þessi maður hafi ekki fengið erindisbréf, enda er það ekki honum að kenna, heldur stjórninni.

Ólafur Thors: Mér þótti miður að heyra, að hæstv. fjmrh. skyldi segja, að ég hefði dregið skakkar ályktanir af orðum sínum. Ég benti til þess, að embætti þetta myndi ekki vera allskostar óþarft, þar sem hæstv. ráðh. lýsti yfir því, að hann hefði stuðzt við umsögn bankaeftirlitsmannsins í hinu stærsta bankamáli, sem hér hefir verið á döfinni. Dóms þessa manns hefir því verið leitað í þessu stórmáli og verið byggt á honum. Þetta játaði hæstv. ráðh., en vildi þó halda því fram, að embættið hefði ekki orðið að fullu gagni, af því að erindisbréf hefði vantað. Ef þetta er rétt, hverjum er þá um að kenna?

Ég vil að lokum segja lítið lofsyrði til hv. 2. þm. Rang. Eins og hann hefir hér tilfært orð mín og hv. 2. þm. Reykv., verður að játa, að hann er meistari í að draga skakkar ályktanir af skökkum forsendum.

Flm. (Steingrímur Steinþórsson): Framsöguræða mín gaf ekki tilefni til

að ræða um mann þann, er gegnir þessu starfi, heldur starfið sjálft. Enginn heldur því fram, að eftirlit sé gagnslaust, þótt menn greini á um, hvort embætti þetta sé nauðsynlegt eða ekki. Hv. þm. G.-K. hefir komið umr. inn á þær brautir, að ræða um bankaeftirlitsmanninn sjálfan. Það er hans sök, en engan veginn mín.

Hv. þm. G.-K. varð fjölrætt um bitlinga og talaði mikið um nauðsyn þess að uppræta bitlingafarganið hjá núv. stjórn. Þeir bitlingar, sem hv. þm. var einkum að fást um, heita á venjulegu máli laun greidd fyrir ýms störf, sem innt eru af hendi fyrir ríkið. Margir flokksmenn hv. þm. G.-K. hafa tekið laun fyrir slíka starfa, þótt af ástæðum, sem að vísu eru ekki óskiljanlegar, hafi verið gengið framhjá hv. þm. sjálfum, enda mun það valda gremju hans, að engum dettur í hug, að hægt sé að nota hv. þm. G.-K. til opinberra starfa. (**ÓTh:** Ætli ég fengi ekki bein, ef ég gengi í flokkinn). Nei, ekki einu sinni, þótt svo yrði.

Sveinbjörn Högnason: Hv. 2. þm. Skagf. sagði, að fylgi sitt við þetta mál færi eftir því, hvaða hug ég sýndi hér í öðrum málum. Hann var m. ö. o. að bjóða mér upp á hrossakaup. Ég get fullvissað hann um, að ég fer ekki í hrossakaup við hann, hvorki um þetta né annað. Ef hann álítur, að embættið sé óþarft, á hann að vera á móti því, hvað sem öðru líður. Ég veit, að hv. þm. er svo vandaður maður og skýr, að hann sér þetta.

Hv. þm. G.-K. fór að hrósa mér fyrir, hve snjall ég væri að draga skakkar ályktanir af skökkum forsendum (sem mér skildust vera hans eigin orð). Ef þetta er rétt, er það meira lof en hv. þm. hefir sjálfsagt ætlazt til. Með réttri röksemdafærslu verða ekki dregnar nema skakkar ályktanir af skökkum forsendum, svo að þetta sannar ekki annað en að ég muni vera jafnsnjall í að draga réttar ályktanir af réttum forsendum.

Magnús Guðmundsson: Ég þakka hv. 2. þm. Rang. fyrir þann vitnisburð, að ég sé vandaður og skýr. Fyrst hann hefir það álit á mér, ætti hann ekki að hafa áhyggjur út af afstöðu minni í þessu máli. Það, sem fyrir mér vakir, er, að jafnt gangi yfir alla, og það eru engin hrossakaup.

Ólafur Thors: Ég held, að ég hafi betri samvizku, ef ég get gert hv. 2. þm. Rang. skiljanlegt, hvað ég á við. Ég veit, að þetta er svo frómur maður, að hann vill hafa forsendur réttar, en þær hafa nú einhvern veginn skekkzt hjá honum. Þetta er nú eins og hvert annað óhapp og stafar af því, að hann hefir skort nauðsynlega þekkingu á málinu til þess að tala um það. Hitt er svo nokkuð annars eðlis, því af öllum forsendum, og þá alveg jafnt röngum sem réttum forsendum, dregur rökvís maður rökréttar ályktanir. Það hefir hv. þm. ekki gert í þessu máli. Hér hefir því órökvísin slegizt í för með þekkingarskortinum og afvegaleitt hinn fróma þm. af braut sannleikans.

Sveinbjörn Högnason: Ég býst nú ekki við, að hv. þm. G.-K. hafi ætlað að fara að lofa mig, en eins og ég hefi þegar sagt, hlýtur skökk ályktun að leiða af skakkri forsendu, ef röksemdafærsla er rétt. Ummæli hans eru því lof, en ekki last.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14:3 atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., 29. apríl, var útbýtt nál. fjhn., á þskj. 559, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

24. Jarðræktarlög (frv. landbn. Nd.).

Á 26. fundi í Nd., 11. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40, 7. maí 1928 [Jarðræktarlög] (þmfrv., A. 155).

Á 30. og 32. fundi í Nd., 16. og 18. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Nd., 21. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Landbn. hefir leyft sér að bera fram

breyt. við jarðræktarlögin skv. bendingum búnaðarþings, og skal ég gera grein fyrir, í hverju breyt. þessar eru fólgnar.

Breytingarnar eru einkum tvær. Sú fyrri er, að í b-lið 1. gr., sem verður 9. gr., komi ákvæði um styrki til kartöflugeymslu á nokkrum stöðum. Hér hefir legið fyrir frv. um kartöflugeymslu og markaðsskála í Reykjavík. N. var ljóst, að kröfur um hið sama myndu koma utan af landi, og vildi því koma heimild inn í jarðræktarlögin til að styrkja geymslur þessar á svipaðan hátt og bygging á heyhlöðum er styrkt nú, þó ekki fleiri en eina í hverri sýslu. Hér er ekki um mikil fjárútlát að ræða. Búnaðarfél. gerir ráð fyrir, að geymslurnar yrðu á 6—8 stöðum utan Reykjavíkur, og er gert ráð fyrir að greiða 50 aura á dagsverkið. Eins og fyrr var tekið fram, er ekki ætlazt til, að í hverri sýslu verði nema ein geymsla, en auðvitað nota ekki nema nokkrar sýslur sér þetta. Geymsla, sem rúmaði 2000 tn. — og er þá gert ráð fyrir, að 3 tn. rúmist í hverjum ten.metra í geymslunum —, mundi hljóta 350 kr. styrk. Það er því ljóst, að hér er um smáar upphæðir að ræða, en gætu þó orðið til þess að ýta undir aukna ræktun kartaflna.

Önnur breytingin felst í 2. gr. frv., um verkfærakaupasjóð, sem er einn þáttur í jarðræktarlögunum. Verkfærakaupasjóður hefir til þessa aðeins styrkt hestaverkfæri til ræktunar, svo sem plóga herfi o. s. frv. En margar beiðnir og bendingar hafa komið fram um, að hann styrkti menn einnig til kaupa á heyvinnutækjum, sláttuvélum, rakstrarvélum o. fl. Landbn. þótti rétt að verða við þessum óskum, þar sem búast má við, að dragi nokkuð úr jarðrækt, eins og nú lætur í ári, en bændum hinsvegar þörf á aðstoð við öflun heyja.

N. leggur og til, að veittur verði styrkur til kaupa á garðyrkjutækjum. Þetta ákvæði kemur einkum búnaðarfélögum í kaupstöðum að gagni, m. a. hér í Reykjavík. Mér er tjáð, að búnaðarfélag Reykjavíkur eigi fleiri þús. kr. í verkfærakaupasjóði og geti alls ekki notað þá upphæð, nema leyft sé að veita styrk til kaupa á garðyrkjuverkfærum. Svipað mun og ástatt í fleiri kaupstöðum, og virðist því full þörf á að fá þetta lagfært, ef verkfærakaupasjóður á að geta komið að fullum notum. Það virðist rétt að stuðla að aukinni jarðrækt einnig á þann hátt að veita mönnum styrk til kaupa á þeim verkfærum, sem hér er gert ráð fyrir. Ég tel því þessa breyt. sjálfsagða eins og sakir standa.

Aðrar breyt. eru svo smávægilegar, að um þær þarf ekki að fjölyrða; það eru aðeins lagfæringar á orðalagi, en engar efnisbreyt.

Loks vil ég geta þess, að við ætlumst til, að þessar breyt. og þær breyt., sem gerðar voru á þessum l. 1930, verði felldar inn í meginmál laganna frá 1928, svo að lögin séu ekki í mörgu lagi.

Að lokum vil ég taka það fram, að landbn. leggur mikla áherzlu á, að þessar breyt. nái fram að ganga. Hún álítur, að þótt þessar breyt. séu ekki stórvægilegar, þá verði bændum mikill styrkur að þeim á þessum erfiðu tímum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., 23. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 37. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 155).
Á 39. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Jón Baldvinsson: Af því að nú er mikil sparnaðaröld, þá er rétt að koma fram

með eina spurningu áður en málið gengur til n. Ég vildi því spyrja hæstv. stj., hvaða kostnað hún telur leiða af samþykkt þessa frv. Er fróðlegt að vita fyrirfram um útgjöld ríkissjóðs vegna þess. Ég vildi mælast til, að hæstv. dómsmrh. vildi svara þessu, en ef hann er vanbúinn til þess, að sú hv. n., sem fær málið til meðferðar, gefi svör við þessari spurningu við 2. umr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég tel betra, að þessari fyrirspurn sé svarað við 2. umr. Væntanlega verður viðeigandi ráðh. þá viðstaddur.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

25. Þjóðjarðasala og kirkjujarða.

Á 27. fundi í Nd., 12. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um afnám l. nr. 31. 20. okt. 1905, um sölu þjóðjarða, og l. nr. 50, 16. okt. 1907, um sölu kirkjujarða (þmfrv., A. 162).

Á 30., 32., 36., 38., 40., 41. og 43. fundi í Nd., 16., 18., 23., 30. marz, 1., 2. og 5. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 44. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Við flm. þessa frv. lítum svo á, að það hafi sýnt sig, að sú heimild, sem veitt var ríkisstjórn með l. frá 1905 og 1907 til þess að selja jarðir úr eign hins opinbera, þjóðjarðir og kirkjujarðir, án sérstakrar heimildar þingsins í hvert skipti, hafi ekki orðið til hagsbóta fyrir þjóðina sem heild, heldur þvert á móti hafi hún orðið til þess, að þjóðfélagið hefir verið rúið verðmætum eignum og að það sé fátækara eftir en áður. Það var látið í veðri vaka þegar þessi lög voru samþ., að með þeim ætti að stuðla að því, að sem flestir íslenzkir bændur gætu orðið sjálfseignarbændur, og var svo litið á af mörgum þá, að með því væri landbúnaðinum komið í bezt horf. Nú hefir það sýnt sig, að það fer fjarri því, að þessi ráðstöfun hafi náð tilætluðum árangri. Ég skal ekki ræða um það að svo stöddu, hvort það sé heppilegt að stefna að því, að sem flestir bændur eigi jarðir sínar, en benda á, hvaða áhrif jarðasala hins opinbera hefir haft í þá átt, eftir nýjustu skýrslum um þetta efni, sem gerðar eru eftir fasteignamati því, sem gert var á árunum 1916—18. Eftir því telst svo til, að leiguliðar á opinberum eignum hafi verið 1234, leiguliðar á jarðeignum einstaklinga 2328 og sjálfseignarbændur alls á landinu öllu 3212. Bændur eru samtals taldir rétt í kringum 6700 á öllu landinu. Af þeim voru aðeins 47% sjálfseignarbændur, eða nokkuð innan við helming. 53% voru leiguliðar. Síðan þessi skýrsla var samin kann að hafa orðið einhver breyt. á þessu, en áreiðanlega ekki meiri en svo, að enn er fullur helmingur íslenzkra bænda leiguliðar, og af þeim helming mun láta nærri, að tveir fimmtu hlutar búi á jörðum, sem eru í eigu hins opinbera, að meðtöldum jarðeignum sveitarfélaga og sýslufélaga. Samkv. sama fasteignamati eru jarðeignir ríkissjóðs metnar á 3600 þús. kr. Jarðeignir einstakra manna á sama tíma eru metnar 18200 þús. kr. Af þeim lætur nærri, að tvær af hverjum fimm hafi verið í leiguábúð.

Við flm. þessa frv. lítum svo á, ég hygg báðir, að hagur bænda væri bezt tryggður í raun og veru, ef allar jarðir væru í eign hins opinbera. Hvort sveitarfélögin, sýslufélögin eða ríkissjóður ætti þær, skiptir að okkar hyggju minna máli; það er aðeins fyrirkomulagsatriði, sem alltaf má um ræða.

Þá kem ég að því, hvort heppilegt sé að jarðirnar séu einkaeign. Eins og ég sagði áðan, er talið, að nálega helmingur bænda hér á landi séu sjálfseignarbændur. En í raun og veru eiga flestir þeirra ekki jarðir sínar nema í orði kveðnu. Þeir eru svo hlaðnir skuldum, að þeir eru jafnvel verr settir sumir hverjir, og því miður allt of margir, heldur en þó þeir væru leiguliðar. Aðalgallinn á ein-

staklingseign á landi yfirleitt, hvort sem heldur er um að ræða jarðir eða lóðir, er frá sjónarmiði okkar flm. þó sá, að hverskonar umbætur, sem gerðar eru á landinu, hvort heldur sem er fyrir atbeina eigandans sjálfs eða tilverknað hins opinbera, og í öðru lagi sú verðhækkun, sem stafar af fólksfjölguninni eða hagnýtingu gæða, sem áður hafa verið óþekkt eða menn ekki kunnað að færa sér í nyt, allt þetta kemur fram sem skattur á þá, sem landið nytja. Verðhækkunin rennur öll til einstakra manna, sem síðan við eigendaskipti taka hana í hækkuðu söluverði eða, ef um leigu er að ræða, í hækkuðu eftirgjaldi. Þetta vita menn og því reyna margir hverjir að ná í gróða á þann hátt að sprengja verð landsins meira upp heldur en svarar til hins aukna verðmætis og þeirrar verðhækkunar, sem landið getur þar af leiðandi borið. Segir sig þá sjálft, að landeignin verður þeim til byrði, sem hana vill nota. Þess eru mörg dæmi, t. d. þar, sem hið opinbera hefir lagt veg um hérað, að jarðirnar þar hafa verið sprengdar upp í fjárgróðaskyni meira heldur en það, sem svarar til aukins afrakstrar þeirra vegna vegarins, og hefir þar af leiðandi orðið verra að búa á þeim eftir en áður. En jafnvel þó ekki sé gengið svona langt, þó verð jarðanna hækki ekki meira en svarar til aukinna framleiðslumöguleika, þá liggur það í augum uppi, að ef þetta tvennt, auknir afurðamöguleikar og verðhækkun jarðarinnar, helzt í hendur, þá eru þeir, sem jarðirnar sitja, engu betur staddir þrátt fyrir umbæturnar heldur en þeir, sem jarðirnar sátu áður. Það, sem jarðirnar gefa af sér fram yfir það, sem áður var, fer þá allt í vexti og afborganir af verðhækkuninni, eða í hækkaða leigu, ef þær eru ekki í sjálfsábúð, því að maður verður að gera ráð fyrir, að jarðirnar haldist ekki alltaf í eigu sömu manna. Eftir skýrslum lætur nærri, að jarðir hér á landi skipti um eigendur að meðaltali á 15 til 20 ára fresti. Eftir fasteignamati mun verð allra jarða hér á landi vera um 30 millj. kr. Setjum svo, að þær gengju allar kaupum og sölu einu sinni á hverjum 15 árum. Það svarar til þess, að bændur þurfi að greiða tvær millj. kr. á ári í afborganir af verði jarðanna, auk allra vaxta.

Ég skal svo ekki hafa þetta forspjall mitt lengra. Það, sem ég hér hefi sagt um jarðir og verðhækkun þeirra, gildir líka um lóðir í kaupstöðum, og það þó öllu frekar, því að þar hefir verðhækkunin orðið miklu stórfelldari en í sveitum, vegna hinnar miklu fólksfjölgunar þar og af því þar hafa sameiginlegar umbætur, sem auka verðmæti lóðanna, verið stórfelldari en í sveitunum. Nægir í því sambandi að minna á lóðaverðið hér í Rvík, sem mun vera komið upp í 300 kr. fyrir hvern fermetra þar sem það er hæst.

Ég vil mælast til, að frv. verði vísað til hv. landbn. að lokinni þessari umr.

Ég skal taka það fram að lokum, að við lítum svo á flm. frv., að með því að setja sæmilega ábúðarlöggjöf sé auðvelt að tryggja ábúendum á jörðum hins opinbera fullan afnotarétt á þeim og að arðurinn af öllum umbótum þeirra á jörðunum falli þeim sjálfum og afkomendum þeirra í skaut. Við játum það, að eins og ábúðarlöggjöfin er nú, er þessi réttur leiguliða ekki nægilega tryggður. Þess vegna flytjum við jafnframt þessu frv. till. til þál. um að skora á hæstv. stj. að undirbúa ný lög um ábúð á jörðum hins opinbera. Við lítum í sjálfu sér svo á, að æskilegra sé að setja sérstök lög um þetta efni, en mundum þó ekki hafa á móti því, að settur væri sérstakur kafli um það inn í ábúðarlögin. Í frv. því til ábúðarlaga, sem nú liggur fyrir þinginu, er ekki gerður sérstakur munur á, hvort jarðirnar eru í eigu einstaklinga eða ekki, og ekki tekið sérstakt tillit til landseta hins opinbera.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það eru aðeins örfá orð í sambandi við þetta frv. Ekki fyrst og fremst vegna þess, að ég er frv. andstæður, heldur til þess að mótmæla þeirri skoðun, sem fram kemur í grg. frv. Hv. flm. segja þar um lögin um sölu þjóðjarða og kirkjujarða, með leyfi hæstv. forseta: „Orkar það vart tvímælis lengur, að lagasetning þessi hefir orðið til hins mesta ógagns". Ég er þessari skoðun gersamlega andstæður. Ég lít svo á, að sú ráðstöfun þingsins að koma jörðum hins opinbera yfir á hendur ábúendanna með sæmilegum kjörum hafi orðið landbúnaðinum

hin mesta lyftistöng. Ég álít, að það hafi verið rétt spor og að það hafi orðið þjóðinni farsælt. Þess vegna mun ég greiða atkv. á móti þessu frv., og ég býst ekki við, að það hafi það fylgi hér á þinginu, að það hafi þýðingu að láta það ganga til 2. umr. Það, sem Alþ. á nú að gera, er að afgr. frv. það til ábúðarlaga, sem hv. landbn. þessarar d. hefir til meðferðar, samþykkja það í aðaldráttum eins og það liggur fyrir hjá n. nú. Ég legg áherzlu á, að það frv. verði samþ. vegna þess, að við þurfum að fá ábúðarlög, sem ásamt l. um sölu þjóðjarða stuðla að því, að sem flestar jarðir verði í sjálfsábúð.

Magnús Guðmundsson: Ég vil taka undir það með hæstv. forsrh., er hann sagði viðvíkjandi frv., og eins það, er hann sagði það vera fjarstæðu eina, að þessi lagasetning um sölu kirkju- og þjóðjarða hefði orðið til ógagns. Hefir hún einmitt orðið til hins mesta gagns. En þótt svo væri, að þessi lög hefðu orðið til óþurftar landbúnaðinum, þá væri þó þetta frv. of seint fram komið, því að það er nú búið að selja flestar þær kirkju- og þjóðjarðir, sem hægt er að selja. Ég veit, að það er skoðun hv. þm. Seyðf., að ríkið eigi að eiga allar jarðir. Hann vill láta taka jarðirnar af bændum, segir, að þeir eigi þær ekki, af því að þeir séu svo skuldugir. Vil ég minna hann á það, fyrst hann heitir Haraldur, að á 9. öld var annar Haraldur, er vildi taka óðulin af bændum í Noregi. Þeir kjarnmestu þeirra vildu ekki sætta sig við þetta, flýðu land og leituðu hingað. Er undarlega breyttur hugur íslenzkra bænda frá því, sem þá var, ef þeir vilja nú gerast leiguliðar. Held ég ekki að slíkt gæti orðið til bóta. Ég held, að ekki sé hægt að gera íslenzkum landbúnaði betra en að stuðla að því, að bændur eigi sín býli sjálfir. Býst ég við, að þeir, sem farnir eru að eldast, muni, hvernig þjóðjarðir og byggingar á þeim skáru sig úr um litlar jarðabætur í samanburði við sjálfseignarbýli, enda lagði ríkið ekki rækt við þessar jarðir, og var engan styrk hægt að fá til bygginga á þeim. Annars álít ég óþarfa að láta þetta frv. tefja lengur störf þingsins og fer því ekki lengra út í þessa sálma.

Steingrímur Steinþórsson: Ég ætlaði ekki að taka til máls við þessa umr., en þar sem bæði hæstv. forsrh. og hv. 2. þm. Skagf. vilja, að frv. sé fellt strax, kemst ég ekki hjá því að segja nokkur orð. Það hefir verið skoðun mín frá því ég fyrst fór að veita þessum málum athygli, að rangt spor hafi verið stigið með því að gera svo létt fyrir um sölu þjóðjarða sem þessi lög gera, og þessi skoðun hefir þróazt við þá reynslu, sem fengizt hefir þann aldarfjórðung, sem lög þessi hafa staðið. Segi ég þetta ekki sem ásökun á þá menn, sem fyrir þessu hafa gengizt, því að þeir héldu óefað, að þeir væru að gera rétt og væru að leggja grundvöll að framförum landsins. En ég verð að taka undir það með hv. flm., að þetta hefir ekki orðið. Hv. samþm. minn sagði, að nú væri búið að selja flestar þjóðjarðir, en þetta er ekki rétt. Er eftir mikið enn óselt, og mun ég síðar geta lagt fram skýrslu, byggða á hinu nýja fasteignamati, sem sýnir það, að allmikið er enn óselt af þjóð- og kirkjujörðum, þótt mikið hafi verið að gert hin síðustu ár um sölu þeirra. Þá sagði hv. þm., að þeir, sem farnir væru að eldast, myndu eftir því, hvernig þjóðjarðir hefðu áður verið setnar, og hvað þær hafi verið vanræktar miklu meira en sjálfseignarjarðir. En þetta kom ekki til af öðru en því, að ábúðarl. voru þannig, að leiguliðar gátu ekki lagt fulla rækt við jarðirnar. Ábúðarrétt leiguliða þarf að bæta, fyrst og fremst á leigujörðum, sem eru í eign einstakra manna, því að þeir leiguliðar eru verst settir. En það þarf einnig að gera rétt leiguliða á opinberri eign tryggari en nú er, þótt leiguliðar ríkissjóðs, með þeim réttindum, sem þeir hafa samkv. jarðræktarlögunum, séu langbezt settir allra leiguliða hér á landi. Vil ég benda á eitt atriði í þessu þjóðjarðasölumáli. Það var rétt hjá hæstv. forsrh., að þeir, sem jarðirnar keyptu, fengu þær fyrir lágt verð. En þessara kaupa njóta ekki þeir kaupendur, sem á eftir koma. Seinna eru þessar jarðir seldar uppsprengdu verði, og nýr ábúandi verður að greiða vexti og afborganir af miklu hærra verði, svo að hin góðu kjör, sem fyrsti kaupandi fékk, koma honum einum að gagni, en jörðin er komin í uppsprengt verð strax við

fyrstu eigendaskipti. Þá má benda á það, hvernig oft fer, þegar arfaskipti verða. Tökum dæmi um bónda, sem alla æfi hefir staðið í stríði við að borga af jörð sinni. Segjum, að hann eigi hana að miklu leyti eða öllu við dauða sinn. Hann á mörg börn, og hreppir eitt þeirra jörðina, en hin flytja venjulega í kaupstaðinn. Það barnið, sem á jörðina, er svo alla æfi að reyta í þessi systkini sín, sem í kaupstaðnum búa. Hefir ekki verið tekið tillit til þessa óslitna fjárstraums úr sveitunum í kaupstaðina. Þeir, sem sitja á jörðunum, reyta allt til hinna erfingjanna. Eru flestir kaupstaðir hér á landi byggðir upp að nokkru leyti með því fjármagni, sem á þennan hátt hefir runnið úr sveitum til kaupstaða. Ég tala hér út frá sjónarmiði bænda, en sleppi annars að minnast á önnur atriði, er hér koma til greina, svo sem það, hvernig óhæfileg verðhækkun hefir átt sér stað á mörgum sviðum. Skil ég ekki í þeim mönnum, sem bera hag sveitabænda fyrir brjósti, ef þeir geta lokað augunum fyrir þessum fjárstraumi úr sveitum í kaupstaðina, sem verður til þess að auka misræmið milli þróunar sveita og kaupstaða. Fer ég svo ekki lengra út í þetta mál, en ég drap á það, af því að mér þótti einkennilegt, að hæstv. forsrh. og hv. samþm. minn skyldu snúast svona við því. Veit ég um hæstv. forsrh., að hann mun bera hag sveitanna fyrir brjósti meir en okkur annar maður hérlendur, og um hv. samþm. minn veit ég, að honum er vel til sveitanna. Skil ég ekki, að þeir skuli snúast svo öndverðir gegn máli þessu, að þeir vilji banna, að það fái athugun í n. Ég er að vísu samþ. hv. flm. frv., sem sagði, að reynsla sú, sem fengizt hefði þau 25 ár, sem liðin eru síðan l. voru sett, bendi til þess, að þau hafi ekki komið að notum þeim, sem ætlazt var til. En hitt er víst, að það þarf að gera kjör leiguliða þannig, að þeir geti búið á jörðunum eins og sjálfseignarbændur væru. Eiga þeir að hafa fullan umráðarétt yfir þeim, ef þeir uppfylla viss skilyrði. Hitt er ekkert atriði, hvort hægt er að segja, að eignarrétturinn sé óskoraður í höndum ábúanda, heldur er umráðarétturinn aðalatriðið.

Vona ég, að hv. deild láti málið ganga til n. Hv. 2. þm. Skagf. situr í landbn., og er það því óeðlilegt af honum að leggja á móti málinu. Hefði ég ekki tekið til máls núna, ef ekki hefði komið fram till. um að drepa málið.

Ingólfur Bjarnarson: Ég vil taka undir það með hæstv. forsrh. og hv. 2. þm. Skagf., að þessi grg. er svo einhliða og slíkar fullyrðingar þar fram settar, að engu tali tekur. Verð ég að mótmæla því, sem þar er sagt, að það orki ekki tvímælis, að þessi lagasetning hafi orðið til hins mesta ógagns. Kemur þetta í bág við það, sem ég og fleiri hafa sannfærzt um við það að athuga, hvernig eignir þær, sem seldar hafa verið, hafa gerbreytzt. Jarðir þær, sem flutzt hafa úr eigu ríkisins í eigu einstakra manna, hafa jafnan verið bættar á marga lund. Sú breyting hefði áreiðanlega ekki átt sér stað, ef þær hefðu haldið áfram að vera í eigu ríkisins. Hv. flm. sagði, að ríkið hefði verið rúið að verðmætum með jarðasölunni. Þetta á við í fæstum tilfellum. Ef ríkið hefði átt þessar jarðir áfram, eru líkindi til, að þær væru nú flestar í mesta ófremdarástandi, miðað við þau dæmi, sem fyrir liggja. Ef hinsvegar er gert ráð fyrir því, að jarðirnar hefðu verið bættar, þá hefði ríkið orðið að leggja fram til þess svo mikið fé, að það hefði orðið tvísýnn gróði. Annars hefir ekki borið mjög á því, að það hafi verið gert. En hitt tel ég gróða fyrir þjóðfélagið, er einstakir menn hafa lagt fram fé til þess að bæta jarðir þær, er af ríkinu hafa verið keyptar og ekki hefði orðið, ef ríkið hefði átt þær áfram.

Hv. 1. þm. Skagf. talaði um, að það væri ekki að marka, þótt þjóðjarðirnar væru niðurníddar, því að það hefði að sjálfsögðu þurft að bæta ábúðarkjörin og tryggja ábúendum sinn rétt. Það er nú gott og blessað, en sá er gallinn á, að þetta hefir ekki verið gert, og engin trygging er fyrir því, að þetta verði gert, og þangað til sú trygging er fengin, efast ég um, að það sé þjóðarhagur, að jarðirnar séu í eign ríkisins. Sem sýnishorn upp á þá réttartryggingu, er ábúendur þjóðjarðanna hafa átt við að búa, vil ég segja litla sögu um ein slík viðskipti.

Í ábúðarlöggjöf þeirri, sem nú gildir,

er eða á að vera sett trygging fyrir því, að ábúandi njóti verka sinna á þjóðjörð og að honum sé hjálpað til að gera endurbætur á jörðinni. Um aldamótin bjó landseti einn á ríkisjörð, þar sem forfeður hans höfðu búið hver fram af öðrum. Hann tók sér fyrir hendur að bæta jörðina og vildi fá það endurgreitt samkv. þeim rétti, sem ábúðarlöggjöfin átti að tryggja honum. Umráðamaður jarðarinnar fyrir ríkisins hönd vildi ekki ganga inn á þetta, og fór svo að lokum, að umboðsmaður byggði bóndanum út.

Það vildi til, að þessi maður var sæmilega efnum búinn og greindur vel; þótti honum þetta harðir kostir og fór í mál. Vann bóndi málið í héraði, en það reyndist ekki nóg. Var málinu vísað til landsyfirréttar og síðan hæstaréttar. Tóku þessi málaferli mörg ár, og var bónda byggt út hvað eftir annað meðan á þeim stóð. Vann hann málið loks að fullu, og féll sá dómur í hæstarétti skömmu áður en hann dó, og hafði þá vitanlega eytt í það bæði tíma, erfiði og miklu fé.

Þetta sýnir, að ekki er nóg að setja reglur til þess að tryggja ábúendum á þjóðjörðum rétt sinn. Reynist það stundum erfitt að framfylgja slíkum reglum.

Ég vil taka það fram, að þessi umgetni umboðsmaður var talinn drengur góður og fremur vel kynntur.

Vil ég taka eindregið í sama streng og þeir hv. þm., sem hér hafa látið það í ljós, að það sé léleg úrlausn, að ríkið eigi allar jarðir hér á landi. Ég held, að það yrði einmitt meiri en lítill baggi fyrir ríkið, ef það ætti að standa straum af þeim endurbótum, sem sjálfseignarbændur gera nú almennt á sínum jörðum. Hér hefir verið talað um, að þeir, sem kaupa þjóðjarðirnar, sökkvi við það í skuldir. Getur það vel verið, að margir, sem keypt hafa þessar jarðir, séu skuldugir, en þær skuldir, sem þeir komast í við endurbætur á jörðum sínum, tel ég ekkert ólán. Munu þjóðjarðalandsetarnir heldur ekki lausir við skuldir, því miður. Tel ég, að betra sé að vera skuldugur fyrir það að hafa bætt eignarjörð sína heldur en að vera í skuldum og eiga enga jarðeign að baki. Finnst mér þetta frv. alveg fráleitt og sé ekki ástæðu til að greiða því atkv. til n. Ég get ekki hugsað mér, að n. geti gert á því nokkra þá breyt., er breytt gæti afstöðu minni.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Af því að þetta kemur kirkjujarðasölunni mikið við og ég hefi um stund haft afskipti af því máli, verð ég að segja nokkur orð. Hefi ég orðið þess var, að ýmsir hv. þm. eru þeirrar skoðunar, að það beri að fella frv. strax. Skiptir það að vísu ekki miklu máli, ef á að fella frv. á annað borð, hvort það er gert fyrr eða síðar, en annars eru menn ekki vanir því að vera svona bráðir á sér um þau frv., sem orka meira tvímælis en þetta. Er ég sammála hv. síðasta ræðumanni um það, að óheppilegt væri, að það færi saman, að Alþingi bannaði sölu á kirkju- og þjóðjörðum og að það gerði ekkert til þess að tryggja rétt leiguliða. Það er satt, að nú er mjög erfitt að vera leiguliði, sérstaklega á jörðum einstakra manna. Vestur á Breiðafirði var nýlega ábúandi á jörð, sem var eign manns hér í Reykjavík. Bóndi fluttist ekki alls fyrir löngu burt af jörðinni, og kom þá upp spurningin um það, hvað honum bæri að fá fyrir laglegt steinhús, sem hann hafði komið sér þar upp. Eigandinn býður honum 1 þús. króna fyrir húsið, sem í Reykjavík hefði kostað a. m. k. 10 þús. kr. Gæti þetta og þvílíkt reyndar komið mönnum á þá skoðun, að ófært sé að hindra menn frá kaupum opinberra jarða. En það er annað, sem kemur hér til athugunar, sem sé það, að þótt kirkju- og þjóðjarðir séu seldar, er engin trygging fyrir því, að þær geti haldizt í eign ábúandans. Meira en helmingur af jörðum landsins er nú ekki í sjálfsábúð. Nokkur hluti af þessum jarðeignum er í eigu hins opinbera, og eru landsetar hvergi betur settir en þar. Hættan við sölu þjóðjarðanna er í því fólgin, að mikill hluti þeirra verði ekki í sjálfsábúð, þegar til kemur, og vandræði leiguliða aukist þannig að miklum mun. En nú eru þeir litlu betur settir, sem fá jörð keypta, nema rétt í bili, því að þegar svo ábúendaskipti verða, kemur til verðhækkun á jörðunum, sem getur gert það að frágangssök fyrir yngri kynslóðina að taka við þeim. Fyrsta kynslóðin fær jarðirnar fyrir gott verð og græðir á kaupunum, en þeir, sem síðan taka við,

eru háðir óeðlilegri verðhækkun, svo að þjóðjarðasalan getur orðið mjög vafasamur velgerningur.

Ég álít heppilegt, að ekki sé haldið áfram að selja þessar jarðir, en að það kæmu lög, sem tryggðu leiguliðana á þessum jörðum. Ég álít, og er samdóma hv. þm. S.-Þ. um það, að það verði að tryggja leiguliðunum ábúð á jörðum þess opinbera, en það er ekki hægt nema með erfðafestu, og afleiðingin af því verður sú, að jörðunum verður að mega skipta milli erfingja. Þetta er mjög nauðsynlegt mál, að setja ný ábúðarl., og má ekki dragast; það er miklu stærra mál en sjálft þjóðjarðasölumálið, og það mætti athuga, hvort erfðaábúð ætti að ná yfir allar leigujarðir. Hér hefir legið fyrir Alþ. ákaflega vel undirbúinn stór lagabálkur um ábúð á leigujörðum, borinn fram eftir till. mþn. í landbúnaðarmálum. Þetta er náttúrlega stórt mál, og er eðlilegt, að um það séu skiptar skoðanir, og ég vil ekki segja, að það séu ekki ýms vafaatriði í frv. n. En unga fólkið, sem bíður eftir jarðnæði i sveitum landsins, eða þarf að flýja á mölina í kaupstöðunum, af því að jarðnæðið er svo dýrt, þó það sé til, það á heimtingu á, að þetta mál sé nú ekki svæft eða látið verða óútrætt. Þegar svo er ástatt, að meira en helmingur allra leiguliða í landinu býr við hreint og beint réttleysi, og þeir, sem vilja fá jarðir, geta ekki tekið þær vegna ósæmilegs leigumála, þá er það víst, að Alþ. bregzt skyldu sinni, ef það gerir ekki neitt til að rétta hlut þessara manna. En það verður ekki leyst úr þessu máli á viðunandi hátt nema með erfðaábúð, því að meðan hún er ekki fengin, þá helzt við böl verðhækkunarinnar, sem er mesta plága sveitabúskaparins á Íslandi.

Ég álít viðvíkjandi opinberu eignunum, að það sé rétt, að þær séu ekki seldar, nema sérstaklega standi á, en í kjölfar þess þarf að fylgja erfðaábúð, ekki einungis vegna þeirra bænda, sem á jörðunum búa, heldur líka og engu síður vegna ríkissjóðs.

Það er rétt, sem hv. þm. S.-Þ. sagði, að ef ríkið ætti að kaupa allar jarðeignir í landinu, þá væri það því langsamlega ofvaxið. Og þó það væri búið að kaupa allar jarðirnar, þá væru þær orðnar því svo dýrar, að það væri ekki hægt að leigja þær með peningavöxtum af kaupverðinu. En þar við bætist svo byggingarspursmálið. Það væri því æskileg leið að taka upp erfðaábúð, því að þá væri hægt að létta af ríkissjóði og kirkjujarðasjóði að byggja upp á jörðunum, og láta ábúendurna sjálfa gera það. Og mér finnst það sjálfsagt, fyrst það er hægt, að létta af ríkinu byggingarkostnaðinum. Ef ábúendurnir byggðu upp, þá ætti ríkið landið eða jörðina, en ættin ætti mannvirkin eða endurbæturnar, sem ættu þá að ganga á ódýran hátt frá kynslóð til kynslóðar.

Þótt því þetta frv. félli nú, þá gæti vel gengið fram á þessu þingi þáltill. um að selja ekki jarðirnar á meðan væri verið að undirbúa nýja ábúðarlöggjöf. Ég held, að það ætti að mega fá þá málamiðlun, a. m. k. við þá menn, sem viðurkenna núverandi réttleysi leiguliða og vilja breyta því. Og þá ynnist tími til að undirbúa lög um erfðaábúð á opinberum eignum.

Ég vil svo minna hv. landbn. og alla þá, sem unna málefnum landbúnaðarins, á það, að þetta stóra frv., sem nú liggur fyrir þinginu um ábúð, á meira erindi inn í umr. í þessari hv. d. en sumt annað, sem hér hefir verið rætt að undanförnu.

Jónas Þorbergsson: Rétt um aldamótin seinustu, þegar þjóðjarðasalan var fyrst uppi hér á Alþ., var það mikið hitamál. Þáverandi þm. S.-Þ. (P.J.) gerðist harðastur andmælandi þjóðjarðasölunnar. Ávallt síðan hefir sú skoðun verið uppi í Þingeyjarsýslu, að það myndi orka mjög tvímælis, til hve mikilla hagsbóta það væri bændastétt landsins, að þær jarðeignir, sem væru eign ríkisins, gengju úr eign þess.

Fyrir allmörgum árum — ég held það hafi verið 1910 eða litlu seinna — átti þessi skoðun sér svo mikið fylgi í Þingeyjarsýslu, að það var tekið að berjast fyrir henni með tímariti, og stóðu að því nokkrir ungir menn þar í sýslunni. Þetta tímarit hét Réttur. Í því tímariti voru teknar til túlkunar skoðanir Péturs á Gautlöndum, þær sem hann hélt fram í þessu máli, og þær skoðanir áttu rót sína að rekja til hagfræði Henry George, sem hefir verið talinn einn hinn merkasti hag-

fræðingur Ameríkumanna. Henry George leit svo á, að einstaklingseign á landi væri undirrót flestra meinsemda þjóðfélaganna. Hann leit svo á, að allt landnám hafi upphaflega verið byggt á fullkomnu réttleysi og af handahófi, venjulega á þann hátt, að einhver landnámsmaðurinn sló eign sinni á eitthvert ákveðið landflæmi, sem hann þá hafði svo stórt sem við varð komið, og braut þannig undir sig réttindi, sem með eðlilegum hætti hefðu átt að vera réttindi allrar þjóðarinnar. Hann leit svo á, að jörð, vatn, sjór og loft væru hlutir, sem eftir eðli sínu ættu ekki að vera einstaklingseign, heldur almenningseign.

Enda þótt í þessum skoðunum sé djúpt tekið í árinni, munu flestir játa, að í þeim sé fólginn mikill sannleikur í þessu máli. Þær almennu framfarir, sem verða fyrir atbeina ríkisins, miða til þess að hækka verðmæti þjóðarinnar, jarðeignir og lóðir, í verði. Þess vegna er ekki neinn vafi á því, að það er réttmætt, að sú verðhækkun, sem á þann hátt verður fyrir atbeina hins opinbera, verði grundvöllur undir þeim sköttum, sem sanngjarnt verður að teljast að leggja á lóða- og jarðaverð.

Ég er að vísu sammála hv. andmælendum þessa frv. og grg. fyrir því á þskj. 162 um þá meginhugsun, sem liggur að baki andmælum þeirra. Þeir líta svo á, að sjálfseign fylgi meira öryggi fyrir ábúð og að menn leggi sig meira fram um að bæta jarðirnar, ef þeir eiga þær sjálfir. Að því leyti er ég sammála þeim, að ég tel, að sjálfsábúðaröryggið eigi að vera alltaf fyrir hendi. En ég tel, að lífstíðarábúð og þó sérstaklega erfðafestuábúð geti komið í stað sjálfsábúðar, ef öryggi er jafnmikið fyrir ábúðinni. Það, sem ég tel aðalatriði í þessu máli, er það, að ábúandi hafi rétt og öryggi eiganda til afnota jarðar; hitt skiptir minna máli, hvaða ákvæði gilda um eignarrétt jarðar, sem menn búa á.

Ég er því mjög sammála hv. flm. frv. um það, að það orki mjög tvímælis, til hve mikilla hagsbóta og blessunar sú ráðabreytni hafi orðið fyrir þjóðina að selja jarðirnar.

Ég tel, að jarðabraskið og lóðabraskið sé þjóðhættulegt böl og að ærin ástæða sé fyrir löggjafarvaldið að stemma stigu fyrir því. Ég lít svo á, að ef jarðir standa undir ráðstöfunarvaldi hins opinbera, þá sé fremur unnt að koma í veg fyrir óeðlilega mikla verðhækkun þeirra. Af þeim ástæðum mun ég verða meðmæltur þessu frv. Og mér þykir furðulegt, jafnmerkilegt mál og hér er um að ræða, og sem var jafnmikið ágreiningsmál fyrir rúmum 20 árum og þá þótti þess vert að vera rætt mikið hér á þingi, skuli nú sæta slíkri aðbúð frá hálfu sumra hv. dm., að þeir vilji fella það frá n. og frekari umr. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á, að hv. d. ætli að fara þannig að í þessu máli.

Pétur Ottesen: Maður á nú stundum því að venjast, bæði hér á Alþ. og á landsmálafundum, að menn neiti staðreyndum. En lengra hefi ég aldrei vitað gengið í því að neita staðreyndum en þegar því er neitað, að þjóðjarðasalan hafi átt mikinn þátt í þeim auknu framförum, bæði í jarðrækt og bættum húsakynnum, sem orðið hafa síðan þau lög voru sett. Lengra er ómögulegt að ganga í því að neita staðreyndum. En það er það, sem hefir verið gert af þeim mönnum, sem flytja þetta frv. og skrifað hafa neðan við það þessa merkilegu grg. á þskj. 162, og sömuleiðis af þeim, sem tekið hafa undir hana, bæði hv. 1. þm. Skagf. og þm. Dal.

Þeim mönnum, sem nokkurntíma hafa stigið fæti á guðs græna jörð og haft opin augu á því ferðalagi, held ég að hljóti að vera það ljóst, að með þjóðjarðasölunni ásamt stofnun hreppabúnaðarfélaganna var stigið verulegt og drjúgt spor til aukinnar jarðræktar og með því lagður grundvöllurinn að þeim framkvæmdum, sem síðar hafa orðið á þessu sviði. Eins og tekið hefir verið fram af hv. 2. þm. Skagf. og þm. S.-Þ., sér þess glögg merki, hvar sala hefir farið fram. Þess sér óræk merki í stórfelldum jarðabótum, og þá ekki síður í húsabótum, sem gerðar hafa verið, og þar með bætt skilyrði fyrir afkomu og líðan manna í sveitum landsins. Það er áreiðanlegt, að þeir menn, sem þessu máli réðu á Alþ., þeir hafa bæði haft góðan skilning á nauðsyn sveitanna og unnið happaverk fyrir þær með því að ákveða að selja þessar jarðir. Og

þó nú svo sé, að ekki séu eftir nema fáar jarðir, sem selja má — því þjóðjarðasölulögin taka undan jarðir, sem ekki má selja nema með sérstökum l. í hvert sinn, t. d. öll prestssetur og þær jarðir, sem geta komið til greina sem sérstakt menntasetur, annaðhvort fyrir héraðið eða ríkið, eða til annara almennra þarfa, — þá á, bara í áframhaldi af hinu heppilega, góða og rétta spori, sem stigið var með þjóðjarðasölulögunum, að stíga það nú til fulls og selja þessar jarðar, sem ríkið á eftir, og láta þær koma í hendur borgaranna, sem bera byrðar ríkis og sveita, því á annara herðar koma þær nú ekki.

Það kemur nokkuð undarlega við, þegar talað er um, að ríkissjóður hafi beðið mikinn halla við að selja þessar jarðir. Það er eins og þessi verðmunur, sem verið er að tala um, að sé nú orðinn á jörðunum, sé tapaður þjóðfélaginu fyrir fullt og allt, eins og honum hafi verið sökkt í eitthvert sjávardjúp, þar sem hann steinsökkvi og komi þaðan aldrei aftur, fyrr en að eilífu nóni. Nei, sá munur, sem kann að vera á söluverði jarðanna, þegar ríkið selur þær, og svo við síðari sölur, sem venjulegast stafar af bótum á jörðunum, hann verður vissulega eftir í þjóðfélaginu, hann fellur í skaut borgaranna, beint eða óbeint, þessara sömu borgara, sem bera uppi þarfir þjóðfélagsins. Það er nú ekki annað að leita eftir fé til opinberra þarfa en til þessara manna, hvort heldur það er til sveitarþarfa eða í ríkissjóðinn.

Hv. 1. þm. Skagf. var mikið að tala um það áðan, að þegar aftur hefði farið fram sala á þessum jörðum, hefðu þær verið seldar fyrir miklu hærra verð en þegar ríkið seldi þær. Þetta er sjálfsagt alveg rétt. En í flestum tilfellum byggist þessi verðhækkun á því, að jarðirnar hafa aukizt að verðmæti við þær framkvæmdir, sem á þeim hafa verið gerðar, bæði í ræktun og stórendurbættum húsakynnum, svo að aðalgrundvöllurinn fyrir því, að þær hafa verið seldar hærra verði eftir að þær hafa verið í einstaklings eign nokkur ár, er vitanlega sá, að jarðirnar hafa tekið svo miklum stakkaskiptum við það að skipta um eigendur — við það að ganga úr eign ríkisins og komast í eigu borgaranna í landinu. Jarðirnar hafa fyrir dugnað og framtakssemi þessara nýju eigenda aukizt að verðgildi, og það er ofureðlilegt, að þetta verðgildi gangi kaupum og sölum eins og önnur verðgildi, sem mönnum er nú ekki ennþá neitað að verzla með. Það getur verið, að eitthvað af þessari verðhækkun stafi af framkvæmdum, sem unnar eru fyrir atbeina hins opinbera; ég skal ekki neitt mæla á móti því. En sá verðmunur er þá heldur ekki tapaður þjóðfélaginu, heldur er hann ávaxtaður og margfaldaður eins og önnur verðgildi þjóðarinnar og er gjaldstofn, sem ríkið og sveitarfélögin m. a. byggja tekjuöflun sína á.

Ég vil benda á það, út af því, sem hv. 1. þm. Skagf. sagði, að það hefðu fjölda margir menn orðið að flýja úr sveitunum á mölina í kaupstöðunum, að ef sú stefna hefði ekki verið uppi í þjóðfélaginu að selja jarðirnar, og við á þann hátt farið á mis við þær framfarir, sem orðið hafa í ræktun og húsabótum í sveitum landsins, einmitt fyrir það, að jarðirnar voru seldar, þá hefðu það orðið margfalt fleiri, sem mundu hafa farið á mölina, en það þó eru, sem hafa gert það, því þetta hefir orðið í verulegum mæli til að stöðva þann straum af fólki, sem annars hefði orðið að flytja í kaupstaðina; og það hefir ekki þurft að grípa til eins róttækra ráðstafana til að halda því jafnvægi milli sveita og kaupstaða, sem þó ennþá er, fyrir forsjálni fyrrv. valdhafa í þessu efni.

Þá var sami hv. þm. (StgrS) að tala um afnotarétt og eignarrétt. Það er nú svo, að eignarréttur er sterkasta hvötin, sem til er til að knýja fram hjá mönnum þær athafnir, sem gefa uppskeru. Það er sterkasta hvötin fyrir menn til að leggja fram orku sína til framleiðslunnar, að þeir geti sjálfir átt þau tæki, sem til framleiðslunnar þarf, hvort heldur það nú eru tæki til að vinna auðæfi úr djúpi sjávar eða úr hinni gróðursælu íslenzku mold. Þegar litið er á þessa hlið málsins, þá hefir það mjög mikla, mjög verulega þýðingu til þess að ná sem beztum árangri, að þessir menn viti, að þeir eru að vinna að því að verða eigendur tækjanna, sem útheimtast til þess að framleiða þessi verðmæti. Það má því ekki

rugla því saman, að menn hafi takmarkaðan afnotarétt af einhverjum hlut og að þeir séu raunverulegir eigendur hans. Það er þetta, sem hefir staðið ljóst og skýrt fyrir þeim mönnum, sem ákváðu, að þær jarðir, sem konungs- og kirkjuvaldið höfðu sölsað undir sig á fyrri öldum, skyldu komast aftur í eigu borgaranna. Það var ekki af góðu til komið eða af þjóðlegri rót runnið, þegar borgararnir hér á landi misstu eignir sínar og óðul undir vald konungs og kirkju. Það var ekki verið að bjarga hagsmunum þjóðarinnar með því háttalagi; sagan sýnir okkur hið gagnstæða. Þetta varð til niðurdreps starfslöngun og framtaki þjóðarinnar. Með þjóðjarðasölulögunum var bætt fyrir þessar fornu syndir og skapaðir möguleikar fyrir borgarana til þess að fá jarðirnar aftur á eigin hönd og reka búskapinn á sinni eigin eign. Ég verð því að segja, að það er verið að spyrna á móti eðlilegri framþróun á sviði ræktunar og umbóta í sveitum, ef nú á að kippa að sér hendinni aftur um sölu þjóðjarða og kirkjujarða þeirra, sem enn eru eftir í eign ríkisins, og þar með draga úr eða fyrirbyggja, að umbætur verði auknar á jörðunum, ræktun og byggingar og annað, er framtakssamir einstaklingar gera á sínum eigin jörðum. En reynslan hefir sýnt, að þetta eru afleiðingarnar af því, er jarðirnar ganga úr eign einstaklinganna. Og þetta er vitanlega í algerðu ósamræmi við þá stefnu, sem nú ríkir um að hlynna að jarðræktinni og bæta lífsskilyrðin í sveitum landsins.

Mér er það sérstaklega minnisstætt frá þeim árum, þegar verið var að vinna að fasteignamatinu hinu fyrra í einni af beztu búsældarsveitunum í Borgarfjarðarsýslu, hvað ein jörðin í sveitinni, prestssetursjörðin, sem er gamalt höfuðból, hafði dregizt aftur úr um allar umbætur, einkum húsagerð. Þar var ekki járnþak á neinu húsi og engin heyhlaða. En á nálega öllum öðrum jörðum í sveitinni höfðu orðið mjög miklar framfarir í húsabótum, víða búið að byggja reisulega, og jarðræktinni hafði fleygt áfram. Margar jarðir í þessari sveit voru áður ríkis- og kirkjueign, en þá nálega allar komnar í sjálfsábúð, og frá því stöfuðu umskiptin. Slík dæmi sem þetta verða ekki tölum talin. Áður var það svo, að flestir af þeim mönnum, sem söfnuðu fé, höfðu ekki aðra möguleika til að ávaxta fé sitt en að kaupa fyrir það jarðir. Á þann hátt söfnuðust miklar jarðeignir í hendur einstakra manna. En hvernig er svo stefnan og straumurinn í þessu efni í seinni tíð? Stefnan er sú, að fleiri og fleiri af bændum í sveitum landsins hafa nú keypt ábýlisjarðir sínar, bæði af þessum jarðeignamönnum og því opinbera. Þannig hefir smámsaman orðið ákaflega mikil og stórfelld breyt. í þá átt, að sjálfsábúð bænda hefir aukizt. Ég held það sé varla hægt að benda á, að jarðeignir hafi í seinni tíð safnazt á fárra manna hendur, þó sumstaðar kunni máske að eima eitthvað eftir af því, að einstakir menn eigi margar jarðir. (StgrS: Helmingur af bændum í landinu eru enn leiguliðar). Já, það fullyrðir hv. þm., en ég veit ekki, hvernig hann dregur markalínuna milli sveita- og sjávarþorpa, eða hvorumegin hann telur þann fjölda smábænda, sem býr í eða við kauptúnin og lifir á grasnyt samhliða daglaunavinnu eða sjómennsku. En hitt vitum við, að breytingin hefir orðið stórkostleg, og hún heldur alltaf áfram í þá eðlilegu framþróunarátt, að fleiri og fleiri bændur eignast ábýli sín. Með þessu frv. er því alveg gengið í berhögg við þá eðlilegu framþróun á þessu sviði. Hv. þm. S.-Þ. benti á greinilegt dæmi þess, að það er hægra sagt en gert að búa svo um hnútana milli jarðeigenda og ábúenda, að það leiði ekki til árekstra í einstökum atriðum. Ég býst við, að með ábúðarlöggjöf sé erfitt að búa þannig um, að ekki verði ýmsir þröskuldar á þeirri leið til hindrunar því, að dugnaðarmenn fái notið sín og verka sinna. Ég efast mjög um, að það takist að búa þannig um, að ábúðartilhögunin valdi ekki sífelldum árekstrum, og álít, að hnúturinn sé eðlilegast og bezt leystur á þann hátt, að ábúandi hverrar jarðar sé jafnframt eigandi hennar.

Það hefir verið talað um, að einkaeign á jörðum leiddi til óhæfilegrar verðhækkunar á þeim. Eins og atvinnuvegir þjóðarinnar eru misbrestasamir, gefa að í góðum árum, en valda töpum þegar illa

árar, eins er því háttað með verðmæti jarðanna. Þó að jörð sé talin í hæfilegu verði í góðæri, þegar verðhlutfallið á milli aðkeyptrar vöru og innlendrar framleiðslu er bændum hagstætt, þá getur farið svo, að sama verð þyki ósanngjarnlega hátt í vondum árum, þegar afrakstur jarðarinnar svarar ekki til þess og verðhlutföll erlendrar og innlendrar vöru eru bændum óhagstæð. Þetta á ekkert sérstaklega við um verð jarðanna, heldur um öll þau tæki, sem notuð eru til framleiðslunnar, þegar verð þeirra á hverjum tíma stendur ekki í réttu hlutfalli við afraksturinn. En sala fasteigna fer að eðlilegum hætti eftir staðháttum og afkomuhorfum búnaðarins á hverjum tíma. Verðlag á fasteignum er háð þessu eins og annað verðlag. Ég veit, að það er stefna þeirra manna, sem fylgja þessu frv., að allar eignir séu bezt komnar hjá ríkinu og að borgurunum sé ekki trúandi fyrir þeim. En ég er alveg á öndverðum meið við þá stefnu. Vitanlega eru jarðirnar út af fyrir sig verðlausar nema mannshöndin yrki þær með atorku og dugnaði og þeim tækjum, sem nauðsynleg eru til þess. Það fer því mikið eftir framtaki einstaklinganna á hverjum stað, hvernig jarðirnar eru hagnýttar. Þess vegna er það heppilegast og mest trygging og öryggi í því fólgið fyrir góða afkomu og umbætur á jörðinni, að sá, sem á henni býr, eigi hana. Ég get mjög tekið undir það, sem hæstv. forsrh. sagði um þetta mál. En það var hæstv. dómsmrh., sem virtist hlynntur frv. og taldi heppilegt, að ríkið ætti jarðirnar. Virtist mér hann halda því fram, að þá væri hægt að minnka þann kostnað, sem kemur á ríkissjóð fyrir endurbætur á jörðunum. En ég vil benda á, að samkv. frv. til l. um ábúð og úttekt jarða er lagður á ríkissjóð og aðra jarðaeigendur mikill kostnaður, þar sem ætlazt er til, að eigendur jarða kosti eigi aðeins allar húsabyggingar á jörðunum, heldur og að miklu leyti viðhald húsanna. Með báðum þessum frv., sem nú liggja fyrir þinginu um ábúð og úttekt á jörðum og um hefting á þjóðjarða- og kirkjujarðasölunni, er miklum útgjaldabyrðum hlaðið á ríkissjóð, ef þau verða samþ. í því formi, sem þau eru nú. Eina leiðin til þess að losa ríkið við þann kostnað, sem ábúðarlagafrv. gerir ráð fyrir, er sú, að ríkið selji ábúendum jarðirnar.

Hv. þm. Dal. kom nokkuð inn á þetta mál og fór að tala um stefnur og skoðanir manna í Þingeyjarsýslu í þessu máli, sem brutu mjög í bága við það, sem fram kom í ræðu hv. þm. S.-Þ., er hann flutti hér áðan í deildinni. Hv. þm. Dal. vildi stefna að því, að ríkið ætti sem mest af jarðeignum, eins og nýlega kom fram í ritgerð í „Tímanum“ eftir einn af ráðunautum Búnaðarfél. Ísl., og þar var því ennfremur haldið fram, að ríkið ætti smámsaman að kaupa upp jarðir einstakra manna. Þá gat hv. þm. Dal. um tímarit, sem fyrst hefði verið gefið út í Þingeyjarsýslu, en síðar á Akureyri, að ég ætla, og mun nú vera orðið höfuðmálgagn kommunista hér á landi. Ég var kaupandi að þessu tímariti og las það meðan það var gefið út í Þingeyjarsýslu. Þar var ákveðið haldið fram kenningum Henry George, sem að því leyti féllu saman við kenningar sócíalista, að hann vildi láta ríkið ná eignarhaldi á öllum jörðum og lóðum. Ætlaðist hann til, að lagður væri hár skattur á lönd og lóðir í þessum tilgangi, þannig að ekki borgaði sig fyrir einstaklinga að eiga jarðir. Með þessari aðferð vildi hann koma jörðunum í eign ríkisins. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er vitanlega einnig af þeirri rót runnið. Þegar stöðva á söluna á þjóðjörðum og kirkjujörðum, er girt fyrir það, að einstaklingar geti byggt upp efnahagsstarfsemi sína og aukið sjálfstæði sitt á þeim grundvelli, að þeir geti átt sjálfir jarðirnar, sem þeir búa á. Þetta er náttúrlega í fullu samræmi við grundvallarskoðun hv. þm. Dal. Hann vill, að ríkissjóður seilist lengra og lengra eftir verðmætum og eignum einstaklinganna, enda kemur það heim við það, sem hann sagði í Tímanum, þegar hann var ritstjóri hans: „Feimulaus og skefjalaus hnefaréttur fortíðarinnar er í nútíðarviðskiptum klæddur í búning löghelgaðra ránа, bakferlis og þjófnaðar“. Þetta segir hann um eignarréttarskipulagið, sem nú gildir, þar sem sjálfstæðir einstaklingar eru undirstaða þjóðfélagsins. Það er skoðun hv. þm. og er í fullu samræmi við allt annað hjá honum. Við, sem and-

mælt höfum þessu frv., lítum svo á, að þetta sé háskaleg stefna, sem leiði til ófarnaðar fyrir þjóðina. Hér er því aðeins um tvær ólíkar stefnur að ræða, sem greiða verður atkv. um, hvort það á að halda áfram að selja jarðeignir ríkisins og stuðla að sjálfsábúð í landinu eða ekki. Ég er fyrir mitt leyti svo sannfærður um réttmæti þess, að stuðla beri að sjálfsábúðinni, að ég vil ekki lengja líf frv. Ég þykist líka vita, að allir hv. þm. séu búnir að átta sig á þeim stefnumun, sem hér er um að ræða, og þurfi ekki lengri frest til atkvgr. um frv.

Bernharð Stefánsson: Það er nú búið að taka fram í umr. flest af því, sem ég ætlaði að segja um þetta mál, þegar ég kvaddi mér hljóðs. Mér kemur það undarlega fyrir, hvílíkt ofurkapp sumir hv. þdm. virðast leggja á að sporna við því, að þetta frv. komist til 2. umr. og n. Það er sjaldan lagt mikið kapp á að fella frv. frá 2. umr. og n.

Hæstv. forsrh. talaði um, að það væri illa varið tíma þingsins, ef þetta frv. væri látið ganga til n. En ég álít, að hann og hv. þm. Borgf. o. fl. hafi með þessum umr. tafið tíma þingsins engu síður heldur en þó að frv. hefði verið lofað að fara umræðulítið til n. og án verulegrar mótstöðu. Ég hygg, að hv. þm. Borgf. hafi líka tekizt að tefja tíma þingsins með löngum og óþörfum ræðum í öðrum málum. (**Forsrh.:** Á hv. þm. við bjórinn?). Hefir hæstv. forsrh. ekki áhuga á öðrum málum en því? Það hefir ekki komið fram í ræðum hv. þm., að hér á landi væri nema um tvennskonar ábúð að ræða, sjálfsábúð og ábúð á jarðeignum ríkisins, en þeir hafa gengið framhjá að minnast á ábúð leiguliða á jarðeignum einstakra manna. Hv. 2. þm. Skagf. talaði um, að fyrir 20—30 árum, þegar ríkið átti miklu fleiri jarðir í landinu en nú, þá hefðu þjóðjarðirnar skorið sig úr að því leyti, hvað þær voru illa setnar og húsakynni þar hrörleg. Ég er nú að vísu nokkru yngri en hann, en þrátt fyrir það man ég svo langt, að ég fullyrði, að það er ekki rétt, að þjóðjarðirnar hafi skorið sig úr; það voru leigujarðir einstakra manna, sem skáru sig úr fyrir það, hvað þær voru illa setnar.

Því hefir verið haldið fram af hæstv. forsrh., hv. 2. þm. Skagf. og fleiri þdm., að það megi þakka þjóðjarðasölulögunum framfarir í búnaði á síðari árum, jarðrækt og húsabótum á einstökum jörðum. Ég vil nú enganveginn neita því, að fjörkippur hafi orðið í húsa- og jarðabótum fyrstu árin eftir að þjóðjarðasölulögin voru sett. Ég get líka verið sammála þeim að því leyti, að sjálfsábúð sé bezta aðferðin til þess að tryggja það, að jarðirnar séu vel setnar. En á þjóðjarðasölulögunum var sá mikli galli, að þó að ábúendum væru að vísu seldar jarðirnar upphaflega, þá var í lögunum engin hindrun sett gegn því, að jarðirnar gengju aftur úr sjálfsábúð eða yrðu seldar öðrum, jafnskjótt og ríkið hafði látið þær af hendi. Ég þekki mörg dæmi þess, að þjóðjarðir hafi gengið úr sjálfsábúð og verið seldar öðrum, og efast ég ekki um, að fleiri þdm. kannist við það. — Þegar athugaðar eru þessar þrjár tegundir ábúðar, þá tel ég sjálfsábúð bezta, en ábúð á opinberum jarðeignum í annari röð, og miklu betri en leiguábúð á jörðum einstakra manna. Þess vegna álít ég, að við eigum ekki að selja þær litlu leifar, sem eftir eru af þjóðjörðum, nema að tryggja það jafnframt, að þær lendi ekki aftur í leiguábúð eða í sölubrask til einstakra manna.

Hv. þm. S.-Þ. talaði um það, hvernig þjóðjarðirnar mundu hafa litið út nú, ef þær hefðu verið eign ríkisins, og gerði ráð fyrir þeim niðurníddum. En hvað sýnir reynslan? Ég veit ekki betur en að jarðir ríkisins séu margar vel setnar, einkum síðan ríkið fór að búa betur að ábúendum jarðanna. Ég held það muni litlu á því, hvernig þær eru setnar eða jarðir í sjálfsábúð. Í mínu kjördæmi þekki ég vel til þess, að sú jörð, sem þar er bezt setin í einni sveit, er þjóðjörð, en vera má, að það stafi af því, að ábúandinn er einstakur hugsjóna- og dugnaðarmaður.

Sami hv. þm. var að tala um umboðsmann þjóðjarða, sem hefði komið illa fram við landseta. Ég efast ekki um, að þetta sé satt. En hve margar slíkar sögur skyldi eigi mega segja af einstökum landsdrottnum og framkomu þeirra?

En hv. þm. virðist vilja, að þjóðjarðir

verði seldar eins og áður, án þess að nokkuð sé gert til að tryggja, að þær lendi ekki í leiguábúð aftur, ef til vill innan árs frá því að salan fór fram.

Það hefir verið minnzt á, að verðhækkun hafi orðið á þessum jörðum við eigandaskipti, og hv. 1. þm. Skagf. hefir bent á, að ríkið hafi þannig orðið fyrir tapi. Hv. þm. Borgf. sagði, að þetta fé hefði ekki tapazt, heldur hefði verðhækkunin orðið kyrr í þjóðfélaginu sjálfu. Þetta getur nú verið, en vafalaust hefir samt eitthvað af því farið til útlanda. Og víst er um það, eins og hv. 1. þm. Skagf. gat um, að mjög mikið af þannig fengnu fé hefir horfið úr sveitum landsins til kaupstaðanna, vegna flutnings efnaðra manna þangað. Ég get bent á eitt dæmi, sem mér er kunnugt, og sakar ekki, þótt ég nefni það. Landseti á opinberri eign keypti hana fyrir 4500 kr. og seldi 5 árum síðar fyrir 41000 kr. og flutti síðan burt. (**EA**: Var það Hrafnagil? —**PO**: Síra Þorsteinn Briem?). Já, það var Hrafnagil, og ég segi þetta manni þeim, er í hlut á, hvorki til hróss né hnjóðs. Hvað var eðlilegra en að hann keypti jörðina fyrir það, sem hann gat fengið hana fyrir, og seldi hana fyrir það verð, sem honum var boðið? Þetta er mannlegt, og ég býst við, að þeir hv. þm., sem voru að grípa fram í, hefðu gert það sama, ef þeim hefði gefizt tækifæri til þess.

Ég þykist hafa sýnt með mínum till., að ég sé ekki á móti sjálfsábúð, en ég er á móti því, að ríkissjóður sé að selja þessar leifar af eignum sínum, án þess að trygging sé fyrir því, að þessar jarðir lendi ekki aftur í leiguábúð. En þetta tryggja þjóðjarðasölulögin ekki á nokkurn hátt, enda hefir fjöldi þjóðjarða, sem í fyrstu voru seldar ábúanda, lent aftur í leiguábúð.

Hv. þm. Borgf. sagði, að einstakir menn væru hættir að sækjast eftir jarðagóssi nú orðið. Það má vera, að svo sé þar, sem hann þekkir til, en mér er kunnugt um menn, sem einmitt sækjast eftir að kaupa jarðir til þess að leigja þær fyrir okurleigu. Ég þekki t. d. dæmi þess, að 2 einstakir menn hafa eigi alls fyrir löngu keypt upp næstum heilan hrepp, og þar á meðal jarðir, sem áður voru þjóðjarðir og kirkjujarðir, og veit, að það hefir ekki orðið til neinna þrifa fyrir hreppinn. (**PO**: Hvaða hreppur er það?). Ég mun eigi geta þess hér, en skal segja hv. þm. Borgf. það seinna. Einstakir menn í kaupstöðum og jafnvel kaupstaðirnir sjálfir eru einnig farnir að sækjast eftir jörðum í nágrannasveitum, til að setja þar niður fátæklinga, svo þeir verði þar sveitfastir, og mér er kunnugt um, að þjóðjarðir hafa verið notaðar í þessum göfuga tilgangi, og býst ég við, að aðrir þdm. þekki einnig dæmi þess.

Ég hefi þá gert grein fyrir því, að þótt ég vilji, að mál þetta gangi til n., er síður en svo, að ég sé á móti sjálfsábúð. En eins og ég hefi sýnt fram á, hafa þjóðjarðasölulögin alls ekki náð þeim tilgangi að tryggja hana. Til þess að þau hefðu komið að tilætluðum notum hefði jafnframt þurft að setja sæmileg ábúðarlög, sem hefðu gert það lítið fýsilegt að sækjast eftir jörðum til að leigja þær öðrum. En slík lög voru ekki sett. Vilji nú þingið fallast á það ábúðarlagafrv., sem fyrir því liggur, þá má að mínu áliti gjarnan selja þær fáu jarðir, sem enn eru í eigu þess opinbera. En fáist ekki sæmileg ábúðarlög, þá tel ég ekki rétt að halda áfram með sölu þjóðjarðanna og hefi þá ekki á móti því, að frv. þetta verði að lögum.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það er augljóst, að svo fer, að talsverðar umr. verða um þetta mál. Hv. 1. þm. Eyf. talaði um, að það væri sótt með ofurkappi að fella það frá nefnd. Ég mótmælti í upphafi aðeins hinum óhæfilegu ummælum í grg. frv., að lagasetning þessi hefði orðið til hins mesta ógagns. Þetta er svo mikil fjarstæða, að hún má ekki vera óvítt. Ég vil líka benda á, að sala þjóðjarða hefir tvær hliðar. Önnur er salan sjálf, en hin, hvað gert hefir verið við peningana, sem inn hafa komið fyrir jarðirnar. Það kemur líka til greina. Þessir peningar hafa ekki orðið að eyðslueyri, heldur hafa þeir gengið í ræktunarsjóð, sem í mannsaldur hefir verið hin öflugasta lyftistöng landbúnaðarframfara á landi hér og heldur áfram að starfa. Undir slíkri grg. sem þessari er ekki hægt að sitja þegjandi, þegar annars eins misskilnings verður vart.

Sveinn Ólafsson: Mér finnst ég verða að segja hér nokkur orð, úr því að umr. er haldið áfram.

Ég hjó eftir því í ræðu hv. 2. þm. Skagf., að hann minntist á tvo Haralda, sem verið hefðu uppi með næstum 1100 ára millibili, sem sé Harald hárfagra og Harald Guðmundsson. Fannst hv. þm. mikill munur vera á þeim nöfnum. Mér finnst aftur á móti munurinn ekki jafnmikill. Báðir hafa þeir nafnar reynt að koma umráðum jarðanna undir ríkisvaldið og aftra því, að þær væru undir umráðum einstaklinga. Vér þekkjum afleiðingarnar af því, að hinn fyrri Haraldur fékk vilja sínum framgengt. Niðurstaðan varð sú, að fjöldi af efnilegustu óðalsbændum Noregs flýði land. Ég skal ekkert um það fullyrða, hvernig fara mundi nú, ef jarðir kæmust almennt undir yfirráð sveitarfélaganna, eftir kommúnistiskri fyrirmynd, en ekki þætti mér ólíklegt, að af því leiddi nýjan flótta héðan vestur um haf.

Hér hefir verið deilt um kosti og galla þjóðjarðasölunnar, og má auðvitað segja ýmislegt með henni og móti. En min reynsla er yfirleitt sú, að við það, að jarðeignir þessar hafa flutzt í einstakra manna hendur, hefir margt niðurnítt kot orðið að byggilegu og álitlegu sveitabýli. Og eigi nú að taka fyrir þjóðjarðasölu með öllu, er það grunur minn, að margir, sem hafa hug á að fá jörð til að beita við kröftum sínum til landræktar, en eiga þess ekki kost, hverfi til sjávarþorpanna, þar sem horfurnar geta ekki talizt glæsilegar eða lífvænlegar eins og stendur.

Einn hv. ræðumaður sagði, að þjóðjarðasalan ætti sök á útstreyminu úr sveitunum. Mig furðaði á þessu, af því að ég er sannfærður um af eigin reynslu, að þjóðjarðasalan hefir einmitt heft þann straum að talsverðu leyti.

Þá hefir og verið sagt, að þjóðjarðasalan hafi ekki leitt til þeirrar sjálfsábúðar, sem til var ætlazt. Ég held, að of fljótt sé að kveða upp dóm um það mál. Síðan þjóðjarðasalan hófst er ekki liðinn fullur mannsaldur og mest verið selt á síðustu 15 árum. Ég hygg, að óhætt sé að treysta því, að eftir 15—20 ár verði mestur hluti þessara jarða í ábúð fyrstu eigenda eða niðja þeirra. Þótt nokkrar jarðir hafi horfið úr sjálfsábúð, eru það engar röksemdir gegn sölu þjóðjarða. Eigendur hafa sumir fallið frá og niðjar ekki getað tekið við búi. Og lætur þá að líkum, að jarðirnar verða leigðar eða seldar. Annars er mér kunnugt um það austanlands, þar sem ég hefi verið milligöngumaður um sölu jarðanna, að af um 30 jörðum, sem seldar hafa verið af hálfu hins opinbera, eru allar nema ein eða tvær í sjálfsábúð ennþá. Ég tel ekki rétt né kurteislegt að meina þessu máli að fara til n., en er hinsvegar reiðubúinn að greiða atkv. gegn því, er það kemur úr n., ef það tekur ekki þeim stakkaskiptum, sem mér geðjast að, sem ég reyndar tel ólíklegt að verði.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Ég þakka hv. þm., hve ýtarlega þeir ræða þetta mál. En rök sumra þeirra eru þó heldur erfið viðureignar, ef ætti að svara þeim á sama hátt. Þannig taldi hv. þm. Borgf. það þjóðjarðasölunni til ágætis, að jarðir, sem konungs- og kirkjuvaldið hefðu hrifsað undir sig, hefðu við söluna komizt í hendur réttra eigenda. Við slík rök er erfitt að glíma.

Alveg sama er að segja um söguna um „sócialistann" (Henry George), sem dó fyrir 35 árum í New-York og 100 þús. manns fylgdu til grafar. Um hann er það þó víst, að hann var ekki sócialisti, þegar hann dó, hvað sem síðar hefir orðið.

Það er ekki nema rétt að vekja athygli hv. þdm. á því, að þessi maður, sem snerist í gröf sinni, neitaði ávallt sjálfur, að hann væri jafnaðarmaður, og var andvígur opinberri eign á jörð. Hinsvegar aðhylltist hann einskattskenninguna (Single Tax), jarðskattinn, og taldi hann heppilegri en ríkiseign á landi.

Annars verð ég að segja, að mér finnst talað um þetta frv. á breiðara grundvelli en það gefur tilefni til. Hér er aðeins farið fram á, að hætt sé að selja þær þjóðjarðir, sem eftir eru, og ekki annað meira. Ef það er rétt hjá hv. 2. þm. Skagf., að lítið sé orðið eftir af þessum jarðeignum, sem ég að vísu efa, er varla ástæða til að tala um byltingu eða landflótta út af þessu frv. Annars hefði það verið skemmtilegur ábætir á eldhúsdagsumr., að þessum umr. hefði verið útvarpað, svo

að bændum landsins hefði gefizt kostur á að heyra, hvernig þeir hæstv. forsrh., hv. 2. þm. Skagf., hv. þm. Borgf. og hv. 1. þm. S.-M. vitna hver í annan eins og í biblíuna eða passíusálmana.

Ég sný mér þá að hv. 2. þm. Skagf. Hann líkti mér við Harald hárfagra, og er ég honum þakklátur fyrir þann samanburð. Hann er þann dag í dag hinn merkasti konungur í augum þjóðar sinnar, sem hún hefir haft, enda safnaði hann fyrstur Noregi í eitt ríki, lagði á skatta, kom á skipulagi og friðaði landið fyrir ránsmönnum og illvirkjum. Fyrir þetta var norska þjóðin honum svo þakklát, að það var lengi fyrsta skilyrði fyrir því að hljóta konungstign í Noregi, að vera af ætt Haralds hárfagra.

Þetta sýnir mat Noregs á þessum manni, sem vildi, eins og hv. 2. þm. Skagf. orðaði það, ræna jörðunum af bændum. Annars var það nú mjög orðum aukið. Að vísu var skattur lagður á óðul manna, en umráð höfðu þeir alveg yfir þeim og enginn mun hafa orðið var við, að Noregi hafi hnignað við að Haraldur hárfagri varð þar konungur. Þvert á móti. Landbúnaður blómgaðist aldrei betur en eftir að hann tók við. Það er sjálfsagt rétt hjá hv. þm., að ýmsir ættstórir menn hafi sótt hingað til Íslands frá Noregi, en eitthvað talsvert slíkra manna mun þó hafa orðið eftir, ef ég man rétt. Og ekki munu þeir eingöngu hafa flutt burt vegna jarðaskattsins. Margir þeirra áttu von á því að missa höfuðið, eins og þeir, sem börðust við Harald í Harðangursfirði og víðar. Og þótt puntað sé upp á söguna með því, að óðalsréttur inn hafi verið svona ríkur, þá er ég nú hræddur um, að fleiri hafi flúið burt af hræðslu um að missa lífið en af tómri stórmennsku.

Þessi hv. þm. — eins og raunar flestir, sem andmælt hafa þessu frv. — talaði þannig eins og honum væri hið mesta áhyggjuefni, hversu áfátt væri kjörum leiguliða yfirleitt. Einnig talaði hann svo sem ekki væri nema um eina tegund leiguliða að ræða. Það kemur undarlega fyrir sjónir, þegar menn, sem um fjölmörg ár og jafnvel áratugi hafa átt sæti hér í þinginu og aldrei hafa sýnt viðleitni til að fá réttan hag leiguliða, skuli nú standa upp, fullir af fjálgleik og óskapast yfir kjörum þeirra. Ef ég man rétt, þá hefir í þessari d. fjórum sinnum verið lagt fram frv. til ábúðarlöggjafar, sem felur í sér réttarbætur fyrir leiguliða, en mér er ekki kunnugt um, að nokkur af þeim, sem nú hafa andmælt þessu frv., hefi gert hið minnsta til að létta því gönguna. En sumir þeirra, eins og hv. 1. þm. S.-M., hafa andmælt því og barizt gegn því af öllu megni. En það er gott að geta skotið þessu fram svona til varnar í öðru máli, eins og þessu, sem hér er fram borið. Sannleikurinn er sá, að þrátt fyrir þessa lagasetningu frá 1905—1907 er ennþá svo, að meira en helmingur af bændum landsins eru leiguliðar, og sé því lýsing þessara manna rétt á því, hvernig leiguliðar rækti og sitji jarðir sínar, þá er það hörmulegur dómur um þá sjálfa, að þeir skyldu ekki allan þennan tíma hafa reynt að bæta kjör þeirra. Um þá leiguliða, sem hér er um að ræða, er það að segja, að þeir eru tvöfalt fleiri, sem eru leiguliðar einstakra manna, en hins opinbera. Það var rétt, sem hæstv. dómsmrh. tók fram og hv. 1. þm. Eyf. undirstrikaði, að kjör leiguliða hins opinbera hér á landi eru yfirleitt betri en hinna, sem eru leiguliðar einstaklinga. Ábúðarréttur þeirra er oft jafnvel tryggður og þeir væru sjálfseignarbændur, og hvað jarðræktarstyrkinn snertir, þá eru þeir jafnvel betur settir en sjálfseignarbændur. Hæstv. forsrh. mælti eindregið gegn því, að frv. yrði svo mikið sem vísað til n. Í seinni ræðu sinni fannst honum þó sjálfum, að þetta væri nokkuð fruntalega að farið, og vildi afsaka sig með því, að í grg. frv. væru gífurmæli, þau, að það orkaði vart tvímælis lengur, að lagasetningin hefði orðið til hins mesta ógagns. En hæstv. ráðh. hefir enga viðleitni sýnt til að hnekkja þessum ummælum, nema hvað hann fullyrti, að lagsetningin hefði orðið lyftistöng fyrir landbúnaðinn. En það voru bara rökin, sem vantaði.

Hv. 1. þm. Eyf. skýrði hér frá einni þjóðjarðasölu. Ég ætla, að ég hafi tekið rétt eftir, að jörðin hafi verið seld úr eigu hins opinbera fyrir 4000 kr., en fáum árum síðar verið seld aftur fyrir 41000 kr. Má vera, að einhverjar umbætur hafi verið gerðar á þessu tímabili, en

engum getur blandazt hugur um, að þarna hefir ríkissjóður verið rúinn stórfé. Ég get bent á mýmörg önnur dæmi þessu svipuð. Það er víst, að jarðeignir, sem seldar hafa verið, hafa, þegar tekið er tillit til greiðslukjaranna, verið seldar fyrir gjafverð, og hitt er einnig víst, að einstöku stjórnir hafa notað sér heimildir til jarðasölu til þess að lyfta sínum gæðingum og gefa þeim fé úr ríkissjóði. Hver bót hefir verið að því fyrir íslenzkan landbúnað, að t. d. þessi jörð hefir verið seld úr ríkiseign? Ríkissjóður er þarna rúinn um fé. (**Forsrh.**: Hún var ekki ríkiseign). Nei, hún var kirkjujörð, en það er sama. (**Forsrh.**: Kirkjujarðir eru séreign kirkjunnar). Gott og vel, en hún er nú þjóðkirkja ennþá, og það er því eitt og hið sama á meðan aðskilnaður ríkis og kirkju hefir ekki farið fram. Þetta ætti forsrh. að vita, sem sjálfur var prestur. (**Forsrh.**: Kirkjujarðasjóður er séreign kirkjunnar). En þjóðin á hann, þótt hún hafi kosið að ráðstafa nokkrum hluta hans til þess að greiða laun prestanna, og slíkt skapar þeim ekki eignarráð yfir honum.

Ég vík þá aftur að því, sem fyrr var frá horfið. Ég neita því, að sala þessarar jarðar hafi orðið lyftistöng fyrir íslenzkan landbúnað. Það er fullvíst, að það verð, sem jörðin er seld fyrir úr ríkiseign, eða úr eign kirkjujarðasjóðs, svo að ég láti að vilja hæstv. forsrh., til fyrsta kaupanda, er hvergi nærri sannvirði, og það er tvísýnt fyrir þann kaupanda, sem kaupir hana á 41000 kr., að hann geti framfleytt búi á henni, sem nægi til að standa straum af þessu kaupverði, eða sé betur settur en sá, sem fyrstur keypti hana, þrátt fyrir þær umbætur, sem gerðar kunna að hafa verið. Þetta liggur í augum uppi. Setjum svo, að vextir af þessum 41000 kr. séu um 3300 kr., eða um 8%. Þetta þarf að greiðast. Setjum ennfremur svo, að jörðin hefði verið áfram í eign ríkissjóðs og þótt hún hefði ekki verið leigð sem 4000 kr., heldur t. d. 12000 kr. eign, þá hefði afgjaldið orðið þriðjungur til fjórði partur af því, sem eigandi hennar nú þarf að skila til þess að standa í skilum. Með þessu braski á sölu þjóðjarða er ríkissjóðurinn rúinn og þungar kvaðir lagðar á herðar bænda.

Hv. þm. S.-Þ. var einnig mjög hneykslaður á ummælunum í grg., og getur það, sem ég hefi svarað hæstv. ráðh., einnig verið svar til hans. Hann sagði hér sögu af málarekstri út af sölu þjóðjarðar, sem farið hafði til héraðsdóms, hæstaréttar o. s. frv. o. s. frv. Mér dettur ekki í hug að bera brigður á þessa sögu, en hún kemur bara þessu máli ekki nokkurn skapaðan hlut við. Ég veit ekki betur en að málaferli rísi engu síður og jafnvel miklu fremur út af ábúð leiguliða á jörðum, sem eru einstakra manna eign, og út af eignarrétti jarða, sem eru í sjálfseign, landamerkjaþræturnar, sem allir sveitabændur kannast svo vel við.

Ég vil taka undir það, sem hæstv. dómsmrh. sagði hér, og ég álít, að hann hafi komizt rétt að orði, er hann sagði, að fyrsta kynslóðin, sem ætti jarðirnar þegar styrkir eru veittir eða ódýr vildarkjaralán út á þær, græddi yfirleitt á því, en við næstu sölu er þessi hagnaður burtu tekinn og getur beinlínis snúizt svo, að hann verði aukið álag, sem komi meir niður á eigendunum en leigjendum. Annars minnir þetta mig á tvær greinir, sem hafa nýlega birzt í því ágæta blaði „Tímanum“, blaði stjórnarflokksins. Önnur var eftir dómsmrh., þar sem hann talar um kröfur unga fólksins í sambandi við eignarumráð yfir jörðunum. Þetta er athyglisvert fyrir þá, sem muna eftir því, að fyrir þrem árum fullyrti dómsmrh. og fullvissaði bændur um, að að því er snertir eignarréttinn yfir jörðum, þá væri hann fyllilega sammála hv. 1. landsk. í því, að halda eignarrétti einstaklinganna yfir jörðunum, en það gleður mig, að þessi hæstv. ráðh. skuli nú vera farinn að taka tillit til unga fólksins. Þá vil ég benda framsóknarmönnum á aðra grein í „Tímanum“ eftir einn af ráðunautum Búnaðarfél. Íslands, þar sem ljóslega er sýnt með dæmum, að hag bænda sé þann veg bezt borgið, að jarðirnar séu þjóðareign, og ég vil í því sambandi benda á þær merkilegu upplýsingar, sem hv. 1. þm. Eyf. gaf, að tveir bændur hefðu keypt upp meiri hluta allra jarðeigna í heilum hreppi. Ég veit ekki, hvað bændaumhyggjunni líður, ef þingið reynir ekki að gera ráðstafanir til þess, að slíkt geti ekki átt sér stað. Mér er líka persónulega kunnugt um, að úti um sveitir lands-

ins eykst þeirri stefnu fylgi með ári hverju, að hagkvæmast sé og öruggast fyrir bændurna, að jarðirnar séu ekki einkaeign, sem hver og einn má spekúlera og braska með eins og t. d. silkisokka og sígarettur. Það ætti að liggja í augum uppi, að landið, sem er undirstaðan undir afkomu bæði núlifandi og óborinna kynslóða, megi ekki, ef réttur bænda á að vera tryggur, lenda í höndum hvers óvandaðs braskara, sem keypt geti jarðirnar undan tugum bænda. Ég bendi aðeins á þetta í sambandi við þær almennu umr., sem hér hafa orðið, en ekki sérstaklega í sambandi við þetta frv., sem ég játa, að ekki fyrirbyggir þetta nema að litlu leyti. Fái þetta mál að fara til 2. umr., vona ég, að ég geti lagt fram gögn um, að jarðir, sem hafa verið seldar úr eign ríkissjóðs, hafi ekki verið í sjálfseign nema skamman tíma, heldur leigðar til ábúðar af einstökum mönnum. Og dæmi eru líka til þess, að jarðir, sem ríkissjóður hefir selt fyrir sáralítið verð, hefir hann orðið að kaupa aftur fyrir margfalt verð. Í öllum kaupstöðum er þetta svo daglegt brauð, að bæjarfélögin neyðist til að kaupa rándýru verði lóðir, sem þau hafa látið af hendi fyrir svo að segja ekki neitt. Þessar sögur þekkja allir héðan úr Reykjavík, og ég veit, að svipuð dæmi eru mörg í öðrum kaupstöðum og sennilega nokkur einnig utan kaupstaða.

Ég skal ekki segja margt um verðhækkun jarða í sveitum, en ég get ekki annað en minnt á það, að hæstv. núv. ríkisstj. hefir fyrir skömmu keypt landspildu fyrir austan Hellisheiði fyrir 100 þús. kr., og margir láta svo, að þetta hafi, eftir atvikum, verið sæmileg kaup. En það er víst, að fyrir tiltölulega fáum árum hefir þessi landspilda ekki verið talin meira virði en 1/10—1/8 hluti þessa kaupverðs. Svo tala menn um, að verðhækkunin sé ekki stórvægilegt atriði í þessu sambandi. Það er oftast svo, að ríkissjóður kaupir fyrir hið háa verð, en selur einstaklingunum fyrir hið lága. Það, sem andmælendur þessa frv. hafa yfirleitt fundið því til foráttu, er, að leigujarðir séu almennt lakar setnar en sjálfseignarjarðir. Við flm. þessa frv. höfum játað, að eins og ábúðarlöggjöfinni er nú háttað sé hætt við slíku, en jafnframt bendum við á, hvernig við því megi gera með breyttri löggjöf, þar sem tryggður sé réttum ábúanda til umbóta og afnota jarðarinnar jafnvel og jörðin væri hans sjálfs eign. Þess vegna látum við fylgja þáltill. þess efnis, að ríkisstj. undirbúi slíka löggjöf. Ég gleymdi að geta þess, þar sem hæstv. forsrh. talaði um gagnsemi sölu þjóðjarða fyrir jarðræktarsjóð og að hann hefði fengið þar mikið fé, að þetta er mjög villandi frásögn hjá ráðh. Það er rétt, að eitthvað af andvirði þjóðjarða hefir runnið í þennan sjóð, en afgjald þjóðjarða á og að renna til ræktunarsjóðs. Ef svo er, sem raun hefir sannað, að jarðeignir ríkisins hafi yfirleitt verið seldar undir sannvirði, þá liggur í hlutarins eðli, að með því að selja jarðirnar þegar í stað til höfuðstólsaukningar hafa tekjur sjóðsins verið skertar, enda er svo komið fyrir þjóðjarðasölu, að afgjald þjóðjarða, sem rennur til ræktunarsjóðs, er ekki áætlað í fjárl. nema 20 þús. kr. Og það er vegna fjármálaspeki af sömu tegund og speki konunnar, sem átti hænuna, sem verpti gulleggjunum, og slátraði henni, — þá hættu gulleggin að koma. Hæstv. forsrh. virðist vera þeirrar skoðunar, að bezta ráðið til að styrkja ræktunarsjóðinn sé að selja þjóðjarðirnar. En þá hættir afgjaldið að koma. (**Forsrh.**: Sjóðurinn vex jafnt og þétt). Já, maður veit nú, hvernig það verður, og úr því forsrh. gefur tilefni til þess, er bezt að athuga þetta í fjárl. (**Forsrh.**: Það sést í reikningum Búnaðarbankans, en ekki í fjárl.). Fjárl. sýna, hvað ríkissjóður leggur beinlínis til hans, og það er ekkert á móti því að rifja það upp, úr því að hæstv. ráðh. er farinn að ryðga í því.

Í fyrsta lagi leggur ríkissjóður til hans afgjöld af þjóðjörðum, 20 þús. kr. Ennfremur kostnaðartillag, 6 þús. kr., og hluta af útflutningsgjaldi því, sem lagt er á sjávarafurðir, 50 þús. kr. Þetta er það fé, sem samkv. fjárl. er ætlazt til, að renni af opinberu fé til ræktunarsjóðs, sem ekki er nema einn hluti af Búnaðarbankanum. Stærsta upphæðin, sem þar er um að ræða, er byggingar- og landnámssjóður, 200 þús. kr., og bústofnslánadeild 50 þús. kr.

Hv. þm. Borgf. var einna fjölorðastur allra andmælenda frv. og hann bar það á okkur flm., að við neituðum staðreyndum. Ég hefi nú engan mann vitað öllu duglegri að slást við staðreyndirnar en hv. þm. Borgf., og sýndi hann hina prýðilegu leikni sína í þeim efnum, þar sem hann fullyrti á sama hátt og hæstv. forsrh., hve þjóðjarðasalan hefði orðið mikil lyftistöng fyrir landbúnaðinn. Ég hefi bent á, hvernig Hrafnagilssalan hefir lyft undir landbúnaðinn.

Hv. þm. sagði, að ég hefði talað svo fyrir frv., að það væri eins og verðhækkun jarðanna væri sökkt niður í undirdjúpin og enginn hefði síðan gagn af. Ég ætla ekki að fara út í þetta líkingamál hv. þm., en það ætla ég að segja honum — og veit nú, að ég geng alveg fram af honum —, að verðhækkunin er í mörgum tilfellum verr notuð en þótt henni væri sökkt niður í undirdjúpin, því að hvernig kemur þessi verðhækkun fram? Hún kemur yfirleitt þannig fram, að sá, sem tekur við jörð til eignar eða leigu, verður að gjalda fyrir hana, annaðhvort sem kaupverð eða vexti og afborganir, þeim mun hærra sem verðhækkunin er meiri. Það liggur hinsvegar í hlutarins eðli, að einmitt sú verðhækkun, sem á jörðinni verður, orsakast oftast að mestu leyti fyrir aðgerðir hins opinbera, en ekki einstaks eiganda, sem þó hefir rétt til að heimta hana af notendum jarðarinnar, oft með aukaálagi, vöxtum og vaxtavöxtum. Og sú verðhækkun, sem þannig kemur fram sem sívaxandi skattur á notendur jarða, er verri en þótt hún væri þurrkuð út með öllu. Ég get bent á mjög einfalt dæmi, sem ég veit, að hv. þm. Borgf. hlýtur að skilja. Hann býr að ég ætla á sjálfseignarjörð, og að því er ég bezt veit situr hann hana mjög vel og nýtir hana til hagsbóta fyrir sig og sína. Á seinustu tímum hafa gerzt margir merkilegir atburðir í nágrenni þessa hv. þm. Ríkissjóður hefir lagt fram stórfé til að gera höfn á Akranesi, og verður væntanlega meira. Fólkinu hefir fjölgað þar og er nú um 1200 manns. Ríkissjóður hefir lagt þarna fram fé til lendingabóta ásamt Akranesbúum sjálfum, til þess að byggja þarna höfn fyrir mörg hundruð þús. kr. Bílvegur hefir verið gerður umhverfis Hvalfjörð. Nú spyr ég þennan hv. þm.: Heldur hann, að allt þetta hafi engin áhrif á verð þeirrar jarðar, sem hann situr? Ég er ekki í vafa um, að ef hv. þm. ætlaði að selja þessa jörð, myndi hann meta hana hærra eftir en áður, þótt ég fullyrði, að til þess að framkvæma þessar umbætur hafi hv. þm. ekki lagt neitt frekar en hver annar borgari þessa þjóðfélags. Og hann á, eftir minni skoðun, engu meiri rétt að hafa til þessarar verðhækkunar en hver annar. Þessi verðhækkun á að mínum dómi að renna til hins opinbera, en ekki koma fram sérstaklega sem hagnaður fyrir þennan hv. þm. Setjum nú svo, að afrakstrarmöguleikar hafi hækkað sem svarar 10—20 þús. kr. verðhækkun á jörð hans vegna þessara framkvæmda hins opinbera, til viðbótar því, sem hann hefir sjálfur framkvæmt. Ef svo er og jörðin yrði seld þessari upphæð hærra en ella myndi, þarf verðmæti afurðanna að aukast a. m. k. um sem svarar þessari verðhækkun, ef kaupandinn á að vera jafnvel settur og ef hann hefði tekið við jörðinni áður en umbæturnar fóru fram. Ef svo fer ekki, þá er sá, sem í framtíðinni situr þessa jörð, verr settur en þótt engar umbætur hefðu verið gerðar. Af þessu má hv. þm. vera ljóst, að stórkostleg verðhækkun, sem verður fyrir atbeina hins opinbera, á ekki að verða eign þeirra manna, sem eiga jarðirnar, þegar umbæturnar eru gerðar.

Hv. þm. sagði ennfremur, að aðalástæðan fyrir verðhækkun á eignunum væru umbætur, sem gerðar hefðu verið á þeim af eigendum sjálfum. Þetta er beinlínis rangt hjá hv. þm. Umbætur eigenda sjálfra á jarðeignum eiga ekki nema lítinn þátt í verðhækkun þeirra. Eða heldur hann kannske, að það sé fyrir athafnir einstakra lóðaeigenda og umbætur þeirra á lóðum sínum hér í Reykjavík, að hver fermetri í þeim, sem áður var seldur á 2 kr., er nú jafnvel kominn upp í 200 kr.?

Þá sagði hann sögu af einhverjum ágætum búfrömuði, sem bjó hefði í Reykholti, en ekki látið svo mikið sem eina járnplötu á kofa þar. Ég verð að segja, að eftir lýsingu hv. þm. fæ ég ekki séð, að þetta hafi verið neinn búfrömuður, og þá verð ég að segja, að þeir eru ekki stór-

virkir í búnaðarframkvæmdum kjósendur hv. þm., ef þetta hefir verið einn sá ágætasti. Hefði nú Reykholt t. d. verið selt fyrir 20 árum eins og Hrafnagilið á 4000 kr., ætli ríkið hefði samt ekki orðið að kaupa það margfalt hærra verði nú undir skólann? Ég er ekki í miklum vafa um það, þó að ekki hefði verið látið svo mikið sem járnplata á einn kofa allan tímann. Að lokum vil ég benda á, þeim til athugunar, sem vilja, að sem flestar jarðir komist í sjálfsábúð, að nú er miklu torveldara fyrir efnalitla menn að eignast jarðir og búa á þeim en var áður, og er það, auk verðhækkunar jarðanna sjálfra, m. a. sökum hinna sívaxandi krafna um bætt húsakynni og aukin þægindi. Ég býst því við, að svo fari að lokum, eins og hæstv. dómsmrh. segir í grein í „Tímanum", er hann kallar „kröfur hinna ungu", að láta verði undan hinum háværu kröfum til hins opinbera um það, að gera hinu unga fólki kleift að fá umráð jarðanna og afnotarétt með svo góðu móti, að það geti notað fé sitt til þess að kaupa bústofn, því án bústofns eru jarðirnar sára lítils virði.

Umr. frestað.

Á 61., 64. og 66. fundi í Nd., 27., 30. apríl og 3. maí, var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

26. Framfærslulög (frv. HStef o. fl.).

Á 28. fundi í Nd., 14. marz, var útbýtt:

Frv. til framfærslulaga (þmfrv., A. 164).

Á 30., 33., 34. og 35. fundi í Nd., 16., 19., 21. og 22. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., 29. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Halldór Stefánsson): Bæði á þessu þingi og áður hafa komið fram allháværar raddir um breyt. á framfærslulögunum, sökum ýmsra óheppilegra ákvæða, sem í þeim eru. Fyrir þessu þingi liggja ekki færri en fjögur frv. eða till. um breyt. á þeim.

Það, sem núgildandi framfærslulögum er fundið til foráttu, er einkum þrennt. Í fyrsta lagi fátækraflutningarnir, í öðru lagi, að framfærslan komi allt of misjafnt niður á hinum einstöku framfærsluhéruðum, og í þriðja lagi, að þau valdi erjum og umsvifum um sveitfestina, með tilheyrandi skriffinnsku og málaferlum í viðskiptum héraða á milli.

Má segja, að allir þessir agnúar stafi að mestu leyti af einu ákvæði í framfærslulögunum, sem sé því, að ákveðinn dvalartími á einhverjum stað eða þá fæðingarstaður hefir verið gerður að skilyrði fyrir sveitfesti. Með því að afnema þetta ákvæði og setja í staðinn, að lögheimili skuli ráða sveitfesti er afnumin ástæðan fyrir fátækraflutningunum og erjum um sveitfesti og miklar líkur til þess, að það geti orðið til að jafna álögubungann, þótt ekki verði fullyrt um það, en þá eru sérstök ákvæði í frv. þessu, sem áreiðanlega koma í veg fyrir, að álögurnar verði tilfinnanlega mjög misjafnlega þungar.

Óánægjan með núverandi skipun fátækramálanna er orðin almenn. Tillögur og áskoranir um að binda sveitfestina við heimilisfangið liggja fyrir víðsvegar að. Fyrir þessu þingi liggja ekki færri en þrjár till. um breyt. á fátækral., og ein enn, sem ekki er komin fram á þingskjali, en það eru till., sem ríkisstj. hefir látið undirbúa út af þál.,, sem samþ. var á þinginu í sumar og undirbúin er af Þorsteini Þorsteinssyni hagstofustjóra og Vigfúsi Einarssyni skrifstofustjóra, og fylgir þeim fróðleg skýrsla um framfærslukostnað. Hygg ég, að stj. hafi afhent þessa till. nefnd þeirri í Ed., sem hefir fátækrafrv., sem þar liggja fyrir, til meðferðar. Í Ed. liggja fyrir tvö frv. til breyt. á fátækral., annað frá tveim þm., en þær breyt. ganga að okkar dómi svo stutt, að við teljum þær ekki viðunandi. Hitt frv. er frá jafnaðarmönnum, og eru till. þeirra kunnar frá fyrri þingum. Má segja, að frv. okkar líkist þeim nokkuð að framsetningu, en efnisatriði eru ólík um margt.

Þá skal ég geta um það, sem mest ber á milli till. jafnaðarmanna og frv. okkar um framfærslurétt og framfærsluskyldu. Jafnaðarmenn vilja gera allt landið að einu framfærsluhéraði, en við leggjum aftur á móti til, að núverandi skipting landsins í framfærsluhéruð haldist að vísu, en að hver maður skuli eiga þar framfærslurétt, sem hann er heimilisfastur þegar hann þarf styrks með, og skuli svo jafna eftir á að verulegum mun þann mismun, sem kann að verða á framfærsluþunga einstakra héraða, og greiða þann mismun úr ríkissjóði.

Ég ætla svo að láta máli mínu lokið um þetta að sinni. Þó vil ég geta þess, þeirri n. til athugunar, sem væntanlega fær frv. til meðferðar, að nokkrar villur hafa slæðzt inn í það af vangá. Frv. var samið í nokkrum flýti á síðustu stundu, sem hægt var að leggja það fyrir þingið án afbrigða frá þingsköpum. Stuðzt var við frv. jafnaðarmanna, en þó raskað greinaskipun þess og fellt úr því nokkuð og einstökum atriðum breytt. En það gleymdist sumstaðar að flytja til tilvitnanir til einstakra greina samkv. þeim breytingum eins og þurft hefði. Ég á einn sök á þessum mistökum, en ekki meðflm. mínir. Vil ég biðja hv. n. að taka það til athugunar, því að ég geri ráð fyrir, að svo mikil sannfæring sé orðin fyrir því hér á Alþ., að ákvæðum framfærslulaganna þurfi að breyta, að ekki verði lagzt á móti því, að frv. þetta fái að ganga til nefndar. Býst ég við, að það eigi heima í allshn., og geri að till. minni, að því verði vísað til hennar.

Héðinn Valdimarsson: Við jafnaðarmenn höfum á mörgum undanförnum þingum verið með till. um breyt. á framfærslulögunum, og síðan árið 1927 hefir þeim smám saman verið breytt nokkuð til batnaðar. Þá bárum við fram víðtækar breyt., en fengum þær ekki samþ. nema að litlu leyti. Var það sérstaklega tvennt, sem við vildum koma í veg fyrir. Annað var fátækraflutningurinn, sem kemur ákaflega illa niður á fátækum styrkþegum, en hitt hinn gífurlegi mismunur á framfærslukostnaði, sem verður milli hreppa landsins. Nú hefir hv. 2. landsk. enn borið fram frv. í þessa átt í hv. Ed., og er það komið í n., eins og hv. 1. þm. N.-M. gat um. Það gleður mig, að hér í Nd. er nú komið fram frv. í svipaða átt, þótt ég verði að telja frv. í Ed., sem við jafnaðarmenn stöndum að, betra, því að það er miklu víðtækara. Ég sé enga ástæðu til þess að fresta þeim umbótum, sem menn sjá, að hljóta að koma með tímanum. En því verður ekki neitað, að ef breyt. sú á fátækral., sem hér liggur fyrir, verður samþ., þá er það töluvert mikil bót frá því, sem nú er. Aðalgallinn á þessu frv., borið saman við frv. í Ed., er sá, að í þessu frv. er gert ráð fyrir, að skipting landsins í framfærsluhéruð haldist áfram. Af því leiðir, að áfram heldur reipdráttur milli sveita út af framfærsluskyldunni, sennilega ekki eins mikill og áður, en þó nokkur, ekki sízt þar sem ætlazt er til, að sá jöfnuður á framfærslukostnaðinum, sem fara á fram eftir á milli framfærsluhéraðanna, verði ekki alger, heldur komi aðeins til greina þar, sem framfærslukostnaðurinn fer 20% fram úr meðaltali á framfærsluþunga sveitar- og bæjarfélaganna. Sveitarstjórnirnar mundu því eftir sem áður sjá sér hag í því að reyna að koma af sér þeim mönnum, sem líklegir eru til að lenda á sveitinni. Hvötin til þess mundi hinsvegar hverfa, ef frv. okkar jafnaðarmanna væri samþ., því að þar er gert ráð fyrir, að styrkþegum sé greiddur fátækrastyrkurinn í sinni dvalarsveit og kostnaðinum svo jafnað yfir allt landið.

Ýms fleiri atriði eru í frv. í Ed., sem ég tel betri en í þessu frv. Ég vil t. d. benda á, að þar eru fyllri ákvæði um það, hvað eigi að teljast til framfærslukostnaðar í hverri sveit o. s. frv.

Ég og mínir flokksbræður munum greiða atkv. með því, að þetta frv. fái að ganga til n., og þó við eigum þar engan fulltrúa, væntum við þess, að tillögur okkar, sem felast í Ed.-frv., verði athugaðar jafnhliða og frv. síðan borið fram í deildinni með öllum nauðsynlegum umbótum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

27. Ölgerð og sölumeðferð öls.

Á 28. fundi í Nd., 14. marz, var útbýtt:
Frv. til. l. um ölgerð og sölumeðferð öls (þmfrv., A. 172).

Á 31. fundi í Nd., 17. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 32. fundi í Nd., 18. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Bjarni Ásgeirsson): Það liggja fyrir þessu þingi, að ég ætla, um 10 skattafrv., bæði frá stj. og einstökum þm. Ég veit ekki, hvað mörg þeirra ná fram að ganga á þinginu eða hve miklar tekjur ríkinu hlotnast af þeim. En ég veit þó, að skattafrv. þau, sem afgreidd verða frá þinginu, munu illa nægja til allra nauðsynlegra útgjalda ríkisins á þeim erfiðu tímum, sem nú standa yfir. Auk þess ber þess að gæta, að á tímum eins og þeim, sem nú standa yfir, er útgjaldaþörfin á ýmsum liðum meiri en jafnvel í venjulegu árferði. M. a. vil ég geta þess, sem flestum hv. þdm. mun vera kunnugt um, að nú mun innan skamms verða lagt fyrir þingið frv. um að greiða fyrir bændum og ýmsum smærri atvinnurekendum í þeirri kreppu, sem nú stendur yfir. Til þess að það frv. geti náð tilgangi sínum er óhjákvæmilegt að afla ríkissjóði tekna til framkvæmdar lögunum.

Ég hefi átt nokkurn þátt í undirbúningi þessa frv., og ég hefi leitað dunum og dynkjum, hvar hægt væri að finna þennan skattstofn, og ég hafnaði þar, sem þetta frv. er. Ég hefi ekki getað komið auga á, að til væri annar líklegri, réttlátari og heppilegri skattstofn til framkvæmdar þessara mála. Ég hefði fyrir mitt leyti viljað setja það ákvæði í frv., a. m. k. til bráðabirgða, að þær tekjur, sem ríkissjóði hlotnuðust af þessu frv., ef það yrði að l., skyldu að einhverju leyti fara beint til framkvæmdar þeirra l., sem ég gat um áðan, en það varð þó ekki úr því. Ég veit ekki nema ég hafi sérstöðu í því meðal okkar flm. að vilja binda þessar tekjur við þessar vissu framkvæmdir. En fyrir okkur öllum vakti það sama, að við vildum afla ríkissjóði tekna með þessu frv. um sölu öls.

Ég skal manna fúsastur játa það, að það er illt, að ríkið skuli þurfa að hafa miklar tekjur af sölu áfengis, og það skyldi ekki standa á mér að leita ráða til að útrýma víninu, ef ég hefði nokkra trú á, að lög yrðu fundin og framkvæmd til þess, en því miður sé ég enga leið til þess.

Mér gafst kostur á því á sínum tíma að hlusta á umr. um áfengisbannslögin, og var þá eins og aðrir ungir og gamlir borgarar þjóðfélagsins hrifinn af þeirri löggjöf. Ég var álíka hneykslaður á þeim, sem leyfðu sér að greiða atkv. á móti þessum lögum, eins og ýmsir eru nú hneykslaðir af þessu frv. Ég man eftir því, að þegar lögin voru samþ., þá bjóst ég við, að sá dagur væri heilladagur, sem lengi yrði minnzt meðal þjóðarinnar sem eins af hennar mestu gleðidögum. En það má kveða svo að orði, að hver dagur, sem upp hefir runnið síðan þessi lög gengu í gildi, hafi verið ný og ný staðfesting á mótmælum þeim, sem gegn banninu komu. Hvert einasta atvik í framkvæmd þessara laga hefir verið ný og ný staðfesting á orðum þeirra manna, sem voru á móti aðflutningsbanninu, þó að þing og stj. hafi oft gert það, sem hægt var, til að framkvæma lögin svo, að þau yrðu mönnum að liði. Þetta, hvernig bannið hefir reynzt, það hefir sannfært mig um, að á þennan hátt verður víninu aldrei útrýmt. Þar verður annað að koma til skjalanna, og þá fyrst og fremst frjáls bindindisstarfsemi, sem hefir hér komið að nokkru liði. Auk þess verð ég að segja það, að eftir að hin nafnkunna Spánarvínaundanþága var veitt, hefir ekki verið hægt að tala hér um aðflutningsbann. Það hefir ekki verið nema á pappírnum, ekkert nema skripamynd af banni. Frá því að það leyfi var veitt, hefir víninu rignt yfir landið, svo að aldrei hefir verið skúraskil, og smyglaða vínið hefir flætt eins og um stórstraumsflóð inn á hvern fjörð og hverja vík. Og nú á síðari árum hafa opnazt sírennandi

lindir af heimabrugguðu víni um allar sveitir, svo að ekki er annað hægt að segja en að Ísland hafi flætt í löglegu og ólöglegu víni. Hver, sem sér þetta ekki, hann er blindur, eða þá hræsnari, ef hann vill ekki viðurkenna það.

Nú má segja sem svo eftir þennan formála, að réttara væri fyrir mig að flytja frv. um að afnema hreint og beint bannlögin. Það hefi ég samt ekki gert, heldur flyt ég nú þetta frv. ásamt öðrum hv. þm. Ég verð að játa það, að þegar svo er komið, að þingi, stj. og lögreglu reynist ókleift að halda uppi lögum, sem eiga að draga úr drykkjuskap, þá er sjálfsagt að veita inn í ríkissjóðinn sem mestu af því fé, sem eytt er fyrir þessa óþörfu og skaðlegu vöru. Ég get ekki fyllilega gert grein fyrir, hve miklar tekjur ríkissjóður mundi fá af þessari ráðstöfun, en óhætt mun að fullyrða, að það muni skipta hundruðum þúsunda, án þess að drykkjuskapur yxi, nema síður væri. Auðvitað býst ég við, að þetta mundi draga úr notkun Spánarvína, en ölgerðin væri innlent fyrirtæki, sem gæfi nokkra atvinnu í landinu, og svo er líka það, að innkaupsverð Spánarvína fer, eins og allir vita, út úr landinu, og er það ærið fé. Auk þess er það sannfæring mín og annara, sem um þetta mál hafa talað, að öl sé einna skaðminnstur drykkur af þeim áfengistegundum, sem menn neyta nú á dögum. Ég hefi heyrt þá einkennilegu mótbáru á móti þessu, að af því að öl sé svo óáfengt og saklaust, þá sé hættulegast að leyfa að brugga það og selja. Ef þetta eru rök, þá hlýtur að leiða þar af, að þeir, sem þessu halda fram, hljóta að vera fúsari á að leyfa sölu áfengari drykkja en hér er um að ræða.

Ég er sannfærður um það, að ef þessi ölgerð kæmist á, þá mundu margir þeir, sem nú kaupa smyglað vín og innlenda framleiðslu (Höskuld), hætta því og drekka öl í staðinn. Þessi ráðstöfun mundi því hafa þær tvöföldu afleiðingar, að menn drykkju það áfengi, sem óskaðlegast er, og í öðru lagi mundi það fé, sem nú er greitt fyrir vín, að miklu leyti fara í ríkissjóð. Annar aðaltilgangur okkar með þessu frv. er því sá, að koma því svo fyrir að gera löglega þá neyzlu áfengra drykkja, sem nú á sér stað í landinu, og koma þannig í veg fyrir þau lögbrot og spillingu og svívirðingar, sem hér hafa átt sér stað í sambandi við það bann, sem ómögulegt hefir verið að framkvæma. Og það er gert með því að leyfa framleiðslu og sölu á þessari tegund áfengra drykkja, sem við álítum óskaðlegasta, og kosta kapps um það á þann hátt, að ríkið hafi sem mestar tekjur af sölu þess áfengis, sem haft er um hönd, í stað þess að horfa aðgerðarlaust á smyglara og launbruggara fleyta rjómann af þeim tekjum, sem ríkið á að réttu lagi að fá.

Ég get svo að mestu leyti látið máli mínu lokið. Út í frv. sjálft þarf lítið að fara, því að það skýrir sig sjálft. Við hnigum að því ráði að gera ráð fyrir í frv. sömu takmörkunum á sölu þessa áfenga öls eins og var á sölu áfengis yfirleitt áður en bannlögin gengu í gildi. Liggur því fyrir hverju héraði út af fyrir sig, ef frv. verður samþ., að velja um, hvort það vill leyfa sölu ölsins eða láta heimabrugguðan óþverra fljóta áfram í stríðum straumum, eins og nú á sér víða stað. Ég býst við, að 5. gr. frv., sem um þetta ræðir, og sérstaklega ákvæðið um, að gjald fyrir veitinga- og söluleyfi áfengs öls renni í sjóð viðkomandi sveitar- eða bæjarfélags, hafi þau áhrif, að meira verði lítið eftir, að óleyfileg sala áfengis eigi sér ekki stað.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vil taka það fram, að um þetta mál tala ég sem þm., en ekki sem ráðh. Flm. hafa ekki talað við stj. um frv. og hún hefir ekki séð ástæðu til að taka sérstaka afstöðu til þessa máls sem slík. Þess vegna tala ég hér ekki fyrir hönd stj. um þetta mál.

Ég get tekið það fram strax í upphafi, að mér er það ekki ljúft að standa upp til að andmæla frv., sem jafnágætur samherji minn og hv. þm. Mýr. er formælandi að og annar hv. samherji minn meðflm. En ég tel mál þetta þannig vaxið, að ég get ekki setið hjá án þess að láta skoðun mína í ljós þegar við fyrstu umr. Frv. ætti að geta fengið fulla afgreiðslu nú þegar við þessa umr., því að mínu áliti er ekki um margt að ræða í sambandi við það. Það er ástæðulaust að

fara út frá því að tala um kreppuráðstafanir og öflun ríkistekna og því um líkt. Það eina, sem hér er um að ræða, er hinn aukni drykkjuskapur í landinu, sem af því mundi leiða, ef leitt yrði í lög, að brugga skuli og selja áfengt öl. Sumpart mundi það auka drykkjuskapinn strax og sumpart leggja grundvöll að vaxandi drykkjuskap í framtíðinni. Þessi afleiðing yfirgnæfir svo allar aðrar ástæður með og móti frv., að um þær ætti ekki að þurfa að ræða.

Hv. flm. mun vera mér sammála um það, að frv. mundi hafa í för með sér aukna áfengisnautn í landinu, þar sem hann segir, að hér sé um svo mikla tekjuvon að ræða. Hann lýsti yfir, að auknar tekjur af áfengissölu mundu nema hundruðum þúsunda, og gæti það ekki orðið nema með stórkostlega aukinni nautn áfengis. Hann lagði áherzlu á, að ölið mundi draga úr sölu Spánarvínanna. Samt sem áður býst hann við tekjuauka, sem nemur hundruðum þúsunda, af sölu áfengis, og gæti það ekki orðið nema það seldist geysimikið af öli **fram yfir** það, sem því nemur, er hv. flm. heldur fram, að sala Spánarvínanna minnki. Það er þess vegna augljóst, að frv. er blátt áfram flutt með það fyrir augum, að nautn áfengis í landinu aukist. Ég álít, að það sé rétt skoðun hv. flm., að ef frv. yrði að lögum, myndu tekjur ríkisins aukast í bili, því að drykkjuskapurinn mundi stórkostlega aukast. Um það atriði erum við sammála. En ég held, að það væri álíka viturlegt að auka tekjur ríkissjóðs á þann hátt eins og ef bóndi slátraði kúnum sínum til þess að fá meiri tekjur í bili.

Hv. þm. kom inn á ýmsa aðra hluti í ræðu sinni, og var það að vissu leyti skynsamlegt af honum. Það ber vott um, að þessi hv. þm. finnur, að það muni vera heppilegra fyrir þá flm. að draga umr. og athygli manna frá þeim alvarlegu afleiðingum fyrir þjóðina, sem ölgerð þessi mundi hafa í för með sér, frá þeirri spillingu og eymd, sem sigla mundi í kjölfar öldrykkjunnar. Hv. flm. talaði um frv. sem leið til að hjálpa atvinnurekstri landsmanna í kreppunni. Hv. d. mun nú bráðum fá til meðferðar frv. um ráðstafanir í þá átt, sem þessi hv. þm. hefir átt þátt í undirbúningi að fyrir hönd Búnaðarfélagsins. Það er nauðsynjamál, sem fyrr hefði þurft að koma fyrir hv. d. En umtal um slíka hluti mega menn ekki láta skyggja á aðalatriði þess máls, sem nú liggur fyrir hv. d.

Öldrykkja er sérstakur liður í nautn áfengis, liður, sem hér er lítt þekktur. Með því að framleiða og selja áfengt öl hér er lagður grundvöllur að drykkjuskap á nýju sviði.

Það má búast við, að þetta þing, sem við nú heyjum, verði að mörgu leyti ófrjósamt. Það er útlit fyrir, að sökum ósamlyndis takist ekki að leysa þau vandamál, sem fyrir liggja, og að ekki náist samkomulag um margar þær ráðstafanir, sem þurft hefði að gera á þessum óvenjulegu tímum. Þegar þannig standa sakir, væri harla einkennilegt, ef það kæmist í gegn og yrði kannske næstum því eina „kreppuráðstöfunin“, sem samkomulag fengist um, að leyfa og ýta undir framleiðslu á áfengu öli og sölu þess í landinu, sem að vísu fengjust einhverjar tekjur af, en fyrst og fremst yrði til að auka drykkjuskap landsmanna.

Það vilja nú ef til vill einhverjir segja, að það sitji ekki á mér að tala um ýmsar tegundir drykkjuskapar og hvaða áhrif þær hafi, þar sem ég þekki ekki áfengisnautn af eigin reynslu. En ég vil nú segja, að ég hafði nægilega mikil kynni af þeirri kynslóð, sem ég ólst upp með, til þess að sjá afleiðingarnar af áfengisnautn á ýmsum sviðum og ýmsu stigi. Og ég er alls ekki sammála því, sem hv. flm. sagði, að öldrykkja væri mjög skaðlítil. Það má að vísu til sanns vegar færa að vissu leyti, þar sem ölið inniheldur miklu minna áfengi en ýmsir aðrir drykkir. En þegar litið er á allt það, sem sækir í slóð öldrykkjunnar, þá kemur í ljós, að hún hefir jafnvel verri afleiðingar heldur en sterku drykkirnir einir út af fyrir sig. Og komi öldrykkjan hér við hliðina á þeim drykkjuskap, sem við höfum fyrir, þá er ekki við góðu að búast. Ég er ekki í nokkrum vafa um, að tilbúningur á sterku öli yrði til þess að auka mjög drykkjuskap meðal þeirra stétta og einstaklinga þjóðfélagsins, sem nú eru að miklu leyti lausir við hann. Ölið mundi vekja drykkjufýsnina hjá ungum mönn-

um, verkamönnum og skólapiltum. Eins og Spánarvínið hefir reynzt kvenfólkinu hættulegt, mundi ölið reynast unglingum og öðrum, sem lítil peningaráð hafa. Þekki ég mörg dæmi því til sönnunar frá mínum yngri árum, áður en bannið kom til sögunnar. Og ég get nefnt dæmi um enn sorglegri áhrif öls. Ég hefi þekkt únga, breyzka menn, sem haft hafa meðvitund um breyzkleika sinn og þess vegna gengið í bindindi til þess að forða sér frá drykkjuástríðunni. En þeir hafa álitið ölið sér skaðlaust, og það hefir hrifið þá af réttri braut og steypt þeim í það hyldýpi ófarnaðarins, sem ofdrykkjan hefir í för með sér. Þess vegna segi ég hiklaust, að það sé hættulegasta leiðin, sem hægt er að fara, að leyfa að brugga og selja sterkt öl; að það væri jafnvel skárra að skömminni til að hleypa inn sterku drykkjunum aftur.

Ég ætla svo ekki að fara um þetta fleiri orðum, en aðeins víkja að því, sem ég sagði í upphafi ræðu minnar, að ég álít, að þetta frv. ætti að fá fullnaðarafgreiðslu þegar í stað; það mun hvort sem er aldrei ná samþykki þingsins. Þó svo færi, að þessi d. samþ. það, veit ég, að hv. Ed. gerir það ekki, þar sem aðalatriðið í því er að stuðla að aukningu drykkjuskapar í landinu, og það ofan á alla þá erfiðleika aðra, sem þjóðin á nú við að stríða.

Ég vil því beina þeirri áskorun til hv. þdm., að þeir felli þetta frv. þegar í stað.

Pétur Ottesen: Ég skal ekki fara að ræða almennt um afnám bannlaganna, þó hv. 1. flm. reyndi í framsöguræðu sinni að ryðja þeim braut, sem síðar kynnu að vilja fara inn á þá slóð. Það mál liggur ekki fyrir nú.

Ég verð að segja það, að þó maður hafi mátt eiga von á ýmsu misjöfnu nú á hinum síðustu og verstu tímum, þá hefir maður tæplega búizt við að þurfa að horfast í augu við till. hér á Alþingi í þá átt, að gerð skuli tilraun til þess hreint og beint að eitra fyrir þjóðina eins og hrafna og önnur hrædýr, sem leggjast á búfénað bænda. En það er gerð tilraun til þess með þessu frv.

Það er talað um það í grg. frv., og hv. flm. vék að því líka, að öl það, sem þeir vilja láta búa til, sé svo ákaflega meinlaust. Þó er eins og runnið hafi upp fyrir þeim, sem grg. ritaði, að það sé nú e. t. v. ekki alveg eins meinlaust eins og hv. flm. vill vera láta í fyrstu pennadráttum grg., því að síðar í henni er meinleysið ekki orðið meira en það, að höfundurinn telur ölið „tiltölulega“ skaðlítið. Og eins og hæstv. ráðh. hefir nú bent á, er slík öldrykkja alls ekki svo meinlaus sem aðstandendur frv. vilja halda fram. Þvert á móti væri það það hættulegasta, sem hægt væri að gera, að fara inn á þá braut, sem frv. gerir ráð fyrir, að fara að brugga hér áfengt öl, eins og ástandið er nú hjá þjóðinni. Við höfum nú hér lögum samkvæmt vín á boðstólum, sem ekki eru mjög sterk, en þó nógu sterk til þess, að fjöldi manna byrjar ekki vínnautn með því að leggja þau sér til munns. En ef fara á að auka það ógurlega vínflóð, sem hv. 1. flm. talaði um, með því að koma hér á fót bruggun á áfengu öli, þá er þar með lagður grundvöllur að stórauknum drykkjuskap í landinu. Þó sagt sé, að þetta öl eigi að hafa lítinn styrkleika, mun það nægja til þess að vekja drykkjuhneigð manna, verða þess valdandi, að menn stígi fyrsta sporið. Með því væri áreiðanlega lögð gildra eða net fyrir æskulýðinn í landinu, karla og konur. Hann mundi byrja á að drekka þetta áfenga öl og halda síðan stig af stigi út á braut drykkjuskaparins. M. ö. o. væri með frv., ef að l. yrði, lagður grundvöllur að drykkjuskap fjölda manns, sem nú er laus við hann, vegna þess að ekki má framleiða þetta „tiltölulega meinlausa“ öl.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, út í hvert hyldýpi spillingar, vesaldóms og örvæntingar leið þeirra liggur, sem gefa sig drykkjuskapnum á vald. Með því að samþ. þetta frv. fær áfengisnautnin hér á landi áreiðanlega byr undir báða vængi, og verður færð út á miklu víðara svið heldur en hún nú er á. Þess vegna er það einmitt hættulegasta leiðin, sem hægt er að fara í þessu máli, ef slíkar till. kæmu til framkvæmda, eins og nú er ástatt hjá okkur. Í því sambandi má benda á gamla málsháttinn: Af mjúum þvengjum læra hundarnir að stela. Frá ölinu liggur leiðin til hinna sterkari drykkja. Það er því mesta fjarstæða, sem

hv. flm. heldur fram, að sala áfengs öls mundi minnka neyzlu Spánarvínanna. Eftir því sem fleiri leggja inn á drykkjubrautina, eftir því verður meira drukkið af vínum. Og þannig mundi öldrykkjan einnig ýta undir notkun sterkra drykkja, að því leyti sem menn geta í þá náð.

Það vantar ekki, að reynt sé að slá á ýmsa strengi í grg. frv. og framsögu. Það er sagt, að þetta sé spor í áttina til að efla innlendan iðnað, og reynt að setja það í samband við aðrar kreppuráðstafanir. En hver er svo þessi innlendi iðnaður? Ekki er svo mikið um, að efnið til þessa öls sé innlent; ég hygg, að það sé allt flutt frá útlöndum. (EA: Það mætti kannske nota kartöflur!). Mér er nú ekki kunnugt um, að kartöflur sé notaðar til slíkra hluta, enda höfum við annað þarflegra við þær að gera, en það getur svo sem vel verið, að þeir hugvitsmenn, sem sí og æ leggja höfuð sitt í bleyti til að finna leiðir til þess að veita áfengisflóði yfir landið, gangi með einhverjar hugmyndir í höfðinu í þá átt. — Það eina, sem við komum til með að leggja til í þessa „innlendu" framleiðslu, er blávatnið. Það þarf ekki að setja upp neina ölbruggun til þess, að menn geti fengið sér vatnsdrykk hér í Reykjavík. Það er hægt að fá Gvendarbrunnavatnið úr hverjum krana hér. (EA: Ætli það yrði ekki útibú uppi á Akranesi?). Ég býst við því, að þeir, sem berjast fyrir áfengisbruggun í landinu, myndu ekki láta sér nægja bruggunarstöð hér í Rvík, heldur yrði reynt að breiða þessa starfsemi út um landið.

Útreikningur hv. 1. flm. um þessar hundruð þúsunda, ef ekki millj. kr. tekjur af bruggun og sölu öls hlýtur að byggjast á því, að nokkuð víða á landinu eigi að brugga og að menn hafi auðveldan aðgang að þessu öli.

Ef menn nú ekki vilja láta sér nægja blávatnið eins og það streymir tært og heilnæmt út úr iðrum jarðarinnar, þá geta menn svo sem fengið sér öldrykk eins og nú er. Hér er mikil ölframleiðsla, og ég verð að telja það fremur kost en galla á því öli, að menn skuli geta drukkið það án þess að verða fullir og vitlausir af því.

Þá er komið að því atriðinu, sem er sterkasta driffjöðrin í ákafa hv. flm. við að koma þessu máli fram; það er umhyggjan fyrir því að bæta úr hinum sívaxandi fjárþörfum ríkissjóðsins, eins og hv. aðalflm. orðaði það. Ég vil nú í því sambandi benda á hið fornkveðna: „Svo skal böl bæta, að bíða ekki annað meira". Frá mínu sjónarmiði eru tekjur þær, er á þennan hátt á að afla ríkinu, allt of dýru verði keyptar. Þær tekjur ganga út yfir andlega og líkamlega heilbrigði þjóðarinnar. Með hverjum þeim eyri, hverri þeirri krónu, er í ríkissjóðinn rynni af þessum völdum, væri eyðilagt og upptært margföldu verðmæti í dýrmætum tíma og starfsþreki þjóðarinnar; að ógleymdu öllu því böli og óhamingju, sem þetta að öðru leyti myndi leiða yfir þjóðina og alltaf fylgir drykkjuskapnum eins og skugginn ljósinu. Ég held því, að það sé ekki einasta óþarft, heldur beinlínis þjóðhættulegt að stofna til þessa mikla vínflóðs, er beint og óbeint mundi leiða af framgangi þessa frv. Eins og nú er hafa menn þegar allt of mörg tækifæri til að drekka frá sér vitið og alla blessun.

Jón Auðunn Jónsson: Ég ætla aðeins að litlu leyti að svara þeim hæstv. forsrh. og hv. þm. Borgf., er hér hafa látið ljós sitt skína á nokkuð óvæntan hátt. Með flutningi þessa frv. vakir fyrir mér að draga úr neyzlu Spánarvína í landinu og ólöglegri bruggun.

Það gat engan órað fyrir því, að neyzla hinna heitu spönsku vína yrði svo mikil sem raun varð á. Það eru engin fordæmi fyrir því annarsstaðar frá, að þau séu notuð til ofdrykkju. Þá er öllum vitanlegt, að á síðustu árum hefir komið upp heimabruggun í öllum sveitum landsins svo að segja, nema á Vesturlandi; þar þekkist það ekki enn. Þetta er sýnn voði fyrir andlega og líkamlega heilbrigði þjóðarinnar.

Ég er sannfærður um, að neyzla létts öls mundi stórkostlega draga úr þessum ófögnuði. Englendingar flytja nú inn mikið af dönskum og þýzkum bjór, sem er örlítið sterkari en öl það, sem lagt er til, að leyft verði hér. Það er reynsla þeirra, að eftir að farið var að flytja þetta öl inn hefir stórkostlega dregið úr neyzlu whiskys og annara sterkra drykkja. Í Skotlandi hefir whisky-

drykkja staðið í stað eða aukizt, í Englandi minnkað. Þetta ber öllum saman um, er til þekkja í landinu. Í Skotlandi er lítils neytt af léttari öltegundum, en í Englandi hefir neyzla þess stóraukizt á síðari árum. Menn, sem ég hefi talað við og kunnugir eru í Englandi, fullyrða það, að unga fólkið drekki nú létt öl í stað sterkra drykkja áður. Enski bjórinn sterki, „stout", er nú orðið lítið keyptur. Menn kjósa heldur léttara öl.

Ég hygg, að reynslan hér myndi verða sú, að stórlega drægi úr neyzlu Spánarvína líka, þótt ljúffeng séu. Það er nú svo, að fæstir aðrir en ofdrykkjumenn drekka til þess að verða fullir. Menn drekka til þess að gleðja sig, en ekki til þess að verða örvita og út úr fullir.

Þá hygg ég, að enginn mæli móti því, að nokkur neyzla öls sé ekki líkt eins skaðleg heilbrigði manna eins og neyzla víns, jafnvel þótt lítil sé. Í öli er líka jafnan nokkuð af næringarefnum.

Mér skildist á þeim hv. þm. Borgf. og hæstv. forsrh., að þeir væru ánægðir með ástandið eins og það er. Ég trúi því ekki, að þeir þekki þá ástandið eins og það raunverulega er. Ég hefi orðið fyrir alveg óvenjulegum vonbrigðum yfir bannlögunum. Ég var einn þeirra, er greiddu banninu atkv. Ég gerði það með þeirri hugsun, að unnt væri að útrýma víninu algerlega úr landinu. En það liðu ekki mörg ár áður en ég sá, að þetta var ógerningur. Og hvernig er reynsla annara þjóða? Tvær Norðurlandaþjóðir hafa reynt áfengisbann. Hvorug þeirra hefir treyst sér til að halda því uppi. Í Noregi er reynslan sú, að þar er nú minna drukkið en á dögum bannlaganna og betur farið með neyzlu víns.

Annað það, sem bannlögunum hefir algerlega mistekizt, er að fá samúð borgaranna. Það er mikið vegna þvingunar þeirrar, sem þeim fylgir. Unga fólkið þolir einkanlega illa þá þvingun. Það er vitað, að menn grípa jafnvel til örþrifaráða, þegar þeim finnst persónulegu frelsi sínu misboðið. Þetta er ein af orsökunum til þess, að það er ómögulegt að halda bannlögunum uppi.

Enn hafa bannlögin orðið til þess að gera að engu hina miklu starfsemi áhugasamra bindindismanna, er var svo vel á veg komin áður en bannið komst á, að þeir voru búnir að vinna fylgi og samúð meiri hluta þjóðarinnar. Þá þótti það ósæmilegt að sjást ölvaður á almannafæri. En hver er skoðun þjóðarinnar á því nú? Nú er það fjöldi ungra manna, sem þykjist af því að hafa verið ölvaður. Það þykir bera vott um karlmannslund að hafa þorað að bjóða þvinguninni birginn. Ég skil ekki aðstöðu andmælenda þessa frv. Ég skil ekki, hversu ánægðir þeir virðast vera með árangurinn af bannlögunum. Mér finnst meiri ástæða til að hryggjast yfir honum. Nýlega kom hér upp hið svokallaða Borgarmál. Við rannsókn þess kom það upp úr dúrnum, að fjöldi löggjafa, embættismanna og góðborgara hafði brotið bannlögin, og það oftar en einu sinni og oftar en tvisvar. En nálega engin rödd heyrðist, er hneykslaðist á þessu. Það þótti svo að segja sjálfsagt.

Hæstv. forsrh. telur, að skaðminna væri að leyfa innflutning sterkra drykkja en tilbúning létts öls í landinu sjálfu. Ég er sannfærður um, að ef hér væri frv. á ferðinni um afnám bannlaganna, þá mundi hann rísa upp og mælast til þess, að reynt yrði áður að leyfa tilbúning létts öls og sjá, hvort þjóðin gæti ekki vanizt af sterkum drykkjum með því.

Hvað er verið að gera með því að halda við ástandinu, sem nú ríkir? Það er verið að halda Spánarvínum og heimabruggi að þjóðinni. Ég hygg, að flestum heilsufræðingum komi saman um, að mikil neyzla þessara heitu vína og „Höskuldar" sé mönnum skaðlegri en neyzla létts öls. Hæstv. forsrh. sagði, að menn lærðu fremur að drekka á léttu öli en Spánarvínum. Ég er sannfærður um, að þetta er misskilningur. Öl er ekki ljúffengur drykkur nema með mat. En hin sætu Spánarvín eru sérstaklega til þess fallin að laða unga menn og konur til að byrja neyzlu víns. Ég tel hæstv. forsrh. vorkunn; hann hefir sjálfsagt aldrei neytt víns á sinni ævi og hefir því litla þekkingu á þessu.

Þegar þessir hv. þm., sem virðast vera svona ánægðir með ósómann, sem fylgt hefir bannlögunum, fara að tala um, að hér sé verið að eitra fyrir þjóðina, þá tala þeir eins og útúrfullir menn, er ekki vita sitt rjúkandi ráð. Hv. þm. Borgf. sagði,

að við hefðum ekki ýkjasterka drykki nú. Ég hélt nú satt að segja, að hann kærði sig ekki um sterkari drykki en t. d. „Höskuld". Það er reyndar sjálfsagt hægt að bæta við styrkleikann, og verður sennilega gert von bráðar, ef engin breyting er gerð á áfengislöggjöfinni.

Ég hygg líka, vegna þess hvað við höfum gott vatn hér í Reykjavík — það á ef til vill ekki sinn líka í víðri veröld —, að svo mætti fara, að við gætum flutt öl úr landi, jafnvel fyrir milljónir króna á ári. Við vitum, að síðustu árin hefir neyzla léttra öltegunda í Englandi stórum aukizt. Þeir drekka nú mikið af dönskum og þýzkum bjór, sem er léttari en hinn gamli enski bjór „stout". Þetta hefir orðið til þess, að Englendingar sjálfir hafa orðið að breyta ölframleiðslu sinni og eru nú farnir að búa til léttari bjór, svonefndan „bash".[1])

Vilmundur Jónsson: Í grg. þessa frv. segir svo, að það sé fyrst og fremst borið fram til að draga úr notkun Spánarvínanna í landinu, en þó jafnframt með það fyrir augum að afla ríkissjóði aukinna tekna. Hv. fyrsti flm. frv., þm. Mýr., hefir í framsöguræðu sinni fyrir málinu undirstrikað þessi orð grg. um tilgang frv. Hv. meðflm. hans, þm. N.-Ísf., hefir síðan gengið hóti lengra, því að hann lagði ríka áherzlu á, að hið áfenga öl mundi ekki aðeins draga úr notkun léttu vínanna, heldur einnig úr notkun brenndra drykkja, og lét svo um mælt, að **aðeins** fyrir þá fullvissu væri frv. flutt, en tekjuöflunin væri algert aukaatriði. Skal ég taka það trúanlegt, að hv. flm. séu þeirrar skoðunar um áhrif hins áfenga öls, að það dragi úr löngun manna í sterkari drykki, og geri þá ráð fyrir því, að þeir muni falla frá frv., ef hægt er að sannfæra þá um, að það muni ekki ná tilgangi sínum um þetta, en að allar líkur séu þvert á móti til þess, að ölið auki nautn annara áfengra drykkja. Röksemdirnar í því máli er að finna í hagskýrslum hinna ýmsu þjóða, og vitnisburður hagskýrslnanna er eindregið í þá átt, að það sé hin mesta villukenning, að öldrykkjan leiði til minnkandi nautnar léttra vína og brenndra drykkja. Ef það væri svo, ætti vínnautn að vera minnst með þeim þjóðum, sem mest drekka af öli, en því er yfirleitt þveröfugt farið, eins og ég nú skal færa dæmi að.

Við Íslendingar drekkum mjög lítið af öli miðað við aðrar þjóðir, 2,45 l. á mann á ári og eingöngu óáfengt öl. Vín drekkum við sem svarar 1,52 l. á mann á ári. Danir drekka aftur á móti afarmikið af öli, 62,7 l. á mann á ári, eða um 25 sinnum meira en við, og þó er víndrykkja í Danmörku svipuð og hér, eða 1,49 l. á mann á ári. Þjóðverjar eru miklir öldrykkjumenn eins og Danir, og drekka þó þrisvar sinnum meira vín. Hjá þeim nemur öldrykkjan 67,6 l. á mann á ári, og víndrykkjan 4,6 l. Austurríkismenn eru enn meiri öldrykkjumenn en Danir og Þjóðverjar. Drekka þeir 72,4 l. af öli á mann á ári og 14,5 l. af víni. Frakkar drekka öl sem svarar 42 l. á mann á ári, en þeir drekka líka 124 l. af víni á mann á ári, af samskonar vínum þeim, sem seld eru og drukkin hér á landi. — Sú kenning er því úr lausu lofti gripin, að það dragi úr vínnautn manna, ef þeim aðeins er gefið tækifæri til að drekka öl. Og sama máli gegnir um brenndu drykkina. Þannig drekka Danir auk alls ölsins 1,32 l. af brennivíni á mann á ári. Í Noregi nemur öldrykkjan 25,5 l. á mann á ári, en jafnframt drekka Norðmenn 0,87 l. af brennivíni á mann á ári. Og auk hinna 67,6 l. af öli, sem ég áður gat um, drekkur hver Þjóðverji árlega til uppjafnaðar 2,22 l. af brennivíni.

Það er reyndar ekki í fyrsta skipti nú, sem þeirri villukenningu skýtur hér upp, að hið veikara áfengi dragi úr nautn hins sterkara. Sama var uppi, þegar bannlögin voru hér á dagskrá á sínum tíma. Þá var talað um, að nauðsyn væri að vinna gegn nautn brenndu drykkjanna, og samkv. því lýstu sumir andbanningar sig reiðubúna til að mæta templurum á miðri leið í áfengismálunum og banna innflutning á brenndum drykkjum. Man ég það, að sú var afstaða Steingríms Jónssonar, núverandi bæjarfógeta á Akureyri, sem þá átti sæti í Ed. og var harðsnúinn andbanningur. Hann vildi sætta sig við að banna innflutning á brenndum drykkjum, en hinsvegar leyfa innflutning á öll-

1) Niðurlag ræðunnar vantar. — J. A. J.

um léttum vínum. Var látið í veðri vaka, að allir mundu sætta sig við þá lausn málsins og talið, að ef þjóðinni væri þannig gefinn kostur á að neyta „hinna hollu, suðrænu vína", myndi öll ofdrykkja hverfa af sjálfu sér og böl drykkjuskaparins þar með vera úr sögunni, enda þá engin freisting til þess að smygla inn víni, eins og verða mundi, ef algert bann væri leitt í lög. Ég hefi getið um þetta vegna þess, að hér féllu svo orð áðan, að andbanningarnir einir hefðu haft rétt fyrir sér í umr. um bannlögin og þannig reynzt hinir sönnu spámenn í þessum málum. Margir andbanningar báðu einmitt um það ástand, sem nú ríkir í þessum efnum og allir eru óánægðir með, hv. flm. þessa frv. eins og aðrir. Þegar Spánarvínin voru leyfð, var einnig sagt, að það mundi draga úr freistingunni til að smygla og brugga, en reynslan hefir ekki orðið að sama skapi. Og þekking manna og reynsla annarsstaðar í þessum efnum tekur af skarið um það, að því meira sem drukkið er af léttum vínum, því meira er líka drukkið af brenndum drykkjum. Spánverjar, sem drekka 87,8 l. af léttum vínum á mann á ári, drekka þannig 4,25 l. á mann á ári af brennivíni. Og Frakkar, sem drekka jafnframt mikið af öli, drekka árlega sem svarar 5,49 l. af brennivíni á hvert mannsbarn, auk þess sem nautn hinna léttari vína nemur þar í landi 124 l. á mann á ári, eins og ég áðan sagði. — Það ber þess vegna allt að sama brunni í þessu efni. Því meira sem drukkið er af öli, því meira er drukkið af léttum vínum, og því meira sem drukkið er af léttum vínum, því meira er líka drukkið af brenndum drykkjum. Þessar tölur hagskýrslnanna verða ekki rengdar. Hér þýðir því ekki að standa upp og vitna og segja sína skoðun. Í þessum efnum sem öðrum verða menn að hlíta dómi reynslu og þekkingar.

Ég get nefnt nokkur einstök dæmi í viðbót um þetta. Ég vil þó taka það fram, að tölurnar eru orðnar nokkurra ára gamlar, en þær missa auðvitað ekki gildi sitt fyrir því. Í Märisch Ostrau, sem er bær í Tjekko-Slovakíu, en mun áður hafa tilheyrt Bæheimi, eru drukkin feiknin öll af öli. Íbúarnir eru 30 þús., 2—3 þús. fleiri en hér í Reykjavík, og bjórdrykkjan nemur þar 150 l. á hvern mann á ári. Maður skyldi nú ætla, að íbúarnir létu sér nægja ekki minna af þessum „holla drykk" og sneiddu alveg hjá nautn annara áfengra drykkja. En það er nú eitthvað annað en að svo sé, og þeim mundi jafnvel ekki nægja allur sá „Höskuldur" í viðbót, sem að sögn er framleiddur hér á landi, því að íbúar þessa bæjar eyða 15—50% af launum sínum í brennivín eingöngu. 50% íbúanna drekka til uppjafnaðar 28 l. af brennivíni á ári auk alls ölsins, og 30% af íbúunum drekka 50 l. af brennivíni ofan á þessa 150 l. af öli, sem hver maður drekkur árlega í þessum bæ. — Þá skal ég geta þess til fróðleiks, af því að hér hefir verið drepið á kartöflur í sambandi við ölbruggun, að í Bæheimi er einn þjóðrétturinn kartöflusúpa, sem er þannig til búin, að kartöflurnar eru soðnar í brennivíni. — Ég sé, að hv. þm. Borgf., sem er mikill kartöfluvinur eins og ég, hristir höfuðið, og er reyndar ekki að furða. (PO: Þær eru ekki vel notaðar kartöflurnar þar). Nei, manni virðist svo.

Erlend reynsla í þessum efnum, og við höfum ekki annað áreiðanlegra að miða við, er því öll á þá leið, að því meira sem drukkið er af öli, því meiri verður líka fýsnin í vín og aðra sterkari drykki. Auk þess er á það að líta, sem hæstv. forsrh. réttilega drap á, að öll líkindi eru til þess, að drykkjuskapurinn breytist, ef ölið verður leyft — að aðrir fari að drekka en nú gera það aðallega. Það er enginn vafi á því, að ölið mundi leiða margan verkamanninn út í drykkjuskap, og jafnvel börnin líka. Ölið er tiltölulega ódýr drykkur og mundi því brátt geta orðið á borði hvers manns, sem ráð hefir á fáum aurum, og þannig leiða til daglegrar áfengisnautnar. Eins og nú er, er engin hætta á þessu, af því að Spánarvínin eru svo dýr, að menn almennt hafa ekki ráð á því að veita sér þau. Fyrir bannið höfðum við hér nær eingöngu drykkjuskap karlmanna. Með Spánarvínunum bættist kvenfólkið í hópinn, og það er enginn vafi á því, að með ölinu mundi röðin koma að börnunum. Ég segi þetta ekki út í bláinn, því að það styðst við reynslu annara þjóða í þessum efnum. Drykkjuskapur barna er því miður allalgengur með öðrum þjóðum, einkum hinum miklu öl-

drykkjuþjóðum. Og þetta er eðlilegt, því að þar sem öl er almennt notað með mat og ölglas stendur á hverju borði, verður jafnan einhver meiri eða minni lögg eftir í glösunum fyrir börnunum, sem fljótlega venjast á ölið með þessu móti engu síður en fullorðna fólkið. Skal ég til fróðleiks lesa nokkrar tölur um þetta efni, og eru tölurnar að vísu orðnar nokkurra ára gamlar, en þó nytsamar til lærdóms engu að síður.

Samkvæmt skýrslum skólalæknanna í Berlín drekka ⅘ barnanna þar meira og minna. 39% af börnunum þar drekka einn bjór á viku og 11% einn snaps á viku. 33% af börnunum drekka bjór daglega og 2—3% snaps á hverjum degi, enda segja skólalæknarnir, að drykkjuskapur barna sé þjóðarsiður. Í Gera fór einnig fram slík rannsókn á skólabörnum, 515 drengjum og 554 stúlkum. Reyndist þar svo, að aðeins 4 drengir og 8 stúlkur höfðu aldrei smakkað áfengi, 235 drengir af þessum 515 neyttu víns og 109 bjórs daglega. Af stúlkunum neyttu 257 víns og 130 bjórs á degi hverjum. Í München fór rannsókn fram á 4562 skólabörnum. 13,1% voru í bindindi, 55,3% drukku að staðaldri, 6,4% voru snapsdrykkjumenn, og 4,5% **reglulegir ofdrykkjumenn.** Í Nordhausen var rannsakaður drykkjuskapur barna í fyrsta og fjórða bekk barnaskóla þar. Í 1. bekk skólans voru 49 sjö ára börn. 38 drukku vín, 40 þeirra snaps og öll drukku þau bjór. Í 4. bekk skólans voru 28 stúlkur. 27 þeirra drukku vín, 24 snaps og allar bjór. Í Schönberg, sem er útborg við Berlín, fór fram rannsókn á drengjaskóla og stúlknaskóla þar. 56,2% af drengjunum drukku bjór að staðaldri, 30% önnur vínföng. Og af stúlkunum drukku 48,7% bjór að staðaldri og 32% önnur vínföng. Rannsókn í menntaskólunum í Þýzkalandi leiddi það í ljós, að meira en 50% af 11—12 ára börnum neyttu áfengis daglega.

Ég vona, að þetta nægi til að sýna fram á, að það er engin fjarstæða að minnast á drykkjuskap barna í þessu sambandi. Og ég geri ráð fyrir, að bindindisþekking sé á svo háu stigi í þessu landi, að hv. þdm. sé að minnsta kosti ljóst, hvílíkan voða er hér um að ræða, þar sem fjöldi kornungra barna neytir áfengis daglega, að ekki sé minnzt á þau ósköp, þegar 4,5% þeirra eru beinir ofdrykkjumenn, eins og í dæminu frá Þýzkalandi, og ræði ég því ekki þá hlið málsins frekar.

Viðvíkjandi þeim tölum, sem ég hefi hér lesið upp, skal ég að lokum geta þess, ef einhver skyldi verða til að rengja þær, að ég hefi tekið þær eftir þýzku riti, sem 22 læknar standa að. Heitir ritið Krankheit und Soziale Lage, og aðalútgefendur þess eru þeir próf. Mosse og próf. Tugendreich. Forlagið, sem að útgáfunni stendur, er alþekkt bókaforlag í Þýzkalandi, forlag Lehmanns í München, sem gefur út læknisfræðibækur. Vil ég ennfremur taka það fram, að þetta rit er alls ekki skrifað sem bindindisrit, heldur sem hvert annað vísindarit.

Ég vona, að hv. þdm. hafi orðið það ljóst af því, sem ég nú hefi látið þá heyra, að það er engin firra, þó að því sé haldið fram, að ölundanþágan muni leiða til aukins drykkjuskapar með þjóðinni, og þá ef til vill fyrst og fremst með þeim stéttum og aldursflokkum þjóðfélagsins, sem enn eru lausir við áfengið að mestu leyti, sem betur fer. En við Íslendingar höfum einnig okkar eigin reynslu í þessum efnum, sem við getum dregið lærdóm af. Við höfum á stuttu tímabili búið við ýmiskonar ástand í áfengismálunum. Hér var engin gullöld í þeim efnum áður en bannið kom til sögunnar, þó að þeirri fjarstæðu sé stundum á lofti haldið af andbanningum. Með banninu varð á þessu mikil breyting til batnaðar, þó að sumir hefðu ef til vill gert sér vonir um enn betri árangur. Og við munum allir, hvernig farið hefir við hverja tilslökun, sem gerð hefir verið. Við munum, hve mjög ástandið versnaði með læknabrennivíninu, og síðan leyfður var innflutningur á „hinum hollu Spánarvínum" hefir öllu enn stórum hrakað í þessum efnum. Ég verð því að segja, að þegar verið er að brigzla um blindni í áfengismálunum. getur það ekki átt við aðra en þá, sem eru svo blindir á þá reynslu, sem við höfum fengið með öllum tilslökununum, að þeir ætla sér að bæta ástandið með því að gera eina tilslökunina enn.

Hannes Jónsson: Mér kom það ekki á óvart, þó að ýmsir hv. þm. hafi orðið til

að halda því fram, að þetta frv. mundi verða til að auka vínflóðið í landinu, og er þetta þó ekki af því, að ég haldi, að þetta sé rétt, nema ef síður sé. Hv. þm. Ísaf. las hér upp tölur og skýrslur, sem áttu að sanna þetta, því að hann dró eina óskeikula setningu út frá öllum þessum tölum sínum, sem hljóðaði eitthvað á þá leið, að því meira, sem drukkið væri af öli, því meira væri og einnig drukkið af víni. Má auðvitað eins snúa þessari setningu við og segja, að því minni sé víndrykkjan sem öldrykkjan sé minni. En skyldi þetta nú vera tilfellið, t. d. með okkur Íslendinga? Það mun síður en að svo sé, og koma mér í hug í þessu sambandi hin alkunnu orð Snorra goða, þau er hann mælti á Alþingi kristnitökusumarið, þegar sú fregn var borin til þings, að jarðeldur stefndi á bæ Þórodds Eyvindarsonar á Hjalla, og heiðnir menn vildu kenna þetta goðagremi: „Um hvat reiddust goðin þá, er hér brann hraunit, er nú stöndum vér á?“ Hverju er þar um að kenna, að Íslendingar yfirleitt eru svo sólgnir í vín sem raun ber vitni, og ekki sízt hinn uppvaxandi æskulýður í landinu, úr því að öldrykkjunni er ekki um þetta að kenna? Því að þótt óáfengt öl sé að vísu framleitt í landinu, verður því þó varla um þetta kennt, og er enda eingöngu drukkið hér í Reykjavík og hinum stærri kaupstöðum, en þekkist hinsvegar ekki í sveitunum, og þar færist vínnautnin þó stöðugt í vöxt með heimabrugginu. Og það er reyndar fleirum en okkur sveitamönnunum, sem geðjast vel að „Höskuldi“ og öðrum ágætum sterkum drykkjum, sem framleiddir eru í sveitunum, því að kaupstaðarbúar munu ekki síður sólgnir í þessa drykki. (**Rödd:** Gjábakkabrennivínið er alviðurkennt). Já, ég gæti trúað, að einn og annar hv. þm. kynni að geta gefið upplýsingar í þessu efni. — Hv. þm. Ísaf. verður því að leita einhverrar annarar skýringar á þessu fyrirbrigði en að kenna þetta öldrykkjunni.

Hæstv. forsrh. undirstrikaði það um þau orð, sem hann sagði, að hann talaði sem þm., en ekki sem ráðh. Ég hefi nú samt mikla löngun til að svara honum einmitt sem ráðh., en ekki sem þm. Núv. stj. hefir setið að völdum frá því 1927, og allan tímann hefir hún haft nægan þingvilja til að gera allt, sem hún taldi nauðsynlegt að gera til þess að draga úr vínnautninni í landinu og halda áfengislögunum í gildi. Og ég efast ekki um, að stj. hefir gert allt, sem í hennar valdi stóð, til þess að draga úr böli áfengisnautnarinnar, því að þing eftir þing hefir hún fengið stuðning þingsins til að skerpa lögin svo mjög, að kalla má, að úr öllu hófi hafi keyrt, en þrátt fyrir þetta hefir ekkert áunnizt í þessum efnum, nema hvað eitthvað talsvert mun hafa dregið úr smyglun frá því, sem áður var, en samhliða því hefir líka bruggið í landinu stórum aukizt. Vil ég út frá þessu leggja þá spurningu fyrir hæstv. forsrh., hvort hann sé svo glaður yfir að sjá þessa innlendu framleiðslu þróast í landinu, að hann vilji ekkert gera til að stemma stigu fyrir henni, ef hægt væri. En ef hvorki er hægt að útiloka vínnautnina úr landinu né að stemma stigu fyrir hinni innlendu framleiðslu, væri það þá ekki einmitt í samræmi við stefnu hv. þm. Ísaf. og þeirra jafnaðarmanna að láta ríkið sjálft annast þessa framleiðslu? Hvað annað væri betra að gera að ríkisfyrirtæki en framleiðslu þessarar alóþörfu munaðarvöru? En ef menn skyldu nú ekki vilja ganga svo langt, væri þá ekki ráð að leyfa þessa vöru og leggja á hana ríflegan skatt, svo að ríkissjóði stæði þó eitthvað gott af þessum hlutum?

Eins og ég gat um fyrr, hefir því verið haldið fram, að ölið mundi kenna þjóðinni að drekka, ef leyft yrði. Ég hefi áður sýnt fram á það, að ölsins þarf ekki við um þessa hluti. Íslendingar kunna nú þegar að drekka, án þess að nokkurt öl hafi verið til að kenna þeim það. Þeir hafa einhvern veginn komizt upp á bragðið án þess. Hitt er annað mál, að Íslendingar yfirleitt kunna ekki að drekka eins og menn, og það hefir heyrzt úr ráðherrastól, að það þurfi að kenna þeim að drekka, svo að þeir drykkju ekki í óhófi, bæði sér til skaða og skammar, heldur svo, að þeir hefðu ánægju af drykkjunni. Og það er hverju orði sannara, að þessa er hin fyllsta þörf. Og skyldi ekki ölið einmitt verða til að kenna Íslendingum að drekka á þennan hátt? Ég fyrir mitt leyti er sannfærður um það,

að ölið mundi hafa sína miklu þýðingu í þessu efni.

Hæstv. forsrh. þótti sem það væri hið sama og að drepa kúna til að hafa hagnað af henni í svip að fara nú að leyfa framleiðslu áfengs öls, og hv. þm. Borgf. var eitthvað að tala um, að verið væri að eitra fyrir menn eins og gert væri um hrafna, í svipuðu sambandi. Má þetta hvorttveggja til sanns vegar færast. Við viljum einmitt lóga nythæstu kúnni, þar sem er heimabruggið, sem þeir hæstv. forsrh. og hv. þm. Borgf. hinsvegar virðast hafa tekið ástfóstri við svo miklu, að þeir vilja ekkert gera til þess að hún veslist upp. Við viljum eitra fyrir hana með ölinu, því að við göngum þess fullvissir, að þegar mönnum gefst kostur á að drekka hæfilega áfengt öl, hverfur heimabruggið af sjálfu sér úr sögunni. Og heimabruggið er það böl, sem við verðum umfram allt að vinna gegn. Hv. þm. Borgf. var að tala um það, að á mjóum þvengjum lærðu hundar að stela, og skildist mér hann þar eiga við ölið, en ég fyrir mitt leyti er ekki í nokkrum vafa um það, að það er heimabruggið, sem mest eykur vínnautnina í landinu, og ég óttast ekki „hina mjóu þvengi" ölsins, en geri mér hinsvegar góðar vonir um, að það geti útrýmt heimabrugginu.

Það hefir verið dregið í vafa, að af þessu frv. leiddi verulegan tekjuauka fyrir ríkissjóð. Má um það deila, og getur verið, að neyzla Spánarvína myndi minnka stórlega eða jafnvel hverfa alveg við tilkomu ölsins. En af því myndi auðvitað leiða stórkostlegar tekjur af ölinu, og þar við bættist, að fé fyrir drykkjarvörur færi ekki lengur út úr landinu. Þótt efnið til ölgerðar kosti nokkuð, veit hv. þm. Borgf., að það er svo sáralítið, að það kemur varla til greina.

Þetta frv. er frá minni hendi borið fram fyrst og fremst til að hindra hina miklu heimabruggun, sem nú er komin í hverja sveit og sumstaðar á hvern bæ. Ég ætla, og tel víst, að menn hefðu miklu meiri tilhneigingu til að sporna við þessum ófögnuði en nú er, ef hægt væri að fá gott áfengt öl. Til þess að eitthvað verði gert til að draga úr áfengisflóðinu, verður að fá fólkið í landinu til að starfa. Löggjöfin í landinu stendur máttlaus uppi gegn hverskonar áfengisbrotum. Jafnvel beztu bindindismenn eins og hæstv. forsrh. og hv. þm. Borgf. vita, að fjöldamörg lögbrot eiga sér stað, án þess að hreyfa legg eða lið til að ljósta þeim upp. Allir hylma yfir með lögbrjótunum, en enginn hreyfir sig gegn þeim. En yrði slík löggjöf sett, sem þetta frv. fer fram á, tel ég engan vafa á, að lögin yrðu frekar studd af þjóðinni en áður, og það yrði ef til vill mesti vinningurinn. Ég hefi enga trú á því, að öldrykkja leiði menn til óhófsdrykkju, hvað sem öllum skýrslum hv. þm. Ísaf. líður. Ölið hefir ekki kennt mönnum að drekka vín hér á landi. Fremur mætti snúa þessu við og segja, að það væri vínið, sem hefði kennt mönnum að drekka ölið.

Pétur Ottesen: Það hefir nú margt fróðlegt komið fram í ræðum þeirra hv. þm., sem að þessu frv. standa. Það er auðsætt af öllu, að þeir hafa einkum haft í huga þá nauðsyn, er þeir telja, að á því sé að afnema áfengislöggjöfina, því að þeim hefir orðið miklu tíðræddara um hana en sitt eigið frv. Margt bendir til þess, að þeir hafi villzt um á frv. Ég hefi séð, að undanfarið hefir gengið á milli manna stór lagabálkur um afnám áfengislaganna, en fáa hefir þó enn sem komið er fýst að gerast flm. Ég býst við, að það sé með tilliti til þessa, að þessir menn þykjast hafa tvöföldu hlutverki að gegna, að auka tekjur ríkissjóðs og afnema áfengislöggjöfina. Allt bendir í þá átt.

Hv. þm. N.-Ísf. þótti við andstæðingar frv. taka öðruvísi á móti þessari útréttu hönd en hann hafði búizt við. Dró hann af því þá ályktun, að við værum ánægðir með núv. ástand. Við höfum þó alls ekki farið út í þá sálma og ekki látið í ljós neina ánægju, enda gefur ástandið ekki tilefni til þess, en við viljum ekki rétta flm. frv. hendina til að gera ástandið verra en það er. Ég býst við, að þeim fari að verða aðstaða okkar skiljanleg eftir þessar upplýsingar og aðrar, sem fram hafa komið.

Hv. þm. N.-Ísf. var drjúgur yfir því, hve kunnugur hann væri því, hvernig menn höguðu drykkjuskap sínum í Englandi og Noregi og víðar, að þar drykkju

menn stundum meira af öli og stundum meira af whisky. Ég efast nú um kunnugleika hv. þm. N.-Ísf. í þessum efnum. Til þess að vera vel kunnugur þessum málum þar hefði hann þurft að vera tíður gestur í kjöllurum og á knæpum í utanferðum sínum, en ég veit, að hv. þm. hefir haft alvarlegri störfum að gegna en svo, að hann hafi haft tíma afgangs til að heimsækja slíka staði. Annars hefir hv. þm. Ísaf. tekið af skarið í þessu efni með skýrslum sínum. Þær sýna, að öldrykkja leiðir af sér aukna vínnautn, svo að það er þveröfugt við það, sem hv. þm. N.-Ísf. sagði, að „stout" — svo trúi ég, að hann kallaði það — hefði dregið úr whisky-drykkju í Englandi. Skýrslur hv. þm. Ísaf. sýna, að þetta er ekki til að státa af.

Hv. flm. þessa frv. hafa haldið því fram, að þeir, sem vildu drekka öl, gerðu það ekki til að verða drukknir, heldur til að gleðja sig, og því vilja þeir haga styrkleika ölsins þannig, að menn geti „glatt" sig, þ. e. a. s. komizt undir þau áhrif, að þeir „finni á sér". En nú er það sá sorglegi sannleikur, að þeir, sem byrja að drekka, byrja allir með þessu hugarfari, en lenda þó síðar að meira eða minna leyti í klóm ofdrykkjunnar og glata manngildi sínu og velfarnan. Hættan við frv. liggur einmitt í því, að fleiri byrji að drekka en áður með þessum skammgóða ásetningi, enda kom það glögglega í ljós í ræðu hv. þm. V.-Húnv., að hann gerði ráð fyrir, að öldrykkjan yrði mikil og almenn.

Hv. þm. N.-Ísf. talaði um árangurslausa bindindisstarfsemi. Þessi ummæli hans eru röng og ómakleg með öllu, þótt bindindisstarfsemin hafi ekki komið að fullu haldi, m. a. af því, að fjárveitingarvaldið hefir ávallt skorið styrk til hennar allt um of við neglur sér. Hv. þm. N.-Ísf. er einn af þeim, sem stuðlað hafa að því að draga úr þessum styrk, og má hann því sjálfum sér kenna um „árangursleysi" bindindisstarfseminnar að nokkru leyti.

Þá sagði hv. þm. N.-Ísf., að hann hefði engar raddir heyrt, sem ekki hefðu látið fyllstu samúð í ljós með hinu svokallaða Borgarhneyksli. Ég hefi aftur á móti engar raddir heyrt, sem ekki hafa talið, að um argasta hneyksli væri þar að ræða, enda er um allt land litið á þetta hneykslismál með fyrirlitningu. Þetta er því gripið úr lausu lofti hjá hv. þm.

Hv. þm. N.-Ísf. var að brigzla mér og hæstv. forsrh. um, að við hefðum litla þekkingu á þessum málum. Það mun vera rétt, að við þekkjum lítið persónulega bragð og áhrif þessara vökva, en við vitum, að þeir renna ljúflega ofan í allt of mikinn hóp manna í þessu landi og höfum séð mörg og átakanleg dæmi þess, hver háski stafar af vínnautninni, og því viljum við hindra, að þær ráðstafanir séu gerðar, sem auka þennan voða. Hv. þm. sagði einnig, að bezt væri að búa að sínu. Ég hefi nú haldið þessu sama fram, þegar um hefir verið að ræða framleiðslu góðra hluta og nauðsynlegra, og það hefir verið mér sorgarefni, hve lítt hv. þm. N.-Ísf. hefir þá tekið undir með mér. En þessi skoðun mín nær ekki lengra en til góðra og gagnlegra hluta, því að ég er ekki sá bókstafsþræll, að ég vilji fara að stofna til eiturbyrlunar, þó að hún sé innlend.

Hv. þm. V.-Húnv. bar fram spurningu til hv. þm. Ísaf., sem ég veit, að hann er maður til að svara, og læt hana því afskiptalausa. En ég vil víkja að öðru atriði í ræðu hv. flm. Hann sagði, að einn af ráðh. hefði sagt það vel og drengilega, að það þyrfti að kenna þjóðinni að drekka. Þessi sami ráðh. sagði, að Íslendingar væru ekki samkvæmishæfir nema undir áhrifum víns. Fræðslan til að bæta úr þessu átti að vera fólgin í því, að menn lærðu að drekka vín eins og kaffi. Mér skildist á hv. þm., að tilgangurinn með frv. væri sá, „að kenna þjóðinni að drekka", svo að þeir, sem ekki vilja eða geta veitt sér Spánarvín eða önnur sterkari, geti lært það á ölinu, þótt það kosti þá síðar að verða ofdrykkjunni að bráð. Ég þakka hv. þm. fyrir hreinskilnina, þótt hann að öðru leyti reyndi að fara kringum kjarna málsins eins og köttur kringum heitan soðpott.

Ég vil svo að lokum láta þá ósk í ljós, að hv. deild taki þeim tökum á þessu máli sem vera ber og er við hæfi þeirra tíma, sem yfir standa, að byggja út erfiðleikunum í staðinn fyrir að leiða þá inn.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vil lýsa sérstakri ánægju minni

yfir því, hve glöggt hefir komið fram í ræðum þeirra flm., hv. þm. V.-Húnv. og hv. þm. N.-Ísf., að þessi ráðstöfun myndi auka nautn áfengis í landinu, og þó einkum í skýrslu hv. þm. Ísaf., þar sem hann sýndi fram á, að öldrykkja hefir ávallt í för með sér aukna vínnautn, og vínnautn aukna nautn sterkari drykkja. Öldrykkjan er grundvöllurinn undir drykkjuskapnum, einkum hjá verkamannastéttinni og yngstu kynslóðinni, eins og hv. þm. Ísaf. sagði. Ég vil undirstrika það, að þetta er grundvallaratriðið í málinu.

Fyrst ég er staðinn upp, þá vildi ég víkja að tveimur atriðum í ræðu hv. þm. N.-Ísf. Hann lét svo um mælt um hv. þm. Borgf. og mig, að við værum svo ánægðir með ástandið eins og það er. Við höfum ekki sagt eitt einasta orð í þá átt. Við vildum sjálfsagt allir, að það væri betra en það er nú, en það, sem við viljum ekki, er, að ástandið verði verra en það er nú. Við erum sannfærðir um, að hér fari með öldrykkjuna eins og hv. þm. Ísaf. hefir sýnt fram á, að farið hefir annarsstaðar, að hún býður heim aukinni notkun annara tegunda áfengra drykkja. Það, sem um er að ræða fyrir okkur, er það, að við viljum ekki fá ástandið verra, en það erum við sannfærðir um, að af þessum ráðstöfunum muni leiða.

Hv. þm. N.-Ísf. er oft að vitna í það, sem er í öðrum löndum, og það þá eftir sögusögn þessa og hins, allt ónafngreint. Ég vildi biðja hv. þdm. að bera svo saman, hvernig hv. þm. Ísaf. hefir birt opinberar tölur úr vísindaritum um þetta mál og það, sem hv. þm. N.-Ísf. segir. Það er merkara en að taka sögusagnir úr andbanningablöðum úti um heim. Í því sambandi vil ég koma inn á einstakt dæmi, af því að hv. þm. var að vitna í það, hvernig bannið hefði gefizt á Norðurlöndum, og þá sérstaklega í Finnlandi. Ég hefi það fyrir satt og hefi ekki ástæðu til að rengja það, að Finnar hafi afnumið bannið af svipuðum ástæðum og við Íslendingar á okkar tíma. Þá stóð okkur til boða að velja á milli vínsins og geipilegra tolla. En ég hefi fyrir satt, að Finnum hafi staðið til boða 100 millj. marka lán með sérstaklega góðum kjörum, ef þeir afnymdu bannið. Um þetta land verður alltaf andstæðingum bannstefnunnar tíðrætt, hvað ástandið sé þar slæmt, og hv. þm. vitnaði líka í það. En ég vildi leyfa mér að spyrja hv. þm., hvað hann viti um það. Hefir hann komið til Finnlands? — Ég vildi enda orð mín með því að segja, að ég hefi komið þangað og verið þar um nokkurn tíma, án þess að sjá einn einasta mann undir áhrifum víns. Þykir mér um þetta sem annað sjón sögu ríkari.

Umr. frestað.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

28. Hámark launa.

Á 28. fundi í Nd., 14. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um hámark launa, greiddra úr ríkissjóði og af stofnunum ríkisins (þmfrv., A. 174).

Á 30., 33., 34., 35. og 37. fundi í Nd., 16., 19., 21., 22. og 29. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Nd., 31. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Vilmundur Jónsson): Ég hefi samið allýtarlega grg. með þessu frv. og get því að mestu leyti látið mér nægja að vísa til hennar. Ég ætla aðeins að benda stuttlega á þær höfuðreglur, sem ég tel, að eigi að gilda viðvíkjandi kaupgreiðslum ríkisins, og vildi mælast til, að yrðu viðurkenndar af hv. d. og hv. þm. yfirleitt með samþykkt þessa frv.

Aðalreglan verður að vera sú, að menn, sem hafa fullkomin störf á hendi fyrir ríkið, séu svo hátt launaðir, að hægt sé að krefjast þess, að ríkið eigi alla starfskrafta þeirra óskipta, enda megi þeir ekki taka að sér önnur störf, nema fyrir ríkið, og þá án aukaþóknunar.

Önnur aðalregla á að vera sú, að hið fyllsta samræmi sé í launagreiðslum allra starfsmanna ríkisins, hvort sem þeir eru embættismenn eða annarsháttar starfsmenn.

Nú kann alþjóðarheill að krefjast, að þessar höfuðreglur séu brotnar og að fela þurfi embættismanni eða starfsmanni slík störf, er greiða þarf fyrir, ef þau eiga að fást unnin, og er þá rétt, að lagaheimild komi til.

Launahámark það, sem hér er farið fram á að sett verði, er valið nokkuð af handahófi og getur verið álitamál. Og raunar eru höfuðákvæði frv. varla framkvæmanleg, meðan hin úreltu launalög frá 1919 eru í gildi. Vil ég, að hv. þdm. geri sér þegar ljóst, að samþykkt frv. leiðir af sér tafarlausa endurskoðun þeirra laga. Mér er ljóst, hverjum erfiðleikum það er bundið að fá fullt samræmi í allar launagreiðslur ríkisins — milli hinna einstöku starfsgreina. Það leiðir af samkeppninni við einkafyrirtækin. Ríkið verður að borga markaðsverð fyrir hvert starf. Meðan læknar vinna sér inn með „praksis“ 2—3-faldar tekjur á við bezt launuðu embættislækna, verður ríkið að fylgja á eftir með launagreiðslur til þeirra eða eiga á hættu að fá lakari menn. Embættislausir lögfræðingar, margir hverjir, fá margföld laun á við prófessora og dómara. Hér var nýlega getið um einn málaflutningsmann, sem fékk 25 þús. kr. greiddar fyrir flutning á einu máli. Það þótti að vísu talsvert ósvífin kaupkrafa, en sennilega hefði það þótt sæmileg kurteisi, ef hann hefði farið fram á meðalárslaun prófessors fyrir þetta viðvik. Annað eins og þetta hlýtur að hafa áhrif á embættislaun lögfræðinga. Líkt er með bankastjórana. Það er von, að hátt kaup þurfi til að tryggja sér hæfa menn til þeirra starfa, meðan forstjórar einkafyrirtækja fá þau laun, sem almennt er að greiða þeim.

En þó að þetta sé svo, er hitt vel framkvæmanlegt, að hafa fullt samræmi í launagreiðslum innan hverrar starfsgreinar. Lengra verður ekki komizt, nema það takist að setja hömlur á hátekjur einstaklinga og hálaunagreiðslur einkafyrirtækja.

Samræmis vegna væri líklegast réttast að bæta því inn í frv., að einnig skuli setja hámarkslaun fyrir starfsmenn bæjar- og sveitarfélaga, og þótt slíkt væri ýmsum vandkvæðum bundið, væri engin fjarstæða að láta sér detta í hug, að hið sama yrði einnig látið ná til einkafyrirtækja — hinna þýðingarmestu þeirra a. m. k. Og fel ég væntanlegri n. að taka það til rækilegrar athugunar.

Ég get búizt við að heyra þær undirtektir undir þetta frv., að þó að það fari í rétta átt, sé engin leið að samþ. það, á meðan launalögin eru í þeim skorðum, sem þau eru. En þá er að endurskoða launalögin jafnframt, og er meira en kominn tími til þess. Þættist ég ekki hafa til einskis flutt þetta frv., ef það gæti ýtt undir þá endurskoðun. Og ekki skal ég gera það að ágreiningsmáli, ef menn kjósa heldur að fella ákvæði þessa frv. inn í endurskoðuð launalög, og skal játa, að þar eiga þau fullt eins vel heima og í sérstökum lögum.

Ólafur Thors: Í grg. þessa frv. stendur, að í ráði hafi verið, að ég flytti þetta frv. með hv. þm. Ísaf., og segist hann hafa beðið mig um það og ég hafi lofað því. Þetta eru rakalaus ósannindi. Hv. þm. hefir aldrei beðið mig að flytja frv. með sér, og ég veit, að honum hefði verið síður en svo vel við, að ég hefði flutt það með honum; hann hefði víst ógjarnan viljað fá svo góðan liðsmann með frv. sem mig, og eiga þannig fremur á hættu, að það yrði samþ. Því það vita allir, að þetta frv. er flutt vegna grg., og meðal hv. þm. gengur það undir nafninu: „Frv., sem samið var vegna grg.“ Það kemur líka glögglega í ljós í grg., að þessi hv. þm., sem orðið hefir fyrir talsverðu aðkasti hér í hv. d. fyrir það, hve hann er orðinn hlaðinn bitlingum, er með þessu frv. að gera einskonar Pílatusarþvott á sjálfum sér.

Hv. þm. segir frá því í grg., að það sé ótækt, að embættismenn ríkisins hafi ekki hærri laun en þeir nú hafa, og láti svo ríkinu í té alla starfskrafta sína, í stað þess að hafa lág laun og vera svo hlaðnir bitlingum, eins og t. d. hann sjálfur. En svo bætir hann við, að ef nú samt sem áður þurfi að hækka þessi laun, þá eigi ekki að gera það í neinu pukri, heldur með vitund og vilja Alþ. Hann segir í grg., með leyfi hæstv. forseta: „Ef ástæða er til að gera undantekningar frá þessu í einstökum tilfellum“ — hann meinar náttúrlega landlæknisembættið í þessu

tilfelli — „á það ekki að vera neitt stjórnarpukur, heldur á opinber samþykkt Alþingis að liggja fyrir um hvert einstakt tilfelli. Aukastörfin og greiðslur fyrir þau hljóta að koma misjafnlega og óréttlátlega niður og stjórnarvöldunum er með þessu“ — svo kemur nú rúsínan — „gefinn óþarfur möguleiki til að beita hlutdrægni og þar með hættulegt vald yfir þeim embættismönnum og starfsmönnum, sem kunna að hafa hjartað þar, sem peningarnir eru.

Ég, sem flyt þetta frv., er áður en ég veit af orðinn einn af þessum bitlingaembættismönnum — —“, þessum, sem hafa hjartað þar, sem peningarnir eru. Það er ákaflega gaman að heyra þessa játningu hv. þm. Það er sem sé vitað, að peningarnir hafa komið svo við hjartað í hv. þm., að hann er nú orðinn á báðum áttum í stjórnmálunum. Stj., sem kann að nota sér fjármuni ríkissjóðsins til að kaupa fyrir fylgi, hefir notað sér þetta „vald yfir embættismanni, sem hefir hjartað þar, sem peningarnir eru“. Og nú er hann allt í einu búinn að fá svo mikla sómatilfinningu, að hann er farinn að hálfskammast sín fyrir þetta. En hann treystir sér ekki til að standa einn og hjálparlaus gegn freistingu fjármunanna. Það er með hann eins og yfirfallinn drykkjumann, sem vill gjarnan hætta að drekka, en treystir sér ekki til þess án þess að fá utanaðkomandi styrk, og fer því í stúku. Nú er landlæknirinn að reyna að finna upp nokkurskonar stúku fyrir hálaunaða bitlingamenn, með því að vilja nú láta lögbanna mönnum að taka hærri laun en að ákveðnu hámarki. Og þetta gerir hann, þó hann viti, að af þessu leiðir þau vandræði, að hæfir menn fást ekki í embættin. Hann segir að vísu, að það sé sama, hver situr í landlæknisembættinu, og er það sjálfsagt rétt, úr því hann hefir verið skipaður í það, því sjálfsagt hefði nú verið hægt að fá eins hæfan mann í það fyrir lítil laun. „En verr getur farið um önnur störf“, segir hv. þm., „því að þó reynt sé í frv. að koma á sem mestum jöfnuði milli embættismanna og starfsmanna ríkisins og starfsmanna við stofnanir ríkisins, verða einkastörfin hættulegir keppinautar. Í minni starfsgrein bendi ég á landsspítalann, sem að sjálfsögðu yrði að loka, ef frv. yrði samþ. að öðru óbreyttu“. — „Er raunar vissara fyrir væntanlega nefnd, sem þetta mál fær til meðferðar, að svipast víðar um, hvort ekki beri nauðsyn til að gera annarsstaðar tilsvarandi ráðstafanir“.

Um leið og hann ber fram þetta frv. segir hann, að í hans starfsgrein verði afleiðingin af því sú, að það verði að loka landsspítalanum og að það sé vissara að athuga, hvort afleiðingin af því verði ekki sú sama víðar. Hvað er nú þetta annað en látalæti? Ef hv. þm. er nú farinn að iðrast eftir, hvað hann hefir þegið mikið af bitlingum, og yfir því, hvaða áhrif þeir hafa haft á hans stjórnmálaskoðanir, þá held ég, að hann ætti að ganga til altaris hjá hv. sessunaut mínum (HV), krjúpa á kné og biðja guð að hjálpa sér og snúa á betri brautir, og þá skal ég segja amen í minni ræðu. En að vera að koma til þingsins og biðja það að hjálpa sér frá mammon og öllum hans árum, það er bara til athlægis fyrir mann, sem er landlæknir. Það geta víst fáir trúað því, að landlæknirinn hafi í alvöru borið fram frv., sem hefir þær afleiðingar, að það verður að loka landsspítalanum.

Í þeim ræðustúf, sem hv. þm. flutti, kom það fram, að það, sem hann er að byggja frv. sitt á, er tóm vitleysa. Hann segir, að það sé ekki hægt að skera niður laun lækna á meðan „praktiserandi“ læknar hafi tvöföld eða þreföld laun á við hæstlaunuðu embættislækna og meðan „praktiserandi“ lögfræðingar hafi margföld laun á við prófessora. Allt, sem hv. þm. sagði, voru rök á móti frv., enda veit ég, að hann vill láta fella frv. sjálfs sín vegna. En því er hann þá að flytja það?

Hv. þm. sagði, að hann og aðrir jafnaðarmenn — hann hefði nú átt að segja bara „hann og jafnaðarmenn“, því það er nú mjög dregið í efa, að hann sé lengur jafnaðarmaður, því hann er almennt álitinn vera Tímabolsi, eins og það er kallað í daglegu máli — hefðu ráð við þessu, og það væri, að öll einkafyrirtæki séu afnumin, því þá geti engir menn haft hærri laun en það opinbera skammtar þeim. Ég vildi heyra það, hvernig hv. þm. ætlar að koma í veg fyrir það, að dugandi læknar og lögfræðingar, og yfir-

leitt aðrir menn, sem duglegir eru að komast áfram í lífinu, geti haft meiri laun.

Ég endurtek það að lokum, að ég kann illa við það, að hv. flm. sé að fara með bein ósannindi um mig í grg. frv., og beini því til hæstv. forseta, að það sé óviðeigandi, að hv. þm. fari með bein ósannindi í grg. fyrir þeim málum, sem þeir flytja. Þetta er að vísu fátítt; ég man ekki nema tvö dæmi þess áður, að þetta hafi verið gert. Það var í grg. fyrir fimmtardómsfrv. á vetrarþinginu 1931, og í grg. fyrir ömmufrv. 1931; þá var sagt, að grg. fyrir ömmufrv. hefði ekki verið þinginu til skammar af því, að grg. fyrir fimmtardómsfrv. hefði verið þinginu til enn meiri skammar. Hér bætist nú við þriðja frv. í þessa verðlaunasamkeppni. Ég endurtek það, að ég áfellist þessi ósannindi í grg.

Ég vil svo biðja hv. dm. að hjálpa nú hv. flm. til að fella frv.

Forseti (JörB): Mér er ekki ljóst, hvað fyrir hv. þm. G.-K. vakir, þar sem hann vék að mér ummælum í sambandi við grg. þessa frv. Það er ekki í mínu valdi að hafa nein áhrif á það, hvernig hv. þm. rökstyðja þau þingmál, sem þeir bera fram, og ég get ekki vitað um það fyrirfram, og ekki heldur, hvort þar er rétt hermt. Ef mér væri kunnugt um það fyrirfram, hvað væri á seiði og að rangt væri með farið, mundi ég að sjálfsögðu koma í veg fyrir það, ef það stæði í mínu valdi.

Flm. (Vilmundur Jónsson): Hv. þm. G.-K. hefir illa brugðizt mér í þessu máli og farizt ódrengilega, er hann nú þrætir fyrir hlutdeild sína í því. Ég hefi þó lesið í blaði hans, að hann hafi skýrt frá því hér í hv. d., að hann hafi stungið upp á því við mig, að við flyttum saman frv. um þetta efni, og býst ég við, að þetta sé hermt eftir honum sjálfum. **(ÓTh:** Já). Þetta frv. átti að vera um að takmarka það, að embættismenn gætu fengið það, sem hv. þm. G.-K. kallar bitlinga, en ég kalla launuð aukastörf. **(ÓTh:** Alveg rétt). Af þessu tilefni samdi ég þetta frv. og skrifaði sem flm. mig og hv. þm. G.-K. og sýndi honum. Hann las nöfn flm., en fleygði frv. síðan frá sér og vildi ekki sjá það. **(ÓTh:** Þetta eru alger ósannindi). Það eru næg vitni að því hér í hv. d., að hv. þm. kvaðst hafa boðið mér að flytja slíkt frv. En ég gerði ekki ráð fyrir þeim ódrengskap af honum, að ég þættist þurfa að leggja frv. fyrir hann undir votta. Þó er ekki að vita, nema hægt væri að leiða vitni að því. Ég bjó mig ekki undir að gera það við þessa umr.

Viðvíkjandi því, að frv. sé svo mikil lokleysa, að það sé ósamboðið mér að flytja það, þá er það hin mesta fjarstæða. Ég segi í grg., að frv. hafi vissar afleiðingar, ef það verði samþ., en ekki að það hafi þær afleiðingar, sem ekkert sé hægt við að gera. Ég segi, eins og hv. þm. las upp úr grg., að ef frv. verði samþ. að öðru óbreyttu, muni þurfa að loka landsspítalanum, en jafnframt segi ég, að auðgert sé að setja lög því til varnar og að það sé ekki langrar stundar verk. Þetta er dæmi um það, hve hv. þm. fer ráðvandlega með orð mín, að hann hljóp yfir þetta niðurlag setningarinnar.

Annars mun stúkuskraf hv. þm. runnið frá viðleitni minni við að koma upp síldarmálastúku á Hesteyri handa honum og félögum hans til að ganga í. Ef nokkuð væri skylt með okkar framferði, þá er það það, að mér hefir orðið á að taka við — raunar með frómu móti frá minni hendi — ríflega mældum launum úr ríkissjóði, og honum að mæla sjálfum sér í of stórum síldarmálum. En mér fer ólíkt betur en honum. Ég hefi fulla viðleitni við að bæta ráð mitt og er þess reiðubúinn að ganga í mína stúku. Hann hefir hinsvegar ærzt og með öllu móti reynt að komast hjá að ganga í sína stúku. Nú vil ég, að við semjum sættir og hjálpumst að því að efla báðar þessar stúkur; að hann ljái mér fylgi til þess að koma því til leiðar, að mér og öðrum embættismönnum og starfsmönnum ríkisins verði mæld launin í löggiltum málum, eins og ég vil aðstoða hann við að lagga upp hin stóru síldarmál á Hesteyri, færa vel upp á þeim botninn, og búa að öðru leyti svo um hnútana, að honum mælist ekki meiri síld en honum ber.

Ólafur Thors: Það er rétt hjá hv. þm. Ísaf., að ég kom til hans og spurði hann, hvort við ættum ekki að flytja saman frv.

um, að þeir, sem hæst laun hefðu, mættu ekki taka bitlinga. Og ég hefi aldrei séð hv. þm. Ísaf. verða skömmustulegan fyrr en þá. Ég hafði aldrei séð honum bregða fyrr en þegar ég stakk upp á þessu. En það eru alger ósannindi, að hann hafi sýnt mér frv. (VJ sýnir honum blað). Já, ég sé það þarna. Og það getur vel verið, að hv. þm. hafi verið með eitthvert blað, sem hann hafi veifað framan í mig. Þessi hv. þm. hefir alltaf verið að snúast í kringum mig og dingla að mér einhverju skotti síðan á dögunum, að hann var hér með síldarmálið, af því að hann fyrirverður sig fyrir framkomu sína í minn garð þá. En ég hefi ekki getað verið að taka hann alvarlega. Hann sagði við mig um daginn: „Heyrðu góði! Ég hefi ekkert á móti þér; það var hann HG, sem var að biðja mig að skamma þig; mér dettur ekki í hug, að þú eigir nokkra sök á því, að síldarmálin voru of stór". Og sama segir hann úti á gangi við ýmsa flokksmenn mína, hv. þm. N.-Ísf. o. fl.: „Það er langt frá því, að ég ætli, að ÓTh eða aðrir framkvæmdarstjórar Kveldúlfs hafi ætlað að falsa síldarmálin". En þegar hann kemur hér inn í d., þá segir hann, að ég mætti vera mikill heiðursmaður, ef ekki ætti að falla á mig grunur um að hafa haft of stór síldarmál af ásettu ráði. En sem sagt, þó þessi hv. þm. hafi verið að dingla skotti framan í mig og viljað hafa með mér samstarf, þá hefi ég hvorki litið á skottið né frv.

Hann segir, að ég hafi snúið út úr fyrir sér, þar sem hann talar um, að landsspítalanum verði að loka, ef frv. verði samþ., því það sé hægðarleikur að koma hér í gegn annari löggjöf, svo samþykkt þessa frv. leiði það ekki af sér, að landsspítalanum verði lokað. En ef hv. þm. er það ljóst, að samþykkt þessa frv. leiði það af sér, að landsspítalanum yrði lokað, því hefir hann þá ekki komið með sérstakt frv. til að koma í veg fyrir það? Hv. þm. hefir játað, að með því að bera fram þetta frv. stofni hann til þess, að landsspítalanum verði lokað. Og hans sök yrði alveg jöfn fyrir því, þó aðrir hv. þm. beri fram frv. til þess að ekki hljótist þjóðarvandræði af frv. þessa hv. þm.

Í sambandi við hálaunamenn getur hv. þm. um í grg., að hann, sem ekkert er nema óeigingirnin, hafi farið úr embætti, sem var þriðjungi betur launað en landlæknisembættið. „— — embætti það, sem ég hefi og er nú með aukastörfum þriðjungi verr launað en staða sú, er ég sleppti fyrir það, þó að ég hefði getað mælt mér þar í stærri málum eftir beztu fyrirmyndum — —", segir hann. Ég skil það svo, að hann eigi hér við það, að hann hafi gefið fátæklingum af launum sínum. Ég man nú ekki, hvernig það er orðað í skattalögunum, en þar er þó tekið fram, að menn eigi að borga skatt af þeim gjöfum, sem þeir kunna að gefa öðrum. Það gæti verið fróðlegt að rannsaka skattaframtal hv. þm. Ísaf. og sjá, hvort hann hefir nú greitt skatt af þessum gjöfum til fátæklinganna, úr því hann er að miklast af því, að hann hafi ekki gengið harðara eftir greiðslu fyrir læknisverk sín hjá fátæku fólki en annara lækna er siður. Það vita allir, að það er venja um flesta lækna að vera ekki kröfuharðir við fátæklinga í þeim efnum.

Og ég hefði gaman af að fá að vita, hvernig hv. flm., sem, eftir því sem ég las upp áðan úr grg., hefir búið við 20 þús. króna laun undanfarið, en mun þó láta lítið yfir því, að hann sé eignamaður, hugsar sér að lifa framvegis, ef enginn má hafa meira en 5 þús. króna laun, eða rúmlega það. Ég hefði gaman af, ef hv. þm. vildi skýra það fyrir okkur, hvernig hann ætlar að fara að því að lifa í þessu himnaríki jafnaðarmanna, þegar þeir eru búnir að koma því svo fyrir með sínum viturlegu ráðum, að enginn megi hafa hærri laun en þetta.

Flm. (Vilmundur Jónsson): Ég verð að segja, að mér leiðist að taka þátt í umr., sem eru jafnóviturlegar og þetta stagl hv. þm. G.-K. Ég vil spyrja hv. þm.: Hvernig hugsaði hann sér að koma því frv. fyrir, er hann var að biðja mig að flytja með sér og banna átti embættismönnum að hafa með höndum launuð aukastörf? Átti það frv. ekki að vera líkt og það, sem ég nú flyt? Mér virðist, úr því hann hefir svikizt um að taka þátt í tilraun til að koma þessari hugsun sinni í framkvæmd, að þá sé hann nærri skyldugur til að skýra frá, hvernig hann hugsaði sér þetta gert frá sínu sjónarmiði. Það má vel vera, að hann

geti fundið betra form en ég, og þá skal ég fallast á það og taka mitt frv. aftur. Ég er ekki of stórbrotinn til þess.

Ég þarf ekki að endurtaka það, sem ég sagði áðan, að ég hafði auðvitað ekki fyrir því að endurskoða launalögin áður en ég flutti þetta frv. Ég sagði aðeins, að það þyrfti að gera. Og með því að flytja þetta frv. ætla ég, að ég hafi ýtt undir það, að hv. þm. átti sig á því, að endurskoðun launalaganna væri aðkallandi nauðsyn.

Upphæð sú, sem ég hefi sett í frv. sem hámarkslaunaupphæð, er nokkuð af handahófi. Ég miðaði þar aðeins við launalögin, þar sem 4500 krónur eru meðallaun. Og verð ég að segja, að þegar athuguð eru þau kjör, sem ýmsir aðrir eiga nú við að búa, t. d. allur þorri sjómanna og verkamanna, þá liggur við, að erfitt sé að nefna hærri upphæð. En eins og ég hefi áður sagt, þá eru einkafyrirtækin hér til hindrunar, sem yfirbjóða hið opinbera í launagreiðslum. Þess vegna verður ríkið að mismuna embættismönnunum og gjalda meira fyrir þau störfin, sem mikið þarf að vanda til, og mikið er boðið í þá menn, sem sérstaklega eru til þeirra hæfir, af einkafyrirtækjunum. Þetta hefir löggjafinn þráfaldlega gert, að gjalda þreföld, ferföld, fimmföld og jafnvel sexföld venjuleg embættismannalaun, eins og t. d. launin, sem hafa verið greidd bankastjórum. Það hefir margoft sýnt sig síðan launalögin voru sett, að greidd hafa verið hærri laun fyrir sýslanir og ný embætti en greidd eru almennt samkv. launalögunum. Og við stofnanir ríkisins hefir yfirleitt verið borgað mjög lítið með tilliti til embættislauna, heldur alveg með tilliti til þeirra launa, sem sambærilegir starfsmenn við einkafyrirtæki hafa haft. Stundum hefir þetta eflaust verið gert af fullri þörf, en stundum að óþörfu. Frv. mitt kemur engan veginn í veg fyrir, að þetta verði gert, þegar brýn nauðsyn er fyrir hendi. Alþingi á aðeins að skera úr því, hvenær það er, en ekki stjórnin.

Hv. þm. G.-K. hefði þess vegna mátt flytja þetta frv. með mér, að það er engin fjarstæða eða vitleysa. Hin stærsta mótbára, sem hægt er að bera fram gegn því, er sú, að taka þurfi jafnframt öll launalögin til endurskoðunar. Það er nú allt og sumt. En það er svo sem vel framkvæmanlegt verk að endurskoða launalögin, jafnvel á þessu þingi.

Hv. þm. G.-K. hefir brugðið mér um, að það væri af persónulegum ástæðum, að ég flytti þetta frv. En ég verð að segja, að það er meira persónulegt við hans framkomu. Af því að ég flutti hér um daginn frv., sem átti að koma í veg fyrir svikin síldarmál, frv., sem ég flutti eftir áskorun nokkurra kjósenda minna, sem orðið höfðu fyrir skaða af slíkum málum, frv., sem var svo dæmalaust kurteislega flutt, að ég nefndi ekki einu sinni eða lét á nokkurn hátt skiljast, hverjir hefðu svikið síldarmálin, nefndi varla svik á nafn, — þá sprettur hv. þm. upp eins og þjófurinn úr krókbekknum og segir, að þetta sé flutt af persónulegum erjum við sig og aðdróttunum til sín. Og nú vill hann láta mig gjalda þessa síldarfrv. míns og drepa fyrir mér þetta frv.

Hann var svo heppinn um daginn, hafði þá strákalukku, að síldarfrv. féll vegna fjarveru nokkurra þm., en það er nú aftur hér á dagskrá í dag, lítilsháttar laggskorið og færður upp í því botninn. Mun ég nú huga betur að atkvgr., og er þá ekki að kvíða örlögum þess, því að það vita allir, að meiri hl. dm. er með því. Við erum því skiptir, en ekki skildir um síldarmálin. Býð ég enn hv. þm. samvinnu um bæði þessi mál.

Ólafur Thors: Ég vil með leyfi hæstv. forseta lesa upp, hvernig grg. þessa frv. byrjar:

„Laun þau, sem embættismenn ríkisins taka samkv. launalögunum frá 1919, og tilsvarandi laun annara opinberra starfsmanna þola engan samanburð við laun þau, sem tíðkast að greiða starfsmönnum ýmsra ríkisstofnana, og enn síður við kaupgreiðslur til fastra starfsmanna einkafyrirtækja. Hæstlaunuðu embættismönnunum, eins og biskupi, landlækni, póstmeistara og prófessorum, eru ákveðin lægri laun en algengt er að greiða undirtyllum í banka, ef til vill lítið eitt hærri en dæmi eru til, að pakkhúsmenn hafi við sumar ríkisstofnanirnar — —“ o. s. frv.

Hv. þm. Ísaf. veit, eins og kemur fram í grg., að þessi lélegu og óbærilegu launakjör hafa haldizt aðeins vegna þess, að embættismennirnir hafa leitað sér auka-

starfa og notið greiðslu fyrir þau, bæði í þágu ríkisins og einstakra manna eða fyrirtækja. Þessi hv. þm. veit, sem sjálfur hefir haft 20 þús. kr. í laun og brúkað það allt, að það er ómögulegt fyrir þá menn, sem hafa þær skyldur, sem embættismenn hafa, að komast af með sömu laun og menn, sem ekki hafa viðskipti við almenning eða þurfa að koma fram út á við. En nú leggur þessi hv. þm. til, þvert ofan í þá vitneskju og reynslu, að hann sjálfur hefir eytt sér til framfæris á síðastl. ári ekki lægri upphæð en 20 þús. kr., að lög séu um það sett, að hámarkslaunin eigi að vera aðeins 4500 kr. auk dýrtíðaruppbótar, um leið og hann vill banna það, að þessir sömu menn megi taka að sér nokkur önnur störf fyrir borgun. Þetta er ekkert annað en hreinn og beinn skrípaleikur. Hitt er annað mál, sem ég sneri mér til hv. þm. með, að banna það með lögum, að embættismenn ríkisins þægju bitlinga. Slíkt er nefnilega hægt, ef þeim jafnframt eru tryggð lífvænleg laun. En hitt er ókleift, að gera það tvennt í senn, að lögákveða þeim ólífvænleg laun af ríkisins hálfu og banna þeim jafnframt að afla sér tekna á annan hátt. Ég er nefnilega samþ. þessum orðum í grg. frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Aukastörfin og greiðslur fyrir þau hljóta að koma misjafnlega og óréttlátlega niður og stjórnarvöldunum er með þessu gefinn óþarfur möguleiki til að beita hlutdrægni og þar með hættulegt vald yfir þeim embættismönnum og starfsmönnum, sem kunna að hafa hjartað þar, sem peningarnir eru". Ég er alveg sammála hv. þm. um áhrif bitlinganna, en einmitt af því ég er honum sammála um þau, vildi ég með öllu afnema bitlingana, svo að þeir yrðu ekki til þess, að embættismönnunum fyrir það skrikaði hættulega fótur, t. d. svo að þeir renni milli pólitískra flokka, eins og maður hefir séð dæmi til. (**VJ**: Hver er það, sem hv. þm. á við?). Ég á við hv. þm. Ísaf. (**VJ**: Hvað er til merkis um það?). Öll saga þessa þings sannar það og það vita allir hv. þdm. Þessa hættu vildi ég fyrirbyggja með því að tryggja þessum mönnum sómasamleg laun, svo að ekki þurfi að fara eins fyrir þeim og þessum hv. þm.

Ég hefi nú svarað fullum fetum þeirri fyrirspurn, sem hv. þm. gerði til mín, og vil þá aftur beina þeirri ósk til hans, að hann svari tvímælalaust þeirri fyrirspurn minni, er hann gekk framhjá áðan, hvernig hann, sem hefir á síðastl. ári eytt sér til framfæris 20 þús. kr., getur hugsað sér að komast nú af með þau laun, sem hann vill láta ákveða með þessu frv.

Flm. (Vilmundur Jónsson): Ég skal aðeins svara því til, að ég býðst til þess fyrir mitt leyti að þola það, sem ég vil láta á aðra leggja, ef frv. verður að lögum og gengur jafnt yfir alla.

Ólafur Thors: Ef mannkærleiki hv. þm. Ísaf. er ekki meiri en það, að hann treystir sér ekki til að spara neitt af sínum 20 þús. nema með því skilyrði, að aðrir verði settir á sultarlaun, þá fer það að verða nokkuð bert, að hann muni vera kominn í flokk dómsmálaráðherrans.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VJ, ÞorlJ, BJ, BKr, HStef, HG, HV, IngB, LH[4]), PO, StgrS, SvÓ, JörB.

nei: EA, GÍ, JAJ, JÓl, ÓTh[6]), TrÞ.

BSt[1]), BÁ[2]), JJós, JónasÞ[3]), MG[5]), MJ, SvbH[7]) greiddu ekki atkv.

Tveir þm. (ÁÁ, HJ) fjarstaddir.

Frv. vísað til fjhn. með 14:3 atkv.

---

1) **BSt**: Ég sé ekki ástæðu til að greiða atkv. um þetta frv., því að ég tel það vera eintóma vitleysu og ekki flutt í alvöru. (**Forseti**: Þetta er naumast gild ástæða).

2) **BÁ**: Ég átti örðugt með að taka frv. og þó örðugra að taka grg., en allra örðugast að taka umr. alvarlega og greiði því ekki atkv.

3) **JónasÞ**: Ég er sammála hv. flm. frv. um það, að nauðsynlegt sé að taka launamálið til meðferðar. En ég þykist hafa ástæðu til að ætla, að frv. þetta sé ekki af einlægni fram borið, heldur af væringum við einstaka þm., og hafi því þau ein áhrif að tefja tíma þingsins, og þess vegna greiði ég ekki atkv.

4) **LH**: Ég sé, að þetta frv. er að vísu gallað, en það getur átt fyrir sér að batna við meðferð þingsins. Þess vegna tel ég rétt, að það sé látið fara til 2. umr. og segi já.

5) **MG**: Ég nenni ekki að greiða atkv. um þessa vitleysu og þessi óheilindi.

6) **ÓTh**: Má ég gera grein fyrir atkv. mínu? **Forseti**: Ef hv. þm. G.-K. ætlar ekki að greiða atkv., má hann gera grein fyrir, hvers vegna

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

29. Mannafli á eimskipum og mótorskipum.

Á 29. fundi í Nd., 15. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um mannafla á íslenzkum eimskipum og mótorskipum (þmfrv., A. 179).

Á 31. og 32. fundi í Nd., 17. og 18. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 33. fundi í Nd., 19. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Þetta frv. lá fyrir vetrarþinginu í fyrra í sömu mynd og nú. Get ég því látið nægja að vísa til þeirrar grg. og framsögu, sem þá var látin fylgja því. Legg ég til, að frv. verði vísað til allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

30. Virkjun Efra-Sogsins.

Á 29. fundi í Nd., 15. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um virkjun Efra-Sogsins (þmfrv., A. 180).

Á 31., 32., 33. og 34. fundi í Nd., 17., 18., 19. og 21. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 35. fundi í Nd., 22. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Héðinn Valdimarsson): Ég ætla að segja aðeins mjög lítið við þessa 1. umr., í því trausti, að umr. verði ekki um frv. á þessum fundi, en að hv. d. afgr. það til nefndar.
Þetta frv. hefir verið til umr. á tveimur síðustu þingum og hefir valdið allmiklum ágreiningi. Ég skal taka það fram, að fyrir Reykjavík og suðvesturlandsundirlendið er hin sama þörf og nauðsyn á lausn þessa máls og verið hefir. Og það hefir ekki verið fundin önnur leið í þessu efni en sú, er felst í þessu frv. um virkjun Efra-Sogsins, og því er frv. nú flutt óbreytt frá því, sem það var á tveimur síðustu þingum. Ég vil þó sérstaklega geta eins, er gerzt hefir í málinu síðan í sumar, að við rannsókn,, er framkvæmd hefir verið um kostnaðarhlið verksins, hefir það komið í ljós, að framkvæmd þess verður allmiklu ódýrari en ætlað var í fyrstu. Mun það sennilega muna um 2—3 millj. kr., sem kostnaðurinn ætti að verða minni. En þetta gerir það að verkum, að málið lítur miklu öðruvísi út en áður. — Vil ég svo óska, að málinu verði án frekari umr. vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

31. Einkasala á bifreiðum og mótorvélum.

Á 30. fundi í Nd., 16. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild handa ríkisstj. til einkasölu á bifreiðum og mótorvélum (þmfrv., A. 189).

hann greiðir ekki atkv. (**ÓTh:** Má ég ekki eins og hv. þm. V.-Sk. gera grein fyrir, hvers vegna ég greiði atkv.?). Umr. er lokið um málið og hv. þm. hefir talað mörgum sinnum í því, og þar með býst ég við, að hann hafi gert grein fyrir afstöðu sinni til málsins.
7) **SvbH:** Má ég gera grein fyrir minu atkv.?
Forseti: Þetta er nú óþarfa karp orðið um atkvgr., en umr. um málið lokið og sennilega ekki sérstök nauðsyn til grg. fyrir hverju atkv. (**SvbH:** Það gerði þó hv. þm. V.-Sk. fyrir nokkrum *mínútum*). *Hann gerði það án leyfis forseta.* (**SvbH:** Ber þá að skoða þetta sem bendingu frá hæstv. forseta til mín um að taka orðið án leyfis eins og hv. þm.?). Umr. er lokið um málið.

Á 35. og 37. fundi í Nd., 22. og 29. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Nd., 31. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 16 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jónas Þorbergsson): Frv. þessu fylgir allýtarleg grg., sem tekin er eftir hagskýrslum ríkisins. Vegna þess hve mikil vinna hefir verið í það lögð að vanda til undirbúnings þessa máls, sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um frv. við þessa umr. Það er gert ráð fyrir því, ef frv. verður að lögum, að stofnun þeirri, er það fjallar um, verði sett nánara starfssvið með reglugerð. — Ég vil óska, að frv. verði að lokinni umr. vísað til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16:6 atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

32. Samvinnufélög (frv. HV o. fl.).

Á 30. fundi í Nd., 16. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 36, 27. júní 1921, um samvinnufélög (þmfrv., A. 192).

Á 35. og 37. fundi í Nd., 22. og 29. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Nd., 31. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Héðinn Valdimarsson): Eins og grg. þessa frv. ber með sér, er það borið fram með þeim tilgangi að gera auðveldara fyrir um stofnun samvinnufélaga við sjávarsíðuna. Verkamenn í bæjum og kauptúnum eru flestir mótfallnir samábyrgðinni og telja hana með réttu óþægilegri sín á meðal heldur en til sveita. Efnahagur bæjarbúanna er ójafnari heldur en meðal bænda, og verður samábyrgðin þegar af þeirri ástæðu óeðlilegri í bæjunum. Hinsvegar eiga verkamenn venjulega auðveldara með að leggja fram lágar upphæðir í eitt skipti fyrir öll, sem koma að góðu liði sem stofnfé í kaupfélagi verkamanna. Í kaupstöðum hagar þannig til, að það á að vera hægt að verzla gegn staðgreiðslu fremur en í sveitunum, því verkamenn og aðrir bæjarbúar fá kaup sitt útborgað vikulega, eða svo á það a. m. k. að vera samkv. lögum um greiðslu verkkaups, þótt víða séu þau lög þverbrotin með vitund og vilja stjórnarvaldanna. Allt þetta gerir það að verkum, að það er heppilegt, að annað fyrirkomulag gildi í þessu efni í kaupstöðum en í sveitum.

Þetta frv. er borið fram til þess að koma í veg fyrir, að krafan um samábyrgð þurfi að hindra samtök verkamanna í verzlunarmálum, eins og nú á sér víða stað. En það er engu síður í kaupstöðum en í bæjum, sem óskir hafa komið fram meðal verkamanna um samvinnu í verzlunarmálum. Ég skal geta þess, að þetta frv. dregur ekki á neinn hátt úr áhrifum samábyrgðarinnar meðal annara félaga í landinu, svo að ég vil vænta þess, að frv. sæti ekki mótstöðu úr þeirri átt.

Ég óska svo, að frv. verði að lokinni umr. vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

33. Varðskip landsins (frv. HG).

Á 31. fundi í Nd., 17. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 63, 7. maí 1928, um varðskip landsins og skipverja á þeim (þmfrv., A. 199).

Á 35. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Eins og sjá má af grg. frv., þá er það flutt að tilmælum ýmsra starfsmanna varðskipa landsins. Þeir una því illa, að aðrar reglur gildi um kaup þeirra og ráðningarkjör en almennt gilda samkv. sjómannalögunum fyrir skipverja á verzlunarskipum.

Einstakar greinar tel ég ekki þörf á að skýra frekar en gert er í grg. frv., en vil þó drepa á efni 6. gr. laganna, sem lagt er til, að falli niður. Ákvæði þessarar greinar mælir svo fyrir, að skipverjum sé harðbannað, eins og embættismönnum, að gera verkfall, að viðlögðum stórum refsingum. Við Alþflm. höfum jafnan barizt gegn slíkum verkfallsbönnum, hvort sem embættismenn ríkisins eða aðrir eiga hlut að máli. Og enn fráleitara er þó að setja slík ákvæði í varðskipalögin.

Ég skal geta þess, að eftir að þetta frv. var lagt fram, er annað frv. fram komið um svipað efni. Eru þar ákvæði, sem ég tel rétt, að tekin séu í lög. **Það er um** skiptingu björgunarlauna, en ég tel þó, að skiptingin ætti önnur að vera en frv. gerir ráð fyrir. — Ég skal svo ekki hafa þessa framsögu lengri, en legg til, að málinu verði vísað til sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

34. Útflutningsgjald.

Á 33. fundi í Nd., 19. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 70, 27. júní 1921, um útflutningsgjald (þmfrv., A. 221).

Á 38., 40., 41. og 44. fundi í Nd., 30. marz, 1., 2. og 6. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Lögin um útflutningsgjald eru ekki látin ná yfir síld, fóðurmjöl, fóðurkökur og áburðarefni, þ. e. a. s. síld og það, sem úr henni er unnið. Um útflutningsgjald af þessum vörutegundum gilda sérstök lög. Efni frv. þessa er, að ákvæðin um útflutningsgjald nái einnig til þessara vara. Í öðru frv., sem er hér næst á eftir á dagskránni (um útflutningsgjald af síld o. fl.) er gert ráð fyrir, að það sérstaka gjald, sem á þeim hvílir, verði fellt niður. Útflutningsgjaldið er nú með öllu og öllu, einnig tillaginu til ræktunarsjóðs o. s. frv., um 1⅝% og verður því samkv. frv. þetta gjald lögfest á síld og síldarafurðum í stað þess sérstaka útflutningsgjalds, sem nú er lagt á þessar vörur og er svo hátt, að fjarri er öllum sanni.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð, en vildi mælast til, að frv. verði vísað til sjútvn. að lokinni þessari umr.

Sveinn Ólafsson: Ég vildi aðeins út af því, sem tekið var fram af hv. flm., geta þess, að hér er um eiginlegt fjárhagsmál en ekki sjávarútvegsmál að ræða. Mér finnst þess vegna, að þetta mál ætti að fara til fjhn., en ekki til sjútvn. Þetta mun og öllum skiljast, að hækkun eða lækkun ríkistekna eru eiginlegustu mál fjhn., og er óþarft um það frekar að ræða.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Ég verð að segja það einkennilega skoðun hjá hv. 1. þm. S.-M., að álíta þetta ekki sjávarútvegsmál. Útflutningsgjald af saltsíld hefir á seinustu árum verið um 1,50 kr. af hverri tunnu, því að breytingin, sem samþ. var í fyrra, kom ekki í gildi fyrr en 1. des. Til viðbótar er tekinn 50 aura tollur af hverri tunnu. Gjöldin, sem á þessu hvíla, eru því 2 kr. á hverri tunnu, en það, sem síldareinkasalan hefir greitt út á saltsíld, mun vera um 2 kr., þannig að tollur og útflutningsgjald af saltsíld samtals er 100% af því, sem

einkasalan greiddi út á síldina á seinasta sumri. Þessar afskaplegu skattaálögur — þótt útflutningsgjaldið hafi verið lækkað um 50 aura seinasta ár — eru geysilega áhrifaríkar fyrir útveginn hér við land, og fyrst og fremst snertir þetta frv. því sjávarútveginn og á heima hjá sjútvn. Hitt er rétt, að fjhn. getur gert sínar athugasemdir í sambandi við þetta, en það á fyrst og fremst að fara til sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.
Till. um að vísa því til sjútvn. felld með 13:13 atkv.
Frv. vísað til fjhn. með 17:5 atkv.

Á 61. fundi í Nd., 27. apríl, var útbýtt nál. frá fjhn., á þskj. 538, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

35. Útflutningsgjald af síld o. fl.

Á 33. fundi í Nd., 19. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 15, 14. júní 1929, um breyt. á l. um útflutningsgjald af síld o. fl. (þmfrv., A. 222).

Á 38., 40., 41: og 44. fundi í Nd., 30. marz, 1., 2. og 6. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 52. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 23 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Þetta frv. er afleiðing af frv., sem var hér næst á undan á dagskránni, þar sem gert var ráð fyrir, að almennt útflutningsgjald hvíli á þessum vörum. Er því lagt til, að hið sérstaka útflutningsgjald, sem nú hvílir á þeim og er 1 kr. af hverri tunnu saltsíldar og 1 kr. af hverjum 100 kg. síldarmjöls, falli algerlega niður. Ég geri það enn að till. minni, að þessu máli verði vísað til sjútvn., tel, að það eigi þar heima, og bið þá báðar nefndirnar að athuga hvor sína hlið þessa máls, svo að það verði nú athugað næsta gaumgæfilega.

Ólafur Thors: Það er aðeins örstutt aths. Ég var með því, að fyrra málinu væri vísað til sjútvn., og mig undrar það, að form. sjútvn., sem sérstaklega ætti að bera hag sjávarútvegsins fyrir brjósti, skuli banda hendinni á móti, að hann fái í sinn opna faðm frv., sem veit að því að létta okurgjöldum af sjávarútveginum og reyni að beina því til annars aðila, sem ekki er eins líklegur til að taka eins vinsamlega á móti því. Ég tel rétt, að þetta mál fari sömu leið og hitt frv. og mun því greiða atkv. með því, að það fari til fjhn., þótt ég hefði viljað, að bæði málin hefðu farið til sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.
Till. um að vísa því til sjútvn. felld með 14:5 atkv.
Frv. vísað til fjhn. með 20:1 atkv.

Á 61. fundi í Nd., 27. apríl, var útbýtt nál. frá fjhn., á þskj. 539, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

36. Sala mjólkur og mjólkurafurða.

Á 33. fundi í Nd., 19. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um sölu mjólkur og mjólkurafurða (þmfrv., A. 225).

Á 38. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 39. fundi í Nd., 31. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Eins og hv. þm. sjá, er hér um að ræða frv. til heimildarlaga. Og það, sem farið er fram á að veita heimild til, er það, að setja reglu-

gerð um það mál, sem hér liggur nú fyrir. Í frv. er aðeins bent á í aðaldráttunum, hvernig sú reglugerð skuli vera, og get ég því búizt við, að sumir hv. þm. átti sig ekki strax fyllilega á því, hvað hér liggur til grundvallar. Mönnum finnst e. t. v. nokkuð rúm sú umgerð, sem mörkuð er með frv., og ekki nógu ljóst, hvað innan í hana yrði sett. Ég skal því reyna að gera grein fyrir, hvernig fyrirkomulag þessa máls er hugsað.

Eins og frv. ber með sér, er tilgangur þess að gera tilraun til að bæta úr því skipulagsleysi á mjólkursölu, sem verið hefir, er og fer jafnvel vaxandi hér í Rvík og annarsstaðar þar, sem mjólkursala er nokkur að ráði. Þetta skipulagsleysi á mjólkursölunni hér í Rvík er ekkert einsdæmi, því að alstaðar þar, sem ég þekki nokkuð til, hefir verið svipað ástatt. En á síðustu árum hefir sumstaðar verið gerð tilraun til að bæta úr þessu á líkan hátt og hér er lagt til.

Ég skal aðeins drepa á tvö atriði viðvíkjandi mjólkursölunni eins og hún er hér nú. Í gildandi reglugerð um þetta efni er gert ráð fyrir 12 mjólkurbúðum í bænum. En frá þessu ákvæði hefir verið veitt takmarkalaus undanþága, svo að nú eru mjólkurbúðirnar orðnar 70—80. Menn, sem hafa kynnt sér þetta mál og reynt að gera sér grein fyrir, hvað margar mjólkurbúðir þyrftu að vera hér í bænum, ef gott skipulag væri á mjólkursölunni og búðirnar væru hafðar á hentugum stöðum, hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að vel mætti komast af með 18 mjólkurbúðir.

Nú eru útsölulaun á mjólk í búðunum 8 til 12 aur. En ef hægt væri að koma búðafjöldanum niður í hæfilega tölu, hefir mönnum reiknazt svo til, að sölukostnaðurinn gæti minnkað um 50%.

Annað atriði skal ég nefna, sem orðið hefir áberandi á síðustu árum. Fyrir nokkrum árum voru sveitirnar í kringum Rvík einar um mjólkursöluna í bænum. Skipulagsleysið gerði þeim samt erfitt fyrir og mjólkin varð neytendunum dýrari en þurft hefði að vera. Á seinni árum, þegar bærinn stækkaði, samgöngur austur yfir fjall bötnuðu og þar risu upp fullkomin mjólkurbú, fóru sveitirnar þar austurfrá að flytja mjólk á markaðinn hér jöfnum höndum við mjólkurframleiðendurna í nágrenni bæjarins. Vitanlega varð útkoman sú, að allir kepptu um markaðinn skipulagslaust, kepptu um að koma upp sem flestum búðum og buðu hærri og hærri sölulaun, til þess að reyna að koma sem mestu út af mjólkinni. Dreifingarkostnaðurinn óx þannig, svo bændur fá minna fyrir mjólk sína án þess að það komi neytendunum að nokkru liði. Mjólkurbúin hér í nágrenninu verða að vinna meira og meira úr mjólk sinni skyr og smjör og aðrar mjólkurafurðir, á sama tíma og verið er með ærnum kostnaði að brjótast áfram austan yfir fjall með sölumjólk, sem nægilegt er hægt að fá af nær.

Frv., sem hér liggur fyrir, er sniðið eftir norskum lögum um sama efni, sem sett voru í fyrra. Áður en þau lög voru sett, voru komin á frjáls samtök milli bænda um endilangan Noreg til að koma föstu skipulagi á mjólkursölu. Inn í þau samtök höfðu um 90% af norskum mjólkurframleiðendum gengið, en samt stóðu nægilega margir utan þeirra til þess, að þau voru að springa af völdum þeirra, sem ekki skildu þýðingu þessa félagsskapar. Þá var það, að stórþingið norska greip í taumana og samþykkti heimildarlög, sem ákváðu, að allir mjólkurframleiðendur skyldu ganga inn í samtökin, þegar tiltekinn meiri hl. bænda í landinu hefði lagt grundvöllinn að þeim, sem þeir höfðu þá þegar gert. Allir flokkar þingsins voru sammála um þessa ákvörðun, allt frá ákveðnustu hægri mönnum til róttækra jafnaðarmanna.

Nú skyldu menn ætla, að þessi mjólkurhringur, sem sumir munu vilja kalla, hefði orðið til þess að hækka mjólkurverðið og gera neytendunum erfiðara fyrir. En það er alls ekki svo að sjá, að þeir flokkar, sem sérstaklega telja sig bera hag neytendanna fyrir brjósti, hafi búizt við, að svo færi, því að þá hefðu þeir ekki léð frv. fylgi sitt. Enda er reynslan sú, að allir virðast ánægðir með skipulagið. Útsöluverð á mjólk í Noregi er svipað og í öðrum löndum. Það er jafnhátt útsöluverði mjólkur í Danmörku og Svíþjóð, hærra en í Finnlandi, en lægra en í Englandi, föðurlandi hinnar frjálsu samkeppni. En sá mikli munur er á, að

norsku bændurnir hafa töluvert hærra verð fyrir mjólkina heldur en bændurnir í hinum löndunum, sem ég nefndi. Þetta liggur í því, að með skipulagningunni hefir tekizt að lækka sölukostnaðinn. Þess vegna fá nú norsku bændurnir 5 aur. meira fyrir lítrann heldur en stéttarbræður þeirra í nágrannalöndunum, þar sem útsöluverð mjólkurinnar er jafnhátt. Svo mikill er munurinn, að kostnaðurinn við gerilsneyðingu og dreifingu mjólkurinnar er í Oslo 9 aur., en í Kaupmannahöfn 17 aur. Það liggur því í augum uppi, að það er stórfé, sem sparast. Það væri að öllu leyti miklu heppilegra fyrir báða aðila, mjólkurframleiðendur fjær og nær Rvík, ef þeir gætu gert með sér einskonar verkaskiptingu, þannig að mjólkin, sem framleidd er í nágrenninu, væri seld bæjarbúum sem nýmjólk, en sveitirnar, sem fjær eru, tækju að sér að framleiða mjólkurafurðir handa þeim. Bæði er minni kostnaður við flutning mjólkurafurðanna að austan heldur en við að flytja nýmjólk, og svo er flutningur þeirra ekki eins tímabundinn. En vitanlega getur slíkt fyrirkomulag ekki komizt á nema með samkomulagi milli hlutaðeigenda um það, hvernig þeir skipta markaðinum á milli sín. Og þeir yrðu að koma sér saman um að jafna á milli sín eftir föstum reglum þeim mismun, sem er á verði nýmjólkur og mjólkurafurða. Það liggur í augum uppi, að slíkt skipulag yrði framleiðendunum mjög hentugt og hagkvæmt, og það yrði neytendum einnig notalegra en það fyrirkomulag, sem nú er.

Til þess að hægt sé að koma skipulagi á þetta hvorttveggja, dreifingu mjólkurinnar og hagkvæma skiptingu markaðarins, þarf öflugan félagsskap og fasta samvinnu milli mjólkurframleiðenda hér og mjólkurbúanna eystra. Og þó að sterkur félagsskapur sé fyrir hendi, er óhætt að slá því föstu, að nægilega sterka „organisation“ er ekki hægt að fá nema með aðstoð hins opinbera valds. Þegar félög framleiðenda eru búin að skapa nógu víðtækan grundvöll með frjálsum samtökum, verða þau að fá heimild til að draga alla undir skipulagið, því að annars springur það allt í höndum þeirra. Mjólkurfélag Reykjavíkur, sem nú er 15 ára gamalt, hefir sífellt leitazt við að koma á bættu sölufyrirkomulagi. Einnig hefir það gert ítrekaðar tilraunir til að komast að föstum samningum við Rvíkurbæ. Þótt það hafi sýnt fram á það með rökum, að slíkt samstarf yrði báðum aðiljum að liði, hefir það ekki tekizt ennþá. Þess vegna er nú leitað þess ráðs að fá samþ. lagafrv. um þetta efni.

Ég skal geta þess, að síðasta tilboð, sem Mjólkurfélagið gerði Reykjavík, var þannig, að ef bæjarstj. vildi samþ. sölukerfi svipað því, sem frv. gerir ráð fyrir, þá skyldu neytendurnir njóta alls hagnaðarins af því, þannig að útsöluverð mjólkurinnar lækkaði sem svarar því, sem sparast mundi af sölukostnaðinum. Þessu boði hefir ennþá ekki verið tekið.

Mjólkursölulöggjöfin norska hefir vakið svo mikla athygli, að Þjóðverjar komu þegar á eftir og samþ. samskonar lög. Englendingar hafa nú einnig samþ. lög eftir þessari fyrirmynd, og hjá Svíum er þetta mál á dagskrá nú, og eru þeir að vinna að því að koma á samskonar skipulagi hjá sér. Að lögin eru ekki komin til framkvæmda í þessum löndum, stafar af því, að þar vantaði hin frjálsu samtök bændanna, sem norsku lögin eru byggð á. Til þess að slík heimildarlög komi að gagni, verður að vera viðtækur félagsskapur meðal bændanna sjálfra og samkomulag um, hvernig skipta á markaðinum og mjólkurverðinu í hverju landi fyrir sig. Nú hugsa e. t. v. einhverjir sem svo, hvort ekki mundi stranda á því sama hér og hjá Englendingum og Þjóðverjum, þó þetta frv. væri samþ., að samtök og samkomulag mundi skorta. Því svara ég með því að gefa upplýsingar um það, að félög þau, sem standa að mjólkursölu hér í Rvík, hafa á undanförnum tveim árum mjög lagt sig í bleyti til að finna skipulegt fyrirkomulag á þessu sviði. Og svo langt er nú komið, að ef frv. þetta verður samþ., mun ekki standa á þessum aðilum að koma sér niður á frjálst samkomulag um skiptingu markaðsins.

Ég býst við, að aðalmótbárurnar gegn þessu frv. verði þær, að með því verði skapaður mjólkurhringur, sem haldi uppi verðinu á mjólkinni og okri á henni. Ég skal þá fyrst fullyrða það, að frá hendi

þeirra manna, sem að frv. standa, er þetta alls ekki meiningin. Og það er hægt að búa svo um, að slíkt geti ekki orðið. En eins og ég benti á áðan, er ekki allt unnið við það fyrir neytendur, að bændur fái sem minnst fyrir mjólkina, ef það stafar af óhagkvæmu sölufyrirkomulagi. Eins og nú er ástatt, er milliliðakostnaðurinn stórkostleg byrði bæði á framleiðendur og neytendur. En þó að þetta frv. verði samþ., geri ég ráð fyrir, að það tilboð gildi jafnt eftir sem áður, að láta það, sem sparast við sölukostnaðinn, koma fram sem lækkun á mjólkurverðinu.

Það hefir mikið verið rætt um það undanfarið, hvað mjólkurverð hér í bæ sé hátt. Ég skil það vel, að þeir, sem kaupa mjólk, vilja fá hana með því bezta verði, sem unnt er. En ég skil það ekki, að þegar bent er á ágæta leið til þess að lækka mjólkurverðið, eins og gert er í þessu frv., skuli því ekki vera tekið fegins hendi. Það er ekki nóg að heimta stöðugt lækkun á mjólkurverði, án þess að gera nokkrar ráðstafanir til þess að draga úr framleiðslukostnaðinum. Það eru takmörk fyrir því, hvað bændur geta selt afurðir sínar lágt. Þeir verða að greiða margvísleg gjöld til þess að geta framleitt mjólkina, og eigi atvinnuvegurinn að geta haldið áfram, verður að vera eitthvert samræmi milli þeirra gjalda og mjólkurverðsins. Mjólkurverð í nágrannalöndum okkar, Noregi og Danmörku, er nú 30 danskir aur. lítrinn. Útsöluverð hér í bæ er 44 aur. Í ísl. peningum væri útsöluverðið í Danmörku um 37 aur. Ef skipulag það, sem frv. fer fram á, kæmist til framkvæmda, mundi mjólkin lækka a. m. k. um 4 aura lítrinn, og væri þá útsöluverðið ekki orðið nema 3 aur. hærra en í Danmörku, en það er mjög eðlilegur mismunur, ef tekið er til greina, að þar er frjósamt land, milt loftslag, landbúnaður og samgöngur yfirleitt á miklu hærra stigi en hér, starfsmannakaup lægra o. fl. — Svo framarlega sem þessi atvinnuvegur á ekki að rýja menn inn að skyrtunni, verður að finna nýjar leiðir til þess að losa framleiðendur við hluta af framleiðslukostnaðinum, og það er langhægast með því móti að draga úr þeim kostnaði, sem nú fer í milliliðina, og það er ætlun þessa frv. Það hefir verið svo í Danmörku, að helmingur af söluverði mjólkur hefir farið til milliliða. Og það stefnir að því sama hér, ef ekki verður tekið í taumana. Það sjá allir, hvaða gagn neytendum í bæjum er að því, að mjólkurverð lækki, en afleiðing af sífelldri lækkun, ef ekki væru gerðar samhliða aðrar ráðstafanir, yrði sú, að bændur flosnuðu upp af jörðum sínum og bættust við þann stóra hóp atvinnuleysingja, sem ráfar um götur bæjanna og bíður eftir handtaki að vinna.

Ég vil benda á, að í frv. er gert ráð fyrir, að mynduð sé vísitala til þess að reikna mjólkurverðið eftir. Þarna er fengin lögvernd fyrir því, að þessi samtök verði ekki notuð til þess að skrúfa upp mjólkurverðið.

Hér í Rvík er oft talað um mjólkurverðið sem einn aðalþátt dýrtíðarinnar. Ég ætla því að gera dálítinn samanburð á verkakaupi og mjólkurverði nú og fyrir stríð. 1914 var tímakaup hér í Rvík 35 aur., og þá var mjólkurverðið 22 aur. pr. l. — En árið 1931 er tímakaup 1,36 kr., en mjólkurverðið 44 aur. Þó hefir á þessum tíma komið til kostnaður af gerilsneyðingu, sem mun vera um 6 aur. á l. Útkoman af þessum litla samanburði er því sú, að á sama tíma og verkakaup í Rvík hækkar um 400%, hækkar mjólkurverðið aðeins um 100%. Ef mjólkurverð hefði hækkað að sama skapi og kaupgjald, hefði mjólkurlítrinn nú kostað 85 aur.

Það er því ekki rétt, að mjólkurverð sé óeðlilega hátt, svo að ástæða sé til þess að beina ásökunum um dýrtíð í höfuðstaðnum sérstaklega til mjólkurframleiðenda. Mjólkurverðið hefir ekki hækkað á móts við aðra hluti síðan fyrir stríð, — öðru nær.

Ég býst við, að allir sjái, hvað hér er þýðingarmikið mál á ferðum. Það verður að fá viðunandi lausn, eigi framleiðendur að geta lifað af framleiðslu sinni, og neytendur samt fengið hana sem ódýrasta. Og þetta er mál, sem varðar alla þjóðina, og því er sjálfsagt, að löggjafarvaldið láti það til sín taka. Ríkið hefir varið nú á síðustu árum hundruðum þúsunda kr. til stofnunar mjólkurbúa, svo að það er ekki þýðingarlaust fyrir ríkið, hvernig þessum stofnunum reiðir af. En

afkoma þeirra fer algerlega eftir því, hvort mjólkurframleiðslan, sala hennar og allt, sem þeim atvinnuvegi viðkemur, er byggt á heilbrigðum grundvelli. Og fyrsta skilyrðið til þess að svo sé er að losa framleiðsluna við þá byrði, sem nú hvílir á henni vegna óþarfra milliliða og dregur bæði bændur og neytendur niður um of.

Ég mun þá ekki fara fleiri orðum um þetta mál að sinni, en vænti skilnings og góðgirni hv. dm. því til handa.

Héðinn Valdimarsson: Ég er fullkomlega sammála hv. þm. Mýr. um, að ólag sé mikið á mjólkursölunni, bæði hér og annarsstaðar, og að eitthvað þurfi að gera til þess að bæta úr því. En samt finnst mér þetta frv. hv. landbn., sem hér er til umr., vera mjög varhugavert. Þar er verið að setja lög um sölu mjólkur frá sveitum til kaupstaða alveg að forspurðum öðrum aðiljanum, bæjunum. Enda er í frv. eingöngu litið á hagsmuni sveitanna, en Rvík og kaupstaðirnir verða þar alveg út undan. Reyndar er gert ráð fyrir því í frv., að sett verði hámarksverð á mjólk, til þess að girða fyrir óeðlilega verðhækkun, en þó vantar mikið á, að nógu tryggilega sé gengið frá því atriði. Frá sjónarmiði neytenda er það aðalatriðið, hvernig sé hægt að fá mjólkina sem bezta og ódýrasta. Nú er það svo, að ýmsir bæir hér á landi hafa á síðari árum komið sér upp mjólkurbúum, og eiga flestir talsvert mikið land, og svo er líka um Rvík. Jafnaðarmennirnir í bæjarstj. hafa barizt fyrir því í mörg ár, að bærinn kæmi upp fullkomnu kúabúi, fyrst hann á nóg landrými; og gæti slíkt bú vafalaust fullnægt þörfum bæjarins. Þetta er ólíkt skynsamlegri leið en sú, sem farin hefir verið, að teygja mjólkurkaup bæjarins alltaf lengra og lengra burt frá honum. En verði þetta frv. samþ., mundu slík bæjarkúabú lenda undir stjórn sveitanna, og álít ég það mjög óheppilegt.

Ég get bent á, í sambandi við hugleiðingar hv. þm. Mýr. um sölukostnað, að einfaldasta ráðið til þess að lækka hann væri auðvitað það, að bærinn tæki í sínar hendur sölu allrar mjólkur til bæjarbúa. Í sumum kaupstöðum landsins er þetta vafalaust framkvæmanlegt nú þegar, í Rvík er það ekki hægt enn, en verður vonandi áður en langt um líður, er jafnaðarmenn hafa náð meiri hl. bæjarstj. — Ég vil ennfremur geta þess, að með fyrirkomulagi, sem kaupfélag alþýðu hér í bæ hefir tekið upp á mjólkursölu, hefir sparazt meira en það, sem hv. þm. Mýr. taldi, að mundi verða við framkvæmd frv., ef að lögum yrði. Og þó er það fyrirkomulag enn á tilraunastigi. Neytendur fá mjólkina 5 aur. ódýrari lítrann, og ber ekki á öðru en mjólkurbúið, er selur, sé ánægt með viðskiptin. En ég held því fast fram, að ef ég á að geta fylgt þessu frv., þá verður að gera þær breyt. á því, að kaupstaðirnir fái sjálfir fullan umráðarétt yfir sölu mjólkur til sinna íbúa, og rekstri kúabúa, sem þeir kæmu upp, yrði tryggð tilvera, yfirleitt, að svo væri gengið frá því, að hagsmunum bæjanna væri hvergi gert lægra undir höfði en sveitanna.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 225, 287).

Héðinn Valdimarsson: Í samræmi við ræðu mína við 1. umr. þessa máls hefi ég leyft mér að bera hér fram nokkrar brtt. við frv., sem ég nú vil gera grein fyrir með nokkrum orðum. Eins og ég þá tók fram, fer frv. fram á að heimila bændum og öðrum mjólkurframleiðendum að setja á stofn einkasölu á mjólk í kaupstöðum landsins án þess að samþykki hlutaðeigandi bæjarstjórna sé fyrir hendi. Þetta finnst mér sem regla ótilhlýðilegt og ber því fram brtt. við 1. gr. frv., sem gengur í þá átt, að atvmrh. sé því aðeins heimilt að staðfesta reglugerð um það skipulag, sem mjólkurframleiðendur samkv. gr. hafa orðið ásáttir um, ef hlutaðeigandi bæjarstj. hafa samþ. reglugerðina fyrir sitt leyti. Vænti ég þess, að hv. n. geti fallizt á þessa brtt., því að þetta er sjálfsögð sanngirniskrafa bæjunum til handa.

Þá vil ég láta taka meira tillit til þeirra mjólkurframleiðenda, sem heima eiga

innan lögsagnarumdæma kaupstaðanna, en frv. gerir, því að ef það verður samþ. óbreytt, verður höfð sameiginleg sala á mjólkinni, og rennur söluverðið þannig í sameiginlegan sjóð, sem framleiðendunum verður greitt úr, hverjum eftir því mjólkurmagni, sem hann leggur fram. Með þessu móti verður nokkur hluti af mjólk allra framleiðendanna notaður í skyrgerð, ostagerð o. s. frv., en þetta er sem kunnugt er síður arðvænlegt en sala á mjólkinni beint til neyzlu, og af þeim ástæðum þykir mér ósanngjarnt að leyfa ekki þeim mjólkurframleiðendum, sem búsettir eru innan lögsagnarumdæmanna, að sitja fyrir sölu á neyzlumjólk umfram hina, eins og verið hefir og eðlilegt er vegna aðstöðunnar, og hefi ég borið fram brtt. við frv., sem fer í þá átt. Jafnframt ætlast ég til, að kúabú kaupstaðanna sjálfra sitji fyrir um sölu á barnamjólk og annari mjólk, sem fer til neyzlu beint í kaupstaðnum, en slík kúabú eru nú þegar risin upp í nokkrum kaupstöðum, t. d. á Ísafirði og Siglufirði, og mundi einnig fyrir löngu sett á stofn hér í Rvík, ef við jafnaðarmenn fengjum hér nokkru um ráðið. Er engin sanngirni í því, þegar svo stendur á, að bæjarfélögin sitji ekki fyrir slíkum mjólkurfélögum, sem frv. gerir ráð fyrir, um sölu á mjólkinni til neyzlu, og vænti ég, að allir geti fallizt á það.

Þá á mjólkursölustj. samkv. frv. að vera skipuð stjórnum mjólkurbúanna og umboðsmönnum annara framleiðenda, og er þannig um þetta ekkert tillit tekið til hagsmuna neytendanna. Hefi ég því borið fram brtt. í þá átt, að mjólkursölustj. sé að jöfnu skipuð úr flokki neytenda og framleiðenda, en oddamann skipar atvmrh. Get ég ekki annað séð en þetta sé mjög sanngjarnt og vonast því til, að n. geti fallizt á það, auk þess sem slíkt fyrirkomulag er heppilegast fyrir báða aðilja, neytendur sem framleiðendur, því að samstarf er til heilla bezt í þessum hlutum sem öðrum.

Þá þykja mér þær reglur of ónákvæmar, sem frv. setur um ákvörðun mjólkurverðsins. Vil ég ganga betur frá þessu, svo að það sé ótvírætt, við hvaða verð er átt, því að framleiðsluverðið er misjafnt eftir hinum ólíku skilyrðum. Vil ég láta leggja til grundvallar við ákvörðun mjólkurverðsins það verð, sem nauðsynlegt er að hafa til þess að hægt sé að framleiða á hagnýtastan hátt og á heppilegustu stöðum næga og góða mjólk fyrir neytendurna í kaupstöðunum. Ef mjólkursalan á að hafa áhrif á ræktun landsins og skipulag mjólkurframleiðslunnar, verður ekki á öðru byggt en því, sem er hagkvæmast fyrir neytendurna um að fá mjólkina.

Loks flyt ég svo brtt. við 3. gr. frv., sem að vísu skiptir ekki miklu máli, en gengur í sömu átt. Er hún þess efnis, að þegar meiri hl. mjólkurbúa landsins hefir komizt undir skipulag mjólkursölu samkv. 1. gr. frv. og einnig um sölu á erlendan markað, geti atvmrh. gefið út sérstaka reglugerð um það efni, að fengnum till. hinna einstöku mjólkursölustjórna. Finnst mér réttmætt, að neytendurnir hafi líka sitt orð að segja í þessu efni.

Þó að ég hafi borið fram þessar brtt. við frv., verð ég að segja það, að ég tel samt mjög varhugavert að samþ. slíkar einkasölur fyrir bæina án þess að þeirra álits sé áður leitað þar um. Hefði ég óskað eftir, að frv. yrði sent bæjarstjórnum landsins til umsagnar, enda engin nauðsyn að hraða málinu svo mjög og nóg, að það komi til afgreiðslu á næsta þingi. Ég vil því leyfa mér að bera fram svo hljóðandi rökst. dagskrá:

„Þar sem ekki hefir verið leitað álits kaupstaðanna um frv., sem lögheimilar einkasölu á mjólk innan þeirra til handa framleiðendum utan kaupstaðanna, telur d. varhugavert að samþ. frv. að kaupstöðunum forspurðum, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá".

Ég vil geta þess, að þótt ég nú beri fram þessa rökst. dagskrá, erum við jafnaðarmenn þess fýsandi, að skipulagi sé komið á mjólkursöluna, því að það er báðum aðiljum til gagns, neytendum jafnt sem framleiðendum, en við álítum ekki heppilegt að gera endanlegar ákvarðanir í þessu máli fyrr en svör eru komin frá kaupstöðunum.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Það er bæði leitt og tilgangslítið að tala hér fyrir tómum stólum, en ég skal þó ekki láta

undir höfuð leggjast að flytja þessum tómu stólum svör mín við ræðu hv. 3. þm. Reykv.

N. hefir ekki getað fallizt á brtt. hv. þm., því að þær miða allar í þá átt að hafa hausavíxl á þessum hlutum frá því, sem er í frv. — Frv. er í grundvelli sínum byggt á samtökum framleiðendanna í landinu og miðar í þá átt að bæta hag beggja þeirra aðilja, sem hér koma til greina, neytenda jafnt sem framleiðendanna sjálfra. Hefir þetta hið sama verið lagt til grundvallar í öðrum löndum og gefizt ágætlega. Hv. 3. þm. Reykv. vill hafa hausavíxl á þessu öllu og fá bæjarstjórnunum í hendur allt vald í þessum efnum, því að eins og ég áður sagði, byggist frv. á því, að framleiðendurnir hafi með sér frjáls samtök um mjólkursöluna, enda eru þeim jafnframt lagðar ýmsar skyldur á herðar um þetta. Finnst mér einkennilegt, ef ætti að fara að taka stj. mjólkursölunnar úr þeirra höndum og fá öðrum aðiljum þetta vald í hendur, sem auk þess eru ekki færir um það. Er nauðsynlegt og enda sjálfsagt, að þeir fari með völdin í þessum efnum, sem að þessu standa og koma til með að bera hitann og þungann af þessari framleiðslu.

Ég skal taka það fram enn, að það tilboð liggur á bak við þetta, að ef svona fyrirkomulag kemst á, þá skuli neytendur njóta þess hagnaðar, sem fengist, í lækkuðu mjólkurverði, er stafaði af þessu fyrirkomulagi.

Þá er ákveðið í 2. brtt., að allir þeir, sem framleiða mjólk í lögsagnarumdæmi hvers kaupstaðar, gangi fyrir um mjólkursölu. Þetta er varhugavert og yrði til þess, að frv. næði ekki tilgangi sínum. Ef þetta væri lögleitt, þá mundu kaupstaðalóðirnar fyllast af fjósum eins og á þær væri hægt að raða. Menn mundu flytja kýr sínar og hey til kaupstaðanna, til þess að þeir gætu notið þessara forgangsréttinda. Sjá allir, hversu öfugt væri að lögleiða slík ákvæði, sem verða til þess að draga menn úr sínum byggðarlögum og hrúga þeim á kaupstaðalóðirnar, í stað þess að stuðla að því, að kýrnar séu hafðar heima, því að þá hjálpa þær til að rækta landið með þeim áburði, sem frá þeim kemur.

Þá er brtt. við e-lið 2. gr., þar sem farið er fram á, að settar séu ákveðnar reglur um, hvernig mjólkurverð skuli ákveðið, þannig að lagt sé til grundvallar verð það, sem nauðsynlegt er að hafa til þess að hægt sé að framleiða á hagnýtasta hátt og á heppilegustu stöðum næga og góða mjólk fyrir neytendurna í kaupstöðunum.

Það er svo til ætlazt, að aðalatriðin í þessu efni komi í reglugerð, svo að þetta er alveg nægilega ljóst í frv. Það er líka óheppilega ákveðið eftir þessari grein, hvert verðið skuli vera. Ég treysti þeim atvmrh. vel, sem á hverjum tíma fer með stjórn, til að líta með fullri sanngirni og skilningi á hagsmuni beggja aðilja og veit, að hann mundi taka fullt tillit til þess, hvað neytendum er fyrir beztu, um leið og hann gætti hagsmuna hinna aðilanna. En ég vil segja hv. 3. þm. Reykv. það, að það er ætlazt til, þegar atvmrh. samþ. reglugerðina, að fullt tillit sé tekið til hagsmuna beggja aðila. Það býst ég við að verði gert, hvaða menn sem það verða, sem að því standa. Hitt er miklu óheppilegra, eins og hér er farið fram á, að setja þessi tryggingarákvæði í lögin nú, því að það er ómögulegt að orða lögin svo skýrt, að ekki þurfi að eiga meira eða minna undir þeim mönnum, sem reglugerðina staðfesta.

Ég hefi gengið út frá því, að það mjólkurverð, sem nú er, verði lagt til grundvallar, þegar reglugerðin er gefin út, með þeirri breyt., að það, sem ódýrara yrði að selja mjólkina eftir þessu nýja skipulagi, félli allt í hlut neytenda í lækkuðu verði mjólkurinnar. Ég geri ráð fyrir, að fundinn verði grundvöllur, sem skapar nokkurskonar verðvísitölu, hvernig verð eigi að hækka eða lækka eftir því almenna verðlagi í landinu. Ég býst við, að það verði mjög auðvelt að finna réttlátan grundvöll fyrir þá verðvísitölu.

Það er alveg sama máli að gegna um 3. brtt. og þær fyrri. Þar er sama stefnan, að taka valdið úr höndum þeirra manna, sem bera hitann og þungann af þessu öllu, og fá í hendur óskyldra aðila. Ef þessi brtt. er samþ., þá er bæjarstjórnum gefið fullt vald yfir þessari framleiðslu og fullt vald til að ráða yfir verði og sölufyrirkomulagi mjólkurinnar, en

því geta framleiðendur ekki afsalað sér algerlega í hendur neytendanna.

Hv. þm. var að tala um, að alla eigi að þvinga í sameiginlegan félagsskap framleiðenda, ef frv. væri samþ. og reglugerð gefin út, en það þarf ekki að vera svo. Ég veit, að í Noregi, þar sem þetta skipulag hefir verið lögfest, er það svo, að þeir, sem vilja, geta staðið fyrir utan mjólkursölusamlagið, en með reglugerðarákvæði eru þeir skyldaðir til að standa undir sameiginlegum kostnaði, sem af þessu skipulagi leiðir.

Það liggur í hlutarins eðli, að þeir framleiðendur, sem búa á bæjarlandinu, hafa forgangsrétt til mjólkursölunnar, því að þeir hafa miklu hægari aðstöðu. En að eigi að fara að lögfesta þennan forgangsrétt, því er ég mótfallinn.

Eitt atriði, sem hv. þm. tók fram, mætti taka til greina, og það var það, sem hann sagði um mjólkurframleiðslu bæjarfélaganna, sem e. t. v. yrði komið upp. Það hefir ekki verið rætt í n., og get ég því ekki skýrt frá skoðun n. um það atriði. Mér finnst ekki óeðlilegt, að í þeim tilfellum fengju bæjarstjórnirnar einhverja íhlutun um mjólkursöluna í þeim bæ, en þó vil ég engu slá föstu um það, en vitanlega mætti ræða um þetta við okkur nm. sameiginlega.

Ég viðurkenni það, að það er nauðsynleg undirstaða þessa máls, að hagur beggja aðila sé tryggður sem bezt. Það er mín sannfæring, að þetta fyrirkomulag, ef það er réttilega framkvæmt, sem engin ástæða er til að efast um, tryggi hag beggja aðilanna. Málið er borið fram með það fyrir augum, og ef til framkvæmda kemur, þá mun það koma í ljós, að tilgangur frv. næst.

Hv. 3. þm. Reykv. hefir borið fram rökstudda dagskrá um að vísa málinu frá. Það á að líta svo út, að eigi að bera málið undir bæjarstjórnirnar, en tilgangurinn er aðeins sá, að tefja fyrir málinu. Ég býst líka við, að þeir fulltrúar bæjarfélaganna, sem eru hér á þingi, séu eins færir um að dæma þessi mál eins og þeir, sem þetta yrði lagt fyrir í bæjarstj., ef til þess kæmi. Það er því engin ástæða til að tefja málið þeirra hluta vegna.

N. leggur á móti brtt. Hvort ekki mætti gera eitthvað, sem skýrir þetta, skal ég ekki segja, en það verður þá að vera öðruvísi en hér er farið fram á, og geri ég ráð fyrir, að tími vinnist til þess til 3. umr., og er þá hægt að bera fram brtt., sem er sjálfsagt að athuga og mæla með, ef þær álítast vera til bóta.

Ég sé, að deildin er orðin fáliðuð, og mun það koma til af því, að hv. þm. eru nú annarsstaðar að hlusta á umr. um mál, sem þeir veita meiri athygli (stjórnarskrárbreyting). Vil ég því beina því til hæstv. forseta, að hann afgr. málið ekki nú, þegar svo marga þm. vantar í deildina. (**Forseti**: Er þess óskað, að málið sé nú tekið af dagskrá?). Ég óska þess, að hæstv. forseti láti ekki fram fara atkvgr. um málið, meðan deildin er svo fámenn, að það verður hending ein, hvernig atkvæði falla.

Héðinn Valdimarsson: Mér finnst hv. landbn. taka ákaflega rangt í þetta mál. Hv. nm. líta svo á, að þeir, sem beri hita og þunga dagsins í þessu efni, séu framleiðendurnir, og þeir einir eigi öllu að ráða, en þeir, sem eiga að neyta þessarar fæðutegundar, skuli engu fá að ráða.

Nú er það svo, að sum bæjarfélög hafa nægilegt ræktanlegt land til að fullnægja sinni eigin mjólkurþörf. Það land er þó ekki ræktað að fullu ennþá, en ég tel víst, að hvert bæjarfélag rækti sitt land eftir megni, eins og eðlilegt er, því að það er á allan hátt mjög hagkvæmt, að bæirnir styðjist að einhverju leyti við sinn eiginn landbúnað. Mér finnst þess vegna vera fjarri því, sem hv. frsm. kom með, að það væri ægilegt, ef innan lögsagnarumdæmis kaupstaðanna, og þá fyrst og fremst Rvíkur, fylltist allt af fjósum. Mér virðist þvert á móti æskilegt, að bærinn noti allt ræktanlegt land og kúm fjölgi í sambandi við það, og þá auðvitað líka fjósum. Það gæti ýtt undir þetta mál, ef slíkur forgangsréttur yrði veittur, sem hér er farið fram á, en þó efast ég um, að það mundi ýta meira undir menn en nú er gert, því að nú hafa þessir menn þau skilyrði til mjólkursölu, sem veitir þeim forgangsréttinn að markaðinum, en hér á að taka þann rétt af þeim.

Hv. þm. segir, að í Noregi séu menn frjálsir að því, hvort þeir eru í samlaginu eða ekki. Hér er alls ekki gengið út

frá því, að þetta séu frjáls samlög. Hér á að skylda menn til að vera í þessu sölusamlagi; annars fá þeir ekki að selja mjólk í kaupstöðunum, svo að hér á að vera um algerða einkasölu að ræða.

Þá talaði hv. frsm. um, að þeir, sem gangast hér fyrir þessu máli, hefðu lofað því, að allur hagnaðurinn af þessu breytta skipulagi skyldi fara til neytenda. Ég segi fyrir mitt leyti, að mér finnst það alls ekki sanngjarnt, enda trúi ég því ekki, að það verði þannig í framkvæmdinni. Það rétta er, að báðir aðilar njóti hagnaðarins. Til hvers væru líka framleiðendur að hafa fyrir því að breyta skipulaginu, ef þeir eiga svo ekkert að fá af hagnaðinum?

Þá sagði hv. frsm., að það væru ekki ákveðin orð hjá mér, að verðið skuli miðað við það, sem nauðsynlegt er að hafa til þess að hægt sé að framleiða á hagnýtasta hátt. Það er að vísu svo, að ekki er hægt að benda á, á hvaða eyri verðið ætti að vera. En með þessu ákvæði er þó útilokað, að miðað sé við það, að þessi vara sé framleidd á sem óheppilegastan hátt. En eins og frv. er nú, er það ekki útilokað, að miðað sé við þá staði, þar sem dýrast er að framleiða mjólkina. Það er gengið út frá því, að eftirspurn verði fullnægt, en nú er ekki hægt að framleiða nóga mjólk á þeim stöðum, þar sem ódýrast er.

Þá sagði hv. frsm., að við fulltrúar bæjanna gætum alveg eins greitt atkv. um málið eins og þeir, sem væru í bæjarstjórn. Ég efast um, að hv. frsm. væri á því, að frv. fengi ekki að ganga fram, ef við kaupstaðaþingm. greiddum atkv. á móti því. Ég held því þess vegna fast fram, að slík mál sem þessi eigi að komast undir álit bæjarstjórnanna.

Ég skil vel hugsunina í þessu hjá hv. þm. Hann vill fá að halda áfram á þeirri braut, að koma á einkasölu á innlendri framleiðslu til handa bændum einum, þrátt fyrir það, að bærnir vilji það ekki. Hér er byrjunin. Svo kemur sjálfsagt lögboðið eggjafélag, lögboðið kartöflufélag, lögboðið félag um sölu á garðávöxtum og blómum og fleiri vörum og allt fyrirkomulag sniðið eftir þessu formi. Neytendur eiga ekkert að fá að segja og fá enga tryggingu fyrir rétti sínum. Þeir verða bara að treysta því, að þeir, sem reka þetta sölufélag, reyni ekki að hagnast á þeim eins og þeir gætu, sem er það eðlilega fyrir þá, sem verzlunina reka.

Ég verð því að halda fast við þessar brtt. Ég veit, að svona mál mælast illa fyrir, og það sést á áhorfendabekkjunum núna, hve mikla athygli þau vekja. Það mundi valda óánægju í bænum, ef frv. fengi afgreiðslu að bæjarstjórn forspurðri, og vona ég því, að dagskráin verði samþ.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Hv. 3. þm. Reykv. segir, að það sé ekkert ægilegt, þó að kaupstaðalóðirnar fyllist af fjósum. Það getur verið, að það sé ekki, en það er annað mál, að það er öfugt, ef lögleidd væru ákvæði, sem yrðu til þess, að í stað þess að bændur flyttu mjólkina heiman frá sér, eftir því sem þeir hefðu aðstöðu til, þá flyttu þeir kýrnar og heyið til kaupstaðanna. (HV: Það bannar þeim enginn að framleiða mjólkina heima hjá sér). Nei, en ef brtt. yrði samþ., þá er lokað að meira eða minna leyti fyrir markaðinn hjá þeim, er ekki búa í lögsagnarumdæmum kaupstaðanna.

Þá sagði hann, að það væri ósanngjarnt, að allur hagnaðurinn félli í hlut neytenda. Það er vitanlega ósköp elskulega sagt hjá honum, en hann dró þar meira út úr orðum mínum en ég sagði. Ég sagði, að það, sem sölukostnaður lækkaði, ætti að falla í skaut neytenda í lækkuðu verði á mjólk. En þar fyrir utan er margskonar hagnaður, sem af þessu fyrirkomulagi mundi leiða, bæði beinn og þó sérstaklega óbeinn, sem auðvitað mundi hlotnast framleiðendum, t. d. aukin sala, sem yrði samfara lækkuðu verði. Annað er það, að meðan þetta skipulagsleysi er, þá er hætta á því, að mjólk lækki í verði ár frá ári án þess að neitt breytist til bóta á nokkurn hátt, og eins og ég gerði grein fyrir í minni frumræðu, þá á sá hagnaður, sem fengist á þennan hátt, að fara til framleiðendanna.

Ég geri ekki kröfur til hærra verðs fyrir mjólkina en nú er. En ég geri kröfur til, að komið verði í veg fyrir, að hún lækki í verði til muna, og það án þess að það komi neytendum að notum.

Þá talaði hv. þm. um verðgrundvöll-

inn. Eftir sinni till. sagði hann, að ætti að leggja til grundvallar ódýrustu framleiðsluna, en eftir okkar till. þá dýrustu. Þetta er ekki rétt hjá hv. þm. Ég býst við, að það verð, sem við mundum skapa, væri meðalverð milli þess dýrasta og ódýrasta. Það á ekki að byggja verðið eingöngu á framleiðslukostnaði þeirra, sem bezt hafa skilyrðin, það verður líka að taka tillit til erfiðari skilyrðanna. Ef verðið ætti að byggjast eingöngu á beztu skilyrðunum, þá yrði það til þess, að hinir gætu ekki selt mjólk. Þeir, sem bezt eru settir, yrðu einir um mjólkursöluna, en gætu hvergi nærri fullnægt þörfinni. Afleiðingin yrði því mjólkurskortur með öllum þeim vandræðum, sem af honum stafa.

Hv. þm. var hræddur um, að hér mundi verða um einokun að ræða, sem mundi svo komast allt upp í hinar óvinsælu kartöflur og það, sem liggur þar á milli. En þegar það er nú tryggt í þessu frv., að þetta lögskipaða félag sé undir því eftirliti frá stjórnarvöldunum, að þar skuli hagsmunir beggja verða teknir til greina, þá er ekkert við þessu að segja nema gott eitt.

Þessi einkasala, ef á að nefna það svo, sem nú er verið að tala um að stofna hér, er undir svo ströngu opinberu eftirliti með yfirstjórn atvmrh., að þeir, sem hlut eiga að máli, hafa enga aðstöðu til að beita neinu okri. Það er vel séð fyrir því í ákvæðum frv., eins og rétt og sjálfsagt er.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 43. fundi í Nd., næsta dag, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá 3. þm. Reykv. felld með 14:4 atkv.

Brtt. 287,1 felld með 18:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HV, VJ, EA, HG.

nei: IngB, JAJ, JÓl, JónasÞ, LH, MG, PO, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt, BÁ, BKr, HStef, HJ, JörB.

GÍ greiddi ekki atkv.

Fimm þm. (JJós, MJ, ÓTh, ÁÁ, BJ) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 17:3 atkv.

Brtt. 287,2 (við a-lið) felld með 13:7 atkv.

— 287,2 (við c-lið) þar með fallin.

— 287,2 (við e-lið) felld með 14:5 atkv.

2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 287,3 felld með 14:3 atkv.

3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

4.—5 gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17:3 atkv.

Á 45. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 225, 321).

Jónas Þorbergsson: Ég á örlitla brtt. á þskj. 321, en það er engin efnisbreyt., heldur aðeins orðabreyt., til að færa orðalag málsgr. til betra máls, og vona ég því, að hún sæti engri mótspyrnu, og tel, að það sé ekki ástæða til að fjölyrða um hana.

ATKVGR.

Brtt. 321 samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 16:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 46. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 340).

Á 48. fundi í Ed., 11. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Jakob Möller [óyfirl.]: Þetta frv. kemur frá Nd. Það er víst ekki siður hér að hefja miklar umr. um slík frv., en ég vil þó skila því til hv. d., að á síðasta bæjarstjórnarfundi í Rvík voru samþ. tilmæli um það, að bæjarstj. fengi málið til athugunar áður en þingið afgr. það. Í frv. er gengið mjög nærri Rvíkurbæ sérstaklega, en raunar líka öllum kaupstöðum landsins. En það er vitanlegt, að frv. er aðallega stílað gegn Rvík, og er tilætlunin að taka umráðin algerlega af stjórnarvöldum bæjarins, en fá þau í hendur mjólkurframleiðendum utanbæjar. Fer ég ekki nánar út í það, en vona, að hv. landbn. verði við ósk bæjarstj. um það að láta hana fá frv. til athugunar og umsagnar.

Jón Baldvinsson: Hv. 1. þm. Reykv. lýsti því, hvernig í þessu frv. er verið að

ganga á rétt Rvíkur og annara kaupstaða, sem áður hafa haft vald til að ákveða sjálfir um þessa hluti, sem frv. fjallar um, og hvernig verið er að fá þetta vald í hendur mjólkurframleiðendum utanbæjar. Þeir geta nú ráðið því, hvar mjólk verður framvegis seld í kaupstöðum, ef þetta nær fram að ganga, en það hefir áður legið í valdi bæjarstjórna að löggilda mjólkurbúðir. Er þetta varhugavert, því að með þessu eru kaupendur afskiptir áhrifum um það, hvernig með mjólkina er farið o. s. frv. Þó er sagt í 2. gr., að neytendur skuli vera tryggðir gegn því, að framleiðendur setji verðið of hátt. En engu að síður verða neytendurnir með þessu lagi ofurseldir þeim. Væri það alveg ótækt, ef mjólkurframleiðendur gætu sagt: í þessari götu, þessu húsi, skal vera mjólkursala, hvað svo sem heilbrigðisstj. og aðrir aðilar kynnu að hafa á móti því. Satt er það, að ólag er á mjólkursölunni eins og nú er, en það má bæta á marga lund, og er það alls ekki rétta leiðin að gefa mjólkurfélögunum einræði í þessu. A. m. k. ættu þau að ákveða þetta í samráði við kaupstaðina. Vil ég því mælast til þess, ef málið fer í n., að hún taki tillit til þeirrar umsagnar, sem komið hefir frá bæjarstj Rvíkur.

Annars vil ég geta þess, að bændur hér í nágrenninu hafa sent þinginu skjal mikið, þar sem þeir telja þetta varhugaverða leið. Eiga þessir menn til samans 800—900 kýr og eru allir úr lögsagnarumdæmi Rvíkur og selja alla sína mjólk hingað. Væri það óeðlilegt, ef þessir mörgu aðilar, sem framleiða mjólk fyrir bæjarbúa, væru afskiptir öllum áhrifum hér um. Yrðu þeir þá annaðhvort að beygja sig undir vald mjólkurhringanna eða þá að hætta, og er það líklegast. Hafa þeir lagt mikið í kostnað við ræktun. Að vísu er mjólkin dýrari hjá þeim, en það er líka bezta mjólkin, sem kemur til bæjarins, og einasta barnamjólkin, sem um er að ræða. Enginn skilji orð mín svo, að ekkert eftirlit eigi að vera með þessu, en ég held, að því sé bezt borgið í höndum heilbrigðisstj. og bæjarstj. framvegis eins og að undanförnu.

Jón Jónsson [óyfirl.]: Ég vona, að ég eigi ekki að skilja þessa tvo hv. þm., sem talað hafa, svo, að þeir ætli að beita sér móti því, að málið fái að ganga til 2. umr. og n. Að vísu skal ég játa, að ég hefi ekki kynnt mér efni frv. til neinnar hlítar, en mér skilst þó við fljótan yfirlestur, að hér sé um merkilegt mál að ræða, og fæ ég ekki séð, að það á nokkurn hátt vinni til ógagns fyrir Rvík, eins og mér virðist þessir tveir hv. þm. hafi verið að gefa í skyn með ræðum sínum.

Í frv. þessu eru ákvæði, sem tryggja betra fyrirkomulag um sölu mjólkur en bændur hafa orðið við að búa um langa hríð. Það hefir verið megnasta ólag á allri mjólkursölu hér í bæ, að því er virðist. Mjólkin seld hér dýru verði, en þó fá bændur lítið fyrir hana. Mér er sagt, að mjólk sé seld hér í bænum á 40—50 aur. hver lítri, en bændur fá í sinn vasa 12 aur. (**JBald:** Meira fá þeir). Já, kannske þeir, sem næstir búa Rvík, en austanfjalls fá þeir ekki nema 12 aur., og er ekki annað hægt að segja en að það sé mikill kostnaður, sem leggst á þá mjólk, sem seld er hér í bænum, og er ekki undarlegt, þó að bændur séu óánægðir með þetta. En auk þess er með frv. betur tryggt en annars, að neytendur fái betri og vandaðri vöru.

Virðist mér því, að stefna frv. sé sú, að vinna báðum gagn: þeim, sem mjólkina selja, og hinum, sem kaupa hana. Vona ég því, að þessu athuguðu, að hv. þdm. sjái sér fært að lofa málinu að ganga til n., og munu þá þær aths., sem fram hafa komið, teknar til greina af þeirri hv. n., sem málið fær til meðferðar.

Jón Þorláksson [óyfirl.]: Það er sérstök ástæða, að ég hygg, til þess að frv. þetta er fram komið. Og hún er sú, að síðan stofnuð voru mjólkurbú í Árnessýslu og vetrarsamgöngur að austan bættar til muna, berst á sumum tímum hingað til Rvíkur töluvert meiri mjólk en gengur hér út. Þeir mjólkurframleiðendur, sem búa hérna megin fjallsins, þykjast verða hart úti í þessum viðskiptum, því að þeir búa, vegna nálægðar við Rvík og hins háa kaupgjalds við sjávarsíðuna, við hærri framleiðslukostnað en bændurnir austanfjalls. Mun því svo á mörgum tímum árs, að framleiðendur í nágrenni Rvíkur, er við háan framleiðslu-

kostnað búa, verða að láta gera skyr og aðrar vörur úr töluverðum hluta mjólkur sinnar, og að því leyti sem þær vörur ganga ekki út, að taka þær heim aftur.

Nú skal ég viðurkenna, að það er ástæða fyrir löggjafarvaldið að bæta eitthvað skipulagið, sem kallað er, á þessu. Og þetta frv. fer í raun og veru fram á að leggja í hendur ríkisstj. alræðisvald um, hvernig hún skipi þessum málum og setji reglugerð þar um eftir algerlega einhliða ráðum framleiðenda, án þess að kaupendur komi þar til greina að halda fram sínum hagsmunum. Það verður ekki af frv. séð, hvaða ákvæði eigi að standa um þetta í reglugerðinni, og þess vegna hefi ég spurzt fyrir um það hjá þeim mönnum, sem ætla má, að standi nálægt þessum málum. Og þeir hafa sagt mér, að hugsunin sé sú, að höfð verði sú tilhögun á mjólkursölunni, að þeir, sem næstir búa Rvík, leggja til sölumjólk í bæinn að því leyti sem hún hrekkur til, en bæta svo við úr fjarlægari sveitum því, sem vantar upp á, að nóg mjólk sé á öllum tímum í bænum. En svo á að skattleggja þá mjólkurframleiðendur, er næstir búa Rvík, til þess að greiða þeim mjólkurframleiðendum, sem fjarlægari eru, uppbót fyrir það, að þeir, sem í fjarlægum héruðum búa, verða að láta vinna aðrar afurðir úr mjólkinni en þeir þurftu að gera, þegar þeir kepptu við sölumarkaðinn hér.

Þetta er nú kannske allt gott og blessað fyrir seljandann, en hinsvegar fæ ég ekki séð, hvers hinn aðilinn á að gjalda, að kaupandinn skuli ekki vera jafnrétthár og að hvergi skuli vera tekið tillit til hans í frv. Ég bendi á þetta út af ákvæðum 2. gr., þar sem talið er upp í 5 liðum það, sem ákveða á í reglugerðinni. Annar liðurinn hljóðar svo: „Að öll mjólk og rjómi, sem seld eru í kaupstöðum, skuli hreinsuð og gerilsneydd, að þeirri mjólk undanskilinni, sem seld er sem „barnamjólk", eftir nánari reglum, sem um það verða settar". Og þriðji liður 2. gr. tekur fram sem reglugerðarákvæði: „Hvernig jafna skuli á milli framleiðenda verði mjólkurinnar á hverju framleiðslusvæði fyrir sig, eftir því hvort hún er seld beint til neyzlu í bæjum eða að unnar eru úr henni aðrar afurðir".

Ég skal viðurkenna, eins og tekið hefir verið fram, að ýmislegt mælir með því, að þeir sitji að mjólkursölunni, sem framleiða hana í umhverfi bæjarins, bæði af því að frá þeim kemur mjólkin nýrri til neytenda og er þar af leiðandi betri vara, og svo hinu, að þeir búa við hærri framleiðslukostnað.

En ég vil segja sem mína skoðun, að frv. þetta þarf vel að athuga og taka mjög miklum lagfæringum áður en það verður að lögum. Eins og frv. er orðað, er næst að líta svo á, að mjólkurframleiðendur í Gullbringu- og Kjósarsýslu og Árnessýslu geti með því að kveðja til fundar neytt mjólkurframleiðendur í bænum í sölusamlag við sig. Þetta er að vísu óákveðið orðað í 1. gr., en þó finnst mér, að leggja megi þann skilning í orðalagið, að framleiðslusvæði grípi yfir þá kaupstaði, þar sem mjólk er seld. Með þessu finnst mér nokkuð langt gengið, ef mjólkurframleiðendur í bænum verða neyddir í sölusamlag af bændum í fjarlægari héruðum, þó þeir fái að vísu að selja alla sína mjólk, en verða svo að svara skatti fyrir að þurfa ekki að láta gera afurðir úr mjólkinni. Ég fæ ekki skilið þetta öðruvísi og er jafnvel ekki grunlaust um, að í frv. felist bann um mjólkurframleiðslu í bænum, og verð ég að telja það óeðlilegt. Því hvað sem skiptingu á milli framleiðenda á verði mjólkurinnar líður, verð ég að líta svo á, að framleiðendur í kaupstöðunum sjálfum eigi að hafa ótakmarkaðan rétt til að selja þar framleiðslu sína.

Ég ætla ekki að fara lengra út í þetta að sinni, en þótti rétt að geta um þetta, af því að með frv. þessu er verið að fara inn á nýjar brautir og því ástæða til við 1. umr. að gefa gaum að þeim ákvæðum, sem liggja á takmörkum þess, sem talin er venja, að leyfilegt sé að gera. Með frv. er farið inn á það, sem kallað er eignarréttur og snertir eignarrétt framleiðenda yfir afurðum sínum.

Ég hefi tekið eftir því m. a., að frv. gerir ráð fyrir, að ef ¾ fundarmanna eða fulltrúa samþ. að stofna mjólkursamlag, þá skuli minni hl., ¼, beygja sig undir það. Að formi til er þetta svipað ákvæðum vatnalaganna. En ég vil leiða athygli að því, að réttur vatnafélaga til að beygja

minni hl. til samkomulags byggist á því, að vatnið er ekki séreign — ekki undir eignarráðum einstaklinganna —, heldur er það eftir eðli sínu sameiginleg náttúrugæði, og til ráðstöfunar um þau náttúrugæði eru vatnalögin sett. Með frv. er farið inn á samskonar braut, þar sem hér er gert ráð fyrir að leiða menn í sölufyrirkomulag, sem þeim er e. t. v. bæði óhagstætt og óljúft. Ég álít, að þetta atriði þurfi athugunar við og spurning, hvort það sé fært samkv. stjskr. að neyða menn í samtök, sem þeir vilja ekki vera í.

Magnús Torfason: Ég get byrjað með að þakka hv. 1. landsk., hve höglega og skynsamlega hann talaði um þetta mál. Ég er ekki vanur að hefja umr., þegar mál liggja fyrir til 1. umr. En út af því, sem fram hefir komið hér í umr., þá finnst mér ég geti ekki leitt hjá mér að benda á nokkur atriði.

Þá vil ég fyrst geta þess, að það er ekki aðeins í vatnalöggjöfinni, sem menn eru neyddir til samtaka með samþykkt meiri hl., heldur miklu víðar. Ég skal t. d. benda á fiskveiðalöggjöfina, þar sem menn eru með samþykktum neyddir til að fylgja lögum og reglum, hvort sem þeim er það ljúft eða leitt. Hér er vitaskuld ekki um jákvæðar gerðir manna að ræða, heldur neikvæðar, en þá hafa höftin á atvinnu manna verið þeim mun meiri. Ég hefi sjálfur komizt í að afnema slíkar samþykktir, sem illu heilli voru gerðar til stórskaða fyrir afkomu heilla héraða. Minni ég á áveitulögin um Flóann. Ég býst því ekki við, að hægt sé að segja, að í frv. þessu sé að finna neina nýjung, sem fari í bág við ákvæði stjskr.

En hitt játa ég, að þetta frv. er að ýmsu leyti nokkuð ónákvæmt og óljóst orðað, og er það e. t. v. ekki nema að vonum, þar sem vitað er, að frv. mun vera samið á síðustu stundu og án nægilegrar athugunar í öllum greinum, hvað á að taka með og hvað ekki. En við vitum víst öll, sem hér eigum sæti, ástæðuna til þess, að slíkt er fram komið. Það er af deilum manna í millum, ekki aðeins austanfjalls, heldur engu síður munu þær deilur vera komnar frá mönnum hér í Rvík. Eftir því sem ég veit bezt, mun Mjólkurfél. Rvíkur hafa átt sinn þátt í, að þessi leið var farin, þó ég hinsvegar geti hugsað mér einstök atriði í frv., sem Mjólkurfél. fallist ekki á.

Í þessu sambandi og að því leyti, er snertir þetta valdboð um sölu mjólkur og mjólkurafurða, þá vil ég benda á, að mér finnst einkennilega til orða tekið í 1. gr., þar sem sagt er, að „atvinnumálaráðherra er heimilt að staðfesta um það reglugerð, og er hún þá bindandi fyrir alla aðila". Vanalega er orðalagið þannig, að ráðh. staðfesti reglugerð, þegar hann hefir breytt því, sem hann vill hafa, í henni. En þarna er aðeins um heimild að ræða, og finnst mér, að með henni sé ráðh. fengið vald, eða a. m. k. gefið undir fótinn, svo að hann geti blátt áfram neitað um staðfestingu reglugerðarinnar, ástæðulaust.

Af því að fram er komið í umr. og hv. 2. landsk. drap á það, að ágreiningur sé um, hvort gerilsneyða eigi alla sölumjólk eða ekki samkv. b-lið 2. gr., þá verð ég að álíta, að óþarfi sé að gerilsneyða alla mjólk, sem seld er í bænum, og ætti því að nægja að setja reglur um að gerilsneyða eitthvað af henni.

Þegar menn eru að tala um nauðung og bann á mjólkurframleiðendum, þá held ég, að engin hætta sé á, að slíkt geti orðið. Með bættum samgöngum og aukinni ræktun, sem við væntum að verði, þá getum við gengið út frá því, að mjólkurframleiðslan verði yfirfljótanleg fyrir þessi héruð, eins og fram er komið á ýmsan hátt. Og þá mun lögmálið um framboð og eftirspurn, sem sumir hv. þdm. halda svo mikið upp á, ráða verði mjólkurinnar.

Það hefir verið talað um, að með frv. þessu eigi að sniðganga stjórnarvöld bæjarins, sérstaklega þó heilbrigðisnefnd. En því trúi ég ekki. Ég hefi gengið út frá, að ráðh. samþ. aldrei neitt í þessu efni án þess að neyta umsagnar og leiðbeiningar þeirra manna, er sérstaklega hafa vit á slíkum málum. Og ég get því ekki hugsað mér annað en að slík mál sem þetta verði send heilbrigðisvöldunum, og þá fyrst og fremst heilbrigðisnefnd Rvíkur, til yfirlestrar og athugunar.

Mér er óhætt að segja, að engin hætta er á, að menn austanfjalls ætli sér þá dul að kúga Reykvíkinga á einn eða annan hátt, og sérstaklega ekki í þessu mjólk-

ursölumáli. Mér er fullkomlega kunnugt um, að bændur austanfjalls vilja á allan hátt eiga góð viðskipti og gagnleg við Reykvíkinga, ekki aðeins með því að selja þeim afurðir sínar, heldur líka með því að kaupa af þeim það, sem þeir þurfa með. Og að þeir ætli sér að vinna sérstaklega á móti mjólkurframleiðendum hér í bænum og nágrenni hans, held ég, að mér sé óhætt að fullyrða, að þeim hafi aldrei komið til hugar. Enda hygg ég, að ef skynsamleg samtök komast á um framleiðslu og sölu mjólkur, þá verði það öllum til góðs og gagns, Reykvíkingum jafnt sem öðrum, og þá sérstaklega neytendum.

Því er ekki að neita, eins og hv. 1. landsk. hélt fram, að hér þarf að koma á einhverju skipulagi um mjólkursöluna. En ég hefði vel getað skilið, samkv. skoðunum hans á slíkum málum, að hann væri ekkert sérlega ginnkeyptur fyrir þessu. En eins og ég tók fram í upphafi ræðu minnar, talaði hv. 1. landsk. svo höglega og skynsamlega um málið og taldi fulla þörf nýs skipulags á þessu sviði. En hinu get ég ekki neitað, að mér kom nokkuð á óvart, að hv. 2. landsk. legðist hart á móti því, að reynt væri að koma skipulagi á þetta. Hann hefir hingað til ekki verið fastur á móti því, að ríkisvaldið eða eitthvert annað almennt vald reyndi að koma skipulagi á það, sem ætti að fara eins vel í viðskiptum og vera mætti, eins og t. d. mjólkursalan.

Í sambandi við það, sem hv. 3. landsk. sagði um óánægju gegn bændum austanfjalls, vil ég geta þess, að hún liggur ekki í því, að bændur fá ekki nema 12 aur. fyrir hvern mjólkurlítra. Orsakirnar til óánægjunnar liggja á öðrum sviðum, og það er það, sem ég býst við, að vakað hafi fyrir hv. 1. landsk.

Jón Baldvinsson: Hv. 1. landsk. sagði, að mjólkurframleiðendur í nágrenni Rvíkur væru neyddir til að ganga í þennan félagsskap, ef þetta ákvæði 1. gr. frv. kæmi til framkvæmda, um skipulag mjólkurframleiðenda á sölusvæðinu. En mér skilst, að eftir frv. sé aðeins átt við fulltrúa þeirra framleiðenda, er að mjólkurbúunum standa. (**JónÞ:** Það er ekki rétt lesið). Mér skilst, að þessi ákvæði, að mjólkurframleiðendur þurfi ekki aðeins að vera í mjólkurfélögum, heldur þurfi þeir að starfrækja mjólkurbú, eitt eða fleiri, og að aðrir séu útilokaðir nema þeir gangi í mjólkurfélag, en það geta þeir gert. (**JónÞ:** Þetta er alger misskilningur). Hér í Rvík og nágrenni eru komin tvö stór mjólkurbú, annað er bú Mjólkurfél. Rvíkur hér í bænum, en hitt er Korpúlfsstaðabúið. Á þessum stöðum má fá mjólkina gerilsneydda eftir þörfum.

Hv. 1. landsk. talaði nokkuð um það, hvað stj. mjólkurframleiðenda væri heimilað að gera samkv. væntanlegri reglugerð, að koma skipulagi á mjólkursöluna og setja ákvæði um aðstöðu mjólkurframleiðenda til markaðsins, að jafna verðið á milli framleiðenda mjólkurinnar á hverju framleiðslutímabili fyrir sig, og mér skilst, að hún geti ákveðið, hversu margir útsölustaðir skuli vera fyrir mjólkina í Rvík og Hafnarfirði, og hvar þeir séu. (**JónÞ:** Og hvað mjólkin á að kosta). Já, líka það. Mér finnst þetta svo mikil skerðing á sjálfsákvörðunarrétti hlutaðeigandi kaupstaða, að eigi sé við það unandi, sérstaklega að því er snertir heilbrigðisráðstafanir hér í Rvík o. fl., sem á að heyra undir bæjarstjórnina. Ég sagði í minni fyrri ræðu, að margt mætti laga, er snerti mjólkursöluna hér í Rvík, en svona mikið vald vildi ég ekki fá mjólkurfélögunum í hendur á því sviði.

Hv. 2. þm. Árn. sagði, að sér kæmi það mjög á óvart, að ég skyldi vera á móti því, að ríkisvaldið ætti að hlutast til um sölu mjólkurinnar, eða annað almenningsvald. Ég veit nú að vísu ekki, hvaða skilning hv. þm. vill leggja í það orð. En ég vil alls ekki, að hringur mjólkurframleiðenda hafi öll völd um ákvörðun mjólkurverðs o. fl., og hv. 2. þm. Árn. hefir sjálfsagt aldrei heyrt mig láta það í ljós. Hitt gæti ég fallizt á, að bæjarstj. Rvíkur hefði yfirráð um mjólkursöluna í bænum sem fulltrúi bæjarbúa eða neytenda mjólkurinnar. Þá mundi hún semja við fulltrúa framleiðenda um mjólkursöluna, þannig að með þessu fyrirkomulagi yrði tekið tillit til beggja aðilja. Eftir þessu frv. gætu bæjarstj. alls engu ráðið um verðið, þegar ekki berst nóg mjólk á markaðinn. Þess vegna er það eðlilegt og samkvæmt því, sem ég hefi talað, að ég sé því mótfallinn, að hringur fram-

leiðenda ákveði, hvar, hvernig og með hvaða verði mjólkin verði seld í bæjunum, en það geta þeir fengið samkv. þessu frv.

Jón Þorláksson [óyfirl.]: Hv. 2. þm. Árn. vísaði til fiskiveiðasamþykkta til samanburðar við ákvæði 1. gr. þessa frv., en það er alls ekki hliðstætt. Fiskiveiðasamþykktir hafa svip af samþykktum um vatnamál, og ganga þó enn minna inn á réttarsvið einstaklingsins, því að vitanlega er fiskurinn einskis manns eign á meðan hann er óveiddur, og samþykktirnar fela ekki í sér ráðstöfunarrétt á neinu, sem orðið er eign einhvers einstaklings.

Ég hefði ekkert haft að athuga við það, sem ákveðið er í 1. gr. þessa frv., ef það væri aðeins takmarkað við þá mjólkurframleiðendur, sem eru í mjólkurbúum, því að vitanlega geta þeir sett sjálfum sér reglur eftir geðþótta. En hv. 2. landsk. hefir ekki lesið 1. gr. frv. með nægilegri athygli, því að þar stendur, að þegar ¾ hlutar fulltrúa þeirra framleiðenda, er að mjólkurbúunum standa, hafa komið sér saman um skipulag á sölu afurða sinna á framleiðslusvæðinu, þá skal kalla saman almennan fulltrúafund allra mjólkurframleiðenda á sölusvæðinu, og má þar vera 1 fulltrúi fyrir hverja 25 framleiðendur. Og það, sem ¾ fulltrúanna samþ. á þeim fundi, verða allir mjólkurframleiðendur á sölusvæðinu að beygja sig undir. Og þá er gert ráð fyrir samlagsstofnun allra mjólkurframleiðenda, ef fullur ¼ hluti fulltrúanna er því ekki mótfallinn. En þó að ¼ hluti þeirra sé á móti því, þá eru þeir lögþvingaðir til þess að vera í félagsskapnum.

Ég veit ekki, hvað margir mjólkurframleiðendur eru taldir í lögsagnarumdæmi Rvíkur, en ég get hugsað, að þeir verði minni hl. mjólkurframleiðenda í nærsveitum bæjarins, og þess vegna yrðu þeir neyddir til þess að vera í slíkum félagsskap. Það er þetta, sem ég á við, þegar ég segist ekki muna eftir neinu hliðstæðu í löggjöfinni. Með jafnmiklum rétti mætti lögheimila ¾ hlutum búenda í sýslufélagi, t. d. ef þeir vildu stofna með sér kaupfélag, að knýja hina, ¼ hluta, til þess að ganga inn í félagið og beygja sig undir reglur þess. Samkv. þessu mega ¾ hlutar gera yfirleitt hverskonar ráðstafanir á eignum manna, sem þeim sýnist og atvmrn. samþ. Ég vona, að hv. þdm. hafi skilið, hvað í 1. gr. frv. felst; ég hygg, að þar sé farið út fyrir þau takmörk, sem sett eru samkv. almennum lögum, en ég tek það fram, að ég hefi ekki enn rannsakað það sérstaklega. Það dæmi, sem hv. 2. þm. Árn. nefndi, á ekki við um þetta, og ég man ekki eftir neinu í löggjöfinni, sem er hliðstætt þessu ákvæði 1. gr., en ég skal ekki fortaka, að það kunni að eiga sér stað. Mér finnst þetta alls ekki vera samrýmanlegt friðhelgi eignarréttarins.

Annað, sem ég vildi segja um þetta mál, getur beðið síðari umr.

Magnús Torfason: Að því er snertir 1. gr. þessa frv., þá skal ég játa, að hún er ekki ljóst orðuð. En ég hefi skilið hana eins og hv. 1. landsk. Þar er talað um félagsskap, er þeir framleiðendur, sem að mjólkurbúunum standa, geti myndað á „framleiðslusvæðinu" um sölu afurða sinna. Eftir þessari setningu virðist eiga að takmarka félagsskapinn við þá, sem eru í mjólkurbúunum. Þá er í næstu setningu talað um alla mjólkurframleiðendur á „sölusvæðinu". En hvað er meint með orðinu sölusvæði? Ég held, að það sé næst að ætla, að þar, sem varan er seld, sé sölusvæði, eða m. ö. o. kaupstaðirnir, þar sem vara framleiðenda er seld. Ég játa, að mér virðist erfitt að koma þessu saman. Ég get varla hugsað mér, að hér sé átt við mjólkurframleiðendur bæði austanfjalls og hér fyrir sunnan í Rvík og nágrenni hennar. Mér virðist eðlilegast, að átt sé við það svæði, Rvík og Hafnarfjörð, þar sem mjólkurafurðirnar eru seldar, en þetta er óljóst í frv. Að því er snertir samþykktir þær, er ég áður nefndi, þá veit ég ekki betur en að með þeim séu gerðar bindandi ákvarðanir um ýms atriði á svæði atvinnurekstrar einstakra manna. Ég nefndi t. d. fiskiveiðasamþykktir, en ég get líka nefnt fleiri slíkar, svo sem samþykktir fóðurbirgðafélaga, fiskiræktarfélaga, brunatryggingarsamþykktir o. fl. Allar þessar samþykktir eru meira og minna bindandi fyrir einstaklinga á þeim svæðum, sem

þær ná yfir, og valda meiri og minni skerðing á eignarrétti þeirra.

Hv. 2. landsk. sagði, að með þessu frv. væri ráðizt á sjálfsákvörðunarrétt kaupstaðanna. Ég hygg, að það geti nú ekki verið, a. m. k. ekki nema að mjög litlu leyti. Ég veit ekki til, að kaupstaðirnir með sínu sjálfstjórnarvaldi hafi látið sér koma til hugar að hafa áhrif á söluverð þessara afurða. Ég játa, að ég hefi ekki athugað, hvað bæjarstj. í Rvík og Hafnarfirði hafa nýlega gert að því er snertir verzlun með mjólkurafurðir, en ég hygg, að það sé ekkert annað en það, sem heyrir undir heilbrigðisráðstafanir. Ég hygg, að það sé ekki meiningin með þessu frv. að hnekkja á nokkurn hátt því valdi, sem hv. þm. talaði um.

Hv. 2. landsk. talaði um, að með þessu frv. væri verið að ofurselja hring mjólkurframleiðenda eitthvert óhæfilegt vald í mjólkursölumálunum. Ég játa, að ég skil ekki almennilega, hvað hv. þm. á við með þessu. En ef ástæða er til að tala um að ofurselja vald í sambandi við þetta litla frv., þá er verið að ofurselja það ríkisstj., því að samkv. þessu frv. má ekkert annað gera en það, sem atvmrn. samþ. Annars bjóst ég ekki við, að hv. 2. landsk. þætti nú svo afskaplega leitt það lambaketið.

Ég skoða þessar umr., sem hér hafa farið fram, leiðbeinandi fyrir þá hv. n., sem fær þetta frv. til meðferðar. Og þess vegna leyfi ég mér að benda n. á, að síðasta málsgr. 5. gr. frv. þarf að vera fullkomnari. Þar er ekkert ákveðið um það, hvert sektir fyrir brot á reglugerðinni skuli renna, eða hvernig farið skuli með þau mál, sem rísa kunna út af brotum á henni. Vitaskuld gerir það minna til, en af því að þetta mál er nokkuð sérstaks eðlis, þá er viðkunnanlegra að kveða nánar á um það.

Jón Baldvinsson: Ég hefi nú samkv. ráðleggingum hv. 1. landsk. farið aftur yfir 1. gr. frv., en er þó ekki viss um, að skilningur minn á henni hafi verið rangur. Mér finnst, að það felist í orðum gr., að ekki sé átt við aðra en þá, sem eru í mjólkurbúum, ákvæði gr. eigi aðeins við þá mjólkurframleiðendur, sem eru í mjólkurfélögum. Þeir hafa sína föstu, ákveðnu fulltrúa, sem stýra mjólkurfélögunum. Og auk þeirra á að mega kalla saman fund með fulltrúum allra mjólkurbúa eða mjólkurfélaga á sölusvæðinu, til að staðfesta það, sem hinir hafa gert. Þetta finnst mér felast í 1. gr. frv., og ég held, að sá skilningur sé réttur.

Það er nú í raun og veru ekki svara vert, sem hv. 2. þm. Árn. sagði, að hér væri ekki verið, með þessu frv., að ofurselja hring mjólkurframleiðenda allt vald í mjólkurmálum. Mér finnst það felast greinilega í frv. sjálfu. Og þó að ríkisstj. eigi að samþ. reglugerð samkv. þessu frv., ef að lögum verður, sem sjálfsagt er rétt hjá hv. þm., þá býst ég við, að ef mjólkurfélögin koma sér saman um ákveðið skipulag, þá standi ekki á samþykki formanns Búnaðarfél. Ísl., sem jafnframt er nú atvmrh., þó að í slíkri reglugerð væri að einhverju leyti gengið á hlut kaupstaðabúa. (**MT:** Hv. þm. er að gera hæstv. atvmrh. getsakir, en hæstv. ráðh. er, eins og allir vita, mjög sanngjarn maður). Já, það er rétt, hann er það, en samt sem áður gæti þetta nú komið fyrir, þegar bændur eiga hlut að máli.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

37. Tunnuefni.

Á 34. fundi í Nd., 21. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um, að efni í tunnur, sem ætlaðar eru undir innlenda framleiðsluvöru, skuli undanþegið innflutningstollum (þmfrv., A. 230).

Á 39. og 44. fundi í Nd., 31. marz og 6. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Guðbrandur Ísberg): Það hefir verið mikið um það rætt í vetur, bæði utan þings og hér á Alþingi, að styðja beri innlendan iðnað, og allir þjóðræknir Íslendingar hljóta að taka undir þá kröfu. Þetta frv. gengur í þá átt að afnema innflutningstoll af efni í tunnur, sem ætlaðar eru undir innlendar framleiðsluvörur. Ég vil fyrst geta þess, að hér á landi er ein fullkomin tunnuverksmiðja, og er hún á Akureyri. Önnur verksmiðja, sem líka hefir starfað og hefir helztu tæki, sem til þess þarf að búa til tunnur, er á Siglufirði, og ég hygg, að einhver vísir til slíkrar verksmiðju muni vera hér í Rvík, þótt það sé einungis í smáum stíl, að því er mér hefir verið sagt. Nú er vitanlegt, að hér á landi hefir verið notað hátt á annað hundrað þúsund síldartunna auk nokkurra þús. tunna undir hrogn og um 20 þús. tn. undir kjöt. Þessar tunnur hefði mátt smíða allar í landinu sjálfu og spara a. m. k. 1,50 kr. í vinnulaun á hverja tunnu, sem greitt hefir verið erlendum verkamönnum og verksmiðjueigendum í kaupverði hverrar innfluttrar tunnu. Fyrir landið allt munar þetta 200—300 þús. kr., sem runnið gætu í vasa innlendra manna, aðallega verkamanna, ef hægt væri að smíða tunnurnar hér. Verksmiðjan á Akureyri smíðaði árið 1931 eitthvað um 15 þús. tunnur á mánuði þann tíma, sem hún starfaði, eða samtals um 40 þús. tunnur. Hefði hún starfað í 9 mán., hefði hún getað smíðað 135 þús. tunnur. Ef þessi verksmiðja gæti starfað 6 vetrarmánuðina, þegar fjöldi manna gengur atvinnulaus í kaupstöðunum, gæti hún smíðað 90—100 þús. tunnur, eða helming þeirra tunna, sem notaðar eru í landinu. Nú mun verksmiðjan á Siglufirði vera að útvega sér fullkomnari vélar til tunnugerðar en hún hefir áður haft, svo að þessar tvær verksmiðjur gætu smíðað allar þær tunnur, sem landsmenn nota. Nú mun vera tollur á efniviðnum, nálægt 20 aur. á hverja tunnu, svo að í rauninni er hér ekki um mikið tollatap að ræða fyrir ríkissjóðinn, því að undanfarið hefir ekki verið um neinn teljandi innflutning tunnuefnis að ræða, að undanskildu árinu 1931, þegar inn voru fluttir stafir í 40 þús. tunnur til Akureyrar og eitthvað um 20—25 þús. tunnur til Siglufjarðar. Innflutningstollurinn af þessu tunnuefni er alveg hverfandi hjá þeim beina hagnaði, sem landsmenn hefðu af því að smíða þær tunnur sjálfir, sem þeir þurfa að nota, en hann mundi nema ca. 300 þús. kr.

Ég tel ekki þurfa að hafa fleiri orð um þetta. Ég geng út frá því vísu, að allir þeir menn, sem viðurkenna — og það veit ég að allir hv. þdm. gera —, að styðja beri íslenzkan iðnað, hljóta að greiða atkv. með þessu frv. Þeir hljóta að vilja komast hjá því, ef unnt er, að greiða 300 þús. kr. út úr landinu fyrir smíði á tunnum, sem vér getum auðveldlega annazt sjálfir, þótt ríkissjóður kynni að tapa við það 4000—5000 kr. í tolli af þessari efnivöru.

Ólafur Thors: Ég vil einungis beina þeirri fyrirspurn til hv. flm., hvort fyrir liggi nokkrar upplýsingar um gæði þessara tunna og hvort útgerðarmenn þeir, sem þær hafa notað, telja þær jafnar að gæðum beztu erlendum tunnum, því að þótt allir viðurkenni, að hlynna beri að íslenzkum iðnaði, þá myndi ég fyrir mitt leyti hika við að mæla með notkun á íslenzkum tunnum, ef ég hefði ekki a. m. k. sæmilegar líkur fyrir því, að gæði þeirra svöruðu til þess bezta, sem fáanlegt er erlendis. Því að það veit hv. flm. eins vel og ég, að í þessu efni veltur mjög mikið á því, að þær tunnur, sem við notum undir okkar síld, séu hinar beztu, sem föng eru á. Í öðru lagi vil ég spyrja hv. flm., hvort fyrir liggi nokkrar upplýsingar um það, að þessi tilslökun af hendi ríkissjóðs um tollaívilnun á innfluttum efnivörum til smíða tunnanna sé svo þýðingarmikil liður í þessum iðnrekstri, að líklegt sé, að hann falli og standi með því, hvernig tekið verður á þessu máli. Ef það er svo, að gæði tunnanna svari til hins bezta, sem kostur er á á erlendum markaði, og séu jafnframt líkur til þess, að á miklu velti fyrir þennan iðnrekstur, sem er á byrjunarstigi, hvort Alþingi tekur vel í þessa málaleitan eða ekki, þá mun ég fyrir mitt leyti hafa tilhneigingu til að styðja frv.

Flm. (Guðbrandur Ísberg): Þessar aths. hv. þm. G.-K. eru fyllilega réttmætar. Það er sjálfsagt að taka þetta allt til athugunar.

Ég vil fyrst að því er snertir þá spurningu hans, hversu þýðingarmikið það væri fyrir þennan iðnað, sem hann réttilega gat um, að væri á byrjunarstigi, að fá þessa tollaívilnun, taka það fram, að þessi iðnaður hefir illa getað borið sig vegna þess, að hann hefir ekki getað greitt það kaup, sem verkamenn hafa þótzt þurfa að fá. En ca. 20 au. tolllækkun af hverri tunnu þýðir jafnmikla hækkun á kaupgjaldi á klst. fyrir hvern verkamann. Þessi ca. 20 aura lækkun á tunnuefninu, sem tollurinn nemur, ef frv. verður samþ., getur beinlínis ráðið úrslitum um það, hvort unnt verður fyrir hinar innlendu tunnuverksmiðjur að keppa við erlenda framleiðendur á þessu sviði eða ekki.

Að því er snertir gæði tunnanna vil ég benda á það, að hér er ekki um nein innflutningshöft að ræða, heldur um frjálsa samkeppni á frjálsum markaði. Ennfremur vil ég taka það fram, að ég hefi séð ýmis vottorð um það frá saltendum, sem notað hafa tunnur frá verksmiðjunni á Akureyri, að gæði þeirra tunna, a. m. k. þeirra, sem búnar voru til 1931, séu sambærileg við venjulegar erlendar tunnur. Þó vil ég geta þess, að þær tunnur, sem smíðaðar voru 1931 og geymdar voru langt fram á sumar, en settar saman strax og þar á ofan fluttar á milli veiðistöðva, þóttu nokkuð gisnar. En þegar þarf að flytja tunnur á milli veiðistöðva, þá er rétt að flytja stafina og gjarðirnar sundurlaust og láta beyki slá þær saman á veiðistöð, þar sem þær á að nota. Hitt er lakara, að slá tunnurnar saman strax og flytja þær síðan til veiðistöðvarinnar á skipum, því að í þeim flutningum sæta þær oft ærið misjafnri meðferð. Annars geng ég út frá því sem gefnu, að þessir iðnrekendur leggi kapp á að fá gott og vandað efni í tunnurnar, því að með því einu móti geta þeir orðið samkeppnisfærir við erlenda framleiðendur. En þeir menn, sem bezt þekkja til og hafa áhuga á þessu máli og starfa að því, bæði á Akureyri og Siglufirði, telja það engum vandkvæðum bundið að fá svo gott efni, að tunnurnar geti fyllilega orðið samkeppnisfærar. Þá er einungis um verðið að ræða, og í því sambandi er geysiþýðingarmikið að fá tollinn afnuminn.

Haraldur Guðmundsson: Ég álít, að það sé rétt að samþ. þetta frv., sem hv. þm. Ak. kemur hér með. Að vísu skal ég geta þess, að ég tel á engan hátt skynsamlegt til frambúðar að hugsa sér það fyrirkomulag að flytja inn frá útlöndum sundurlausar tunnur og hugsa sér ekki að gera annað hér heima en að reka þær saman og laga stafina eitthvað meira eða minna til, eins og vakir fyrir hv. þm. Ak., því að vinnulaunin við að setja tunnurnar saman eru ekki nema nokkur hl. þeirra vinnulauna, sem annars eru greidd fyrir tunnusmíði. Einmitt þess vegna held ég, að tími sé kominn til þess að gera tilraun með að smíða tunnur úr óunnum viði, kaupa óunninn við, saga hann og fletta honum og smíða tunnustafi og tunnubotnana hér heima. Þessi tilraun kostar minna en flestir gera sér í hugarlund, eins og ég hefi áður sýnt fram á.

Hv. þm. gat þess, að tollur af stöfum og efni í síldartunnur væri 20 aurar. Mig minnir hann sé ekki nema 14 aurar, en þori þó ekki að deila um það við hv. þm. En ef til þess kæmi að gera tilraun með að flytja inn óunninn við og saga hann niður í tunnustafi í landinu, þá þyrfti auðvitað um leið að athuga það, að þetta frv. gæti, ef að lögum yrði, einnig náð til óunnins viðar, sem notaður væri í tunnur. Ég er ekki alveg viss um, eftir því orðalagi, sem nú er á frv., að þetta sé skýrt, og vildi ég biðja þá n., sem væntanlega fær mál þetta til athugunar, að athuga þá hlið málsins. Ég hefi nokkuð kynnt mér þetta, og eftir því verði, sem var á þeim trjávið, sem mest er notaður í tunnur, á síðasta vetri, er bersýnilegt, að langmestur hluti tunnuverðsins er vinna við smíðar. Ég ætla, að verð á óunnum trjástofnum söguðum hafi verið um 130 kr. hver standard kominn hingað til Íslands frá Noregi. Það svarar til þess, að efni í hverjar 150 þús. tunnur myndi kosta 330 þús. kr. Ef fullsmíðuð tunna er reiknuð á 5 kr., verða þetta 750 þús. kr., eða 420 þús. kr. meira en efnið kostar. Þessar 420 þús. kr. eru því vinnulaun og gjarðir. En sé tunnan reiknuð á 6 kr., sem mun vera nær lagi, verður munurinn 150 þús. kr. meiri, eða 570 þús. kr. Það liggur því í augum uppi, að hér er um stóra fjárhæð að ræða, sem héldist kyrr í

landinu og gengi til vinnulauna, ef hægt væri að smíða hér að öllu leyti tunnur úr óunnum viði. Ég veit ekki, hvað tunnustafir kosta, en þó myndu þeir verða h. u. b. helmingi dýrari en óunnir stafir. Lægsta verð myndi verða 2,60 til 3 kr. norskar úti. Ég held því, að það væri fullkomlega þess vert að taka þetta mál til athugunar, kynna sér það og afla hinna fyllstu gagna um það.

Flm. (Guðbrandur Ísberg): Frv., sem hér er borið fram, miðast einungis við það ástand, sem nú er, og að hér á landi eru þegar til verksmiðjur, sem geta leyst þetta af hendi. Ég vil á engan hátt efa, að heppilegast væri að kaupa efnið ósagað, eins og hv. þm. Seyðf. benti á, en til þess þarf nýja verksmiðju, sem ekki er að vita, hvenær reist verður. Ég vil þess vegna, þótt athuga megi einnig sögun á viðnum sem framtíðartakmark, í þessu sambandi álíta, að ekki tjái að blanda því inn í þetta mál. Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til fjhn.

Ólafur Thors: Ég tók eftir því, að í þessari skýrslu, sem hv. þm. Seyðf. gaf, gat hann um, að eftir þeim skýrslum, er hann hafði fengið nýlega, myndi efniviður í 150 þús. tunnur kosta 330 þús. kr., ef hann væri óunninn og kominn hingað til Íslands. En það svaraði til þess, að efnið í hverja tunnu kostaði 2,20 kr. fyrir utan gjarðir, nagla og spons. Hinsvegar taldi hv. þm., að stafir í tunnurnar myndu kosta 2,60 kr. Væru þetta réttar tölur, er málaleitunin ástæðulaus. Hinsvegar tel ég þær rangar, og mun hv. þm. hafa í fyrra dæminu reiknað með íslenzkum krónum, en með norskum í hinu síðara.

Að því er snertir upplýsingar, sem hv. flm. þessa frv. gaf, skildist mér það vera hans álit, að vegna þess, að þessi iðnaður ætti hér á landi við erfið launakjör að stríða, þar sem þeir menn, sem að þessum iðnaði vinna hér, gera hærri kröfur til kaups en stéttarbræður þeirra annarsstaðar, væri nauðsynlegt, að ríkið hlypi undir bagga á meðan þessi iðnaður væri í barndómi, svo að hann gæti orðið samkeppnisfær við erlenda keppinauta. Ég vil í sambandi við þá skoðun taka það fram, að ég tel hættulegt fyrir ríkissjóð að leggja út á þá braut að breyta tollalöggjöf sinni iðnrekstrinum til framdráttar, til þess að hann verði fær um að greiða **hærra** kaup en greitt er við tilsvarandi iðnrekstur erlendis.

Haraldur Guðmundsson: Ég sé ekki neitt því til fyrirstöðu, að innlendum atvinnurekstri sé ívilnað á þann hátt, sem farið er fram á í frv., þ. e. að lækka tolla á efnivörum, en ég er á móti því, að honum sé ívilnað með verndartollum, sem aðeins eru til þess að hækka verðlagið.

Það var rétt, sem hv. þm. G.-K. benti á áðan, að eftir tölum þeim, sem ég tók, virðist lítill munur á því, hvort keyptur er óunninn viður eða ótiltelgdir tunnustafir. Stafar þetta af því, að í öðru tilfellinu var miðað við norskar kr. En munurinn liggur ekki aðeins í því, heldur líka í hinu, að úr 500 standörðum af óunnum viði fást, auk efnis í 30 þús. síldartunnur, nálægt 100 standarðar af gagnlegu timbri, borðum og battingum. Þar er því hagnaðurinn mestur. Að við ættum að vera samkeppnisfærir við erlenda verkamenn, er að sjálfsögðu rétt, en í þessu tilfelli er ekki um slíkt að ræða. Mikið af þessari norsku tunnustafagerð er heimaiðja. Þegar skógurinn er högginn og stórtimbrið selt, verður afgangs talsvert af smábútum og greinum; úr því smíða svo norsku bændurnir tunnustafi, þegar ekkert er annað hægt að gera á bændabýlunum. Það er því varla von, að hægt sé að keppa við slíkan atvinnurekstur, þar sem ekki er um neitt sérstakt kaupgjald að ræða, heldur heimaiðju til uppfyllingar. Hinsvegar líta margir svo á, sem kunnugir eru þessum málum, að með stórum og hagkvæmum innkaupum megi vinna upp þann mismun, sem við þetta kemur fram.

Ólafur Thors: Út af því, sem ég sagði um samkeppni hinna innlendu og erlendu verkamanna, get ég gengið inn á það, að það sé erfitt fyrir innlenda verkamenn að keppa við þá framleiðslu, sem unnin er í hjáverkum hjá bændum í Noregi. En því var þannig háttað á þeim árum, sem ég var við síldarverzlun riðinn, að tunnur þær, sem notaðar voru þá, voru smíð-

aðar í verksmiðjum. Þær, sem heima voru smíðaðar, þóttu verri og voru því ekki notaðar.

Að endingu vil ég segja það, að eins og það þykir óbilgjarnt að gera þá kröfu til íslenzkra verkamanna, að þeir geti keppt við norska hjáverkavinnu, eins er líka óbilgjarnt að heimta hærra kaup við iðnrekstur hér en greitt er við tilsvarandi iðnrekstur í öðrum löndum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Nd., 2. maí, var útbýtt áliti minni hl. fjhn., á þskj. 599, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

38. Efnivörur til skipa- og bátasmíða.

Á 34. fundi í Nd., 21. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um, að efnivörur til skipa- og bátasmíða skuli undanþegnar innflutningstollum (þmfrv., A. 231).

Á 39. og 44. fundi í Nd., 31. marz og 6. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Í frv. þessu er farið fram á að undanþiggja efnivörur til skipa- og bátasmíða innflutningstollum. Eins og kunnugt er, eru smíðuð skip og bátar, sem til landsins flytjast, tollfrjáls. Af því leiðir aftur, að skipa- og bátasmiðir hérlendir eiga erfitt aðstöðu gagnvart hinum erlendu keppinautum sínum, þar sem landið tekur toll af innfluttum efnivið, sem til skipasmíðanna þarf. Til þess að leiðrétta þetta eru til fleiri leiðir en farið er fram á í frv. þessu, t. d. mætti lögleiða toll af smíðuðum skipum og bátum, en við flm. frv. höfum ekki álitið rétt að fara þá leið, heldur hina, að undanþiggja efnivörurnar innflutningstolli. Hér getur ekki verið um mikla upphæð að ræða og því ekki heldur um mikinn tekjumissi fyrir ríkissjóðinn. En tilslökun þessi myndi bæta aðstöðu þeirra manna, sem atvinnu hafa af skipa- og bátasmíði.

Skal ég svo ekki orðlengja frekar um þetta, en óska málinu vísað til fjhn. að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

39. Vigt á síld.

Á 35. fundi í Nd., 22. marz, var útbýtt:

Frv. til laga um breyt. á l. nr. 36, 19. maí 1930, um vigt á síld (þmfrv., A. 240).

Á 39., 44. og 52. fundi í Nd., 31. marz, 6. og 15. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Nd., 23. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 12:3 atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Vilmundur Jónsson): Ég skal ekki hafa mörg orð fyrir þessu frv. að þessu sinni, enda hefir efni þess verið rætt hér allýtarlega áður í þinginu, og auk þess er hv. þm. síldarbræðslustöðvarinnar á Hesteyri ekki viðstaddur, en til hans sérstaklega mundi ég hafa kosið að beina nokkrum orðum. Ég vil því nú aðeins leyfa mér að óska þess, að málið fái að ganga nefndarlaust gegnum þingið, því að það var fyrir slysni eina, að hitt frv. mitt um þetta efni, sem lengra gekk, var fellt. Hafði það fengið meðmæli n. og féll af þeim ástæðum einum, að nokkrir þm. voru fjarstaddir atkvgr. um það.

Magnús Guðmundsson: Ég tel sjálfsagt, að þessu máli verði vísað til n., og vil gera það að till. minni, að því verði vísað til sjútvn. Annars virðist vafi á um það, hvort málinu eigi ekki að vísa frá, því að annað mál samskonar hefir verið fellt hér í deildinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14:1 atkv. og til sjútvn. með 13:3 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

40. Síldarbræðsla á Raufarhöfn.

Á 35. fundi í Nd., 22. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að reka síldarbræðslu á Raufarhöfn (þmfrv., A. 242).

Á 39. og 45. fundi í Nd., 31. marz og 7. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 15 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Björn Kristjánsson): Ég hefi fyrst og fremst borið frv. þetta fram vegna kjósenda minna á Raufarhöfn og í þeim tilgangi að skapa möguleika fyrir atvinnu þar á staðnum. Eins og sakir standa eru engar horfur á, að nokkur atvinna verði þar á þessu ári, nema þá ef til vill lítilsháttar fiskveiðar á handfæri, og má því segja, að nær allar bjargir séu bannaðar hvað atvinnu snertir. Undanfarin ár hafa þorpsbúar lifað af atvinnu við síldarbræðsluverksmiðju þá, sem hér er farið fram á að fá heimild fyrir, að ríkið starfræki, og bátaútgerð, sem fellur niður vegna stórtapa undanfarinna ára og beituleysis, ef starfsemi verksmiðjunnar hættir. En þrátt fyrir hagsmuni kjósenda minna mundi ég ekki hafa flutt frv., ef ég væri ekki jafnframt sannfærður um gagnsemi verksmiðjurekstrarins fyrir síldarútveginn á Norðurlandi. Reynslan hefir orðið sú undanfarin ár, að þó saltað hafi verið eins mikið af síld og hægt hefir verið, þá hefir samt mikið á skort, að síldarbræðsluverksmiðjurnar gætu haft undan að taka á móti og vinna úr því, sem að hefir borizt. Hafa veiðiskipin því oft orðið að liggja fleiri daga inni í höfn án þess að losna við afla sinn, og stundum orðið að fleygja honum í sjóinn. Hafa verksmiðjurnar þó verið 5 á Norðurlandi, þrjár í Siglufirði, ein í Eyjafirði og þessi á Raufarhöfn. Ef síldveiðarnar verða reknar í sumar komandi eins og að undanförnu, þá er áreiðanlegt, að það ástand helzt, að ekki verður hægt að koma allri veiðinni í verð. Útgerðarkostnaðurinn verður sennilega líkur; verður það því tap fyrir útveginn, sem framleiðslumagnið minnkar við það, að verksmiðja þessi leggst niður, en á því eru helzt horfur eins og nú standa sakir. Eigandi verksmiðju þessarar er Norðmaður, en efnahag hans mun nú svo komið, að hann telur sig ekki geta haldið áfram verksmiðjurekstrinum. Ég get nú búizt við, að ýmsir hv. þm. líti svo á, að það geri hvorki til né frá, hvort verksmiðja þessi starfi eða ekki, því að hún sé svo lítil. En þetta er ekki svo. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hefi nýlega fengið, þá getur hún unnið úr 600 málum á sólarhring, en það mun vera nálægt ⅓ af því, sem síldarverksmiðja ríkisins á Siglufirði getur unnið á sama tíma. Starfi nú verksmiðjan allan síldveiðitímann, þá lætur nærri, að hún vinni úr 40 þús. málum þann tíma. Þó ekki sé nú áætlað hærra verð fyrir hvert mál en ríkisverksmiðjan greiddi síðastl. sumar, þá verður það nær 140 þús. kr., sem hún kaupir fyrir. Við þessar atvinnutekjur mætti svo bæta atvinnu fólksins á Raufarhöfn, sem ég treysti mér ekki til að áætla, ennfremur flutningsgjöldum fyrir síldarafurðirnar, sem að sjálfsögðu lentu hjá Eimskipafélagi Íslands. Mun því ekki ógætilega áætlað, þó að talið sé, að öll starfræksla verksmiðjunnar þýddi um 250 þús. kr. tekjur fyrir landsfólkið.

Þá vil ég geta þess, að verkamenn á þessum stað eru ekki góðu vanir hvað

kaup snertir. Þeir eru vanir að vinna fyrir lægri launum en almennt gerist, því ég veit ekki til, að Norðmaðurinn hafi borgað nema 80—85 aura pr. klukkustund síðustu árin, og það aðeins þann tíma, sem unnið var í verksmiðjunni, því að hann hafði enga fasta menn, nema vélstjóra og aðra kunnáttumenn. Þarf því ekki að fælast það, að þarna verði verið með sérstakar kaupskrúfur.

Með þessu hefi ég viljað benda á, að hér er um að ræða spursmál, sem nokkurs er vert fyrir atvinnulíf þjóðarinnar. Vænti ég því, að þeir hv. þm., sem mest tala um, að auka þurfi atvinnu í landinu, hvort sem það er frekar með aukinni kartöflurækt eða öðru, sýni líka skilning á þessu máli, því að það miðar að aukinni atvinnu og aukinni framleiðslu.

Í frv. þessu er ekki farið fram á það, að ríkissjóður reki skilyrðislaust síldarbræðslustöð á þessum stað, heldur er aðeins farið fram á heimild til þess, að undangenginni rannsókn, og sú rannsókn á alls ekki að þurfa að vera dýr, því að svo stendur á, að völ er á mjög vel hæfum manni, bæði að því er snertir vélaþekkingu og verksmiðjurekstur, til þess að athuga þetta, og á ég þar við framkvæmdarstjóra síldarbræðslustöðvarinnar á Siglufirði. Hann er í þjónustu ríkisins hvort sem er, og þarf rannsóknin því ekki að kosta annað en ferðakostnað hans norður.

Það má að sjálfsögðu segja, að ekki sé hægt að vita fyrirfram með vissu um rekstrarafkomu svona fyrirtækis, en kostnaðinn ætla ég þó að sjá megi fyrir með nokkurri vissu, eftir að rannsókn hefir farið fram á vélum, húsum og allri aðstöðu.

Vitanlega byggist afkoma slíks fyrirtækis engu síður á verði framleiðslunnar, en eins og kunnugt er, hefir markaðsverð þeirra vörutegunda, sem hér er um að ræða, lækkað mjög hin síðustu ár. Hygg ég, að það sé skoðun flestra þeirra manna, sem kunnugir eru þessum málum, að það verðfall sé nú komið í botn og lítil ástæða sé til að óttast, að verðið lækki úr þessu. Ætti þá að vera miklu minni hætta á, að tekjuáætlun fyrirtækisins þyrfti að bregðast. En ef verðið væri nú hátt, væri sú hætta miklu meiri.

Ég hefi lauslega minnzt á þetta mál við hæstv. forsrh., og hefir hann tekið því fremur þunglega. Það út af fyrir sig, að ráðherrann er málinu fremur andvígur, ætti að vera trygging fyrir því, að ekki yrði lagt út í fyrirtækið nema það sé fyllilega tryggt, og ekki í það ráðizt nema útlitið sé fremur gott.

Á síðasta þingi og einnig á þessu þingi hafa komið fram beiðnir frá nokkrum illa stöddum hreppsfélögum um hallærislán, og ég hygg, að þingið geti ekki komizt hjá því að líta á vandræði þeirra, annaðhvort með því að veita þeim hallærislán, eða þá með því að skapa fólkinu atvinnumöguleika, svo það geti bjargað sér sjálft. Síðari leiðin mun af flestum verða talin hyggilegri, og það er einmitt hún, sem ég er að fara fram á, að farin verði hér til viðreisnar og hjálpar þessu þorpi, því ég er þess fullviss, að svo fremi, sem það verður ekki gert, þá bætist þetta hreppsfélag í hóp þeirra hreppa, sem biðja um hallærislánin.

Við 2. umr. fjárlaganna lá fyrir brtt. frá hv. þm. Seyðf. um fjárveitingu til að koma upp síldarbræðslustöð á Austurlandi. Eftir þeim kunnugleika, sem ég hefi á þörfinni fyrir slíka stöð eystra, þá hygg ég, að ekki verði hjá því komizt að ráðast fyrr eða síðar í það að koma henni upp. Gæti þá verið ávinningur að hafa reynslu um rekstur lítillar bræðslustöðvar eins og þessarar stöðvar á Raufarhöfn. Tilraun þessa má líka gera án þess að leggja fé til kaupa á verksmiðjunni. Má því alltaf snúa aftur, ef reynslan bendir á, að ekki sé hægt að reka fyrirtækið með sæmilegri afkomu. Verði frv. samþ., hefi ég hugsað mér þá leið, að leitað verði samninga við verksmiðjueigandann, og þá því aðeins ráðizt í reksturinn, að sæmileg kjör verði í boði. Mér hefir jafnvel verið bent á, að það gæti komið til greina að miða leiguna við það vörumagn, sem verksmiðjan framleiddi. Hvort slík kjör yrðu fáanleg, skal ég ekkert um segja.

Að öllu því athuguðu, sem ég nú hefi bent á, vænti ég þess, að hv. dm. sjái sér fært að fylgja frv. þessu, svo það nái fram að ganga á þinginu, en á því er mikil nauðsyn.

Óska ég frv. svo vísað til sjútvn. að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Á 66. og 67. fundi í Nd., 3. og 4. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 242, n. 269 og 273).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

41. Lögskráning á erlend fiskiskip.

Á 36. fundi í Nd., 23. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um að banna hér á landi lögskráningu íslenzkra manna á erlend fiskiskip (þmfrv., A. 248).

Á 39. og 45. fundi í Nd., 31. marz og 7. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Nd., 20. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 16 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Pétur Ottesen): Ég get verið mjög fáorður um frv. þetta, því að aðalástæðan til þess, að það er fram komið, er tilgreind í grg.

Það hefir farið mjög í vöxt hin síðari ár, að útlendingar þeir, sem sækja á fiskimið okkar, en ókunnugir öllum háttum hér — ekki einungis miðunum, heldur bera þeir ekkert skynbragð á, hvernig verka á saltfisk — hafa ráðið innlenda menn sér til leiðbeiningar og fræðslu í þessum efnum.

Í tvennum tilgangi hafa útlendingar þessir sótzt eftir Íslendingum; í fyrsta lagi til að kynnast fiskimiðunum, sem þeir hafa fengið íslenzka skipstjóra til þess að vísa sér á, og í öðru lagi ráða þeir sér innlenda háseta til þess að kenna þeim, sem fyrir eru á skipunum, flatningu og söltun, svo að saltfiskur þeirra geti orðið samkeppnisfær þegar á markaðinn kemur. Þar með eru að engu orðnir þeir yfirburðir, sem við nú höfum á saltfisksmarkaðinum með vöruvöndun.

Hvorttveggja þetta er varhugavert: að gera útlendingum léttara fyrir á þennan hátt í samkeppni um sölu á annari aðalframleiðsluvöru landsmanna, og gera þeim léttara fyrir við aflabrögðin með því að vísa þeim á fiskimiðin. Með frv. þessu er það lagt á vald löggjafarvaldsins að gera sérstakar ráðstafanir, sem komi í veg fyrir jafnþjóðhættulegar athafnir og hér er um að ræða.

Þetta læt ég nægja að sinni, en mælist til, að frv. fái að ganga til 2. umr. og geri að till. minni, að því verði vísað til hv. sjútvn. að þessari umr. lokinni.

Haraldur Guðmundsson: Ég verð að mæla mjög eindregið gegn því, að frv. þetta verði að lögum. Í fyrsta lagi verður því, sem hv. flm. telur að eigi að nást með frv. — að fyrirbyggja, að íslenzkir menn ráði sig á erlend fiskiskip — ekki náð á meðan Íslendingar vilja það, þótt frv. verði samþ. Þó að slíkt bann sem þetta yrði lögtekið, þá er auðvelt fyrir Íslendinga að fara til annara landa og láta skrá sig þar. Það er því sýnt, að það, sem hv. flm. kallar aðaltilgang frv., næst aldrei, hvorki með lagaboði né öðru, svo fremi að eigendur erlendra fiskiskipa kosta kapps um að ráða íslenzka menn á skipin og Íslendingar sjálfir vilja gefa sig í það.

En jafnvel þó að takast mætti að ná þessum tilgangi frv., þá mundi ég samt vera á móti því, að slík óhæfa sem þessi væri í lög tekin. Eins og hv. flm. er kunnugt, þá ganga hér atvinnulausir menn svo hundruðum eða þúsundum skiptir mikinn tíma úr árinu, og þegar svo er ástatt, þykir mér langt gengið, ef löggjafarvaldið ætlar að svipta þá menn atvinnu, sem ráðið hafa sig í þjónustu erlendra manna, og án þess að sjá þeim fyrir annari vinnu.

En auk þess vil ég benda á, að ef þessi stefna — ef stefnu skyldi kalla — yrði ofan á og færð út, þá mætti teygja hana nokkuð langt. Ég sé ekki betur en að banna verði þá atvinnurekendum þessa lands marga þá hluti, sem þeir hafa fram að þessu byggt á afkomu sína. Næsta sporið yrði sennilega að banna Íslendingum að nota erlendar vörur og kaup-

mönnum að selja þær. Það kann vel að vera, að hv. flm. þyki þetta rétt og sanngjarnt, en mér og mörgum öðrum finnst þetta barnaskapur einn og fjarstæða.

Ef útgerðarmenn, sem atvinnurekstur stunda hér heima, geta ekki séð sjómönnum fyrir nægri vinnu og vinnutækjum, þá eiga sjómenn ekki annars úrkosta en taka þeirri vinnu, sem býðst, og hvar sem hana er að fá. Að banna atvinnulausum manni að taka þá atvinnu, sem býðst, er svo mikil fúlmennska, að ekki getur komið til nokkurra mála, að Alþingi Íslendinga láti slíkt um sig spyrjast. Það er líka fullvíst, að þó að það tækist að fyrirbyggja, að Íslendingar ráði sig á erlend fiskiskip, þá væri ekki unnt með því að fyrirbyggja, að útlendingar notuðu sér fiskimiðin hér við land og lærðu sömu vinnubrögð um verkun fiskjar og Íslendingar nota á sínum veiðiskipum. Ég veit, að hv. flm. er það kunnugt, engu síður en mér, að frá því fyrsta að byrjað var að stunda botnvörpuveiðar hér við land, hefir það tíðkazt, að útlendingar hafa fengið innlenda menn til að vísa sér á fiskimiðin. Þessir menn hafa verið kallaðir „fiskiskipstjórar", svo að nú má ætla, að á flestum erlendum botnvörpungum séu menn, sem orðnir eru jafnkunnir helztu fiskimiðum kringum land og Íslendingar sjálfir. Englendingar hafa haft íslenzka fiskiskipstjóra til að vísa sér á miðin og nauðþekkja þau orðið. Svo þó að nú bætist nýir menn í fiskiveiðaflotann kringum land, eins og t. d. Spánverjar, þá gætu þeir fengið þaulkunnuga Englendinga, að ég ekki tali um Þjóðverja, til að vísa sér á beztu fiskimiðin.

Að öllu þessu athuguðu mun ég því greiða atkv. gegn því, að frv. þetta gangi til 2. umr. og nefndar.

En áður en ég sezt niður get ég ekki látið hjá líða að drepa lítilsháttar á þá stefnu, sem er að baki þessa frv., eins og raunar fjölmargra annara frv., sem stungið hafa upp höfðinu á hinu háa Alþingi í vetur. Og hún er sú, að nota neyðarástandið, sem nú er, til þess að tryggja með lagasetningum enn betur aðstöðumun atvinnurekenda, svo að þeim geti lánazt að nota kreppuna og atvinnuleysi landsmanna til að lækka kaup verkafólksins.

Þetta frv. er spor í þá átt; með því að banna innlendum atvinnuleysingjum að taka þeirri vinnu, sem býðst á erlendum fiskiskipum hér við land, er aukið á atvinnuleysið og þar með gert líklegra, að hægt verði að koma fram almennri kauplækkun í landinu.

Flm. (Pétur Ottesen): Ég held, að andstaða hv. þm. Seyðf. gegn frv. þessu sé byggð á háskalegum misskilningi, enda var auðheyrt af ræðu hans, að honum er alls ekki ljóst, hvaða hætta er hér á ferðum fyrir stærsta atvinnuveg landsmanna.

Um marga útlendinga, er hingað koma með fiskiskip, er það vitað, að þá skortir alla þekkingu til veiðiskapar hér við land, en það er gefið, að með aðstoð þeirra innlendra manna, er þeir ráða til sín sem fiskiskipstjóra, verða þeir fljótir að afla sér þekkingar á aflasælustu fiskimiðum okkar. Auk þess skortir þessa útlendu menn þekkingu á að gera úr fiskinum söluhæfa markaðsvöru í samkeppni þeirra þjóða, sem lengst eru komnar í þessum efnum.

Nú færist erlenda útgerðin mjög í aukana. Með hverju ári bætast nýir menn og nýjar þjóðir í þann stóra hóp, er sendir fiskiflota sinn til veiða í kringum strendur landsins. Þessir menn eru að taka að sér það hlutverk, sem við höfum áður innt af hendi og afkoma landsins byggist á: að fylla þörf Miðjarðarhafslandanna fyrir saltfisk. Á þennan hátt skerða þeir og taka af okkur möguleika til betri og meiri afkomu í atvinnuvegum þjóðarinnar. Ennfremur mætti nefna það, sem okkur er ekki síður hættulegt í samkeppni þessara þjóða á saltfiskmarkaðinum, að Frakkar greiða há verðlaun fyrir þann fisk, sem veiddur er á þeirra skipum hér við land. Þá er og hitt kunnugt, að Spánverjar eru farnir að stunda fiskveiðar hér. Það er kunnugt, að á bak við útgerð þeirra stendur spánska ríkið, og það ber mikið af þeim kostnaði, sem af þessari útgerð leiðir. Spánska útgerðin stendur því að þessu leyti miklu betur að vígi heldur en sú íslenzka, sem einskis slíks styrks nýtur, heldur þvert á móti hvíla á henni þungar skattaálögur. En það, sem styrkir íslenzku útgerðina og gerir henni kleift að bjóða þessum mikla

aðstöðumun birginn, er kunnugleiki íslenzkra sjómanna á miðum og kunnátta þeirra í að verka saltfisk. Þessi aðstöðumunur er algerlega þurrkaður út, ef íslenzkir menn verða fengnir til að fylla þetta skarð, sem er hjá Spánverjum og öðrum útlendingum, sem fiskveiðar stunda hér við land. Þetta er sá hættulegi hlutur í þessu máli. Ég vil því segja það, að þær ástæður, sem fram hafa verið bornar gegn þessu frv., eru svo lítils virði í samanburði við þá hættu, sem hér liggur fólgin, að það er hrapallegur misskilningur að sporna á móti því, að lög slík sem þessi verði sett.

Þá má einnig benda á það, að atvinna fyrir íslenzka sjómenn á þessum skipum verður skammgóður vermir, því að þegar útlendingar eru búnir að afla sér nægrar þekkingar á verkun fiskjarins og eru farnir að þekkja miðin, þá þurfa þeir ekki lengur á íslenzkum mönnum að halda, og þar með er þetta atvinnuspursmál úr sögunni. En hinsvegar eru þeir búnir að greiða svo götu útlendinganna, að þeir verða okkur miklu hættulegri keppinautar, og þar með stórum rýrt öryggi útgerðarinnar, og atvinnumöguleikar þeirra manna, sem þann atvinnuveg stunda, skertir að sama skapi í framtíðinni. Það má því segja, að ef Alþingi vill ekki taka hér í taumana og gæta varúðar, þá er hér stefnt í mjög óvænt efni, og af því getur mikil hætta stafað.

Hv. þm. sagði, að þetta væri einn þátturinn í þeirri stefnu að lækka kaupgjaldið. Ég get ekki séð, við hvaða rök það hefir að styðjast, því að íslenzkir hásetar á þessum erlendu skipum fá, að því er sagt er, lægra kaup en á íslenzkum skipum. Eins og ég hefi áður sagt, þá megum við ekki líta eingöngu á stundarhagsmunina; við verðum líka að líta á framtíðina og þá hagsmuni, sem hér er teflt í voða.

Hv. þm. Seyðf. hélt því fram, að þótt ákvæði þessa frv. yrðu lögfest, þá gætu útlendingar samt auðveldlega fengið íslenzka menn á skip sín með því að fara fyrst með þá til útlanda og lögskrá þá þar. Það kann að vera, að þessi möguleiki sé til, en þessu fylgir mikill kostnaður og fyrirhöfn, og auk þess veit ég ekki, hversu auðvelt yrði að koma þessu í kring. Það er kunnugt, að stéttarfélögin úti í löndum eru mjög sterk, svo að það gætu orðið erfiðleikar, ef ekki ómögulegt að fá þar annara þjóða menn lögskráða á skip. (**Einhver:** Englendingar þekkja miðin hér). Að vísu þekkja þeir þau nokkuð, en þeirra veiðiskapur er aðallega bundinn við að veiða í ís, og þeir sækjast mest eftir að fá kola og annan flatfisk, svo að þeir leggja sig yfirleitt eftir að veiða á öðrum miðum en þeim, sem þorskur veiðist aðallega á á vetrarvertíðinni. Það er því ekkert svipaðan kunnugleika að sækja til Englendinga í þessu efni eins og til ísl. sjómanna.

Ég skal ekki fara mörgum orðum um þá almennu stefnu, sem hv. þm. sagði, að kæmi fram á þessu þingi. Ég held, að það sé sú almenna stefna, sem hann á við, að hér hafi komið fram, en sem þingið hefir því miður sýnt allt of mikið tómlæti, nefnilega sú stefna, að stuðla sem bezt að því, að landsmenn búi sem mest að sínu, að ekki sé verið að kaupa það frá útlöndum, sem framleiða má nægtanóg af í landinu. Það er hinn bezti stuðningur við atvinnuvegina, jafnframt því, sem og líka felast í því að öðru leyti hyggindi, sem í hag koma. Hv. þm. Seyðf. hefir því miður barizt af alefli gegn þessari þjóðnytjastefnu.

Ég vænti, að þetta frv. fái að fara til nefndar og að þar verði rækilega athugað, hvernig heppilegast verði að haga framkvæmdum í þessu efni, og er þess að vænta, að sjútvn. hraði afgreiðslu málsins.

Jón Ólafsson: Ég rak augun í það í grg. frv., að þar stendur, að ísl. sjómenn séu að gerast sínir eigin böðlar, og má segja, að það sé satt, þar sem svo hart hefir verið gengið að ísl. togaraútgerð sem gert hefir verið. Sjómenn hafa verið svo harðir í kröfum sínum, að útgerðin hefir ekki staðizt, og þar með hafa þeir gerzt sínir eigin böðlar, enda er svo komið nú, að tveir togarar liggja nú inni og enginn fæst til að gera þá út.

Ég held nú, að hér sé ekki um svo mikla hættu að ræða, þó að þessir menn ráði sig á þessi útlendu skip. Það er að vísu svo, að ef þeir væru ekki á skipunum, þá lærðist útlendingunum það

kannske eitthvað seinna að þekkja miðin og veiða fisk á þeim, en þessi hætta er þó svo hverfandi lítil, að það er engin ástæða til að svipta þessa menn atvinnu sinni fyrir það. Ekki kenndum við Englendingum að veiða, og þó hafa þeir komizt upp á það. (**PO:** Jú, þeir fengu íslenzka fiskikapteina). Aðeins við veiðar hér í Faxaflóanum, en þeir eru frá gamalli tíð kunnugir hér við land. Þeir, sem leggja kapp á að fiska hér, þeim mun takast það. Það má taka dæmi af okkur Íslendingum sjálfum. Við kunnum ekki að fara með togara og botnvörpur 1906, — en hvernig hefir farið? Nú höfum við fjölda manna, sem kunna til fullnustu að nota botnvörpu og þekkja öll mið hér við land. Hv. þm. hefir því ekki fundið neitt öruggt ráð með því að ætla að banna þessum mönnum að ráða sig á erlend skip, því að eins og ég hefi bent á, þá er það þýðingarlaust. Svo verður líka að taka tillit til þess, að á þessum erfiðu tímum megum við ekki banna innlendum mönnum að fá vinnu, hvar helzt sem er, og þarna hafa þó nokkrir íslenzkir menn fengið atvinnu, sem rekin er af útlendingum, og við það kemur útlent fé til landsins, og það er ekki svo lítils virði. En það er annað, sem við þurfum að banna, og það er það, að útlendir menn séu teknir í vinnu hér innanlands. Ég álít miklu meiri þörf á að banna það heldur en að innlendir menn fái vinnu hjá útlendingum.

Ég mun greiða atkv. með þessu frv. til n. og 2. umr., hvaða afstöðu sem ég tek svo til þess síðar meir.

Haraldur Guðmundsson: Hv. þm. Borgf. tók svo til orða, að ég hefði ekki gert mér ljóst, hver hætta sjávarútvegi okkar stafaði af því, að ísl. menn réðu sig á erlend fiskiskip. Ég hygg, að mér sé það eins ljóst og hv. flm. sjálfum. Ég vil í þessu sambandi minna hv. þm. á það, að því fer fjarri, að við Íslendingar kunnum einir að veiða með botnvörpu eða að við höfum fundið þá aðferð upp sjálfir. Ég veit ekki betur en að við höfum lært það af erlendum þjóðum. Ég held líka, að þótt við höfum duglega sjómenn, sem kunna vel sitt starf, þá sé alls ekki þar með sagt, að við eigum ekki ýmislegt ólært í því efni. Það er ekkert ólíklegt, að þegar íslenzku sjómennirnir eru komnir um borð í þessi stóru og fallegu nýtízku fiskiskip Spánverja, þá megi þeir læra notkun ýmissa véla og áhalda, sem þeir hafa ekki þekkt áður. Þannig getur dvöl þeirra á þessum skipum orðið til að auka hagnýta þekkingu þeirra á ýmsu, er snertir þennan atvinnuveg.

Eins og hv. 1. þm. Rang. benti á og hv. flm. tók reyndar fram líka, þá er engin ástæða til að ætla, að útgerð Spánverja hér við land velti á því, hvort þeir fá fáeina eða enga Íslendinga á skip sín. Hv. flm. tók réttilega fram, að á bak við þessa útgerð stæði spánska ríkið. Spánverjar eru því að gera hér tilraun til þess að afla sjálfir meira en verið hefir af þeim fiski, sem þeir þurfa, og eins og ég tók fram í minni fyrri ræðu, þá er það enginn vafi, að þótt Íslendingar fáist ekki á skip þeirra, þá er engin hætta á, að þeir geti ekki fengið á skip sín annara þjóða menn, sem eru kunnugir á miðum öllum og vanir að salta fisk. Hv. 1. þm. Rang., sem er þessu máli gagnkunnugur, komst svo að orði, að það gæti verið, að Spánverjum lærðist veiðin eitthvað seinna, ef þeir fengju ekki Íslendinga á skipin, en eins og ég hefi áður bent hv. flm. á, þá fer því fjarri, að Íslendingar séu útilokaðir frá að ráða sig á útlend skip þrátt fyrir þessi fyrirmæli, sem hann vill nú lögfesta. Hann heldur, að erlendu stéttarfélögin mundu banna slíkt. Þetta sýnir, að hann hefir ekki hugmynd um, hvernig þessi stéttarfélagsskapur er. Heldur hann kannske, að stéttarfélögin t. d. í Englandi eða Noregi banni íslenzkum mönnum að ráða sig á spánska togara? Nei, þau mundu alls ekki gera það.

Eins og áður hefir verið tekið fram, þá stendur spánska ríkið á bak við þessa útgerð. Ef við færum nú að sýna þá stífni og hörku að neita Spánverjum um menn á skipin, þá mundi það ekki aðeins verða til þess, að við misstum þá atvinnu, sem okkur býðst þarna, heldur gæti það og leitt til þess, að Spánverjar yrðu erfiðari viðfangs í öllum samningum við okkur, en við því megum við illa, bæði að því er snertir Spánverja og aðrar Miðjarðarhafsþjóðir, eins og hv. flm. veit.

Eftir þeim skýrslum, sem fyrir liggja

allt fram til ársins 1929, þá hafa Þjóðverjar hagnazt á sinni togaraútgerð. Stóru útgerðarfélögin hafa borgað 8%—12% arð af hlutafénu, smærri félögin, sem hafa haft 5—8 skip, hafa greitt eitthvað minna, sum kannske ekki neitt. Sé þessi útkoma borin saman við það ástand, sem hér ríkir, eða eins og því hefir verið lýst hér í d. af þeim, sem hlut eiga að máli, þá virðist það sýnt, að aðrar þjóðir kunni að hagnýta sér þennan atvinnuveg ekki síður en við.

Í þessu sambandi vil ég spyrja hv. flm. þess, hvort hann sé reiðubúinn að veita þeim mönnum atvinnu, sem yrðu nú að fara í land, ef þetta frv. yrði lögfest. Hv. þm. sagði, að þessir menn hefðu ráðið sig á spönsku togarana fyrir lægra kaup en gilti á ísl. togurum. Eins og allir vita, þá hefir þetta ekki við nein rök að styðjast. Nægir í því sambandi að benda á grg. um þetta, sem formaður sjómannafélagsins hefir ritað, þar sem sýnt er fram á, að laun þessara manna eru í flestum tilfellum mun hærri en á ísl. togurum. Það þarf afarmikinn afla til að lifrarpeningar bæti upp þann mismun, sem er á fasta kaupinu. Á spönskum togurum er kaupið kr. 12,50 á dag, eða 375 kr. á mán., auk fæðis, en fastakaup á ísl. togurum er 210 kr. Þyrftu þá lifrarpeningar að vera til uppjafnaðar 165 kr. á mánuði, en allir vita, að svo miklir verða þeir ekki nema kannske á stöku skipum þá 2 mán. vertíðarinnar, sem mest veiðist.

Ég þarf þá ekki að fara fleiri orðum um það, sem hv. flm. sagði. Ég hefi lýst afstöðu minni til frv. og sé enga ástæðu til, að það fari einu sinni til n.

Flm. (Pétur Ottesen): Ég verð að segja það, að mér kom það kynlega fyrir, að hv. 1. þm. Rang. skyldi andmæla frv. og þar með skorta skilning á þeirri nauðsyn, sem liggur á bak við þessar ráðstafanir, sem hér á gera, því að það er byggt á því að hafa víðari sjóndeildarhring en svo, að aðeins sé litið á augnablikið, sem yfir stendur. Það er enginn vafi á því, að af ráðningu þessara íslenzku manna á erlenda togara stafar hin mesta hætta. Hv. þm. Seyðf. minntist á það, að við Íslendingar hefðum ekki fundið upp að veiða í botnvörpu. Það er alveg rétt; það kunna fleiri að nota botnvörpu en við, en hér er ekki um það að ræða, heldur eru það miðin, sem við þekkjum manna bezt, og um verkun saltfiskjar stöndum við öllum öðrum framar, og það eru höfuðskilyrði fyrir því, hver árangur verður af útgerðinni.

Þá minntist hv. þm. á það, að engin hætta væri á, að Spánverjar legðu árar í bát, þó að þeir fengju ekki ísl. menn á skipin, þar sem ríkið stæði á bak við. Ég vil benda honum á það, að einmitt af því að ríkið stendur á bak við þetta, þá er sérstök ástæða fyrir okkur að vera hér á verði. Ríkið gerir þessa tilraun, og það veltur vitanlega mjög mikið á því, hvort haldið verður áfram, hvernig sú tilraun tekst í fyrstu. Þær tilraunir, sem Spánverjar gerðu til fiskveiða hér á síðastl. ári, leiddu af sér stórtjón fyrir spánska ríkið. Nú byggja Spánverjar allar vonir sínar um betri árangur á því að fá íslenzka menn á skipin, sem geta vísað þeim á miðin og kennt þeim að verka fiskinn. Það er þess vegna að miklu leyti á valdi Íslendinga sjálfra, hvernig fer um þessa tilraun Spánverja að veiða sjálfir fiskinn á miðunum hér við land, í stað þess að kaupa hann af okkur. Viljum við kaupa atvinnu þeirra tiltölulega fáu manna, sem um stundarsakir eru á hinum erlendu togurum, því verði að stofna með því fiskiveiðunum, öðrum höfuðatvinnuvegi landsmanna, í bersýnilega hættu í framtíðinni? Þessu verður svarað með því, hvernig Alþingi snýst við þessu frv. Og með þessu svari er teningum kastað um það, hvort við látum Spánverjum í té þá aðstoð, sem þeim er nauðsynleg til þess að reka fiskveiðar hér við land með sæmilegum árangri — en það þýðir útrýming íslenzks saltfiskjar af Spánarmarkaði —, eða við hagnýtum í okkar þágu eingöngu þekkingu og leikni íslenzkra sjómanna við fiskveiðarnar og gerum allt, sem í okkar valdi stendur, til að halda í þá aðstöðu, sem við nú höfum til fisksölu á Spáni. Þetta ætti hv. 1. þm. Rang. og hv. þm. Seyðf. að vera fyllilega ljóst. Þeir mega ekki loka augunum fyrir þeirri augljósu hættu, sem við horfumst hér í augu við, né sporna við því, að við byrgjum brunninn áður en barnið er dottið í hann.

Hv. þm. Seyðf. sagði, að við yrðum að vera undirgefnir við Spánverja og það gæti orðið okkur hættulegt, ef þeir gætu ekki fengið hér menn á skip sín. Þetta er engin ástæða. Hvaða ástæðu hefðu Spánverjar til að reiðast okkur, þó að Íslendingar vilji ekki ráða sig á þessi skip þeirra?

Þá sagði hv. þm., að þýzka togaraútgerðin bæri sig vel, þó að Þjóðverjar hefðu enga Íslendinga sér til hjálpar. Þar til er því að svara, að það er viðurkennt af öllum, að kostnaður Þjóðverja við útgerðina er margfalt minni en kostnaður við togaraútgerð hér á Íslandi. Það er aðalástæðan til þess, að útgerð Þjóðverja ber sig máske betur en togaraútgerðin hér á landi, og svo er hitt, að Þjóðverjar byggja ekki togaraútgerð sína nema að tiltölulega litlu leyti á fiskveiðum hér við land.

Hv. þm. benti enn á það, að útlendingar gætu fengið ísl. menn á fiskiskip sín með því að flytja þá fyrst til útlanda, en eins og ég hefi bent á áður, þá fylgir því mikill kostnaður og fyrirhöfn. Það er ekki heldur nokkur vafi, að stéttarfélögin í hverju landi beita áhrifum sínum gegn því, að útlendir menn verði lögskráðir þar. Ég vil spyrja hv. þm. Seyðf., hvað hann héldi, að stéttarfélag sjómanna hér mundi segja, ef Íslendingar væru reknir af skipunum og annara þjóða menn teknir í staðinn. Ég hugsa, að þeir mundu beita sínum félagsáhrifum til að koma í veg fyrir það. Þessi félagsskapur er alþjóðafélagsskapur, og því er ekkert líklegra en að þeir beiti áhrifum sínum til þess, að félagsbræður þeirra grípi þarna í taumana, a. m. k. byggist það á þesskonar félagsskap, þegar verkamálaráðið í Reykjavík er að leggja afgreiðslubann á íslenzk skip í erlendum höfnum.

Hv. þm. spurði svo að lokum, hvort ég væri við því búinn að útvega þessum mönnum atvinnu, þegar þeir kæmu í land af spönsku togurunum. Ég hefi áður bent á það, að með því að ráða sig á þessi skip brjóta menn í bága við almenna þjóðarhagsmuni. Það bitnar á þeim og öðrum síðar, eins og ég hefi bent á áður. Ég skal líka taka það fram, að mér er ekki kunnugt um, að hann og hans flokksbræður útvegi þeim mönnum atvinnu, þegar þeir hafa látið þá gera verkfall, þeim sjálfum og öllum öðrum til stórtjóns og skaða. Ég held, að þeir megi þá ganga atvinnulausir fyrir þessum foringjum sínum.

Haraldur Guðmundsson: Það er því miður að miklu leyti rétt hjá hv. þm. Borgf., að við þm. Alþýðuflokksins höfum ekki getað bætt úr atvinnuleysi sjómanna og verkamanna að verulegum mun, en við höfum þó sýnt viðleitni í þá átt. Aftur á móti minnist ég þess ekki, að hv. þm. Borgf. hafi nokkru sinni lagt þeim málum lið, heldur hefir hann þvert á móti reynt að spilla fyrir þeirri viðleitni, eftir því sem hann hefir getað. Hv. þm. veit, að ég hefi engan atvinnurekstur með höndum, og get ekki haft eins og stendur, og hefi þess vegna engin tök á því að bæta sjálfur úr atvinnuleysinu. Ég get ekki séð, hvernig hv. þm. getur réttlætt það fyrir samvizku sinni, ef hann ætlar nú að svipta nokkra tugi sjómanna atvinnu sinni, vitandi það, að þeirra bíður ekkert nema atvinnuleysi, ef till. hans ganga fram.

Hv. þm. segir, að með því að ráða sig á þessi skip spilli sjómenn atvinnuhorfum sínum í framtíðinni. Ég er þess alveg fullviss, að hv. þm. álítur ekki, þó að hann haldi því fram, að þessi útgerð Spánverja velti á því, hvort frv. hans verður samþ. eða eigi. Svo grunnhyggginn er hv. þm. ekki. Hann veit vel, að ef Spánverjar álíta sér nauðsynlegt að ráða íslenzka sjómenn á skip sín, þá horfa þeir ekki í að kosta til þess að flytja þá til næstu landa — Noregs eða Englands — og lögskrá þá þar á skipin. Ég get fullvissað hv. þm. Borgf. um, að alþjóðasamband verkamanna eða félög norskra og enskra sjómanna hafa ekkert á móti því, þó að íslenzkir sjómenn verði skráðir á spönsk skip í þeim löndum. Það er aðeins hugarburður hv. þm., sem ekkert hefir við að styðjast. Ég held því fast við það, sem glöggt hefir komið fram í þessum umr., að jafnvel þó að þetta frv. verði samþ., þá sé ekki girt fyrir, að Spánverjar ráði ísl. menn á skip sín. Og jafnvel þó að Íslendingar ráði sig ekki á skip þeirra, þá veltur þessi útgerðartilraun

Spánverja ekki á því, hvort þeir hafa Íslendinga á skipunum eða ekki, — það má öllum vera ljóst. En hitt er vitað, að þetta veitir allmörgum ísl. sjómönnum atvinnu, í bili að minnsta kosti. Og þeir geta lært margt á því að fara með vélar og önnur fullkomin tæki á þessum nýtízku skipum.

Flm. (Pétur Ottesen): Það er von, að hæstv. forseta þyki þessar umr. nokkuð langdregnar; en hverjir eru það, sem valda því, að úr umr. hefir teygzt svo mjög? **(HV:** Flutningsmaðurinn). Nei, það var eiginlega búið að slíta umr. að lokinni framsöguræðu minni, en þá risu þessir hv. andmælendur upp og vildu ólmir fá að tala. Það er því eiginlega í hálfgerðu trássi við þingsköp, að nú að þessu sinni var komið af stað deilum um þetta mál.

Hv. þm. Seyðf. sagði, að þó að þetta frv. yrði samþ., þá mundi ekki verða girt fyrir það, að Íslendingar réðu sig á erlenda togara, en ég hefi margsinnis bent á þá örðugleika og hömlur, sem á því eru, og að því fylgir mikill kostnaður. Það er því ástæðulaust að ætla, að nokkur brögð yrðu að þessu. Hitt er svo augljóst mál, að því verður ekki mótmælt, að það er afskaplega mikilsvert fyrir útlendinga að fá íslenzka sjómenn á skip sín. Það getur hreint og beint oltið á því, hvert áframhald verður á þessum útgerðartilraunum Spánverja, hvort ísl. sjómenn leggja sitt lóð þar í skálina eða ekki. Og þá sjáum við greinilega, hvað Íslendingar bera úr býtum fyrir þessa augnabliksatvinnu, þegar Spánverjar eru búnir að læra af þeim og reka þá svo í land úr skipunum að því búnu. Þá sjáum við ennfremur, hvað þessir víðsýnu og þjóðhollu!! leiðtogar verkamanna, sem berjast á móti því, að sett verði undir þennan leka, hafa verið framsýnir, eða hitt þó heldur.

Hv. þm. Seyðf. sagði að ég hefði æfinlega verið á móti öllum till. til þess að auka atvinnu í landinu og koma á atvinnubótum. En þetta eru rakalaus ósannindi (Forseti hringir), alveg rakalaus ósannindi. Ég hefi ekki verið á móti þeim till. til atvinnubóta, sem hafa verið á viti byggðar og sanngirni. Þvert á móti hefi ég bæði nú á þessu þingi og áður flutt ýmsar slíkar tillögur, sem sócialistafulltrúarnir hér í deildinni hafa lagzt á móti og drepið. Hitt er annað mál, að ég fylgi aldrei hinum öfgafullu till. hv. þm. Seyðf. í þessu efni. — Ég þarf svo ekki að rökstyðja þetta nánar, enda er þetta aðeins stutt aths., og ásökun til hv. þm. á hendur mér í þessu efni var líka algerlega órökstudd.

Umr. frestað.

Á 61., 70. og 71. fundi í Nd., 27. apríl, 9. og 10. maí, var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

42. Áfengislög (frv. JAJ o. fl.).

Á 39. fundi í Nd., 31. marz, var útbýtt:
Frv. til áfengislaga (þmfrv., A. 268).

Á 59. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 15 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jón Auðunn Jónsson): Við, sem flytjum þetta frv., erum sammála um aðalstefnu þess, afnám þeirra litlu leifa, sem eftir eru af vínbannslögunum, svo og það, að affarasælla sé fyrir þjóðfélagið að hafa skynsamlega áfengislöggjöf heldur en bannlög. Hinsvegar áskilja flm. sér rétt til að koma fram með smærri breyt. við einstök atriði frv., sem ekki hagga grundvelli þess, eða fylgja slíkum breyt., ef fram koma frá öðrum hv. dm. undir meðferð málsins.

Um ástæður fyrir því, að við flytjum frv., vísast að mestu til grg., en ég vil þó bæta þar við nokkrum orðum.

Ég býst ekki við, að neinn verði til að halda því fram, að tilgangi þeim, sem menn hugðust að ná með samþykkt bannlaganna frá 1909, hafi orðið náð. Ég var einn þeirra manna, sem við þjóðaratkvæðagreiðslu óskaði eftir, að bannlög yrðu sett. Ég skal játa, að það var ein-

göngu fyrir það, að ég vildi gjarnan gera vínnautn landræka. Hinsvegar verð ég að játa, að ég hafði alls ekki kynnt mér málið svo, að ég hafi hugsað um þær afleiðingar, sem slík lagasetning hefði í för með sér. Ég hugsaði sem svo: Forgöngumenn málsins hljóta að hafa athugað allar afleiðingar, og ég treysti þeim í þessu máli. Líkt þessu hygg ég, að ástatt hafi verið fyrir öllum þorra þeirra manna, sem óskuðu eftir vínbannslögum.

Ekki leið á löngu, þar til ég fór að sjá ókosti laganna. Fyrst þann, að ekki var unnt að hefta innflutninginn. Annað, að sumir öfgamenn notuðu málið til pólitískrar rógstarfsemi. Í þriðja lagi þann, að almenningur bar ekki virðingu fyrir lögunum, þvert á móti þótt það „sport" að brjóta lögin.

Lögreglustjórar gátu ekki kæft niður lögbrotin, einkum af því, að lögin höfðu ekki stoð í hugsunarhætti þjóðarinnar, og af þeim sökum hlífðust menn við að kæra þá, sem brotlegir voru. Í því efni minnist ég þess, að ég var þráfaldlega sjónarvottur að því, að æstustu bannmenn leiddu drukkna menn um göturnar á Ísafirði og hlógu að skrafi þeirra og drykkjulátum og skutu þeim undan lögreglunni. Með örfáum undantekningum horfðu bannmenn svo til daglega upp á lögbrotin án þess að kæra. Ástæðan auðvitað sú, að almenningsálitið var andstætt lögunum. Af öllum þessum sökum varð lögreglan máttlaus í eftirlitsstarfseminni. Æstir bannmenn ásökuðu lögreglustjóra og lögregluna almennt fyrir eftirlitsleysið. Þessi tvöfeldni dró enn meir en annars hefði orðið úr starfsemi lögreglunnar. Þá var gripið til þess ráðsins að herða mjög öll refsiákvæði laganna. Það var hið mesta Lokaráð, eins og á stóð, því þá urðu enn færri til að kæra yfir lögbrotunum. Þeir fáu, sem kært höfðu áður, skirrðust við að kæra samborgara sína, þegar sektirnar voru þyngdar og fangelsisvist lögð við að auki. Almenningsálitið varð enn andstæðara lögunum. Loks var reynt að senda út sérstaka löggæzlumenn, hina svonefndu „þefara". Var því bráðlega hætt, því það jók enn meir á andúðina gegn lögunum.

Ég er fyrir löngu orðinn þess fullviss, að ekki verður með neinu móti haldið uppi bannlögum hér í landinu. Ekki einu sinni svo að dragi úr nautn þeirra vína — hinna brenndu drykkja —, sem enn er óheimilt að flytja inn í landið. Þegar jafnframt er vitað, að óleyfileg bruggun sterkra drykkja fer hraðvaxandi í landinu svo að segja daglega, þá er það hreint óráð fyrir þá, sem vilja hafa einhvern hemil á áfengisnautn þjóðarinnar, að halda lengur í bannlögin. Fram að árinu 1930 var áfengisneyzla mjög lítil í sveitunum, en á tveim síðustu árum hefir hún margfaldazt og sýnilegt, að með aukinni áfengisbruggun þar vex neyzlan og flóð heimabruggaðs áfengis steypist inn í kaupstaði og kauptún, og er fyrirsjáanleg hin hræðilegasta brennivínsöld í landinu, ef ekkert er að gert. Bruggun í sveitunum er óhugsandi að útrýma meðan bannlögin eru í gildi.

Nú munu andstæðingar frv. spyrja: Á hverju er sú skoðun byggð, að brugguninni verði fremur útrýmt án bannlaga en með þeim? — Mín skoðun er sú, að hugsunarháttur þjóðarinnar sé ennþá ekki svo spilltur, að með örfáum undantekningum muni menn hvorki flytja inn vín óleyfilega né heldur brugga það óleyfilega, þegar innflutningur er frjáls og ríkissjóðurinn, þ. e. þjóðarbúskapurinn, fær tekjur af víninu. Aðalviðkvæðið, þegar vínsmyglun hefir borið á góma, hefir verið: Þeir, sem smygla inn víni, skaða ekki ríkissjóðinn, því hann getur engar tekjur fengið af því áfengi, sem ekki er leyfður innflutningur á. Að þetta sé almennur hugsunarháttur og að smyglun og brugg mundi brátt hverfa, má m. a. marka á því, að aldrei mun hafa verið smyglað inn samskonar vínum sem þeim, er Áfengisverzlun ríkisins flytur inn og selur. Þó eru þessi vín seld svo háu verði, að fjárhagslega séð væri full ástæða til að óttast smyglun. Af þessu dreg ég þá ályktun, að menn sjái almennt, að það er sviksemi við þjóðfélagið að skaða ríkissjóðinn um lögmæltar tekjur. Það er og víst, að almenningsálitið mundi fordæma þá menn, sem gerðu sér atvinnu að smyglun eða bruggun, þegar hagsmunir ríkissjóðsins, þ. e. almennings, væru annarsvegar.

Má vera, að fyrst í stað verði áfengislögin brotin, en almenningsálitið mun

bráðlega hefta smyglun og bruggun, og þá fyrst og fremst af þeim ástæðum, sem ég þegar hefi drepið á.

Mér þykir líklegt, að þá er bannlögin verða afnumin, verði neyzla áfengis fyrst í stað meiri en nú. Það er reynsla annara þjóða. Hitt er líka víst, að það styðst einnig við reynslu annara þjóða, að bráðlega minnkar neyzlan og verður minni en þá er bannlög, sem alstaðar eru illa haldin, voru í gildi. Hinu mega menn ekki gleyma, að við stöndum nú á hættulegum tímamótum. Innlend áfengisbrugggun er nýlega byrjuð og hefir aukizt ótrúlega fljótt, og það er fullvíst, að hún margfaldast á næstu árum. Það er af þeim orsökum sjáanlegt, að áfengisneyzla þjóðarinnar, og þá sérstaklega í sterkari drykkjum, hlýtur að aukast mjög mikið á allra næstu árum.

Hvaða ráð eru til þess að koma í veg fyrir flóð hins heimabruggaða áfengis? Við flm. álítum skynsamlega áfengislöggjöf einustu vörnina. Það hefir sýnt sig bæði hér á landi og annarsstaðar, þar sem vínbann hefir verið lögleitt, að bindindisstarfseminnar hefir lítt eða ekki gætt. Hér á landi höfum við fengið órækar sannanir fyrir þessu. Á árunum 1900 til 1909 hafði bindindisstarfsemin unnið ótrúlega mikið og gott starf, og þá ekki sízt með því að breyta hugsunarhætti þjóðarinnar. Áður fyrr var það talið sjálfsagt, að menn væru ölvaðir, jafnvel ósjálfbjarga á almanna færi. Árin 1905—1909 var það talin vansæmd að vera áberandi ölvaður á mannamótum.

Nú hefir aftur sótt í gamla horfið, einkum meðal ungu kynslóðarinnar. Þvingun sú, sem ávallt er samfara bannlögum, hefir vakið mótþróa. Fólkið er yfirleitt á móti allri þvingun, en þó sérstaklega þeirri, sem það finnur, að er ekki byggð á nauðsyn meðborgaranna. Sjálfræði er eitt af einkennum frelsisþrárinnar, og það má ekki skerða nema almenningshagur heimti. Flestum gengur illa að skilja, að það geti verið skaðlegt nágrannanum, hvers maður neytir í mat og drykk. Unga fólkið þolir þvingunina verst; þess sjást daglega merki í því máli, sem hér er rætt.

Vegna þess að búast má við nokkurri aukningu áfengisneyzlunnar fyrst um sinn eftir að bannlögin eru afnumin, þá er ástæða til að velja réttan tíma til að leysa höftin, og sá tími er einmitt nú yfirstandandi. Kaupgetan er óvenjulítil og því er minna um kaup á munaðarvöru en á þeim tímum, þegar fólk hefir mikið fé handa milli. Bæði af þessum ástæðum, svo og vegna heimabruggunarhættunnar, sem áður er lýst, er einmitt nú hinn rétti tími til breytinga.

Ég geng þess ekki dulinn, að við, sem flytjum þetta frv., verðum affluttir við landsfólkið. Æstir bannmenn munu reyna að eigna okkur aðrar og verri hvatir en þær, sem ráða gerðum okkar í málinu. Hinsvegar býst ég við, að kjósendur reyni að mynda sér sjálfstæðar skoðanir á þessu máli ekki síður en öðrum og ræði það og íhugi yfirleitt æsingalaust. Hér er um alvarlegra viðfangsefni að fást en margur hyggur.

Við treystum því, að frelsið geri þjóðina færari um að halda áfengisnautninni innan skynsamlegra takmarka heldur en þvingunin — bannið — hefir megnað. Ég ætla ekki að þessu sinni að fara út í fjárhagshlið málsins, þó sú hliðin sé ekki einskisverð.

Þó svo verði, að hv. þd. vilji ekki samþ. þetta frv. án undangengins þjóðaratkvæðis, þá er flutningur þess nauðsynlegur. Þjóðin sér á frv., hvers hún má vænta í stað bannlaganna, a. m. k. af hálfu okkar flm.

Að endingu nokkur orð um sérstök ákvæði frv.

Það hefir þótt rétt að setja takmarkanir og hömlur á sölu og veitingar hinna sterkari drykkja, með því m. a. 1) að leyfa ekki veitingar eða sölu um borð í skipum. 2) að veita bæjarstjórnum og íbúum kauptúna ákvörðunarrétt um það, hvort útsala þessara vínfanga skuli þar leyfð eða ekki. Ég skal játa, að reynsla Norðmanna í þessu efni — local option — hefir ekki gefið góða raun. Hinsvegar virðist sú reynsla, sem við höfðum frá því 1890 til 1909, gefa ástæðu til að ætla, að þessar hömlur muni reynast sæmilega hér.

Refsingar eru víðast færðar niður frá því, sem verið hefir hin síðari árin, þó ekki að því er snertir ólöglegan innflutning til sölu og heldur ekki misnotkun

lyfsala og lækna á áfengisútlátum. Það þykir sýnt, að hin óvenju ströngu refsiákvæði, sem sett hafa verið í bannlögunum, hafi ekki dregið úr brotum á þeim; þvert á móti gert eftirlitið örðugra. Ástæður fyrir því hefi ég fært áður í ræðu minni.

Að öðru leyti finn ég ekki ástæðu til að ræða hin einstöku ákvæði frv. við þessa umr.

Það, sem ég hefi sagt í þessari stuttu framsöguræðu, er fyrir minn eiginn reikning. Má vera, að einhverjir hv. meðflm. minna séu mér ekki sammála í einstökum atriðum.

Umr. frestað.

Á 61. fundi í Nd., 27. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

Pétur Ottesen: Það má með sanni segja um þetta frv., sem nú liggur hér fyrir hv. deild, engu síður en sagt var um frv., sem einnig var hér til umr. fyrir nokkru um heimild til þess að brugga áfengt öl í landinu, að það sé hreint og beint hnefahögg framan í þjóðina.

Við stöndum nú á mjög alvarlegum tímamótum, erfiðleikar og þrengingar steðja að þjóðinni úr öllum áttum. Einasta leiðin til þess að þjóðinni auðnist að yfirstíga þessa erfiðleika er, að viðhöfð sé hin mesta gætni í hvívetna, að sem bezt nýtist sú starfsorka, sem þjóðin á yfir að ráða, og að hún sýni fórnfýsi og sjálfsafneitun. Ég held þess vegna, að það séu allt aðrar ráðstafanir, sem hið erfiða ástand í landinu krefst að gerðar séu nú, en að búa til nýja möguleika fyrir menn til þess að eyða fé sínu til óhófs og nautna, að örva og æsa drykkjufýsn þjóðarinnar með takmarkalausu brennivínsflóði. Því verður ekki á móti mælt, að það er óforsvaranleg léttúð og ábyrgðarleysi, sem felst í þessum till. að því leyti, sem þær miða að því að strika út úr löggjöfinni þær varnarráðstafanir, sem þar eru gegn því, að fórnað sé andlegum og líkamlegum kröftum þjóðarinnar á altari ofdrykkjunnar. Það þýðir ekkert fyrir þá menn, sem að þessum till. standa, að vera að halda því fram, að með því að leyfa bruggun á áfengu öli og að veita flóði af sterkum drykkjum yfir landið verði bætt úr því ástandi, sem við eigum nú við að búa í þessu efni. Það hlýtur að vera ljóst hverjum heilvita manni, að þetta er hinn mesti og háskalegasti misskilningur og sjálfsblekking, því með samþykkt þessara frv. eru felld niður úr löggjöfinni þau ákvæði, sem miða að því að hamla á móti drykkjuskap í landinu. Þeir, sem að ölfrv. standa, spara ekki fullyrðingar um það, að með því að leyfa að brugga áfengt öl dragi mjög úr nautn sterkari drykkja. Þetta segja þeir, þótt opinberar skýrslur sýni það ótvírætt hvarvetna erlendis, að því meira sem drukkið er af áfengu öli, því meiri er nautn sterkra drykkja.

Áfenga ölið vekur drykkjuhneigð æskumannsins, en þaðan liggur leiðin yfir í nautn sterkari drykkja, og er þess þá venjulega skammt að bíða, að við taki afgrunn ofdrykkjunnar.

Þeir, sem standa að þessu frv. um afnám bannlaganna, þykjast ætla að kveða niður heimabruggið með því að flytja brennivín og aðra sterka drykki inn í landið, og þeir eru svo sem ekki í miklum vafa um það, að þetta takist, því með slíkum ráðstöfunum sé stofnað til svo harðrar samkeppni við þá, sem að heimabrugginu standa, að þeir hljóti að verða undir í þeirri viðureign. En þó einhver möguleiki kynni að vera í því fólginn að draga úr heimabrugginu með því að flytja inn í landið sterka drykki, þá girða flm. þessa frv. fyrir þann möguleika með því að gera ráð fyrir því, að þessi vín verði seld svo dýru verði, að það er sæmilega fyrir því séð, að aðstaða bruggaranna til þess að selja sína framleiðslu verði nokkurnveginn jafntrygg og áður. Í frv. er gert ráð fyrir því að hafa ríkiseinokun á þessum vínum og að lagt verði á innkaupsverð þeirra, að viðbættum háum tolli, allt að 100% verzlunarálagningu.

Flm. þessa frv. búa svo að bruggurunum með þessum ákvæðum, að þeir hafa ekki undan neinu að kvarta, og getur atvinnuvegur þeirra sjálfsagt dafnað vel í skjóli þessarar ríkiseinokunar.

Það hefði verið lítill vegur fyrir flm. þessa frv. að halda því fram, að þeir reiddu nokkuð til höggs við heimabrugg-

ið, ef þeir hefðu gert ráð fyrir þeirri tilhögun á sölu hinna sterku vína, sem sagt er að borin hafi verið fram till. um í vetur á þingmálafundi fyrir austan fjall, að hafa útsölu á þessum sterku vínum í hverjum hreppi á landinu og selja þau með gjafverði!! Það gæti hugsazt, að slík ráðstöfun hefði valdið bruggurunum nokkrum erfiðleikum og að með þessu væri stofnað til allerfiðrar samkeppni fyrir þá. En hvort það hefði dregið úr drykkjuskapnum — það er annað mál.

Í grg. þessa frv. er rakin í stórum dráttum saga þeirrar hreyfingar með þjóðinni, sem stefnir að því marki að sporna á móti ofdrykkjunni. Meðan þjóðin átti undir högg að sækja hjá hinum erlendu valdhöfum, sem höfðu hag af því að selja Íslendingum brennivín og höfðu ávallt nóg af því á boðstólum, þótt önnur föng skorti, þá varð lítið ágengt um aðstoð hins opinbera í þessu efni. En eftir því sem valdið færist inn í landið, fer saman í óslitinni röð síaukið samstarf borgaranna og útrétt hönd hins opinbera til þess að hamla á móti ofdrykkjunni.

1909 er svo komið baráttunni gegn vínnautninni, að bannaður er innflutningur á víni, en raunverulega öðlast bannlögin ekki gildi fyrr en 1912. Með bannlögunum er stigið stærsta og markverðasta sporið í þessari baráttu. En því miður voru frá öndverðu þær glompur í bannlögunum, að þau gátu aldrei notið sín til fulls. Má í því sambandi benda á lækna- og konsúlabrennivínið. Eigi voru þó þessir ágallar nema svipur hjá sjón miðað við það áfall, sem lögin og bannstefnan varð fyrir hér á landi síðar, er Spánverjar sögðu okkur tollstríð á hendur og neyddu þingið til að gera þá undanþágu frá bannlögunum, að flytja hin svokölluðu Spánarvín inn í landið.

Þessi undanþága frá bannlögunum var ekki einasta til ómetanlegs tjóns fyrir gagnsemi bannlaganna og bannstefnuna hér á landi, heldur og engu síður til tjóns og skaða vínbannsstefnunni í heiminum, enda voru refirnir til þess skornir hjá Spánverjum, sem byggja tilveru sína mikið á vínræktinni.

Þó ýmsar glompur hafa frá upphafi verið í bannlögunum og þó svo mjög væri dregið úr gildi og þýðingu þeirra með Spánarundanþágunni, þá dylst það þó engum, sem með fullri sanngirni og réttsýni lítur á það mál, að þessi löggjöf hefir orðið okkur til hins mesta gagns. Með endurbótum á þessari löggjöf hefir ávallt verið reynt að bæta úr þeim smíðagöllum, sem reynslan hefir sýnt, að á henni hafa verið og á okkar valdi hefir verið að ráða bót á.

Þrátt fyrir það, þótt bannlögin og bannstefnan hafi hér á landi frá öndverðu átt við að etja harðsnúna andstöðu einstakra manna, sem lítið hafa sézt fyrir í þeirri baráttu, og jafnvel á stundum hvatt menn til óhlýðni við lögin, þá hafa samt ekki fyrr en nú komið fram jafnákveðnar og róttækar till. á Alþingi í þá átt að brjóta niður þessa varnarmúra, sem þjóðin í öndverðu hlóð sér með setningu bannlaganna. Það vantar ekki, að bannféndur þessa lands hafi látið alldólgslega upp á síðkastið bæði í ræðu og riti, og var það því máske ekki nema að vonum, að þessum selshaus skyti nú upp úr gólfinu á Alþingi. En mál þetta er nú þannig fram borið, bæði að því er þau rök snertir, sem þar er teflt fram, og um flutning þess að öðru leyti, að firnum sætir. Í ræðu 1. flm. þessa frv., hv. þm. N.-Ísf., og í grg. frv. er bannlögunum fundið allt til foráttu. Það er síður en svo, að gagnsemi þeirra sé í nokkru viðurkennd, heldur eiga þau að vera rót alls ills í þessu þjóðfélagi. Eiginlega allt, sem aflaga hefir farið í landinu, vilja þessir herrar skrifa á reikning bannlaganna. Ég held, að tæplega sé hægt að hrúga saman í eina málsgr. fleiri slagorðum, fullyrðingum og fjarstæðum en gert er á einum stað hér í grg., sem ég vil lesa upp, með leyfi hæstv. forseta. Þar segir svo: „Auk aukinnar áfengisnautnar, margvíslegrar vínsmyglunar, leynisölu og heimabruggs, sem allt má að mestu leyti skrifa á reikning bannlaganna, liggur ýms önnur skaðsemi þeirra í augum uppi“. M. ö. o., þetta allt og miklu fleira á að vera bannlögunum að kenna, það er fullyrt, að engu slíku væri til að dreifa, ef hér væru ekki bannlög. (LH: Þetta er allt rétt). Þetta er allt rétt, segir einn af flm. þessa frv. Það er svo sem ekki annars að vænta en að þeir vitni hér hver með öðrum, flutnings-

mennirnir, eins og á hersamkomu, því þetta virðist vera trúarjátning, sem þeir hafa játazt undir. (LH: Það er ekki til að skammast sín fyrir). Það eru til menn, sem þykir sómi að skömmunum, en sízt vildi ég þurfa að segja það um þennan hv. þm.

Áður en ég tek nánar til athugunar fullyrðingar þær um skaðsemi bannlaganna, sem ég las upp úr grg., skal ég fullkomlega viðurkenna það, að mikið skortir á, að bannlögin hafi hér hjá okkur náð fullkomlega tilgangi sínum, en í því felst engin niðrun fyrir bannstefnuna, því til þess að svona hefir farið hér liggja eðlilegar ástæður, og hefi ég áður í ræðu minni gert grein fyrir þeim.

Þegar verið er að dæma um árangurinn af bannlögunum hér á landi, þá verður að líta á það í fyrsta lagi, hvernig þeim bannlögum hefir verið háttað, sem við höfum átt hér við að búa, og í öðru lagi, þegar gerður er samanburður á því, hvernig umhorfs var hér í þessu efni áður en bannlögin gengu í gildi og síðan, þá verður, til þess að geta fellt óhlutdrægan dóm um þetta, að taka tillit til þeirrar breytingar eða réttara sagt byltingar, sem orðið hefir í hugsunarhætti þjóðarinnar einmitt í þá átt að gera auknar kröfur til lífsnautna og þæginda. Þjóðin hefir síðan á ófriðarárum notað hlutfallslega miklu meira af aflafé sínu til ýmiskonar munaðar og þæginda en hún gerði nokkurntíma á árunum áður en bannið gekk í gildi. Eyðslugegnd þjóðarinnar hefir aukizt á öllum sviðum síðustu tvo áratugina, og þó segja megi, að allmikið hafi verið drukkið síðan farið var að flytja inn Spánarvínin, þá er það öllum ljóst, að það er ekki nema lítið brot af þeirri drykkjuskaparóreglu, sem hér hefði verið á þessum árum, ef sterkir drykkir hefðu flætt yfir landið. Bannlögin, þó ófullkomin séu, hafa því tvímælalaust haldið drykkjuskapnum mjög í skefjum og á þann hátt hefir verið afstýrt miklu böli.

Fjandmenn bannlaganna tala oft um það, hvað miklu minni hafi verið orðin vínnautn í landinu áður en bannlögin gengu í gildi en síðan. Vil ég í þessu sambandi benda á, að samkv. hagskýrslum var á árunum 1906—1910 meðaltalsinnflutningur á vínum á ári 1280 hl., en árið 1928 eru innfluttir 290 hl. af víni. Á árunum 1906—1910 er vínnautn á mann að meðaltali á ári 1,3 hl., en árið 1928 er vínnautn aðeins 0,3 hl. á mann.

Það má ennfremur í þessu sambandi benda á það, að allur innflutningur til landsins á árunum 1906—1910 nam að meðaltali á ári ca. 11,5 millj. kr., en 1928 er innflutningurinn kominn upp í 64 millj. kr.

Þetta sýnir ljóslega, að þrátt fyrir stóraukna eyðslugirnd þjóðarinnar á síðari árum hefir vínnautnin stórum minnkað. Þetta er árangur þeirra ráðstafana, sem hér hafa verið gerðar til að sporna á móti ofdrykkjunni. Og ég ætla, að út frá þessum staðreyndum megi nokkuð marka sannleiksgildi þeirra ástæðna, sem bannfjendur eru hér að bera fram sínu máli til stuðnings. Þeir tala mikið um það, bannfjendur, að aukizt hafi vínsmyglun síðan bannið kom. Þetta hefir ekki við rök að styðjast. Vínsmyglun var alþekkt áður en bannið kom. Strax og settur var hár tollur á vínin fór að bera á tilraunum til smyglunar. Þótt oftar hafi komizt upp um smyglunartilraunir nú í seinni tíð en áður var, þá stafar það af betra og fullkomnara tolleftirliti. Það er því mjög orðum aukið og úr lagi fært, þegar verið er að slá fram fullyrðingum um innflutning óleyfilegra vína. Launsölur á vínum voru og alþekktar áður en bannið kom. Með hinni ströngu löggæzlu, sem nú er, er slíkum óþrifnaði haldið mjög í skefjum. Bannfjendur kenna banninu um heimabruggið og að það sé komið á þann rekspöl, sem það er á, eingöngu fyrir bannið. Þetta er mjög rangt. Heimabrugg er alþekkt í þeim löndum, sem vínsala er frjáls, og er hingað komið þaðan. Hefði sá óþrifnaður vitanlega borizt hingað alveg jafnt fyrir því, þó engu banni hefði verið til að dreifa. Ég hefi áður bent á það, að með afnámi bannlaganna verður sá draugur ekki kveðinn niður; eina ráðið til þess er að skerpa eftirlitið, ganga rikt eftir því við lögreglustjóra landsins, að þeir hafi höndur í hári þeirra manna, er fást við slíka iðju. Andstæðingum bannsins hefir löngum orðið mjög skrafdrjúgt um það, að bannlögin hafi yfirleitt veikt löghlýðni

manna. Það má raunar út frá vissu sjónarmiði segja um öll lög, að þau fjölgi lagabrotum, vegna þess að ef engin lög væru til, þá væru heldur engin lagabrot til. En með lögum skal land byggja. Til þess að halda við þjóðfélagsskipulagi verður að setja borgurunum lög, og það er vitanlega mikilsvert fyrir traustleika hvers þjóðfélags, að lögin séu í heiðri höfð. Það hefir frá upphafi verið hreint og beint ástríða á andstæðinga bannlaganna hér á landi að halda því fram í tíma og ótíma, að bannlögin væru brotin, og helzt einu lögin, sem gengið væri á snið við í þessu landi. Þetta eru vitanlega höfuðórar og ekkert annað. Hv. flm. talaði um, að bannlögin hefðu verið brotin svo freklega, að heilir skipsfarmar af víni hefðu verið fluttir inn í óleyfi laganna. Það hefir í þessi 20 ár, sem bannlögin hafa staðið, komið fyrir, að tvö skip hlaðin víni hafa komið til landsins í því augnamiði að koma víninu í land. En það er rétt að geta þess, að í þessum tilfellum báðum voru skipin tekin áður en þau gátu selt nokkuð af víninu og hvorttveggja gert upptækt, skip og farmur. Í þessum tilfellum hefir bannlagaeftirlitið fullkomlega náð tilgangi sínum.

Ég hefi áður minnzt á það, að það væri með endemum, hvernig þetta mál bæri hér að. Í fyrsta lagi af því, að það lýsir ófyrirgefanlegu ábyrgðarleysi og léttúð að ætla nú, einmitt á þeim tímum, þegar þjóðin sér ekki út yfir þá erfiðleika, sem að henni steðja úr öllum áttum, að fara að veita sterkum drykkjum í stríðum straumum inn í landið, og í öðru lagi að gera þetta að þjóðinni forspurðri. Eins og kunnugt er, eru bannlögin komin á að undangengnu þjóðaratkvæði. Það er þess vegna jafnsjálfsagt, að bannlögin séu ekki skert eða afnumin án þess að leitað sé þjóðaratkvæðis um málið. Ég mun nú ef til vill fá þau svör, að ekki hafi verið leitað þjóðaratkvæðis þegar Spánarundanþágan var veitt. Það er mikið rétt. En til þess liggja þær ástæður, að það var svo hart eftir gengið um svar Alþingis við tollkröfum Spánverja, að enginn tími vannst til þess fyrir Alþingi að uppfylla þessa skyldu við þjóðina. En það var ekki af því, að Alþingi væri það ekki fullljóst, að í þessu efni var sveigt af réttri braut, sem heldur ekki kom til af góðu, þar sem var kúgun sú, er Spánverjar beittu okkur í þessu máli, því strax á næsta þingi bar núv. 4. þm. Reykv. fram þáltill. í sameinuðu þingi þess efnis, að þrátt fyrir undanþáguna vildi þingið standa á bannlagagrundvelli, og var till. samþ. með 29 shlj. atkv. Þessa till. bar vitanlega að skilja sem afsökun þingsins gagnvart þjóðinni á því, að eigi varð hjá því komizt að láta niður falla uppfylling á þeirri skyldu að bera málið fyrst undir þjóðina. Þar sem nú við flutning þessa máls hefir algerlega verið gengið í berhögg við þessa sjálfsögðu skyldu, þá er þetta frv. að þessu leyti ekki einasta hnefahögg framan í þjóðina, heldur líka framan í yfirlýstan þingvilja. Hér er því með flutningi þessa máls verið að koma aftan að þjóðinni með mál, sem henni er stórhættulegt, hvort sem heldur er litið á það frá heilbrigðislegu, siðferðislegu eða fjárhagslegu sjónarmiði. Hv. flm. er því vorkunn, þótt hann vilji sem minnst fara inn á fjárhagshlið málsins.

Þótt því sé haldið fram, eins og ég hefi áður sagt, af flm. frv., að það sé flutt í þeim lofsverða tilgangi að koma í veg fyrir heimabrugg og neyzlu Spánarvína í landinu, þarf ekki að fara í neinar grafgötur um það, að slíkt getur ekki verið af heilum hug mælt. Það liggur allt of ljóst fyrir, að auknir möguleikar til að menn geti svalað drykkjufýsn sinni hljóta að leiða til aukins drykkjuskapar. Þessi óheilindi koma líka ljóslega fram í frv. sjálfu. Ég vil einkum benda á tvö atriði, sem sýna ljóslega, hve mikla trú, eða hitt þó heldur, flm. hafa á því, að afnám bannlaganna muni draga úr drykkjuskap í landinu. Hv. flm. vilja í engu láta slaka til um tolleftirlit það, sem nú er. Með þessu játa þeir, að smyglunarhættan verði jafnmikil eftir sem áður. Í öðru lagi leggja þeir til, að styrkurinn til stórstúkunnar verði stórkostlega hækkaður frá því, sem nú er. Mig minnir, að sumir þeir, sem að þessu frv. standa, hafi áður talið nægilegt, að stórstúkan hefði 6000 kr. styrk á ári. Í frv. eru henni ætlaðar 15000 kr., eða nærfellt þrisvar sinnum hærri upphæð. Þetta er vitanlega ekkert annað en játning á því, að drykkjuskap-

ur muni stóraukast við breytinguna, a. m. k. í sama hlutfalli og styrkurinn á að hækka, eða næstum þrefaldast! Þegar þessi játning liggur fyrir í frv. sjálfu, og jafnframt sú játning, að ótakmarkaður innflutningur áfengis muni ekki draga úr hinum óleyfilega innflutningi, fara heilindin að verða mönnum nokkurnveginn augljós:

En sú viðurkenning, sem felst í þessum tveimur atriðum, styðst fullkomlega við erlenda reynslu í þeim löndum, þar sem bannlög hafa verið, en verið úr gildi numin. Eftir að innflutningsbanninu og áfengisvörnunum í Noregi var af létt, hefir drykkjuskapur aukizt þar alveg gífurlega. Allskonar árekstrar, slys, áflog og manndráp, sem áður voru skrifuð á reikning bannlaganna, hafa aukizt og margfaldazt. Síðastl. ár var drukkið í Noregi fyrir 264 millj. kr., sem er margfalt meira en nokkru sinni áður. Í Osló einni var drukkið fyrir 54 millj. kr., eða hærri upphæð en varið var til allrar styrktarstarfsemi í borginni.

Eins og kunnugt er, var bannið upphafið í Finnlandi í vetur. Danir hafa fagnað því mjög að vonum, enda streyma nú til þeirra pantanirnir á brennivíni o. fl. frá Finnlandi. Ekki var fyrr hægt að komast í símann eftir að bannlögin voru afnumin í Finnlandi en pantaðar voru 90 þús. ákavítisflöskur frá Danmörku — svona til reynslu. Og svo er að sjá, að „sýnishornin" hafi þótt góð, því að helzt er að heyra, að það sé helzti vonarneisti Dana í kreppunni að selja vín til þeirra landa, sem áður höfðu bann, en hafa nú afnumið það. Þetta sýnir, að menn þurfa ekki að búast við gulli og grænum skógum, þótt bannlögin verði afnumin, heldur verður stefnt út í opinn voða með því að kippa stoðunum undan andlegri og efnalegri velferð þjóðarinnar. Af þeim ástæðum, sem ég hefi þegar talið: að með þessu frv. er verið að kippa burt varnarráðstöfunum, sem þjóðin sjálf hefir komið sér upp, og að með því er verið að skerða afkomuöryggi þjóðarinnar á hættulegum tíma, og að með því er gengið framhjá þeim aðilja, sem sjálfsagt er að snúa sér fyrst til í þessu máli, þjóðinni sjálfri, verð ég að telja, að virðing þingsins sé í veði, ef það veitir ekki þessu frv. þær einu viðtökur, sem það á skilið, og fellir það frá n. og 2. umr.

Það hefði mátt ætlast til þeirrar sómatilfinningar hjá þeim, sem ólmir vilja brjóta niður áfengislöggjöfina, að þeir hefðu kosið að bera þetta mál undir þjóðina, áður en slíkt frv. væri borið fram hér á þingi. Þingið hefir þá siðferðisskyldu gagnvart sjálfu sér, að það taki þetta mál þá fyrst til athugunar, er þjóðaratkv. hefir farið fram um það. Það er því í senn skylda gagnvart þjóðinni og ákvæðum fyrri þinga að vísa máli sem þessu frá, nema það hafi áður verið borið undir þjóðina. Það hlýtur að vera krafa þjóðarinnar, að Alþingi taki þetta til greina og víki í engu frá yfirlýstum vilja sínum í þessu efni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 62. fundi í Nd., 28. apríl, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14:5 atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

43. Alþýðutryggingar.

Á 39. fundi í Nd., 31. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um alþýðutryggingar (þmfrv., A. 273).

Á 51. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 15 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Ég get eftir atvikum látið mér nægja að vísa til grg. fyrir frv. um flutning þess, og leyfi mér aðeins að leggja til, að frv. verði vísað til allshn., að umr. lokinni, jafnframt sem ég læt þá ósk í ljós, að n. leyfi mér að sitja fund með sér, svo að ég þar

geti gert frekari grein fyrir nauðsyn þessa máls. Ég þarf ekki að taka það fram, að ég vænti þess fastlega, að n. hraði afgreiðslu málsins svo sem frekast er unnt.

Bergur Jónsson: Ég vildi leyfa mér að leggja til, að þessu máli væri vísað til fjhn. Er það hvorttveggja, að allshn. hefir ærið að starfa og á enn eftir óafgreidd mörg mál, enda á þetta mál ekki síður heima í fjhn. en allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 10:7 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

44. Siglingalög.

Á 40. fundi í Nd., 1. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á og viðauka við siglingalög, nr. 56, 30. nóv. 1914 (þmfrv., A. 282).

Á 56. fundi í Nd., 20. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 57. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Héðinn Valdimarsson): Þessu frv. er ætlað að leiðrétta tvö fremur lítil atriði í siglingalöggjöf okkar. Önnur breyt. er sú, að láta sjóveðrétt líka ná til vátryggingarfjár skips og farmgjalds, meðan það er ekki af höndum greitt. Hin er um það, að fyrirfram gefið afsal skipshafnar eða einstakra skipverja á sjóveðrétti skuli vera ógilt. Það getur orkað tvímælis, hvernig ber að skilja ákvæði núgildandi laga um þetta efni, og því þörf á, að skýr ákvæði séu sett. Ég vona, að frv. þetta verði sent til sjútvn. og 2. umr. og síðan afgr. sem fyrst til deildarinnar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

45. Samvinnufélög (frv. HJ o. fl.).

Á 40. fundi í Nd., 1. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um viðauka við l. nr. 36, 27. júní 1921, um samvinnufélög (þmfrv., A. 284).

Á 56. fundi í Nd., 20. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 57. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 15 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Hannes Jónsson): Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þau vandræði, sem framleiðsla landsmanna á nú við að stríða, og þá sérstaklega bændanna. Bændur hafa orðið hart úti frá verðlækkun þeirri, sem varð á síðastl. ári, og er því von til þess, að þeir reyni að vinna sem mest að sinni eigin framleiðslu sjálfir og kaupa sem minnstan vinnukraft að. Undanfarin ár hefir hvað eftir annað slegið í deilur milli samvinnufélaga þessara bænda og félagsskapar verkamanna í kauptúnum og kaupstöðum. Verkamennirnir í kauptúnunum hafa viljað bola bændum frá því að vinna að sinni eigin framleiðslu, til þess að geta svo setið að henni sjálfir. Það má segja, að það sé eðlilegt, að verkamenn hafi allar klær í frammi til þess að fá vinnu, en þá er það ekki síður eðlilegt, þó að bændur vilji vinna sjálfir sem mest að framleiðslu sinni, fylgja henni eins langt og þeir geta, ekki sízt þegar eins árar og nú.
Kaupfélögin á Hvammstanga og Blönduósi hafa bæði lent í deilu við verkamenn út af þessu nú ekki fyrir löngu. Þær deilur hafa hvorugum aðila orðið

til gagns eða ánægju, enda eru allar slíkar verkadeilur óeðlilegar og leiða af sér tjón fyrir báða aðila, hvernig sem samkomulagið verður.

Það er í fyllsta máta óeðlilegt á þessum stöðum, sem ég nefndi, að örfáir menn geti komið á vinnustöðvun, sem ef til vill meiri hluti verkamanna kærir sig ekkert um. Slíkar deilur virðast yfirleitt ekki vera sprottnar af þörf og ættu að hverfa úr sögunni. Þetta frv. á að styðja að því, að það geti orðið sem fyrst. Ég geri ráð fyrir því, að þeir hv. þm., sem þykjast vera fulltrúar verkamanna, muni rísa með heift mikilli á móti þessu litla frv., en þetta frv. er á engan hátt árás á þá menn, sem þessir háu herrar þykjast bera sérstaklega fyrir brjósti, heldur er það varnarráðstöfun fyrir bændur, sem sjálfir eru engir ójafnaðarmenn, gegn ásælni einstaka verkalýðsleiðtoga frá Reykjavík. Ég vildi mælast til þess, að umr. um þetta mál færu aðallega fram við 2. umr., því að málið er búið að dragast allt of lengi, og vonast því til þess, að hv. dm. greiði fyrir því til nefndar.

Héðinn Valdimarsson: Það munu vera slík mál sem þetta, sem Framsókn hefir hugsað sér að flytja til atvinnubóta fyrir verkalýðinn. Ég verð að segja það, að efni frv. er svo ósvífið, að það gegnir furðu, að 3 hv. þm. skuli hafa fengizt til þess að setja nafn sitt á það. Þar er ætlazt til þess, að verkamenn í kauptúnum fái engan aðgang að skipaafgreiðslu, sláturhúsavinnu og öðrum verkum, sem kaupfélögin láta framkvæma, heldur eigi framleiðendur svokallaðir eða kaupfélagsmenn að sitja að því einir. Og ekki er vandað meira til þessa frv. en svo, að eins og orðalag þess er nú, er það hreinasta vitleysa. Í grg. er sagt, að framleiðendur eigi að sitja að þessari vinnu, en í frv. stendur, að kaupfélagsmenn eigi að fá hana. Ef þetta atriði um kaupfélagsmenn á að haldast í frv., þá held ég að það nái ekki tilgangi sínum. Í Blönduósdeilunni voru víst flestir verkamannanna kaupfélagsmenn, og hefðu því skv. þessu frv. átt forgangsrétt að vinnunni, og svo mundi víðar vera.

Ég veit ekki, af hverju þetta frv. stafar, en líklega stafar það af skilningsleysi. Þetta getur vitanlega ekki komið til framkvæmdar nema í smákauptúnum, t. d. Hvammstanga og Blönduósi, þar sem ekki vinna nema 30—40 menn að útskipun og þar sem kaupfélögin eru svo að segja einráð um alla verzlun. Störf verkamanna í þessum smáu kauptúnum eru mestmegnis fyrir kaupfélögin, svo sem sláturhússtörf, út- og uppskipun. Á sumrin fara þeir svo í vegavinnu eða kaupavinnu. Þetta eru yfirleitt menn, sem flutzt hafa úr sveitinni og setzt að í kauptúnunum. Þegar svo vel árar, á að nota vinnu þessara manna í þágu kaupfélagsins, en þegar hart er í ári, fá þeir ekkert við þau að starfa. Þá á að sækja 30—40 sveitabændur og velja þá úr hópi hundraða bænda, sem umsetja þarna framleiðslu sína. Og hvers vegna á að gera þetta? Hvers vegna á að sækja bændur upp til héraða og dala til þess að vinna þau störf, sem nógir menn eru til að leysa af hendi innan kauptúnsins, og láta þá kosta ferðir sínar fram og aftur? — Það lítur svo út, að af hálfu hv. 1. flm. a. m. k. sé málið borið fram af hatri til verkamannanna. A. m. k. er það ekki fram borið af neinni þörf. 2. gr. hótar 2000—20000 kr. sektum, ef félagsmönnum er sýnd nokkur tálmun, er þeir eru að störfum, hvort sem það kemur fram í ofbeldi eða á annan hátt. Þetta á að gilda, þó að um enga kaupdeilu sé að ræða, aðeins ef eitthvert ofbeldi er sýnt. Segjum, að einhverjum sé persónulega í nöp við annan mann og gefi honum á hann, þegar hann er að vinna. Oft getur komið fyrir, að þannig kastist í kekki milli manna. En þá á skv. frv. að borga minnst 2000 kr. sekt.

Ég get sagt það hiklaust, að slík lög sem þessi dettur engum verkamanni í hug að halda. Og samband verkalýðsfélaganna hér á landi, Alþýðusamband Íslands, mun áreiðanlega hafa þau að engu, enda er ómögulegt að hlýðnast slíkum lögum. Ef á að fara að útiloka verkamenn í smákauptúnum, svo sem á Hvammstanga og Blönduósi, frá allri vinnu, og hv. þm. V.-Húnv. á að fara að velja úr bændum héraðsins, þá sem honum eru geðþekkir og eru vissir kjósendur hans, þá er ég hræddur um, að verkamenn annarsstaðar á landinu, t. d. hér, geti hugsað sem svo, að þeir afgr. ekki þau skip, sem hafa tek-

ið á móti vörum á þennan fyrirlitlega hátt. Þá yrði kjötinu frá Hvammstanga ekki skipað upp af verkamönnum í Rvík, Ísafirði, Akureyri eða Siglufirði. Bændur hv. þm. V.-Húnv. yrðu þá að fylgja kjötinu alla leið til ákvörðunarstaðar. Sjá allir, hve mikið vit er í þessum hlutum. Mér þykir skörin vera farin að færast upp í bekkinn hvað slíkum bönnum viðkemur. Hér er nýgengið í gegnum d. eitt slíkt frv., þar sem á að lögskipa, að ekki megi aðrir selja mjólk í Rvík en mjólkurframleiðendur utan Rvíkur. En með slíkum fyrirmælum er boginn spenntur svo hátt, að engum dettur í hug að hlýða því eða fara eftir því.

Hv. þm. var að tala um, að örfáir menn hefðu staðið að vinnudeilum fyrir norðan. Ég þarf nú ekki að tala neitt um Hvammstangadeiluna. Hv. þm. var í 3 ár búinn að reyna að kúga verkamenn þar undir sig. En svo fóru þó leikar, að hann varð sjálfur að beygja sig.

Á Blönduósi voru verkamennirnir allir í verkamannafélaginu og þeir voru allir með, án tillits til stjórnmálaskoðana og höfðu jafnt atkv. um málið hver og einn.

Við getum hugsað okkur, hvernig fara myndi, ef Sláturfélag Suðurlands, sem selur allt sitt kjöt hér í bænum, tæki upp á því að heimta það, að eingöngu bændur ynnu að slátruninni. Ætli ekki væri hægt að refsa því nokkuð þunglega með því að hætta að kaupa af því kjötið? En jafnan hefir verið farið hægt í kröfur við sláturhúsið, því þótt að vísu meiri hluti verkamanna þar hafi jafnan verið úr Rvík, þá hafa þó bændur ávallt unnið þar líka, og það eitt skilyrði verið sett, að þeir væru skráðir í verkamannafélagi hér í bænum. Ef nokkur löggjöf lík þessari verður samþ., þá getur það vel orðið til þess, að bæjarmenn, þar sem þeir hafa fullt vald á þessum málum, loki fyrir öðrum en innanbæjarmönnum allri atvinnu. „Svo má deigt járn brýna, að bíti um síðir", og eins er með verkamennina.

Þótt ég sé ráðinn í því að greiða atkv. gegn þessu frv. og öllum öðrum slíkum, í hvaða mynd sem þau birtast, þá er það ekki af því, að mér sé ekki sama um, þótt frv. þetta verði að lögum. Þó það verði samþ. hér á þinginu, skal því aldrei verða hlýtt.

Flm. (Hannes Jónsson): Hv. 3. þm. Reykv. var að tala um, að frv. þetta ætti að verða til atvinnubóta. Hv. þm. er nú það tal svo tamt, að hann talar um öll mál sem atvinnubætur. En að vísu má það til sanns vegar færa, að þetta séu atvinnubætur fyrir framleiðendur til sveita. Framleiðendur sveitanna fá sannarlega ekki svo mikið upp borið fyrir sína miklu vinnu, er þeir leggja fram vegna framleiðslunnar ár út og ár inn og kostar þá bæði vökur og svitadropa, að það sé réttmætt að banna þeim að njóta þeirra atvinnubóta, sem þeir geta notað og bundin er við afsetning þeirra eigin framleiðslu. Það má því vel segja, að þetta sé atvinnubótamál fyrir þá.

Hv. 3. þm. Reykv. hélt því fram, að með frv. ætti að banna kaupstaðabúum alla vinnu. Því fer vitanlega fjarri, og það stendur hvergi í frv., eða neitt, sem gefið getur tilefni til að álykta svo. Í frv. stendur það eitt, að framleiðendur fái óáreittir að vinna að sinni eigin framleiðslu, meðan þeir ná til hennar og eiga hana. Og það getur ekki talizt ósanngjarnt, að þeir fái óáreittir að vinna að sláturstörfum á sínu eigin fé í sínu eigin húsi, enda þótt húsið standi í kaupstað. Þeir hafa lagt sjálfir fram allt það fé, sem til þess hefir farið að koma húsinu upp, búa það áhöldum og oft og einatt lagt í bryggjur og önnur mannvirki, sem nauðsynleg eru við afsetningu framleiðslunnar. Þetta hafa þeir að vísu gert vegna sinnar framleiðslu, en það hefir jafnframt orðið til þess að skapa kaupstaðabúum atvinnu og afkomumöguleika. Samvinnan þarf vitanlega að vera svo, að hvor styðji annan, framleiðendur og verkamenn kaupstaðanna. En til þess þarf sanngirni á báðar hliðar. Undanfarin ár má kannske segja, að þetta hafi gengið þolanlega. En þegar framleiðsla bænda hefir fallið svo mjög í verði sem hún hefir gert nú, þá verða kröfur verkamanna að laga sig svo sem hægt er eftir því. Það tryggir þeim jafnasta atvinnu, og það sjá þeir líka vel og myndu haga sér eftir því, ef þeirra verstu böðlar, flokksbræður þeirra hér í Rvík, væru ekki að gefa út sínar fyrirskipanir, sem eingöngu verða þeim til tjóns og bölvunar.

Þá taldi hv. þm. það fjarstæðu, að fram-

leiðendur hefðu forgangsrétt að þessari vinnu, og færði það fram sem ástæðu, að þeir myndu ekki allir komast að henni. Þetta er vitanlega hin mesta firra. Þeir myndu koma sér vel saman um það, hverjir vinnuna ættu að fá, enda eiga ekki allir heimangengt. (HV: Ætli kaupfélagsstjórinn reyndi ekki að koma sínum mönnum að!). Jú, vitanlega, því það eru einmitt þeir menn, sem eiga framleiðsluna og koma því til greina samkv. þessu frv. En ef fleiri byðust en hægt væri að taka, þá skal ég játa, að ef hv. 3. þm. Reykv. væri einn af þeim flokki, þá myndi ég sízt taka hann. En ef fleiri byðust en hægt væri að taka á móti, þá væri það allra sízt sönnun þess, að lög um þetta efni væru óþörf.

Hv. 3. þm. Reykv. sagði, að frv. þetta væri sprottið upp af hatri á verkamönnum, einkum þó af minni hálfu sem 1. flm. þess. Þetta er alveg rangt. Ég get vel viðurkennt það, að ég hafi orðið undir í verkadeilunni á Hvammstanga, en ég ber enga óvild eða hatur í brjósti til verkamannanna þar fyrir þá sök. Og svo gæti farið, að hv. 3. þm. Reykv. gæti við tækifæri fengið að þreifa á því, að milli mín og verkamannanna á Hvammstanga er engin óvild.

Hv. þm. talaði um góða samvinnu milli Sláturfélags Suðurlands og verkamanna hér í bænum. Ég geri ekki ráð fyrir því, að sú afstaða breytist á neinn hátt, þótt frv. þetta verði samþ. Hér stendur líka öðruvísi á. Bændur, sem að því standa, mundu ekki telja sér neinn hag í því að taka þá vinnu í sínar hendur. Hið góða samkomulag, sem verið hefir, mundi því haldast óbreytt.

Það má vel vera, að þörf sé á að búa nánar um ýms ákvæði frv. en nú er gert, t. d. sektarákvæðin. Það er verk þeirrar n., sem fær það, og er ég fús á að ganga inn á allar sanngjarnar breyt., sem verða mættu til bóta.

Ekki mun ég vikna, þótt hv. 3. þm. Reykv. hóti því, að lögin skuli að engu vera höfð. Hv. þm. og flokksmenn hans eru kunnir að því að lítilsvirða öll lög, nema sín eigin flokkslög. Þeir eru svona gerðir. En það má þó refsa þeim fyrir það að fylgja ekki lögum. Og hv. 3. þm. Reykv. gæti fallið undir slíkt, ef hann leggur það í vana sinn að hvetja til þess að fá lögin brotin, eða þau þeirra, sem hann er á móti. En hann á það þá líka á hættu að verða tekinn og látinn gjalda óhlýðni sinnar við lög landsins.

Héðinn Valdimarsson: Hv. 1. flm., þm. V.-Húnv., hefir litlu svarað því, sem ég setti út á frv., og ekki getað varið það í einstökum atriðum. Þess er og heldur ekki von, því það er ekkert vit í frv. Og þótt n. kunni að geta lagað það eitthvað, þá mun ég þó aldrei verða með því meðan það hefir nokkurn svip af þessu frv., sem nú liggur fyrir.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. talaði um lagabrot, vil ég segja það, að ég og flokksmenn mínir munum rísa gegn öllu þrælahaldi, þó lögbundið sé, og jafnt lögum um að horfella verkamannastéttina í smákauptúnunum. Og þeir, sem stuðla að því, að frv. þetta verði að lögum, munu sjá, að þeim verður aldrei hægt að framfylgja. Þetta frv. er alveg sambærilegt við ríkislögregluna hér fyrrum, og þetta verður aldrei framkvæmt, meðan þeir verkamenn lifa, sem nú eru uppi.

Flm. (Hannes Jónsson): Það er alveg óþarfi að tala um þrælahald í sambandi við þetta frv. Hér er ekki verið að þvinga neinn, heldur vernda rétt manna. Ég hélt, að hv. 3. þm. Reykv. mundi vilja láta eitt yfir alla ganga, en ekki að einn sæti yfir rétti annars. Ég hélt, að hann mundi vilja rétt lítilmagnans, eins þótt hann væri fátækur bóndi í sveit. Nú kveður við annan tón. Nú eru þeir vargar í véum, réttlausir um meðferð sinna eigin eigna og ófriðhelgir að störfum sínum. Annars hefir stundum þotið öðruvísi í skjánum hjá hv. þm. Það er þegar hann hefir verið að reyna að lokka sveitamennina í faðm sinn, lofað þeim þar sól og sumri og sagt þeim, að það væri eina ráðið til þess að þeir yrðu ekki ósjálfbjarga líkt og horfallnir gemlingar. En þegar talað er um að vernda rétt þessara manna til að vinna að sinni eigin framleiðslu, þá rís hv. 3. þm. Reykv. upp og kallar allt slíkt þrælahald.

Ég get vel fellt mig við, að frv. verði breytt, ef betur má fara á annan veg. Og ég játa, að full þörf sé á almennri löggjöf

um vinnudeilur, þar sem m. a. væri ákveðið, hvenær verkföll eða verkbönn væru leyfileg og fleira, sem að því lýtur. Tími vannst ekki til þess nú, en það verður þá máske gert síðar. En ég vildi ekki bíða eftir því, vegna þess að ég taldi nauðsynlegt að hefjast handa nú þegar. svo bændur gætu strax notið þeirrar aðstöðu, sem frv. þessu, ef að l. verður, er ætlað að gefa. En þeir þurfa allra ráða að leita til að geta látið atvinnurekstur sinn fljóta gegnum hina erfiðu tíma. Ég geri þó hreint ekki ráð fyrir því, að bændur myndu, þó þetta frv. verði samþ., taka alla þessa vinnu í sínar hendur. Hún mundi eftir sem áður verða unnin bæði af þeim og verkamönnum kauptúnanna. Ég hygg, að þá yrði samstarfið ljúfara. Hlaupadýr úr Rvík mundu þá ekki komast að til að spilla friði milli manna. Við verkamenn kauptúnanna er ég ekki hræddur. Þeir eru flestir reiðubúnir að semja á sanngjörnum grundvelli. Þeir sjá vel, að það er þeim sjálfum fyrir bezta, að þeir, sem ráða lögum og lofum hér í Rvík og þykjast sjálfkjörnir foringjar allra verkamanna landsins, fái ekkert leyfi til að láta dropa sína leka í þá potta. — Ég mun svo ekki segja meira að sinni. Ég býst við, að tækifæri verði til þess að ræða málið nánar við 2. umr., eftir að það hefir fengið athugun í n. Óska ég, að hún hraði afgreiðslu málsins og að hv. þdm. stuðli að því að láta það fá sem greiðastan gang gegnum hv. deild.

Héðinn Valdimarsson: Ég veit ekki, hvort hv. þm. V.-Húnv. er svo ókunnugur atvinnuháttum manna sem draga má af ræðum hans, ef hann heldur, að í því felist atvinnubætur fyrir sveitamennina að hrifsa með valdboði vinnuna frá verkamönnum kauptúna og kaupstaða. Í þeim kaupstöðum, sem mesta atvinnu veita, svo sem í Rvík og Vestmannaeyjum og vitanlega víðar, njóta mörg hundruð sveitamanna vinnu árlega. Þeir leita þangað þegar atvinnu er að fá, og við því er ekkert sagt af hálfu verkamannafélaganna. Ef við nú tækjum upp sama hátt og grundvöllur er lagður að í þessu frv. og vakir fyrir flm. þess, — hverjar yrðu þá afleiðingarnar? Engir sveitamenn kæmust í skipsrúm, og það kæmi ekki heldur til mála, að þeir fengju neina vinnu í landi við útgerðina, við byggingar eða annað. — Nei, á bak við þetta frv. liggur ekkert annað en þröngsýnt bændaíhald. Og þetta er borið fram alveg að ástæðulausu. Við höfum aldrei bannað bændum eða öðrum sveitamönnum að vinna hér á vertíðinni, eða á öðrum þeim tímum, þegar vinnu er að fá. En ef með lögum á að fara að beita eina stétt manna þrælatökum, þá má reiða sig á, að því verður svarað á alveg viðeigandi hátt. Frv. þetta er því óskynsamlegt, frá hverju sjónarmiði sem á það er litið. Með því er verið að búa til tvennskonar rétt fyrir þá menn, er að kaupfélögum standa. En það verða ekki kaupfélagsmennirnir, sem ráða, hverjir verða teknir í vinnuna. Það er hv. þm. V.-Húnv., er vill ráða einn öllu á sínum stað og aðrir kaupfélags- eða sláturfélagsstjórar á sínum stöðum. Og þaðan stafar reiðin, að geta ekki eingöngu ráðið þá menn til starfanna, sem hæfa í alla staði þessum einráða og valdabyrsta kaupfélagsstjóra, þá sem geta fengið sig til að skríða fyrir þesskonar manntegund.

Flm. (Hannes Jónsson): Ég veit ekki, hvort ég á að skilja orð hv. þm. svo, að hann þykist hæfari en ég til að ráða menn til starfa norður í landi. Ég hygg, að hann hafi hvorki betri aðstöðu né meiri þekkingu á því en ég eða aðrir, sem eiga heima á þessum stöðum, til þess að velja menn að störfum. Því undarlegra er það, að hann skuli telja sig eiga að ráða þessu og þessa einstöku verndara verkalýðsins og alþýðunnar, sem réttu sína föðurlegu hjálparhönd norður á Blönduós, þó að sumum þætti það með nokkuð undarlegum hætti. Hér í Rvík hafði að sögn verið safnað af verkalýðsfélögunum 200 kr. til hjálpar verkamönnunum á Blönduósi, en svo kom á daginn, að hér var ekki gjaldgengur verðmiðill á ferðinni, heldur mun hv. 3. þm. Reykv., sem átti hjá kaupmanni á Blönduósi skuld, er hann treysti sér ekki að innheimta, hafa stungið 200 kr. í sinn vasa og gefið svo út ávísun á kaupmanninn fyrir þeirri upphæð, sem safnazt hafði hér og sendast átti norður, og mátti kaupmaðurinn greiða þetta í vörum til verkamanna. Ekki er mér kunnugt um, hvaða hundraðsgjald hv. 3. þm.

Reykv. hefir reiknað sér fyrir þessa milligöngu, en reikningar hans og kaupmannsins hafa eflaust lagazt við þetta. Hitt er aftur á móti kunnugt, að verkamennirnir á Blönduósi voru ekki neitt sérstaklega hrifnir af föðurlegri umhyggju hv. 3. þm. Reykv., er kom fram í þessari ráðstöfun hans á samskotafénu frá flokksbræðrunum í Reykjavík.

Héðinn Valdimarsson: Það kemur ekki mikið þessu máli við, er hér liggur til umr., þó að hv. þm. V.-Húnv. reyni að gera gys að því, að ekki var sent nema 200 kr. héðan að sunnan verkamönnunum á Blönduósi til hjálpar. (**HJ:** Þær voru aldrei sendar). Verkamannafélögin eiga enga digra sjóði og ekki gert ráð fyrir mikilli peningahjálp frá þeim, enda er ekki að vænta, að fátækasta stéttin í landinu geti látið mikið fé. En viðvíkjandi því, sem hv. þm. V.-Húnv. sagði um ráðstöfun þessara peninga norður á Blönduósi, þá er það í einu orði sagt haugalygi! (**Forseti** hringir). Það er lygi, sem er lygi! (**Forseti** hringir). Hitt er ekki nema eðlilegt um menn, sem neitað er um viðskipti við kaupfélagið, að ef þeir fá peninga, þá hlaupi þeir ekki með þá til kaupfélagsins og verzli þar. En það sýnir aðeins innræti hv. þm. V.-Húnv., að hann getur á augnabliki logið þessari sögu upp frá rótum. (**Forseti** hringir).

Flm. (Hannes Jónsson): Hv. 3. þm. Reykv. virðist hafa verið það mjög mótstætt, ef þessir umræddu peningar hefðu gengið fyrir vörur hjá kaupfélaginu, sem sennilega hefði orðið, ef þeir hefðu nokkurntíma komizt norður. Og til þess að tryggja betur, að þessa menn henti ekki það ólán að lenda með viðskipti sín hjá kaupfélaginu, þá var ákveðið, hvað kaupmaðurinn mátti skammta þeim í vörum. (**HV:** Þetta er haugalygi! — **Forseti** hringir). En það er ekki nema eðlilegt út frá skoðun hv. 3. þm. Reykv., þó að hann fyrirskipaði, að peningarnir mættu ekki renna til kaupfélagsins fyrir vörukaup hjá því. Hann hefir sjálfur upplýst, af hvaða ástæðu hann gerði þetta, og frekar þarf ekki um það að ræða. Hann fann þetta ráð upp til þess að geta innheimt skuld sína hjá kaupmanninum, og jafnframt tryggt, að ekki yrðu keyptar vörur frá kaupfélaginu fyrir þetta samskotafé, en lýsir þó jafnframt yfir, að þessu megi enginn trúa.

Haraldur Guðmundsson: Ég þykist nú sjá af umr., að tilgangur frv. er annar en sá, sem látið er í veðri vaka. Ég held, að tilgangur frv. sé sá, að hjálpa hv. þm. V.-Húnv. og stéttarbræðrum hans að innheimta skuldir, sem litlar líkur eru til, að bændur séu færir að greiða.

Eftir því, sem ég bezt veit, eru engin lög hér né annarsstaðar, er mæla fyrir um forgangsrétt vissra manna til vinnu, önnur en þau, sem setja þau skilyrði, að tryggt sé, að sá, sem verkið vinnur, hafi næga kunnáttu til að vinna það. Hér er því um nýmæli að ræða í lagasetningu siðaðrar þjóðar, og það nýmæli, sem aldrei verður hægt að framfylgja.

Ég held, að það orki ekki tvímælis, að stefna sú, sem flm. frv. í fljótu bragði virðast byggja á, brjóti mjög í bág við þá þróun, sem orðið hefir um verkaskiptingu manna. Það er ekki tilviljun, að verkamenn vinna t. d. að uppskipun og þess háttar störfum, en bændur að búum sínum. Reynslan hefir sýnt, að hagfelldustu vinnubrögðin eru þau, að verkunum sé skipt svo, að bændur vinni að búum sínum, en aðrir vinni að útskipun vara o. s. frv. Það getur aldrei orðið hagnaður fyrir bónda að söðla hest sinn og ríða e. t. v. langa vegu til þess að vinna 3—4 tíma að útskipun vara sinna eða uppskipun nauðsynja. Þá mundi borga sig betur að fá menn á staðnum til að annast þessa vinnu en að bændur taki sig upp og ríði að heiman til að sinna þessu, þó að þeir þurfi að greiða 5 aurum meira fyrir hvern tíma, sem unnið er, en þeir þykjast sjálfir geta gert það fyrir.

Sérhver, sem ekki er blindur, hlýtur að sjá, að þessari þróun verkaskiptingarinnar ætla þeir að nauðga, sem gerzt hafa flm. þessa frv. Þeir ætla langt aftur í tímann, eða þangað, sem segir í vísunni:

Löngum var ég læknir minn,
lögfræðingur, prestur,
smiður, kóngur, kennarinn,
kerra, plógur, hestur.

Slíkt er öfug þróun. Það er að ætla sér að snúa hjóli tímans aftur á bak.

Þetta, sem ég nú hefi sagt, er um stefnu þá, sem velviljaðir menn myndu ætla, að vekti fyrir flm. frv. En frv. sjálft er svo illa og óviturlega úr garði gert, að það er nánast bull eitt og vitleysa, eins og hver einasti maður rekur augun í, er les frv. 1. gr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í samvinnufélögum, sem stofnuð eru og starfa samkvæmt lögum nr. 36, 27. júní 1921, skulu félagsmenn hafa forgangsrétt til hverskonar atvinnu við framleiðslustörf félaganna, eins og til dæmis við sláturhús þeirra, smjörbú og verksmiðjur, útskipun framleiðsluvaranna o. fl.“

Hvað þýðir þetta o. fl. o. fl.? Ekki getur það talizt undir framleiðslustörf beinlínis að skipa út vörum. En sé það talið svo og til þess ætlazt, að bændur, sem eiga vöruna, skipi henni sjálfir út, þá er engu fráleitara að telja það framleiðslustarf að sigla með hana til annara landa og selja þar. Yrði þá tafsamt hjá bændum við búskapinn, ef þeir ættu sjálfir að manna skipin, sem flytja út ull og kjöt.

En segjum nú, að þessum forgangsrétti bænda til útskipunarvinnu á vörum þeirra sé svarað á viðeigandi hátt. Við skulum t. d. hugsa okkur, að sjómenn neiti að sigla með vörur þær fyrir bændur, sem deilur hafa risið um út af útskipun, m. ö. o., þó að vörurnar séu komnar um borð, verða þær ekki fluttar úr landi. Og hvað verður þá gert, ef bændur geta ekki snúizt við því að flytja þær sjálfir á erlendan markað?

Hv. flm. þykjast hafa fundið ráð við því með ákvæðum 2. gr. frv., er hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Það varðar sektum frá 2000—20000 kr., ef félagsmönnum er sýnd nokkur tálmun, er þeir eru að störfum þeim, er getur í 1. gr. laga þessara, hvort sem tálmunin kemur fram í ofbeldi eða á annan hátt, nema þyngri refsing liggi við að lögum“.

Nú er ég hræddur um, að örðugt geti orðið fyrir dómara að meta, hvað „tálmun“ er samkv. þessu, þegar ekki er um ofbeldi að ræða. En ofbeldi varðar nú þegar við lög, og því óþarft að setja ný lög um það. Það er t. d. bannað í lögum að berja menn, þótt verkfallsbrjótar séu.

Setjum svo, að sjómenn neituðu að sigla með vörur bænda. Er þá slík neitun tálmun, sem „kemur fram í ofbeldi eða á annan hátt“? Mér er spurn. Eftir þeim skilningi, sem flm. virðast leggja í frv., þá ætlazt þeir til, að slík neitun sjómanna falli undir lögin, en ég get fullvissað þá um, að svo getur aldrei orðið.

Ég ætla þá að víkja að því, sem ég drap á í upphafi máls míns, að frv. þetta væri fram komið til að hjálpa kaupfélagsstjórunum, og þá fyrst og fremst þeim tveimur, sem að frv. standa, að heimta inn skuldir. Eins og kunnugt er, þá er í kaupfélögunum flestum fjöldi félagsmanna, og fleiri en nokkrar líkur eru til, að geti fengið vinnu á vegum félagsins — kunna líka fæstir að sigla til útlanda, ef að því ræki, að bændur yrðu sjálfir að fara með kjötið til Noregs. — Kaupfélagsstjórinn ræður mennina, er til vinnunnar þarf í hvert sinn. Og hverja mundi hann þá helzt velja? Vitanlega þá menn, sem skulda verzluninni, til þess að bæta viðskiptajöfnuðinn. Við þessu er ekkert að segja, þegar það kemur manninum, sem skuldar, vel, en það getur líka komið sér afarilla. Það getur staðið á nauðsynlegum störfum heima fyrir hjá manninum, sem enga bið þola, og þó að hann eigi von á nokkrum krónum inn í reikning sinn hjá kaupfélaginu, þá getur tapið að tefja störfin heima fyrir numið meiru. En ef kaupfélagsstjórinn heimtar það, verður maðurinn að gegna, þegar kallið kemur, ef hann á ekki að eiga á hættu, að viðskiptum hans við kaupfélagið verði slitið.

Við skulum ennfremur hugsa okkur, hvernig þetta yrði í framkvæmdinni. Skip kemur með vörur til Hvammstanga, en kaupfélagið á ekki nema sumt af þeim. Nú hafa kaupfélagsmenn ekki forgangsrétt að vinnu nema að uppskipun þeirra vara, sem til félagsins eiga að fara, og verður þá að lesa vörurnar í sundur frammi í skipinu eftir þeim merkjum, sem eru á stykkjunum. Svo líður að hádegi, og er þá komið að kaupfélagsvörunum, er félagsmenn taka að sér að koma á land, og verður þá að reka verkamenn þorpsins úr vinnunni. Svona dæmi og ótal fleiri mætti nefna, sem yrðu afleiðing þessarar lagasetningar, enda hefir samflokksmaður minn, hv. 3. þm. Reyk-

v., bent á þá hættu, sem bændum landsins stafar af slíkum þrælalögum. Það er ekkert eðlilegra en að verkamenn bæjanna tryggi sig gegn þessu með því að banna sveitamönnum að vinna í bæjunum. Slík lagasetning sem þessi mundi verða til þess að vekja hina mestu óvild milli verkamanna og bænda.

Ég held, að þetta frv. sé hvorttveggja í senn, ákaflega fávísleg tilraun til að lama verkalýðssamtökin og að sú stefna, sem er að baki þess, brjóti mjög í bág við þá þróun og samstarf, sem verið hefir í atvinnuháttum landsmanna í seinni tíð. Og ég vil fullyrða, ef að lögum yrði, þá mundi það aðeins skapa kala á milli stétta, sem hingað til hafa unnið saman, og gæti leitt af sér þær ráðstafanir, sem yrðu bændum stórkostlega skaðlegar. Þess vegna á ekki að leyfa frv. eins og þessu til 2. umr., og að því mun ég stuðla með mínu atkv.

Flm. (Hannes Jónsson): Hv. þm. Seyðf. taldi það óskaplega afturför, ef nú ætti að hverfa að því ráði, að bændur gætu verið sjálfum sér nógir. Og til þess að svo verði ekki, vill hann koma á meiri verkaskiptingu um störf bænda en tíðkazt hefir hingað til. Hann vill koma á þeirri verkaskiptingu hjá bændum, að einn vinni þetta, en annar hitt. Hann vill láta bóndann binda heyið, en hann má ekki reiða það heim; til þess á hann að taka mann og annan, sem hlaða á úr heyinu. Bóndanum er máske leyfilegt að hirða sauðfé sitt eða hestana, en algerlega meinað að koma nálægt hirðingu kúnna. Til þess verður hann að taka annan mann. Og til þess að verkaskiptingin færist sem víðast út, má konan ekki mjólka kýrnar eða fara á engjar til að raka og hirða um hey. Þannig á verkaskiptingin að vera að dómi hv. þm. Seyðf., af því að það er heimska að láta sama mann vinna allt.

Það er nú svona samt, þar sem fólkið hefir orðið að leggja fyrir sig marghátt uð störf, að undravert hefir þótt, hvað það getur afkastað. En einmitt þörf bænda að vinna mörg störf skapast af fátækt þeirra og getuleysi að taka daglaunamenn. Og þessi þörf er því meiri sem búskapurinn gengur verr og minna fæst fyrir afurðirnar. Það er enginn skilsmunur þar á milli, hvort bóndi, sem rekur fé sitt í kaupstað, og úr því að þangað er komið, vinni að sláturstörfum á sínu eigin fé eða skipi út afurðum þessum. En ef bóndanum er bægt frá að gera þetta, þá er hann beittur órétti með því að banna honum að vinna það, sem hann getur að rekstri búsins og afsetningu afurðanna. Og það er einmitt til að halda þessum rétti og vernda bændur, að frv. þetta er fram borið.

Úr því að hv. þm. minntist á sjávarútveginn, þá vil ég benda á út frá verkaskiptingu þeirri, er hann vill koma á, að menn, sem stunda veiðar á smábátum, verða, þegar þeir koma að landi, að afhenda verkamönnum fiskinn og borga fyrir að gera vöru úr honum. Þeir mega hvorki slægja fiskinn sjálfir, fletja hann eða salta, og verður þá afleiðingin sú, að vegna þess að greiða hátt kaup fyrir verk, sem þeir gátu sjálfir unnið, verða þeir varla matvinnungar sjálfir og leggja árar í bát, í stað þess að hafa sæmilega afkomu, ef þeir fengju óáreittir að starfa að fiski sínum, þó róðrarnir yrðu eitthvað færri. (**HV:** Hvar er þetta, að menn geti ekki unnið að sínum eigin fiski?). Og þetta getur orðið hvar sem er, þegar farið er að útfæra verkaskiptingu hv. þm. Seyðf. (**HV:** Ég vil fá að vita, hvar þetta er). Ef hv. 3. þm. Reykv. er alvara að fræðast um þetta, þá skal ég fúslega verða við því að taka hann í tíma, en ekki hér í hv. deild.

Haraldur Guðmundsson: Út af óráðshjali hv. þm. V.-Húnv. hefi ég ekki margt að segja. Hann segir langar sögur hér, sem eru tómt bull og vitleysa. Hann segir, að ég hafi haldið fram, að banna ætti bændum að binda hey sitt, reiða það heim og hirða skepnur sínar. Ég hefi aldrei sagt neitt um þetta, eins og hv. þdm. hljóta að hafa heyrt, enda getur engum dottið slík fjarstæða í hug nema hv. þm. V.-Húnv. Sama er að segja um, að útgerðarmönnum sé bannað að hausa og slægja fiskinn. Það hlýtur að vera svo, að eitthvað sé farið að ruglast fyrir hv. þm. V.-Húnv., þegar hann getur ekki varið málstað sinn án þess að grípa til slíkra raka.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15:2 atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 6. maí, utan dagskrár, mælti

Héðinn Valdimarsson: Eins og hv. þdm. mun reka minni til, þá var það við 1. umr. um frv. til l. um viðauka við samvinnulögin, að flm. þess frv., hv. þm. V.-Húnv., bar á mig sakir. Mér þykir óvíst, að ég fái annað betra tækifæri til að svara því, ef frv. sofnar og kemur ekki aftur á dagskrá, sem gera má ráð fyrir. Hv. þm. bar það á mig, að styrkur sá, sem verkamannafél. Dagsbrún sendi verkamannafél. á Blönduósi í vetur, kr. 200.00, hefði ekki verið greiddur í peningum, heldur með ávísun á vörur hjá kaupmanni á Blönduósi, í því skyni, að ég gæti fengið provision af upphæðinni og jafnframt greidda skuld, sem ég hefði átt hjá nefndum kaupmanni á Blönduósi. Ég lýsti hv. þm. þá lygara að þessu, og hæstv. forseti vítti mig fyrir. Ég vil nú sanna þessi ummæli mín um þm., og að forseti hafi engan rétt haft til að víta þetta réttnefni á þm. Þessi fjárupphæð var send í póstávísun, og vil ég leyfa mér að lesa hér upp kvittun frá pósthúsinu fyrir því:

„Sendandi Samrit.
Verkamannafél. Dagsbrún.
Póstkvittun.
Til Jóns Einarssonar, Blönduósi
er hér í dag skilað til flutnings:
Sím.
Verð 100 kr.
Póstgjald borgað:
með álímdum frímerkjum 60 aur.
í peningum ..... 10 aur.
70 aur.
Pósthúsið á R. 10/2 1932.
Tr. M."

Og hér er önnur samhljóða:

„Sendandi Samrit.
Verkamannafél. Dagsbrún.
Póstkvittun.
Til Verkalýðsfélags Blönduóss
Blönduósi
er hér í dag skilað til flutnings:
Sím.
Verð 100 kr.
Póstgjald borgað:
með álímdum frímerkjum 60 aur.
í peningum ..... 10 aur.
70 aur.
Pósthúsið á R. ¼ 1932
Tr. Magnúss."

Ég þykist nú með þessum póstkvittunum hafa fært hér fram fullar sannanir fyrir því, sem ég áður sagði, að hv. þm. V.-Húnv. væri lygari. (Forseti hringir).

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Ég heyri það, að hv. 3. þm. Reykv. hefir mikla þörf fyrir að ræða við mig í sambandi við þetta frv. mitt um viðauka við samvinnulögin. Þess vegna óska ég mjög eindregið eftir því f. h. okkar beggja, að hv. allshn. skili sem fyrst áliti sínu um frv. inn í þd., til þess að það verði tekið á dagskrá, svo að okkur 3. þm. Reykv. gefist tækifæri til að ræða málið og rifja upp söguna um þessar 200 kr., sem honum er svo tíðrætt um.

Héðinn Valdimarsson: Ég er viss um, að eftir framkomu hv. þm. V.-Húnv. í þessu máli mun enginn hv. þdm. trúa því, að hann hafi fengið umboð til þess að flytja hv. allshn. einhver skilaboð fyrir mína hönd. Þetta er eins og annað hjá hv. þm., staðlaust slúður; ég hefi engar óskir látið í ljós um framgang þessa frv. hans og álít, að öxin og jörðin geymi það bezt.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Við hv. 3. þm. Reykv. áttum tal saman áðan hérna inni í ráðherraherberginu, og þá bað hann mig að skila þessu til hv. allshn., að afgreiða frv. Ég taldi mig því einnig hafa umboð frá honum til að flytja þessa ósk við n. En hvað sem um það er, þá er nú liðið svo langt síðan hv. n. fékk frv. til umsagnar, að það er full ástæða til, að hún skili því fljótlega og setjist ekki á það. En vera má, að 3. þm. Reykv. hafi beðið hv. allshn. að afgr. ekki frv., til þess að hann gæti komizt hjá því að tala meira um það. Ég skora á hæstv. for-

seta að gæta þess, að málinu verði hraðað.

Héðinn Valdimarsson: Ég vona, að allir hv. þdm. hafi tekið eftir því, að þm. V.-Húnv. hefir engu getað svarað því, sem ég rak ofan í hann með vottorðum frá pósthúsinu. Ég lýsti hann þá lygara að því, sem hann áður hafði á mig borið, og sannaði það. Viðvíkjandi því, sem hann sagði nú, að ég hefði beðið hann fyrir skilaboð til hv. allshn., lýsi ég hann einnig lygara, og vænti ég að geta lagt fram um það vottorð tveggja skilríkra votta á næsta fundi, sem heyrðu viðtal okkar, að hann lýgur þessu líka.

Forseti (JörB): Ég vænti, að hv. þm. hætti nú að skattyrðast, þar sem málið er hér ekki til umr.

Bergur Jónsson: Mér er alveg ókunnugt um, að hv. 3. þm. Reykv. hafi óskað eftir því við allshn., að hún skyldi setjast á þetta frv., sem hér hefir borið á góma, og afgreiða það ekki til d. Allshn. mun skila áliti um frv. samkv. venju, þegar röðin kemur að því.

Jónas Þorbergsson: Ég vil taka undir það með hv. þm. V.-Húnv., að ég óska mjög eindregið eftir því, að hv. allshn. afgr. þetta frv. sem allra fyrst til þd. Ég gerðist meðflm. þess samkv. ákveðnum óskum kjósenda minna, sem fólu mér að fylgja því fast eftir og gera það, sem unnt væri, til þess að sporna við þeirri ósanngirni og frekju, að bændum væri með ofbeldi varnað þess að vinna að sinni framleiðsluvöru. Þetta er þeim mjög mikið áhugamál, eins og eðlilegt er, að samvinnufélög bænda fái óáreitt að vinna að sinni framleiðslu. Ég beini þeirri áskorun til hv. allshn. að flýta sem mest fyrir málinu.

Forseti (JörB): Ég vona, að hv. þdm. geti látið umr. um þetta mál bíða, þangað til frv. verður tekið á dagskrá í d. og liggur fyrir til umr.

Haraldur Guðmundsson: Ég get vottað, að það er alveg rétt, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði, að það er réttnefni á þm. V.-Húnv. að kalla hann lygara. Það verður ekki hjá því komizt að nota þetta orð íslenzkrar tungu, þegar það á við. Af því að ég hlustaði á það, sem þessum hv. þm. fór á milli áðan inni í ráðherraherberginu, þá get ég vottað, að hv. 3. þm. Reykv. skýrði rétt frá því, en hv. þm. V.-Húnv. alrangt.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Þeir eru nú teknir til að vitna hver með öðrum, hv. jafnaðarmenn. En ég verð að segja, að þessir vitnisburðir þeirra eru ekki alveg réttir. Þegar ég hafði orð á því að reka á eftir hv. allshn. um að afgr. frv. og skila áliti sínu, þá sagði hv. 3. þm. Reykv.: „Já, gerðu það". Ég vil skjóta því til þeirra, er á hlýddu, hvort þetta er ekki rétt hermt, og um leið til hv. þm. Seyðf. að athuga, hvort þetta megi ekki skoðast sem samþykki frá hv. 3. þm. Reykv. Annars má vel vera, að hv. 3. þm. Reykv. vilji ekki fá málið á dagskrá. En ég mun ekki skorast undan umr. um málið sjálft og vil fá það aftur inn í þd., til þess að við getum leitt hesta okkar saman um það. Hitt er þýðingarlaust, að við séum að skattyrðast nú utan dagskrár. Ég vona, að hv. 3. þm. Reykv. leggist á eitt með mér að fá málið á dagskrá, svo að við fáum tækifæri til að eigast við.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

46. Hafnarlög Reykjavíkur (frv. HV).

Á 40. fundi í Nd., 1. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á hafnarlögum fyrir Reykjavíkurkaupstað, nr. 19, 11. júlí 1911 (þmfrv., A. 289).

Á 90. fundi í Nd., 2. júní, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 15 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Haraldur Guðmundsson: Mér er næst að halda, að hæstv. forseti hafi gert það að gamni sínu að taka þetta frv. á dagskrá, því að það er þegar búið að samþ. og gera að l. aðalefni þessa frv. með samþykkt á brtt. við annað frv., sem fór í svipaða átt og þegar hefir öðlazt samþykki þingsins. Flm. þessa frv. er hinsvegar ekki viðstaddur, og með því að ég er ekki svo þingfróður, að ég viti dæmi um slíka afgreiðslu mála hér á þingi, vildi ég leyfa mér að beina því til hæstv. forseta, að hann taki málið af dagskrá nú.

Forseti (JörB): Þetta er eitt þeirra þingmála, sem óafgreidd eru, og vildi ég með því að taka málið hér fyrir nú gefa flm. þess tækifæri til að láta í ljós álit sitt um það, hverja afgreiðslu hann óskaði að málið fengi. En þar sem flm. er ekki viðstaddur, get ég orðið við tilmælum hv. þm. Seyðf. um að taka málið af dagskrá.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

47. Erfðir og erfðafjárskattur.

Á 40. fundi í Nd., 1. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breytingar á tilsk. 25. sept. 1850, um nokkrar breytingar á erfðalögunum, og um breytingar á l. nr. 30, 27. júní 1921, um erfðafjárskatt (þmfrv., A. 290).

Á 56. fundi í Nd., 20. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Samkv. þessu frv. er gert ráð fyrir, að af sé tekinn erfðaréttur útarfa. Ég býst við, að ýmsir hv. þdm. fleiri en flm. þessa frv. séu sammála um, að þetta sé rétt, þótt menn kunni að greina frekar á um hitt, hvar skuli setja mörkin milli útarfa og nærarfa. Við flm. þessa frv. gerum ráð fyrir, að framfærsluskylda og erfðaréttur séu látin fylgjast nokkurnveginn að. Gert er ráð fyrir því í frv., að erfðaréttur haldist óbreyttur frá því, sem nú er, til ættingja beint upp og niður, til foreldra, föðurforeldra, móðurforeldra o. s. frv., svo framarlega sem nokkrir eru á lífi. Einnig haldist erfðir til allra niðja. Ég skal geta þess, að við flm. munum ekkert hafa á móti því, þótt þetta yrði rýmkað nokkuð, t. d. þannig, að systkin ættu að taka arf eftir bróður eða systur, sem hefði verið fyrirvinna þeirra og þau annars félaus. Ekki er þó gert ráð fyrir í frv., að þetta sé víðara en það, að heimilt sé með arfleiðsluskrá að ráðstafa til þessara ættingja nokkrum hluta eignanna. Einnig er gert ráð fyrir því, að sjóður sá, sem arfinn tekur, ef nærarfar eru ekki á lífi, hafi sama rétt og aðrir lögarfar að því leyti, að óheimilt sé að ráðstafa nema ¼ hluta eignanna með arfleiðsluskrá, jafnt hvort sem lögarfar eru til eða eigi, ef eftirlátnar eignir nema meiru en 20 þús. krónum. Ég skal geta þess, að þetta hámark — 20 þús. kr. — er ekki neitt sérstakt kappsmál hjá okkur flm. Við getum vel hugsað okkur að ganga inn á eitthvert annað hámark, ef það er líklegra til samkomulags, en meiningin með því að skerða ráðstöfunarréttinn með arfleiðsluskrá er að gera rétt hins opinbera jafnan og rétt lögarfa.

Þá er farið fram á smávægilega breyt. á 3. gr., að ógift kona, sem býr með manni og hefir alið honum barn, hafi sama rétt til arfs og þau væru gift. Þetta er sjálfsagt, og geri ég ekki ráð fyrir, að nokkur hafi á móti því.

Þá er einnig gert ráð fyrir því, að erfðafjárskattur sé hækkaður tvöfalt frá því sem nú er, á arfi, sem fer yfir 5000 kr., en jafnframt að erfðafjárskattur skuli alveg niður falla, ef arfurinn nemur ekki meiru en 5000 kr., og heimilað að ráðstafa með arfleiðsluskrá allt að sömu upphæð af eftirlátnum eignum, þótt hún fari fram úr fjórðungi alls arfsins. Þá er og ennfremur gert ráð fyrir, að þetta fé verði ekki notað sem eyðslueyrir til almenningsþarfa. Það liggur í hlutarins eðli, að það væri eignaeyðsla, ef það fé, sem hið opinbera tæki í arf, væri gert að eyðslueyri. Fyrir því er hér gert ráð fyrir, að það renni í sérstakan sjóð, sem á sínum

tíma á að notast til þess að framfleyta gamalmennum og öryrkjum í landinu. Meiningin er sú, að þegar erfðaréttur og framfærsluskylda fer saman, þá taki hið opinbera við framfærslu gamalmenna og öryrkja um leið og arfinum.

Þá vil ég geta þess, að við samningu frv. um alþýðutryggingar var okkur það ljóst, að léttara yrði fyrir tryggingarnar, ef hægt yrði að safna sjóði fyrir örorkutryggingarnar. Gerum við því ráð fyrir, að erfðafjárskatturinn renni til slíks sjóðs. Hve miklu þetta muni nema nú, er ekki unnt að segja. Undanfarið hefir erfðafjárskatturinn numið um 50 þús. kr., og sé gert ráð fyrir, að hann hækki um helming, þá nemur hann 100 þús. kr. Hversu miklu myndi muna um arfa þá, sem samkv. frv. þessu féllu til hins opinbera, er ekkert hægt að segja. Um það, vantar allar skýrslur. En það teldi ég ekki ógætilega áætlað, þó að gert væri ráð fyrir, að það myndi nema jafnri upphæð og skatturinn sjálfur. Yrði sjóður þessi þannig eftir 10 ár um 2 millj. kr. fyrir utan vexti. En með vöxtum töluvert á 3. millj. Væri það sæmileg fúlga.

Sé ég svo ekki ástæðu til að láta lengri formála fylgja þessu máli, en óska, að því verði vísað til allshn. að umr. lokinni, og vil jafnframt spyrja þá hv. n., hvort ekki sé bráðlega von á nál. um alþýðutryggingafrv., sem til hennar var vísað.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14:1 atkv. og til allshn. með 11:5 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

48. Borðfé konungs.

Á 49. fundi í Nd., 12. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 18, 1. okt. 1919, um greiðslu af ríkisfé til konungs og konungsættar (þmfrv., A. 378).

Á 57. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Pétur Ottesen): Ég get látið mér nægja að vísa til grg. frv., því að þar eru teknar fram þær ástæður, sem frv. byggist á. Ég vænti aðeins, að málið fái að ganga til 2. umr. og legg til, að því verði vísað til hv. allshn. að þessari umr. lokinni. **(Forsrh. TrÞ:** Til fjhn.).

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarlit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

49. Ráðstafanir vegna atvinnuskorts í verstöðvum austanlands.

Á 54. fundi í Nd., 18. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmsra ráðstafana vegna atvinnuskorts í verstöðvum austanlands (þmfrv., A. 445).

Á 58. fundi í Nd., 23. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 16 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Við 2. umr. fjárlfrv. gerði ég grein fyrir atvinnuhorfum á Seyðisfirði í sambandi við brtt., sem ég flutti þá við frv. Í stuttu máli sagt er atvinnuháttum þar svo komið, að síðastl. sumar voru þar verkuð rösklega 7 þús. skp. af fiski, og minna má það ekki vera til þess að komizt verði hjá atvinnubresti yfir hásumarið. Af þessum fiski voru aðeins 2200 skp. veidd á skip og báta frá Seyðisfirði.

Undanfarið hefir það bætt mikið úr atvinnuþörfinni, að nokkuð hefir þar verið keypt af fiski úr útlendum skipum, sérstaklega úr færeyskum skipum. En nú er

loku fyrir það skotið, þar sem engir peningar eru fáanlegir til að kaupa fiskinn fyrir, og heldur ekki heimilt að yfirfæra peninga til útlanda. Nokkuð hefir og verið keypt þar eða flutt þangað af fiski úr öðrum verstöðvum á landinu, en ekki eru horfur á, að það verði gert í sumar, vegna atvinnuskorts á þeim stöðum, nema ef vera skyldi frá Vestmannaeyjum eitthvað örlítið.

Ég þekki að vísu bezt til á Seyðisfirði, en ástæðurnar munu vera svipaðar í öðrum verstöðvum austanlands, ef til vill ofurlítið skárri á Fáskrúðsfirði og Norðfirði, en engu betri á Eskifirði. Í engum þessum kaupstaða og kauptúna er svo mikið af skipum eða bátum til fiskiveiða, að þau geti veitt fólkinu þar atvinnu í landi svo sem þörf er á. Enda hefir nokkuð verið lagt þar upp af erlendum skipum að undanförnu, og á Eskifirði hefir verið gerður út togari, sem nú er seldur burtu eða hættur að leggja þar upp afla. Það liggur því í augum uppi, að ef ekki verða gerðar sérstakar ráðstafanir til þess að bæta úr ástandinu, þá verður afartilfinnanlegur atvinnubrestur eystra í sumar, til viðbótar við hið bága ástand, sem þar ríkir að öðru leyti.

Hér er í þessu frv., sem við hv. 1. þm. S.-M. berum fram á þskj. 445, bent á tvær leiðir til þess að bæta úr þessu. Í 1. gr. frv. er ríkisstj. heimilað að veita samvinnufélögum sjómanna og verkafólks í verstöðvunum Seyðisfjarðarkaupstað, Neskaupstað og Eskifirði, eða sveitar- og bæjarstjórnum þessara staða, lán til þess að kaupa saltfisk, sem veiddur hefir verið frá öðrum verstöðvum landsins, en ella mundi seldur verða óverkaður úr landi. Frá Vestmannaeyjum, og þó einkum frá Suðvestur- og Norðurlandi, hefir allmikið verið selt af óverkuðum fiski út úr landinu undanfarið.

Það liggur í augum uppi, að sú atvinna, er fæst með að verka þann fisk, fellur ekki íslenzku verkafólki í skaut. En ef farið er eftir ákvæðum frv., er tryggt, að atvinnan við fiskverkunina fellur í skaut landsmanna sjálfra, þar sem atvinnubresturinn er mestur.

Gert er ráð fyrir, að ríkisstjórninni verði heimilað að veita samvinnufélögum eða bæjarstjórnum eystra lán til að kaupa fiskinn, og megi lánin nema allt að 90% af gangverði saltfiskjar á þeim tíma, gegn fyrsta veði í fiskinum og öðrum tryggingum, er stjórnin metur gildar. Jafnframt er gert ráð fyrir, að samvinnufélögin eða bæjarfélögin sjái um verkun fiskjarins án þess að veð þurfi að falla á hann fyrir þeim kostnaði. Með þessu móti virðist áhætta ríkissjóðs útilokuð. Þá er og gert ráð fyrir, að strandferðaskip ríkissjóðs annist flutning á fiskinum til verkunarstöðva gegn ⅓ af venjulegu flutningsgjaldi. Ætlazt er til, að þetta verði aðeins gert í áætlunarferðum og aðeins á áætlunarstaði, þótt ekki sé það tekið fram í frv. Myndi ég ekki hafa á móti, að það yrði sett inn í frv., ef tryggara þætti. Oft og tíðum er mikið ónotað rúm í strandferðaskipunum, er sigla sunnanlands, og yrði það því ekki tap, þótt flutningsgjald væri ákveðið svona lágt, heldur auknar tekjur fyrir Ríkisskip, ef ekki þarf að neita öðrum flutningi.

Gert er ráð fyrir, að upphæð sú, er ríkissjóður lánar til fiskkaupanna, nemi allt að 600 þús. kr. hvort árið, og svarar það til 12—15 þús. skp. af saltfiski. Ef gert er ráð fyrir 14 kr. verkunarkostnaði á skp., ættu íslenzkir menn að fá 200 þús. kr. í verkalaun, sem annars færu út úr landinu.

Þá er gert ráð fyrir, að stjórnin megi til 1934 leyfa nokkrum erlendum veiðiskipum að leggja upp afla sinn og láta verka hann í verstöðvum austanlands. Þetta er gert í sama skyni og hitt, til að afstýra atvinnuvandræðum. Ég hefi áður sýnt fram á, að fiskveiðalöggjöf vor, sem að vísu hefir komið víða hart niður, hefir þó komið harðast niður á Austfjörðum. Ég held, að ástæðulaust sé að óttast, þótt nokkrum skipum yrði veitt slíkt leyfi, að það spillti fyrir sölu á íslenzkum fiski erlendis. En verði ekki einhverjar slíkar ráðstafanir sem þessar gerðar, er mér óskiljanlegt annað en hörmungar og skortur sé yfirvofandi eystra og fjöldi fólks reyni að komast þaðan burt. En nú mun víðast þykja fullsetinn bekkur, bæði í kaupstöðum, verstöðvum og sveitum, og hvert á þá þetta fólk að leita? Gert er ráð fyrir, að þessar ráðstafanir gildi aðeins til 1934, því að

þá ætla bjartsýnir menn, að mesta kreppan verði um garð gengin og tilfinnanlegasta atvinnuleysinu af létt. — Óska ég, að málinu, að umr. lokinni, verði vísað til sjútvn. Meðflm. minn á sæti í þeirri nefnd og getur gefið nánari upplýsingar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

50. Bann við okri.

Á 64. fundi í Nd., 30. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um bann við okri (þmfrv., A. 580).

Á 65. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 69. fundi í Nd., 7. maí, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 16 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Bergur Jónsson): Frv. þetta er flutt eftir tilmælum lögreglustjórans í Reykjavík, sem manna bezta aðstöðu hefir haft til þess að kynnast því, hve hreint okur í útláni á peningum er orðið mikið hér í bæ og hefir verið á seinni árum.
Löggjöfin um okurvexti er orðin mjög úrelt, enda er hún frá árunum 1859—1890 og því eigi vanþörf á að endurskoða ákvæði hennar. Sú aðferð hefir verið tekin upp víða erlendis, að hafa ekki sérstök bannákvæði við því að taka okurvexti, heldur taka ákvæði um það upp í þá bálka hegningarlaganna, sem fjalla um svik. En þar sem ekki er búið að endurskoða okkar hegningarlöggjöf, verðum við að reyna að notast við sérstök lög um þetta atriði. En ég hefi ekki séð mér fært að gera þetta á þann hátt, sem ég helzt hefði kosið, í sambandi við hegningarlögin, vegna þess hve endurskoðun þeirra er skammt á veg komin. En þessi ákvæði, sem hér eru borin fram, geta til bráðabirgða komið að talsverðu gagni. Þau eru heldur auðveld í framkvæmd, en sá verknaður, sem þeim er stefnt gegn, okrið, er orðið mjög áberandi þjóðarböl og bitnar harðast á þeim, sem eru í fjárhagslegum þrengingum og verða út úr neyð að taka peninga að láni með stórum afföllum auk hárra vaxta. Einnig hefir þetta áhrif á verðmælinn í landinu. Þeir, sem fyrir okrinu verða, reyna að ná sér niðri á ýmsan hátt, t. d. með hækkaðri húsaleigu, taka hærra fyrir sín verk o. s. frv.
Ég vona, að þessu frv. verði vel tekið af hv. d., og er sennilega bezt að vísa því til hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

51. Náttúrufriðun, sögustaða o. fl.

Á 72. fundi í Nd., 11. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um náttúrufriðun, friðun sögustaða o. fl. (þmfrv., A. 689).

Á 78. fundi í Nd., 19. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 15 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Magnús Jónsson) [óyfirl.]: Ég skal ekki tefja með langri inngangsræðu um þetta mál. Eins og öllum er kunnugt, sem kunnugir eru hér á landi, þá eru hér ýmsir staðir, sem skaði væri að raska og því þörf að vernda. Þar til má nefna ýmsa sögustaði, t. d. þar sem vorþing voru háð. Það gæti komið fyrir, að menn vildu t. d. reisa á þeim hús og spilla þeim þar með. Einnig eru til merkir staðir frá jarðfræðilegu sjónarmiði. Slík löggjöf, sem hér er farið fram á að

setja, kvað vera til hjá flestum þjóðum, og er hún talin nauðsynleg, svo að hægt sé að grípa til hennar til verndar þessum frægu stöðum, ef á þarf að halda.

Það eru nokkur félög hér, sem gengizt hafa fyrir því að reyna að fá þessa löggjöf, og eftir óskum þeirra hefi ég flutt frv. þetta. Það er og samið af þeim, en ég hefi vikið nokkru við og fært til betra forms.

Þar sem frv. er borið svona seint fram, að það kemur ekki til umr. fyrr en síðustu daga þingsins, dettur mér ekki í hug, að það nái fram að ganga nú, en þar sem í því felst nýmæli, þótti mér rétt, að því yrði útbýtt nú, svo það kæmist í skjalapart þessa þings, svo menn yrðu kunnugri því þegar það kemur fram næst.

Vildi ég svo óska, að hv. þdm. vildu leyfa því að ganga til 2. umr., en til n. sé ég enga ástæðu að vísa því nú.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Nd., 1. júní, var frv. tekið til 2. umr.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Þegar ég bar frv. þetta fram, skömmu fyrir miðjan síðasta mánuð, var almennt búizt við, að mjög væri komið nærri þinglausnum. Frv. flutti ég fyrir tilmæli félaga þeirra, sem að því standa, og eins og ég tók fram í framsöguræðu minni, þá bar ég það fram nú mest í þeim tilgangi að fá því komið í skjalapart, til þess að þm. gætu áttað sig á því, þar sem hér var um nýja löggjöf að ræða. En þar sem ég bjóst við, að þingi væri um það bil lokið, þá lagði ég ekki til, að frv. væri vísað til n., enda þótt í því væru ýms atriði, sem athuga bæri í n. Ég get nú vel búizt við, að þingið standi svo sem einn til tvo mánuði enn, og því verði hægt að fá mál afgr., sem nú er verið að bera fram. Legg ég því til, að þessari umr. um frv. verði frestað og því vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til allshn. með 14:1 atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

52. Stjórnarskrárbreyting.

Á 15. fundi í Ed., 27. febr., var útbýtt:

Frv. til stjórnarskipunarlaga um breyt. á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920 (þmfrv., A. 37).

Á 18. fundi í Ed., 2. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Þorláksson): Þetta frv. til stjórnskipunarlaga, sem flutt er af okkur þremur þm. í þessari þingdeild, sem sæti áttum í milliþingan. í kjördæmamálinu, er að efni til að miklu leyti shlj. frv. því, er við sjálfstæðismenn bárum fram hér á síðasta þingi. Mér þykir því eigi þörf vegna hv. þingdm. að gera grein fyrir efni þessa frv. í löngu máli, og það því síður sem ýtarleg grg. fylgir frv., þar sem er nál. frá fulltrúum Sjálfstæðisflokksins í mþn. um skipun Alþ. og kjördæmaskipunina, sem útbýtt hefir verið til hv. þm. fyrir nokkrum dögum. Að því er snertir upplýsingar um þetta mál mönnum til handa utan þings, þykir mér rétt að taka það fram, að nál. er nú í sérprentun og verður fyrir hendi um næstu helgi, svo kjósendur munu þá fá tækifæri til að kynna sér álit og till. okkar tveggja þm. úr Sjálfstæðisflokknum, er sæti áttum í kjördæmanefndinni. Ég tel þó rétt að víkja nokkuð að þeim þremur höfuðnýmælum, sem frv. þetta hefir að flytja.

Hið fyrsta er, eins og um getur í fyrstu gr. frv., að Alþ. sé svo skipað, að hver landsmálaflokkur fái þingsæti í hlutfalli við atkvæðamagn sitt við undangengnar kosningar. Þingið verði þannig á hverjum tíma hlutfallslega rétt mynd af þeim almennu óskum og skoðunum kjósendanna, sem kjósendurnir leggja svo mikla áherzlu á, að þeir eftir þeim skiptast í flokka.

Réttmæti þessarar kröfu er viðurkennt í flestum löndum eða ríkjum Norðurálfunnar, og víðast hvar á þann hátt, að

stjórnskipulög þjóðanna fyrirskipa, að kosningarréttur sé almennur og jafn, og sú krafa víðast tryggð með því, að viðhöfð er hlutfallskosning. Í nál. sjálfstæðismanna í kjördæman. er gerð nokkur grein fyrir sögulegum aðdraganda þess, hvernig tilhögun þessi hefir fengið almenna viðurkenningu í lýðræðisríkjum. Krafan um, að þingið sé ávallt rétt mynd af vilja þjóðarinnar grundvallast á þeirri skoðun, að þjóðfélagsvaldið sé sameiginleg eign allra fullveðja borgara í landinu, sem kosningarrétt hafa. Þótt aðrar kenningar hafi verið uppi um það, hvaðan þjóðfélagsvaldið sé runnið, þá er það þó þessi skoðun, sem nú er ríkjandi og er einráð í öllum lýðræðisríkjum.

Þar eð þessi sameiginlega eign manna til hlutdeildar í þjóðfélagsvaldinu er hluti af mannréttindum þeirra, getur þingið ekki verið réttur umbjóðandi þjóðarinnar, nema því aðeins, að það sé rétt mynd af þjóðarviljanum. Við höfum ekki viljað orða það svo sem tíðast er, að hlutfallskosningar séu fyrirskipaðar í sjálfri stjórnarskránni. Við höfum talið réttara að orða þetta líkt og gert er í grundvallarlögum Dana. Að vel yfirlögðu ráði höfum við haft ákvæðin um kosningatilhögun svo rúm, að þau útiloki ekki neina þá kosningatilhögun, sem rúmar það grundvallaratriði, að kosningarrétturinn sé jafn, hvort sem það heita hlutfallskosningar eða eitthvað annað.

Ég þarf ekki að tala fleira um þetta. Aðeins vil ég minna á, að afleiðing þessa er, að kjósa verður varaþingmenn jafnmarga og samtímis því að aðalþingmenn eru kosnir.

Önnur aðalbreytingin er sú, að nema burt úr stjórnarskránni öll þau ákvæði, sem binda tilhögun kosninganna, svo hægt verði að fullnægja grundvallaratriðinu um réttláta skipun Alþ. Núverandi stjórnarskrárákvæði binda svo kosningatilhögunina, að réttlæti er útilokað. Höfum við, sem störfuðum í mþn., ekki fundið hliðstæð dæmi um slíkar hömlur í stjórnarskrárlögum nokkurs ríkis. Venjan er sú, að í stjórnskipunarlögum eru annaðhvort engin ákvæði um kosningatilhögun, ellegar að ákveðnar eru hlutfallskosningar. Ég þarf ekki að gera nánari grein fyrir þessu. Það er öldungis ljóst, að til þess að geta fullnægt ákvæðum 1. gr. frv. verður að rýma öllu því burt úr stjskr., sem er því til hindrunar, að það mark náist, sem þar er sett.

Þriðja nýmælið er að rýmka kosningarréttinn, þannig að aldurstakmark til kosningarréttar verði 21 ár, jafnframt sem felld eru önnur skilyrði burt, sem nú gilda til kosningarréttar, önnur en þau, að menn hafi óflekkað mannorð og séu fjár síns ráðandi. Að auki er svo ákvæðið um 5 ára búsetu hér á landi. Að við höfum ekki gert till. um, að það ákvæði verði fellt í burt, stafar af því, að það er komið inn í stjskr. af alveg sérstökum ástæðum, sem ekkert á skylt við hinn almenna kosningarrétt. Hinsvegar er það álit okkar allra, sem berum þetta frv. fram, að slíkt ákvæði hafi ekki við nægileg rök að styðjast, og við erum fyrir okkar leyti reiðubúnir til að fella það burt. Væru þá kosningaákvæði stjskr. komin í fullt nútímahorf.

Nú er oss kunnugt, að sumum munu þykja ákvæði þessa frv. allt of rúm. En okkur fannst rétt að stíga þetta skref til fulls nú þegar, svo allri deilu um það gæti verið lokið.

Ég mun svo að sinni ekki segja meira um ákvæði þessa frv. til stjórnskipunarlaga. En það er öllum ljóst, að bak við þessar breyt. á stjórnskipulögunum liggur atriðið um tilhögun alþingiskosninganna. Og meginstarf kjördæmanefndar var að gera sér grein fyrir, hvaða kosningatilhögun menn gætu hugsað sér, eftir að hin nýja stjskr. hefir verið lögleidd. Þar koma til greina tvö höfuðatriði, sem við höfum fest auga á:

1. Að þingið verði samkv. 1. gr. rétt mynd af skoðunum og vilja kjósendanna í hvert sinn sem kosið er.

2. Að núverandi kjördæmi í landinu haldi áfram að senda sérstaka fulltrúa á þing.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í kjördæman. settu sér það verkefni að finna leið, sem fullnægt gæti þeim tveim kröfum, og við teljum okkur hafa leyst það verkefni. Í nál. okkar höfum við sýnt fram á, að þeir, sem leggja sérstaka áherzlu á, að núverandi kjördæmi fái að haldast, þurfa ekki að hika við að fylgja

fyrri kröfunni. Það er hægt að sameina þetta tvennt, jafnrétti kjósendanna og núverandi kjördæmaskipun, án þess að því fyrirkomulagi fylgi nokkrir verulegir annmarkar. Út af umr., sem um málið hafa spunnizt utan þings, um kjördæmaskipun og kosningatilhögun, höfum við í nál. okkar gert grein fyrir því, hvernig hægt er að setja eðlilegar takmarkanir fyrir fjölda þingmanna. Þess vegna er það álit okkar, að með till. þeim, er við gerum um kosningatilhögunina, höfum við samið grundvöll að samkomulagi í málinu milli þeirra, sem mesta áherzlu leggja á sérstök kjördæmi, og þeirra, sem mesta áherzlu leggja á, að þingið verði rétt mynd af skoðunum og vilja kjósendanna.

Ég vil svo fyrir mína hönd og meðnm. míns í kjördæman. bera fram þá ósk, að frv. þetta fái fljóta og friðsamlega afgreiðslu í þinginu, svo það nái að verða afgr. sem lög. — Óska ég svo, að því verði að þessari umr. lokinni vísað til sérstakrar 5 manna n., er kosin verði í þessu skyni.

Jón Baldvinsson: Hv. 1. flm. þessa frv. hefir gert almenna grein fyrir ástæðum frv. og jafnframt fyrir afstöðu sjálfstæðismanna til þess og kjördæmamálsins. Ég mun nú gera grein fyrir afstöðu Alþýðuflokksins til frv. þessa.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er, eins og skýrt hefir verið af hv. 1. flm., frá meiri hl. þeirrar n., er starfað hefir milli þinga í kjördæmamálinu, og miðar að því að breyta stjskr. í það horf, að hægt sé að breyta kosningafyrirkomulaginu, en það verður eigi hægt með núv. stjskr. óbreyttri.

Þess má raunar geta, að Alþingi hefir aldrei sett í stjskr. positiv ákvæði, sem hindra breyt. á kosningafyrirkomulaginu og kosningaraðferðinni. Slík ákvæði koma fyrst inn í stjskr. 1915, þegar ákveðið er að kjósa nokkurn hluta þingsins með hlutbundnum kosningum um land allt; og virðist eftir það eigi hægt án breyt. á stjskr. að ákveða, að allir þingmenn skuli kosnir hlutbundnum kosningum, hvorki í einstökum, stórum kjördæmum, öðrum en Rvík, né um land allt, með því að ákveðið er, að kjördæmakosnir þingmenn skuli kosnir óhlutbundnum kosningum, í mótsetningu við landskjörið.

Þegar Hannes Hafstein flutti 1907 víðtækar breyt. á kosningalögunum, þá voru engin ákvæði í stjskr. því til fyrirstöðu, að hægt væri með einföldum lögum að samþ. hlutfallskosningar í stórum kjördæmum.

Jafnaðarmenn eru sammála sjálfstæðismönnum um það, að rétt sé að gera þær breyt. á stjskr., sem auðveldi breytingu á kosningalögunum. Er þetta líka í samræmi við frv. það, er fram kom á síðasta þingi og við tjáðum okkur þá samþykka. Og ennfremur, í samræmi við þetta, lagði ég fram á fyrsta fundi kjördæman. till., sem síðan var raunar aldrei endanlega gengið til atkv. um.

Það hefði náttúrlega verið æskilegt, að fulltrúar allra flokka í n. hefðu getað verið sammála um að bera fram stjskrbreyt. nú, og að þá um leið hefði orðið samkomulag í kjördæmaskipunarmálinu. En þó svo sé nú ekki, og þó sú stjskrbreyt., sem hér liggur fyrir, yrði samþ., þá mundi það ekki þýða það, að endilega þyrfti að breyta kjördæmaskipuninni, en það opnaði aðeins möguleikana fyrir því að færa kjördæmaskipunina í það horf, sem óhætt mun að segja, að milli 60 og 70% landsmanna óska eftir eða krefjast.

Ég hefi ekki ennþá gefið út álit mitt í kjördæmaskipunarmálinu, en það er væntanlegt nú á næstunni, eins og segir í grg. fyrir þessu frv. En ég get sagt það, eins og líka kom fram á þinginu 1930 við umr. um þáltill., sem 3 af þm. Alþýðuflokksins fluttu þá um þetta mál, að við Alþýðuflokksmenn viljum leggja til grundvallar fyrir kjördæmaskipuninni, að allir kjósendur hafi jafnan rétt til áhrifa á fulltrúaval til Alþingis, sem er það sama og segir í 1. gr. stjskrfrv. þess, sem hér liggur fyrir. Ég þarf því ekki á neinn hátt að flytja fram ástæður fyrir því né réttlæta það, að Alþýðuflokkurinn tekur nú höndum saman við þá menn úr öðrum flokkum, eða í þessu máli Sjálfstæðisflokkinn, sem fallizt hafa á þessa kröfu, og er þeim sammála um að gera þá breyt. á stjskr., sem til þessa þarf. Og ég skal ekki heldur fara út í það nú, þó sú skoðun hafi ekki alltaf verið uppi í Sjálfstæðis-

flokknum, þar sem hann nú, að því er virðist, skipar sér óskiptur um þessa kröfu. Við Alþýðuflokksmenn teljum rétt að gleðjast yfir því, hver sem bætist við í þann hóp, sem hefir okkar skoðun á málunum, og viljum ekki hlaupa frá einhverju máli fyrir þá eina sök, að andstæðingarnir koma og segjast vera okkur sammála.

Þetta frv., sem hér er lagt fram, er flutt af mér og fulltrúum Sjálfstæðisflokksins í mþn. En þess er getið í ástæðunum fyrir frv., að ég sé þeim ekki að öllu leyti sammála, og skal ég því geta þess hér, að ég er þeim ekki alveg sammála um 2 atriði í frv., sem sé skipun Alþingis og eitt kosningarréttarskilyrðið. En þar sem þetta eru 2 atriði, sem eru svo mjög minni háttar, en aðalatriðið er í 1. gr. frv., og ég er þeim alveg sammála um það, þá mun ég ekki snúast gegn frv.. þótt þau komist ekki inn í það. Og þó ég hefði tilhneigingu til að koma fram með brtt. við ýms atriði í frv., þá mun ég ekki né heldur minn flokkur leggja svo mikla áherzlu á þær, að við gerum nokkurt ósamkomulag út af þeim, heldur sætta okkur við, að frv. nái óbreytt fram að ganga eins og það liggur nú fyrir, þar sem við teljum mikið unnið við að fá samþ. það aðalatriði, sem er í 1. gr. frv.

Ég sé ekki ástæðu til að gera nú frekari almenna grein fyrir afstöðu minni til frv. né til kjördæmamálsins í heild; ég mun gera það í nál. því, sem kemur frá mér nú á næstunni. En ég vil, út af till. hv. aðalflm. um skipun 5 manna n. til að taka þetta mál til meðferðar, gera þá fyrirspurn til stóru flokkanna, hvort þeir gætu ekki fallizt á, að Alþýðuflokkurinn fái einn mann í n., þó hann hafi ekki atkv.magn til að koma neinum manni að. Ég skal rökstyðja þetta nánar. Eins og kunnugt er, hefir Alþýðuflokkurinn ekki atkv.magn til að koma manni í neina n. Frá honum er því ekki fulltrúi í neinni n. þingsins. En það stendur svo sérstaklega á með þetta mál, að það kemur frá mþn., sem búin er að ljúka störfum, og þar átti fulltrúi frá Alþýðuflokknum sæti. Það liggur því nærri að skoða starf stjskrn. hér í hv. d. sem framhald af því starfi, sem mþn. hafði með höndum, og þess vegna ber ég fram þessa fyrirspurn, sem ég vildi mælast til, að svarað yrði áður en gengið verður til atkv.

Frs.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég ætla, að það hafi verið á síðasta eða næstsíðasta fundi kjördæman., sem það var tilkynnt, að borið myndi verða fram á Alþingi frv. til breyt. á stjskr., sem yrði byggt á líkum grundvelli og frv. það, er hér liggur fyrir. Og því var lýst yfir, að þetta myndi verða gert, þó störfum n. yrði ekki formlega lokið. Af hálfu okkar fulltrúa Framsóknarflokksins í n. var því lýst yfir, að við hefðum ekkert við þetta að athuga. Og því var ennfremur lýst yfir af okkar hálfu, að við sæjum ekkert við það að athuga, þó það kæmi út nál. frá fulltrúum einstakra flokka í n., þótt hún í heild sinni hefði ekki formlega lokið störfum.

Eitt slíkt nál. liggur nú hér fyrir, og annað mun vera væntanlegt næstu daga. Ég get lýst því yfir f. h. okkar framsóknarmannanna í n., að okkar nál. er sumpart í prentun og sumpart ekki fullbúið, en mun koma í góðan tíma áður en þetta mál verður endanlega afgr.

Jafnhliða þessu mun það vera öllum nm. ljóst, að það að bera fram slíkt stjskrfrv. sem þetta er ekki úrslitaatriðið í þessu máli. Aðaltilgangurinn með skipun mþn. var sá, að hún skapaði möguleika fyrir því að koma fram endurskoðun eða breytingum á kjördæmaskipuninni. Af því leiðir, að það verður að vera vitað í aðalatriðum, hvernig sú breyt. á að vera, áður en gengið er frá stjskrbreyt. Það er alveg tilgangslaust að ganga til kosninga á þeim grundvelli, að leggja fyrir þjóðina breyt. á stjskr. í þeim tilgangi að breyta kjördæmaskipuninni, nema þær till. séu fyrir hendi eða vitað sé, hvernig þær eiga að vera. Annars leiðir það bara til þess, að það verður enn að ganga til kosninga um málið. En um þetta atriði, hvernig kjördæmaskipuninni eigi að haga, hefir enn ekki náðst samkomulag, svo að þessu leyti hefir kjördæman. enn ekki lokið störfum. Og það er enn ekki séð út um það, að ekki takist að ná samkomulagi milli flokkanna um þetta atriði. En um það, hvernig kjördæmaskipunin eigi að vera, tel ég, að eigi að fara fram samtöl milli flokkanna á þessu þingi.

Á þessu stigi stendur því þetta mál nú, að það er óreynt, hvort ekki næst samkomulag milli flokkanna um það, hvernig eigi að fara um þetta aðalatriði, kjördæmaskipunina. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum nú um þetta mál í einstökum atriðum á þessu stigi málsins. En um aðalefni þessa máls mun ég geyma mér að tala.

Ég tel þó rétt að fara nokkrum almennum orðum um málið í sambandi við framburð þessa frv., sem fyrirrennara þeirrar vinnu, sem væntanlega verður lögð í að leysa málið.

Fyrst vil ég þá víkja að sjálfu frv. og ákvæðum þeim, sem það inniheldur. Ég vil geta þess, að um sum ákvæði frv. er enginn ágreiningur, og um sum lítilsháttar ágreiningur við nokkuð af andstæðingunum. Um það t. d. að fella niður landskjörið og að allir þm. skuli kosnir í einu af sömu kjósendum er enginn ágreiningur. Um deildaskiptinguna og 21 árs aldurinn er heldur enginn eða lítill ágreiningur. Þessi ákvæði öll eru sameiginleg með stjskrfrv. því, sem stj. lagði fyrir þingið í fyrra. En það aðalatriði, sem ágreiningurinn er um, er það, hvernig eigi að vera orðaðar í stjskr. grundvallarreglurnar fyrir því, hvernig kjördæmaskipuninni sé hagað.

Við framsóknarmenn bárum fram í n. till. um að grundvalla kjördæmaskipunina á því að tryggja hvorttveggja í aðalatriðum:

Sem jafnastan rétt kjósandans til fulltrúavals og áhrifa á Alþingi, og

rétt núverandi kjördæma til eigin fulltrúa.

Og atkvgr. í n. um þessa till. fór eins og frá henni er sagt í nál. Sjálfstæðisflokksins.

Ég vil sérstaklega minna á það um liðinn, sem við framsóknarmenn lögðum mesta áherzlu á, að sá liður var samþ. óbreyttur í n. með 4:1 atkv. Og tveir hv. þm. (JónÞ og PM), sem samþ. c-liðinn óbreyttan, eru flm. þessa frv. Samt sem áður er þessi liður ekki látinn koma fram sem grundvallaratriði í þeim till., sem þessir hv. þm. bera nú fram. Af þessum 3 liðum till. eins og hún lá fyrir í n. hafa hv. flm. eingöngu tekið upp a-liðinn.

Á þessu stigi málsins er ekki ástæða til að ræða um, hvers vegna við framsóknarmenn leggjum svo ríka áherzlu á, að héruðin úti um landið eigi óskertan rétt sinn til að senda sína sérstöku fulltrúa á Alþingi. Við munum rekja það nánar í nál. okkar. Aðeins vil ég minna á það, að við erum ekki einir um það að líta svo á, að því er virðist, því samkv. atkvgr. í mþn. hafa fulltrúar sjálfstæðismanna einnig fallizt á það. Ég tel það svo þýðingarmikið atriði að tryggja aðstöðu hinna dreifðu byggða landsins til áhrifa á Alþingi, að ég tel, að röskun á þeim rétti héraðanna, sem þau nú hafa, muni hafa óholl áhrif á heilbrigða þróun þjóðlífsins. Og þegar á að setja ný ákvæði í stjskr. um grundvallaratriði kosningatilhögunarinnar, þá tel ég, að þau eigi að bera það með sér, að það sé verið að tryggja þennan þýðingarmesta rétt héraðanna. Ég vil mega ganga út frá því um Sjálfstæðisflokkinn, að hann geti fallizt einnig á það, að þessu mikilvæga atriði verði fullnægt, þegar á að ganga til atkvgr. um þetta mál.

Um frv. sjálft skal ég svo ekki segja fleira. En um kjördæmaskipunina vil ég bæta við fáum orðum. Við fulltrúar Framsóknarflokksins lítum svo á, að umr. um þetta mál eigi að halda innan þess ramma, að tryggja hvorttveggja sem bezt í aðalatriðum: sem jafnastan rétt kjósendanna til fulltrúavals og áhrifa á Alþingi og rétt héraðanna til að senda sína eigin fulltrúa á Alþingi. Innan þessa ramma erum við reiðubúnir til samvinnu við aðra flokka, og óskum einskis fremur en að geta leyst málið á þessum grundvelli. Við höfum bent á að fara ákveðna leið í þessu efni. Við höfum bent á þá leið, sem sú þjóð hefir farið, sem þingræðisskipulagið hófst hjá. Hjá þeirri þjóð, sem lengsta og farsælasta sögu á af þingræði, er fyrirkomulagið líkt í þessu efni og hjá oss. Og hún hefir svo góða reynslu um þessa skipun, að hún heldur fast við hana. Að hennar dæmi viljum við framsóknarmenn fara. Við viljum um þetta fara að dæmi ensku þjóðarinnar. Við höfum bent á að leggja til grundvallar þau kjördæmi, sem nú eru, en verja svo ákveðinni tölu þingsæta til þess að jafna rétt kjósendanna. Við höfum þar með bent á almennan grundvöll til að ná þessu marki. Við höfum líka borið fram á-

kveðna till. til að leysa þetta mál í einstökum atriðum. En við höfum hinsvegar lýst yfir því, að við bindum okkur ekki við einhliða till. í því efni. Á þeim grundvelli, sem ég hefi hér talað um, erum við framsóknarmenn reiðubúnir til samvinnu við aðra flokka um að leysa þetta mál, og er þá aukaatriði, með hverjum hætti það er gert. Fulltrúar sjálfstæðismanna hafa nú borið fram sínar till. í málinu og birt þær, bæði áður en þær voru lagðar fyrir þingið og svo nú. Ég endurtek það, sem ég hefi áður sagt, að það hefir glatt mig mjög, að með þeim till. er komið inn á þá braut að tryggja rétt héraðanna til sérstakra fulltrúa. Og ég tel það sem merki um það, að samvinna hefjist nú milli flokkanna um að leysa málið á þessum grundvelli.

Það hefir verið bent á, að þessar till. sjálfstæðismanna eru þó nokkrum annmörkum háðar. Það hefir ekki innan n. verið bent á ráð til að koma í veg fyrir, að það geti komið fyrir, að þingmannatalan hækki svo mikið, að ekki verði við það unandi. Ef því á að leysa þetta mál á þennan hátt nú, má telja víst, að skipulagið sjálft beri í sér möguleika til óánægju, sem mundi leiða það af sér, að það yrði að taka málið til meðferðar á ný. Ég endurtek það, að það hafa ekki í kjördæman. verið færð rök fyrir því, að þessa og nokkra aðra galla frv. mætti laga svo, að það megi fullnægja til að bæta úr þessum annmörkum. En ég vil segja það, að það skyldi gleðja mig, ef hægt væri að benda á eða það fyndist leið í þessu máli í framhaldi af þeirri leið, sem sjálfstæðismenn hafa bent á, og ég er reiðubúinn að athuga slíka möguleika.

Hv. 2. landsk. hefir einnig borið fram till. í málinu af hálfu síns flokks, Alþýðuflokksins. Um þær get ég verið stuttorður; ég mun koma að þeim síðar í nál. okkar framsóknarmanna, og þar mun verða gerð grein fyrir því, hvers vegna við getum ekki fallizt á þær. Ég get aðeins getið þess, að þær ríða algerlega í bága við þau aðalatriði, sem við framsóknarmenn viljum leggja til grundvallar í málinu, þar sem þær svipta alveg héruðin sínum sérstöku fulltrúum. En á þessu stigi málsins sé ég ekki ástæðu til að fara nánar út í það.

Þannig stendur þá málið núna. Við fulltrúar Framsóknarflokksins tjáum okkur fúsa, í áframhaldi af starfi mþn., til samstarfs við aðra flokka um lausn þessa máls.

Ég vil svo áður en ég lýk máli mínu segja nokkur orð almenns eðlis, í sambandi við aðstöðu okkar hér á landi til yfirstandandi tíma og um lausn þessa máls.

Þetta er viðkvæmt mál, svo viðkvæmt, að það er ekki hægt að hafa á dagskrá þjóðarinnar annað mál jafnviðkvæmt. Í sambandi við það vil ég minna á það, sem við erum allir daglega minntir á, að yfir okkar þjóð eru komnir alvarlegir tímar. Daglega berast okkur fréttir hvaðanæva að, af þingum og ríkisstjórnum nágrannaþjóðanna, hverjar ráðstafanir þær gera og um það, hvernig stjórnmálaflokkarnir í nágrannalöndunum styðja og styrkja þessar ráðstafanir. Þeir láta þær fréttir berast af sér yfir pollinn, að þeir láti umhugsunina um heill alþjóðar ráða meira en stundarhagsmuni flokkanna. Við erum einnig minntir á þetta sama. Hér hafa alveg nýlega verið háð þing beggja aðalatvinnuvega þessa lands, þing Fiskifél. Ísl. og búnaðarþingið. Ég hefi tekið þátt í störfum annars þessa þings, búnaðarþingsins, og fengið þar sterka tilfinningu fyrir því, hvað atvinnurekendur þessa lands beina nú sterkum huga til hv. Alþingis um það, að flokkarnir láti nú allt dægurþras víkja, en snúi sér einhuga að því að styðja atvinnuvegi landsins með því að auka starfsmöguleika þeirra, svo að hinn vinnandi lýður geti fengið nóg að starfa og þjóðin nóg að bíta og brenna.

Það er ekki ofmælt, að í augum alþjóðar er það það nauðsynlegasta, sem nú er að gera, að reyna eins og hægt er að verjast áföllum á þessum erfiðustu tímum, sem gengið hafa yfir þetta land á þessari öld. Ég vil gera allt það, sem í mínu valdi stendur, til að hindra það, að innbyrðis deilur um þetta allra viðkvæmasta mál þjóðarinnar verði til þess að hindra það, að Alþingi inni af hendi þetta þýðingarmesta starf sitt í þágu landsins barna.

Flm. (Jón Þorláksson): Ég endaði fyrri ræðu mína með því að láta í ljós von mína

um, að mál þetta fengi fljóta og friðsamlega afgreiðslu hér í þinginu. En ég verð nú að segja það, að ræða hæstv. forsrh. varð ekki til að styrkja þá von mína, heldur þvert á móti. Skal ég nú leiða nokkur rök að þessu.

Hæstv. forsrh. lét þess getið, að störfum mþn. væri ekki að fullu lokið enn, og gaf í skyn, að sú n. ætti eftir að halda marga fundi og fremja ný afrek. Ég lít nú svo á, að þegar nefnd er skipuð milli þinga, og sérstaklega þegar tiltekið er, að hún skuli lúka störfum fyrir þing hið næsta á eftir, þá sé starfstími nefndarinnar þar með tiltekinn, og að starfstími kjördæman. hafi þess vegna verið útrunninn þegar Alþingi kom saman hinn 15. febr. síðastl. Að því er snertir afstöðu sjálfstæðismanna í nefndinni, þá skal þess getið, að á fundi í n. 16. jan. síðastl. lýstum við því yfir, að við teldum þýðingarlaust að halda áfram samvinnu við fulltrúa Framsóknarflokksins í n., en létum þess jafnframt getið, að við værum fúsir til þess að koma á fundi í n. áður en starfstíma hennar væri lokið, til þess að ræða tillögur, er kynnu að koma fram frá hinum flokkunum, en engar slíkar till. hafa enn komið fram frá fulltrúum Framsóknarflokksins, þó að þeir hafi haft á orði, að þær kæmu síðar fram, eftir að starfstíma n. er lokið, að því er ég tel. Ég held, að það myndi ekki leiða til fljótrar afgreiðslu þessa máls, ef þessi mþn. ætti enn að sitja allt fram til næsta þings, eða ef til vill lengur. Ég hefi litið svo á, að árangur af starfi n. beri fortakslaust að leggja fyrir þetta þing og að nú verði ákvarðanir að taka.

Þá vék hæstv. forsrh. að því, að þetta stjórnarskrármál væri ekki úrslitaatriðið, heldur kjördæmaskiptingin og afstaða flokkanna og horfur til samkomulags í því máli. Hann hélt því sem sé fram, að áður en nokkuð yrði aðhafzt í þessu máli yrði að komast fyrir um það, hvort nokkurs samkomulags væri að vænta í kjördæmamálinu. Af okkar hálfu, sjálfstæðismanna, eru ekki í frv. gerðar neinar till. um að breyta núv. kjördæmaskipun, og af hálfu Framsóknarflokksins hafa engar slíkar till. komið fram. Ég hélt þess vegna, að það væri auðgert að fá samkomulag um að halda núv. kjördæmaskipting, og að það þurfi hvorki fresti né langar íhuganir til þess að komast að þeirri niðurstöðu. En hæstv. forsrh. lét hér í veðri vaka, að um óleyst ágreiningsatriði væri að ræða á þessum sviðum, sem gerðu það að verkum, að óforsvaranlegt væri að lúka málinu að svo stöddu, því að það gæti valdið samkomulagsslitum á næsta þingi og um leið valdið eyðingu málsins. Ég skil þetta ekki. Þá lýsti hæstv. forsrh. eftir því, að í frv. vantaði ákvæði um kjördæmaskiptinguna, og taldi hann þó tilefni hafa gefizt í mþn. til þess að taka slík ákvæði upp í frv., þar sem meiri hl. n. hefði í öndverðu fallizt á það grundvallaratriði að halda rétti núv. kjördæma til eigin fulltrúa. Ég vil leyfa mér að benda á, að þetta frv. kom fram í tillöguformi í nefndinni á fundi 14. des., svo sem sjá má í grg. frv., auðkennt I. Þær till. voru svo ræddar það sem eftir var af starfstíma n., og á fundi 6. jan. var samþ. að setja nefndarmönnum frest til þess að koma með brtt. við þessar till., sem legið höfðu frammi frá 14. des. f. á. Þessi frestur var síðan framlengdur nokkrum sinnum, til 14. jan. að ég ætla. En alls engar till. komu frá fulltrúum Framsóknarflokksins um að bæta við ákvæðum um kjördæmaskiptinguna. Ég get því með engu móti séð, að það sé á rökum byggt, er hæstv. forsrh. gerir það að aðfinnsluefni, að slíkar till. um kjördæmaskipting eru ekki teknar upp í frv., þar sem hvorki hann né meðnm. hans hafa brotið upp á slíku í n. Enda er það svo, að aðeins eitt ríki Norðurálfu hefir farið þá leið að taka ákvæði um kjördæmaskipun upp í sjálfa stjskr. Hitt get ég fallizt á, að þar sem þetta mál liggur nú fyrir þinginu, þá mun sú þingdeildarnefnd, sem fær frv. til meðferðar, taka þetta atriði sérstaklega til meðferðar og athugunar.

Það vakti alveg sérstaklega óhug hjá mér, er hæstv. forsrh. var að halda því fram, að við ættum í þessum málum að taka Englendinga til fyrirmyndar. Það vill nú svo til, að Englendingar, sem voru fyrstir þjóða til þess að koma á hjá sér umbótum á þessum sviðum, þeir eru nú í seinni tíð orðnir svo fastheldnir á þessa tilhögun, sem nú er orðin alveg úrelt, að þeir mega teljast eftirbátar annara þjóða um þessa hluti, þó að þeir á sínum tíma

stæðu öðrum þjóðum framar í þeim efnum. Þó hefir það aldrei komið jafnátakanlega í ljós og við síðustu kosningar, hversu algerlega óhafandi sú kosningatilhögun er orðin, sem Englendingar eiga við að búa. Þó hafa þar í landi ekki önnur eins ódæmi átt sér stað sem hér, að minni hl. kjósenda í landinu ráði meiri hluta löggjafarsamkomunnar. Mér er ekki kunnugt um, að þær öfgar hafi átt sér stað nokkursstaðar annarsstaðar en hér. Í Englandi varð útkoman sú, að flokkur stjórnarandstæðinga var að heita mátti gersamlega þurrkaður út úr þinginu, og allir foringjar flokksins féllu með tölu, og þó fekk þessi flokkur ⅓ atkv. við kosninguna. Slíku fyrirkomulagi er ómögulegt að mæla bót, og það vakti þess vegna mikinn óhug hjá mér, er hæstv. forsrh. fór að benda á Englendinga sem fyrirmynd í þessum efnum.

Ég ætla ekki fyrir mitt leyti að stofna til neinna illinda að óþörfu um þetta mál; það mun af minni hálfu og míns flokks verða reynt til hins ýtrasta að fá á því friðsamlega lausn.

Út af því, sem hæstv. forsrh. sagði um eitt atriði í frv., skal ég veita svör. Hann hélt því fram, að við hefðum ekki bent á neinar varnir gegn óviðunandi þingmannafjölda. Ja, það liggur við, að ég verði að skilja hæstv. forsrh. svo, að hann hafi ekki lokið við að lesa nál. okkar, því að þar er bent á algerlega fullnægjandi varnir gegn óviðunandi þingmannafjölgun.

Ég get fyllilega tekið undir með hæstv. forsrh. um það, að nú eru alvarlegir tímar og að því leyti alvarlegri fyrir okkur en aðrar þjóðir, að við eigum, auk viðskiptakreppunnar, við það að stríða, að kreppan mætir okkur á barmi ríkisgjaldþrots vegna ógætilegrar fjármálastjórnar undanfarinna ára. En ég skal vekja athygli hæstv. stj. á því, að slíkt ástand er illa til þess fallið að ætla að halda sjálfsögðum réttindum borgaranna, sem byrðarnar verða að bera, fyrir þeim sjálfum. Það verða ekki aðrir til þess kvaddir að bera byrðar hinna yfirstandandi erfiðleika, og það mun ekki stoða til langframa að fara þannig að, að halda fyrir þeim mikilsverðum og sjálfsögðum mannréttindum.

Jón Baldvinsson: Hæstv. forsrh. hefir nú farið nokkrum orðum um störf mþn., og skal ég víkja að því nokkrum orðum. Hann fann að því, að í frv. þessu væri ekkert tillit tekið til þess grundvallaratriðis, sem n. hefði í öndverðu fallizt á að byggja till. sínar á og samþ. var á fyrsta fundi n. Brtt. þær, sem fulltrúar Framsóknarflokksins báru fram á 20. fundi n., urðu aldrei endanlega samþ., og það er ekki hægt að segja, hver er afstaða n. til þeirra. Þess vegna er ekkert réttara að leggja þær till. til grundvallar heldur en till. mínar á fyrsta fundi n., sem meiri hl. hennar var samþykkur.

Hæstv. forsrh. kom inn á stjórnarskrármálið og starf kjördæman., og skal ég í því sambandi skýra frá minni afstöðu til þeirra till., sem þar komu fram, enda þótt slíkar umr. ættu í rauninni að bíða, þangað til n. eða einstakir hlutar hennar hafa endanlega lokið störfum. Af störfum n. er það fyrst að segja, að fulltrúar sjálfstæðismanna og jafnaðarmanna komu strax fram með tillögur í málinu, en Framsókn tregðaðist við og varðist þess lengi að koma með nokkrar tillögur, og loks þegar þær komu, eftir að n. hafði haldið 20 fundi, þá voru þær á þá lund, að ekki var við þeim lítandi. Hitt er alveg satt, að þeir fulltrúar Framsóknarflokksins lýstu því yfir, að þeir væru reiðubúnir til að tala áfram um þetta mál, en ég býst við, að ef hinir flokkarnir sættu sig við það að „tala við" Framsókn um þetta mál í það óendanlega, þá gæti það dregizt nokkuð, að viðunandi lausn fengist á þetta mál. Hæstv. forsrh. hlýtur að sjá, að einhverntíma verður að koma að því, að aðhafzt verði í þessu máli. Vitaskuld getur enn orðið samkomulag, en það samkomulag verður þá að fara að koma. Í sambandi við till. sjálfstæðismanna um að halda núv. kjördæmaskipun en veita jafnframt uppbótarþingsæti, þá er þess að geta, að ég lýsti því yfir, að ég gæti til samkomulags fallizt á þennan grundvöll, svo fremi að n. öll gerði það. En fulltrúar Framsóknarflokksins gerðu hér um þann fyrirvara, að uppbótarsætin yrðu að vera mjög takmörkuð. Hinsvegar er það mín skoðun, að einfaldast sé og réttast að hafa allt landið eitt kjördæmi. Með því

móti er öllum landsbúum, hvar sem þeir búa á landinu, tryggt þetta réttlæti, og með því móti njóta hinar ýmsu skoðanir sín bezt. En hinsvegar hnigu allar till. Framsóknar og uppástungur, sem fram komu í viðtali og á nefndarfundum, í þá átt, að takmarka till. sjálfstæðismanna svo mjög, að allsendis óviðunandi mátti telja. Þeir reyndu að gera mikið úr því, að þingmannatalan gæti orðið mjög há eftir till. sjálfstæðismanna, og það hefir jafnvel verið reiknað út, að þm. gætu orðið um 40 þús. að tölu, eða að til þess væri hugsanlegur möguleiki!! Þetta er vitaskuld hrein fjarstæða. Sjálfstæðismennirnir, sem standa að þessum till., gerðu ráð fyrir, að þm. yrðu 43 til 45 talsins, eða eitthvað þar um bil. Næst því að hafa landið eitt kjördæmi teldi ég bezt að hafa fá kjördæmi og hlutfallskosningu og uppbótarsæti, eða líkt og Hannes Hafstein stakk upp á 1907. Með því er sneitt framhjá þeim annmörkum, sem sumum þykir stafa af ókunnugleik þingmanna á högum landsbúa, ef allt landið væri eitt kjördæmi, enda er þetta tíðasta fyrirkomulagið erlendis. Hitt, að hafa landið eitt kjördæmi, er vitaskuld langbezta og einfaldasta lausnin frá mínu sjónarmiði.

Hæstv. forsrh. talaði af miklum fjálgleik um stjórnmálaþroska ensku þjóðarinnar. Hv. 1. landsk. svaraði því að nokkru, en þó að kosningatilhögun Englendinga sé sízt til fyrirmyndar, þá er þar ekki um aðrar eins öfgar að ræða og hér, að 36% kjósenda skipi meiri hluta þingsins. Hvað skyldu brezkir kjósendur hafa sagt, ef slíkt og annað eins hefði komið fyrir hjá þeim? Ég er hræddur um, að það hefði fljótt komið fram krafa um að breyta slíku kosningafyrirkomulagi. Hér á landi hefir ranglætið í kjördæmaskipuninni aldrei komið eins átakanlega í ljós og við síðustu kosningar.

Þó að hæstv. ráðh. hafi ekki látið neitt ákveðið uppi um afstöðu sína meira en það, sem kom fram í n., þá álít ég rétt, að þeir þingflokkar, sem vilja koma fram þessum breyt., eigi tal við Framsóknarflokkinn eða þingmenn úr flokknum. Ég álít, að þetta svar frá stjórnarfl. um afstöðu hans eigi að fara að koma, og það sem fyrst. Hin hlýju og góðu ummæli hæstv. forsrh. um að vilja leysa málið eru að vísu þakkaverð, en góðum orðum þarf líka að fylgja einhver framkvæmd. Og ég sé ekki betur en að nú séu einmitt heppilegir tímar til umbóta á þessum sviðum. Hæstv. ráðh. sagði, að nauðsynlegt væri að gera ýtarlegar ráðstafanir til þess að bæta úr atvinnukreppunni í landinu, en hinsvegar bólar ekkert ennþá á till. eða ráðstöfunum frá stj. til þess að bæta úr ástandinu og atvinnuleysinu, sem orðið er mjög svo ískyggilegt. Mér er sagt, að umr. hafi orðið um þetta í Nd. í gær og fyrirspurn komið fram til stj. út af því, en að þar hafi engin skýr svör fengizt um það, hvað stj. legði til þeirra mála.

Ég býst ekki við að taka til máls aftur við þessa umr., en vil að lokum ítreka þá ósk mína, að skýr svör verði veitt við því frá hv. þingflokkum þessarar þd. áður en til atkv. er gengið, hvort Alþýðuflokkurinn fái sæti í þeirri þingnefnd, sem kosin verður hér í þd. til þess að fjalla um þetta frv.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ræður hv. flm. þessa frv. gætu gefið tilefni til ýmiskonar aths. frá minni hálfu, en vegna þeirrar aðstöðu, sem ég hefi áður lýst, tel ég ástæðulaust að fara langt út í það nú og geymi mér það þangað til á síðari stigum málsins. Ég vil þó aðeins gera aths. út af því, sem hv. 1. landsk. lét í ljós undrun sína yfir, að ég hefði lýst eftir því höfuðatriði, sem vantaði í þetta frv., að héruðunum væri tryggður réttur til þess að hafa sína sérstöku fulltrúa á Alþingi. Hv. 1. landsk. þótti þetta undarlegt, þar sem ég hefði verið á móti þessu atriði, er legið hefði fyrir í till. meiri hl. kjördæman., stafl. 1, sem prentaður er á bls. 8 í grg. þessa frv. En ég skal þá geta þess, að sú till. kom aldrei formlega til atkv. í kjördæman., því að þá hefði ég þegar borið fram brtt. við hana í samræmi við þetta grundvallaratriði um rétt hinna einstöku kjördæma. Ég leit svo á, að n. hefði tekið afstöðu um þetta áður, um leið og grundvöllurinn var lagður að starfi n. og tillögum hennar um skipun kosninganna. Út frá þessu skoðað þarf hv. 1. landsk. ekki að undrast það, þó að ég áliti, að þetta

grundvallaratriði um skipun kosninganna eigi að vera í stjórnarskránni.

Ég vil svo aðeins bæta einu við út af þeim ummælum hv. 1. landsk., þar sem hann kvaðst vera tortrygginn gagnvart orðum mínum um samkomulag í stjskrn. þeirri, sem væntanlega fær þetta frv. til athugunar. Ég gæti með fullum rökum bent á, að ég hefi ekki síður ástæðu til að vera tortrygginn um afstöðu hv. 1. landsk. gagnvart því atriði, sem ég legg mesta áherzlu á í þessu máli, rétt héraðanna til sérstakra þingfulltrúa. Hann hefir lýst því yfir í kjördæman. og látið bóka, að hann gæti horfið frá því grundvallaratriði og fallizt á varatill. hv. 2. landsk. um að skipta landinu í fá, stór kjördæmi með hlutfallskosningum. Nú vil ég að vísu ekkert ala á þessari tortryggni gagnvart hv. 1. landsk., heldur vil ég mega ganga út frá því, að hann ætli að halda fast við það áform, að núv. kjördæmi haldi fulltrúaréttinum.

Ég tel ekki ástæðu til að gera sérstakar aths. út af ræðu hv. 2. landsk., en skal þó aðeins geta þess, að það ætti engum að vera kunnugra en honum, að Framsóknarflokkurinn ræður ekki lögum og lofum hér í d. Flokkurinn hefir aðeins 7 atkv. af 14 í þd., og þarf því á liðstyrk að halda frá hinum flokkunum til hægri eða vinstri, ef hann á að koma fram sínum málum.

Að því er nefndarskipunina snertir lít ég svo á, að eðlilegt sé, að fulltrúa Alþfl. verði bætt við til samstarfs við þá n., sem kosin verður til að fjalla um þetta frv.

Jón Jónson: Ég ætla ekki að tala um málið sjálft við þessa umr., en út af fyrirspurn hv. 2. landsk. um það, hvort Alþýðuflokkurinn geti ekki fengið að koma manni í stjskrn., vil ég leyfa mér að beina þeirri spurningu til Sjálfstæðisfl., hvort hann ætli ekki að hafa hv. 2. landsk. á lista hjá sér. Mér finnst það langeðlilegast, af því að hv. 2. landsk. hefir verið í samstarfi við þann flokk í þessu máli og þeir eru samherjar um þetta frv. Ég óska eftir skýrum svörum frá flokknum við þessari fyrirspurn minni.

Jón Baldvinsson: Fyrirspurn mín til flokkanna var þess efnis, hvort Alþýðufl. gæti fengið að koma manni í n. Ég hafði búizt við, að 2 menn yrðu skipaðir í n. frá hvorum hinna flokkanna og að Alþýðufl. gæti þá komið að fimmta manninum. Hæstv. forsrh. taldi sjálfsagt, að Alþýðufl. fengi að bæta manni við n., en ég veit ekki, hvernig átti að skilja það, hvort hann ætlaðist til, að bætt yrði 1 við 5, eða hvort Alþýðufl. átti að fá 1 af 5 nm. Ég óska að fá skýr svör við þessu.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég geri það að till. minni, að nefndarkosningunni verði frestað til morguns, svo að hægt sé að athuga þetta nánar og undirbúa nefndarskipunina.

Jón Jónsson: Ég hafði vænzt þess, að Sjálfstæðisflokkurinn mundi svara fyrirspurn minni, en fyrst hann gerir það ekki, þá óska ég eftir, að hæstv. forseti gefi fundarhlé litla stund til þess að Framsóknarflokkurinn geti tekið ákvörðun um nefndarskipunina.

Jakob Möller: Ég skal lýsa því yfir, að Sjálfstæðisflokkurinn mun skila lista til nefndarkosningar með 2 nöfnum. Ef það er ætlun Framsóknarflokksins að leggja fram lista með 3 nöfnum, þá liggur það í hlutarins eðli, að Sjálfstæðisflokkurinn hefir 2 nöfn á sínum lista.

Jón Jónsson: Fyrirspurn mín var ekki um það, hvort Sjálfstæðisfl. hefði 2 nöfn á sínum lista, heldur hitt, hvort fulltrúi Alþýðufl. yrði ekki með á þeirra lista, þar sem báðir flokkarnir flytja þetta frv. sameiginlega og eru í nánu samstarfi um þetta mál.

Jón Baldvinsson: Ég varpaði áðan fram þeirri einföldu spurningu, hvort hinir flokkarnir gætu fallizt á, að Alþýðufl., sem hefir 1 mann hér í d., gæti komið honum í n., en það þýðir, að hinir flokkarnir skipi aðeins 2 menn hvor. Ég hefi nú fengið svar frá Sjálfstæðisflokknum, en ekki Framsóknarflokknum.

Jakob Möller: Hv. 3. landsk. hlýtur að skilja það, að hér er aðeins um það að ræða, hvort Framsóknarflokkurinn ætlar að hafa fleiri en 2 menn á sínum lista.

Ég get ekki séð, að það sé sanngjarnt, að Sjálfstæðisflokkurinn hafi færri en 2 menn í nefndinni.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Má ekki kjósa 6 menn í n., þannig að hv. 2. landsk. verði bætt við sem 6. manni? Á þann hátt yrði n. rétt mynd af þingdeildinni. Annars vil ég eins og áður mælast til þess, að hæstv. forseti fresti nefndarkosningunni til morguns.

Forseti (GÓ): Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa svo mikið við, að skipuð verði 6 manna n. í málið. Ég mun taka til greina þá ósk að fresta nefndarkosningunni til morguns. — Hv. 1. flm. frv. lagði til, að skipuð yrði sérstök 5 manna n. í þetta mál, og fyrst enginn mælir því í gegn, þá skoða ég það samþ.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Till. um að kjósa sérstaka 5 manna nefnd í málið samþ. án atkvgr., en kosningunni frestað.

Á 19. fundi í Ed., 3. marz, var tekin til meðferðar kosning stjórnarskrárnefndar.

Jón Baldvinsson: Ég vildi hér nú endurtaka fyrirspurn mína til Framsóknarflokksins, þá sem ég flutti hér í gær, hvort flokkurinn sæi sér ekki fært að verða við þeirri málaleitun minni að nefna aðeins tvo menn til í stjskrn., eins og Sjálfstæðisflokkurinn hefir fallizt á fyrir sitt leyti, svo að Alþýðuflokknum gæfist þannig kostur á að eiga einn mann í n. Vænti ég þess, að ég fái svar við þessu áður en gengið verður til atkv.

Jón Jónsson: Framsóknarflokkurinn hefir afhent forseta lista sinn til þessara kosninga, sem svarar þessari fyrirspurn hv. 2. landsk., svo að ég sé ekki ástæðu til að gera það sérstaklega.

Forseti skýrði frá, að sér hefðu borizt 2 listar, A og B. Á A-lista væru Einar Árnason, Ingvar Pálmason og Jón Baldvinsson, og á B-lista Jón Þorláksson, Pétur Magnússon og Jón Baldvinsson.

Jón Baldvinsson: Þar sem flokkarnir hafa báðir tekið nafn mitt upp í þriðja sæti á listum sínum, vildi ég mælast til þess, að þeir gætu fallizt á að strika það út, svo að mér gæfist kostur á að koma fram með sérstakan lista, sem ég og enda mun gera, hvort sem flokkarnir geta fallizt á þetta eða ekki.

Þá skýrði forseti frá, að sér hefði borizt þriðji listinn, C, með nafni Jóns Baldvinssonar. — Þar sem ekki komu uppástungur um fleiri menn en kjósa átti í n., lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir:

Einar Árnason, Ingvar Pálmason } af A-lista
Jón Þorláksson, Pétur Magnússon } af B-lista
Jón Baldvinsson af C-lista

Á 42. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 37, n. 259 og 292, 279, 311).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 311. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. af hálfu Sjálfstfl. (Jón Þorláksson): Eins og gerð er grein fyrir í nál. meiri hl. stjskrn. á þskj. 259, hefir nefndin klofnað. Meiri hl., fulltrúar Sjálfstæðisfl. og Alþýðufl. í n., leggur til, að frv. verði samþ., og gerum við hv. 2. landsk. grein fyrir ástæðum meiri hl., hvor af hendi síns flokks. Minni hl., fulltrúar Framsóknarfl., bera fram brtt. við frv. á þskj. 279, og snerta þær aðeins 1. gr. frv., sem fjallar um grundvallarreglurnar fyrir skipun Alþingis.

Eins og öllum ætti að vera ljóst, liggur ekki hér fyrir að ræða neinar uppástungur um lög viðvíkjandi alþingiskosningum eða kjördæmaskipun. Hér liggur aðeins fyrir að ræða um, hver grundvallaratriði um skipun þessara mála skuli tekin upp í sjálfa stjórnarskrána. Nú getur menn auðvitað greint eitthvað á um það, hve langt stjskr. eigi að fara í þá átt að setja bindandi ákvæði um skipun Alþingis, tilhögun alþingiskosninga og kjördæmaskiptingu, eins og t. d. má sjá af brtt. minni hl. Þykir mér því rétt að gera fyrst stuttlega grein fyrir því, hve langt stjskr. okkar hingað til hefir gengið í því

að binda hendur hins almenna löggjafarvalds um þessi atriði, og hver venjan er um þetta efni í stjórnlögum annara Norðurálfuríkja.

Tala alþingismanna hefir hjá oss allt frá 1874 verið algerlega á valdi hins almenna löggjafarvalds. Að vísu hefir við hverja breyt. á stjskr. verið tekin upp í hana sú tala alþingismanna, sem þá var, en ávallt jafnframt tekið upp það ákvæði, að tölu þm. má breyta með lögum, og sú lagaheimild hefir oft verið notuð. Í æðimörgum af stjórnarskrám Norðurálfuríkja er þó tala þingmanna ákveðin, eða hámark sett fyrir þeirri tölu, en sumstaðar leiðir tilhögun kosninganna það beint af sér, að tala þm. er hvorki ákveðin í stjskr. né með almennum lögum, t. d. á Þýzkalandi.

Skipting landsins í kjördæmi hefir einnig ávallt verið almennt löggjafarmál hjá oss, ekkert um hana ákveðið í stjskr. Aðeins í einni stjskr., sem ég þekki, eru tekin upp ákvæði um kjördæmaskiptingu, þ. e. í stjskr. Noregs. Megn óánægja er með einstöku ákvæði í þeirri kjördæmaskiptingu, en stjskr.ákvæðin hafa staðið í vegi fyrir lagfæringu. Er þetta einstaka fordæmi því áreiðanlega fremur til aðvörunar en eftirbreytni. Aftur eru þess dæmi, að ákvarðanir um **tölu kjördæma** eru settar í stjskr. Þannig er t. d. í stjskr. Finnlands sett lágmark og hámark fyrir tölu kjördæma, en þar á milli getur löggjafarvaldið ákveðið tölu kjördæmanna á hverjum tíma eftir því, sem henta þykir.

Um kosningaraðferðina ákveður núgildandi stjskr. Íslands, að 6 alþm. (landkjörnir) **skuli** kosnir hlutfallskosningum, að þm. Reykjavíkur (sem stendur 4) **megi** kjósa hlutfallskosningu, og að alla hina, sem stendur 32 að tölu, **megi ekki** kjósa hlutfallskosningum. Þessi ósamstæðu og að sumu leyti ófrjálslegu ákvæði um kosningaraðferðina eru einsdæmi í stjórnarskrám Norðurálfunnar. Bann gegn hlutfallskosningu nokkurra þjóðarfulltrúa er nú ekki til í neinni stjskr. Norðurálfunnar utan Íslands.

Ég hefi kynnt mér stjórnlagaákvæði um þetta í 19 ríkjum Norðurálfunnar utan Íslands. Í 4 þeirra eru engin stjskr.-ákvæði um kosningaraðferð til löggjafarþingsins, og búa 2 þeirra ennþá við kosningar í einmenningskjördæmum (England og Frakkland), en 2 hafa lögleitt hlutfallskosningar með einföldum lögum. Í stjórnarskrám 14 ríkja eru beinlínis fyrirskipaðar hlutfallskosningar, og alstaðar framkvæmdar sem hlutfallskosningar í fleirmenningskjördæmum. Í einni stjskr. (Danmerkur) er sjálf kosningaraðferðin látin frjáls, en fyrirskipað, að lagaákvæðin um hana skuli tryggja hinum mismunandi skoðunum meðal kjósendanna, þ. e. landsmálaflokkunum, hlutfallslega jafna fulltrúatölu. Þetta er einnig þar framkvæmt með hlutfallskosningum í fleirmenningskjördæmum. Heildarniðurstaðan af þessu er sú, að í 14 ríkjum eru hlutfallskosningar ákveðnar með stjkr.fyrirmælum, en í hinum 5 ríkjunum eru engin stjskr.fyrirmæli um kosningaraðferðina.

Um **kosningarréttinn** eru ákvæði í flestum stjórnarskrám. Í þessu sambandi þarf þó aðeins að geta þess, að í flestum eða öllum nýlega sömdum stjskr. er berum orðum ákveðið, að kosningarrétturinn skuli vera **almennur** og **jafn,** en sömu grundvallarreglur eru nú að mestu komnar til framkvæmdar einnig í þeim löndum, sem búa við eldri stjskr., þar sem þetta er ekki beinum orðum fram tekið.

Upphaf þeirrar stjskrbreyt., sem hér er til meðferðar, er nú það, að framsóknarstj. lagði fyrir vetrarþingið 1931 frv. um breyt. á stjskr., sem fór fram á þá eina breyt. á skipun Alþingis, að landskjörið, þ. e. hlutfallskosning á 6 þm., skyldi falla niður. Nú er kosningaraðferðin að því er þessa 6 þm. snertir einmitt í góðu samræmi við réttarmeðvitund nútímans, þótt tilhögunin í framkvæmd gæti verið kostnaðarminni, umsvifaminni og hentugri en nú er. Það var vitanlega einungis af flokkshagsmunaástæðum, að framsóknarstj. stakk upp á þessu. Eftir núv. flokkaskiptingu er útlit fyrir, að landskjörið muni við næstu kosningar, sem fram fara 1934, gefa sjálfstæðisflokknum helming atkv. í þessari þingdeildinni og þar með stöðvunarvald gegn löggjöf, sem er andstæð stefnu þess flokks. Þetta stöðvunarvald átti að fyrirbyggja með afnámi landskjörsins.

Andstæðingaflokkar Framsóknar hér í deildinni tóku þessari uppástungu ekki

illa að því leyti, að þeir lögðust ekki á móti afnámi landskjörsins, en juku þar við þeirri breyt., að heimilt skyldi að lögleiða hlutfallskosningar í öðrum kjördæmum en Reykjavík. Þetta var samþ. hér í d. við 2. umr., en svo komst málið ekki lengra, því að þá dundi yfir þingrofið 14. apríl 1931. Síðan fóru fram kosningar 12. júní 1931, og eftir þær er þingið þannig skipað, að Framsóknarfl., sem hreppti 35,9% af gildum atkv. við kosninguna, og eftir því ætti að hafa á þingi 15 fulltrúa af 42, hefir nú 23 þingsæti, eða ríflan meiri hluta.

Í 1. gr. þessa frv. er nú lagt til, að grundvallarákvæði stjskr. um skipun Alþingis verði orðuð þannig:

„Á Alþingi eiga sæti þjóðkjörnir fulltrúar. Alþingi skal svo skipað, að hver þingflokkur hafi þingsæti í samræmi við atkvæðatölu þá, sem greidd er frambjóðendum flokksins samtals við almennar kosningar".

Með þessu ákvæði er ekkert fyrirfram bundið um tölu alþingismanna, kjördæmaskiptingu eða kosningaraðferð. Hér er aðeins slegið föstum þeim tveimur atriðum viðvíkjandi skipun Alþingis, sem eftir eðli sínu eru grundvallaratriði og þess vegna eiga heima í stjskr. Hið fyrra, að allir alþm. skuli vera kjörnir fulltrúar þjóðarinnar. Hið síðara, að Alþingi hvað atkvæðamagn snertir skuli vera hlutfallslega rétt mynd af þeim skoðunum og stefnum, sem uppi eru meðal þjóðarinnar og skipta henni í landsmálaflokka. Þetta er sama sem að segja, að kosningarrétturinn skuli vera jafn fyrir kjósendur, hvaða landsmálaskoðun sem þeir aðhyllast. Ég vil nú athuga ákvæði þessarar gr. nokkru nánar í sambandi við hvert þeirra fjögurra mála, sem ég áður hefi minnzt á, sem er **tala alþingismanna, kjördæmaskiptingin, kosningaraðferðin** og **jafnrétti kjósendanna.**

1. **Tala alþingismanna.** Hér á landi hefir hún aldrei verið bundin af stjskr-ákvæði, eins og um var getið. Reynslan hefir sýnt, að öðruhverju hefir þótt brýn þörf á að fjölga alþm., til þess að fullnægja kröfum vaxandi fjölmennis á ýmsum stöðum landsins um þátttöku í skipun Alþingis, án þess að rýra um leið þátttöku annara. Með tilvísun til þessarar reynslu teljum við varhugavert að fara nú inn á þá braut að fastskorða tölu þm. með stjskr.ákvæði. Hér við bætist, að á síðari timum hafa komið upp kosningaraðferðir, sem gera það ýmist sérstaklega óhentugt eða alveg ókleift að hafa tölu þjóðarfulltrúanna alveg fastákveðna með lagaboði eða stjskr.ákvæði. Má þar til nefna hlutfallskosningar í sambandi við einmenningskjördæmi, þar sem mjög er æskilegt að tala uppbótarsætanna geti verið eitthvað hreyfanleg, eftir því hve mikið misræmi milli flokka kemur fram við kjördæmakosninguna. Ennfremur hina þýzku kosningatilhögun, sem felur það í sér, að hver þingflokkur fær eitt þingsæti fyrir tiltekinn atkvæðafjölda (í þýzka ríkinu fyrir hver 60 þús. atkv.), sem flokknum áskotnast við kosningar. Þar ákveðst tala þingmanna að lokum af kjörfundarsókn. Hugsum oss t. d., að hér yrði ákveðið, að hver þingflokkur fengi eitt þingsæti fyrir hver 1000 greidd atkv. Þá væri tala þingmanna ekki fyrirfram ákveðin, en gæti þó ekki vaxið úr hófi, og færi eitthvað vaxandi með fólksfjölguninni í landinu. Við teljum því sérstaklega ókleift að fastákveða tölu þingmanna meðan ekki er fengið samkomulag um endanlega tilhögun á kjördæmaskiptingu og kosningaraðferð. En af hálfu okkar sjálfstæðismanna í n. get ég lýst yfir því, að ef samkomulag næst um kjördæmaskiptingu og kosningaraðferð, og í sambandi þar við þykir æskilegt að setja takmörk fyrir fjölda þm., þá erum við reiðubúnir til samkomulags þar um, hvort sem væri með því að setja hámarksákvæði fyrir tölu þm. eða með því að binda tölu þm. við tölu greiddra atkv. við kosningar. Og sérstaklega vil ég taka það fram, að ef samkomulag fengist um þá kosningatilhögun í aðalatriðum, sem við höfum stungið upp á í mþn., þá erum við reiðubúnir til þess að samþ. takmörk fyrir tölu þm., þannig að þeir t. d. geti ekki farið fram úr 50, eins og landsfundur sjálfstæðismanna í febr. þ. á. samþykkti og vikið er að í nál. okkar, þskj. 37, bls. 32, sem sent hefir verið mörgum kjósendum víðsvegar um land. En samkv. þeim till. og með sæmilega skynsamlegum ákvæðum í kosningalögum mundi tala þm. venjulega verða milli 42 og 45.

2. **Kjördæmaskiptingin.** Frv. fylgir þeirri reglu, sem hingað til hefir verið ríkjandi hér og í nálega öllum öðrum löndum, að taka engin ákvæði um kjördæmaskiptinguna, þ. e. stærð og takmörk kjördæmanna, upp í stjskr. Með till. okkar sjálfstæðismanna í mþn. höfum við sýnt fram á það, að vel er unnt að fullnægja réttlætiskröfunni í þessari frvgr., þótt núv. kjördæmaskiptingu sé haldið óbreyttri. Auðvitað er líka unnt að fullnægja henni með svo að segja hverri annari kjördæmaskipun, sem menn vildu hugsa sér. Ég læt mér því nægja að sinni að slá því föstu, að greinin, eins og hún hér er orðuð, lætur löggjafarvaldinu fullkomlega óbundnar hendur um kjördæmaskipunina. Einnig lætur hún allt óbundið um fulltrúatölu hinna einstöku kjördæma. Frá sjónarmiði þeirra, sem hafa einhverjar sérstakar óskir um kjördæmaskiptingu og fulltrúafjölda hinna einstöku kjördæma, er því ekki unnt að hafa neitt á móti ákvæðum þessarar greinar.

3. **Kosningaraðferðin.** Einnig um hana lætur frv. allt óbundið, og fylgir þar fordæmi þeirra 5 Norðurálfuríkja, sem ekki hafa fyrirskipað hlutfallskosningar í stjskr. sínum. En krafan um flokkslegt jafnrétti kjósenda gerir þó vissar kröfur um tilhögun kosninganna, þannig, að annaðhvort verður að viðhafa hlutfallskosningar beinlínis, eða þá að hafa uppbótarsæti til jöfnunar á því misræmi, sem kann að koma fram við kosningar í mörgum kjördæmum með einum eða fáum fulltrúum kosnum í hverju.

Þótt kosningaraðferðin sé látin óbundin í þessu frv. og enginn geti haft á móti þessari 1. gr. fyrir það, að hann aðhyllist fremur eina kosningaraðferð en aðra, þykir mér rétt að benda hér á, hvað menn virðast vera sammála um í þessu efni. Öllum kemur saman um að hafa hlutfallskosningu í kjördæmi eins og Rvík, sem við sjálfstæðismenn höfum stungið upp á að kysi 4 kjördæmiskosna þm., eins og nú er, en framsóknarmennirnir í brtt. sínum vilja fjölga upp í 8. Ennfremur er það sjálfgefið, að í einmenningskjördæmum verður eiginlegri hlutfallskosningu ekki komið við. Aftur virðist ekki vera fullt samkomulag um kosningaraðferð í tvímenningskjördæmum, ef þeim yrði haldið að einhverju leyti, enda hefir það atriði sama sem ekki komið til umr. hingað til. En það er þó auðséð, ef menn viðurkenna réttlæti hlutfallskosningar, þegar kjósa á þrjá fulltrúa samtímis, eins og nú er við landskjör, eða 4 samtímis, eins og nú er í Rvík, þá er jafnsjálfsagt að beita hlutfallskosningu þegar kjósa á tvo menn samtímis í sama kjördæmi. Í þinglögum Svía, sem annars hafa engin tvímenningskjördæmi, er svo fyrir mælt, að hlutfallskosningum skuli beita þá er kjósa skal tvo eða fleiri fulltrúa samtímis. Ákvæðið er orðið þannig, af því að þetta er hugsunarrétt, þó að þar komi aldrei fyrir kosning á tveim þm. samtímis. Innan Alþingis eru sömu reglur lögleiddar og þykja sjálfsagðar, t. d. við kosningu skrifara (tveggja samtímis) í þingdeildum og sameinuðu þingi. Og þetta sama mun þykja sjálfsagt alstaðar þar, sem hlutfallskosningar annars eru notaðar. Og úr því að menn eru hér á landi sammála um að nota þær við kosningu þriggja eða fleiri þm., þá er alveg sjálfsagt að taka þær upp einnig við tveggja manna kosningar.

4. **Jafnrétti kjósendanna.** Það er orðin viðurkennd grundvallarregla og undirstaða þjóðskipulagsins í lýðfrjálsum ríkjum nú á tímum, að kosningarréttur borgaranna á að vera jafn. Einstöku leifar af mismunandi atkvæðisrétti fyrir alla eru enn eftir hjá íhaldssömustu þjóð álfunnar, Englendingum, þar sem atvinnurekendur og háskólaborgarar geta undir vissum skilyrðum neytt atkvæðisréttar í tveim kjördæmum við sömu kosningarnar.

Jafnréttiskröfunni hafa menn reynt að fullnægja með tveim mismunandi aðferðum. Önnur, sem kalla mætti hið **staðarlega jafnrétti,** er í því fólgin að láta jafnmarga íbúa eða jafnmarga kjósendur vera um hvern þm., hvar sem er í landinu. Þessari aðferð er t. d. beitt í þeim tveimur löndum, Englandi og Frakklandi, sem ennþá búa við kosningu í einmenningskjördæmum, og er gert þar með því að breyta öðruhverju takmörkum kjördæmanna, svo að þau verði sem jöfnust að mannfjölda. Það má

heita, að þessi leið sé óframkvæmanleg hér, ef menn vilja halda kjördæmaskiptingu á svipuðum grundvelli og nú er. Skiptingin í sýslur og kaupstaði ræður kjördæmaskiptingunni, og menn mundu alls ekki vilja fara að slíta hluta úr hinum fjölmennari sýslufélögum og leggja við hin fámennari til þess að jafna kjördæmin. Ég skil ekki, að nokkur maður treysti sér til að leysa þá þraut að skipta landinu í 36 eða 42 nokkurnveginn jafnfjölmenn einmenningskjördæmi, svo viðunandi þætti. Hin aðferðin, sem kalla mætti hið **flokkslega jafnrétti,** er víðast hvar notuð og er í því fólgin að tryggja hverjum flokki, eftir því sem unnt er, þingsæti að réttri tiltölu við fylgi hans meðal kjósenda landsins í heild. Þessi leiðin er valin í frv. Brtt. minni hl. ganga framhjá báðum þessum aðferðum.

Í orði munu nú allir Íslendingar vilja viðurkenna, að kosningarrétturinn eigi að vera jafn. En þegar til framkvæmdarinnar kemur, verður þess æðimikið vart úti um land, að mönnum finnst, að fjölmennið í Rvík þurfi ekki að njóta fulls jafnréttis um þingsætatölu við aðra landsmenn, sem búa dreifðir. Út af þessu vil ég sérstaklega leiða athygli að því, að krafan um **flokkslegt** jafnrétti, sem borin er fram í þessu frv., felur **ekki** í sér beina kröfu um það, að jafnmargir íbúar komi á hvern þm. hvar sem er á landinu. Þar er því ekki sérstaklega borin fram nein krafa um fulla hlutfallslega þingmannatölu fyrir höfuðstaðinn eftir fólksfjölda. En samt sem áður þykir mér rétt að draga hér fram nokkur atriði til stuðnings því máli, að óráðlegt er að ætla sér að gera Reykvíkinga að annars flokks eða síðri réttar borgurum í þjóðfélaginu. **En það er gert, ef menn hvorki vilja veita þeim staðarlegt né flokkslegt jafnrétti við aðra landsmenn.**

Árið 1890 töldust landsmenn tæp 71 þús., og bjuggu flestir í sveitum. Þá hafði landsfólkinu ekki fjölgað neitt síðustu 20 árin, af því að sem svaraði viðkomunni hafði stöðugt flutzt til Vesturheims, kringum 1000 manns árlega. Tala býlanna í landinu setti takmörk fyrir fólksfjölda sveitanna. Eftir 1890 fór að draga úr burtflutningi fólksins, því fer að fjölga við það, að fólkið flytur í bæi og þorp innanlands. Um 1895 varð landbúnaðurinn fyrir því rothöggi, að Englendingar tóku fyrir innflutning lifandi sauðfjár, sem hafði verið arðsamasti atvinnuvegur Íslendinga undanfarin ár. Landbúnaðurinn hefir ekki ennþá náð sér eftir þetta áfall, en nú eru vaxnir upp kaupstaðir í landinu og kauptún með samtals nærri 60 þús. íbúum, eða meira en helmingi alls fólksfjöldans í landinu. Landbúnaðurinn hefir átt við svo að segja stöðuga erfiðleika að stríða síðan 1895 að því er snertir þolanlega afurðasölu til útlanda. Hið eina, sem þar hefir vegið á móti, er hinn sívaxandi markaður í kaupstöðunum innanlands fyrir landbúnaðarafurðir. Er nú svo komið, að kaupstaðirnir á Suðvesturlandi taka við nærfellt öllum landbúnaðarafurðum úr 6 sýslum, að undanskilinni ull og gærum, og talsverðu frá öðrum landshlutum. Kreppan fyrir útflutningsvörur landbúnaðarins er sem stendur harðari en nokkru sinni fyrr, en þeir, sem geta notið innlenda markaðarins, bera miklu skárri hlut frá borði. Sem stendur er ekki annað sjáanlegt en að eina örugga framtíðarvon landbúnaðarins byggist á framhaldandi vexti og viðgangi kaupstaðanna og þeirra atvinnuvega, sem þar eru að skapa sívaxandi markað fyrir landafurðir, en það eru fiskiveiðar, iðnaður og verzlun.

Jafnframt þessum vexti kaupstaðanna hafa verið lagðar sívaxandi upphæðir í skattgjöldum til ríkissjóðs, sem hann hefir svo aftur varið til greiðslu kostnaðar við aukið sjálfstæði þjóðarinnar og til menningarstofnana og verklegra umbóta, ekki hvað sízt til vegabóta, brúagerða, símalagninga og ræktunarfyrirtækja í sveitum landsins. Auðvitað hefir hinn aðkreppti landbúnaður ekki lagt fram fé til þessa að neinum verulegum mun. Það hafa verið og eru atvinnuvegir kaupstaðanna og kauptúnanna og sjóþorpanna, sem bera hinar sívaxandi byrðar. Og Rvík hefir borið og ber tiltölulega langmest. Árið 1929 guldust ríkissjóði 16,3 millj. kr. í sköttum, tollum og öðrum rekstrartekjum. Af þessu guldust rúmlega 61%, eða rétt um 10 millj., í Rvík einni saman, samkv. sundurliðaðri skrá, að mestu leyti eftir lands-

reikningunum og að litlu leyti eftir varlegri áætlun, sem ég er viðbúinn að birta opinberlega. Eftir fólksfjölda í Rvík og utan Rvíkur þetta sama ár hafa í Rvík goldizt í ríkissjóðinn 375 kr. á hvert mannsbarn, en utan Rvíkur 80 kr. á hvert mannsbarn.

Þannig ber Rvík af afrakstri atvinnuvega sinna byrðar ríkisbúskaparins langt umfram aðra landsmenn að meðaltali. Með kaupum sínum á innlendum afurðum heldur hún ennfremur uppi landbúnaðaratvinnu nærliggjandi sýslna. Það þýðir ekki að ætlast til þess, að íbúar Rvíkur láti gera sig að annars flokks borgurum hvað snertir rétt til meðferðar á sameiginlegum málum þjóðarinnar. Um flokkslegt jafnrétti láta þeir ekki neita sér, hvað sem hinu staðarlega jafnrétti líður.

Vöxtur kaupstaðanna í landinu og atvinnuvega þeirra er stærsta framförin, mesta umbótin á þjóðarhögum, sem hér hefir gerzt síðan á landnámstíð. Við framhald þess vaxtar eru tengdar vonir okkar um getu til aukins sjálfstæðis, um áframhaldandi verklegar framfarir og um endurreisn landbúnaðarins í sveitunum. Engir óbótamenn í landinu vinna eins illt verk og þeir, sem eru að reyna að blása inn í þjóðina hatri eða andúð milli sveita og kaupstaða, milli landsins og höfuðstaðar þess.

Till. okkar sjálfstæðismanna í kjördæmamálinu eru sameiningartillögur. Þær fela það í sér, að flokksbræður og skoðanabræður í kaupstöðum og sveit taka höndum saman við talningu atkv., og hver fær sinn fulla rétt, enginn gengur á annars rétt. Þetta er grundvallarskilyrði fyrir góðri og friðsamlegri sambúð.

Brtt. framsóknarmanna við þetta frv. eru sundrungartill. Þær fara fram á fullkomna aðgreiningu höfuðstaðarins og landsins og bjóða íbúum höfuðstaðarins ekki upp á jafnrétti við aðra landsmenn í neinum skilningi. En ég veit, að þetta eru ekki þær endanlegu till. frá framsóknarmönnum í þessu máli. Ég veit, að innan þess flokks berjast nú fáeinir menn fyrir því að leiða flokkinn inn á braut samkomulagsins í þessu máli. Ég óska, að gæfa landsins styðji þá til að yfirvinna það skilningsleysi og þá mótstöðu, sem þeir eiga við að etja. Takist það ekki, þá ber Framsóknarfl. einn ábyrgð á eftirköstunum.

Frsm. meiri hl. af hálfu Alþfl. (Jón Baldvinsson): Eftir ákvæðum stjórnarskrárinnar og kosningalaganna má ætla, að hér sé jafn og almennur kosningarréttur allra kvenna og karla, sem eru 25 ára að aldri. Að vísu er aldurstakmarkið hærra hjá oss Íslendingum en hjá flestum öðrum þjóðum, en nú virðist loks orðið samkomulag um þá kröfu, að aðrar takmarkanir séu burt felldar, sem Alþýðufl. hefir haft forgöngu í baráttunni fyrir umliðin 16 ár. En er nú kosningarrétturinn jafn og almennur þrátt fyrir ákvæði kosningalaga og stjskr.? Nei, sannarlega ekki. Kosningarrétturinn er, fyrir utan aðrar takmarkanir, misjafn eftir því, hvar menn búa á landinu. Vald kjósendanna til þess að hafa áhrif á skipun Alþingis er misjafnlega mikið, eftir því hvar þeir eru búsettir. Kosningarrétturinn er bundinn við landamerki. 1366 kjósendur í Norður-Múlasýslu eiga rétt á því að kjósa 2 alþm. fyrir kjördæmið, jafnmarga og 3320 kjósendur í Eyjafjarðarsýslu, sem líka eiga rétt á að kjósa 2 þm. En 1958 kjósendur í Suður-Þingeyjarsýslu kjósa aðeins einn þm. 492 kjósendur á Seyðisfirði eiga rétt á því að kjósa einn þm. og 2042 kjósendur á Akureyri, 2223 kjósendur í Gullbringu- og Kjósarsýslu og 1028 kjósendur í Vestur-Ísafjarðarsýslu eiga rétt á því að kjósa aðeins einn alþm.

En allir erum vér börn hjá Boga. Þessi 7 kjördæmi, sem tekin eru nokkuð af handahófi út úr skýrslum hagstofunnar frá kosningunum 1931, hafa samtals 12429 kjósendur. En í Reykjavíkurkaupstað, þar sem kosnir eru aðeins 4 alþm., er tala kjósendanna 12473, eða nokkru fleiri en samtals í áðurnefndum 7 kjördæmum, sem þó kjósa 9 alþm. En séu valin úr 12 fámennustu kjördæmin, svo sem:

Seyðisfjörður	492	kjósa	1 alþm.
Norður-Múlas.	1366	—	2 —
Norður-Þing.	683	—	1 —
Skagafjarðars.	1963	—	2 —
Vestur-Húnav.	819	—	1 —

Strandas.	822	kjósa	1	alþm.
Vestur-Ísafj.	1028	—	1	—
Dalasýsla	867	—	1	—
Mýrasýsla	970	—	1	—
V.-Skaftafellss.	906	—	1	—
A.-Skaftafellss.	649	—	1	—
Rangárv.	1766	—	2	—

sem hafa samtals 12331 kjósanda og velja 15 alþm., verður ranglætið gagnvart R-vík enn augljósara og eigi að undra, þótt krafan um breytta kjördæmaskipan eigi þar ríkt og eindregið fylgi.

Lögin um kosningar til Alþingis, sem voru sett 1877 og tala þm. ákveðin 30, og skyldi hver sýsla í landinu vera eitt kjördæmi, fólu vitanlega í sér það ranglæti, sem síðar hefir svo margfaldazt með breyttum þjóðarhögum. En á þeim tíma hefir þetta eigi verið áberandi. Meginhluti þjóðarinnar bjó þá í sveit og landbúnaðurinn sá atvinnuvegurinn, sem langflestir landsmenn höfðu lífsuppeldi sitt af. Líklega hefir þá eigi meira en liðl. 5% landsmanna búið í kaupstöðum. En 1928 býr meira en helmingur þjóðarinnar í bæjum, eða 53 þús., en í sveit er talið búa 51 þús. Þó er við það að athuga, að af þeirri tölu búa yfir 4000 manns í verzlunarstöðum og þorpum, sem hafa 300 íbúa og færri.

Þessum flutningi fólksins úr sveitinni til sjávarþorpanna hefir vitanlega fylgt stórfelld breyt. á atvinnuháttum, en þrátt fyrir það hefir engin tilsvarandi breyt. orðið á skipun Alþingis. Að vísu hefir einstaka kjördæmi verið skipt, og laust eftir aldamótin, eða 1903, var bætt við 1 þm. í Rvík, og Ísafjörður, Akureyri og Seyðisfjörður voru gerð að sérstökum kjördæmum og skyldi hvert kjósa einn alþm.

1921 var svo fjölgað um 2 í Rvík.

Síðan 1877 hefir sú breyt. á orðið, að nú býr meir en 50% þjóðarinnar í bæjum, á móti 5% þá, en fjölgað hefir verið um sex kjördæmakosna þm. á sama tíma hjá þessu fólki, sem til sjávarplássanna flutti. En nú er komið að því, að sá meiri hl. þjóðarinnar, sem býr við lítinn rétt til áhrifa á skipun Alþingis, heimtar réttláta kjördæmaskipun, sem á borði veiti öllum landsmönnum jafnan kosningarrétt, hvar á landinu sem þeir eru búsettir. Það var til þess að semja tillögur um þetta, að kjördæmanefndin var skipuð. Og stjórnarskrárfrv., sem hér liggur fyrir til umr., er fyrsta sporið á þeirri leið. Eftir því á að gera öllum stjórnmálaskoðunum jafnt undir höfði. En það er þó ekki kjördæmaskipunin sjálf, en það er nauðsyn að breyta stjskr. í þessa átt, til þess að hægt sé að fá viðunandi lausn á kjördæmaskipunina.

Og það er af þessum ástæðum, að ég af hálfu Alþýðufl. hefi gerzt flm. þessa frv. með fulltrúum Sjálfstæðisfl. í kjördæmaskipunarnefndinni.

Það er þó engan veginn svo, að Alþýðufl. telji þessar breytingar á stjskr. fullnægjandi, þótt við þær megi una að því er til þess tekur að koma fram breyttri kjördæmaskipun. Margar og stórfelldar breyt. vill Alþýðufl. gera á stjskr. og hefir sýnt sumar slíkar brtt. áður á þingi. En við þessa umr. liggja ekki fyrir till. til breyt. frá mér, en má vera, að þær komi fram við 3. umr. málsins, eftir því sem þá sýnist tiltækilegt. Af því ég samkv. framansögðu eigi ber fram neinar brtt. við frv. við þessa umr., þá þarf ég eigi að ræða frv. í einstökum atriðum, nema 4. gr. þess, sem ræðir um kosningarrétt til Alþingis.

Í þeirri gr. eru tvö atriði, sem eru stefnuskrármál Alþýðufl. Hið fyrra er það, að veita ungu fólki, 21 árs eða eldra, fullan kosningarrétt.

Hið síðara fer fram á að afmá þann óvirðingarblett úr núgildandi stjskr., að svipta menn kosningarrétti, þótt þeir hafi þurft vegna fátæktar að þiggja styrk af sveitarfélagi sínu.

Um þetta hvorttveggja virðast nú allir sammála, svo sem sést af nefndarálitunum, bæði meiri og minni hl.

Fyrir forgöngu Alþýðufl. er nú búið að lögtaka bæði þessi atriði við kosningar til bæjarstjórna, og nú virðist svo, sem þetta komist einnig fram sem breyting á stjskr.

Það er engin ástæða til þess að hælast um, þótt þessi viðurkenning sé fengin, og að aðeins vanti lögfestingu á kosningarrétti unga fólksins og hinu, að láta eigi veittan sveitarstyrk varða réttindamissi, og heldur engin ástæða til þess að fara út í yfingar, þótt ýmsir þeir, sem nú vilja veita þessu fylgi – að vísu þegar

það er orðið almennt viðurkennt — hafi 5—6 sinnum síðustu 10 árin talað og greitt atkv. á þingi á móti þessum réttarbótatill. Alþýðufl.

Ég get þá látið útrætt um einstakar gr. stjskrfrv. og vil þá snúa mér að till. þeim, sem fram hafa komið í kjördæmaskipunarmálinu, sem er annar aðalþátturinn í þessu máli, og mun ég þá einnig í stuttu máli ræða till. í kjördæmaskipunarmálinu frá Alþýðufl. og Sjálfstæðisfl., þótt þær ekki liggi nú fyrir sem brtt. við frv. eins og till. Framsóknarfl. Ég mun þá taka fyrir til athugunar till. Sjálfstæðisfl., sem prentaðar eru sem fskj. aftan við stjórnarskrárfrv.

Í mínum augum eru tveir höfuðókostir við till. Sjálfstæðisfl. Hinn fyrri, og þó minni ókosturinn, er það, að mér virðast þær nokkuð flóknar í framkvæmd. Sérstaklega virðist mér sem allmikill ruglingur mundi verða á framboðunum. Í till. er beinlínis ýtt undir það, að margir verði í kjöri af sama flokki. Mundi það gera kosninguna talsvert flóknari, og vafasamt, hvort kjósendur mundu í fyrstu átta sig á þessu við kosninguna.

Um þetta segir svo í till.:

„2. Í framboði getur hver sá maður verið, sem er kjörgengur og fær hæfilega tölu meðmælenda, t. d. 25. Hverjum frambjóðanda er skylt að skýra í framboðinu frá flokksafstöðu sinni, þ. e. hvort hann telst til einhvers viðurkennds landsmálaflokks, eða styður einhvern landsmálaflokk, eða er utan flokka. Tala frambjóðenda af sama flokki er ekki í neinu kjördæmi öðrum takmörkunum bundin en þeim, sem leiðir af kjörgengisskilyrðum og meðmælendafjölda".

Þótt mönnum sé gert að skyldu að skýra í framboðinu frá flokksafstöðu sinni, þá gæti sjálfsagt oft brugðið til beggja vona, að slíkt yrði svo skýrt, að ekki þyrfti um að villast.

Ég álít þetta þó eigi mikið flóknara en núv. kosningafyrirkomulag, en það er nú, eftir margra ára framkvæmd, orðið nokkuð fast í formum, þótt ávallt komi fram við hverjar kosningar nokkrir ágallar.

En höfuðókosturinn við till. sjálfstæðismanna er þó það, að þeir vilja, að „skipting landsins í kjördæmi haldist óbreytt sú, sem nú er". Og í þessu höfuðatriði eru þeir algerlega sammála Framsóknarfl., sem segist vilja halda fast í „fulltrúa héraðanna", eins og það hefir verið og verður orðað.

En kosturinn við till. þeirra er sá, að þeir vilja veita ótakmarkaða tölu uppbótarsæta, svo að það náist, sem segir í 1. gr. stjskrfrv., „að hver þingflokkur hafi þingsæti í samræmi við atkvæðatölu þá, sem greidd er frambjóðendum flokksins samtals við almennar kosningar".

Að vísu verður þingmannatalan með þessu óákveðin, en það er nú allvíða í kosningalögum ýmsra menningarþjóða, m. a. í stjórnarskrá lýðveldisins þýzka. En flutningsmenn telja, eftir athugun, er þeir hafa gert á tvennum síðustu kosningum, að þingmenn hefðu samt eigi orðið fleiri en 43, ef farið hefði verið þá eftir þessum tillögum.

En það hefir nú samt verið nokkuð um það ritað, að eftir till. þeirra geti þingmannatalan orðið nokkuð há, þingmenn jafnvel skipt hundruðum.

Þrátt fyrir marga agnúa, er ég tel vera á till. þessum, þá lýsti ég því þó yfir í kjördæmanefndinni, að ég gæti fallizt á þær, ef samkomulag næðist um þær í nefndinni. En ég lýsti því jafnframt yfir, að ef slíkt samkomulag næðist ekki, þá mundi ég ekki vilja leggja þær til grundvallar í áframhaldandi baráttu fyrir breyttri kjördæmaskipun.

Þá kem ég að till. Framsóknarfl., sem hér liggur fyrir til atkvgr. Það hefði þótt fyrirsögn í kosningunum í fyrra sumar, ef einhver hefði spáð því, að Framsóknarfl. mundi á Alþingi 1932 leggja það til, að þingmannatala Rvíkur yrði tvöfölduð, úr 4 upp í 8, og að þeir myndu vera til með að fjölga tölu alþm. úr 42 upp í 45. En nú liggur það fyrir hér svart á hvítu.

En það er galli á gjöf Njarðar, að þeir vilja jafnframt láta festa hið núverandi rangláta kjördæmafyrirkomulag í stjskr. Slá því föstu, að tiltekin svæði af landinu skuli hafa fulltrúa á þingi, alveg án tillits til þess, hvort margir eða fáir búa á því svæði til að kjósa fulltrúa.

Það er þrennt, sem er fast bundið í till. þessum.

1. að tala þm. verði eigi yfir 45.
2. að 32 þingmenn skuli kosnir óhlutbundnum kosningum og upptalning á tvímennings- og einmenningskjördæmum þeim, sem kjósa eiga þessa 32 þingmenn.
3. að 8 þingmenn skuli kosnir með hlutbundnum kosningum í Reykjavík og jafnmargir til vara.

Um 1. atriðið er það að segja, að það er miklu ófrjálslegra en í gildandi stjskr., því þar er ákveðið, að tölu þingmanna megi breyta með lögum, og hefir það enda verið gert. En ef þetta yrði fest með lögum, þá væri ekki hægt að fjölga þm., hversu brýna nauðsyn sem þætti til bera, nema með stjórnarskrárbreytingu. Þó mætti vel fastákveða tölu þingmanna í stjórnarskránni, ef grundvöllur sá, er kjördæmaskipunin byggðist á, væri réttlátur.

Að öðru atriðinu hefir þegar verið vikið.

Um hið þriðja er það að segja, að með því að segja í stjórnarskránni, að 8 þm. skuli kosnir fyrir Reykjavík, þá verður það bundið með stjórnarskrárákvæði, að Reykjavík skuli ekki fá fleiri þingmenn, þótt svo kjósendatala bæjarins veitti rétt til helmingi fleiri þingfulltrúa samanborið við önnur kjördæmi.

Þá er í till. heimild til þess að bæta við „allt að 5 landskjörnum þingmönnum“ til jöfnunar milli flokkanna í kjördæmum utan Reykjavíkur.

Þetta ásamt fjölguninni í Reykjavík (sem þó má aldrei auka við) er spor í áttina til að bæta úr núverandi ástandi.

En þótt þessar tillögur séu meiri tilslökun en áður hefir komið fram opinberlega frá Framsóknarfl., þá get ég þó ekki greitt þeim atkv. mitt og mun því ganga gegn þeim við atkvgr. á eftir.

Till. Alþýðuflokksins í kjördæmaskipunarmálinu er sú, að landið sé allt eitt kjördæmi og allir alþm. kosnir hlutfallskosningum um land allt og samtímis, og sé sama hlutfallskosningaraðferð viðhöfð og nú er við landskjör.

Þessi till. hefir mætt talsverðri mótspyrnu frá báðum stóru flokkunum. Á Alþingi 1930 kallaði Jón Þorláksson, hv. 1. landsk., þessa till. einstrengingslega, og hæstv. forsrh. lýsti því yfir í kjördæmaskipunarnefndinni, að hann og flokkur hans væri á móti henni. Þeir vilja hvorugur leysa þetta mál á einfaldan hátt, **sem veitir tryggilega öllum kjósendum jafnan rétt og öllum stjórnmálaflokkum hlutfallslega rétta fulltrúatölu á Alþingi.**

Annar höfuðkostur slíks fyrirkomulags mundi verða meiri heilbrigði í störfum þingsins, minna tog um fjárveitingar til einstakra héraða án tillits til þess, hvort rétt sé að leggja fé landsins til framkvæmda þar eða ekki. En einn af ókostum við hin mörgu og smáu kjördæmi er það, að þingmönnum finnst sér skylt að bera eitthvað úr býtum fyrir sitt kjördæmi og kjósendur þar. Það hefir leitt til margra óþarfra fjárveitinga, sem betur væri varið til annara framkvæmda, þar sem meira gagn hefði orðið að. Þingmenn mundu frekar líta á, hvað landinu í heild sinni væri fyrir bestu, meira á það, hvað landsmönnum komi að sameiginlegu gagni, heldur en hitt, hvað hentugt þætti til kjörfylgis í litlu kjördæmi.

Á verklegum framkvæmdum í landinu er lítið skipulag. Vegalög eru til og brúalög eru til. Allir vita, hversu þessi lög eru gegnsýrð af hreppapólitík, og þó það sem verst er, framkvæmdin á þeim er það líka. Stjórnirnir líta hornauga til þess, hvað getur komið sér vel til að tryggja pólitísk yfirráð í vafasömu héraði, og framkvæmdin oft bundin við það, sem kemur sér vel í samkeppninni um kjördæmið, frekar en það, hvað komi að almennum notum.

En núv. kjördæmaskipun býður upp á þetta. Og þingmennirnir, sem venjulega eru áhrifamenn í sínu kjördæmi, eru oft forystumenn í togstreitunni fyrir hérað sitt, jafnvel þótt kröfur þeirra séu blóðugur óréttur fyrir önnur héruð og þeir séu miklu færri, sem hlunnindanna njóta, en hinir, sem óréttinn bíða.

Um atvinnumálin og skattamálin, sem skipta mönnum í flokka eftir stéttum, hlýtur alltaf að standa deilan, annarsvegar milli verklýðsstéttarmanna, hinsvegar milli stétta atvinnurekenda. Flokkar atvinnurekenda hafa markað stefnuna í löggjöfinni í skattamálum og atvinnumálum til hagsmuna fyrir sína stétt

og látið þungann af sköttum og ólagið á atvinnuvegum bitna á verklýðsstéttinni. Alþýðan hefir að vísu myndað sterk samtök um land allt, svo að hún getur sótt og varizt í baráttunni um sjálf vinnukjörin. En vegna ranglátrar kjördæmaskipunar hefir verklýðsstéttin eigi getað haft þau áhrif á löggjöfina — þótt ñokkuð hafa samt áunnizt —, sem henni ber eftir atkvæðamagni því, er hún ræður yfir samanlagt á öllu landinu. Það er þess vegna engin tilviljun, að Alþýðufl. hefir undanfarin 15 ár, og fram að árinu 1931, einn flokka haldið uppi látlausri baráttu fyrir breyttri kjördæmaskipun og haft forystuna á sama tíma í baráttunni fyrir rýmkuðum kosningarétti.

Það hefir verið fundið að till. um að hafa landið allt eitt kjördæmi, að flokksstjórnirnar mundu ráða því, hverjir yrðu í framboði til Alþingis, og að erfiðleikar yrðu á því fyrir frambjóðendur að kynnast þörfum og óskum landsmanna.

Þetta er ekkert annað en fyrirsláttur, því að nú sem stendur eru það flokksstjórnirnar, sem ráða því, hverjir eru í framboði í hverju kjördæmi. Þetta er ekki eingöngu reynsla hér hjá okkur, það er reynsla allra þeirra þjóða, þar sem lýðstjórnarfyrirkomulag hefir fest rætur. Það eru hinir „organiseruðu" flokkar eða stjórnir þeirra, sem mestu ráða um það, hverjir verða fulltrúar í hinum einstöku kjördæmum eða hverjir eru settir á lista flokka, ef um hlutfallskosningu er að ræða. Þetta er ekkert óeðlilegt. Bak við flokkana eiga að standa kjósendur þeirra víðs vegar um land, og þeir velja flokksstjórnirnar, eða a. m. k. eiga að gera það. Kjósendurnir hafa því áhrif á það, hverjir eru valdir til að fara með mál flokks síns, og þá einnig áhrif á það, hverjir eru settir fulltrúar í hinum einstöku héruðum eða kjördæmum, auk þess sem að jafnaði mun vera farið eftir því, sem kjósendur teldu heppilegast eða æsktu eftir. Þetta mundi því ekkert breytast frá því, sem nú er. Nú ráða flokksstjórnirnar þessu í samráði við flokksmenn sína. Kjósendur mundu að þessu leyti hafa alveg eins mikil áhrif og nú. Það hefir verið sagt, að kjósendur í kjördæmum settu sjálfir fram fulltrúa sína. Þetta er vitanlega ekki útilokað hér, þó að landið væri eitt kjördæmi.

Ef einhver hefir svo mikið traust í héraði sínu, að hann sé talinn sjálfsagður fulltrúi fyrir héraðið, þá er ekkert eðlilegra en að fylgjendur hans hefðu hann í framboði, því að það er ekki nauðsynlegt, þó að landið sé eitt kjördæmi, að heimta það, að sá, sem býður sig fram til þings, hafi meðmælendur úr öllum fjórðungum landsins, þó að slíkt sé nú við landskjörið. Enda munu flestir slíkir menn, sem eitthvað ber á í stjórnmálum og líklegir væru til að ná kosningu, standa þannig í flokki sínum, að líklegt er, að þeir yrðu hafðir í kjöri.

Síðara atriðið er, að eigi sé með þessu fyrirkomulagi tryggður nægilegur kunnugleiki á högum og þörfum landsmanna, vegna erfiðleika frambjóðenda á því að sækja fundi víðsvegar um landið. Eigi hefir þetta komið að sök við landskjörið. Þá hafa frambjóðendur eigi talið eftir sér að ferðast um landið og halda fundi með kjósendum í flestum kjördæmum. Enda er það eigi nauðsynlegt, að sami frambjóðandinn sæki fundi í hverju héraði landsins. Frambjóðendur yrðu þá eins og nú vafalaust úr flestum eða öllum núv. kjördæmum landsins, svo kunnugleika þyrfti eigi að skorta á þörfum einstakra héraða.

Hinsvegar mundi vafalaust verða samkomulag milli flokkanna um það, að fundir yrðu sem víðast haldnir og frambjóðendum gæfist kostur á að sækja sem flesta þeirra. Mundi það frekar stækka sjóndeildarhring þingmanna og opna augu þeirra fyrir margri nauðsyn landsmanna, sem kjördæmið undir núv. fyrirkomulagi skyggir á.

Eftir tillögum Alþýðuflokksins þarf ekki að fjölga þingmönnum frá því, sem nú er. Það getur verið samkomulagsatriði. Það mætti alveg eins fækka þm. eins og að fjölga þeim. Um það má ákveða í sjálfum kosningalögunum.

Um önnur atriði, sem snerta sjálfa framkvæmd kosninganna, eru ekki heldur gerðar neinar till., enda má ganga út frá því sem vísu, að náist samkomulag um fyrirkomulag á kjördæmaskipuninni, þá verði einnig auðvelt að ná samkomulagi um tilhögun kosninganna

sjálfra. Það atriði ætti ekki að þurfa að verða deilumál, ef búið er að koma sér saman um aðalmálið.

Um varatill. Alþýðufl. þarf ekki að fjölyrða. Hún er svo greinileg, að hún skýrir sig að öllu leyti sjálf.

Hefir það fyrirkomulag — hlutfallskosningar í stórum kjördæmum — og verið allmikið rætt opinberlega bæði fyrr og síðar. En þótt sú till. væri borin fram í nefndinni til samkomulags, þá tel ég samt, að einfaldasta og hentugasta lausnin á kjördæmaskipulaginu sé sú, að gera landið að einu kjördæmi, eins og aðaltill. Alþýðufl. hljóðar um.

Þá er viðurkennt á borði jafnrétti kjósenda til að hafa áhrif á skipun Alþingis, hvar á landinu sem þeir eru búsettir. Þá fellur það niður, sem nú er algengast, að alþm. telji sig fulltrúa fyrir tiltekinn fjölda ferhyrningsmílna af meira og minna hrjóstrugu landi, jöklum og eyðisöndum, þá verða þeir fulltrúar þjóðarinnar, fulltrúar fólksins, sem í landinu býr.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það væri freistandi við þetta tækifæri, þegar háð er umr. um stjórnarskrármálið, og þá sérstaklega kjördæmamálið, þannig, að henni er útvarpað, og því væntanlega allmikill hluti þjóðarinnar, einnig utan Rvíkur, getur hlýtt á umr., að rekja nokkuð náið sögu kjördæmamálsins á Íslandi. Fyrst og fremst þróunina í þeim efnum undanfarna áratugi, en því næst og einkum hin síðustu tíðindi, hina síðustu sögu, sem einmitt nú um þetta leyti er ársgömul.

Ég verð þó að stilla mig um þetta að mestu, því að fyrst er þess að geta, að umr.tíminn í útvarpi er mjög takmarkaður. Í annan stað mun yfirlit yfir sögu kjördæmamálsins hér á landi fylgja nál. okkar framsóknarmanna í mþn., og loks eru hinir síðustu atburðir í fersku minni.

Ég vil þó aðeins minna á, að á Alþ. 1930 fluttu fulltrúar jafnaðarmanna till. um það, að haga kjördæmaskipuninni í aðalatriðum á þessum hinum sama grundvelli, sem nú er lagt til í þessu stjórnarskrárfrv., sem flutt er af formönnum beggja andstöðufl. stj., hv. 1. og 2. landsk. Við umr. um þessa till. talaði hinn sami hv. 1. landsk. af hálfu flokks síns — sem þá hét Íhaldsflokkur. Hann lýsti yfir því þá, að hann væri alveg á móti þessu. Hann fór um þessa till. mjög hörðum orðum. Hann áleit hana einstrengingslega. Talaði hann um þessa kröfu, sem ómögulegt væri að fullnægja. Og loks lýsti hann yfir því, að hann gæti ekki greitt till. atkv. En ári síðar — tæpu ári síðar — gengur þessi sami hv. þm., 1. landsk., til samninga við jafnaðarmenn um að leysa málið einmitt á þessum sama grundvelli, sem hann mótmælti svo eindregið og afdráttarlaust 1930.

Ég mun ekki fara út í einstök atriði þess samkomulags milli jafnaðarm. og sjálfstæðism., sem þeir nú kalla sig, um lausn kjördæmamálsins. Ég minni aðeins á, að við þær kosningar, sem fram fóru síðastl. vor, hafði þetta mál mikil áhrif. Úrslit þeirra kosninga urðu þau, að Framsóknarfl. jók fylgi sitt til stórra muna og þm.tölu. Hafði flokkurinn þó farið með stj. landsins samfleytt í fjögur ár, og er það undantekningarlítil regla, að stjórnarfl. tapi kjörfylgi. Var þá yfir dunin hin harðasta verzlunarkreppa og harðæri um alla afkomu almennings, og það er nálega undantekningarlaus regla, að stjórnarfl. tapa fylgi, er svo ber að höndum. En Framsóknarfl. bætti við sig fleiri atkv. en nokkru sinni áður. Ég er ekki í vafa um, hvað olli. Það var andstaða þjóðarinnar gegn þessum samningum sjálfstæðis- og jafnaðarmanna um að leysa kjördæmamálið á þessum einstrengingslega grundvelli, sem hv. 1. landsk. — nú form. Sjálfstæðisfl. — kallaði svo einu einasta ári áður. Það var andstaðan gegn sambræðslu sócialismans og íhaldsins í landinu um að leysa kjördæmamálið á þeim grundvelli, sem sjálfur form. Íhaldsfl. lýsti yfir, að hann greiddi atkv. á móti einu einasta ári áður. Og þó er það vitað, að eigi lítill hluti kjósenda úti um landið, og það allmargir, sem enn við síðustu kosningar kusu frambjóðendur Sjálfstæðisfl., þeir vildu ekki trúa þessu sambandi jafnaðarmanna og sjálfstæðismanna um lausn kjördæmamálsins. Ég er viss um, að þar sem það nú er komið fram, að það, sem við framsóknarmenn sögðum þá um sambræðslu þessara flokka, Sjálfstæðisfl. og

Jafnaðarmfl., í kjördæmamálinu, var satt, — að sjálfstæðism. voru þá reiðubúnir til að afnema öll gömlu kjördæmin, eins og þeir líka hafa lýst yfir því í kjördæman., að þeir geti enn fallizt á að afnema öll gömlu kjördæmin, þó að önnur sé nú aðaltill. þeirra. Ég er viss um, að enn meiri og stórfelldari aukning atkv. fyrir Framsóknarfl. flýtur í kjölfar þeirrar þekkingar, sem landslýðurinn hefir fengið og mun fá um málið. Ég er sannfærður um, að mikill meiri hl. íslenzku þjóðarinnar vill ekki leysa kjördæmamálið á þessum grundvelli, sem enn sameinar sjálfstæðism. og jafnaðarm. á yfirborðinu og sem er eina atriðið í stjskrfrv. Meiri hl. kjósenda er sammála þeim skoðunum, sem form. Íhaldsfl. á Alþ. 1930 lét í ljós um þetta einstrengingslega fyrirkomulag.

Nú flytur hv. núv. form. Sjálfstæðisfl. stjórnarskrárbreyt. um, að **„eina atriðið, sem öllu ráði í málunum“**, sé það, að hver þingflokkur fái alþm. í hlutfalli við tölu kjósenda. En 1930 (Alþt. D. 312) segir þessi sami hv. þm. orðrétt, að þetta, einmitt um þingflokkana, eigi „engan veginn að vera eina atriðið, sem öllu ráði í málinu“.

Meiri hl. þjóðarinnar hefir vissulega ekki breytt svona algerlega um skoðun eins og hv. form. Sjálfstæðisfl. Nýkomnar ályktanir, jafnvel úr þeim kjördæmum, þar sem Sjálfstæðisfl. hefir meiri hl., sýna þetta. En það myndi sýna sig enn betur við nýjar kosningar.

Það varð að ráði á sumarþinginu, að sett yrði mþn. í kjördæmamálið. Ég hygg, að það hafi verið mjög vel ráðið. Fulltrúar flokkanna hafa þar haft tækifæri til að athuga þetta vandasama og afleiðingaríka mál. Og þjóðin hefir fengið og fær enn betur tækifæri til þess að átta sig á málinu. Með þessu hefir það áunnizt, sem var allra fyrst krafa okkar framsóknarmanna í fyrra, að endir yrði ekki bundinn á þetta mál í skyndi. Ég er ennfremur mjög ánægður yfir skipun og vinnu mþn. vegna þess, að ég er sannfærður um, að sem fyllst fræðsla og athugun verður til þess að styðja stórlega þann málstað, sem við framsóknarmenn höfum borið fram í þessu máli, hvort heldur litið er til reynslu og aðgerða annara þjóða í þessu efni, eða þá ef gaumgæfilega er athuguð öll aðstaða okkar Íslendinga sjálfra.

Skal ég þá ljúka þessum inngangsorðum og bera fram nokkurt yfirlit um það, sem rannsóknin í mþn. leiðir í ljós um reynslu og aðgerðir annara þjóða.

Í nál. því, sem hv. fulltrúar Sjálfstæðisfl. í kjördæman. hafa birt, er nokkurt yfirlit um skipun kosningalaga í ýmsum löndum, og eru dregnar af því yfirliti nokkrar ályktanir. Ég hefi ekki leitað eftir því sérstaklega, hvort rétt er þarna með farið um öll einstök atriði. — Það skiptir minna máli, en hitt skiptir verulegu máli, að í þessu yfirliti er hálfsögð saga, og því verða ályktanirnar, sem af henni eru dregnar, rangar.

Það er að vísu rétt, að finna má þess greinileg dæmi utan úr heiminum, að kosningum til þjóðsamkundunnar sé svo háttað eins og hv. jafnaðarm. og sjálfstæðism. bera fram till. um í þessu stjskrfrv., þ. e. að höfðatalan sé alráðandi og þm. úthlutist flokkunum eingöngu með tilliti til höfðatölunnar og einskis annars. Þýzkaland er Gósenland þessa skipulags. Höfðatölureglan er þar færð út í yztu æsar með öllum þeim afleiðingum, sem því fylgja. Þýzkaland fékk sína stjórnarskrá upp úr byltingu. Það liggur ekki löng og farsæl þróun að baki hinni þýzku stjórnarskrá. Þar liggur bylting á bak við. Og um velflestar stjórnarskrár þeirra landa, sem tekið hafa upp höfðatölureglu, meira eða minna einhliða útfærða, er það að segja, að þær eru meira og minna mótaðar af þeirri byltingar- og umrótsöldu, sem gekk yfir Norðurálfuna samhliða heimsstyrjaldarlokunum og í kjölfar hennar.

Mörg þeirra ríkja — flestra smáríkja —, sem nefnd eru nýríki, eru beint risin upp úr rústum styrjaldarinnar og byltingarinnar. Önnur, t. d. Norðurlöndin, eru nágrannaríki þeirra, og flóðalda byltinganna hefir sett sinn svip á stjórnarskrár þessara landa.

Og þó vantar mikið á, að það sé svo jafnvel í þessum löndum allflestum, að höfðatölureglan sé látin ráða einhliða, svo ég nefni t. d. þau löndin, sem standa okkur allra næst. Í Noregi er „bændagreinin“ svonefnda í stjórnarskránni. Í

henni hafa bændurnir, jafnhliða því, að þeir létu undan borgurunum í bili, sett það tryggingarákvæði fyrir framtíðina, að bændakjördæmin ráði jafnan yfir miklum meiri hl. þingfulltrúanna. Í Noregi er það ennfremur svo, að innan kjördæmanna er 4—6-faldur munur um rétt kjósendanna til þm.kosninga.

Í Danmörku er það svo, eins og yfirleitt víðar, að höfuðborgin á ekki sama rétt til uppbótarþm. eins og héruðin utan höfuðstaðarins. Auk þess er það svo, að þessar kosningar gilda aðeins um aðra deild þjóðsamkundunnar. Við hlið þessarar d., neðri málstofu, sem oft er kölluð, er önnur d., efri málstofa eða landsþing eða öðalsþing, sem er kosið til allt öðruvísi, en hefir meiri og minni áhrif og vald.

Landsþingið danska hefir t. d. geysimikið vald, þótt ekki sé alveg eins mikið og fólksþingið. Í landsþ. er annar meiri hl. en í fólksþinginu. Svipað er ástandið í velflestum öðrum löndum, með ýmsum svipbreytingum.

Sannleikurinn er því sá, að jafnvel í þessum löndum, sem hv. sjálfstæðism. vitna til, er svipurinn yfirleitt alls ekki sá, að sú grundvallarregla, sem þeir nú vilja lögleiða í stjórnarskrá Íslendinga, sé viðurkennd. Aðstaðan er öll önnur. Í þeim löndum, þar sem stjórnarskráin er hrein byltingarstjórnarskrá, sem kalla mætti, má finna dæmi um þetta. En yfirleitt er það svo, að jafnvel í þessum löndum, sem hv. sjálfstæðism. vitna svo mjög til, eru það ýms atriði, sem einmitt hindra það, að höfðatölureglan njóti sín til fulls, eins og nú er samkomulag um milli jafnaðar- og sjálfstæðismanna hér með flutningi þessa frv. Og svo koma öll hin löndin, sem eiga hina löngu þróun að baki um skipun kosninga og þjóðþinga, hina löngu sögu og farsælu reynslu af þingræðisfyrirkomulaginu. Löndin, sem ekki hafa byltingastjórnarskrár upp úr heimsstyrjöldinni, heldur byggja á lengri sögu og traustara grundvelli.

Það er fyrst og fremst allur hinn enski heimur, og er England þar í broddi fylkingar, sjálft móðurland þingræðisins. Þá er það Frakkland, sem á næstlengsta og merkasta sögu að baki í þessu efni. Þá er það voldugasta heimsríkið, Bandaríkin í Norður-Ameríku, sem þegar í upphafi byggðu á þingræðisskipulaginu.

Alstaðar í þessum löndum er kjördæmaskipunin í aðalatriðum reist á grundvelli einmenningskjördæmanna, a. m. k. á þeim grundvelli, að sérstakar heildir innan þjóðfélagsins — kjördæmi — hafi rétt til að kjósa sérstaka fulltrúa. Og það er óhætt að fullyrða, að þetta skipulag stendur föstum fótum í þessum löndum, miklu sterkari fótum en hið nýja skipulag. Í Englandi hafa raddirnar um að breyta til í þá átt, sem er stungið upp á hér, aldrei átt neitt teljandi fylgi.

Í Frakklandi var meira að segja einu sinni breytt kjördæmaskipun í þá átt, sem nú er stungið upp á hér, en Frakkar hurfu frá því ráði aftur, tóku aftur upp einmenningskjördæmi, og engar líkur eru til, að þeir breyti um aftur. Þessi er svipurinn í þessum þjóðlöndum, einmitt þeim löndum, sem nú ráða lögum og lofum í heiminum, þeim, sem fyrst og fremst setja nú sinn svip á rás viðburða veraldarinnar.

Ef við lítum yfir þessi lönd í heild í Norðurálfunni, norður- og vesturhluta hennar, sem okkur er næstur, og Ameríku, norðurhlutanum, þar sem Íslendingabyggðirnar eru, þá er það víst, að **mjög mikill meiri hl. fólks** í þessum löndum samtals **býr ekki við þá grundvallarreglu** um skipulag kosninga, sem stungið er upp á í þessu stjórnarskrárfrv., heldur einmitt við þá grundvallarreglu, sem nú gildir á Íslandi og við framsóknarmenn viljum láta halda áfram að gilda í aðalatriðum á Íslandi. Ef við svo loks, áður en skilið er við það, hver rök og fræðsla fæst til okkar utan yfir pollinn um þetta efni, spyrjum um það, hvað reynslan segi frá þessum löndum, sem búa við hið mismunandi skipulag, þá er það eigi síður mikilsvert atriði.

Reynsla þeirra landa, sem að meira eða minna leyti hafa látið höfðatöluregluna vera algilda um skipun kosninga, er fyrst og fremst mjög stutt. Í þeim löndum allmörgum er, eins og kunnugt er, hið alvarlegasta og hættulegasta ástand. Vitanlega mótast það mjög af því, sem mörg þessara landa fengu á að kenna í heimsstyrjöldinni og upp úr henni. En

vafalaust má og telja, að þetta fyrirkomulag um kosningar eigi sinn þátt í því. Höfðatölureglan býr í haginn fyrir aukinn glundroða í þjóðfélaginu. Hún ýtir undir myndun nýrra flokka óhæfilega mikið. Hefir sú reynslan orðið yfirleitt í þessum löndum, að þar hafa myndazt fjölmargir stjórnmálaflokkar, og fær enginn nægilegt afl til þess að geta af eigin styrk farið með stjórnina. Stjórnarmyndanir verða að gerast með þeim hætti, að fjölmargir flokkar taka þátt í stjórnarmyndun og tryggja sér allskonar friðindi; fá smáflokkarnir oft óeðlilega aðstöðu til þess að hlynna að sérhagsmunum sínum, til mikils tjóns fyrir heildina.

Um reynslu Norðurlandaþjóðanna get ég talað af nokkurri þekkingu, a. m. k. um eina, sambandsþjóð okkar. Ég var eitt sinn fyrir ca. 2 árum þátttakandi og áheyrandi samtals milli tveggja helztu manna beggja stærstu stjórnmálafl. í Danmörku um reynslu þeirra í þessu efni. Þeir voru báðir sammála um, að hún væri ekki góð. Þeir sáu hættuna af myndun smáflokkanna, sem skipulagið ýtir svo mjög undir og er svo afleiðingaríkt um stjórnarfarið. Þeir leituðu að leiðum til umbóta og spáðu breytingum. Sjö flokkar kepptu við síðustu kosningar í Danmörku. Sex komu mönnum að. Glögg merki eru til aukinnar sundrungar. Þessi er svipurinn yfir reynslu þessara landa. Og hún er stutt. Hún er fráfælandi, það sem hún nær.

Um reynslu hinna þjóðanna, sem byggja aðallega á sama grundvellinum og við Íslendingar höfum byggt á, og sem við framsóknarmenn viljum enn byggja á í aðalatriðum, um þá reynslu verð ég að byggja eingöngu á því, sem ég hefi lesið um í blöðum og bókum. En það er víst, að þar er um langa reynslu að ræða. Þar er um samfellda þróun að ræða á hinum sama grundvelli. Þar er því fyllilega úr því skorið, að innan ramma þessa skipulags hafa öndvegisþjóðir heimsins látið sér vel farnast mannsaldur eftir mannsaldur. Og þar er ennfremur úr því skorið, að þessar þjóðir halda fast, mjög fast, við þetta skipulag.

Ég hefi áður getið um Frakkland. Á Englandi hafa báðir stóru flokkarnir verið sammála um að halda þessum grundvelli um kosningar: einmenningskjördæmi aðallega, en ekki taka upp hlutfallskosningar og láta höfðatölureglunna ráða. Þeir hafa ekki litið á þetta ensku stjórnmálaflokkarnir frá þröngu flokkshagsmuna sjónarmiði það eða það augnablikið. Þeir hafa látið það ráða mestu, hvað sé farsælast fyrir þjóðarheildina til þess að tryggja eðlilega þróun innan þjóðfélagsins, til þess að tryggja, að einnig verði trygging fyrir, að séð verði farborða hagsmunum hinna dreifðu byggða úti um alla landsbyggðina, með því að tryggja þeim sérstaka fulltrúa. Þeir hafa ekki hlaupið til ensku stjórnmálaflokkarnir, þótt þeir hafi fengið mótkast nokkurt við einar kosningar, og heimtað nýtt skipulag, sniðið eftir bráðabirgðahagsmunum sínum.

Ég hneykslaði hv. 1. landsk. mjög við 1. umr., er ég lét þess getið, að ég mæti mikils reynslu Englendinga í þessu efni, — móðurlands þingræðisins. Ég verð samt að hneyksla hann enn. Ég met meira reynslu öndvegisþjóðanna, samfellda reynslu um langan tíma, óslitna þróun þessara stóru landa. Ég met meira það einróma álit, sem er í þessum löndum um að halda áfram þessu skipulagi, sem hefir reynzt þeim svo vel. Ég met það meira en hina stuttu reynslu landanna með byltingarstjórnarskrár, eða stjórnarskrár meira og minna snortnar af byltingaöldum heimsstyrjaldarinnar. Einkum met ég meira reynslu öndvegisþjóðanna, er ég les sögu hvorratveggja landanna.

Ég hefi yfirleitt meiri trú á **þróun** í stjórnarfari og löggjöf heldur en á hinum stóru stökkum fram og aftur. Og ég veit, að ég er ekki einn um þessa skoðun. Ég er sannfærður um, að mikill meiri hl. íslenzku þjóðarinnar vill **þróun á núverandi grundvelli, en ekki byltingu yfir á alveg nýjan grundvöll** í kjördæmaskipunarmálinu. Hvort sem litið er út á við, til reynslu annara þjóða, eða litið er inn á við á okkar þjóðlíf og aðstöðu alla, þá höfum við Íslendingar ærnar ástæður til að vilja heldur þróunina, áframhaldandi vöxt á þeim grundvelli, sem reynzt hefir þjóðinni farsæll. Endurskoða hana og bæta með hógværð og skynsemd, eftir því sem ástæður verða til, en stökkva ekki burt yfir á nýjan grundvöll, lítt

reyndan, — og meir en vafasamt, hve vel reyndan, það sem það er.

Ég kemst ekki í þessari ræðu, svo afmörkuð sem hún er, inn á að tala um okkar sérstöku ástæður innanlands, aðstöðu hinna dreifðu byggða gagnvart höfuðborginni, sem með svo miklu afli dregur til sín fólk og völd. Ég hefi meir getað talað um það áður og tími mun gefast til þess að koma að því síðar.

Ég enda þennan kafla ræðu minnar með því að segja: Fræðslan, sem kjördæmanefndin hefir dregið að utan úr heiminum, er voldug áminning til okkar Íslendinga um að athuga vel, hvað við gerum, áður en við hverfum af þeim grundvelli, sem við höfum staðið á til þessa, og látum höfðatölureglunа verða algilda um skipun Alþ. okkar. Áður en þjóðin lætur laðast til að stíga slíkt spor um stjórnarfar sitt, á hún a. m. k. að fá sem gleggstar fréttir um reynslu annara þjóða í þessu efni.

Nú má vera, að einhver segi: Þú setur dæmið rangt upp. Þú talar um höfðatölureglunа annarsvegar, en einmenningskjördæmafyrirkomulagið hinsvegar. Nú er ekki lengur um það að ræða, hvort höfðatölureglan eða einmenningskjördæmi eigi að vera aðalgrundvöllur kosningatilhögunarinnar. Það hefði mátt tala um slíkt í fyrra. En nú er talsvert annað uppi á teningnum. Aðaltill. sjálfstæðismanna nú gefur kjördæmunum úti um land kost á að halda rétti sínum að nokkru. — Þetta er rétt að nokkru, en ekki heldur nema að nokkru. Þessi hugarfarsbreyting er stórgleðileg, og ég fagnaði henni mjög og tel mikið þegar á unnið.

Ég hefi lagt mikla vinnu í að brjóta þessar till. sjálfstæðismanna í kjördæmamálinu til mergjar, en nú er ekki tími til þess að gagnrýna þær í einstökum atriðum. En niðurstaðan af þessum athugunum mínum er sú, að ég álít ekki framkvæmanlegt að leggja þessar till. til grundvallar fyrir skipun kjördæmamálsins. Það er engin tilviljun, að samskonar skipulag og farið er fram á í till. sjálfstæðismanna er hvergi til í heiminum. Þó eru þær allrar virðingar verðar, vegna þess að þær viðurkenna rétt hinna einstöku kjördæma og gefa mér von um, að áður en langt um líði fáist viðunandi lausn á þessu máli. En hún verður að vera á þá leið, að réttur hinna dreifðu byggða úti um landið verði traustlega tryggður.

En í því stjskrfrv., sem hér liggur fyrir, er ekki um þetta að ræða. Þar er ekkert fastákveðið annað en að höfðatalan eigi ein að ráða þm.fjölda. Þar stendur ekki neitt til þess að tryggja rétt kjördæmanna og hinna dreifðu byggða. Höfðatölureglan á skv. því að vera algerlega einráð, og það þvert ofan í yfirlýsingar hv. 1. landsk. á þinginu 1930. Hér er því ekki um að ræða aðaltill. sjálfstæðismanna, heldur er hér tekin upp hin mjög svo einhliða höfðatöluregla um skipun þingsins, og ekkert annað á að tryggja í stjskr. En hvar er þá trygging fyrir því, að alls hins, sem hv. 1. landsk. lagði áherzlu á í ræðu sinni 1930, að gætt yrði, verði veitt tilhlýðileg athygli?

Í sambandi við þetta vil ég minnast á tvö atriði. Það fyrra er hverflyndi hv. 1. landsk. í þessu máli. 1930 segir þessi hv. þm., orðrétt tilfært, að höfðatalan **„megi enganveginn vera eina atriðið, sem öllu ráði í málinu“.** En nú ber þessi sami hv. þm. fram frv. til breyt. á stjskr., þar sem hann vill endilega lögfesta einmitt höfðatölureglunа sem það eina rétta. Hvaða tryggingu hefir fólk úti um land fyrir því, að þessi hv. þm. og flokkur hans segi nú ekki ennþá eitthvað nýtt árið 1933?

Annað atriði var það, að þó að sjálfstæðismenn beri það nú fram sem aðaltill. sína, að kjördæmin úti um land fái að halda rétti sínum, hafa þeir samt lýst því yfir jafnframt, að þótt þetta sé aðaltill. þeirra, þá séu þeir reiðubúnir til þess að falla frá henni og gera landið allt að einu kjördæmi skv. till. jafnaðarmanna. En ég álít, að þegar gengið er frá þessari stjskrbreyt., megi ekki leggja höfðatölureglunа eina til grundvallar. Þar þarf að taka tillit til margs fleira — eins og hv. 1. landsk. tók réttilega fram 1930 —, og þá fyrst og fremst að tryggja réttindi núverandi kjördæma.

Á þeim grundvelli eru till. okkar framsóknarmanna bornar fram. Þar er fyrst og fremst tryggður réttur kjósendanna

úti um land til áhrifa á skipun Alþingis, og innan þeirra takmarka eru stigin stór spor til að jafna aðstöðumun héraðanna innbyrðis. Og á þessum grundvelli — þeim sama, sem hv. 1. landsk. stóð á 1930 — er Framsóknarfl. reiðubúinn til samvinnu um þetta mál. Um þessi grundvallaratriði er barizt, og ég legg aðstöðu okkar framsóknarmanna óhikað undir dóm þjóðarinnar og vona, að úrslit þessa afleiðingaríka máls verði sem farsælust í nútíð og framtíð.

Frsm. meiri hl. af hálfu Sjálfstfl. (Jón Þorláksson): Það er leiðinlegt að þurfa að segja, að hæstv. forsrh. fór ekki rétt með allt það, er hann skýrði frá um liðna atburði. Það má teljast lítilfjörlegt atriði, að hann sagði, að ég hefði verið formaður Íhaldsfl. árið 1930. Þetta er ekki rétt; Sjálfstæðisfl. er eldri en það. Verra var, að hæstv. forsrh. rangfærði kafla úr ræðu, sem ég hélt um skylt mál á þinginu 1930, og tók þó a. m. k. einu sinni fram, að hann hefði orðrétt eftir mér, að höfðatölureglan ætti ekki að vera einráð. Ég held, að ég verði því að nota nokkrar þessara dýrmætu mínútna til þess að lesa upp það, sem ég sagði um þetta á þinginu 1930. Þá var til umr. till. til þál. um undirbúning breyt. á kjördæmaskipuninni, en ekki eins og nú frv. til l. um breyt. á stjskr., til þess að tryggja landsbúum fullkominn kjósendarétt, hvar sem er á landinu. Ég ætla þá, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp hluta af því, sem ég sagði 1930:

„En að því er snertir till. á þskj. 468, þá er hún ákaflega einstrengingslega orðuð. Það er allhörð krafa, þetta, að kjördæmaskipunin skuli tryggja kjósendunum jafnan rétt, hvar sem þeir búa.

Í raun og veru er ekki hægt að fullnægja þeirri kröfu nema með fyrstu aðferðinni, sem hv. flm. nefndi, að þm. séu allir kosnir á sama hátt og landsk. þm. nú, með hlutfallskosningum í einu lagi fyrir land allt. Það mun vera stefnuskráratriði Alþýðuflokksins. En það er alls ekki svo, að þetta, að allir kjósendur hafi jöfn áhrif á skipun Alþingis, sé eina atriðið, sem horfa þarf á í þessu máli. Við verðum líka vissulega að horfa á hitt atriðið, að fámennum, afskekktum landshlutum er líka nauðsynlegt að eiga á þingi fulltrúa, sem er kunnugur þeirra hagsmunum og staðháttum og getur beitt sér fyrir þeirra málum. Þetta er atriði, sem taka verður til greina, þegar kjördæmaskipunin er endurskoðuð, en þáltill. gengur alveg framhjá því".

Ég get ekki séð neitt ósamræmi milli þessara ummæla og till. sjálfstæðismanna nú. Í þeim er ætlazt til þess, að kjördæmaskipuninni sé haldið óbreyttri, en mönnum tryggt flokkslegt jafnrétti við þingkosningar. Ég segi í þessari ræðu frá 1930, að það sé allhörð krafa, ef ætti að tryggja kjósendum jafnan rétt, hvar sem þeir búa á landinu. Og ég sagði í fyrstu ræðu minni í dag, að við sjálfstæðismenn hefðum ekki séð okkur fært að tryggja kjósendum fullkomið staðarlegt jafnrétti í till. okkar í ár, og er það í fyllsta samræmi við þessi ummæli mín frá 1930. Hæstv. forsrh. sagði í upphafi ræðu sinnar, að í þessu stjórnarskrárfrv., sem hér liggur fyrir, væri farið fram á ákveðna kjördæmaskipun, helzt þá, að landið allt yrði eitt kjördæmi. En sannleikurinn er sá, að kjördæmaskipuninni er alveg haldið utan við þetta frv.

Þá sagði hæstv. forsrh. ennfremur, að þetta stjskrfrv. feldi það í sér, að það eina, sem taka ætti tillit til, væri höfðatölureglan. Þetta er vægast sagt tilbúningur. Það segir sig sjálft, að þetta frv. þegir um öll þau mörgu atriði viðvíkjandi skipun þingsins og ætlast ekki til, að slíkt verði tekið upp í stjórnarskrána. Það er svo hjá okkur sem flestum öðrum þjóðum, að viðvíkjandi skipun þingsins eru aðeins örfá grundvallaratriði tekin upp í stjórnarskrána.

Hæstv. ráðh. hamraði stöðugt á því, að við sjálfstæðismenn vildum láta höfðatöluna eina öllu ráða. Till. okkar í kjördæmaskipunarmálinu sýna bezt, hvílík fjarstæða þetta er.

En enginn kemst framhjá þeirri reglu, hvaða tilhögun sem hann svo hugsar sér, að tala gildra, greiddra atkv. við kosningar hlýtur alltaf að ráða úrslitum, hversu ranglátt sem fyrirkomulag kosninganna kann að vera. En við förum ekki fram á annað með þessum till. okkar, að þegar atkv. eru talin, þá séu þau öll metin jafnhátt, þegar skorið skal

úr því, hvað hver flokkur á að fá marga þm. — Ef hæstv. forsrh. þykir þetta einstrengingslegt og þykir það benda eitthvað um of á byltingastjórnarskrár, þá vil ég geta þess, að nærri því samskonar ákvæði er að finna í stjskr. Danmerkur, sem á þó enga byltingu að baki sér. Þar er mjög svipað ákvæði þessu um kosningarnar til þjóðþingsins, sem er hin eiginlega þjóðfulltrúasamkoma.

Þá held ég, að óþarfi sé að svara hæstv. forsrh. fleiri orðum, en vil minnast á það, sem mér finnst athugavert við till. Alþýðufl., þá, að gera allt landið að einu kjördæmi, og er það aðallega tvennt.

Í fyrsta lagi ber að gæta þess, að þótt sú tilhögun líti einfalt út á pappírnum, yrði hún mjög erfið í framkvæmd, ef haldið er við þá kröfu, að kjósendur þekki yfirleitt frambjóðendurna. — Í öðru lagi er þetta algerlega óreynt skipulag og hefir hvergi verið tekið upp, þótt hinsvegar margar þjóðir hafi lögleitt hlutfallskosningar.

Um till. Framsóknarfl., sem hér birtast í fyrsta skipti, er það að segja, að þar er landinu skipt í 2 kjördæmi. Öðrumegin er Rvík, með 8 þm., kosna með hlutfallskosningum, hinsvegar allt landið utan Rvíkur, með 32 þm., sem ekki **má** kjósa með hlutfallskosningum, og er það ákvæði vafalaust einsdæmi, hvað vítt sem væri leitað. Og svo **má** með lögum veita 5 uppbótarþingsæti í því kjördæmi, en þau má alltaf afnema með lögum, ef meiri hl. þingsins þykir þægilegra að hafa þau ekki. Annars álít ég ekki ástæðu til þess að ræða þessar till. meira nú, enda er grundvöllurinn, sem þær eru byggðar á, fjarstæða tóm.

Hæstv. forsrh. er tamt að bera okkar litla land saman við hið mikla Bretaveldi; í því sambandi læt ég þess getið, að ég álít, að við séum svo fámenn þjóð, þessar 100 þús. sálir, að við megum ekki við því að stofna til þess innanlands ófriðar, sem gæti komið af því að skipta landinu í tvo hluta og íbúar annars hlutans væru rétthærri, þegar um sameiginleg mál er að ræða. Við verðum að leggja allt kapp á að sameina sem flesta okkar krafta, og ég veit enga óbótamenn verri en þá, sem með blaðaskrifum og æsingafundum sá hatri og óvild milli sveita og kaupstaða. Kaupstaðirnir eru einmitt vaxnir upp af holdi sveitanna, og nú er komið svo, að sveitirnar geta ekki lifað án kaupstaðanna. — Í stjórnarskránni og í allri annari löggjöf er öllum jafnt gert að skyldu að leggja þrek sitt fram í þjónustu þjóðfélagsins. Þess vegna má ekki undir nokkrum kringumstæðum neita þegnunum um sjálfsögðustu réttindi þeirra. — Ég held, að ég þurfi ekki að taka fleira fram viðvíkjandi umr. Þær hafa að mestu snúizt um smáatriði, sem ekki liggja hér fyrir til atkvgr.

Um stjskr.frv., sem hér á að ræða um, er það að segja, að ég held, að allir geti samþ. 1. gr. þess, hvaða óskir sem þeir kunna að hafa um kjördæmaskipunina. Allir ættu að geta sætt sig við, að það mál yrði áfram hins almenna löggjafarvalds.

Það andaði heldur kalt í garð sjálfstæðismanna í ræðu hæstv. forsrh., og þó berum við einmitt fram till. um að vernda rétt kjördæmanna úti á landi. — Ég vona það, að þegar þessi hæstv. ráðh. er kominn í hóp sinna flokksbræðra og hættur að tala til kjósendanna á landinu, verði honum ljósari sú ábyrgð, er hvílir á flokki hans, heldur en nú virðist vera. Hann er hér fjölmennur á Alþingi, án þess að hafa meiri hl. þjóðarinnar á bak við sig, og á honum hvílir sú ábyrgð, að leysa úr þessu máli, sem hæstv. forsrh. hleypti meiri ófriðaröldu í en hér hefir þekkzt í mörg ár, með þingrofinu 14. apríl 1931. Ég sagði við hann á sumarþinginu, að ég vildi hafa vopnahlé við hann um þetta mál, þar til mþn. hefði haft það til athugunar. En ég vona, að bæði hann og flokkur hans sjái, að það er þeim fyrir beztu og þjóðinni sem heild, að þetta vopnahlé endi friðsamlega. — En það getur ekki orðið, ef á að skipta landinu í tvo flokka og skerða mannréttindi annars, en láta hins óskert.

Frsm. meiri hl. af hálfu Alþfl. (Jón Baldvinsson): Þegar kjördæmaskipunarn. var sett á laggirnar á síðasta þingi og sjálfur hæstv. forsrh. tók sæti í henni sem fulltrúi Framsóknarfl., þá væntu margir þess, að nú mundi með starfi þessarar n. fást sæmileg úrlausn á þessu vandamáli. Svo hefir þó ekki orðið. Það

var ekki liðið svo langt á starfstíma þn. í kjördæmamálinu, þegar að vísu ekki fullkomnar, en þó allvíðtækar till. komu fram frá andstæðingum hæstv. forsrh. í n., og þó leitað væri allfast eftir við fulltrúa Framsóknarfl. í n. að koma fram með sínar till., sleit hún svo störfum, að ekki voru frá þeim flokki komnar neinar viðunandi till. í málinu. Það er nú fyrst, að komnar eru fram till. frá flokknum, þar sem eru þessar till., sem ætla má, að séu frá Frams.fl. og minni hl. stjskrn. í Ed. ber fram og komið hafa ýtrastar frá þeim flokki, opinberlega. Jafnlangt hefir hann aldrei gengið fyrri, og er ástæða til að þakka það, að hann skuli þó láta þetta undan. En þessar till. eru þó þess eðlis, að það er ekki viðbúið, að þeir flokkar, sem hafa krafizt þess, að kjördæmaskipunarmálið yrði nú leyst á viðunandi hátt, telji vel til fallið að samþ. þær. Eða a. m. k. vil ég segja það fyrir hönd Alþýðufl.

Hæstv. forsrh. byrjaði ræðu sína með því að lýsa áhrifum þeim, sem þetta mál hefði haft á kosningarnar 1931, og talaði um andstöðuna gegn makki sócialista og sjálfstæðismanna á þingi 1931 og svar þjóðarinnar við því. Þegar hæstv. forsrh. er að tala um andstöðu þjóðarinnar og svar þjóðarinnar, þá er það ekki meiri hl. þjóðarinnar, sem hann er að tala um. Það er ekki meiri hl. þjóðarinnar, sem hæstv. forsrh. getur meint, þegar hann talar um þjóðina, því úrslit kosninganna sýndu, að það var aðeins liðugur þriðjungur þjóðarinnar, sem ekki vildi breyta kjördæmaskipuninni, en nærri ⅔ heimtuðu breytingu. Og á bak við kröfuna um að breyta stendur þannig meiri hl. þjóðarinnar. 65 kjósendur af hverjum 100 heimta breytta kjördæmaskipun og að kosningarrétturinn verði almennur og jafn og réttur manna til áhrifa á skipun Alþ. hinn sami, hvar sem þeir eru búsettir, og 35 vilja hafa gamalt og úrelt skipulag. Þetta eru nú úrslit kosninganna hjá þjóðinni, þó að svo heiti, að á þingi hafi Framsóknarfl. fyrir núv. kosningatilhögun 23 þm. af 42. En það er fleira rangt en kjördæmaskipunin í þessu landi. Og það vill nú svo hlálega til með Framsóknarfl., að þó hann hafi mikinn meiri hl. þings og allt réttlæti mælti þannig með, að hann ætti að ráða hér á Alþ. einn og skilmálalaust, þá gerir hann það nú ekki. Og það er vegna þess, að gamalt og ranglátt ákvæði í stjórnarskipunarlögum landsins um samsetning annarar d. veldur því, að þó einhver flokkur ynni stærri sigur en þann, sem hv. Framsóknarfl. er nú að guma af, en stæði líkt og sá flokkur að öðru leyti, þá gæti hann samt ekki ráðið málum óskorað á Alþ. Það var því ekki allt sætt í þessum bikar, sem þjóðin rétti að Framsóknarfl. með þessum kosningasigri 1931.

Þegar tekið er tillit til þess, með hve miklu offorsi framsóknarmenn sóttu fram í kosningunum 1931, þá má segja, að það sé mikið látið undan af þeirra hálfu, þar sem þeir hafa lagt fram slíka till. sem þeir þó hafa gert, með brtt. Sérstaklega minnist ég þess úr kosningabaráttunni, að ýmsir frambjóðendur Framsóknarfl. — sumir eru nú orðnir þm. þess flokks — töluðu við bændur á þá lund, að það yrði nú líklega í síðasta sinn, sem bændur fengju að kjósa, ef þeir ekki veittu Framsóknarfl. brautargengi; það yrði þá í síðasta sinn kosið í kjördæmunum og sveitirnar fengju ekki lengur að ráða, því andstæðingarnir hefðu tekið höndum saman um það að fjölga þm. fyrir Rvík. Ég veit nú ekki, hvernig Framsóknarfl. ætlar að fara að koma til kjósendanna aftur og skýra þeim frá því, að hann hafi nú lagt til að tvöfalda þingmannatölu Rvíkur. Þetta er auðvitað ekki rangt, því Rvík á heimtingu á miklu meira. En það verður spaugilegt, þegar framsóknarmennirnir fara að rökræða þetta við bændur, sem þeir fullyrtu svo mikið við í fyrra. En úr því nú Framsóknarfl. hefir svipt sig möguleikunum til að geta blekkt kjósendur sína framvegis eins og 1931, væri það réttast fyrir hann að ganga nú hreint til verks, viðurkenna óskoraðan rétt kjósendanna og jafnrétti þeirra, hvar sem þeir búa á landinu, og lögleiða þetta jafnrétti. Því þetta krukk, sem gert er af Framsóknarfl. í kjördæmaskipunina í þá átt að leiðrétta misrétti, er nægjanlegt til að spilla þeirra rökum, eða réttara sagt blekkingum við bændur, þó það nægi ekki til að veita kjósendum fullan rétt.

Hæstv. forsrh. hefir skipt skoðun síðan 1931, og hv. 1. landsk. hefir skipt skoðun síðan 1930, því engum, sem les ræðu hans í Alþt., blandast hugur um, að þm. fyrstur manna leggst á móti till. Alþýðufl. 1930 um að bæta úr ranglætinu í kjördæmaskipuninni og undirbúa nýja kjördæmaskipun. Það er ekki efamál, að öll ræða hans, orð hennar og andi, er í þá átt að leggjast á móti till., sérstaklega þeim atriðum — þó hann vilji skýra það öðruvísi nú —, að allir hafi jafnan kosningarrétt, hvar sem þeir búa á landinu, og landið sé eitt kjördæmi. Þeir hafa báðir skipt um skoðun, hv. 1. landsk. og hæstv. forsrh., og segi ég þeim það til hins betra, þó hvorugur hafi farið nógu langt eða viljað stíga sporið fullt.

Hæstv. forsrh. hélt því fram, að fræðsla um málið væri nauðsynleg. Ég er honum alveg sammála um þetta. Þess lengur sem það er rætt og þess meiri fræðslu, sem menn fá um það, þess fleiri verða sannfærðir um, að rétt sé að breyta stjskr. og kjördæmaskipuninni í það horf, sem felst í frv. og kjördæmaskipun þeirri, sem Alþýðufl. hefir stungið upp á. Ég hefi orðið var við það í umr. manna á milli, að það eru ekki fáir sjálfstæðismenn, sem telja einföldustu lausn þessa máls þá, sem felst í till. Alþýðufl., að gera allt landið að einu kjördæmi. Og sama er jafnvel í hópi framsóknarmanna, að þeir segja margir, að ef það eigi að breyta — engir eru þeir nú fúsir til þess, — en ef eigi að breyta, þá sé till. Alþýðufl. einfaldasta ráðið. Það er þannig fullvíst, að þess meira sem málið er rætt, þess meira sem almenningur fræðist um það, þess meiri skilning fær hann á því, að þegar breytt verður til, þá sé réttast að breyta til eftir till. Alþýðufl.

Hæstv. forsrh. vildi gera lítið úr þeim stjskr., sem settar væru í því umróti, sem varð eftir styrjöldina miklu, settar eftir byltingar. Ég veit, að hæstv. forsrh. er mikill sögumaður, og miklu meiri sögumaður en ég. En svo mikið held ég, að ég viti í sögu, að mér sé óhætt að segja það, að flestar eða allar stjskr. í heiminum séu settar upp úr byltingu. Ég held, að það mætti rekja sögu blóðugrar byltingar að næstum hverri einni og einustu stjskr. Hæstv. ráðh. ætti því ekki að gera lítið úr þeim stjskr., sem sprottnar eru upp úr byltingu. (**Dómsmrh.**: Af hverju var byltingin stöðvuð síðastl. vor?). Hæstv. dómsmrh. er nú farinn að dansa með í þessari byltingu, og hann verður að dansa lengur, þó hann sé máske nauðugur.

Maður heyrir oft hin þjóðlegu hvatningarorð: Ísland fyrir Íslendinga. Við Alþýðuflokksmenn viljum orða þetta dálítið á aðra lund; við viljum orða það á þessa lund: Ísland fyrir alla Íslendinga; þá er það rétt. Hæstv. forsrh. talaði nokkuð svipað áðan, þegar hann var að tala um að leggja þetta mál undir dóm þjóðarinnar, og kvaðst jafnvel mundu gera það. Ég vil biðja hæstv. forsrh. að standa við það og gera það bókstaflega; ég vil biðja hann að leggja þetta mál undir dóm þjóðarinnar — allrar þjóðarinnar, þá þarf ekki að kvíða úrslitum.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vil hefja mál mitt á því að láta í ljós ánægju mína yfir því, með hvaða svip hv. ræðumenn, 1. og 2. landsk., hafa borið þetta mál fram í ræðum sínum nú. Ég vil vona, að það spái góðri lausn á þessu máli, ef ekki er tekið tillit til annars en þess, sem verða má til að leysa það farsællega til lykta.

Ég vil þá víkja fyrst að hv. 2. landsk., sem síðast talaði, af því að við hann hefi ég færra að tala. Hv. þm. lét svo um mælt, að hann hefði búizt við, úr því ég hafði borið fram till. um að skipa mþn. í kjördæmaskipunarmálið, að þá fengist einhver endanleg lausn málsins. Og hann bætti við, að það hefðu engar till. komið frá okkur framsóknarmönnum í kjördæmaskipunarnefndinni. Út af þessu vil ég segja þetta: Um till. hv. 2. landsk. í n. sögðum við það, að það þýddi ekki að halda áfram að ræða þær, hvorki að hafa landið 1 eða 6 kjördæmi með niðurlagningu smáu kjördæmanna; það yrði aldrei samþ. Um hitt er það að segja, að við bárum fram í n. till., sem við héldum, að gæti verið grundvöllur til að vinna á, og við höldum ennþá, að geti orðið grundvöllur að endurskoðun kjördæmaskipunarinnar, eins og lagt var fyrir n. að vinna að. Við vildum halda við grundvöll núv.

kjördæmaskipunar, en leitast svo við að koma á jöfnuði innan ramma þess grundvallar. En við fengum ekki einu sinni þennan grundvöll ræddan í n. Andstæðingarnir héldu fast við sínar till. Hv. sjálfstæðismenn héldu fast við sína aðaltill., og sérstaklega lagði hv. 1. landsk. aðaláherzluna á það, að grundvellinum undir þeim mætti ekki raska — það mætti ekki takmarka uppbótarsætin. Við fengum ekki einu sinni að tala við hv. andstæðinga okkar á þeim grundvelli, sem við höfðum lagt. Það gleður mig því mjög, að nú vilja hv. sjálfstæðismenn fallast á að takmarka þingsæti; það vildu þeir aldrei ganga inn á í n.

Þá vil ég leyfa mér að vekja athygli á, hvernig hv. andstæðingar tala um aðstöðu Framsóknarfl. gagnvart Reykjavík. Hv. 1. landsk. ásakar okkur framsóknarmenn fyrir það, að við viljum setja Reykjavík hjá, en hún beri þó mestar byrðarnar. Ég vil nú skjóta því inn í, að þó tölur þær, sem hann nefndi, kunni að vera réttar, sem ég hefi ekki athugað, og að það virðist þannig, að Reykjavík hafi borið svona miklar byrðar, þá er það alls ekki svo, heldur hafa byggðirnar úti um landið borið töluverðan hluta af þeim gjöldum, sem greidd eru inn í ríkissjóðinn í Reykjavík, vegna þess, að verzlunin gengur þar í gegn. Og þau hlunnindi eru óteljandi, sem Reykjavík nýtur frá ríkisheildinni.

Hv. 1. landsk. sagði, að Reykjavík fengi miklar byrðar, en lítið réttlæti. Hinsvegar sagði hv. 2. landsk., að með till. okkar framsóknarmanna væri stigið stórt spor til að bæta úr því misrétti, sem nú er í þm.tölu Reykjavíkur. Ég vil benda á, að það er ekki mikið samræmi í þessu, sem hv. andstæðingar okkar segja. Hv. 2. landsk. sagði, að það væri ekki samræmi í því hjá okkur, að við hefðum barizt á móti fjölgun þm. fyrir Reykjavík í fyrra, en legðum nú til, að þeim væri fjölgað upp í 8. Ég vil minna á þau ummæli, sem komu fram frá mér í fyrra, að Reykjavík ætti í raun og veru 4 landskjörnu þm. Það er því ekki neitt ósamræmi í þessu, að um leið og landskjörið er lagt niður fái Reykjavík þá uppbót, sem svarar til þeirra landskjörnu þingmanna, sem hún missir.

Þá er það hv. 1. landsk. Ég vil beina nokkrum orðum til hans, hv. formanns Sjálfstæðisfl., út af því, að hann sagði, að ég hefði farið rangt með orð hans á þinginu 1930. Nú skal ég sýna, að ég hafi verið að fara rétt með, með því að lesa upp úr þingtíðindunum kafla úr ræðu hans fyrir þessum sömu áheyrendum, svo að þeir geti sjálfir dæmt um, að ég hafi ekki farið rangt með. Og það mun sýna sig, að ef hv. þm. stendur á sama grundvelli nú og 1930, eins og hann lýsti yfir áðan fyrir alþjóð manna, og ef hann í till. sínum í ár vill vera í samræmi við þann grundvöll — ef hann vill standa við þá yfirlýsingu, þá munum við bera gæfu til að leiða þetta mál farsællega til lykta.

Nú skal ég fara með þetta, sem hann sagði, svo allur landslýður megi hlusta á. Í 302. dálki Alþt. 1930, D-deild, segir hv. þm:

„Þetta mál" (nefnilega kjördæmaskipunarmálið) „hefir alloft legið fyrir Alþingi til úrlausnar, og fram til núv. kjörtímabils hefir ávallt verið notað sama úrræðið. Þegar kaupstaðir hafa verið orðnir svo fjölmennir, að það hefði verið áberandi ranglæti að láta þá ekki hafa áhrif á fulltrúaval til Alþingis, þá hefir verið bætt við þingmönnum fyrir þá". Þetta hefir allt af verið úrræðið.

Í 303. dálki segir hv. þm. ennfremur:

„Sjálfsagt eru til ýmsar leiðir til þess að bæta úr mestu misfellunum í þessu máli. Ég skal taka það skýrt fram, að ég álít, að ekki muni verða hægt að komast hjá að halda áfram eitthvað í sömu átt og áður og taka tillit til tilfærslu mannfjöldans á landinu. En að því er snertir till. á þskj. 468" (nefnilega till. jafnaðarmanna), „þá er hún ákaflega einstrengingslega orðuð. Það er allhörð krafa, þetta, að kjördæmaskipunin skuli tryggja kjósendum jafnan rétt, hvar sem þeir búa. Í raun og veru er ekki hægt til fulls að fullnægja þeirri kröfu, nema með fyrstu aðferðinni, sem hv. flm. nefndi, að þm. séu allir kosnir á sama hátt og landsk. þm. eru nú, með hlutfallskosningum í einu lagi fyrir land allt".

Þarna segir hv. 1. landsk., að það sé eina aðferðin, sem fullnægi þessari kröfu, svo að sú aðferð, sem hann nú ber

fram, getur ekki fullnægt henni. Svo heldur hv. þm. áfram:

„— Það mun vera stefnuskráratriði Alþýðuflokksins. En það er alls ekki svo, að þetta, að allir kjósendur hafi jöfn áhrif á skipun Alþingis, sé eina atriðið, sem horfa þarf á í þessu máli. Við verðum líka vissulega að horfa á hitt atriðið, að fámennum, afskekktum landshlutum er líka nauðsynlegt að eiga á þingi fulltrúa, sem er kunnugur þeirra hagsmunum og staðháttum og getur beitt sér fyrir þeirra málum.

Þetta er atriði, sem taka verður til greina, þegar kjördæmaskipunin er endurskoðuð, en þáltill. gengur alveg framhjá því".

Þessum ummælum hv. 1. landsk. er ég algerlega sammála frá upphafi til enda.

Hv. 1. landsk. segir ennfremur:

„Ég er þeirrar skoðunar, og ég hygg að tölurnar styðji þá skoðun, að af kaupstaðakjördæmunum sé það ekki nema Reykjavík ein, sem fyrir verulegu misrétti verður eða harðræði af núv. kjördæmaskipun".

Ég er þessu alveg sammála, að það sé Reykjavík ein, sem verður hart úti. Hann segir enn:

„— — Til þess að í aðalatriðum sé nokkurnveginn sæmilegt hlutfall milli kaupstaða og sveitakjördæma, er það einungis þingmannatala Reykjavíkur, sem skýtur verulega skökku við".

Þessu er ég alveg sammála. Hann segir enn:

„Ég hygg, að ekki verði hjá því komizt til lengdar að leiðrétta nokkuð þennan mun".

Það er nú einmitt það, sem við viljum gera, við framsóknarmenn. Hann segir ennfremur:

„Þótt ég viðurkenni, að ástæða sé til að taka ýmislegt í kjördæmaskipuninni til athugunar, mun ég þó ekki geta fallizt á að greiða þeirri till. atkv., sem hér liggur fyrir. Hún er svo einstrengingsleg, að hún lítur aðeins á eina hlið málsins og útilokar ýmsar þær úrlausnir, sem hljóta að koma til skynsamlegrar yfirvegunar".

Þessum ummælum hv. þm. er ég alveg sammála. Og svo á ég aðeins eftir að tilfæra merkilegasta, þýðingarmesta og eftirtektarverðasta atriðið. Það er niðurlag í 312. dálki D-deildar Alþt. 1930, og hljóðar svo:

„Hitt er óneitanlega annað atriði, sem grípur inn í þetta og gerir málið margþættara, að með núv. fyrirkomulagi á kjördæmaskipun verður hlutfallið annað milli þeirrar tölu kjósenda, sem fylgja hverjum flokki, og milli þeirrar tölu þm., sem hver þingflokkur fær. Til þess væri vitanlega sanngjarnt að taka tillit. **En það á þó engan veginn heldur að vera eina atriðið, sem öllu ráði í málinu".**

Þetta segir hv. þm. skýrt og skorinort, að hvaða þm.tölu í hlutfalli við kjósendatölu hver þingflokkur fái, það sé **ekki eina atriðið,** sem öllu eigi að ráða í málinu. En nú ber þessi sami hv. þm. fram stjskrbreyt., þar sem hann leggur til, að þetta, höfðatala kjósendanna, sé eina atriðið, sem öllu ráði.

Nú hefir hv. þm. sagt, að hann stæði enn við skoðanir sínar frá 1930, og ég skal ekki vefengja það að óreyndu, þó hann nú hafi borið fram till., sem fer í bága við þær, því það er ekki svo mjög að marka slíkar till., sem bornar eru fram, þegar kapp er hlaupið í stjórnmálaflokkana um eitthvert mál. En úr því hv. þm. segir, að þetta eigi ekki að vera eina atriðið, sem öllu eigi að ráða í málinu, þá beini ég því til hans, hv. 1. landsk., formanns Sjálfstæðisfl., að hann beri nú fram till. um það, hvað það sé annað, sem ráða á í þessu máli, og að stjskr. sjálf beri það með sér, svo að hv. þm. láti það nú ekki vera eina atriðið, þetta, sem hann sagði 1930, að ætti ekki að vera eina atriðið. Ég vil þess vegna vona, að áður en þetta mál verður afgr. komi fram till. í þessa átt frá hv. þm. Ég vil vona, að það verði samkomulag milli flokkanna um þá till., að það verði ekki eina atriðið, sem öllu ráði í þessu máli, sem hv. þm. lagði áherzlu á 1930, að ekki ætti að vera eina atriðið, og sem ég er honum algerlega sammála um.

Út frá þessu vil ég taka undir þau ummæli hv. 1. landsk., að það séu hinir verstu menn, sem nú vilja stofna til ófriðar og hindra það, að þetta mál verði leyst, sem er eitt af mestu vandamálum þjóðarinnar. Ég get líka tekið undir þau ummæli, sem hv. þm. beindi til mín um

það, að það hvíldi mikil ábyrgð á mér um það, hvort mér tækist að leysa þetta mál. Ég veit þetta mjög vel. Ég hefi lýst yfir því, að við framsóknarmenn erum reiðubúnir til samvinnu við hvaða flokk sem er um að leysa þetta mál. Og ég mun standa við það. En ég beini því þá líka til hv. 1. landsk., að hann og hans flokkur finni til ábyrgðar á því að leysa slíkt mál sem þetta, og gera það ekki á þann hátt, að hindra fulltrúa flokksins frá því að víkjast undir nauðsyn þjóðarinnar um afgreiðslu þeirra mála, sem þm.-skyldur þeirra eru fyrst og fremst að afgr. — að sjá ríkinu farborða fjárhagslega.

Frsm. meiri hl. af hálfu Sjálfstfl. (Jón Þorláksson): Það gladdi mig mjög að heyra hæstv. forsrh. lesa orðrétt alllangan kafla úr ræðu eftir mig um þetta mál á þinginu 1930, þann sama kafla, sem ég var nýbúinn að lesa upp fyrir sömu áheyrendum. Svo bætti hæstv. forsrh. við nokkrum öðrum köflum, án þess að minnast neitt á annað en það, að flokkarnir eigi ekki eingöngu að fá þingmannatölu eftir atkvæðamagni.

Það er engan veginn eina atriðið, sem öllu á að ráða í málinu. Ég vil biðja hæstv. ráðh. að gæta þess, að þau ummæli, sem hann hafði eftir mér frá þinginu 1930, voru viðhöfð í umr. um þáltill. um endurskoðun kjördæma og kosningalaga, sem ekki var stjskrbreyt. Þegar lög um kjördæmi og kosningar eru til meðferðar, er auðvitað á mörg fleiri atriði að líta heldur en þetta eina, t. d. sjálf kjördæmaskiptingin.

Auk þessa umtalaða atriðis er með till. Sjálfstæðisfl. á auðveldan hátt tryggður fullkominn flokkslegur réttur. Nú er það vitanlegt, að þegar hv. Framsóknarfl. á þinginu 1931 bar fram till. til stjskrbreyt. á þá leið að leggja niður landskjörið, þá var sú till. flutt eingöngu vegna flokkslegra hagsmuna framsóknarmanna, með það fyrir augum að raska eðlilegu hlutfalli milli flokkanna. Þegar svo þessari tilraun var svarað með mjög svo höglegri brtt. við stjskr., þá var blásinn sá herblástur, sem kunnugt er, með því að rjúfa þingið með hjálp konungsvaldsins, þvert ofan í ákvæði stjskr. Þeir menn, sem hefja leikinn með því að bera fram ósanngjarnar till., sem svarað er með höglegum og réttlátum till. frá hendi andstöðuflokkanna, og fyrir það sjálfsagða svar grípa til örþrifaráða máli sínu til stuðnings, þeir eiga það traust alls ekki skilið, að þeim sé í framtíðinni falið að ákveða kosningaskipulagið. Út frá atburðunum 1931 er það alveg bersýnilegt, að öll andstaða Framsóknarfl. gegn till. okkar sjálfstæðismanna er sprottin af löngun til þess að viðhalda ranglæti, sér og sínum flokki til ávinnings. Það verður því að tryggja þjóðinni rétt gagnvart ranglætinu með því að festa það ákvæði í stjskr., að allir þingflokkar eigi að hafa jafnan rétt til áhrifa á skipan Alþingis, og það er algerlega gert með 1. gr. í till. okkar sjálfstæðismanna.

Að öðru leyti blés friðvænlega í ræðu hæstv. forsrh. Enda er það ómögulegt aðstaða fyrir flokkinn, eftir að hafa í n. lagt aðaláherzluna á það, að tryggja rétt héraðanna, að leggja á móti okkar till., en ef þeir nú samt sem áður gera það, eins og blað þeirra hefir gert undanfarið, þá hlýtur það að stafa af ástæðum, sem eru enn ekki kunnar eða fram komnar, en sem hinsvegar væri æskilegt að fá að vita, hverjar eru.

Ég get þá lokið máli mínu við þessa 2. umr. um frv. til breyt. á stjskr. Ég mun greiða atkv. á móti brtt. framsóknarmanna við frv. og vona, að flokksmenn mínir geri slíkt hið sama.

Að því er snertir brtt. hv. 2. þm. Árn., þá tel ég hana sjálffallna með aðaltill. og það skipti ekki máli, hvort hún verður samþ. áður eða ekki.

Frsm. meiri hl. af hálfu Alþfl. (Jón Baldvinsson): Hv. 1. landsk. minntist á meðferð á þáltill. Alþýðufl. um kjördæmamálið á Alþingi 1930 og aðstöðu sína til till. Hann talaði um það, að sú till. hefði ekki átt að ná til stjskr., og er það að vísu rétt, að þetta var aðeins till. til þál., en það var jafnframt tekið fram af hv. flm., 4. þm. Reykv., Héðni Valdimarssyni, að ef till. kæmi til framkvæmda, þá þyrfti að sjálfsögðu að undirbúa breyt. á stjskr. Enda er það auðséð, að ef till. hefði verið samþ., þá var sjálfsagt að undirbúa þær brtt., sem menn

hefðu viljað gera þá. Þó að sú leið væri farin 1930 að skora á hæstv. stj. að taka málið til undirbúnings, þá var það vitanlega undanfari stjskrbreyt. Enda má minna á það, að sami hv. þm., sem flutti till. 1930, hefir einmitt fyrir þremur árum flutt till. shlj. till. Alþýðufl. nú, um að gera landið allt að einu kjördæmi. Hv. þm. kallaði till. okkar alþýðuflokksmanna erfiðar í framkvæmdinni. Hann talaði um 200 frambjóðendur og hann hryllti við þeirri halarófu, sem ferðast mundi yfir landið og fylla mundi fundahúsin á samkomustöðunum, ef þeir héldu allir saman. Þessi gagnrýni er nú svipuð gagnrýni Tímans á till. þeirra sjálfstæðismanna um þingmannafjöldann. Röksemdafærsla hv. 1. landsk. er nokkuð álíka. Það er ekki nein ástæða til að ætla, að þessu verði þannig farið, heldur mundu aðeins aðalforingjar flokkanna ferðast um til þess að halda stjórnmálafundi í flestum kjördæmum, og það er einmitt það, sem hefir gerzt, þegar landið hefir verið eitt kjördæmi, sem sé við landskjörið.

Hæstv. forsrh. misskildi það, sem ég sagði um kjördæmanefndina. Ég sagði ekki, að ég hefði vænzt mikils árangurs fyrir það, að n. var skipuð, heldur sagði ég, að úr því hæstv. forsrh. hefði sjálfur tekið sæti í n., þá hefði mátt vænta þess, og það var trú margra, að hann ætlaði sér að gera tilraun til þess að leysa málið á viðunandi hátt. En þegar svo till. koma frá hæstv. ráðh., þá hafa þær ekki í sér fólgnar neinar þær bætur á kjördæmaskipuninni, að það hefði ekki átt að vera fyrirfram vitað, að þær till. leiddu ekki til neins samkomulags.

Því hefir nú verið haldið fram, að landsk. þm. væru uppbót fyrir Rvík. En því er vitanlega ekki hægt að halda fram með neinni sanngirni. Rvík hefir vitanlega áhrif á val hinna landskjörnu fulltrúa, en aðeins í hlutfalli við sinn kjósendafjölda. Þó Rvík sé fjölmenn, þá hefir hún ekki nema um 12 þús. kjósendur, en annarsstaðar á landinu munu vera samanlagt um 40 þús. kjósendur. Hún hefir því alls ekki atkvæðamagn til þess að kjósa fjóra af sex við landskjör.

Ég skal viðurkenna það, að till. framsóknarmanna um að fjölga þm. Rvíkur úr 4 í 8 er bót frá því, sem er, en það er ekki nóg, sérstaklega þegar þess er gætt, að Rvík á ekki að reiknast með þegar ákveðin eru uppbótarþingsætin, sem framsóknarmenn leggja til, að komi í stað landskjörsins, sem þeir vilja fella niður. Þetta er bersýnilegt ranglæti gegn höfuðstað landsins, gegn fullkomlega einum fjórða hluta landsmanna, sem framsóknarmenn hafa með sinni leiðinlegu „agitation" reynt að æsa bændur landsins á móti, sérstaklega við síðustu kosningar, en nú hafa þessir menn með till. sínum um fjölgun þingmanna fyrir Reykjavíkurbæ slegið vopn úr hendi sér; nú geta þeir tæplega lýst Rvík á sama hátt fyrir bændum og þeir hafa gert áður, eftir að hafa lagt til að auka þingmannatölu höfuðstaðarins um helming.

Ég ætla mér ekki við þessa umr. að ræða brtt. hv. 2. þm. Árn., en hún er á þá leið, að ég mun greiða atkv. gegn henni eins og hinum öðrum till. framsóknarmanna í þessu máli.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það ber þannig að, að mér er ætlað að hafa síðastur orðið í þessum útvarpsumræðum. Ég mun því ekki nota þessa sérstöku aðstöðu mína til þess að deila á hv. andstæðinga mína, af því þeir hafa ekki tækifæri til þess að svara mér í útvarpi. Ég vil aðeins í þessari ræðu minni gera tvær aths. út af þeim ummælum, sem farið hafa fram hér um málið. Önnur þeirra er til hv. 1. landsk. út af ummælum hans um gerðir framsóknarstj., hin er almenns eðlis og snertir sjálft aðalatriði þessa stjskrfrv., sem fulltrúar sjálfstæðismanna og jafnaðarmanna hafa borið hér fram.

Hv. 1. landsk., sagði, að vegna þeirra tíðinda, sem gerzt hefðu á síðastl. ári, ættum við framsóknarmenn ekki skilið að hafa aðstöðu til að taka þær ákvarðanir í kjördæmamálinu, sem okkur sýndist, því það væri sýnt, að ekki væri eigandi undir því, hvað við kynnum að gera. En ég vil aðeins benda honum á, að aðalatriðið í okkar till. framsóknarmanna er það, að tekin verði upp í stjskr. einmitt þau ákvæði, sem mestu máli skipta til þess að tryggja það, að einn þingflokkur hafi ekki aðstöðu til að hringla fram og

aftur með þessi þýðingarmiklu ákvæði um kjördæmaskipunina.

Þá vil ég minnast á hitt atriðið, sem er till. andstöðuflokka Framsóknar um rétt hinna pólitísku flokka í landinu til þingsæta, þ. e. að láta flokkana vera undirstöðu undir öllu í kosningunum. Ég vil benda honum á, hvað sá grundvöllur er merkilegur, með því að rifja upp aðstöðu hans, hv. 1. landsk. sjálfs, til hinna pólitísku flokka við 5 síðustu alþingiskosningar hér á landi. Árið 1919 fara fram kosningar og þá tilheyrir hann þáv. **Heimastjórnarflokki**, árið 1921 kemur hann fram í svonefndu **sparnaðarbandalagi** og nær kosningu hér í Reykjavík. Árið 1923 er þessi hv. þm. enn í kjöri, og þá fyrir svonefndan **Borgaraflokk**, árið 1927 er enn kosið, og þá er þessi hv. þm. orðinn formaður **Íhaldsflokksins**, er svo nefnir sig, og árið 1931 heyrir hann enn til nýjum flokki, er heitir **Sjálfstæðisflokkur**. Þetta er nú sá grundvöllur, sem hv. 1. landsk. vill byggja á fulltrúatöluna á Alþingi. Og það er ekki nóg að benda á það, að við hverjar einustu kosningar hefir hann boðið sig fram eða veitt fylgi nýjum flokki, hverjum eftir annan, heldur hefir alltaf komið fram ný og ný stefnuskrá fyrir hvern flokk. Það er því ekki heppilegt að taka aðeins til athugunar þetta eina atriði um hinn pólitíska rétt þingflokkanna og festa það í stjskr., heldur eru það ekki síður önnur og fleiri ákvæði, sem miklu máli skipta. Ég segi ekki eins og hv. þm. sagði á þinginu 1930, að það væri eina atriðið að tryggja héruðunum rétt til þess að eiga sérstaka fulltrúa á Alþingi, heldur eigi að koma ákvæðum um sem allra flest atriði þessa máls undir stjskr., svo að skapazt geti sem öruggastur grundvöllur í kjördæmamálinu.

Ég vil svo þakka öllum þeim mörgu áheyrendum úti um byggðir landsins, sem hlýtt hafa á mál mitt. Ég vil enda það með því að segja, að höfuðstefna okkar framsóknarmanna í kjördæmamálinu er sú, að tryggja rétt hinna dreifðu byggða landsins, tryggja þeim hæfilegan rétt á Alþingi Íslendinga. Ég lít svo á, að á undanförnum áratugum hafi þær allmjög orðið útundan hvað snertir afnotarétt af afl gjafa framkvæmdanna, veltufé þjóðarinnar. Peningastofnanirnar hafa undanfarið veitt fjármagninu einhliða til bæjanna, og þá einkum Reykjavíkur. Ég vil ekki draga óhæfilegt vald þangað, ég vil skapa jafnvægi milli landshlutanna. Ég vil ekki efla til ófriðar milli þeirra, heldur skapa jafnvægi. Ég leit á þá atburði, sem gerðust fyrir ári síðan hér á Alþingi, sem tilraun til að raska jafnvæginu á skipulagsmálum þjóðarinnar, og ég taldi það pólitíska og siðferðislega skyldu mína að vara þjóðina við, með því að rjúfa Alþingi. Ég gerði það ekki af pólitískum flokkshagsmunum, heldur til þess að þjóðin sjálf gæti skorið úr þessum málum. Ég get lýst því yfir, að mér liggur það tiltölulega í léttu rúmi, hvort þessi eða hinn stjórnmálaflokkur fær betri eða verri aðstöðu; aðalatriðið fyrir mér er það, að tryggja rétt fólksins úti um byggðir landsins, hvað sem flokkshagsmunum líður. Með tilliti til þess, sem hv. 1. landsk. sagði 1930, þykist ég hafa ástæðu til að vænta góðra úrslita á þessu máli. — Ég kveð svo alla heiðraða áheyrendur og óska, að þeim megi vel farnast og að okkur takist að leiða þetta þýðingarmikla mál til farsællegra lykta.

Umr. frestað.

Á 43. fundi í Ed., 5. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Magnús Torfason: Það er með hálfum hug, að ég stend hér upp, eftir að höfuðskepnurnar þrjár brugðu sér í algleymingi á leik hér í d. í gær. Ég geri það af því, að ég slysaðist til að bera fram brtt. í málinu, og verð að fylgja þeim úr hlaði með fáum orðum. Ég skal lýsa því yfir, að ég ber brtt. fram einn þm. í þessari hv. d., og veit ekki, hvort nokkrir fleiri fylgja mér þar. En hitt veit ég, að mikill hluti þjóðarinnar stendur á bak við þær; mér er nær að halda, að mikill meiri hl. þjóðarinnar utan Reykjavíkur sé þeim samþ. En það er full von, að svo sé, því að þessar till. eru fyllsta fylling réttlætisins í þessu máli.

Það eru vitanlega ýmsar ástæður til þess, að ég ber þessar till. fram. Í fyrsta lagi eru þessar till. í fyllsta samræmi við síðustu kosningar og skipun Alþ. nú. Við

vitum allir, hvernig þetta mál er til komig. Það var fitjað upp á því, að krafizt var, að þm. Reykv. yrði fjölgað. Á því ætluðu andstæðingar stj. að vinna kosningarnar. En það fór á aðra leið, sem kunnugt er. Þeir biðu hinn herfilegasta ósigur. Ég geri a. m. k. ráð fyrir því, að tilgangur þeirra hafi ekki verið sá, að fækka sínum þm., en fjölga þm. stjórnarflokksins. En þessar till. mínar eru ekki aðeins í samræmi við skipun Alþingis, heldur eru þær líka í fullu samræmi við gerðir þingsins í slíkum málum frá því fyrsta. Þegar kjördæmaskipunin, fyrir breytingar tímans, hefir ekki þótt orðin sem réttlátust, þá hefir stefnan ætíð verið sú, að fjölga þm. þar, sem mestar voru kröfurnar til og mest þörfin á. Og í þessum till. mínum, þar sem farið er fram á að bæta við þm. á Siglufirði, gera Gullbringu- og Kjósarsýslu að tvímenningskjördæmi og láta Reykjavík fá 8 þm., er fylgt sömu stefnunni, sem verið hefir í þessum málum frá upphafi. —

Ein ástæðan til þess, að ég ber fram þessar brtt. er sú, að í till. stj. er kjördæmaskipunin ákveðin í sjálfri stjskr. Og þegar kjördæmaskipunin er fest við slíkt akkeri, má ekki minna vera en að sú skipun þessara mála, sem þannig er rígbundin, verði höfð eins réttlát og hægt er. Auðvitað mun tíminn aflaga hvaða kjördæmaskipun, sem nú væri sett, meira og minna. — En hvað viðvíkur þeim 4 þm., sem bæta skal við Reykjavík, er það að segja, að þar er ekkert annað gert en að láta Reykjavík fá þá þm.tölu, sem hún nú þegar hefir. Reykjavík á 4 landsk. þm. með húð og hári, og þeir gætu ekki staðið betur í ístaði borgarinnar, þó að þeir væru kjörnir þm. hennar. (PM: Hverja af landsk. þm. á Reykjavík ekki?). Ég get svarað því strax. Það eru landsk. þm. Framsóknarfl. Þeir þm. hafa það auðsjáanlega alltaf á tilfinningunni, að þeir séu kosnir fyrir landið allt, en það er ekki hægt að segja um hina með neinum sanni.

Ég sagði áðan, að andstöðuflokkar stj. hefðu farið mikla hrakför í síðustu kosningum. Og það var einmitt á kjördæmaskipunarmálinu, sem þeir töpuðu. Í síðustu kosningum var barizt um það, hvort atkvæðatalan ein ætti að ráða úrslitum kosninga eða ekki. Það bar því fremur á þessu, þar sem tveir flokkar, annars andstæðir, sameinuðust í þessari baráttu fyrir höfðatölunni, en það er öllum vitanlegt, að öll þessi samvinna sjálfstæðismanna og jafnaðarmanna á rót sína að rekja til þess, að jafnaðarmenn náðu engu þingsæti við landskjörið 1930, sem þeir þó áttu rétt á. Eftir sinni flokkstölu eiga jafnaðarmenn rétt á að hafa a. m. k. 1 þm. af 6 landsk. þm. En sökum þess að það ráð var upp tekið að tviskipta þessari kosningu, fór svo, að þeir fá engan. — En því meiri varð ósigur þessara sambandsflokka 1931, sem það er alveg víst, að ekkert annað en krafa þeirra um alræði höfðatölunnar veitti Framsóknarfl. sigur.

Ein ástæðan til þess, að ég ber fram mínar brtt. er sú, að þingflokkur framsóknarmanna og stjórn hans hefir enga heimild frá kjósendum sínum til þess að ganga feti framar en gert er í þessum till.

Í kosningunum 1931 var það víða á þingmálafundum tekið berlega fram, að ekki mætti ganga lengra en þetta. Og á ýmsum þingmálafundum í vetur hefir það verið beint tekið fram af kjósendum Framsóknarfl., að þeir vilja ekki, að gengið sé lengra. Og þessar óskir hafa ekki aðeins komið frá kjósendum Framsóknar. Nei, þingmálafundargerðir frá einu íhaldskjördæminu eftir öðru hafa að geyma samskonar áskoranir. — T. d. get ég nefnt, að við þm. Árn. bárum fram á þingmálafundi till. um að halda fast við núv. kjördæmaskipun, en kjósendum þótti það ekki nógu tryggilegt, heldur bættu við ákvæði, þar sem bannað var að fara lengra í breytingum en gert er hér í mínum brtt. — Og það er ekki aðeins í framsóknarkjördæmi eins og Árnessýslu, að þetta gerist. Við vitum öll, að Rangæingar hafa óskað, að þetta mál yrði ekki tekið upp á þessu þingi.

Þá má nefna yfirlýsingu frá Ísafirði, sem hæstv. fors. gat um í fundarbyrjun í gær. Þar höfðu 365 kjósendur skorað á Alþ. að breyta kjördæmaskipuninni í það horf, að höfðatalan eigi að ráða. En við kosningarnar í vor greiddu 887 kjósendur atkv. í þessu kjördæmi. Af þeim atkv., sem þar voru greidd, á Framsóknarfl. sama sem ekkert. Mestöll þessi atkv. hafa

verið greidd ihalds- og jafnaðarmönnum í sumar. En þó að nú hafi verið gengið hús úr húsi og hváð eftir atkv. um þetta mál, fást ekki fleiri en 365 undirskriftir. (**JónÞ:** Það komu fleiri undirskriftir frá Ísafirði). Ég verð að fara eftir því, sem nú liggur fyrir, og sé enga ástæðu til þess að leggja nokkuð upp úr spádómi hv. 1. landsk. Hann hefir yfirleitt ekki reynzt spámaður í sínu föðurlandi! En þessi smölun á Ísafirði hefir auðvitað gengið svona illa af því, að í kosningum fylgja menn oft sínum flokki, án þess að vera sammála stefnu hans í öllum atriðum. Oftast þarf kosningu, eina eða fleiri, til þess að menn segi alveg skilið við sinn gamla flokk. En þetta dæmi frá Ísafirði sýnir ljóslega, að fleiri standa á bak við aðstöðu Framsóknarfl. í þessu máli en kosningarnar síðastl. sumar sýndu.

Enn ein ástæða til þess, að ég ber fram brtt., eru þær ótal raddir, úr öllum kjördæmum landsins, nema kannske Reykjavík, um það, að ekki megi fjölga þm. Það var tekið skýrt fram á fleiri en einum þingmálafundi í Árnessýslu, að kjósendur lögðu blátt áfram bann við því, að þm. yrði fjölgað. Þessi skoðun á fullan rétt á sér. Hér standa að meðaltali 2600 kjósendur á bak við hvern þm., og er það miklu minna hlutfallslega en í nokkru öðru landi.

Ég álít það því engan ágalla á brtt. Framsóknar, að tala þm. er þar ákveðin með hámarkstölu. Það lít ég á sem verulegan kost. Ég er sannfærður um, að það sé almenn þjóðarkrafa, að þm. sé ekki fjölgað um of.

Andstæðingarnir hafa sérstaklega í þessu máli hrópað á réttlæti, réttlæti!, og reynt að koma því inn í þjóðina, að þetta væri svo mikil réttlætiskrafa, að á móti henni yrði ekki staðið. Og í sambandi við það hafa þeir látið svo, sem það væri einhver goðgá, einhver glæpur að verða ekki við slíkum kröfum þegar í stað. Eins og sakir standa eftir kosningarnar síðast, finnst mér þetta vera að bera sakir á þjóðina alveg að óverðugu. Það er alveg víst, að þessi þjóð er eins næm fyrir réttlæti eins og nokkur önnur þjóð, undir vissum kringumstæðum kannske næmari en aðrar þjóðir, m. a. blátt áfram af því, hve fáir menn eru í þessu landi, af því, hve hérna er allt smátt, sem þjóðin hefir um sig, svo að jafnvel þjóðarréttlætisins gætir í beinum smámunum. Sem dæmi upp á það má nefna, að fyrr og síðar hefir veiting jafnvel smáembættis, ef hún hefir ekki þótt réttlát, vakið óánægju allrar þjóðarinnar. Jafnvel veiting smáprestakalls hefir orðið til þess, að rignt hefir niður mótmælagreinum. Það er því áreiðanlega ekki rétt hjá hv. andstæðingum stj. að leggja mikið upp úr réttlætinu í þessu máli. Þeir, sem ætluðu að vinna, töpuðu í kosningunum. Það er þvert á móti ákvæðið um alræði höfðatölunnar, sem er ekkert réttlæti, heldur argasta ranglæti, og þær aðferðir, sem notaðar hafa verið til að knýja fram þessar kröfur, eru þess eðlis, að þær sýna fyllilega, hvað á bak við þær liggur. Það eru ýmsar ástæður til þess, að talnalögmálið getur ekki alltaf ráðið í öllum hlutum. Fyrst er nú það, að áhrif kjördæmanna eru ekki jöfn. Dreifðir kjósendur standa miklu verr að vígi en þeir, sem búa í þéttbýli; þá vantar það afl samtakanna, sem hinir hafa. Dreifða kjósendur vantar það vopn, sem menn í þéttbýli hafa í höndum — þá vantar blaðakost og yfirleitt þá menningu, sem fjölmennið hefir og þarf til þess að geta ráðið yfir atkvæðum manna. Og eftir alþekktu lögmáli er von, að svo sé með þá hluti, sem lífrænir eru, þar sem sama lögmál gildir um dauða hluti. Þar stendur það óraskanlegt, eins og menn vita, að 8 súlur, sem standa á við og dreif, hafa ekki sama burðarmagn og 8 sementssúlur, sem standa þétt saman. Hv. 1. landsk. ætti að skilja þetta lögmál, að 8 sementssúlur, sem standa þétt saman, hafa ekki aðeins jafnmikið burðarmagn og 8 súlur, sem standa á víð og dreif, heldur jafnvel 8×8 meira burðarmagn. (**JónÞ:** Það var gott, að ég lærði ekki verkfræðina hjá hv. 2. þm. Árn.). Ég er hræddur um, að hv. 1. landsk. reikni hér skakkt eins og oftar burðarmagnið. Hin dreifðu kjördæmi hafa heldur ekki öll sömu áhugamál. Eitt kjördæmið hefir þetta áhugamál, annað hitt. Þess vegna gengur kjördæmunum úti á landi svo illa að koma fram sínum málum, jafnvel þó réttlát og gagnleg séu.

Þetta, að höfðatalan eigi ekki að ráða, er, eins og bent var á í gær, viðurkennt

nýlega af frændum okkar Norðmönnum, en þeir eru sú þjóðin, sem við líkust kjör á að búa og við. Aðeins er sá munurinn, að það er miklu meiri ástæða til þess fyrir okkur en Norðmenn að gæta þess, að höfðatalan ein ráði ekki. Nú, og ég gæti vitnað í stjórnmálamann með einni af merkisþjóðum heimsins; hann getur kannske ekki jafnazt á við hv. 1. og 2. landsk., en hann þótti nú samt góður í sínu föðurlandi. Þessi stjórnmálamaður hét Leon Gambetta. Hann var einn helzti stýrktarmaður franska lýðveldisins, sem stofnað var eftir 1870. Það er hans ráð, að öldungaráð franska þingsins yrði svo skipað, að menn úti um land, og þá sérstaklega bændur í sveitunum, ráði meiru en þeir áttu rétt á eftir fólksfjölda. Og hans skipulag hefir reynzt vel. Hann var hræddur við París. Hann var hræddur við, að borgarmenn þar, sem eru skjótir til nýræða, mundu geta þar í þéttbýlinu og í æsingu tekið ályktanir, sem ekki væru heppilegar fyrir landið; þess vegna barðist hann fyrir því, að öldungaráðið sé svo skipað sem ég nú hefi bent á.

Ég heyrði það í gær hér í hv. d., og þó enn betur og skýrar í hv. Nd., að það hefði verið Framsóknarfl., sem hefði eiginlega verið byltingaflokkurinn í þessu máli, að hann hefði stofnað til ófriðarins. Ég var satt að segja alveg hlessa, þegar ég heyrði þetta borið fram. Það var sannarlega ekki Framsóknarfl., sem var með neinar byltingaráðstafanir; Framsóknarfl. fór alveg löglega og þinglega að í þessu máli. Ástæðan til þingrofsins var sú, að hinir flokkarnir voru búnir að koma sér saman um á því þingi að skera sér sneið, að fjölga þm. fyrir Reykjavík. Þetta átti ekki að bíða næstu kosninga. Nei, þeir vildu fá þessa sneið þá þegar á því þingi, og þannig raska jafnvæginu í þinginu. Og þetta ætluðu þeir að gera með hjálp manns, sem var studdur af Framsóknarfl. til kosninga 1927. Og þar sem sá maður, sem studdur var af Framsóknarfl. til kosninganna 1927, hafði haft bein svik í frammi við þann flokk á því þingi, með því að koma með till. um og hjálpa til, að þm. Reykjavíkur yrði fjölgað, þá æxlaðist það nú svo til, að rás viðburðanna sýndi það fullkomlega, að hann hafði ekki haft neinn rétt til þessa. Það fór enginn þm. hraklegri för í kosningunum en einmitt þessi þm. Og þingmálafundir í hans kjördæmi hafa lýst því yfir, að þeir vilji ekki, að þetta mál komi til neinna úrslita á þessu þingi. Ég get fullvissað hv. andstæðinga um, að ef þetta hefði ekki verið gert, ef ekki hefði átt að raska jafnvæginu milli flokkanna fyrir kosningar, þá hefði þingið aldrei verið rofið. Þetta gaf stj. rétt til þess að aftra því með öllum löglegum ráðum, að slíkt ætti sér stað, nema kjósendur hefðu samþ. að svo skyldi vera.

Nei, byltingin, hún er nú ekki framsóknarmegin. Það verður aldrei skafið af andstöðuflokkunum, að þeir eru byltingamennirnir. Og sú bylting, sem þeir voru að bröltast með þá, var að vísu endemi að mörgu leyti, en einsdæmi líka að einu leyti, sem ég hefi ekki heyrt tekið fram enn. Hún var einsdæmi að því leyti, að það lá ekkert hagsmunamál á bak við þessa byltingu, ekkert eitt einasta hagsmunamál. En ég veit ekki til þess, að bylting hafi verið gerð í nokkru landi svo, að ekki hafi raunveruleg hagsmunamál á bak við hana legið. Því það er víst, að kaupstaðirnir, og Reykjavík sérstaklega, hafa alls ekki orðið útundan; þvert á móti eru það hin dreifðu kjördæmi, sem hafa átt í vök að verjast og ekki getað enn, þrátt fyrir þann liðsauka, sem þau hafa fengið í bændaflokknum, komið sínum málum fram. Nú, og hitt er líka jafnvíst, að þessi Reykjavíkurbylting átti sér enga rót utan Reykjavíkur; það hefir ekki heyrzt ein einasta rödd úr kjördæmunum utan Reykjavíkur um, að þau hafi séð ofsjónum yfir því, þó sum smæstu kjördæmin, ekki að kjósendatölu eða manntali, næðu meðaltalinu. Ég hefi ekki heyrt neina rödd um það úr kjördæmunum utan Reykjavíkur. Hitt er annað mál, að einstaka kjördæmi hefir viljað fá kosningarrétt fyrir sig, þegar það hefir átt heimtingu á því og þurft þess með. Nei, það er víst, að hérna var ekkert annað, sem berjast átti og barizt var um, en það, hvort bola ætti bændastj. frá völdum eða ekki. Fulltrúar kauptúnanna og Reykjavíkur gátu ekki þolað, að bændastj. sæti lengur við völd, og þeir örvæntu um sigur, um að þeir mundu geta sigrað Framsóknarfl. og bændaflokkinn, og þess

vegna höfðu þeir fundið upp á þessu brölti og fóðrað það með höfðaréttlætinu.

En það er líka önnur ályktun, sem þjóðin getur dregið af þessu. Sjálfstæðisfl. er í raun og veru enginn byltingaflokkur, og a. m. k. er hv. 1. landsk. vissulega í eðli sínu enginn byltingamaður, og þess vegna eru vitanlega einhverjar sérstakar ástæður til þess að til þessa úrræðis, þessa örþrifaráðs var tekið. Og þessar sérstöku ástæður eru þær, að þessir flokkar ekki aðeins fundu, að traust þeirra hjá þjóðinni hafði farið smáminnkandi, heldur fundu þeir líka, að svo mundi verða áfram; þeir höfðu misst alla von um að ná aftur því trausti, sem þjóðin hafði haft á þeim áður. Þeir höfðu misst alla von. Og ég fyrir mitt leyti skil þetta vel. Hegðun þeirra og framkoma og þingstörf að undanförnu voru ekki þannig löguð, að þau gætu aukið þeim flokkum traust. Og nú býst ég ekki við, að þeir hafi neitt upp úr brölti sínu, og því vil ég gefa þeim heilræði, svo að þeir komist út úr ógöngunum og til þess, að þessir flokkar komist í meiri hl., og til þess, að starf þingsins verði betra og heillaríkara fyrir þjóðina. Ég gef flokkum þessum það ráð, að þeir skuli vanda betur ráð sitt en þeir hafa gert hingað til; að þeir skuli meta meira heill alþjóðar en flokkshagsmuni. Ef þeir gera þetta, þá er ég ekki í vafa um, að þeim muni vel farnast. Og ég fyrir mitt leyti, ef þeir gera þetta, hefi ekkert á móti, að þeir komist til valda, því að það er ábyggilegt, að vel fer á því, að um það skipti öðruhverju, hverjir fara með völd meðal þjóðanna.

Að síðustu vil ég í þessu sambandi benda á, hvað það er, sem þessir flokkar heimta af meirihlutaflokknum í þinginu. Það, sem þeir heimta af honum, er blátt áfram það, að hann eigi að gera kviðristu á sjálfum sér. Ef hann ekki ristir sjálfan sig á kviðinn, þá ætlum við að gera það. Það er þetta, sem þessir flokkar segja, og ég fyrir mitt leyti gengst ekki upp við slíku, og kalla það lítilmennsku að láta undan slíku.

Það þótti hneyksli áðan — það hneykslaði suma menn —, að ég kallaði bessar till. hinna sameinuðu flokka fullkomið ranglæti. Ég þarf ekki að fara fleiri orðum um það. Aðeins vil ég benda á, að það má oftast meta málstaðinn eftir þeim meðulum, sem notuð eru til að koma honum fram — eftir þeirri bardagaaðferð, sem höfð er við það. Nú hefir hv. 1. landsk. á þskj. 300 borið fram breyt. við l. um kosningar til Alþingis, sem eru þess eðlis, að minni hl. er gerður jafn meiri hlutanum. Ég man ekki eftir að hafa séð neina till., sem er eins full af ranglæti og þessi till. og fer eins greinilega í bág við alla þá stefnu, sem þessir flokkar þykjast vera að berjast fyrir, lýðræðisstefnuna. Þessi till. er samboðin því, sem fram hefir komið, ekki aðeins í bænum og blöðunum, heldur einnig á þingi. Þessir flokkar eru með hótanir dagsdaglega gagnvart stj. svo að segja í hverju máli, hótanir um kúgun á þann hátt að leggja niður sína þegnskyldu gagnvart þjóðfélaginu sem þingmenn. Þá var talað fagurlega um það hér í gær af hv. sjálfstæðismönnum, að það væri ekki ætlunin að stofna til ófriðar milli kaupstaða og sveitakjördæmanna, og vil ég fyrir mitt leyti vísa þessu til föðurhúsanna. Framsóknarfl. hefir sýnt það í hverju máli, að hann hefir reynt að uppfylla sanngjarnar og réttmætar óskir kaupstaðanna í hvívetna. Ég get a. m. k. sagt það hvað snertir mitt kjördæmi, að það er langt frá því, að íbúar þess vilji egna til ófriðar gegn Reykjavík, heldur þvert á móti, þeir óska samkomulags við Reykjavík, jafnvel þó það kjördæmi sé máske allra sárast leikið af völdum Reykjavíkur.

Ræður þær, sem fluttar voru hér í hv. þd. í útvarpið í gær, voru ekki fyrst og fremst rökræður, heldur voru þær miklu fremur einskonar þingmálafundarræður, fluttar fyrir heiðraða kjósendur. M. a. gat hv. 2. landsk. þess, að kjörorð sitt og síns flokks væri „Ísland fyrir alla Íslendinga“. Ég get ekki neitað því, að þetta er góður endir á ræðu, en ég vil þó segja hv. þm., að framferði hans í þessu máli er á þá leið, að hann ætlast ekki til þess, að Ísland verði fyrir Íslendinga, heldur að allt Ísland verði fyrir Reykvíkinga.

Þá var það hv. 1. landsk., sem gat um það í ræðu sinni í gær, að hann þættist vita um frekari tilboð frá hendi einstakra manna innan Framsóknarfl. um breytingar í kjördæmamálinu heldur en þær,

sem koma fram í brtt. okkar. Ég veit ekki, hvaða heimildir hann hefir fyrir sér í þessu atriði; ég þekki ekki þessar till. innan Framsóknarfl. og vil alls ekki trúa því, að þær séu til, því með þessu er sagt, að einstakir menn í Framsóknarfl. séu með undirmál gegn sínum flokki og að auk þess séu þeir slíkir bjánar eða kjánar að fara að gera ný tilboð, áður en svar er fengið við því tilboði, sem fram hefir verið lagt frá hendi flokksins. Slíkt væri vitanlega svo mikill pólitískur barnaskapur, að það væri ekki að eins sjálfsagt að gera slíka menn flokksræka, heldur einnig þingræka.

Pétur Magnússon: Hv. 2. þm. Árn. er eins og kunnugt er einn af þremur menntamönnum á Íslandi, sem að sögn á sínum tíma varðist öllum áhrifum frá Estrup. Þetta hefir nú nýlega verið sagt hv. 2. þm. til lofs og dýrðar, eins og það líka er, ef rétt er ályktað, því sjálfsagt hefir Estrup verið versti karl. (**MT:** Hann var nú ekki svo galinn). — En það eru ekki aðeins hinar „reaktionæru" skoðanir Estrups, sem eigi hafa hrinið á hv. þm., því hann virðist hafa varizt öllum áhrifum frá þeim straumum, er mótað hafa stjórnskipulag flestra menningarlanda nútímans. Hann virðist alls ófróður um það, að frumkrafan, sem gerð er til stjórnskipunar allra ríkja, er byggja á lýðræðisgrundvelli, er sú, að meiri hluti borgaranna — eins og hann er á hverjum tíma — hafi ráðin í sínum höndum. Ef hv. þm. skildi þessa eðlilegu og sjálfsögðu kröfu, veit ég, að hann mundi ekki kunna við sig í flokki, sem fer með völd í landinu á eigin spýtur, þó að hann njóti ekki stuðnings meira en rúml. 3. hvers kjósanda í landinu. Í þessum efnum búum við við nær 60 ára gamalt skipulag og höfum því dregizt aftur úr nágrannaþjóðum okkar og flestum menningarþjóðum heimsins. Ég veit, að hv. þm. er svo vel að sér í veraldarsögunni, að hann veit vel, að þessi sama saga og hér er að gerast nú hefir áður gerzt í öllum lýðfrjálsum löndum. Það stjórnarfyrirkomulag, sem upphaflega var talið réttlátt, er eftir mismunandi langan tíma orðið ranglátt, og þeir, sem fyrir ranglætinu verða, krefjast breytinga og réttarbóta. Það kostar alstaðar baráttu að öðlast þær, og sumstaðar kostar það blóðsúthellingar, en alstaðar tekst það, og hv. þm. getur verið örugglega viss um, að þannig fer einnig hér. Ég fullyrði ekki, að það verði á þessu ári eða á næsta ári, en það verður áreiðanlega áður en þetta mál verður látið niður falla hér á Alþingi.

Hv. þm. byrjaði ræðu sína með því að segja, að sínar till. væru „fyllsta fylling réttlætisins", en öll ræða hans gekk þó í gagnstæða átt; hann reyndi eftir megni að halda fram þeirri skoðun, að engar breyt. ætti að gera á kjördæmaskipuninni. En þó flytur hann till. um breytingar á henni! Ég skal geta þess, að þær brtt. eru litaðar af flokkshagsmunum, því þær gerðu sennilega enga röskun á flokkaskipun þingsins eins og nú standa sakir. En breytingar eru það engu að síður, sem gætu í framtíðinni haft áhrif. Hv. þm. stagaðist mikið á þeirri fjarstæðu, sem hann taldi vera að „láta höfðatöluna ráða", eins og þeir hv. framsóknarflokksmenn orða það. Einn fyndinn fyrrv. flokksbróðir hv. þm. sagði við mig í gær, að það væri einkennileg sú ótrú, sem framsóknarmenn hefðu á höfðum kjósendanna. En þessi fyrirlitning á „höfðunum" er alveg ástæðulaus. Við kosningar verður einmitt „höfðatalan" að ráða. Réttlátur kosningarréttur og kosningatilhögun getur hvergi miðazt við annað en það, að hver borgari hafi jafnan rétt við annan til áhrifa á val þingfulltrúanna. Í flestum lýðræðislöndum er kosningatilhögunin þegar komin í þetta horf, eins og hv. 1. landsk. og fleiri hafa sýnt fram á, en þar, sem svo er ekki, stendur barátta yfir, sem allir vita, að endar með sigri rétts málstaðar. Það hefir verið vitnað í Englendinga í þessu máli og talin hjá þeim gilda fyrirmyndar kosningatilhögun, því þar eru þm. kosnir í einmenningskjördæmum. En ég er nú hræddur um, að Englendingar sjálfir séu þar ekki allir á sömu skoðun. Margir beztu menn þjóðarinnar berjast þar fyrir hlutfallskosningum, og sú barátta hefir staðið yfir í mörg ár. Ég hefi hér í höndum blað, sem út er gefið af félagsskap þeirra manna í Englandi, er berjast fyrir hlutfallskosningum, og eru þar á meðal ýmsir af kunnustu stjórnmálamönnum

landsins úr öllum flokkum. Í blaði þessu er bent á ýms eftirtektarverð dæmi frá síðustu kosningum þar í landi. Það eru alkunn úrslit þeirra kosninga, hinn mikli sigur „konservativa“ flokksins á kostnað jafnaðarmanna, sem misstu svo hrapallega fulltrúa sína, að þeir höfðu ekki eftir nema 46 þingsæti af 288 áður. Til skýringar á þessari miklu breyt. á skipan parlamentisins enska er bent á nokkur dæmi úr kosningunum 1931, sem sýna, hversu ranglátt kosningafyrirkomulagið er í Englandi. Í kosningunum þar árið 1929 fengu jafnaðarmenn 288 þingsæti, en hefðu eftir hlutfalli að greiddri atkvæðatölu átt að fá aðeins 225 sæti, en í kosningunum 1931 fengu þeir aðeins ein 46 þingsæti, en hefðu átt að fá 168 sæti eftir hlutfalli greiddra atkvæða. Íhaldsflokkurinn fékk í kosningunum 1929 nokkru fleiri sæti en honum bar að fá eftir kjósendafjölda sínum, en í síðustu kosningum hlaut hann 493 sæti, en í hlutfalli við kjósendatölu hefði hann ekki átt að fá nema 368 sæti. Ég skal nefna tvö dæmi um kosningarnar í tveimur einstökum héruðum landsins, þar sem ósamræmið er þó ennþá meira: Í öðru héraðinu fengu íhaldsmenn 472642 atkv. og hlutu 16 þingsæti, en verkamenn fengu 354277 atkv., en aðeins 2 þingsæti. Í hinu héraðinu hlutu íhaldsmenn 17 þingsæti fyrir 511700 greidd atkv., en verkamenn hlutu ekkert þingsæti og fengu þó 205707 atkv. greidd í kosningunni.

Af þessum dæmum geta hv. þdm. séð, hversu öruggur grundvöllur fyrir réttlætið felst í kosningafyrirkomulaginu í Englandi. Ég get bent á það líka í þessu sambandi, að jafnaðarmenn misstu í þessum kosningum flesta forgöngumenn sína. Flokkur jafnaðarmanna í enska þinginu er því höfuðlaus her, sem ekki getur uppfyllt þær kröfur, sem gera verður til andstöðuflokks sérhverrar stj., ef vel á að vera.

Af þessu öllu má glöggt sjá, að þetta kosningafyrirkomulag, þó notað sé af hinni merkilegu en íhaldssömu þjóð, er stórum annmörkum bundið og því ekki nema eðlilegt, að þar í landi sé óánægja með það, og hún mjög sterk.

Hv. þm. talaði um það, að þjóðin hefði með síðustu kosningum skorið úr um þá atburði, sem gerðust hér á hv. Alþingi í fyrra, en hann tók þar ekki eitt atriði til greina. Hann minntist ekki á það, hvernig stjórnarflokkurinn vann sinn sigur. Hann nefndi það ekki, að flokkurinn vann þennan „kosningasigur“ með fylgi rúmlega eins þriðja hluta þjóðarinnar og með miklu færri atkvæðum en Sjálfstæðisfl. hlaut við kosningarnar. Sigur Framsóknarfl. var ekki meiri en þetta, sigur, sem vannst vegna úrelts kjördæmaskipulags, sigur, sem byggðist á ranglátri kjördæmatilhögun, en ekki á vilja þjóðarinnar.

Það þýðir ekki um það að deila hér, hvort okkar kæra þjóð hefir næmari réttlætistilfinningu en aðrar þjóðir, eins og hv. 2. þm. Árn. hélt fram, þó rétt sé það að vísu, að mikill meiri hl. þjóðarinnar hefir greitt réttlátum málstað atkv. við síðustu kosningar; en ýmislegt í stjórnmálasögu síðustu ára sýnir hinsvegar, að nokkur vafi getur á því leikið, hvort þessi þjóð er næmari í þessum efnum en aðrar þjóðir.

Ég get ekki látið vera að benda á það, að mér fannst tal hv. þm. um réttlætið koma eins og skollinn úr sauðarleggnum, því hann sagði einmitt, að það væri ekki mjög brýn ástæða til að byggja svo mjög á réttlætistilfinningum manna í þessu efni.

Þá talaði hv. þm. um það, að sú aðferð hefði verið notuð hér á landi að bæta þm. við þau kjördæmi, sem urðu illa sett. Þetta er að nokkru leyti rétt. Hinsvegar var það, að þegar kaupstaðirnir fengu sína þm., þá var litið á það aðeins sem bráðabirgðaráðstöfun. Það var gert ráð fyrir því, að kosningalögin yrðu þá bráðlega endurskoðuð, og tilraunir voru til þess gerðar á þingunum bæði 1905 og 1907, sem þó ekki báru árangur. Þessi lögsagnarumdæmi héldu svo fulltrúunum áfram og höfðu sum eðlilegan rétt til þeirra, en önnur ekki. Það var ekki til þess að bæta úr ranglæti, að kaupstaðirnir fengu þessa þingmenn; það hafði verið ákveðið í lögum að fjölga þm. um fjóra, og það þótti þá heppilegast eftir atvikum að láta kaupstaðina fá þá, en jafnframt var gengið út frá, að allri kjördæmaskipuninni yrði bráðlega breytt. Sú lagfæring, sem gerð var í þessum efnum árið 1921, þegar þm. Rvíkur var fjölgað úr 2 upp í 4, má teljast

gerð til þess að nálgast réttlæti. Að öðru leyti minnist ég ekki, að gerð hafi verið nokkur önnur breyt. á kosningatilhöguninni í slíkum tilgangi síðan lögin voru sett árið 1877, nema ef telja á landskjörið. Sú lagfæring á þessum efnum, sem till. hv. framsóknarmanna fela í sér, er ekki í því falin að leiðrétta ósamræmið milli kjördæmanna, nema ef hv. þm. vill stefna í þá átt að gera breytingar á sjálfri kjördæmaskipuninni þannig að steypa saman kjördæmum og skipta svo aftur eftir fjölmenni, en ég hygg, að hv. þm. muni ekki vilja gerast talsmaður slíkrar stefnu.

Ég man nú ekki eftir því, að það kæmu nokkur rök fram í ræðu hv. þm., sem ég þarf að svara, en úr því ég stóð upp, þá kann ég ekki við annað en að drepa á þá skýringu, sem hv. þm. gaf um upphaf þeirrar deilu, sem nú stendur yfir um kjördæmamálið. Hv. þm. skýrði svo frá, að tveir flokkar þingsins, Sjálfstæðisfl. og Alþýðufl., hefðu ekki getað unnað Framsóknarfl. þess að vera við völd og því hafi þeir tekið höndum saman til þess að berjast fyrir þeirri breyt. í þessu efni, er gæfi þeim meirihlutavald í þinginu. Því var í gær lýst yfir af hv. 3. þm. Reykv. — og skoraði hann á hæstv. forsrh. að mótmæla því, ef rangt væri farið með —, að tildrögin hafi verið þau, að þegar Alþýðufl. á árinu 1930 hafi verið farinn að þreytast í sambúðinni við Framsóknarfl., þá hafi verið fyrir áramótin 1930—1931 hafizt handa um samninga milli Framsóknarfl. og Alþýðufl. um að gera breyt. á kjördæmaskipuninni, og þar hafi verið kosin n. úr báðum flokkum til þess að leita samninga. (**MT**: Var það ekki eftir landskjörið?). Jú, það var eftir það. Hv. 3. þm. Reykv. sagði, að hæstv. stj. hefði boðið að bæta við einum þm. fyrir Siglufjarðarkaupstað og öðrum fyrir Neskaupstað í Norðfirði, og að þessu hafi verið ákveðið lýst yfir. Ennfremur hefði skinið í það hjá hv. framsóknarmönnum, að bætt yrði ef til vill við einu þingsæti fyrir Suður-Þingeyjarsýslu, með því að gera hana að tvímenningskjördæmi, og ennfremur einum þm. bætt við í Reykjavík. Hv. 3. þm. Reykv. lýsti þessu yfir og forsrh. neitaði því ekki í gær. (**JónJ**: Því var margneitað í gær). Ég held, að hv. framsóknarmönnum gangi hálfilla að neita því, að þetta hafi verið í ráðum, hvort sem það hefir verið með vitund og vilja allra flokksmanna eða ekki. Þeim þýðir heldur ekki að ætla að verja sig með því, að þarna hafi engin formleg tilboð verið gerð. Það skiptir litlu máli, ef það hefir komið skýrt fram, að flokkur stj. væri tilleiðanlegur til slíkra samninga.

En það eru ekki breytingar slíkar sem þessar, er Sjálfstæðisfl. vill fá á kjördæmaskipun landsins. Þessar breyt. voru eigi til þess ætlaðar að bæta úr ranglæti kjördæmaskipunarinnar, heldur áttu þær að styrkja aðstöðu tveggja ákveðinna stjórnmálaflokka. En þetta mál má sízt af öllu gera að flokkshagsmunamáli. Það verður að metast eingöngu með hagsmuni þjóðfélagsins fyrir augum. Og það höfum við sjálfstæðismenn viljað gera. Við viljum gera þær breyt., sem tryggja það, að enginn flokkur geti fengið meirihlutavald á Alþingi nema hann hafi líka meiri hl. þjóðarinnar að baki sér. Ég játa það, að Sjálfstæðisfl. hefði fyrr átt að koma auga á nauðsynina á þessum breytingum. Hann hefði átt að sjá það löngu fyrr, hver hætta gat af því stafað að láta núv. kosningafyrirkomulag haldast. En honum hefir farið eins og mörgum öðrum stjórnmálaflokkum víðsvegar um heim. Það er fyrst að gefnu tilefni, þegar reynslan hefir sýnt, hvað hlotizt getur af ríkjandi fyrirkomulagi, að menn koma auga á þörfina á breytingum.

Þetta hygg ég, að hv. 2. þm. Árn. viti vel, að er hin raunverulega ástæða til þess, að þetta mál varð einmitt nú að því dagskrármáli, sem það er orðið, enda þó hann vilji reyna að gefa því annan svip.

Hv. þm. var mikið að tala um byltingar og byltingaflokka í þessu sambandi. Mér er ekki vel ljóst, hvað hann á við með þessu tali, hvort hann kallar það byltingu, að tveir flokkar taka á stefnuskrá sína og berjast fyrir því, að borgarar landsins fái þau almennu mannréttindi óskert, sem hver maður á siðferðislega heimtingu á að fá. Hvort hann kallar það byltingu, að tveir flokkar reyna sameiginlega að berjast fyrir þessu máli á þinglegan og drengilegan hátt, án nokkurrar undirhyggju eða fals. Sé þetta bylting, verð ég að segja, að það fer ekki að verða

mikið ámæli að heita byltingamaður. En ef leggja á þá merkingu í það orð, sem venjulegt hefir verið, þá er það aðeins einn flokkur, sem hægt er að segja um, að hafi reynt að gera byltingu í sambandi við þetta mál, og það er flokkur hv. þm. sjálfs. Hvort það hefir verið gert með hans ráði; veit ég ekki, en hitt veit hann, að framferði ríkisstj. 14. apríl í fyrra var ekki annað en bylting. Þegar stjórnarskrá landsins er brotin til þess að koma í veg fyrir, að máli sé hrundið fram á löglegan hátt, þá er það bylting.

Frsm. minni hl. (Einar Árnason): Ég hafði gert ráð fyrir, að það yrði að mestu látið sitja við þær umr., sem fram fóru hér í gær, áður en gengið væri til atkv., og hefði ég vel getað sætt mig við að láta vera að taka til máls við þessa 2. umr. málsins og tala um þær till., sem fyrir liggja, ef svo hefði þá getað orðið, að atkvgr. færi fram strax. Ég hafði ekki búizt við, að fram færu almennar umr. um málið í dag, því þingsköpin gera ráð fyrir, að við 2. umr. séu rædd einstök atriði málanna, en almennar umr. um þau fari fram við 1. og 3. umr. Þær umr., sem mest hefir borið á hér í dag, hefðu því vel getað beðið til 3. umr.

Ég ætla ekki að blanda mér inn í þessar almennu umr., sem fram hafa farið hér í gær og í dag um þetta mál. En vegna þessarar framhaldsumræðu sé ég mig þó til neyddan að gera nokkra grein fyrir till. minni hl. stjskrn., því það er fyrst og fremst verkefni þessa fundar að gera út um þær brtt., sem fyrir liggja.

Eins og nál. á þskj. 292 ber með sér, höfum við hv. 2. þm. S.-M. ekki getað orðið meðnm. okkar sammála um stjskrfrv. Ágreiningurinn liggur í því, að okkur getur ekki komið saman um ákvæði þau, sem felast í 1. gr. frv. Um aðrar gr. frv. er lítill eða enginn ágreiningur. Að við getum ekki fallizt á ákvæði 1. gr., er vegna þess, að okkur finnst það of einhliða og einskorðað, en þó um leið of óákveðið. Einhliða að því leyti, að eftir því virðist eiga að byggja skipun Alþingis einungis á höfðatölunni án tillits til nokkurs annars, en aftur á móti of óákveðið að því leyti, að eftir á, þegar þetta ákvæði er komið inn í stjskr., er hægt að skapa það kosningaskipulag sem hverjum þingmeirihluta sýnist á hverjum tíma með einföldum lögum, auk þess sem engin takmörk eru sett fyrir því, að tala þm. geti ekki orðið óhæfilega há. Til þess að festa þetta frekar og fyrirbyggja öll eftirkaup um þetta mál, höfum við í minni hl. n. borið fram brtt. í þremur stafl. við fyrstu gr. frv., og skal ég þá minnast á hvern staflið fyrir sig.

Í A-lið er það ákveðið, að það kjördæmaskipulag, sem nú er, skuli haldast, Ég held mér sé óhætt að segja, að það sé aðalkrafa fólksins úti um landið, að það geti haldið núv. rétti til íhlutunar um, hverjir verði í kjöri við kosningar til Alþingis, og að kjördæmaskipuninni verði ekki breytt nema sem minnst. Hitt mun ekki eins ákveðið, hvort ekki megi rýma eitthvað til á öðrum sviðum, ef þetta helzt. Þess vegna höfum við lagt til, að kjördæmaskipunin sé tekin upp í stjskr., til þess að það sé alveg víst, að eftir á sé ekki hægt að taka af fólkinu úti um landið þann rétt, sem það nú hefir og vill ekki missa.

Um B-lið er það að segja, að þar er gert ráð fyrir, að þm. Rvíkur sé fjölgað úr fjórum upp í átta. Það hafa legið fyrir áskoranir um að fjölga þm. Rvíkur, og ég fyrir mitt leyti álít, að þær kröfur hafi við nokkurn rétt að styðjast. Ég minnist þess, að þegar fram komu óskir um að fjölga þm. Rvíkur úr tveimur upp í fjóra, þá sá ég strax, að það var réttmæt krafa og lýsti þá yfir, að ég væri þeirri breyt. fylgjandi. Eins þykir mér rétt nú, þegar hreyft er við þessum málum á annað borð, að verða við þeim kröfum að fjölga enn þm. Rvíkur, svo að hún sé sæmilega sett samanborið við önnur kjördæmi landsins. Aftur á móti dreg ég enga dul á það, að ég tel engri ósanngirni beitt við Rvík, þótt hún hafi ekki fulltrúa fullkomlega í samræmi við önnur kjördæmi landsins, miðað við kjósendatölu, af því hún hefir að ýmsu leyti betri aðstöðu til áhrifa á þingi heldur en aðrir landshlutar. Það hefir verið svo og mun verða, að mjög margir af þm. eru búsettir hér í Rvík, þó þeir séu fulltrúar fyrir kjördæmi úti á landi, og vegna þess að þingið situr hér hafa áhrifamenn bæjarins alltaf aðstöðu til

að beita áhrifum sínum á þingið, sem ekki verður neitað, að eru nokkur.

Þá kem ég að C-lið brtt. okkar, og er það heimild um það, að bæta megi við fimm landsk. þm., og eiga það að vera uppbótarþingsæti handa þeim flokkum, sem harðast verða úti við kosningar og ná ekki þingmannatölu í samræmi við atkvæðamagn sitt, borið saman við aðra flokka. Að við köllum þessa þm. landsk., stafar af því, að þeir eiga að vera kosnir með samansöfnuðum atkv. um allt landið utan Rvíkur. Gert er ráð fyrir, að tekin séu í þessi þingsæti þeir frambjóðendur, sem flest atkv. hafa fengið án þess að komast að, innan þeirra flokka, sem eftir útreikningi eiga að hljóta uppbótarþm., og varamenn á að taka eftir sömu reglum.

Það stendur í brtt., að það megi bæta við allt að fimm landsk. þm., því við gerum ráð fyrir, að það geti vel staðið svo á, að ekki þurfi að nota svo mörg sæti til þess að fylla upp þann mismun, sem verða kann á þingmannatölu flokkanna í hlutfalli við atkvæðafjölda þeirra. Hinsvegar getur þessi mismunur orðið svo mikill, að fimm sæti nægi ekki til að jafna hann fyllilega. En mér hefir skilizt jafnvel á flm. stjskrfrv., að það gæti vel komið til mála og samrýmzt þeirra till. að takmarka tölu þingmanna, og þá skilst mér, að af því geti leitt, að ekki náist heldur fyllilega það samræmi milli þingmannatölu flokkanna, sem þeir ætlast til, að heimtað sé í stjskr. eftir orðalagi 1. gr. frv.

Það, sem við viljum reyna að ná með till. okkar, er fyrst og fremst það, að hinn forni réttur fólksins úti um landið verði ekki skertur, en að það sé hinsvegar bætt úr þeim misrétti, sem fram getur komið milli flokka við kosningar, a. m. k. að nokkuð miklu leyti, og í mörgum tilfellum alveg.

Við, sem erum í minni hl. stjskrn., leggjum þessar brtt. okkar fram sem samkomulagsgrundvöll hér í hv. d., og verður það að ráðast, hvernig með þær verður farið. En ég fyrir mitt leyti get sagt það, að hvernig sem um þær fer, mun ég ekki beita atkv. mínu til að koma í veg fyrir, að frv. fari til 3. umr., því ég vil ekki útiloka fyrr en í síðustu lög, að samkomulag geti tekizt. Ég geri ráð fyrir, að við 3. umr. geti hafizt umr. um málið aftur og þá komi e. t. v. til úrslitabaráttunnar.

Ég vil taka það fram, að ég teldi það mjög vel farið, ef samkomulag gæti náðst um þetta mál. En hinsvegar verð ég að segja það, að ef flm. frv. vilja ekkert þoka til, þá fer ég að verða vonlítill um það.

ATKVGR.

Brtt. 311,1.a—b felld með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PM, JakM, JónÞ, MT, GÓ.

nei: BSn, EÁrna, GL, HSteins, IP, JBald, JónJ, JónasJ, PH.

Brtt. 311,1.c felld með 7:3 atkv.

— 311,2 felld með 9:1 atkv.

— 311,3 sjálffallin.

— 279 felld með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónJ, JónasJ, PH, EÁrna, IP, GÓ.

nei: JónÞ, PM, BSn, GL, HSteins, JakM, JBald.

MT greiddi ekki atkv.

1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

6. gr. samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BSn, GL, HSteins, JakM, JBald, JónJ, JónÞ, PM.

nei: EÁrna, IP, JónasJ, MT, PH, GÓ.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 50. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 37, 372, 379, 387).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 387. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. af hálfu Sjálfstfl. (Jón Þorláksson): Ég vil byrja með að svara með nokkrum orðum síðustu ræðu hæstv. forsrh. við 2. umr. þessa máls, er hann flutti eftir að ég hafði tekið svo oft til máls við þá umr., er þingsköp leyfa. Hæstv. forsrh. fór að gera að umtalsefni persónulega flokksafstöðu mína við

nokkrar undanfarnar alþingiskosningar. Mér fannst satt að segja undarlegt af honum í sambandi við þetta mál að gera flokksafstöðu einstaks þm. að sérstöku umtalsefni. En þó hefði ég ekkert haft við það að athuga, ef hæstv. ráðh. hefði farið rétt með það, sem hann sagði, en það var öðru nær. Hæstv. ráðh. sagði, að ég hefði verið í kjöri 1919 af hálfu Heimastjórnarfl., skildist mér; en ég var alls ekki í framboði við þær kosningar, heldur sat hjá afskiptalaus. Þá sagði hann ennfremur, að ég hefði verið í kjöri 1922 sem sparnaðarbandalagsmaður, en þá fóru engar þingkosningar fram, og af þeim góðu og gildu ástæðum var ég ekki í kjöri. Hæstv. ráðh. sagði síðan, að ég hefði boðið mig fram 1923 af hálfu Borgarafl., en ég var þá ekki í kjöri af hálfu neins stjórnmálaflokks, heldur sem utanflokkamaður, eins og mikill fjöldi frambjóðenda þá. Enginn stjórnmálafl. var þá til í landinu með nafninu Borgaraflokkur, er sjálfur hafði nefnt sig svo. Þessu til skýringar vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa það, sem sagt er um þetta í skýrslu Hagstofunnar um þessar alþingiskosningar:

„Fyrir þessar kosningar 1923 gerðu andstæðingar Framsóknarfl. og Alþýðufl. bandalag með sér og tóku þátt í því Sjálfstæðisfl. og hið svo kallaða Sparnaðarbandalag, sem verið hafði á þinginu 1923, og yfirleitt aðrir andstæðingar Framsóknarfl. og Alþýðufl. Ekki hafði bandalag þetta neitt nafn, sem viðurkennt væri af öllum, en almennt var það kallað Borgaraflokkur, a. m. k. sunnanlands, og hefir það nafn því verið notað hér. Þegar á þing kom, var bandalagi þessu lokið. Kom þá Sjálfstæðisfl. aftur fram sem sjálfstæður flokkur, en af öðrum, sem þátt höfðu tekið í bandalaginu, var stofnaður nýr flokkur, sem nefndist Íhaldsflokkur".

Af þessu má það ljóst vera, að við þessar þingkosningar var enginn stjórnmálafl., sem nefndi sig Borgaraflokk. Ég geri nú ráð fyrir, að hæstv. forsrh. hafi farið út í þetta efni í vissum tilgangi, og að hann hafi verið sá, að leiða dæmi að því, að tilvera landsmálaflokkanna væri svo tíðum breytingum háð og umskiptum, að ekki væri eðlilegt að miða ákvæði stjskr. við tilveru slíkra flokka. Um þetta má vitanlega ræða frá almennu sjónarmiði, en það er algerlega óþarfi að blanda flokksafstöðu minni þar inn í. Það er öllum kunnugt, að ég var í Heimastjórnarfl. meðan sá flokkur var til, og svo utanflokka þar til Íhaldsflokkurinn var stofnaður eftir kosningarnar 1923. En út af þessu vil ég segja það fyrst og fremst, að það var ekki óeðlilegt, þó að los kæmist á skipun þjóðmálaflokkanna á árunum 1919—1923. Eins og kunnugt er, höfðu landsmenn fram að árinu 1918 skipzt í stjórnmálaflokka eftir afstöðu þeirra í sjálfstæðismálum þjóðarinnar gagnvart Danmörku. En sá flokkaskiptingargrundvöllur varð að engu um leið og sambandsmálið var til lykta leitt og sambandslögin við Dani voru sett 1918. Af eðlilegum ástæðum þurfti þjóðin nokkurn tíma til að átta sig á flokkaskipun um innanlandsmál áður en hún fengi fast form. En það gerðist í þingbyrjun 1924; þá komst festa á um flokkaskiptingu í þinginu. Þó að hægt sé með rökum að benda á, að flokkaskipunin hafi verið óskýr og breytileg á þessu tímabili, af sérstökum ástæðum, þá er ekki hægt að nota það sem mótbáru gegn því, að byggja megi á tilveru flokka yfirleitt. Það heyrist að vísu oft, að flokkaskiptingin sé böl, og margir telja, að þjóðmálaflokkar eigi ekki að vera til, en þeir eru auðvitað eitt af úrræðum þjóðskipulagsins gegn mannlegum ófullkomleika í stjórnmálum. Og reynsla allra menningarþjóða, þar sem þjóðfélagsvaldið er byggt á lýðræði og almennum kosningarrétti, er sú, að hjá því verði ekki komizt, að kjósendur landsins skipist í landsmálaflokka, og fulltrúar þeirra einnig í þingunum. Ég held, að þó að flokkaskiptingin hafi sína galla, þá séu flestir sammála um, að betra sé að hafa afmarkaða flokka í þingi heldur en marga smáa hópa af óflokksbundnum þingmönnum. Það fer ekki hjá því, að þingstörfin bjóði þeim upp á ýmislegar freistingar til óhollari áhrifa á málin heldur en meðferð flokkanna er á þeim. Ég tel því, að ekki sé hægt með þessum rökum að mótmæla þeim ákvæðum í stjskrfrv., að flokkarnir fái þingfulltrúa eftir atkvæðamagni sínu við almennar þingkosningar. En ég get líka

bætt því við, að hæstv. forsrh. og hans flokkur byggir brtt. sínar við stjskrfrv. á því sama og við sjálfstæðismenn, þ. e. flokkaskiptingunni, þó að við nefnum það þingflokka, en þeir stjórnmálaflokka í brtt. sínum. Þess vegna eru orð hæstv. ráðh. um þessa hluti harla léttvæg. Ef gera á breyt. á kosningafyrirkomulaginu, þá kemst enginn hjá því að viðurkenna skiptingu þjóðarinnar í landsmálaflokka og þingmanna í þingflokka.

Þá hafði hæstv. forsrh. það eftir mér, að ég hefði sagt, að Framsóknarfl. væri ekki trúandi til breytinga á kjördæmaskipuninni. Þetta sagði ég nú ekki. En ég sagði, að við ætluðumst til, að ákvarðanir um kjördæmaskipunina væru á sviði hins almenna löggjafarvalds. Og ennfremur, að Framsóknarfl. væri ekki treystandi til að fullnægja þeirri réttlætiskröfu, sem felst í 1. gr. stjskrfrv., ef það væri látið óbundið af stjórnarskránni. Ég áleit því, að ekki yrði hjá því komizt að binda hendur löggjafarvaldsins um þetta. — Ég vil þá, um leið og ég læt lokið þessu svari mínu til hæstv. forsrh., minna enn á það, að stjskrfrv. okkar er ekki um kjördæmaskipunarmálið. Réttlætiskrafan, sem felst í 1. gr. frv., er samræmanleg öllum þeim till. um kjördæmaskipun, sem enn hefir verið brotið upp á, og ég held ég megi fullyrða, að hún sé samrýmanleg hvaða aðferð sem um er að ræða, og einnig þeirri tilhögun í brtt. Framsóknarfl., þar sem gengið er út frá því að veita uppbótarþingsæti með einmennings- og tvímenningskjördæmum. Ég álít því ekki nauðsynlegt að tefja stjskrfrv. með ýmiskonar bollaleggingum um kjördæmaskipunina. Frv. fer fram á, að kjördæmaskipunin og kosningatilhögunin til samans fullnægi réttlætiskröfunni, og bindur sig ekki við annað.

Þá vil ég næst víkja að brtt. frá okkur hv. 4. landsk. á þskj. 372, sem fer fram á, að í 1. gr. frv. verði aukið því ákvæði, að þjóðkjörnir fulltrúar, sem eiga sæti á Alþingi, geti verið allt að 50, eða þannig orðuð, að í upphaf fyrstu málsgr. frv. komi allt að 50, en gr. er að öðru leyti óbreytt. Það var gerð grein fyrir því í nefndaráliti okkar sjálfstæðismanna í mþn. og endurtekið af mér við 2. umræðu þessa máls, að við myndum til samkomulags geta sætt okkur við, að sett væri í stjskr. ákveðið hámark á tölu þingmanna. Að sönnu álítum við þetta ekki nauðsynlegt ákvæði í stjskr., því að telja verður sjálfgefið, að kosningatilhögunin verði þannig, að tala þm. verði ekki of há. En vegna þess að því hefir verið haldið á lofti sem aðalmótbáru gegn till. okkar um kosningar og kjördæmaskipun, að eftir þeim gæti tala þm. orðið óhæfilega há, og af því að hún er ennfremur notuð sem mótbára gegn sjálfri réttlætiskröfunni í 1. gr. frv., þá höfum við ekki viljað eiga það á hættu, að þessu væri blandað saman og notað sem vopn í höndum þeirra manna, sem eru mótfallnir því að réttlætiskröfunni verði fullnægt. En fyrir henni viljum við berjast í lengstu lög. Þess vegna vildum við láta það koma ljóst fram, að frá okkar sjónarmiði væri ekkert á móti því að binda þetta atriði í stjskr., umfram réttlætiskröfuna, að tala þm. færi ekki fram úr vissu hámarki. Eins og hv. þdm. vita, þá hafa komið fram ýmsar till. frá öðrum en okkur sjálfstæðismönnum um kosningatilhögun og þingmannatölu, til þess að fullnægja réttlætiskröfunni, en engin þeirra hefir farið fram á, að þm. væru fleiri en 50. Með þessari brtt. okkar er því ekki bandað á móti neinni till., sem fram hefir komið. Ég get raunar ekki annað sagt en að það sé að sumu leyti eðlilegast, að tala þm. verði sú sama og hún er nú; en við álítum, að þessi hámarkstala, 50, sé svo há, að hið almenna löggjafarvald hafi nægilegt svigrúm, þó að þingmannatalan verði ákveðin innan þessa hámarks.

Þá liggja hér fyrir brtt. á þskj. 379, frá hv. 2. þm. Árn., og á þskj. 387, frá hv. 2. landsk. Ég ætla ekki að gera þær að sérstöku umræðuefni fyrr en hv. flm. hafa gert grein fyrir þeim. Þó vil ég nú þegar á þessu stigi málsins segja það um brtt. hv. 2. þm. Árn., þó að eitthvað megi út á hana setja, að hún er mjög stórt spor í áttina til samkomulags við þá flokka, sem halda fram réttlætiskröfunni í þessu máli. Og um brtt. hv. 2. landsk. vil ég segja, að þær fela yfirleitt ekki í sér annað en það, sem kom fram í starfi hans í mþn. Það eru óskir hans og flokksmanna hans í þessu máli, sem víkja í engu frá kröfunni um réttláta skipun Alþingis. Því

að ákvæðin um hana eru tekin eftir frumtill. og varatill. hans í milliþinganefndinni.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Við framsóknarmenn gerum ráð fyrir að taka lítinn þátt í umr. um þetta mál, þótt hv. 1. landsk. viki lítillega að till. okkar, sem bornar voru fram af hálfu Framsóknarfl. við 2. umr. Þær till. hefir Ed. nú fellt. Við gerum ekki ráð fyrir, að nein stefnubreyt. verði við þessa umr., og af því er engin till. borin fram um þetta mál af hálfu Framsóknarfl. Hinsvegar geri ég ráð fyrir því, að það verði þannig frá því gengið af hálfu flokksmanna, að séð verði um, að málið komist til Nd., til þess að það fái þar frekari meðferð og verði rætt þar nánar.

Út af ummælum um hv. 1. landsk., sem ég hafði við 2. umr., þá er það rétt, að ég mun hafa sagt, að hann hafi verið kosinn á þing 1922, en það er ekki rétt. Það var 1921. En efnislega breytir það engu um það, sem ég sagði um afstöðu hv. þm. undanfarin ár. Hann var 1919 í Heimastjórnarfl. og í hinum kosningunum hefir hann tekið þátt undir þessum ýmsu merkjum.

Frsm. meiri hl. af hálfu Alþfl. (Jón Baldvinsson): Í grg. stjskrfrv., sem ég er meðflm. að, er minnzt á nokkur atriði, sem mig greini á um við aðra flm. og hafi þar sérstöðu, sérstaklega um skipun þingsins, og einnig annað atriði, sem þar er nefnt — um að skilyrði fyrir kosningarrétti sé 5 ára heimilisfesta í landinu. Áskildi ég mér að vísu sérstöðu um það atriði, en ég ætla, að ég megi þó fullyrða, að hv. 1. og 4. landsk. hafi einnig verið sammála um, að það atriði mætti vel missa sig úr stjskr. Ég gerði því hálft í hvoru ráð fyrir að koma með brtt. um a. m. k. annað þessara atriða, en það hefir ekki orðið fyrr en nú.

Ég hefi ekki ráðizt í að koma með brtt. um deildaskiptinguna í þinginu, og það af þeirri ástæðu, að ég vildi ekki blanda inn í deiluna um kjördæmaskipunarmálið öðru atriði, sem gat e. t. v. á einhvern hátt truflað sjálft deilumálið. En þó er ég eins og fyrr þeirrar skoðunar, að rétt væri, að engin deildaskipting ætti sér stað, en að þingið starfaði allt í einni málstofu. Tel ég það fyrirkomulag einfaldara og hentugra en nú er. Ég hefi ekki komið með þessa till. og efast um, að hún komi fram í þinginu, ef allt fer skaplega um þetta stjskrfrv., til þess að stofna því ekki í hættu þess vegna, ef hitt næðist, sem er aðalatriði stjskrfrv., að tryggja jafnrétti kjósenda í landinu og flokkslegt réttlæti á þingi. Þetta, sem ég hefi minnzt á, lýtur að þeim tveim breyt., sem hreyft var í grg. frv., en síðan hefir það skeð, að fram hefir komið frá meðflm. mínum að stjskrfrv., hv. 1. og 4. landsk., brtt. við 1. gr. stjskrfrv., þar sem takmarka á tölu þm. Af þessum ástæðum áleit ég rétt, að þá kæmi einnig til atkv. till., sem ég hafði stungið upp á í mþn. um tiltekna kjördæmaskipun, sem er þannig vaxin, að hún er fullkomlega í samræmi við það, sem er aðalatriði 1. gr. stjskrfrv., að Alþ. sé svo skipað, að hver þingflokkur hafi þingsæti í samræmi við atkv.tölu, sem greidd er frambjóðendum flokksins við almennar kosningar. Áður en ég vík að þessum till., sem ég þarf þó ekki að gera náið, vildi ég aðeins segja álit mitt um till. hv. 1. og 4. landsk., því að þeir hafa nú gert grein fyrir henni. Skilst mér hún samt koma í bága við það, sem er í 1. gr. stjskrfrv., ef hún yrði samþ. og það fyrirkomulag, sem þeir hafa stungið upp á í till. sínum í mþn., væri lagt til grundvallar eða gengi fram í öllum aðalatriðum. En því er verr, að sem stendur er ekkert samkomulag um kjördæmamálið sjálft né heldur um stjskr. Þótt hv. 1. landsk. segi nú, að stjskrfrv. sé ekki kjördæmaskipunarmál, þá er það auðvitað að forminu til rétt, en efnislega ekki, því að stjskrármálið eins og það liggur nú fyrir er líka kjördæmaskipunarmál í eðli sínu. Ef ekki næst samkomulag um sjálft stjskr. málið, þá er heldur ekki fengið samkomulag um kjördæmaskipunarmálið. Það er fyrsta skrefið, þótt samþykkt þessara mála geti ekki fylgzt að. Ég geri ráð fyrir því, að þegar komið væri samkomulag hjá meiri hl. þings um einhverja stjskrbreyt., væri jafnframt fengið samkomulag um tiltekna kjördæmaskipun, sem ætti að samþ. þegar slíkt stjskrfrv yrði endanlega samþ., að afstöðnum kosningum. Mér

finnst því, að á þessu stigi málsins hafi verið óþarfi af sjálfstæðismönnum að koma með þessar takmörkunartill., sem gera frv. óaðgengilegra. Ég veit að vísu, að þeir hugsa sér þá breyt. á till. sínum, í stað þess, sem er ákveðið, að sá sé kosinn, sem flest fær atkv., eins og nú er. (JónÞ: Það stendur hvergi í lögum). Jæja, það ætti þá að framkvæmast þannig eftir l., svo að ég sé ekki mikinn mun á því. Þeir geta hugsað sér, ef slík takmörkun væri, að sá yrði ekki ávallt kosinn, sem flest fengi atkv., ef fullnægja ætti þeim réttlætiskröfum, sem 1. gr. stjskrfrv. gerir ráð fyrir. Ég er hræddur um, að aldrei myndi nást samkomulag um að ákveða svo í kosningalögum, að þótt einhver frambjóðandi í tilteknu kjördæmi fengi mikinn meiri hl. atkv., þá væri hann samt ekki kosinn. Slíkt myndi stríða á móti réttlætishugmyndum kjósenda þeirra, er þar ættu hlut að máli, svo að aldrei yrði inn á þetta gengið, þótt segja mætti, þegar litið er á landið í heild, að þetta gæti verið réttlátt. Ég hefi ekki trú á, að slíkt samkomulag náist, og þá er þessi takmörkun, sem gerð er í stjskrfrv. af hv. 1. og 4. landsk., mjög verulegur ágalli á frv. í mínum augum. Það er af þessum ástæðum, að ég hefi nú borið fram brtt. við stjskrfrv. í tvennu lagi. Í fyrsta lagi að taka inn í frv. kjördæmaskipun, þar sem landið er gert allt að einu kjördæmi, eins og segir á þskj. 387. Með því móti er í sjálfu stjskrfrv. hægt að ákveða tölu þm., og ég hefi stungið upp á því, að á Alþ. eigi sæti 42 alþm., kosnir hlutbundnum kosningum. Þótt þessi tala sé ákveðin í stjskr., þá er það svo, sem hv. 1. landsk. viðurkenndi í sinni ræðu, að það brýtur á engan hátt í bág við þann tilgang, sem liggur til grundvallar 1. málsgr. stjskrfrv., sem fyrir liggur, enda tekið upp í brtt. orðalag það, sem nú er á 1. málsgr. Ég hefi áður gert grein fyrir því, hve hentugt þetta fyrirkomulag væri. Ég gerði það við 2. umr. þessa máls og sé því ekki ástæðu til að fara út í það frekar. Einnig minntist ég við 2. umr. á þá varatill., er ég hefi flutt við stjskrfrv. um að kosið sé til Alþ. í alls 6 kjördæmum, og eru þessi kjördæmi þar talin upp. Fyrir þeirri till. var líka gerð nokkur grein, enda er það mál eldra á þingi og hv. þm. er það kunnugt, og þarf það ekki langrar útlistunar við. Flestir munu búnir að taka afstöðu til þess. En þetta hefir þótt aðgengilegri till., a. m. k. hjá sjálfstæðismönnum, heldur en að landið væri eitt kjördæmi, því að í nál. hefir verið boðið að fallast á þetta, svo framarlega sem samkomulag geti orðið um það milli flokkanna, enda kunnugt, að ýmsir í Sjálfstæðisfl. höfðu verið hlynntir þessu fyrirkomulagi, og sumir þeirra foringjar hafa um þetta rætt og ritað og talið það hentugt. Þótt ég telji það ekki nauðsynlegt og e. t. v. ekki hentugt, að ákveða kjördæmaskipunina sjálfa í stjskr., þá tel ég ekkert því til fyrirstöðu, að þessi kjördæmaskipun, sem hér er stungið upp á og bæði veitir kjósendum og flokkum jafnrétti, verði fest í stjskr. Það er ekkert, sem mér getur dottið í hug, sem á móti því geti mælt, og mér skilst ekki heldur, að neitt geti mælt á móti því frá hálfu sjálfstæðismanna, eftir þeirri afstöðu, sem þeir hafa haft í þessu máli. Í sambandi við brtt. hefi ég látið prenta álit fulltrúa Alþýðufl. í mþn. í kjördæmamálinu, þar sem þessar till. eru prentaðar og þar sem gerð er ýtarleg grein fyrir þeim. Og þótt þessu sé aðeins nýlega útbýtt meðal þm., þá sé ég enga ástæðu til að rifja það upp. Hv. þm. hafa sumpart heyrt það á umr., sem fram hafa farið, og nokkur hluti þessa rits kom áður í nál., sem Sjálfstæðisfl. gaf út í byrjun þings.

Ég get látið útrætt um þessar till. að sinni, en ég vænti þess, að þær fái fylgi. Ég get ekki búizt við, að Framsóknarfl. samþ. þær, því að mér er ekki kunnugt um, að hann hafi gengið inn á neitt samkomulag í kjördæmaskipunarmálinu. En það getur haft mikilvæga þýðingu fyrir málið, ef allmargir hv. þm. vildu ljá því atkv. sitt. Mér hefir skilizt það á hv. forsrh., að ekki væri þess að vænta, að neinar till. kæmu fram frá Framsóknarfl. Það á að þýða það, að till. sessunautar míns, hv. 2. þm. Árn., sé flutt á eigin ábyrgð þm., en ekki flokksins. Annars vil ég bíða eftir því, að hann rökstyðji þá till., því að hún er, eins og nú standa sakir, alls ekki svo fráleit, sérstaklega ef hugsanlegt væri, að flokksmenn hans vildu gera samkomulag um málið á grundvelli till. hans. Þótt Reykjavík eigi þarna að vera

afskipt, þá er samt mikil bót í till., og e. t. v. mætti þoka einhverju um frá till.

Að lokum vil ég, vegna atkvgr., beina því til hæstv. forseta, að í brtt. minni á þskj. 387 á b-liðurinn undir 1. tölul. aðeins við 1. till.: Landið allt eitt kjördæmi, því að þar er ákveðin tala alþm.; en ef sú till. yrði felld, þá er þessi liður sjálffallinn eða tekinn aftur. Því að þótt varatill. yrði samþ., á þessi till. ekki við, því að eftir henni á tala alþm. að vera óákveðin, eins og nú er í stjskrfrv.

Þá er að lokum sú brtt., sem ég minntist lítillega á í upphafi, við 4. gr., um að fella úr frv. ákvæði um, að það sé skilyrði fyrir kosningarrétti, að kjósandi hafi verið búsettur seinustu 5 árin í landinu. Þetta ákvæði var sett í stjskr. þegar hæst gengu bylgjurnar í baráttunni við Dani, og átti að vera einskonar trygging fyrir því, að ekki yrði mikið um flutning manna frá Danmörku, sem gætu öðlazt hér kosningarrétt og haft einhver áhrif á úrslit mála. Sérstaklega var höfð í huga atkvgr. um sambandsmálið, sem myndi fara fram 1942. Mér hefir alltaf fundizt þetta vera ranglæti, og ég geri ekki ráð fyrir því, að hætta stafi af innflutningi manna í svo stórum stíl, að þeir geti haft áhrif á kosningar hér á landi. Aftur á móti kemur þetta ranglæti berlega fram gagnvart landsmönnum sjálfum, sem dvelja erlendis um nokkurn tíma og missa við það kosningarrétt og verða svo að bíða hér í 5 ár til þess að öðlast hann aftur. Það er fjöldi iðnaðarmanna, sem hafa siglt og dvalið erlendis til að fullkomna sig í iðn sinni og komið svo hingað aftur að því loknu. Þessir menn hafa verið sviptir kosningarrétti um næstu 5 árin, og sökum þess að þetta var stjskr.atriði, var engu hægt um að þoka. Ég tel slíkan hemil á kosningarrétti mjög ranglátan og óþarfan, a. m. k. í því augnamiði, sem upprunalega var miðað við. Ég vænti því, að d. muni fallast á þessa till. og sniði þetta ólán úr stjskr., þetta ranglæti, sem staðið hefir síðan 1920.

Magnús Torfason: Eftir að þessi litla brtt., sem ég leyfi mér að bera hér fram einn míns liðs, var prentuð, hefi ég orðið var við, að ýmsa menn hefir furðað á því, að slíkt skyldi koma frá mér. Hefir ýmsum getum verið um það leitt, en enginn hefir enn komið nærri því, sem var hin eðlilega ástæða til þess, að ég bar þessa till. fram. Hún var ósköp einföld og liggur mjög nærri. Hún var sú, að mér fannst það liggja í loftinu, að frv. — jafnvel eins og það liggur nú fyrir — myndi verða samþ. hér út úr d. Fannst mér það þá viðkunnanlegra, að það væri dálítið meiri sveitalykt af því en nú er. Í öðru lagi þykist ég hafa orðið var við, að allar umr. og málaleitanir um þessa stjskr.-breyt. eru miklu hógværari og sanngjarnari en áður hefir verið. Ég get ekki neitað því, að það hefir jafnvel orðið stór breyt. á í þessu efni frá því, er þing kom saman, og mér finnst satt að segja, að menn líti sanngjarnari augum á málið með degi hverjum, eftir því sem það er betur rætt. Sérstaklega hefi ég orðið var við, að menn eru farnir að sjá, að margar leiðir geta legið að sama marki — að gera kjósendur landsins nokkurnveginn ánægða, a. m. k. að kosningarréttinum verði þannig fyrir komið, að menn megi vel við una og ekki verði réttur neins kjördæmis fyrir borð borinn. Ég skal ennfremur geta þess, sem ég reyndar tók fram við 2. umr. málsins, að mér finnst óviðkunnanlegt, að kjördæmaskipunin verði ákveðin í stjskr., og þá sérstaklega fyrir þær sakir, sem komu greinilega fram í brtt. minum þá, að mér fannst kjördæmaskipunin eins og hún var sett í stjskr. ekki fullnægja því réttlæti, sem kjördæmin geta gert til slíkrar skipunar, jafnvel nú, hvað þá seinna, eftir því sem mannskipunin breytist í landinu. Af þessu er það skiljanleg hugsun hjá mér að slá aðaldeilunum um kjördæmaskipunina á frest þangað til kosningalöggjöfin á sínum tíma verður tekin til meðferðar.

Í þessum till. felst þrennt. Í fyrsta lagi það, að stjskr. ákveður, að tala þm. skuli aldrei vera meiri en 45. Hinsvegar er ekkert því til fyrirstöðu, að þm.talan sé minni, og eins og hv. dm. vita, óska ég fyrir mitt leyti eftir, að þeir verði ekki fleiri en 42 samkv. till. minum, sem ég bar fram við 2. umr., en ég hefi ekkert á móti því, að þm.talan yrði lægri. — Í öðru lagi er það, að um fulltrúa Rvíkur kemur til að gilda alveg sérstök skipan. Með

því er þá slegið föstu og lýst yfir í stjskr., að Rvík eigi ekki samleið með hinum kjördæmunum. — Í þriðja lagi liggur það í þessum till. að gera ráð fyrir einhverjum takmörkunum uppbótarsæta utan Rvíkur, eftir því sem við verður komið. Innan þessara takmarka eru allar leiðir opnar um kjördæmaskipun og ekkert af tekið, hver skuli vera gerð. M. a. vil ég taka það fram, að ég verð að líta svo á, að kjördæmaskipun eins og nú er, eða eitthvað líkt því, gæti vel komizt fyrir innan þessara takmarka, og það liggur í því, að ég legg áherzlu á, að þingmannatalan takmarkist við 45.

Ég fer hér í spor hv. sjálfstæðismanna með takmörkun uppbótarsætanna, eða hvað mikið þingflokkarnir eigi að fá upp í þau skörð, sem í þá eru höggin í einstökum kjördæmum. M. ö. o., því færri sem kjördæmin yrðu, þess fleiri yrðu uppbótarsætin. En um þetta atriði er óþarft að deila nú. Þetta yrði auðvitað tekið rækilega til meðferðar, þegar farið yrði að ræða um kjördæmaskipun samkv. þessari stjskrbreyt., sem enn er ósamþykkt. Ég hefi sagt það áður, að ég lít svo á, að hið almenna löggjafarvald eigi að hafa færi á að líta til með skipun kjördæma og þingfulltrúa, eftir því sem á stendur í landinu. Í því sambandi get ég lýst yfir því, að ég er á móti öllum stórum stökkum í þessu máli. Ég held, að ekki sé rétt að umhverfa í einu vetfangi öllum þeim grundvelli, sem löggjafarstarfsemi okkar er byggð á; miklu réttara væri að þoka sér smátt og smátt áfram. Hinsvegar er það um stjskr. að segja, að hún á að vera svo rúm, að hún geti verið nothæf um langt árabil. Og þó að ég hafi sagt, að ég líti svo á, að núv. kjördæmaskipun gæti fallið undir réttláta stjórnarskrárumgerð, þá er ekki sagt með því, að ég sé á móti öllum breyt. Við 2. umr. þessa frv. bar ég fram brtt. um að fjölga kjördæmum, en þar með er ekki sagt, að ég geti ekki verið með því að fækka kjördæmum undir vissum kringumstæðum. Ég lít svo á, að þau litlu kjördæmi, sem nú eru að burðast með þm., en fegin vilja losna við hann, eigi að fá það. Smæstu kjördæmin eiga engan rétt á þm. samkv. höfðatölu, og fyrst þau vilja endilega losna við hann, því þá ekki að leyfa þeim það? — Þetta, sem ég nú hefi talað, var um tvö atriðin, sem mestu máli skipta, tölu þm. og uppbótarsæti. Ég hefi gert ráð fyrir, að Reykjavík komi ekki til greina með uppbótarsæti, heldur verði skoðuð sem nokkurskonar ríki í ríkinu. Rökin fyrir því hefi ég margendurtekið, bæði á þingmálafundum og síðast hér við 2. umr. þessa máls, og skal nú enn taka til þau helztu. Það hefir verið bent á það ómótmælanlega, að þar sem eitt kjördæmið er margfalt stærra en nokkurt hinna, verði að gilda um það sérstök ákvæði. Þetta er t. d. fullkomlega viðurkennt hjá frændþjóðum okkar. Hér á landi stendur einmitt svona á, eitt kjördæmið hefir meir en ¼ landsmanna, og eftir því, sem fram hefir farið nú að undanförnu, eru allar líkur til þess, að við þá tölu bætist stórum í framtíðinni. Slíkir höfuðstaðir sjúga til sín fólk og aukast líka að landvinningum. Hv. 1. landsk. hefir hvað eftir annað við umr. þessa máls talað um, að með till. framsóknarmanna væru Reykjavíkurbúar gerðir að 2. flokks borgurum. Ég get ekki samsinnt það, og ég held, að ekki væri hægt að gera Reykvíkinga að 2. flokks borgurum. Þeir eru 1. flokks borgarar, en við, í hinum kjördæmunum, erum 2. flokks borgarar, eða 3. flokks, eða úrhrak!

Ég skal ekki fara langt út í þetta mál, en skal að endingu segja dálitla sögu, svo að mönnum sé ljóst, við hvað ég á:

Það var einu sinni læknir nokkur á Norðurlandi, sem sótti um hérað á Suðurlandi. En menn risu almennt á móti honum í þessu héraði, söfnuðu undirskriftum á áskoranir, þar sem hann var varaður við að sækja, sagt að hann yrði ekki sóttur, o. s. frv. Og eitt af því, sem notað var við undirskriftasöfnunina, var það, að hann væri svo þungur, að enginn hestur gæti borið hann. Þessi maður var ekki mikill á velli, áreiðanlega hvorki hærri né þyngri en hv. 1. landsk. Skömmu eftir að læknirinn kom í héraðið, kom hann út í Ölfus og hitti þar einsýnan hreppstjóra. Hann horfði stundarlangt á lækninn, með sínu eina auga, og sagði að lokum: „Það hlýtur að vera þungt í yður pundið“!

Þetta er það, sem mér finnst: Að pund-

ið í Reykvíkingum sé allt of þungt. Við getum hugsað okkur, að læknirinn hefði getað orðið svo þungur, að enginn hestur hefði getað borið hann. Við getum hugsað okkur hann með gullsöðul, gullbeizli, gullístöð og reiða smelltan silfri, með gullhjálm, gullbrynju, gullskjöld, gullinhjalta og gullrekið spjót, og með þessu hefði hann getað hlaðið svo miklu utan á sig, að enginn hestur hefði getað borið hann.

Það dæmi, sem ég vil draga af þessari líkingu, er það, að auðvaldið í Reykjavík er svo magnað, að ætti það að ráða eftir höfðatölureglunni, gætu allir hinir landshlutarnir ekki staðið undir því.

Við vitum það öll, að þegar barizt er, dugir ekki að fara eingöngu eftir höfðatölunni, þá veltur líka mikið á því, og jafnvel engu minna, hvernig menn eru vopnaðir. Með vopnin erum við sveitakarlarnir illa settir. Við höfum ekki nema lurka, sem við getum náð í í skógarleifum, þar sem hann þá er að finna, eða þá búið okkur til barefli úr rekavið. Reykvíkingar hafa her manns, og þeir hafa eitt vopn umfram aðra landshluta. Í Heljarslóðarorustu er sagt frá manni, sem var nokkuð skrítilega vopnaður. Hann hafði vafið utan um sig stóru upplagi af bók, og úr því hnoðaði hann bréfkúlur og skaut, og varð það mjög að skaða. En ef hann hrækti í kúlurnar, urðu þær hverjum, sem fyrir varð, að bana. Þá líkingu má draga af þessu, að frá Reykjavík er dreift ósköpunum öllum af rituðu máli út um hinar dreifðu byggðir landsins, og við, sem byggjum þær, eigum engan kost þess að svara í sama máta, en með því troða Reykvíkingar skoðunum sínum upp á aðra landsmenn.

Ég vona, að menn skilji, hvað ég á við. Ég tel það háskalegt, að Reykjavík fái þm.tölu eftir fólksfjölda sínum. Þegar talað er um þessi mál, er oft gott að líta aftur í tímann. Ísland er eitt af þeim fáu ríkjum, þar sem lög og ríki var sett með samningum manna á meðal. Og grundvallarhugsunin, sem gengur í gegnum alla stjórnarsögu okkar, er sú, að láta ekki einn landshluta ná yfirhönd yfir öðrum, svo að jafnvægið haldist sem bezt. Þegar breytingin varð, árið 965, var Norðlendingafjórðungurinn stærstur, og vildi fá völd með tilliti til stærðar sinnar. En sú skipun, sem þá var gerð til þess að jafnvægi héldist, er vafalaust mesta meistarastykki, sem eftir forfeður vora liggur. Sama var uppi á teningnum þegar Alþingi var stofnað að nýju. Þá var gengið svo langt í því að gera héruðum jafnt undir höfði, að búið var til kjördæmi, sem enginn kjósandi var í, og varð því kjördæmið af þm. Þessari stefnu er haldið áfram í stjskr. frá 1874, og henni hefir verið haldið allt til okkar daga. Smátt og smátt hefir verið bætt úr þeim göllum, sem á hafa orðið, en þó alltaf séð fyrir því, að allir landshlutar ættu talsmenn á Alþingi, sem sérstaklega var kunnur ástæðum manna og atvinnuvega í þeim landshluta. Þetta hefir bændavaldið gert, og Reykjavík hefir þar ekkert orðið útundan. Þessari stefnu tel ég hyggilegt að halda áfram, og fara sér hvergi óðslega.

Að síðustu vil ég minnast á atriði, sem fyrst og fremst á að koma til greina. Það er sú regla, að skipun fulltrúaráðs þjóðarinnar væri á þann veg, sem bezt hentaði öllu landinu. Á þetta hefir enginn minnzt í þessum umr. Það annað, sem hér hefir verið rætt um, verður allt að skoðast í því ljósi, hvað sé heillavænlegast fyrir landið allt. Og það er alls ekki heillavænlegt fyrir landið að auka stórum vald Reykjavíkur frá því, sem nú er.

Jón Jónsson: Ég verð að byrja með því að biðja hv. dm. velvirðingar á, að ég get ekki talað um þetta mál með eins miklum gleðskap og síðasti ræðumaður. Hæstv. forsrh. tók það fram, að mál þetta yrði lítið rætt af okkur framsóknarmönnum við þessa umr. En af því að ég — einn af mínum flokksmönnum — greiddi þessu frv. atkv. við 2. umr., vil ég ekki láta hjá líða að gera grein fyrir afstöðu minni.

Ég get tekið það fram, að ég hefi orðið fyrir miklum vonbrigðum í sambandi við þetta mál, og er varla einn um það. Ég hugði, að þegar ákveðið var í sumar að setja mþn. í þetta mál, að það væri einlæg viðleitni til þess að leysa það sæmilega. Því meiri ástæða var til þess að vona slíkt, sem þarna tóku sæti 3 helztu

flokksforingjar þjóðarinnar, sem gera má ráð fyrir, að hafi einna bezt traust manna, hver síns flokks, að baki sér. En því miður tókst mþn. ekki að leysa þetta mál sæmilega. Þetta voru mín fyrstu vonbrigði í sambandi við þetta mál.

En þó verð ég að segja, að það voru mér meiri vonbrigði að sjá þetta frv., sem hér liggur fyrir, flutt á Alþ., eins og með það er í pottinn búið. Og ekki nóg með það, heldur er það flutt með slíku hóflausu kappi, að hótað er að setja öll störf þingsins í strand, ef það nái ekki fram að ganga í sinni núv. mynd. Og hver veit, nema slíkt glapræði gæti sett íslenzka ríkið upp í loft. Nú eru erfiðleikar miklir í landi, búskapurinn ber sig ekki, útvegurinn ber sig ekki, bankarnir riða, verkafólk kvartar um atvinnuskort, verkföll og atvinnuleysi steðja að atvinnuvegunum, og enginn er kominn til þess að segja um, hvernig ríkið fer út úr þessari kreppu. Ég sé ekki betur en að við Íslendingar heyjum nú stríð upp á líf og dauða, berjumst fyrir tilverurétti okkar sem þjóð. Við ættum á slíkum tímum að festa okkur í minni orð enska flotaforingjans Nelsons í orustunni við Trafalgar, er hann sagði: „England expects every man is doing his duty". Ættjörðin okkar kallar á alla til þess að gera skyldu sína í því mikla stríði, sem við nú eigum í, og á meðan er skylda flokkanna að leggja deilumálin til hliðar, svo sem unnt er, og skipa sér saman í bróðurfylkingu til þess að komast í gegnum örðugleikana. En það lítur sannarlega svo út, sem ýmsir forystumenn þjóðarinnar líti ekki svo á. Einmitt á þessu þingi hafa ýms mál verið borin fram, sem vel eru fallin til þess að vekja deilur, svo að ekki virðast þeir, sem að því standa, koma auga á þessa hættu.

Hér er rætt um eitt stærsta mál, sem Alþ. getur fjallað um, sem sé hversu leggja skuli Alþingi sjálft, einn aðalhyrningarstein þjóðfélagsins.

Fyrst mþn. tókst ekki að leysa þetta mál, var gefið, að það yrði mikið deilumál, bæði hér á þingi og annarsstaðar. Þess vegna lít ég svo á, að það hefði ekki átt að koma fram á þessu þingi. Hv. flm. hafa vafalaust einhverjar afsakanir fram að færa, þó ég geti ekki séð, að þær séu réttmætar. Við verðum að halda okkur við þá staðreynd, að frv. er komið hér fram og liggur nú fyrir. Fyrst svo er komið, er það skylda allra þm. og flokka að taka sem allra mest tillit hver til annars, til þess að forða þjóðinni frá strandi. Það var sett n. í þetta mál hér í d., en hún hefir því miður ekki heldur getað orðið ásátt. Samt hygg ég, að nokkuð sé að draga saman um þetta mál, og væri það vel.

Um málið sjálft vil ég svo segja fáein orð. Fyrst er nú það, að ég skal játa, að hv. andstæðingar, flm. þessa frv., hafa mikið til síns máls. Kosningarrétturinn er of ójafn. Þeim er því nokkur vorkunn, þó þeir vilji ekki láta hann haldast eins og hann er og krefjist einhverrar leiðréttingar á honum. Hitt fæ ég ekki séð, að það skipti nokkru máli fyrir þá, hvort þessi leiðrétting er gerð árinu fyrr eða síðar, og finnst, að eins og nú er ástatt, eigi þeir að beygja sig fyrir þörfum þjóðarinnar.

Af þeim ákvæðum, sem sett hafa verið í þetta frv., er það aðeins eitt, sem ég get ekki fallizt á, ákvæðið um það, að hver þingflokkur skuli skilmálalaust fá þingsæti í samræmi við kjósendatölu sína, eða m. ö. o., að höfðatalan ein skuli ráða. Þessi regla er í mínum augum, svo ég noti annars manns orð, allt of einstrengingsleg. Í mínum huga varðar það mestu, að allir landsmenn standi jafnt að vígi til áhrifa á störf þingsins. En fyrsta skilyrðið til þess er það, að hvert hérað hafi þar sinn eiginn mann til að gæta sinna hagsmuna og taka fyrir sína hönd þátt í því stríði, sem í þinginu stendur milli héraða, stétta og flokka. Og í þessu stríði eru fámennu héruðin alls ekki of vel sett eins og nú er, þvert á móti. En þjóðfélaginu er þá bezt borgið, ef réttmætum kröfum allra héraða er sinnt. Auk þess er á það að líta, að frá því að við endurreistum eða tókum aftur upp okkar þing hefir þetta sýslukjör alltaf átt sér stað, það er orðið fast í hugum þjóðarinnar, og þarf mjög að athuga það, áður en frá því er horfið. Það er því fyrsta skilyrðið til þess, að ég gæti samþ. þetta stjskrfrv. út úr þinginu, að réttur héraðanna væri sæmilega tryggður. En að því er ekki vikið einu orði í frv.

Hv. 1. landsk. var að tala um, að við

framsóknarmenn hefðum ætlazt til, að Reykvíkingar hefðu annan rétt en aðrir landsmenn. Ég hygg, að þetta sé nokkuð fljóthugsað hjá honum. Það er fleira, sem skapar aðstöðu til áhrifa á þingið en að hafa í orði kveðnu rétta fulltrúatölu í hlutfalli við aðra. Fyrst er nú það, að sá staður, sem er fjölmennur, hefir meiri áhrif, af því að hann er betur settur að þessu leyti en fámenn héruð. Fjölmennið eitt skapar honum þennan aðstöðumismun. Þess utan er þingið haldið hér. Þess utan eru, eins og hv. þm. er kunnugt, auk þm. Reykv., allt af fleiri og fleiri þm. fyrir kjördæmin úti um landið að verða búsettir hér. Þetta hlýtur líka að vera ávinningur fyrir Reykjavík. Fyrir utan þetta nýtur höfuðstaðurinn ýmsra gæða umfram aðra landshluta. Héðan liggja allir vegir út um héruðin; héðan og hingað liggja allar sjóferðir, bæði innanlands og landa á milli; hér eru öll söfnin; hér eru nálega allir skólarnir, sem draga til sín ógrynni fólks úr sveitunum. Allt þetta skapar Reykjavík meiri og betri aðstöðu en öðrum héruðum, bæði vegna þess, að hún fær færari menn en önnur héruð, og líka til gjaldþols. Ég lít því svo á, að til þess að Reykjavík hafi eins mikil áhrif á þingið eins og önnur héruð þurfi hún langt frá því eins mikið fulltrúamagn og önnur héruð. Þetta er líka viðurkennt í löndunum í kringum okkur. Ef við tökum t. d. Oslo, þá er hennar fulltrúamagn 1 fyrir hverja 35 þús. íbúa, en í strjálbýlinu er 1 fulltrúi fyrir hver 6 þús. Svona líta nú Norðmenn á þetta.

Í Danmörku er kosningum nokkuð öðruvísi háttað, en þó hygg ég, að höfuðstaðurinn þar, Kaupmannahöfn, hafi ekki fulltrúatölu nema sem svarar um 60% á móti 100%, sem hún er á Jótlandi.

Í Englandi er þetta svo, að Lundúnir hafa ekki nema helmings fulltrúatölu á móti öðrum kjördæmum. Ég held, að fulltrúatalan þar sé eitthvað innan við 60, en fólksfjöldinn þar er ⅕ af allri þjóðinni, eða allt að því, og þm. á sjöunda hundrað.

Þetta er nú álit annara þjóða á því, hvort þörf sé á fyrir fjölmennustu staðina, og einkum þá, sem eru samkomustaðir þinganna, að þeir hafi fulltrúa í samræmi við kjósendatölu. Það er þetta, sem gerir það að verkum, að ég gæti ekki greitt þessu frv. atkv. út úr þinginu, að réttur héraðanna er ekki tryggður og að ég álít, að Reykjavík eigi að hafa minni fulltrúatölu hlutfallslega en önnur héruð.

Till. um að lagfæra þetta áttu að felast í þeim till., sem framsóknarmenn báru hér fram, og ég held, að þær hafi gert það. En þær voru nú felldar. Og þó vil ég ekki segja, að ekki hefði mátt laga þær svo til, ef samvinna hefði verið um það höfð, að allir flokkar hefðu getað fallizt á þær. Því það vil ég hiklaust benda á, að það hefði kannske mátt jafna betur á milli flokka en gert var þar. Þetta er allt umhugsunarefni, og það er skylda þingsins að gera allt, sem unnt er til að koma þessu máli í sæmilegan farveg, til að sameina, en sundra ekki þjóðinni á þessum erfiðustu tímum, sem yfir okkur hafa komið.

Ég hefi áður bent á það, að aðalgallinn á þessu frv., ákvæðið um fulltrúatölu í hlutfalli við kjósendur, er svo stór, að ég gæti ekki greitt því atkv. út úr þinginu. En auk þess tel ég, að í frv. sé allt of mikið hlaðið undir flokkana. Ég lít svo á, að harðvítugir flokkar séu að vissu leyti böl, þó að ekki verði komizt hjá þeim. Og það vil ég segja, að það hefi ég séð flokkunum gert hæst undir höfði, sem gert er í nál. sjálfstæðismanna, þegar gengið er svo langt, að maður er gerður þingrækur, ef hann fylgir sannfæringu sinni. En ég kalla það svo, ef maður, sem boðið hefir sig fram utanflokka og kemst svo að þeirri niðurstöðu, þegar hann kynnist afstöðu flokkanna til málanna nánar, að rétt sé að fylgja fremur einum flokki en öðrum, og fylgir þeirri sannfæringu sinni, á að missa þingsæti sitt fyrir.

Ástæðan til þess, að ég greiddi frv. atkv. við 2. umr., og geri það að líkindum við þessa umr., er ekki sú, að ég sé ánægður með frv. eins og það liggur fyrir, heldur sú, að ég vil ekki útiloka þá möguleika, sem enn kunna að felast í meðferð málsins til þess að sameina óskir allra flokka og leysa þetta mál svo, að það megi verða fósturjörðinni til heilla.

Ég skal svo aðeins minnast á eina brtt., brtt. frá hv. sjálfstæðismönnum um að ákveða tölu þm. í stjskr. (**Jónþ**: Há-

mark). Já, hámark tölu þm. Ég álít óhæfilegt að hafa það ákvæði í stjskr., sem opnar möguleikana fyrir því að hafa tölu þm. ótakmarkaða. Ég álít því till. til stórbóta. Að þm.talan er nú orðin bundin, er þó spor í áttina til að leysa málið. Ég vil nú leyfa mér að freista þess, að gengið verði í þá átt að binda tölu þm. meira en gert er í þessari brtt. Ég lít svo á, að þjóðinni sé nú margs annars meiri þörf en fjölgunar þm. Ég álít, að það sé neyðarkostur að fjölga þeim, ef hægt er að komast hjá því. Og sannast að segja held ég, að það ætti að vera hægt með dálítilli samningalipurð að leysa þetta mál, þó þm.tala væri nokkuð meira takmörkuð, þó reynt væri að binda það, að tala þm. fari ekki meira upp en framsóknarmenn hafa lagt til. Ég vil því leyfa mér að bera fram, ásamt hv. 2. þm. Árn., skrifl. brtt. við brtt. á þskj. 372, um það, að í stað 50 komi 45.

Frsm. meiri hl. af hálfu Sjálfstfl. (Jón Þorláksson): Hv. 2. landsk. taldi, að brtt. okkar um að binda tölu þm. við ákveðið hámark færi í bága við réttlætisákvæði 1. gr. frv., ef till. okkar í kjördæmaskipunarmálinu gengju fram í aðalatriðum. En hann tók sig þó á síðar í ræðu sinni og benti einmitt á þá úrlausn, sem við höfum tekið fram, en hún er sú, að ef svo ólíklega skyldi fara einu sinni á öld eða svo, að ekki væru næg uppbótarsæti til að færa þm.tölu flokkanna til samræmis við atkvæðatölur þeirra við næstu undangengnar kosningar vegna þessa hámarks, þá mætti ákveða svo í kosningalögum, að sá þm. af þeim flokki, sem ekki ætti að njóta uppbótarsæta, sem kosinn væri með minnstum meiri hl. í sínu kjördæmi, skyldi þoka fyrir næsta manni í því kjördæmi. En hann sagðist halda, að ekki mundi nást samkomulag um þetta, því það mundi þykja lita illa út, ef frambjóðandi, sem kosinn væri með miklum meiri hl. í sínu kjördæmi, teldist ekki kosinn. En það er engin hætta á því, að sá þm., sem kosinn er með miklum meiri hl. í sínu kjördæmi, teljist ekki kosinn, því ef enginn flokkur hefir fengið mikið af þm. fram yfir það, sem honum ber samkv. atkvæðamagni sínu, þá er ekki svo sérstaklega mikil hætta á, að 20 uppbótarsæti nægi ekki til að jafna mismuninn í 26 kjördæmum. Með því að allir frambjóðendur, sem kosningu ná, fái mikinn meiri hl., hver í sínu kjördæmi, getur þetta sem sé ekki komið fyrir. Þessi niðurstaða getur ekki fengizt nema það séu áhöld um atkvæðamagn frambjóðendanna sumstaðar, eða einn eða fleiri frambjóðendur séu kosnir með minni hl. í sínu kjördæmi, t. d. í þriskiptri kosningu. En að líkindum mundi aldrei koma til þess, að sá þm. þyrfti að þoka fyrir næsta manni, sem kosinn væri með meiri hl. greiddra atkv. í sínu kjördæmi. Ég held meira að segja, að það sé ekki ástæða til að gera ráð fyrir, að þessu ákvæði þurfi að beita, ef það aðeins er sett í kosningalöggjöfina til varnar gegn misbrúkun á hámarksákvæðinu, því það hefir ekki legið fyrir til rannsóknar nein sú kosning, þar sem þurft hefir meira en 64% uppbótarsæta móts við tölu einmenningskjördæmanna, en það svarar til 18 uppbótarsæta hér.

Þá vil ég sérstaklega undirstrika það, sem hann einnig hafði tekið eftir, að brtt. okkar kemur ekki í bága við þá kosningatilhögun, sem hann hefir stungið upp á. Það liggur jafnopið fyrir að lögleiða hana, ef á það yrði fallizt, þó brtt. okkar verði samþ.

Þá vil ég leyfa mér að leiðrétta það, sem hann sagði, og síðar tók hann það reyndar alveg rétt fram, að þetta mál, sjálf stjskrbreyt., er ekki kjördæmaskipunarmál, því það mál verður eftir sem áður í höndum hins almenna löggjafarvalds, þó þetta frv. verði samþ. — þó það kunni hinsvegar að vera rétt hjá hv. 2. landsk., að þetta muni verða kjördæmaskipunarmál í reyndinni, af því að um þetta frv. muni ekki nást samkomulag, nema samkomulag um hitt sé gengið á undan.

Ég hefi nú í þessu efni tilhneigingu til að fylgja þeirri skoðun, sem hv. 2. þm. Árn. lét í ljós áðan, að það megi bíða að taka ákvörðun um kjördæmaskipunina sjálfa, og að þá sé réttara að taka heldur tímann til næsta þings til að íhuga hana og kosningatilhögunina að öðru leyti, þó þessum atriðum sé slegið föstum nú. Hinsvegar hefði ég náttúrlega ekkert út á það að setja, ef það gæti tekizt á þessu

þingi, að reynt væri að ná samkomulagi um kjördæmaskipunina á þeim grundvelli, sem lagður er í 1. gr. þessa frv. Það væri auðvitað gott, en ég tel það ekki nauðsynlegt, og allra sízt tel ég forsvaranlegt að láta samþykkt stjskr. farast fyrir nú á þessu þingi fyrir þá sök, að menn eru ekki búnir að koma sér saman um, hvernig kjördæmaskipunin og kosningatilhögunin eigi að vera.

Þá viðurkenndi hv. þm., að það væri ekki hentugt að binda kjördæmaskipunina í sjálfri stjskr. Það er einmitt vegna þessa, sem ég er óánægður með varatill. hans, að með henni vill hann setja bundna kjördæmaskipun inn í stjskr. Aftur gildir þetta ekki um aðaltill. hans, sem gerir ráð fyrir, að landið sé eitt kjördæmi, því það er ekki óeðlilegt að ákveða slíkt í stjskr., ef að því yrði horfið, enda er það í samræmi við það, sem annarsstaðar hefir verið gert, í þeim löndum, sem hafa sett tölu kjördæma í stjórnarlög sín. Ég hefði heldur ekki haft á móti varatill. hans, um 6 kjördæmi, ef mér hefði þótt líkur til, að hún mundi fremur ná samþykki þingsins en till. okkar sjálfstæðismanna, og ef ekki hefði verið lengra gengið í henni en það, að ákveða tölu kjördæmanna. En ég get ekki séð, að það sé réttmætt að ákveða í sjálfri stjskr. t. d. það, hvort Norður-Þingeyjarsýsla skuli heyra til Norðurlandskjördæmi eða Austurlandskjördæmi, ef það svo kynnu að vera uppi ákveðnar óskir um það í sýslunni, hvoru kjördæminu hún ætti að tilheyra. Ég álít því, að það eigi ekki í stjskr. að ákveða takmörk kjördæmanna. Og ég get bent á, að það eina dæmi, sem við höfum um það í Norðurálfu, að þetta sé gert, sem sé í stjórnarlögum Noregs, er fremur til aðvörunar en eftirbreytni.

Um brtt. hv. þm. að öðru leyti er það að segja, að hann sagði, að það, sem hefði gefið sér tilefni til að bera fram þessar brtt., hefði verið það, að við sjálfstæðismenn bárum fram okkar brtt. Það sýnist þó ekki hefði þurft að vera, því þetta eru þær till., sem hann lagði fram í kjördæmanefndinni. Það sýnist því ekki, að hann hefði þurft að fá neitt utanaðkomandi tilefni til að bera þær fram, því það er mjög eðlilegt, að hann vildi láta þær sjást hér á þinglegan hátt og koma fram með sínar óskir og síns flokks í þessu máli.

Ég vil annars láta ánægju mína í ljós yfir því, sem mér kom þó ekki á óvart, að hv. þm. bæði í aðal- og varatill. tekur upp réttlætiskröfuna í 1. gr. frv. óbreytta.

Ég hefi gert grein fyrir því áður, af hverju ég vil ekki hafa allt landið eitt kjördæmi, og skal því ekki gera það nú. En þó vil ég aðeins segja það, að það væri náttúrlega hægt að finna kosningatilhögun, sem væri miklu lakari en landið eitt kjördæmi. Og ef ég ætti að velja um núv. kosningatilhögun óbreytta og landið eitt kjördæmi, og ekki væri kostur á að velja um fleira, þá mundi ég heldur fyrir mitt leyti velja landið eitt kjördæmi, því þar með er þó fullnægt þeirri réttlætiskröfu, sem er óbifanlega fastur grundvöllur og höfuðatriðið í þessu máli.

Varatill. hv. þm., skiptingu landsins í 6 kjördæmi, hafa sjálfstæðismenn áður látið í ljós, að þeir gætu fallizt á, ef það væri líklegra til samkomulags, en ég mun þó ekki sjá mér fært að greiða atkv. með henni, þar sem kjördæmunum er þar ætlað að vera fastákveðnum í stjskr. Þar við bætist svo það, að það gæti verið varhugavert að samþ. hana, því hún er miklu ólíklegri til samkomulags á þessu þingi heldur en þó þær till., sem við sjálfstæðismenn berum fram.

Þá hefir hv. þm. borið fram brtt. við 4. gr., og felur hún það í sér að fella burt ákvæðið um 5 ára heimilisfestu í landinu sem skilyrði fyrir kosningarrétti. Ég álít nú, að það sé ekkert aðalatriði, að maður hafi verið búsettur í landinu síðustu 5 árin áður kosning fer fram. Mér er ekkert annt um að halda þessu búsetuskilyrði, þó að það sé óskylt mál. En þar fyrir get ég ekki fallizt á þessa brtt. hv. þm., af því að hún fellir alveg í burt skilyrðið um það, að kjósendur þurfi að vera búsettir í landinu. Ég veit að sönnu, að sum ríki veita ríkisborgurum sínum, búsettum erlendis, kosningarrétt. Og þetta, að þeir íslenzkir ríkisborgarar, sem búsettir eru erlendis, hafi kosningarrétt, getur vel samrýmzt við það, að landið sé eitt kjördæmi. Og því, að veita íslenzkum ríkisborgurum erlendis þennan rétt, sé ég

út af fyrir sig ekkert á móti. En ég sé ekki, að búsetuskilyrðið innan kjördæmis megi falla burt, svo framarlega sem maður hugsar sér einhverskonar skipting landsins í kjördæmi, því það yrði ómögulegt í framkvæmdinni. Ég veit ekki, hvort hv. þm. hefir athugað þetta, eða hvort hann hefir gert það í ógáti að fella þetta niður. Í stjskr. flestra landa er kosningarréttur ríkisborgaranna, að undanskildum náttúrlega þeim mönnum, sem erlendis hafa á hendi störf fyrir ríkið, bundinn við búsetu í landinu. Að öðru leyti mun ég ekki greina frá nú, hvað liði afstöðu minni til 5 ára búsetuskilyrðisins, ef vænta mætti, að það mál lægi fyrir til afgreiðslu.

Ég skal ekki fara mikið úr í ræðu hv. 2. þm. Árn. Hún var mikið glens og gaman að hlusta á hana og var öll þess eðlis, að hún bætti ekki upp brtt. þá, sem þessi hv. þm. flytur. Það heyrðist þó á ræðu hv. þm., að hann ætlast til, að Reykjavík nálgist það að verða sérstakt ríki. Hann talaði um, að Reykvíkingar ættu ekki samleið með öðrum landsmönnum í þessu máli, og skýrði till. sína svo, að Reykjavík ætti að vera nokkurskonar ríki í ríkinu. Ég skal ekkert fara út í það lengra, en aðeins segja það, að ef komið er í svo mikið öngþveiti með þetta mál, að samkomulagið á að stranda á því einu, að meiri hl. þingsins vill ekki unna Reykvíkingum þess að hafa jafnrétti við aðra landsmenn, þá mundi Reykvíkingum varla ógeðfellt að hugsa til þess að leysa landfestar og að hvorir sigldu sinn sjó — að Reykjavík réði sínum málum og aðrir sínum. En sú skýring, sem hv. þm. gaf á till., var nánast sú, að hann með henni hefði hugsað sér að stíga spor í áttina til þessa, svo ég, eins og hv. 3. landsk., viðhafi orð, sem ég hefi heyrt annarsstaðar.

Till. fer annars fram á það, að „á Alþingi eigi sæti allt að 45 þjóðkjörnir fulltrúar. Alþingi skal svo skipað, að utan Reykjavíkur hafi hver þingflokkur þingsæti í samræmi við atkvæðatölu þá, sem greidd er frambjóðendum flokksins samtals við almennar kosningar". Nú er það vitanlegt, að það er hlutfallslegt jafnrétti í kjördæmunum utan Reykjavíkur, sem aðallega stendur fyrir samkomulagi. Hitt er vitað, að í Reykjavík er hlutfallskosning, og heldur áfram að vera, og hún kemur því aðeins þessu máli við að því leyti, sem það snertir bæinn sjálfan.

Hv. þm. hefir nú höggið burt af till. þann agnúa, sem valdið hefir mestum ágreiningi. Hann hefir sem sé gengið inn á kröfuna um fullnægingu réttlætisins utan Reykjavíkur með því að vilja jafna hlutfallið milli hinna pólitísku flokka.

Þegar þetta er nú fengið viðurkennt, þá sýnist fremur stutt spor orðið milli hv. þm. og okkar í þessu máli. Annars sagði hann, að það væri aftur á móti ekkert æskilegt, að Reykjavík hefði þingmannatölu í samræmi við atkvæðafjölda, og er það vitanlega einkennilegt ósamræmi.

Hv. 3. landsk. lýsti yfir vonbrigðum sínum yfir því, að mþn. í kjördæmamálinu skyldi ekki ná til samkomulags um málið. Ég skil það vel, að hann hafi orðið fyrir vonbrigðum í þessu efni, því ég veit, að það eru margir, sem líta svo á, að ekki hafi verið nægilegar ástæður fyrir því, að samkomulag skyldi ekki nást, þegar hv. fulltrúi Alþýðufl. hafði teygt sig svo langt til samkomulags við okkur að fallast á till., sem í öllum aðalatriðum rúmuðu stefnu Framsóknarfl., með því tekið var tillit til bókstaflega allra þeirra óska, er þeir höfðu látið í ljós í málinu. Kjördæmin fengu að hafa sína fulltrúa eins og verið hafði, auk annara atriða, er þeir höfðu lagt áherzlu á. En það stóð á þeim sjálfum, framsóknarmönnunum, að fallast á þessar till., og ég get vel skilið það, að margir hafi orðið fyrir vonbrigðum út af þeirri afstöðu þeirra, því það virðist sem sjálfgefið, að þeir hefðu átt að fallast á þessar till.

En hitt ætti engum að valda vonbrigðum, eftir það, sem á undan er gengið, þó að frv. þetta sé flutt hér nú og sótt af nokkru kappi, enda viðurkenndi hv. þm. það, að fyrirkomulagið á kjördæmaskipun og kosningatilhögun væri nú ekki orðið viðunandi.

Hv. 3. landsk. kom nokkuð inn á að ræða um hina erfiðu tíma fyrir þjóðina, sem nú væru yfirstandandi. Taldi hann þess vegna, að rétt mundi að láta þetta mál bíða að þessu sinni, en að allir flokkar þingsins ættu að skipa sér í eina sterka fylking og vinna saman að viðreisn þjóðarinnar. Til þessa er því að

svara, að það var lokað fyrir möguleika um alla samninga um frestun þessara mála með þingrofinu 14. apríl í fyrra. Þeir menn, sem leyfðu sér að nota slíkt vopn til þess að loka fyrir hóflegar breytingar á stjskr., geta ekki ári síðar komið til okkar og sagt, að við megum til að fresta þessu máli fyrir þeirra orð.

Hvað hina almennu erfiðleika snertir, þá skal ég hinsvegar viðurkenna, að þeir eru ákaflega miklir og þjóðin öll er í miklum vanda stödd. En ég held, að einmitt þess vegna sé nú ekki annað ráð en að segja: Komum allir í fylkingu sem jafnréttháir borgarar til baráttu fyrir viðreisn okkar á þessum erfiðu og alvarlegu tímum.

Ég get ekki séð, að þeir, sem vilja halda rétti fyrir öðrum, geti krafið þá til ábyrgðar og þátttöku í lausn vandamálanna. Ég held einmitt, að tímarnir séu þannig, að við getum tekið undir með enska flotaforingjanum um það, að við séum allir skyldir sem einn maður, sem ein þjóð að mæta erfiðleikunum. En ef allir eiga að taka á sig jafna skyldu, þá verða allir líka að hafa jafnan rétt. Við förum ekki fram á annað en að allir fái jafnan rétt, en þá mælumst við heldur ekki undan skyldunum. Ef réttlætiskrafan er einstrengingsleg, þá er krafan um skylduna einnig einstrengingsleg, en hvorug krafan er það, heldur eru þær báðar sjálfsagðar.

Í okkar frv. er ekki nein krafa um það, að Reykjavík skuli hafa þingmannatölu í hlutfalli við atkvæðafjölda, heldur að atkvæði Reykvíkinga komi til greina þegar farið er að jafna þingmannatöluna milli hinna einstöku stjórnmálaflokka í landinu. Þá fái atkvæði Reykvíkinga að gilda jafnt og atkvæði annara borgara þjóðfélagsins. Ég skal gera grein fyrir ástæðunum fyrir því, að ég álít það svo nauðsynlegt að gera atkvæðin jafngild, hvar á landinu sem eru. Ég álít, að með því sé slegið niður þeim tilraunum til að ala á úlfúð milli Reykjavíkur og sveitanna, sem sífellt eru á ferðinni. Ég álít, að sú vitneskja, að atkvæðin í Reykjavík séu jafnþung á metunum og atkvæði annarsstaðar á landinu, kenni stjórnmálamönnunum að hætta að ala á úlfúðinni á milli þessara aðila.

Hv. 3. landsk. talaði um það, að margir þm. væru búsettir í Reykjavík og að það mætti skoða þessa menn að nokkru leyti sem fulltrúa Reykjavíkur. Það getur vel verið, að búseta hafi ef til vill eitthvað að segja í þessu efni, en þó hindrar hún það engan veginn, að þessir sömu hv. þm. kunni að ferðast um landið og flytja róg og níð um Reykjavík og Reykvíkinga. Ég vil í því sambandi minna á tvo þm., tvo hæstv. ráðh., sem geistust um landið fyrir síðustu kosningar. Hæstv. dómsmrh. lýsti Reykvíkingum á fundum, sem ég var á með honum, sem skítugum og fullum og æpandi skríl. Og þessi lýsing var flutt fyrir þeim áheyrendum, er margir eða flestir höfðu aldrei komið til Reykjavíkur og höfðu því litla eða enga ástæðu til þess að dæma um, hvort þetta var rétt eða ekki. Annar ráðh. talaði mikið um kynsjúkdóma í sambandi við rétt Reykvíkinga í kjördæmamálinu. Ég veit ekki, hvernig hann fór að því að samræma þetta, en eitthvert samband fann hann þó hér á milli.

Ef nú það skipulag kæmist á kosningarréttinn, sem við sjálfstæðismenn leggjum til, að hann verði alstaðar jafn, þá hættir slíkur rógur sem þessi alveg af sjálfu sér. Aftur á móti getur flokkurinn séð sér stóran hag í því að vinna sér með þessum vopnum þó ekki sé nema 10 atkv. í fámennu kjördæmi, þó hann fyrir það tapi 50 atkv. í Reykjavík. Ég álít, að þegar atkvæðin í Reykjavík eru orðin jafnrétthá og annarsstaðar á landinu, þá verði hægt að vinna bug á þessari stefnu. En ef það tekst ekki nú að fá réttlætið viðurkennt, þá mun það fara svo, að sambúðin verður óþolandi, og þá getur farið svo, að réttara verði fyrir þessa tvo aðila að skilja heldur en að lifa í kveljandi sambúð. En ég geri ekki ráð fyrir, að svo fari. Ég veit nú, að þegar hv. framsóknarmenn athuga betur rök þessa máls, þá sjá þeir, að ekki dugir að stefna þessu máli í slíkan voða. Um tölu þm. fyrir Reykjavík lítur ekki út fyrir, að verði neinn ágreiningur, þó að við leggjum til, að þeir verði 4, en framsóknarmenn 8. Ég vil svo þakka hv. 3. landsk. fyrir þann stuðning, er hann veitti frv. við 2. umr., og vona, að hann gangi ekki á móti því nú. Ég álít, að hvað sem þessu frv. viðar

áfram, þá sé það spor í áttina til vinnings fyrir góðan og réttlátan málstað.

Umr. frestað.

Á 51. fundi í Ed., 14. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 37, 372, 379, 387, 403, 407).

Frsm. meiri hl. af hálfu Alþfl. (Jón Baldvinsson): Í dag er 14. apríl. Það er ársafmæli þingrofsins, er stjórn Framsóknarfl. framkvæmdi. Það gæti því átt vel við að rifja hér ofurlítið upp það, sem gerzt hefir síðan, og má vera, að ég víki nokkuð að því síðar í ræðu minni. En ég sleppi því nú um stund, vegna þess að hæstv. forsrh., sem helzt mundi þar verða til andsvara, er bundinn við umr. í Nd. nú um hríð.

Ég sný mér því að umr. þeim, er fram fóru hér í gær, og andmælum þeim, er till. mínar sættu þá.

Hv. 1. landsk. sagði, að takmörkunin á þingmannafjöldanum gæti staðizt í sambandi við ákvæði 1. mgr. 1. gr. um það, að flokkarnir hefðu þingfylgi í samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar. Ég er honum ekki sammála um þetta. Ég hygg, að þetta fái ekki staðizt, nema því aðeins, að í kosningalögum verði ákveðið, að ekki yrði ávallt sá kosinn, er flest atkv. fær. Með því móti fær þetta að vísu staðizt. En slíkt ákvæði er ekki fyrir hendi í kosningalögum nú, heldur aðeins till. frá einum þingflokki, till., sem ekki er vitanlegt, að samkomulag hafi náðst um við hina flokkana. Þegar þetta stjórnarskrárfrv. verður samþ., verður að líta á þetta mál eins og það liggur fyrir, en ekki eins og það gæti ef til vill síðar orðið. Því verður að skoða þessa brtt. alveg út af fyrir sig, og þá verður hún takmörkun á fyrri mgr., um að hver þingflokkur hafi atkvæðamagn á þingi í samræmi við fylgi sitt hjá þjóðinni.

Hv. 1. landsk. hafði þau ummæli eftir mér, að mönnum mundi þykja óviðkunnanlegt, að frambjóðandi, sem fengi meiri hl. atkvæða í héraði, næði ekki kosningu. Taldi hann, að slíkt gæti ekki komið fyrir. Ég get nú gert hv. 1. landsk. það til geðs að orða það svo: sá, sem fær meiri hl. o. s. frv. Um það er alveg sama að segja. Ég trúi því ekki, að menn fallist á að samþ. slíkt ákvæði í kosningalögum, að sá verði ekki kosinn í kjördæmi, sem flest atkv. fær. Kjósendur í hinum einstöku kjördæmum mundu rísa upp gegn slíkri ráðstöfun og heimta sinn mann inn á þing. Ég held því, að það sé sama, á hvorn hattinn þetta er orðað. Þetta brýtur í bág við það, sem menn almennt hugsa sér í þessum efnum. Ef ég þekki rétt til, þá mundi miklu ryki þyrlað upp um þetta ákvæði og því lýst mjög átakanlega, hvernig meiri hl. kjósenda yrði sviptur þingmanni kjördæmisins. Ég er því hræddur um, að slíkt ákvæði mundi aldrei ná samþykki. Og nú er sem sagt ekki út frá öðru að ganga en ákvæðum þessa frv., og þá mundu þau stangast, ef brtt. verður samþ.

Í grg. fyrir till. mínum get ég þess, að þær séu fram bornar að gefnu tilefni. Tilefnið er þessi brtt. hv. 1. og 4. landsk. Ég tel að vísu ekki heppilegt að ákveða kjördæmaskipunina í stjskr., en ég tel það samt betra en hafa í henni ákvæði, sem stangast innbyrðis.

Mér finnst því minni ástæða fyrir hv. sjálfstæðismenn að takmarka þannig tölu þingmanna, þar sem þeir hafa gert útreikninga um kosningaúrslit samkv. till. sínum, sem eindregið benda í þá átt, að þingmannatalan komist í hæsta lagi upp í 45. Þetta er rík ástæða til að láta frv. haldast eins og það er, en spilla því ekki með slíkum brtt., sem þeir nú bera fram. Það er að taka of mikið tillit til gagnrýni „Tímans". „Tíminn" taldi þingmenn geta komizt upp í 246, að mig minnir. En ef út í slíkt væri nánar farið, þá eru í raun og veru engin önnur takmörk fyrir fjölda þingmanna en tala kjósenda. Það má setja dæmið svo upp. Í einhverju kjördæmi bjóða 2 menn sig fram; annar fær ekkert atkv., hinn eitt. Þá yrði hlutfallstalan 1 og þm. jafnmargir og kjósendur á landinu, eða 40—50 þús.!! Ég segi þetta ekki til að gagnrýna till. sjálfstæðismanna. Þetta er vitanlega fjarstæða. En þetta dæmi má engu síður setja upp en dæmi það, sem „Tíminn" tók.

Mér þykir það varhugavert að samþ. stjórnarskrána á þessu þingi án þess um leið að fá samkomulag um kjördæmamálið. Þar greinir okkur hv. 1. landsk.

á. Þessi tvö mál hanga saman og þurfa að leysast jöfnum höndum. En þó stjskr. verði samþ. nú í fyrra sinn, án þess að kjördæmamálið sé leyst, þá erum við í raun og veru engu nær. Það má vel hugsa sér, að Framsókn reyni að leika á stjórnarandstæðinga með því að samþ. nú stjskr. og láta kjördæmamálið bíða, og fella svo allt saman á næsta þingi. Framsókn þarf ekki að hafa nema 20 þingsæti til að hafa stöðvunarvald á þingi, og það er ekki ólíklegt, að hún nái því, þótt hún hljóti óhjákvæmilega að tapa nokkru. Þetta tel ég varhugavert, og það er eins gott að segja það opinberlega. Þetta verður að hafa í huga, að þótt stjórnarskrármálið sé leyst nú, en án þess að kjördæmaskipunarmálið sé jafnframt leyst, þá erum við litlu nær, — sízt af öllu, ef Framsókn nú fyrir að samþ. stjskr. fær allt það góðgæti, er Sjálfstæðisfl. hefir í búð sinni, fjárlögin, tollana og allt það. (**JónÞ**: Við látum ekkert upp á krít). Mér hefir skilizt, að hv. 1. landsk. ætlaði að skrifa þetta í eitt ár hjá stj., en það þykir mér ekki hyggileg verzlunaraðferð.

Hv. 1. landsk. sagðist hafa flutt þessa brtt. til samkomulags í málinu. Það gæti náttúrlega réttlætt brtt., ef samkomulag þá næðist um málið. En er samkomulag frekar væntanlegt, þó hún verði samþ.? Er von um, að málið leysist fyrir það? Nú hefir það annað veifið heyrzt frá hv. sjálfstæðismönnum, að lausnar væri ekki frekar að vænta þrátt fyrir þetta. En þá sé ég ekki, hvað við þetta er unnið.

Hv. 1. landsk. taldi sig eiginlega andvígan till. minni um, að landið væri gert að einu kjördæmi. Þetta sagði hann að vísu ekki beint, en mér fannst það þó liggja í orðum hans. En hann játaði þó, að ef um núv. fyrirkomulag eða að landið allt væri eitt kjördæmi væri að velja, þá vildi hann þó síðari kostinn heldur. Ég held, að hann hafi orðað þetta svo, að hann mundi þá taka þann kost að samþ., að landið væri eitt kjördæmi. (**JónÞ**: Já, ég sagði, að ég mundi gera það, ef ekki væri annars kostur). Já, hv. þm. bætir þessu við nú. En um þetta átti nú hv. þm. einmitt að velja á þinginu 1927. Þá bar hv. núv. 3. þm. Reykv. fram frv. um stjskrbreyt., þar sem ákveðið var, að landið væri eitt kjördæmi. Hv. 1. landsk. var þá forsrh., og þótt ég hafi ekki athugað það nýlega, þá held ég, að mér sé óhætt að fullyrða, að hann hafi þá ekki lagt því máli liðsyrði. Þá var þó aðstaðan sú, að íhaldsmenn og jafnaðarmenn hefðu sameinaðir getað komið fram hverju sem þeir vildu, og þá einnig þessu. Ég held því þess vegna fram, að hv. 1. landsk. hafi þá átt kost á því að koma fram réttlátri skipun um kosningar til Alþingis, en ekki tekið undir það þá. Ég skil þetta nú raunar. Það hafa víst fleiri en hv. 1. landsk. skipt um skoðun í þessu máli eftir kosningarnar 1931. Ég er ekkert að ásaka hann fyrir það.

Hv. 1. landsk. hafði líka á móti því að samþ. varatill. mína, og telur það vera af því, að hún er með héraðatakmörkun. Hann vill víst ekki láta telja upp, hvaða héruð skuli vera í hverju kjördæmi, og setja það í sjálfa stjskr. En þá er ekki annað fyrir hann en að koma með brtt. við þetta, ef hann vill heldur aðra skipun á þessu. Það er engin stórbreyt. En ég játa þó, að tryggara sé að telja upp kjördæmin í sjálfri stjskr. Sé það einungis ákveðið í lögum, má svo með það fara, að það komi ekki að tilætluðu gagni.

Mér skilst því, að hv. 1. landsk. vilji ekki fallast á brtt. mínar. Kemur mér það þó undarlega fyrir, því hvað varatill. snertir, þá hefir verið yfir lýst í kjördæman. af hálfu þeirra sjálfstæðismanna, er þar áttu sæti, að þeir gætu til samkomulags fallizt á varatill. mína. Þó hv. þm. þykist ekki geta samþ. aðaltill., þá er, eins og ég hefi lýst, öðru máli að gegna með varatill. mína. Þetta var svipað og um mig. Þótt ég væri ekki ánægður með þeirra till., þá ætlaði ég samt, til samkomulags, að fylgja henni.

Þá fann hv. 1. landsk. það að till. minni, að niður væri fellt ákvæðið um 5 ára búsetu hér á landi sem skilyrði fyrir því að öðlast kosningarrétt. Hann fann það að, að þá væru engin ákvæði í stjskr., sem tryggðu það, að þeir, sem væru búsettir erlendis, gætu notað kosningarrétt sinn hér. En ég held, að engin ástæða sé fyrir hv. 1. landsk. að bera kvíðboga fyrir því, að íslenzkir ríkisborgarar, sem staddir eru erlendis, geti ekki kosið. Þeir gætu hæglega komið atkv. sínu heim. Að-

eins yrðu þeir að sjá um, að nafn þeirra stæði einhversstaðar á kjörskrá, eða þar sem þeir ættu heimili hér. Þeim yrðu því engin vandræði í því að skila atkv. sínu. Og ég sé enga ástæðu til þess að svipta menn kosningarrétti, þótt þeir dvelji erlendis, ef þeir hugsa fyrir því að tryggja kosningarrétt sinn hér heima með því að sjá svo um, að nöfn þeirra standi á kjörskrá. Þessi mótbára hv. 1. landsk. hefir því ekki við nein skynsamleg rök að styðjast.

Mér hefir því fundizt hv. 1. landsk. hafa tekið þessari till. minni verr en ég hafði búizt við. Ég reiknaði með því, að hann mundi veita henni fylgi. Rök hans eru heldur ekki svo mikilvæg, að ástæða sé þess vegna að fella hana.

Ég vil þá víkja nokkuð að þeirri brtt. minni við stjskr., að landið sé gert að einu kjördæmi. Fyrir því eru að vísu færð rök í áliti því, sem fylgir brtt. mínum. En til viðbótar því skal ég geta þess, að þetta mál hefir oft verið rætt hér áður, og það fyrir löngu síðan. Hugmyndin er því ekki ný. Í fyrirlestri, sem Páll heit. Briem amtmaður hélt á Akureyri um aldamótin síðustu, stakk hann upp á því, að landið væri allt gert að einu kjördæmi. Hann taldi, að það mundi verða bezta ráðið til þess að útiloka hreppapólitík og að með þeirri tilhögun mundi fást mest réttlæti gagnvart þeim skoðunum og flokkum, sem uppi væru á hverjum tíma. Hann finnur margt að núv. tilhögun, sem nú er búið að laga og því ekki ástæða til að tala frekar um. En þó er það margt í þessum fyrirlestri, sem enn á við. Honum þykir kjósendum ekki vera gert fært að notfæra sér kosningarrétt sinn svo að atkv. á þingi verði í hæfilegu hlutfalli við vilja og skoðanir kjósendanna. Þetta er hið sama og enn á sér stað og að hefir verið fundið. Hann stingur upp á mörgu, sem hann telur, að gæti orðið til lagfæringar. Hann talar um, að kjósendur greiði atkv. með flokkum, þannig að flokknum komi atkv. til góða, þótt frambjóðandi hans hafi fallið í kjördæmi, og að kosnir séu varamenn o. s. frv. Allt styður þetta till. okkar jafnaðarmanna um að landið sé eitt kjördæmi. Það er skemmtilegt að athuga klausu úr fyrirlestrinum, sem að þessu lýtur, og vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa hana upp. Hún hljóðar svo:

„Það er nærri því eins og það sé óþekkt í kosningalögunum, að til sé neitt, sem heitir föðurland. Þegar kjósandinn á að fara að neyta kosningarréttar síns, þá finnur hann það ekki, því það er allt brytjað sundur í smástykki, sem kölluð eru kjördæmi. En þó að ég búi í einu kjördæmi, þá er það eigi framar föðurland en stólfóturinn er stóll.

Kjördæmaskiptingin kemur beinlínis í bága við föðurlandið. Föðurland mitt er Ísland, en hvorki þessi hreppur eða þetta hérað, sem ég er búsettur í. Af ást til föðurlandsins get ég verið hjartanlega andstæður öllum hreppapólitíkusum, og þó er það hreppapólitíkin, sem er löghelguð með kosningalögunum. Hreppapólitíkin hefir aldrei haft gott orð á sér, enda má með sanni segja, að hún geti verið hættuleg fyrir föðurlandið. Sérstaklega hefir hún reynzt háskaleg fyrir alla skynsamlega fjárhagsstjórn í löndunum. Hin stórkostlega óstjórn í fjármálum, sem nú þjakar menn í mörgum löndum, á að ýmsu leyti rót sína að rekja til hreppapólitíkurinnar. Og hvers er annars að vænta? Hvert kjördæmið vill skara eld að sinni köku, en þegar hvert fyrir sig vill fá sína sneið af landssjóðnum, þá geta menn gert sér í hugarlund, hvort æfinlega verður litið á hag landsins í heild sinni".

Þetta finnast mér sterk rök fyrir þeirri till. minni, að landið sé gert að einu kjördæmi, og eins fyrir varatill.

Á þessu tímabili var mikið rætt um kjördæmaskipunarmálið. Þorsteinn Gíslason ritstjóri stakk upp á því í Bjarka 1901, að hver fjórðungur landsins væri gerður að einu kjördæmi. Margir fundu til þess þá, að kjördæmaskipunin væri orðin úrelt og ranglát, og rituðu um það. Afleiðingin af þessari hreyfingu mun svo hafa verið sú, að Hannes Hafstein flutti frv. á þingunum 1905 og 1907, sem þó gengu ekki fram á þeim þingum. En sennilegt er þó, að það hefði gengið fram síðar, ef ekki hefði komið nýtt deilumál til sögunnar, en það var uppkastið 1908, sem truflaði alla innanlandspólitík þá um stund.

Ég býst ekki við, að öllu meira þýði

um þetta að tala. Atkvgr. um þetta mun þegar vera ráðin, og í bili verður sjálfsagt engu um þokað í þá átt að gera landið að einu kjördæmi.

Ég vil þá víkja örlítið að tveimur öðrum ræðumönnum, þeim hv. 2. þm. Árn. og hv. 3. landsk. Ræða hv. 2. þm. Árn. gekk að talsverðu leyti út á að sýna fram á skaðsemi þess, ef Reykjavík væri gefið meira áhrifavald á þingið en hún hefir nú. Sýnir hann líka þessa skoðun í till. sínum, þar sem öll héruð landsins eiga að njóta fullrar sanngirni — nema Reykjavík. Í þessu kemur það greinilega fram, að hv. þm. elskar ekki Reykjavík. Hann talaði talsvert um það, hve landi og þjóð væri beinn háski búinn, ef auðvald Reykjavíkur fengi jafnan rétt við önnur héruð landsins. Hann áleit, að þeir mundu þá verða alls ráðandi á Alþ. En hv. þm. gleymdi því, að þar er líka til verkafólk, og að með því að þrengja kosti Reykjavíkur er líka verið að svipta það rétti til að hafa áhrif á gang málanna á Alþingi. Sem embættismaður mun hv. 2. þm. Árn. ekki vilja halla á hlut verkamannanna. Hann ætti því líka sem þm. að fylgja þeirri stefnu, og þá einnig gagnvart verkamönnum Reykjavíkur.

Annars er það um till. hv. 2. þm. Árn. að segja, að að öðru leyti en því, sem við kemur Reykjavík, er hún aðgengileg. Þarf því litlu í henni að breyta, svo að hún geti talizt fullkomlega aðgengileg og að í henni felist fullt réttlæti.

Hv. 3. landsk. flutti hjartnæma ræðu til okkar, sem réttlæti viljum í kjördæmamálinu. Hann sagði, að sér hefðu verið það vonbrigði, að ekkert samkomulag varð í kjördæmanefndinni. Þetta hefði nú átt betur við, að hv. þm. hefði sagt annarsstaðar. Mér voru það satt að segja líka vonbrigði, að ekki náðist samkomulag. Ég hélt, að þegar hæstv. forsrh. gekk sjálfur í n., þá þýddi það, að hann vildi samkomulag. En þetta reyndist nú ekki svo, og því ætti hv. 3. landsk. að beina skeytum sínum til hæstv. forsrh. og til síns flokks, sem staðið hefir í vegi fyrir því, að samkomulag hafi náðst. Það er því hv. þm. sjálfur og flokkur hans, sem hefir valdið þessum vonbrigðum. En út af þessu vil ég spyrja: Var n. skipuð til þess að ná samkomulagi, eða var hún aðeins skipuð til að tefja málið? — Ég vil nú vona, að með skipun n. hafi það vakað fyrir, að samkomulag næðist. En það tókst nú ekki, einmitt vegna þess, hve flokkur hv. þm. var ósanngjarn og vildi ekkert samkomulag, sem hægt var að ganga að.

Þá var hv. þm. að kvarta um það, að þetta mál væri sótt af miklu kappi, og þóttist ekki hafa átt von á því. Hann vitnaði í þá erfiðleika vegna fjárhagsástandsins, sem við kunnum orðið á fingrum okkar og daglega kemur fram í ræðum hér á Alþ. En hv. þm., sem er hverjum manni kappsamari, þegar um hans áhugamál er að ræða, ætti að skilja, að fleiri vilja keppa að því að koma fram sínum áhugamálum en hann einn. Ég get í þessu efni tekið undir það, sem hv. 1. landsk. sagði í ræðu sinni í gær, rétt áður en fundi var slitið. Ég vil benda hv. 3. landsk. á, að nú er ársafmæli þingrofsins. Ef rifjað er upp það, sem þá gerðist, og það, sem síðar hefir gerzt í því máli, þá hlýtur hv. þm. að verða skiljanlegt, af hverju þetta mál er sótt svo mjög af kappi. Þá var þingið rofið og sent heim tilefnislaust og í fullu heimildarleysi. Stjórnarskrárbreytingin, sem þá var borin fram, fór miklu skemmra en nú. Þá voru líka miklir fjárhagsörðugleikar og fjöldi stórra mála lá fyrir þinginu hálfkaraðir, stórmerkileg mál, sem hefðu getað bætt úr ástandinu. Svo var t. d. um Sogsmálið, sem við voru bundnar miklar framkvæmdir fyrir meira en heilan landsfjórðung. Mörg önnur stórmál voru hálfköruð. Síðan var gengið til kosninga og það borið út af flokki hv. þm., að tveir flokkar, Sjálfstæðisfl. og Jafnaðarmannafl., hefðu gengið í bandalag til þess að svíkja allan rétt af bændunum. Þetta var túlkað svo, að Reykjavíkurvaldið stæði að baki þessa athæfis. Það ætlaði sér nú að hrifsa öll þau völd frá bændum landsins, sem bændastj. hefði búið þeim í hendur. Vitanlega var ekki fótur fyrir þessu. En það hafði þó sín tilætluðu áhrif. Framsóknarfl. fékk meiri hl. þingsæta upp úr kosningunum, en þó ekki nema minni hl. kjósenda. Þetta er sagt að sé dómur þjóðarinnar, en það er vitanlega ekki nema dómur minni hl. hennar, því dómur meiri hl., eða 65% af kjós-

endum, féll þeim í móti. En í krafti þessa minni hl. ætla þeir nú að neyta aflsmunar og kúga þá, sem eiga meiri hl. kjósenda að baki sér, til hlýðni. En til þess þó að sýna samningahug sinn, þá fundu þeir upp á því að setja mþn. í kjördæmamálið. Ég get nú sagt fyrir mig, að ég hafði í upphafi litla trú á því, að sú n. yrði til að leysa málið. En þegar hæstv. forsrh. sjálfur tók sæti í n., þá hélt ég, að henni væri ætlað að leysa þetta. Ég hélt satt að segja, að hæstv. forsrh. léti ekki þá skömm um sig spyrjast, að hann tæki sæti í n. og gæfist svo upp án þess að ná samkomulagi í n. um að leysa málið á viðunandi hátt. En eins og tekið er fram í nál., þá varð ekkert samkomulag og n. tvístraðist sitt í hverja áttina án þess að nokkur árangur næðist, og nefndarhlutarnir koma svo fram með sína till. hver.

Þetta er þá það, sem hefir gerzt í málinu. En það hefir líka gerzt í því, að Framsóknarfl. hefir nú ekki lengur sömu aðstöðu og í fyrra, um að það sé hann, sem vilji halda fast í þetta þúsund ára gamla skipulag, sem nú er á kjördæmunum, og sett sig upp á móti rétti höfðatölunnar, því hann hefir nú boðið fram svo stórar umbætur síðan í fyrra, og þeir eru búnir að reyna svo á þolinmæði okkar síðan í fyrra, að það er ekki von, að við sættum okkur við lítið nú. En þeir geta aldrei framar gert kjördæmaskipunina að kosningamáli, til að blekkja með landslýðinn. Til þess hafa þeir gert of rífleg boð. Það er hægt að sýna, að þeir hafa boðið fram, að Reykjavík fengi 8 þm. og að þm. yrði fjölgað upp í 45. Þetta dregur úr því, að Framsóknarfl. geti framvegis beitt kjördæmamálinu við kosningar. En ég vil nú ráðleggja Framsóknarfl., þar sem hann er búinn að slá vopnin svo úr hendi sér, að ganga nú inn á það samkomulag, að hver skoðun í landinu fái að eiga fulltrúa á þingi í réttu hlutfalli við styrk sinn, eins og vera ber í lýðfrjálsu ríki. Ég vil taka undir það, sem hv. 1. landsk. sagði gagnvart þeirri áskorun hv. 3. landsk. um að hver maður geri skyldu sína, eins og enski flotaforinginn sagði. Ég vil nú beina því til hv. 3. landsk. og flokksbræðra hans, að þeir geri nú skyldu sína, sem er sú, að veita öllum jafnan rétt til þess að hafa áhrif á skipun Alþingis. Það eitt er rétt í þessu máli.

Meðan hann fylgir flokki, sem hefir 36% kjósenda og meiri hl. á þingi, og heimtar þá flokka til samvinnu, sem hafa 64% kjósenda og minni hl. á þingi, þá má hann ekki sitja á þessum rétti.

Það er satt, Framsóknarfl. vann stóran sigur við síðustu kosningar, en svo þegar þeir koma til þings í stórum fylkingum og hafa mikinn meiri hl. þingmanna, þá kom það í ljós, að það var vottur ranglætis í skipun Ed., sem stöðvaði framsóknarmenn í þessari sigurför þeirra. Það er út af þessu, að hv. 3. landsk. er nú að fara bónorðsför til hinna flokkanna til að biðja þá að starfa í sameiningu með Framsóknarfl. að velferðarmálum þjóðarinnar, þ. e. öllum öðrum en stærsta réttlætis- og velferðarmálinu.

Það var í gömlum lögum — eitt óréttlætið af mörgu — að skipta kjósendum í tvo flokka, hærri og lægri kjósendur. Hærri kjósendur voru þeir, sem báru hærri opinber gjöld, og höfðu þeir margfaldan kosningarrétt á við þá fátæku, sem lítil eða engin opinber gjöld greiddu. Því fleiri krónur sem menn greiddu í sveitarsjóð, því fleiri atkv. fengu þeir að greiða. Þetta var vitanlega herfilegt ranglæti, því að það, sem átti að ráða, var vitanlega fólkið sjálft, en ekki hitt, hvort menn greiddu 39 eða 40 kr. í útsvar. Nú er talið svo, að þessir hærri og lægri gjaldendur séu horfnir úr sögunni, en samt er það svo, að í sjálfri stjskr. og kosningalögunum eru enn ákvæði um hærri og lægri kjósendur, en það er bara orðið öfugt við það, sem áður var, því að verkalýðurinn, sem verður að bera mikinn hluta skattanna, hefir nú minni rétt en ýmsir þeirra, sem greiða miklu minna í ríkissjóð.

Meiri hl. af tekjum ríkissjóðs er greiddur með óbeinum sköttum, en það eru þeir skattar, sem alþýðan greiðir að mestu leyti. En verkalýðurinn er dreifður víðsvegar og hefir því ekki getað haft mikil áhrif tiltölulega á skipun þingsins, þó að hann borgi meiri skatta en bændur í flestöllum kjördæmum. Þannig eru þessir hærri og lægri kjósendur til enn, en aðeins öfugt við það, sem áður var.

Verkalýðurinn greiðir mesta skatta, en hefir minnstan rétt, og hv. 3. landsk. hefir gert sitt til að takmarka þann rétt. Ef ætti að taka þetta staðarlega um hærri og lægri kjósendur, þá má taka Reykjavík. Reykvíkingar leggja langmest til ríkisþarfa, en þó ráða þeir minnstu og eru verst settir af öllum kjósendum.

Hv. 3. landsk. sagði, að þetta mál væri sótt hér af miklu kappi. Ég vil í því sambandi minna á það, að hv. 3. landsk. barðist hér eitt sinn af miklu kappi fyrir einu máli, og það miklu ranglætismáli, og hv. 1. landsk. fylgdi honum í því ranglætismáli. Ég á hér við, þegar hv. 3. landsk. barðist fyrir því hér í Ed., að kjördagurinn væri fluttur frá hausti til vors. Þetta var sameiginlegt áhugamál Framsóknar og Íhalds. Málið var borið fram af Magnúsi Guðmundssyni og Þorleifi Jónssyni, og hv. 3. og 1. landsk. börðust fyrir því af miklu kappi hér í Ed., aðallega þó hv. 3. landsk. Þessi færsla kjördagsins þýddi það, að með því var mikill hluti verkamanna og sjómanna sviptur atkvæðisrétti. Þótt það standi í lögum, að þeir geti greitt atkv., þótt þeir séu ekki í sínu eigin kjördæmi, þá er svo erfitt að koma þessu í framkvæmd, að raunverulega er þessi færsla kjördagsins til að svipta mikinn hluta verkalýðsins atkvæðisrétti sínum. Þetta ranglætismál flutti hv. 3. landsk. með slíkur ofurkappi, að hann sinnti því ekkert, þó að reynt væri að koma á samkomulagi, þannig, að bændur fengju að ákveða þann kjördag fyrir sig, sem þeim væri hentugastur, og í öðru lagi fengju verkamenn og sjómenn að ákveða fyrir sig kjördag sér til handa, sem beztur væri fyrir þá. Þetta vildi hv. 3. landsk. ekki heyra nefnt. Og svo er hv. þm., sem flutti þetta ranglætismál af svo miklu kappi, að hann vildi engum sönsum taka eða samkomulagi, að tala um ofurkapp í okkur, sem berjumst fyrir þessu mikla réttlætismáli.

Hv. 3. landsk. getur ekki vænzt þess, að við, sem stöndum að þessu máli, göngum inn á samkomulag við Framsóknarfl. á öðrum grundvelli en þeim, að uppfylltar verði þær réttlætiskröfur, sem hér eru bornar fram. Og það eru möguleikar til að koma þessum kröfum fram. Það eru möguleikar til þess, ef menn hafa nógu mikla staðfestu til að bíða þangað til Framsóknarfl. verður að koma og segja: „Við göngum að þessum kröfum“. Ég vona, að þessi hv. þm., sem hefir talað líklegast af sínum flokksmönnum — það má þá nærri geta, hvernig hinir eru —, sjái sér fært að vinna að því samhliða samþykkt stjskrfrv., sem hann ætlar nú að ljá lið sitt til að verði samþ. hér í dag, að kjördæmaskipunarmálið verði leyst, því að þar til lausn þess er fengin, mun ekki verða friður um þessi mál. Það mál álít ég, að verði að fylgja stjskrfrv. og er þar alveg ósammála hv. 1. landsk. Ég álít engan verulegan vinning að samþ. stjskrfrv., ef kjördæmaskipunarmálið er óleyst.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Það var vel gert af hv. 2. landsk. að minnast á þetta merkilega afmæli, sem er í dag. Ég hafði líka hugsað mér að minnast stuttlega á það. Nú er liðið eitt ár síðan ung og saklaus alþýðustúlka hitti á torgi hér í bænum táldrægan íhaldsmann, sem heillaði hug hennar, og svo komu þau sér saman um það daginn fyrir 14. apríl í fyrra að búa saman um stundarsakir í ást og eindrægni. Svo mun almennt álitið, að íhaldsbiðillinn hafi lagt til flatsængina, sem þau svo tóku sér bólfestu í og hafa síðan notað til sinna þarfa þetta ár, sem síðan er liðið.

Þegar íhaldsbiðillinn hitti þá ungu og ánægjulegu alþýðustúlku, þá hefir hann notað mjög fögur orð. Hann hafði að vísu áður haft aðra skoðun á hlutunum. Hann hafði áður verið á móti því, að niðursetningar fengju kosningarrétt og sömuleiðis andvígur því, að unga fólkið fengi að kjósa, og yfirleitt á móti flestu, sem alþýðustúlkan taldi rétt vera. En um þetta leyti fyrir einu ári síðan lýsti biðillinn því yfir, að hann væri reiðubúinn til að ganga inn á allt, sem blómarósin sjálf áliti rétt og fagurt, m. a. að sveitarlimir gætu fengið kosningarrétt, en það hafði íhaldsmönnum þótt skemmileg tilhugsun áður. Ég ætla ekki að minnast á þetta ár að svo stöddu að því er snertir sambúð þessara tveggja heiðurspersóna, en nú fyrir 3 dögum hefir alþýðustúlkan birt í blaði flokks síns endurminningar frá þessari sambúð, og þar var líkast því,

sem táldregnar manneskjur geta sagt frá. Þar var því lýst með sterkum orðum, hvernig íhaldsmaðurinn hefði hegðað sér, hann hefði aldrei verið góður, heldur fullur ranglætis, pretta og brigðmælgi þennan tíma og hefði raunar verið alveg eins og ungu stúlkuna hafði alltaf órað fyrir, ekki orðið henni til annars en óláns og armæðu. Þetta var frá hendi ungu alþýðustúlkunnar einskonar uppsögn og uppgerð við þennan íhaldsbiðil, sem hún hafði verið vinveitt þetta ár.

Nú skilst mér, ef okkur endist tími til að afgr. þetta merkilega mál út úr d. í dag, að það sé vel viðeigandi, að þetta mál sé afgr. á þennan hátt, eins og það nú sýnist horfa við, nefnil. þannig, að það sé augljóst, að íhaldið og sósíalistar séu komnir í hár hver á öðrum og búnir að uppgötva, að engin brú er á milli þeirra, heldur allt svik og prettir þeirra á milli með þar til heyrandi orðbragði, sem sjá má í Morgunblaðinu og Alþýðublaðinu, ef menn vilja leggja það á sig að lesa þau.

Þetta eru merkilegir hlutir. Nú virðast aðstandendur báðumegin hafa gert sér grein fyrir því, að nú er að draga að einskonar hjúaskildaga, og að nú sé í þann veginn verið að flytja sig burt af þeirri flatsæng, sem skapaðist í fyrra út af þeim atburðum, sem gerðust í fyrravor.

Ég tel, að hv. 2. landsk. hafi gert það, sem rétt var og sjálfsagt, að minnast á þetta ársafmæli, og þykir mér þá rétt að minnast á það um leið, hvernig þetta mál stendur nú. Hv. 2. landsk., sem talaði hér síðast, vék nokkuð að því, hvílíkt voðaverk það hefði verið af forsrh. að rjúfa þingið í fyrra. Ég hygg, eftir því sem lesa má í Alþýðublaðinu, að þetta hafi borið árangur, því að þar er því ýtarlega lýst, hve mikill frelsisandi hafi komið yfir íhaldið eftir þetta, að römmustu Danasleikjurnar hefðu orðið eldheitir lýðveldismenn og hefðu sett lýðveldismerki í hnappagöt sín. Þeir hafa nú að vísu stungið þeim merkjum í vasann aftur, því að þau áttu aldrei að vera annað en kosninganúmer. Ég vil nú nota tækifærið til að spyrja hv. 1. landsk., hvort rétt sé sagt frá í Alþýðublaðinu, að flokkur hans hafi tekið upp þetta merki og borið það í hnappagatinu, eða hvort það hafi vakað fyrir þeim svipað og fyrir Írum, sem ætla nú að neita Englandskonungi um hollustueiðinn. Ég vil spyrja hv. þm., hvort hann hafi ætlað sér að rjúfa eiðinn við konung eða hvort hann hafi ætlað að komast hjá því með því að fá konung hingað heim og taka hann af Dönum.

Ég vil ekki neita því, að það hefði máske hæft betur þessum frelsishetjum að flytja konung hingað heim, enda benda gögn til þess, að það hafi verið tilgangurinn, en þá sé ég ekki, hvernig sjálfstæðið hefði átt að nota þennan mann, nema að hann hefði átt að vera forseti lýðveldisins.

Ég veit, að hv. 2. landsk. sér það, að þetta gagn hefir hlotizt af þingrofinu. Það varð til þess, að eindregnustu innlimunarmennirnir urðu allt í einu að frelsishetjum. Það varð nú reyndar ekki nema um stundarsakir, því að innlimunarandinn kom von bráðar yfir þá aftur.

Hv. 2. landsk. segir, að það hafi verið sérstaklega óheppilegt fyrir þjóðfélagið, að þingið var rofið, því að vegna þess hafi ekki verið hægt að afgr. merkileg atvinnubótamál, t. d. Sogsmálið. Út af þessu vil ég segja það, að hér hefir að líkindum aldrei verið annað eins hneykslismál, sem hefir verið sótt af jafnmiklu ofurkappi eins og þetta Sogsvirkjunarmál í fyrra. Íhaldsmenn og sósíalistar héldu því þá fram, að frá þessari Sogsrafstöð ætti að leiða rafmagnið vestur í Stykkishólm og Ólafsvík og vestur á Sand, út í Vestmannaeyjar, suður í Grindavík, Keflavík, Garð og Sandgerði. Og samhliða þessu játuðu forgangsmenn málsins það, að í Reykjavík, þar sem langmest yrði notað af rafmagninu og þangað sem langódýrast er að leiða það, þar yrði rafmagnið of dýrt til að hita hús með því.

Þetta er nú samt ekki nema partur af því, sem þessir hv. þm. höfðu fram að bera í þessu prýðilega máli. Nú hefir flokksbróðir hv. 2. landsk., Sigurður Jónasson, upplýst — sem reyndar var vitað löngu áður —, að allur undirbúningur sjálfs málsins var svo fráleitur sem mest mátti verða. Sigurður Jónasson hefir látið gera rannsókn í þessu máli, og var hún framkvæmd af heimsfrægu þýzku rafmagnsfirma, og kom þá í ljós, að allur sá undirbúningur þessa máls, sem hv. 1.

landsk. hafði byggt á, var tóm vitleysa. Samkv. þessari rannsókn lítur út fyrir, að hægt sé að fá þetta rafmagn með helmingi minni tilkostnaði en hv. 1. landsk. gerði ráð fyrir í sambandi við Sogsvirkjunina, aðeins að taka það á öðrum stað, svo að í staðinn fyrir 8 millj. kr. má hér tala um 4 millj., bara ef skynsamlega er farið að. Þetta sýnir, á hvaða stigi íslenzk verkfræði og íslenzk pólitík stendur; sérstaklega verður það áberandi, þegar þessi lélega verkfræði og lélega pólitík sameinast hjá hv. 1. landsk. og lendir svo í einni flatsæng með sósíalistum. (JónÞ: En ef léleg heilsa bætist þar við). Já, ég veit, að hv. 1. landsk. hefir lélega heilsu, enda játaði hann vestur í Barðastrandarsýslu vorið 1931, að hann væri undir læknishendi hjá geðveikralækni. En ég veit ekki, hvort þessi staðreynd afsakar vitleysur hans í Sogsmálinu. En hv. þm. hefir hér sjálfur opinberað sinn innri mann. Tölurnar tala. Hv. 1. og 2. landsk. er kunnugt um það, að mesta axarskaftið, sem þekkist, jafnvel í allri sorgarsögu ísl. verkfræði, átti að smíða í fyrra í þessu Sogsmáli. Það er alveg víst, að hvenær sem verður snúið sér að því að virkja Sogið fyrir Reykjavík og Hafnarfjörð, þá verður aldrei litið við þeim grundvelli, sem þeir vildu byggja á í fyrra, vegna hins gífurlega þekkingarleysis, sem lýsir sér þar í öllum undirbúningi þess máls. Það er þess vegna merkilegt, að hv. 2. landsk. skuli minnast á þetta mál nú, því að einmitt í allri málsmeðferð þessa frv. sýndi það sig, hversu frámunalega grunnhugsaðar þeirra till. og aðgerðir voru, eins og kom líka fram í þeirri „revolution", sem þeir ætluðu að gera í fyrra, þegar frelsi og framtíð þessara flokka í sameiningu átti að vera komið undir því, að einn utanflokkamaður bjargaði þeim úr þeim vandræðum, sem þeir höfðu komið sér í, og mun það rétt vera, að íhaldið hafi beðið hann að gera þetta nú fyrir sig til þess að forða sér frá ennþá meira hneyksli. Ég held þess vegna, að hv. 2. landsk. geti aldrei fært það fram, að þingrofið hafi verið óheppilegt fyrir Sogsmálið. Það hefir orðið nokkurra millj. kr. sparnaður fyrir Reykjavík, að horfið var frá því vanhugsaða ráði, sem þeir hv. 1. og 2. landsk. höfðu gert þar um.

Að því leyti, sem hv. þm. minntist á stjórnarskrármálið og að þingrofið hefði verið óheppilegt fyrir það mál, þá er honum kunnugt, að þar hefir orðið allt annar endir á en hann bjóst við. Þeir gerðu ráð fyrir því, að þeir gætu myndað stjórn þá strax og gætu samþ. stjskrbreyt., sem gerði það mögulegt að gerbreyta kjördæmaskipuninni. Þetta játaði líka hv. 1. landsk. á fundi vestur í Ólafsvík, þar sem einnig voru staddir fulltrúar frá Alþýðufl. Hann sagði þar, að Alþýðufl. hefði haldið því fram sem sinni aðaltill., að landið yrði eitt kjördæmi, en því hefði íhaldið ekki viljað ganga að, heldur viljað hafa landið 6—7 kjördæmi, og að því hefði Alþýðufl. gengið, og um þetta hefði samstarfið staðið. Það er því ein brigðmælgi íhaldsbiðilsins, ef hann vill nú ekki styðja varatill. hv. 2. landsk., að landið verði 6 kjördæmi, því að um það varð samkomulagið og samstarfið í fyrra.

Þá eru það ein rök, sem hv. 2. landsk. og hans bandamenn hafa haldið fram, en eru með öllu röng. Hann segir, að allir þeir kjósendur, sem hafa gefið íhaldinu eða sósíalistum atkv. sitt, hafi þar með samþ., að landið yrði 6 kjördæmi, eða þá eitt kjördæmi. M. ö. o., að þessi 65% kjósenda, sem kusu íhalds- og jafnaðarmenn, hafi viljað gerbylta kjördæmaskipuninni. Úr þessu verður vitanlega ekki skorið nema með alþjóðaratkvæði. Það er alveg fullvíst, að mikill fjöldi manna víðsvegar um land kaus íhaldsmenn af því að þeir reyndu að breiða yfir afstöðu sína til þessa máls. Þeir afneituðu þessari gerbyltingu, sem hv. 1. og 2. landsk. játuðu vestur í Ólafsvík, að þeir hefðu ætlað að koma á. Þannig blekktu íhaldsmenn og sósíalistar kjósendur sína. Vegna þessa máls fóru menn úr báðum þessum flokkum yfir í Framsóknarfl., en þeir, sem eftir voru, trúðu því ekki, að þessi vélræði væru í spilinu. Ég get sagt hv. 2. landsk. dæmi um þetta. Merkur íhaldsbóndi austur í Mýrdal sagði nú fyrir kosningarnar: „Ég trúi því ekki, að það sé meining minna flokksmanna að steypa Vestur-Skaftafellssýslu saman við öll hin kjördæmin á Suðurlandi og láta allt vera eitt kjördæmi. Ég kýs Gísla Sveinsson, því að ég veit, að hann gengur ekki að þessu. En verði Gísli

kosinn, og ef hann fylgir þessum breytingum á kjördæmaskipuninni, þá verð ég á móti honum við næstu kosningar, því að ég vil ekki þessa kjördæmaskipun". Þetta er sannleikurinn í málinu. Mikill fjöldi sósíalista og íhaldsmanna er algerlega á móti því, að landið sé gert að einu kjördæmi eða skipt niður í fáein stór kjördæmi.

Nú hefir hv. 1. landsk. borið fram brtt., sem hv. 2. landsk. hefir notað sem átyllu til að losna úr flatsænginni. Hún er sem kunnugt er á þá leið, að þingmannatala skuli vera takmörkuð og ekki fara fram úr 50. Hinsvegar hafði komið ljóst fram í mþn., að það, sem hv. 1. landsk. lagði ríka áherzlu á, var ótakmörkuð tala uppbótarsæta, og þá taldi hann það fjarstæðu eina, er framsóknarmenn fóru fram á, að talan yrði takmörkuð. Svo kemur það fyrir í vetur, að íhaldsmenn halda hér flokksþing, að vísu fámennt, en þó svo skipað, að vilji flokksmanna úti um landið gat komið í ljós. Á þessu þingi var því slegið föstu, að flokkurinn kærði sig ekki um nokkur hundruð þingmenn, eins og hv. 1. landsk., heldur var þar gerð sú samþykkt, að tala þm. skyldi ekki fara fram úr 50. Þetta var vitanlega ákaflega óþægilegt fyrir hv. 1. landsk. En svo var að honum þjarmað, bæði utan þings og innan, að nú hefir hann neyðzt til að eta hina fyrri skoðun sína ofan í sig. (**JakM**: Hæstv. ráðh. veit ekki nokkurn skapaðan hlut, hvað hann er að segja). Hv. 1. þm. Reykv. er nú svo nýr í Íhaldsflokknum, að hann ætti ekki að vera að koma með skýringar til afsökunar hv. 1. landsk., enda er kunnugt, að þeir hafa til skamms tíma haft alveg réttar skoðanir á gagnkvæmu manngildi þeirra. Sú staðreynd liggur fyrir, að hv. 1. landsk. hefir verið látinn ganga undir jarðarmen og sleppa sinni einu skoðun í kjördæmamálinu. Þetta sýnir ljósast, hvílíka óbeit flokksfólk hans úti um land hefir á byltingarbrölti hans.

Ég leyfi mér að telja sannað, að samanlögð atkv.tala íhaldsmanna og sósíalista í vor sanni ekkert um afstöðu þjóðarinnar í kjördæmamálinu. Í fyrsta lagi voru kjósendur leyndir því, sem þá vakti fyrir forsprökkunum, að landið ætti að verða eitt kjördæmi, eða 6 stór, og gömlu kjördæmin að hverfa úr sögunni, og í öðru lagi töpuðu báðir flokkarnir talsverðu fylgi til Framsóknar frá því, sem áður hafði verið, og þá einkum vegna afstöðunnar til kjördæmamálsins.

Ég býst við, að hv. 2. landsk. hafi séð, að þingrofið og kjördæmamálið hafi haft eftirminnileg áhrif á Íhaldið. Tilætlun hv. 1. landsk. var, að kosningar færu fram í vor, á þann hátt að gömlu kjördæmin væru lögð niður, en landið allt gert að einu kjördæmi eða 6 stórum. (**JakM**: Þetta er ósatt). Hv. 1. þm. Reykv. hefir skilyrðislaust gefizt upp fyrir íhaldinu, gengið því á hönd og lofað að gera þess vilja í öllu, gegn því að hann fengi að eiga sæti á þingi. Vitnisburður hans um þjóðmál verður að metast eftir þessari staðreynd. Íhaldsmenn treysta því kannske, að borgarar úr Ólafsvík séu ekki hér viðstaddir, en þeir kunna að geta borið vitni síðar. Ef þingið hefði ekki verið rofið, hefði kjördæmabreyt. verið samþ. í fyrra og því næst á haustþinginu og kosningar átt að fara fram með hinu nýja fyrirkomulagi í vor. En eftir kosningarnar sér hv. 1. landsk., að ekki muni vera vænlegt til vinsælda að leggja gömlu kjördæmin niður, því að hann hafði séð, hve tæpt íhaldið stóð í Snæfellsnessýslu, Skagafjarðarsýslu og víðar. Því kemur hann með þá till. úr mþn., að gömlu kjördæmin skuli haldast. Þar gekk hann undir sitt fyrsta jarðarmen. Þá átti að taka annan þm. af tvímenningskjördæmunum, og má vel vera, að hv. 1. landsk. eigi eftir að skera upp góða ávexti af þeirri till. síðar í tvímenningskjördæmunum. En til þess að gera tilveru gömlu kjördæmanna gagnslausa heimtar hann ótakmarkaða uppbót. Það hefir verið reiknað út, að við kosninguna á Seyðisfirði hefði Alþýðufl. getað fengið 60 þingsæti. Auðvitað hefðu gömlu kjördæmin einskis mátt sín með slíkri útþynningu. En fólk kærir sig ekki um 400 þm., og því hefir hv. 1. landsk. verið látinn ganga undir annað jarðarmen sitt af flokksþinginu og ýmsum öðrum, svo sem hv. 2. þm. Skagf., sem langar ekki til að koma með þann boðskap norður í Skagafjörð, að gömlu kjördæmin skuli þurrkuð út. Því ber hv. 1. landsk. nú fram brtt., að þingsæti skuli ekki fara fram úr 50. Það er hæsta tala,

sem hans flokksmenn þora að bjóða landsfólkinu, og eru áhrif gömlu kjördæmanna þó stórum útþynnt á þennan hátt.

Mér finnst, að þetta yfirlit eigi vel við á ársafmæli þingrofsins og byltingarinnar og ekki síður vegna þess, að einmitt þennan sama dag virðast hjónaleysin í flatsænginni ætla að fara að skilja samvistir eftir 12 mánaða ástúðlegt tilhugalíf.

Magnús Torfason: Ég heyri að menn eru komnir í hátíðaskap út af afmæli þingrofsins og þeirra atburða, er því fylgdu. Ég mun þó lítinn þátt taka í þeim afmælisfagnaði. Ég hét kjósendum mínum því í vetur, að ég skyldi ekki verða til að auka deilur á þinginu, og það mun ég reyna að efna. Ég myndi því ekki hafa staðið upp nú, ef ég hefði ekki borið fram brtt. Hygg ég þó, að hún sé svo greinileg og skýr, að ég þurfi ekki að fara um hana mörgum orðum. Hún er einkum komin fram vegna þess, að ég heyrði, að hv. 1. landsk. vildi láta líta svo út við síðustu umr., að ég væri fallinn frá núv. kjördæmaskipun. Ég vildi sýna, að svo er ekki, eins og ég tók fram í gær. Till. mín kom fram til þess að meiri sveitalykt gæti verið af málinu en ella. En mér datt ekki í hug, að Nd. samþykkti frv. þannig lagað án þess að bæta það eða fylla. Ég vildi hafa till. mína eins voðfellda og unnt væri, í þeim tilgangi að vita, hvort ekki væri hægt að skilja á milli sjálfstæðis- og jafnaðarmanna í málinu. En það hafa orðið mér full vonbrigði. Hv. 1. landsk. vildi ekki fyrir nokkurn mun láta á sjást, að hnífur gengi á milli sín og hv. 2. landsk. Ræða hans gekk í þá átt, að hann væri alveg á skoðun hv. 2. landsk. og vildi ekki hænufet þaðan víkja, og að síðustu hnykkti hann á með því að leggja ríka áherzlu á, að Reykjavík ætti að hafa fulla þingmannatölu eftir höfðatölu kjósenda. Í þeim brennipunkti mætast þessir tveir flokkar. Og það virðist útiloka að öllu vonir um samkomulag milli framsóknar- og sjálfstæðismanna um þetta mál, að hv. 1. landsk. gekk jafnvel enn harðar fram en 2. landsk. í því að verja þennan ímyndaða rétt Reykjavíkur. Hann kom jafnvel með hótanir um það, að gera Reykjavík að sérstöku riki. Það má nú til sanns vegar færa, að Reykjavík sé sérstakt ríki að nokkru leyti nú þegar, þar sem hún er eina kjördæmið á landinu, sem hefir hlutfallskosningar. Önnur kjördæmi eru aðeins undir sömu lögum hvað landskjörið snertir. En hótun hv. 1. landsk. gekk í þá átt, að Reykjavík segði sig úr öllum lögum við landið. (**JónÞ:** Vorum við þá ekki báðir með hótanir?). Nei, það var nú eitthvað annað en að nokkrar hótanir fælust í ræðu minni.

Það virtist koma fram í ræðu hv. 1. landsk., að farið hefði verið með svo mikinn róg og níð um Reykjavík, að hún gæti ekki verið í lögum við aðra landsmenn. Ég veit nú ekki, hvort þessi skilnaður Reykjavíkur við aðra landshluta á líka að ná til viðskiptanna, en það vil ég minna hv. 1. landsk. á, að eins og nú er ástatt, býr Reykjavík á öllu landinu, en margir landshlutar geta komizt af án nokkurra viðskipta við Reykjavík. Hvað viðskiptin snertir virðist því ekki vera ástæða fyrir Reykjavík til að einangra sig. Og því má bæta við, að flest fríðindi, sem hið opinbera leggur til, falla í skaut Reykjavíkur, án þess að mér detti í hug að öfunda hana af því. Ég vil ennfremur neita því, að gerðar séu tilraunir til þess að koma af stað úlfúð og hatri milli Reykjavíkur og annara landshluta. Ég held þvert á móti, að sú úlfúð, sem þar var á milli fyrir 10—15 árum, sé stórum að réna og að menn séu farnir að skilja, að samvinna milli Reykjavíkur og landsins geti orðið báðum til góðs. En hitt er vorkunn, þótt landslýðurinn vilji ekki leggja sig undir ofurvald Reykjavíkur. Ríkið er sem halastjarna, þar sem Reykjavík er hnötturinn, en hinn hlutinn halinn. En halinn fer smáminnkandi, af því að hnötturinn dregur hann að sér. Þetta er náttúrulögmál, eins og sagan og staðreyndir sýna.

Mig furðar stórum á því, þegar hv. 1. landsk. fór að beita sér á móti sveitunum að óþörfu og sparka í þær, og sú spurning vaknaði hjá mér, hvort það væri í raun og veru hugsun hans að vilja með öllu forláta sveitakarlana. Mér heyrðist hv. 1. landsk. hreint og beint segja þeim stríð á hendur. En ég sá, að honum hljóp kapp í kinn, og býst því við, að hann hafi ekki meint allt, sem hann

sagði í augnabliksgeðshræringu. En ef svo væri, væri gott að fá það staðfest.

Ég mun svo geta látið útrætt um þetta mál í dag. En mér dettur í hug að lokum eigi óskrítin setning eftir þýzka heimspekinginn Nietzsche í bók eftir hann, sem allir lýðir lesa. Hún er þannig: Ég trúi ekki á þann guð, sem ekki kann að dansa. Ég er ókunnugur því, hvort hv. 1. landsk. kann að dansa. En ég sé ekki betur en að hann hafi síðasta árið verið að þreyta línudans, sem er miklu erfiðari en venjulegur dans, með Alþýðuflokknum — en ekki tekizt. Og ég held, að honum takist það aldrei, því hugsunarháttur hans og skapgerð er þannig, að hann er ekki fær um að stiga slíkan dans. Ég segi þetta ekki honum til niðrunar, því að ég viðurkenni, að ýmislegt í hugsunarhætti hans og skoðunum er gott, þótt hann, vegna skaps síns, geti ekki látið það koma eins ljóst fram og æskilegt væri, og helzt því oft verr á málum sínum en ég veit, að hann vildi sjálfur vera láta.

Frsm. meiri hl. af hálfu Sjálfstfl. (Jón Þorláksson): Hv. 2. landsk. tjáði sig ekki sammála mér um það, að takmörkun þingmannatölunnar við 50 væri samrýmanleg réttlætiskröfunni um jafnan rétt allra kjósenda í landinu, nema sérstakar ráðstafanir um það væru settar í kosningalögin, en meðan ekki væri von um að koma slíkum ráðstöfunum inn í þau gæti verið varhugavert að setja þetta ákvæði inn í stjskr. Út af þessu get ég sagt hv. þm. það, að alveg sömu mótbáru gæti ég borið fram bæði gegn aðaltill. og varatill. hans, þar sem víst er, að þær verða ekki samþ. í Nd. En nú stendur þannig á, að við höfum báðir þá aðstöðu í þinginu að vera í minni hl. og berjast fyrir réttlátu máli; er því að sjálfsögðu rétt að taka tillit til þess, hvað helzt muni ganga fram, en jafnframt ber þó að gæta þess, hvað skynsamlegt er og rétt. Annars er það svo, að þessi takmörkun á þingmannatölunni er fullkomlega samrýmanleg aðaltill. hv. þm. Löggjöfin má aðeins ekki fjölga þingmönnunum upp í fleiri en 50. Þá er þessi takmörkun einnig samrýmanleg varatill. hans um að skipta landinu í 6 kjördæmi. Hann hefir að vísu ekki stungið upp á ákveðinni þingmannatölu í þeirri till., en ég býst við, að hann hafi ekki hugsað sér hana yfir 50. Einnig er þessi hámarkstala samrýmanleg till. okkar sjálfstæðismanna, er við lögðum fram í kjördæman. 14. des. f. á., með þeim viðauka, sem við lögðum fram þá. Nú er hv. þm. hræddur um, að þessi viðauki nái ekki samþykki í þinginu, en ég get verið jafnhræddur um, að ekkert af réttlætiskröfunum nái samþykki nú, og takist það ekki á þeim grundvelli, sem lagður er með till. okkar sjálfstæðismanna, þá er ég **alltaf reiðubúinn að ganga inn á varatill. hans,** en sú tilhögun hefir minni byr innan Sjálfstæðisfl. heldur en till. okkar í kjördæman., því að þær eru sá grundvöllur, sem helzt næst samkomulag um. Hámarkstillaga okkar um fjölda þingmannanna er borin fram til samkomulags, því að ég hafði lýst því yfir fyrir hönd flokks míns, að það atriði, að hafa tölu þingmannanna óákveðna, skyldi ekki standa fyrir samkomulagi. **En við munum standa fast við það að heimta réttláta skipun þingsins.** Ég læt mér það í léttu rúmi liggja, hvort hv. 2. landsk. greiðir atkv. með þessari brtt. okkar eða ekki; hún er aðeins flutt af okkur tveimur flm., og hefir hann því óbundið atkv. gagnvart henni.

Þá sagðist hv. þm. ekki geta fallizt á þau ummæli mín, að ég gæti hugsað mér stjórnarskrármálið samþ. á þessu þingi, þó að ekki hefði náðst samkomulag um kjördæmamálið. Ég get verið honum sammála um það, að málum þessum væri betur borgið, ef þau væru afgr. samhliða, en ummæli mín í gær lutu að því, að ef ekki væri fáanlegt samkomulag í kjördæmamálinu, þá vildi ég heldur, að stjskr.málið gengi fram heldur en dagaði uppi. **Hitt má hann vita með vissu, að svo verður haldið á þessum málum, að vörur verða ekki látnar úr búðinni fyrr en full trygging er fengin fyrir því, að andvirðið verði greitt.** Mál þetta horfir nefnil. þannig við, að verði stjskr.breyt. samþ. á þessu þingi, þá fara fram nýjar kosningar í vor og aukaþing verður kvatt saman í haust, og er þá nægur tími til þess fyrir stj. að fá þau skattalög samþ., sem hún vill fá samþ. nú. Það er því ekki tilætlunin að fara að samþ. nein skattafrv. upp á tvísýnu.

Þá sagði hv. þm., að ég hefði átt kost á því 1927 að velja á milli núv. fyrirkomulags á kjördæmaskipuninni og þess að hafa landið allt eitt kjördæmi. Það er rétt, að á þinginu 1927 kom fram till. um að hafa landið allt eitt kjördæmi. Till. þýddi alls ekki það sama þá og nú. Sömuleiðis vantaði allar upplýsingar um það, að ekki væri önnur betri tilhögun fáanleg. Um þá hluti lá ekkert fyrir. Þá sagði hann ennfremur, að sér hefði komið það á óvart, að ég hefði ekki getað fallizt á varatill. hans, að taka skiptinguna á landinu í 6 kjördæmi upp í stjskr. Afstaða mín í því efni er óbreytt. Ég tel þá tilhögun hafa marga þá kosti, sem skiptingin í einmenningskjördæmi hefir, en jafnframt suma galla hennar. En út af þessu vil ég benda honum á, að till. Sjálfstæðisfl. taka það bezta úr báðum þeim tilhögunum, að hafa landið eitt kjördæmi og sex-kjördæma-skiptingunni. Að ég samt vil ekki greiða atkv. með varatill. hv. þm. á þessu stigi málsins, er sökum þess, að ég vil ekki ganga með því, að kjördæmaskiptingin sé tekin upp í stjskr., því að ég tel frv. enga lífsvon í Nd., ef þessi kjördæmaskipting kemst inn í það hér. Aftur á móti tel ég frv. í svipaðri mynd og það er nú muni verða lífseigt, því að mér er kunnugt um, að fjöldi framsóknarmanna bæði hér í bæ og annarsstaðar þorir ekki að líta framan í andstæðinga sína þegar þeir eru spurðir, hvað þeir vilji hafa, fyrst þeir ekki vilji hafa réttlætið.

Um 2. brtt. hv. þm. við 4. gr. stjskr. skal ég ekki fjölyrða. Ég er heldur á móti því að fella niður ákvæðið um búsetu í landinu sem skilyrði fyrir kosningarrétti. Ég tel það geti leitt til vafninga að leyfa borgurum kosningu, sem búsettir eru annarsstaðar en í landinu sjálfu. Fyrir mitt leyti get ég og sagt það, að ég er ekki hrifinn af 5 ára búsetuskilyrðinu. Þó er ég ekki tilbúinn nú að ganga svo langt að fella það niður sem skilyrði fyrir kosningarrétti. Ég er nefnilega hræddur um, að eigi að fara að greiða atkv. um það nú, þá verði blandað inn í deilurnar öðrum atriðum en skipun Alþingis.

Þá verð ég að svara hæstv. dómsmrh. örfáum orðum, þó að ræða hans væri að mestu leyti þannig, að hún kæmi þessu máli ekkert við, og yfirleitt ekki öðruvísi en allar ræður hans, sem snúast mest um það að gefa mynd af sálarástandi hans sjálfs. Ég ætla ekki að fara út í skemmtiyrði þau, sem hann var með um samband alþýðustúlkunnar og íhaldspiltsins. Það hefir ekki gerzt neitt annað hvað þetta snertir en það, að tveir flokkar, sem sammála eru í einu máli, hafa gengið saman um það, þó að þeir séu ósammála í flestum öðrum málum. Þetta er líka beinlínis í samræmi við það, sem tíðkast þar, sem stjórnmálalíf er hafið upp yfir það að vera eintómt eldhúshjal, eins og tíðast rennur af vörum hæstv. dómsmrh. Þá ætla ég ekki heldur að fara út í bollaleggingar hans út af byltingunni 14. apríl í fyrra, en mér þótti vænt um þá hispurslausu viðurkenningu hans um það, að það, sem framið var hér á Alþingi þennan dag fyrir ári síðan, hafi verið hrein og bein bylting. Þá ætla ég einnig í þessu sambandi að leiða hjá mér hin barnalegu ummæli hans um Sogsmálið. En það, sem sérstaklega gaf mér tilefni til að víkja að ræðu hans, voru ummæli, sem hann hafði eftir mér af fundi í Ólafsvík í fyrra. Var það einn af átta fundum, er við vorum saman á. Hann sagði, hæstv. ráðh., að ég hefði lýst því yfir á þessum fundi, að samkomulag væri orðið á milli Sjálfstæðisfl. og Alþýðufl. um það, að hafa landið allt eitt kjördæmi. Hann var dálítið óheppinn, hæstv. ráðh., að nefna fundinn í Ólafsvík í þessu sambandi, af því að það vildi einmitt svo til á þeim fundi, að sóknarpresturinn þar bar fram sérstaka fyrirspurn til mín, hvort það væri ákveðið innan Sjálfstæðisfl., hvaða kjördæmaskipun flokkurinn ætlaði að halda fram þegar til kæmi. Ég svaraði og sagði eins og satt var, að um það væri allt óráðið. Slík bein fyrirspurn kom aðeins fram á þessum eina fundi. Hæstv. ráðh. var því mjög óheppinn að vísa í þennan fund, þar sem full gögn eru til fyrir því, að hann fór með ósannindi.

Ræðu hv. 2. þm. Árn. þarf ég litlu að svara. Hann hefir nú flutt viðauka við brtt. sína, en sá viðauki er þannig, að hann gerir brtt. alveg að engu. Að því leyti, sem ég fór vingjarnlegum orðum um brtt. hans eins og hún lá fyrir upphaflega, þá á það ekki við lengur, því þegar

halinn, sem kom í dag, verður kominn aftan við þá stjörnu, sem birtist frá honur hér í gær, hættir hún með öllu að lýsa. En ég þarf að mótmæla þeim ummælum þm., að ég hefði í gær sagt sveitakörlunum stríð á hendur. Þessu fer mjög fjarri. Ég gerði kröfu um jafnrétti kjósendanna í landinu. Þá kröfu hefi ég einnig gert í dag, og mun halda áfram að bera hana fram þar til yfir lýkur.

Jón Jónsson: Ég ætlaði nú ekki að tala mikið meira í þessu máli en ég gerði í gær, en kemst þó ekki hjá því að svara nokkru því, sem vikið hefir verið að mér, bæði í gær og í dag.

Hv. 1. landsk. taldi, að það, að ég hefði orðið fyrir vonbrigðum út af starfi mþn. í þessu máli, væri að kenna hæstv. forsrh. og Framsóknarfl. Þessu á ég ákaflega bágt með að trúa, vegna þess að af þeim mönnum, sem fást við stjórnmál, þekki ég hann langbezt, og ég þekki engan mann, sem er samningaþýðari, liprari og yfirleitt drengilegri í samvinnu en einmitt hæstv. forsrh.

Þá sagði hv. þm., að af hendi Sjálfstæðisfl. hefði verið fullnægt öllum kröfum Framsóknarfl. um kjördæmaskiptinguna. Mér er ljúft að játa það, að sjálfstæðismenn hafa gengið langt í þessu, enda þótt þeir hafi gengið það mikið á rétt kjördæmanna að taka af tvímenningskjördæmunum annan þm. En mér finnst, eftir því sem komið hefir fram, að Framsóknarfl. hafi líka gengið mikið í þá áttina að fullnægja kröfum, a. m. k. hv. 1. landsk., a. m. k. þeim kröfum, sem hann hefir gert á síðasta vetrarþingi. Því að á síðasta þingi, í umr. um stjskrbreyt., minntist hv. 1. landsk. á fyrirkomulag kjördæmanna og segir að lokum:

„Ég sé því enga aðra leið færa til að bæta úr því misrétti, sem nú er á kjördæmaskipuninni, en þá, að leggja niður landskjörið og bæta kaupstöðunum upp með þeim sætum, er losna".

Þetta segir hv. þm. á síðasta þingi. Já, mér er sama, hvað hv. þm. hristir höfuðið; þetta stendur svart á hvítu í Alþt., í ræðu eftir hann, þegar rætt var um stjskrbreyt. (**JónÞ:** Ekki á síðasta þingi). Á síðasta vetrarþingi. (**JónÞ:** Það var ekki síðasta þing. — **Forseti:** Ekki samtal). Jæja, ég bið þá afsökunar á því mismæli, hafi ég ekki sagt síðasta vetrarþingi. Á þetta virðist mér Framsóknarfl. hafa fallizt, eftir því sem stendur á bls. 9 í þessu virðulega nál. sjálfstæðismanna, sem þeir létu fylgja stjskrfrv.; þar stendur, að á 26. fundi n. hafi „fulltrúar Framsóknarfl. borið fram svofellda tillögu:

„Landskjörið verði lagt niður. Þingmannatala Reykjavíkur verði 7—8. Gullbringu- og Kjósarsýsla og Suður-Þingeyjarsýsla verði tvímenningskjördæmi (eða t. d. G.-K. verði skipt í tvö kjördæmi). Siglufjörður verði sérstakt kjördæmi". M. ö. o., eins og hv. 1. landsk. lagði til á síðasta vetrarþingi, að landskjörið sé lagt niður og þeim sætum, sem þannig losna, varið til þess að jafna misminninn milli flokkanna. Mér skilst því, eftir þessu og því, sem hv. þm. hefir sagt frá, að þeir hafi báðir slakað nokkuð til; hann gengið í áttina til Framsóknarfl. með því að leggja til að halda einmenningskjördæmunum, og hæstv. forsrh. gengið í áttina til Sjálfstæðisfl. með því að leggja til það, sem ég nú las upp. Og þegar svona er mjótt á milli, skil ég ekkert í þeirri ógæfu, sem er yfir þessari blessaðri þjóð okkar, að þessir menn skuli ekki hafa getað orðið sammála um eða leyst málið á þann hátt, að öll þjóðin gæti vel við unað. Og ég held, að það sé ekki rétt að kenna hæstv. forsrh. um það, fremur en hv. 1. landsk. Ég trúi því ekki.

Hv. þm. tók undir það, sem ég sagði í gær, að nú væru mjög greinilegir alvörutímar í okkar landi og að þjóðin stæði nú gagnvart meiri erfiðleikum en nokkru sinni fyrr um okkar daga, og mér skildist hann í raun og veru ganga inn á það með mér, að það væri nauðsynlegt, að landsmálaflokkarnir legðu nú deilurnar til hliðar og beindu heldur bökum saman til sameiginlegra átaka fyrir heill fósturjarðarinnar. En hann færði fram þær málsbætur — og það er náttúrlega alltaf hægt að koma með einhverjar málsbætur —, að þessi leið væri alveg lokuð vegna þingrofsins í fyrra — hún hefði alveg lokazt þá. Ég skil nú ekki þessa röksemdaleiðslu. En látum nú svo vera, sem ég nú reyndar vil ekki fallast á, en segjum það

í bili, að hann hafi rétt fyrir sér, þegar hann vill telja, að þingrofið hafi ekki verið réttmætt gagnvart sínum flokki og að þjóðinni hafi verið misboðið með því. Þá get ég þó ekki séð, að þó einhver flokkur hafi gert eitthvað slíkt af ófullnægjandi ástæðum, að það losi annan flokk við að haga svo starfi sínu, að það stofni ekki þjóðfélaginu í beinan háska. Og hv. þm. hefir ekki borið á móti því, að þarfir þjóðarinnar eru nú þær, að hana vanhagar um samstarf allra flokka til að ráð bót á yfirstandandi og yfirvofandi vandræðum og slíkum málum sem þessu á því að slá á frest, en ekki að vera að varpa nú fyrir þjóðina viðkvæmum deilumálum. Mér dettur auðvitað ekki í hug, að hann fari að falla frá sínum kröfum, úr því það er sannfæring hans, að þær séu réttar. En hvað bíður síns tíma. Og mér finnst það sannarlega vera skylda að draga ekki slík mál sem þetta inn í deilur fyrr en eitthvað rofaði til eða upp stytti í því ástandi, sem nú gengur yfir þjóðina.

Og ég vil í því sambandi, að hv. 1. landsk. var að halda því fram, að það væri ekki réttmætt að kalla alla þjóðina — og átti hann þar við sinn flokk — til að gera skyldu sína, nema þeirra kröfum væri fullnægt, segja það, að ég álít, að allir séu skyldir til að vinna þjóðinni allt það gagn, sem þeir mega, og alveg jafnt fyrir því, þó einhverjum hugsanlegum réttlætiskröfum þeirra sé ekki fullnægt á þeim tíma. Og að hv. þm. hefir látið slíka skoðun uppi sem þá, er ég gat um, vil ég skoða sem vott þess, að hv. þm. sé búinn að hugsa sig upp í æsing í þessu máli og að það sé orðið honum að „principi", sem allt eigi að lúta, jafnvel sjálf þjóðfélagsvelferðin. Mér þykir þetta mjög leitt og vona, að hv. þm. átti sig á, að þetta er ekki rétt, því að öðru leyti met ég hann mjög mikils á ýmsum sviðum.

Annað er það, sem mér þótti mjög leiðinlegt að heyra hv. þm. vera að ympra á, og það var það, að þetta kotungsríki okkar, þetta veslings fátæka og fámenna land ætti nú að fara að skipta sér upp í tvö ríki. Mér finnst það alveg óskaplegt, að maður í svo ábyrgðarmikilli stöðu sem hann er í, þar sem hann er flokksforingi í stórum flokki, skuli hafa látið þetta út úr sér, því það spor væri stigið beint til glötunar. Af því mundu báðir aðilar hafa eintóma mæðu og böl. Á í því sambandi vel við að minna á orð, sem töluð voru á Alþ. Íslendinga af einum okkar vitrasta manni fyrir 900 árum, þar sem svo var komizt að orði: „Þykir mér það ráð, að við látum eigi þá ráða, er mest vilja í gegn gangast, og miðlum svo máli, að hvorir hafi nokkuð til síns máls og höfum allir ein lög og einn sið. Það mun og satt verða, er við slítum sundur lögin, að vér munum og slíta friðinn". Þjóðin skildi þá þessi djúpvitru orð, sem töluð voru á alvörutímum. Og ég hygg, að það eigi enn við, að „ef við slítum sundur lögin", ef landið á að skiptast í fleiri ríki, „að vér munum og slíta friðinn". Ég hygg, að hitt sé enn ráð, að við látum þá eigi ráða, er mest vilja í gegn gangast, heldur miðlum svo málum, að hvorir hafi nokkuð, þó enginn fái sínum kröfum framgengt til fullnaðar.

Þá kem ég að hv. 2. landsk. Hann hélt hér geysilanga ræðu í dag, og man ég fæst af því nú orðið, sem hann sagði. Hann spurði um það, til hvers mþn. hefði verið sett, hvort það hefði ekki verið til þess að leysa málið. Ég get svarað því frá mínum bæjardyrum, að minn tilgangur með að samþ. n. var sá, að hún ætti að leysa málið. Og ég efast ekki um, að allir hafi samþ. hana með þeim hug. Hann sagði það sama og hv. 1. landsk., að það væri hæstv. forsrh. og flokki hans að kenna, að hún hefði ekki leyst málið. En eins og ég hefi áður sagt, þykir mér þetta mjög ósennilegt og held, að okkur verði ekki um það kennt, heldur sé það að kenna bráðlæti andstæðinga okkar, sem hafi heimtað þetta hrist af, þannig, að n. hafi ekki unnizt tími til að hugsa málið svo til þrautar, að hún gæti fundið þá lausn á málinu, sem öll þjóðin gæti vel við unað.

Þá var hv. þm. hissa á því, að ég skyldi undrast kappið, sem lagt væri á þetta mál, þar sem ég væri hverjum manni kappsamari í málum. Já, en það var nú ekki annað en það, sem ég hafði lagt þetta ógnar kapp á, að ég hafði haldið nokkuð fast á því máli, að kjördagurinn yrði færður á þann tíma ársins, að sveita-

fólkinu yrði gert mögulegt að nota kosningarrétt sinn, en það var alltaf undir hælinn lagt áður, að það gæti það. Um hitt, að ég hafi lagzt á móti því, að kaupstaðirnir fengju annan kjördag, er það að segja, að brtt. um það kom fram á síðustu stundu, undir þinglausnir, svo að aðalástæðan fyrir því, að ég sá mér ekki fært að vera með henni, var ekki sú, að ég væri á móti því máli, heldur hin, að með því að samþ. hana var málinu stefnt í þá hættu, að það næði ekki fram að ganga vegna þess, að ekki hefði unnizt tími til að afgr. það. En hv. þm. hefir nú ekki haft meiri áhuga fyrir því máli en það, að hann hefir ekki borið við að bera það fram síðan. Ég held þó, að ég hafi látið orð falla um það, þegar þessi brtt. kom fram, að við gætum talað um það mál á næsta þingi, þegar engu væri stefnt í hættu með því. Það er því ólíku saman að jafna, kappinu, sem ég lagði á það mál, eða kappinu, sem nú er lagt á þetta mál. Eins og allir geta séð, stafaði enginn háski af því fyrir þjóðfélagið, þó kjördagurinn væri fluttur. Og í því efni hefir einmitt sérstaklega verið hlynnt að þeirri stétt, sem hv. þm. telur sig fulltrúa fyrir, sjómönnunum, sem geta kosið um borð í sínu skipi. En hér eru látin falla orð um að drepa öll tekjuaukalög, og jafnvel fjárl. og annað þess háttar, svo það sé fyrirmunað að reka ríkið forsvaranlega. Þetta er svo miklu meira kapp, að það er ekki hikað við að gera þá hluti, sem beinlínis leiða til ófarnaðar fyrir land og lýð, en ekkert slíkt átti sér stað, þó kjördagurinn væri færður. Það er því ólíku saman að jafna.

Þá var hv. þm. eitthvað að minnast á ársafmæli þingrofsins. Hæstv. dómsmrh. hefir nú svarað því; ég skal því leiða það hjá mér. Þá var hann að benda á stjskrtill., sem varð þess valdandi, að þingrofið varð, og sagði, að hún hefði verið meinlausari en það, sem við værum búnir að samþ. nú. En hún var nú ekki meinlausari en það, að hefði hún verið samþ., þá var þar leikur á borði að leggja niður öll gömlu kjördæmin, ef framsóknarmenn hefðu komizt í minni hl. við kosningarnar. Það var nú ekki betur tryggður réttur héraðanna en þetta. Og það var því ekkert gerræði, sem gert var til að sporna við þessu. Og við framsóknarmenn munum ekki, eins og við höfum lýst yfir, samþykkja neitt stjskrfrv. nema réttur gömlu kjördæmanna sé þar tryggður, og þess vegna fluttum við brtt. um það að taka héraðakjördæmin upp í stjskr., og þá væru þau heldur betur tryggð en nú er.

Hv. þm. sagði, að það hefði þó unnizt á, að þetta mál yrði aldrei framar kosningamál. (**JBald:** Ekki á sama hátt og í fyrra). Já, það er nú svo. En ég býst nú við, að það mundi nú ekki spilla fyrir Framsóknarfl., ef till. hv. 2. landsk. yrðu samþ. Ég býst við, að dalakarlarnir mundu þá ekki telja á sig sporin á kjörfund til þess, ef verða mætti, að spyrna ofurlítið fótum við því, að kjördæmin þeirra yrðu látin hverfa úr sögunni. Ég skal ekki fullyrða neitt um, hvernig þá færi, en ekki er það víst, að hann sé úr allri hættu af því máli, ef hann ætlar að fara að brúka sig svoleiðis.

Hv. andstæðingar eru alltaf að tala um að við viljum, að réttur Reykjavíkur sé minni en réttur annara héraða, og hv. 2. landsk. var líka að tala um, að hún borgaði svo ógnar mikið til opinberra þarfa. Já, þeir eru nú alltaf að tala um þetta, að Reykjavík borgi svo og svo mikið í ríkissjóðinn, og ég skal ekki neita því, að það er náttúrlega mikið. En ég verð þó að halda því fram, að það sé alls ekki gert upp, hvað Reykvíkingar borga mikið til ríkisins þarfa. Því það er víst, að töluvert mikið af því, sem þeir telja sig borga í ríkissjóð, greiða þeir þangað ekki, vegna þess að töluvert mikill hluti af því er greiddur af vörum, sem fara út um allt land, og vegna opinberrar starfrækslu í bænum. Hversu miklu það nemur, er ekki gott að segja; það er hlutur, sem alls ekki er búið að gera upp, en það er víst, að það, sem Reykvíkingar greiða til ríkisþarfa, er miklu minna en þessir hv. þm. vilja nú láta á bera.

Þá var hann að víkja að því, að það væri skylda mín að fylgja þessu máli, til þess að tryggja öllum landsmönnum jafnan rétt til áhrifa á þingið. Ég sagði, að ég vildi stuðla að því að jafna áhrifarétt fólks á þingið. En að þetta frv. geri það á sæmilegan hátt, því vil ég eindregið mótmæla, því þar kemur fleira til greina en höfðatalan ein, og því er það, eins og ég

benti á í gær, að ég álít Reykjavík hafa of mikinn rétt, ef hún hefir sömu fulltrúatölu í hlutfalli við kjósendatölu og fámennu héruðin. En ég vil leggja því lið, að málið verði til áframhaldandi meðferðar í þinginu, ef það mætti verða til þess, að það leystist. Og ég vil vona, að það takist, jafnvel á þessu þingi, og því greiði ég því atkv., að málið fari til Nd. Ég treysti því, að hún lifi frekar en við höfum gert eftir ráðleggingum Þorgeirs Ljósvetningagoða.

Get ég svo látið máli mínu lokið að þessu sinni.

Frsm. meiri hl. af hálfu Alþfl. (Jón Baldvinsson): Ég hélt nú, að ég ætti eftir eina ræðu. **(Forseti:** Þm. hefir haldið tvær ræður; hvers vegna hélt hann, að hann ætti eina eftir, þegar hann hefir talað tvisvar?) Já, það er í nál. talað um tvo frsm. **(Forseti:** En enginn nefndur. Jæja, þm. getur talað — hann er nú aldrei mjög langorður!!). — Ég skal þá fyrst víkja að ræðu hv. 3. landsk., sem talaði síðast og vék örfáum orðum að ræðu minni í dag. Hv. þm. vill ekki kenna hæstv. forsrh. um það, að ekki varð lausn á kjördæmaskipunarmálinu í mþn., og kallaði hann lipran og samningaþýðan og drengskaparmann. Þetta skal ég allt saman undirskrifa með honum. En ég hélt einmitt, af því hann hefir þessa kosti, að hann mundi nú nota þessa ágætu kosti sína til að koma á samkomulagi, af því að hann tekur sjálfur sæti í n. Annars finnst mér það dálítil minnkun fyrir hæstv. forsrh. með alla þessa góðu kosti, að honum skyldi ekki takast að leysa þetta mál, og ég býst við, að fleiri líti svo á. En svo skal ég nú láta útrætt um það að öðru leyti.

Hv. 3. landsk. sagði, að fylgismenn þessa máls sýndu of mikið bráðlæti í að koma því fram. En ég held, að hver, sem fer í gegnum nál. og les þá útdrætti, sem þar eru úr gerðabók mþn., og athugar svo gerðabók stjskrn. í Ed., hann hljóti að viðurkenna, að fylgismenn þessa máls hafi sýnt andstæðingum sínum mikið langlundargeð í þessu máli. Flokksmönnum hv. þm. var, eftir að málið var tekið til umræðu, eins og segir í gerðabók kjördæman.. veittur frestur dag eftir dag, viku eftir viku og mánuð eftir mánuð til þess að þeir gætu hugsað sig um og komið fram með till. En aldrei voru þeir tilbúnir; þegar einn fresturinn var liðinn, báðu þeir um annan, og alltaf var hann veittur, og að lokum, þegar ekki neitt var komið frá þeim á síðasta fundi n., 13. febr., tveim dögum áður en þing átti að koma saman, en þá átti störfum n. að vera lokið, þá var því samt lýst yfir, að jafnvel þó n. hefði hætt fundum, værum við fúsir til að tala við þá, ef þeir hefðu einhverjar uppástungur fram að bera. En þær komu aldrei neinar. Það er því ekki bráðlæti okkar flm. frv., sem hefir staðið samkomulagi fyrir þrifum. Það hefir sjálfsagt ýmsum fundizt, að við höfum fremur sýnt of mikið langlundargeð en of mikið bráðlæti. Og svipað var það með stjskrn.; þar var hvað eftir annað veittur frestur, til þess að þar gætu komið fram till. Mér sýnist því, að hv. þm. hafi ekki mikið fyrir sér í þessu.

Þá gerði hv. þm. að umræðuefni kjördaginn og sagðist ekki hafa beitt sér af miklu kappi fyrir það mál. Ég man vel, að hv. þm. sótti það ákaflega fast á þingi 1929 að fá samþ. l. um að flytja kjördaginn. En þetta var því óskiljanlegra, sem kosningar stóðu þá ekki fyrir dyrum, ekki fyrr en 1931. Það var því upp á 2 þing að hlaupa með að gera slíka löggjöf. Hv. þm. sagði, að ég hefði á síðustu stundu komið með brtt. við kjördaginn. Ég fór þess á leit við framsóknarmenn, að þeir frestuðu þessu máli og tækju till. til athugunar, en það var ekki við það komandi. Hv. þm. segist vera með þessu nú og vera fús til samkomulags. Það má vel vera. Ég mun ef til vill prófa það, hvort því fylgir nokkur alvara hjá honum að vilja vinna að samkomulagi um það að setja annan kjördag fyrir sveitirnar og annan fyrir kaupstaðina. Ég mun eiga tal við hv. þm. um þetta, hvort hann vilji koma á samkomulagi um kjördaginn, því ég tel hann svo mikið réttindamál fyrir þjóðina. Annað, sem hv. þm. getur ekki borið á móti, er, að það var boðið fram, að bændur skyldu hafa þann kjördag, sem þeim hentaði bezt. **(JónJ:** Já, á síðustu stundu). Það var margbúið að bjóða það. Það er ekki að miða við þá stund, sem brtt. kom

fram. Á undan var gengið langt samtal við framsóknarmenn, hvað langt þeir vildu ganga í þessu máli. Þá var þeim boðið, að bændur mættu kjósa sinn eiginn kjördag, ef kaupstaðirnir mættu hafa þann, sem þeim bezt hentaði. Hann sagði, að það hefði verið gert til þess að gera sveitafólkinu sem mögulegast að kjósa. En ég vildi benda á það, að það voru ekki fjandsamlegri menn bændum, sem báru fram þennan kjördag og lögfestu hann, en Sigurður Sigurðsson og Ólafur Briem. Þeir töldu, að þetta væri sá tími, sem bændum væri hentugastur.

Hv. þm. kallaði það ekki saman berandi, kjördaginn og stjórnarskrármálið. Það er nú samt hvorttveggja saman berandi. Að vísu eru það misjafnlega stór mál, stjórnarskrármálið er náttúrlega miklu stærra mál, en hvorttveggja er mikilsvert réttindamál. Hv. þm. sagði í fyrra, að það hefði verið eitthvert mesta gerræði, sem gert hefði verið við þjóðina, ef stjskr. hefði verið samþ. þá og samþ. aftur og svo samþ. kosningalög, þar sem lögð væru niður öll núv. kjördæmi. En þó slík breyt. hefði verið samþ. á stjskr., hefðu bændur sannarlega fengið sína fulltrúa á þing til þess að standa á verði fyrir þá, ef ætti að ganga á rétt þeirra, sem mér finnst aldrei hafa verið gert á þingi, enda engin ástæða til þess. Þeir eiga fullkomlega skilið, að þeim sé veittur skynsamlegur stuðningur. Ég hefi heldur aldrei mælzt undan því að veita málum þeirra fylgi. En þó bændur hafi oft verið sanngjarnir á þingi, þá hafa þeir þó oft samþ. l., sem voru hrein og bein hagsmunamál fyrir þeirra stétt, en blóðugur óréttur fyrir aðrar stéttir. Ég get vitnað í ritgerð um kosningalög eftir Pál Briem, sem var mikill bændavinur. Hann segir frá því, að bændur á þingi 1861 hafi samþ. ákvæði um, að húsbændum væri leyfilegt að berja vinnuhjú sín. Þá var líka samþ. ýmislegt í lögum um lausamenn og húsmenn, sem ber þess merki, að þessi stétt, sem var mjög fjölmenn í landinu, átti ekki fulltrúa til að bera hönd fyrir höfuð sér, enda ber skattalöggjöfin þess merki, eins og hv. þm. veit. — Þá hélt hv. þm., að óhætt væri fyrir framsóknarmenn að koma með kjördæmamálið til þjóðarinnar. Hann hélt ekki, að það fengi mikið fylgi, þó samþ. yrði nú á þingi að gera landið að einu kjördæmi. Það er ekki einungis um þá till. að ræða, heldur eru möguleikar á þremur till., sem sé þeim 2 till., sem ég hefi flutt sem breytingu við stjskr., og till., sem Sjálfstæðisfl. flutti í kjördæmaskipunarn. Svo geta ef til vill komið till. frá framsóknarmönnum til móts við þessar till. Það, sem ég meinti, þegar ég sagði, að vopnin væru slegin úr höndum Framsóknar, var í sambandi við kosningarnar 1931. Þá komu framsóknarmenn og sögðu, að sjálfstæðismenn og jafnaðarmenn ætluðu að gerbylta kjördæmafyrirkomulaginu, til þess að bændur fengju ekki að kjósa. Þeir höfðu fyrir sér þetta eina stjórnarfrv. á síðasta þingi, sem gerði mögulegt að breyta kjördæmaskipuninni án stjskr.-breytingar. En framsóknarmenn vildu halda fast við hið gamla fyrirkomulag. Framsókn er búin að slá vopnin úr höndum sér; nú fyrst er hægt að hafa hönd á þeim. Þeir hafa boðið Reykvíkingum upp á 8 þm. Hver skyldi hafa trúað því við síðustu kosningar? Það var þetta, sem ég átti við, þegar ég sagði, að þeir hefðu slegið vopnin úr höndum sér. Nú geta þeir ekki komið eins og síðast og sagt, að þeir vilji halda í hið gamla fyrirkomulag til þess að bændurnir fái áfram að halda rétti sínum. Þeir eru búnir að segja, að þeir vilji ívilna kaupstöðunum með svo og svo mörgum þingsætum og rýra vald bænda, því það verður auðvitað hlutfallslega minna. Hv. 3. landsk. sagði, að Reykjavík hefði svo mikil áhrif á þingið, því þar væru svo margir gáfaðir og mælskir menn. Það er undarlegt, ef Reykjavík fyrir það, að hún á svo marga gáfaða og mælska menn, mætti ekki hafa rétta tölu þm. Þetta er mjög svo undarlegt hjá hv. 3. landsk., að gáfaðir og mælskir menn eigi að hafa minni rétt en aðrir. En það má þó hv. þm. eiga, að hann ætlar sér að fylgja þessu frv. út úr d. og leyfa því að komast til Nd. Ég vænti, að það sé í góðu skyni gert. Hann er svo mikill alvörumaður, að ég trúi ekki öðru en að hann geri það í góðu skyni, til þess að fá málið leyst á viðunandi hátt.

Við hv. 1. landsk. þarf ég ekki mikið

að segja. Það er ekki mikið, sem ber á milli annað en þetta, að ég hefi ekki trú á, að samþ. verði kosningalög, þar sem ákveðið er, að ekki yrði alltaf sá kosinn, sem flest fengi atkv. Að því leyti skoða ég till. hans um takmörkun þingmannafjöldans beint á móti réttlætisákvæðunum í fyrstu málsgr. stjórnarskrárinnar. Ég vil ekki þar með segja, að ef málið yrði leyst að öðru leyti á viðunandi hátt, gæti ekki einhver takmörkun átt sér stað. Hv. þm. sagði, sem mætti virðast rétt eins og á stendur, að ef ekki tækist samkomulag á grundvelli till. Sjálfstæðisfl., þá væru minni líkur til þess, að samkomulag næðist um aðrar till. Þá er ekki öðrum till. til að dreifa en þeim, sem ég bar fram. Þetta má vera rétt hjá hv. þm., en eins og á stendur, sýnist mér ekki líkur á *neinu samkomulagi*. Að því leyti standa allir jafnt að vígi, og ég hefi tekið það fram við hv. 1. landsk., að ég vilji ekki leggja till. sjálfstæðismanna til grundvallar fyrir baráttu í kjördæmaskipunarmálinu. Fari svo, að engin lausn fáist á málinu, þá get ég ekki annað en haft á móti till. sjálfstæðismanna, því þær eru byggðar á grundvelli, sem ég er á móti, þessum mörgu og smáu kjördæmum, þó að ég til samkomulags hafi viljað ganga inn á þá till., ef það verður til að leysa málið. Ég er sannfærður um það, að eftir því, sem lengra líður og meiri umr. verða um málið, muni þær till., sem ég hefi borið fram, vinna meira og meira fylgi, því þær eru einfaldasta lausnin á þessu máli, og þeir agnúar og mótbárur, sem fram hafa komið á móti þeim, eru smávægilegar og standast ekki móts við þá miklu kosti, sem þær hafa, auk þess sem þær uppfylla réttlætisskilyrðin. Hv. þm. hélt, að stjskrfrv. mundi eiga litla lífsvon í Nd., ef varatill. mínar yrðu samþ. Ég skal ekkert um það segja. En ég held, eins og ástandið er nú og skipun þings, að ef barizt er fyrir slíkri till. sameiginlega af Alþýðufl. og Sjálfstæðisfl., þá ætti hún að nást fram. En því er ekki að leyna, þegar rætt er um þetta mál, að margt ber á milli hjá flokkunum í öðrum málum. Þeir eru á öndverðum meiði í öllum öðrum málum, og mest er andstaðan í þessum flokkum um þjóðmálin yfirleitt, en það er ekki því til fyrirstöðu, að við getum samþ. slíkt mál sem kjördæmaskipunarmálið, enda hefir það verið þannig annarsstaðar, að þeir konservativu og sósíalistar hafa komið sér saman um breytingar á kjördæmaskipuninni og knúð þær fram. Sumstaðar hefir jafnvel þurft beina byltingu og sumstaðar allsherjarverkfall til að knýja slíkt fram. Það er alþekkt úr baráttu um kjördæmamálið annarsstaðar frá, og það er skiljanlegt um þá flokka, sem náð hafa fylgi í bæjunum, en á móti standa sveitakjördæmin, sem frá fornu fari hafa réttinn, en eiga hann ekki lengur, eftir þá framþróun, sem orðið hefir um atvinnuvegina. Það er skiljanlegt um þá konservativu og jafnaðarmenn, sem fyrir hönd bæjarmanna vinna að framgangi breyttrar kjördæmaskipunar til þess að *tryggja flokksmönnum sínum þann rétt*, sem þeir eiga að hafa í þjóðfélaginu í lýðfrjálsu landi. Mér finnst, að þó bylgjurnar gangi hátt og deilurnar milli þessara flokka hljóti að verða miklar og viðkvæmar, þá geti þeir verið sammála um slíkt mál sem þetta.

Hæstv. dómsmrh. var mjög glaður í sínu hjarta, eins og Hjálpræðisherinn segir, yfir því, að nú séu jafnaðarmenn og íhaldsmenn komnir í hárið hver á öðrum. Það er nú ekki orðið svo mikið enn í þessu máli, svo hann hefir glaðzt fullsnemma yfir því. Hann talaði mikið um flatsængina, sem hefði myndazt í fyrra 14. apríl hjá þessum flokkum, sem væru nú að skilja eða velta fram úr rúminu. Það er skiljanlegt, að hann hugsi um það, hvernig aðrir fari í rúmi, því það er haft eftir flokksmönnum ráðh., að þeim hafi fundizt hann fara heldur illa í rúmi. Sennilega er það orðið svo nú, að hæstv. dómsmrh. er farinn að finna þetta sjálfur, því talið er, að hann sé meira einangraður í sínum flokki en hann hafi nokkru sinni verið fyrr, og það sé jafnvel svo, að hann, sem réði og ríkti hjá framsóknarmönnum í byrjun þessa kjörtímabils, hafi nú varla meira en það, sem eina fræga persónu vantaði fyrr á öldum til að vinna allt Ísland. Það er líka sagt um framsóknarmenn hér í bænum, að þeir séu orðnir verulega hræddir og farnir að víggirða sig. Mér er sagt, að stj. sé búin að kaupa hús hér

í bænum, sem einna mest líkist kastala. Þangað hefir stj. drifið allt sitt einvalalið, mest einhleypa og unga menn, með vopnum og verjum, svo hægt sé að búast til varnar. Það virðist því ekki vera nein gleði á ferðinni hjá framsóknarmönnum og dómsmrh., þótt hann væri svo glensfullur í dag út af flatsænginni.

Magnús Torfason: Ég get ekki hrósað hv. 1. landsk. fyrir það, að hann sé þakklátur maður. Hann lýsti því yfir, að þessar till. mínar væru einskis virði, og að síðari helmingurinn tæki allt aftur, sem lofað væri í fyrri helmingnum. Mér finnst þetta vera alveg stakasta vanþakklæti hjá honum, og satt að segja er mér þetta alveg óskiljanlegt, því þegar ég bjó til þessar síðari till., leit ég svo á, að ég hefði boðið hv. 1. landsk. upp í dans á sjálfs hans línu. Í till. um kjördæmaskipunina á þskj. 37 er sagt svo, að skipting landsins í kjördæmi haldist óbreytt sú, sem nú er. Kjördæmin utan Reykjavíkur, sem eru 26, kjósi fyrst einn þm. með meirihlutakosningu. Í þessari till. minni er sagt, að þau kjördæmi, sem ákveðin eru með stjórnarskránni, skuli ekki vera nema 25, svo ég geng jafnvel feti framar en hv. 1. landsk. Það er ákveðið í stjskr., að kjördæmin megi ekki vera færri en 25. Það er það eina, sem ákveðið er í stjskr.; hvort þau eru fleiri, ráða kosningalögin. Munurinn er aðeins sá, að ég legg til, að ákvæðin um fjölda kjördæmanna verði tekin upp í stjskr., en ekki höfð í kosningalögum. En úr því að hv. þm. hefir lagt til, að kjördæmin yrðu fleiri, þá má hann vel við una mína till., því fremur sem ég get búizt við, að hv. þm. líti svo á, að það sé ekki ómögulegt, að hans flokkur komist einhverntíma í meiri hl. og að hann þá, a. m. k. með aðstoð jafnaðarmanna, gæti breytt þessu eftir vild. Frá þessu sjónarmiði verð ég að líta svo á, að þessir báðir flokkar ættu að vera mér þakklátir fyrir till. En nú er ekki því að heilsa.

Það hefir verið talað um það, að við framsóknarmenn höfum nú með okkar till. gengið svo langt, að við gætum nú ekki lengur talað með sama valdi og áður um kjördæmamálið, þar sem við m. a. höfum nú boðið það, að Rvík skuli fá 8 þm. En ég get ekki séð, að við höfum framið hér neina goðgá í þessu efni. Við höfum aðeins lýst því yfir, að við teljum rétt, að Rvík eigi að hafa 8 þm. með þeim 4 landsk., sem ómótmælanlega eru fulltrúar Reykjavíkur. Ég held það þurfi ekki fleiri vitna við til málsvarnar fyrir framsóknarmenn í þessu efni. Hv. landsk. þm. sjálfstæðismanna og jafnaðarmanna hafa jafnan, og síðast í dag, fullt og fast haldið fram málstað Reykjavíkur, og ég sé ekki, að þeir hefðu gert það betur með neinu móti, þó þeir hefðu verið kosnir af Rvík. Með 8 þm. fyrir Rvík er því ekki boðið annað en það, sem Rvík hefir haft og hefir enn á þingi.

Frsm. meiri hl. af hálfu Sjálfstfl. (Jón Þorláksson): Hv. 3. landsk. las upp eftir mér ummæli, er ég viðhafði við umr. um niðurlagningu landskjörsins í fyrra, og hann vildi auðsjáanlega láta það líta svo út, að ég með þeim hefði verið að lýsa afstöðu minni til kjördæmamálsins þá. Mér þykir það mjög leitt, að það skyldi koma fyrir þennan samsýslung minn, að hann skyldi fremja það gagnvart mér í þessu efni, sem almennt er kallað rökhnupl. Þessi ummæli mín á vetrarþinginu 1931 voru eingöngu viðhöfð með tilliti til þess, á hvern hátt ég gæti fallizt á till. Framsóknarfl. þá, eins og þær lágu fyrir, en ekki til þess að lýsa afstöðu minni til nauðsynlegra breyt. á kjördæmaskipun og kosningalögum. Ef hv. þm. hefði lesið einni setningu lengra, ef hann hefði lesið næstu setningu, þá hefði það sézt greinilega, hvernig bar að skilja þessi ummæli, sem hann las, því næstu orð mín eru þessi, með leyfi hæstv. forseta. „Þetta er eina ástæðan fyrir því, að ég get verið með niðurlagningu landskjörsins". En við þessa sömu umr. lá fyrir brtt. við frv., sem ég gerði að umræðuefni í sambandi við niðurfelling landskjörsins, og það var brtt. frá hv. 2. landsk. um að leyfa hlutfallskosningar í fleirmenningskjördæmum utan Rvíkur, og þá ætlaði ég að sætta mig við þetta tvennt: niðurfellingu landskjörsins og hlutfallskosningu í kjördæmunum utan Rvíkur, sem höfðu fleiri en einn fulltrúa. En afstöðu mína til kjördæmaskipunarmálsins er að öðru leyti að finna í því

stjskrfrv., sem ég flutti með öðrum þm. á sumarþinginu sama árið og er nálega shlj. því frv., er ég flyt nú.

Að öðru leyti ætla ég að láta ræðu hv. 3. landsk. eiga sig og ætla ekki að fara út í ummæli hans um hæstv. forsrh. og hans miklu samningalipurð. Ég get aðeins sagt það, að mín reynsla er allt önnur um hæstv. ráðh.

Ég veit ekki, hvað ég á að halda um brtt. hv. 2. þm. Árn. á þskj. 407. Hann sagði, að í þeim stæði, að kjördæmin ættu ekki að vera nema 25, en ólukkans prentararnir hafa nú sett það þannig á pappírinn, að þar stendur nú, að þau skuli aldrei vera færri en 25. En með því er eðlilega meint, að þeim megi að sjálfsögðu fjölga með lögum. Þetta er óneitanlega dálítið annað en hv. þm. segir, að eigi að vera. En ég verð nú að greiða atkv. um þá prentuðu brtt., hvað sem hv. þm. hefir ætlazt til, að stæði í henni. Og ég stend við það, að eins og hún er, þá er með henni tekið aftur það, sem fólst í brtt. hans frá umr. í gær, því þegar heimild er fyrir að fjölga kjördæmunum, þá er hægt að gera það þangað til kjördæmin taka upp öll þingsætin, og þegar búið er að fjölga þeim svo, að öll uppbótarsætin eru horfin, þá er búið með það réttlæti, sem á að tryggja með uppbótarsætunum.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég tel mér það sjálfsagt að vera stuttorður, því mér skilst, að nú muni að mestu lokið ræðum þeirra hv. þm., sem helzt hafa staðið í málsvörn á báða bóga, og muni þeir nú flestir vera búnir með sinn ræðutíma. Þó vildi ég leiðrétta nokkur smáatriði í ræðum hv. 1. og hv. 2. landsk.

Ég býst við, að hv. 1. landsk. skilji það nú, hvað af því hefði leitt fyrir land og þjóð, ef lagt hefði verið í þær starfsframkvæmdir, er hann og flokksbræður hans hörmuðu svo mjög, að ekki náðu samþykki á síðasta vetrarþingi, en það er virkjun Sogsins fyrir 8 milljónir. Hv. þm. veit, að sú rannsókn, sem gerð hefir verið á því verki síðan af manni, sem þm. sjálfum er miklu fremri, hefir leitt það í ljós, að virkjunin getur orðið miklum mun ódýrari eftir áætlun þessa manns heldur en áætlun hv. 1. landsk., og að það hefði verið hvorki meira né minna en þjóðarógæfa, ef fylgt hefði verið því fyrra plani, og að það var því hið mesta lán fyrir þessa þjóð, að Sogsvirkjunin var ekki samþ. á þeim grundvelli, er það mál var flutt á í fyrra.

Mig furðar mikið á minnisleysi hv. þm. um það, sem gerðist á fundinum í Ólafsvík í fyrra. Þegar présturinn þar spurði hann að því, formann Íhaldsfl., hvernig þessir bandalagsflokkar hugsuðu sér fyrirkomulag kjördæmaskipunarinnar, þá segir þessi hv. þm., að Alþýðufl. langi til þess að gera landið allt að einu kjördæmi, en að sinn flokkur vilji ekki fallast á þá till. Aftur á móti sé hann nokkurn veginn ánægður með það, að landið yrði gert að 6—7 kjördæmum, og að Alþýðufl. muni þá koma það á móti Íhaldsfl. að fallast á það fyrirkomulag. Báðir þessir flokkar hafa lýst því yfir, að þeir skoðuðu þetta sem varatill. Það er tekið fram í nál. meiri hl. í kjördæman. og í ummælum í hv. þd., svo ég sé ekki ástæðu fyrir þessa menn að vera að afneita till. nú, sem allir vita, að voru sá grundvöllur, sem sambræðsla þessara tveggja flokka byggðist á.

Þar sem hv. 2. landsk. var að tala um það, hve framsóknarmenn væru nú orðnir stórgjöfulir við Rvík, að vilja fjölga þm. hennar um helming, þá skal ég benda honum á það, að í till. okkar göngum við þó ekki lengra en það að fjölga þm. í allt um 3; það er sú breyt., sem við leggjum til, að verði. Hann talaði um, að við hefðum verið alls ófúsir í fyrra að fjölga þm. Rvíkur, en hann gleymir því, að þá átti landskjörið líka að standa óbreytt. Þá tókum við það fram, að Rvík ætti í reyndinni 8 þm., 4, er hún kysi sjálf, og 4 af 6 úr landskjörinu. Við lítum því svo á, að Rvík sé ekki neitt sérstaklega illa sett með fulltrúa á þingi.

En þegar við nú gerum till. um framtíðarkosningaskipulag, þá höllumst við að því, að Reykjavík hafi áfram þá sömu 8 þm., sem hún hefir haft. Ég þykist vita, að hv. þm. muni það, að landskjörið á að falla niður eftir till. okkar framsóknarmanna, en það á nú að koma fram í annari mynd, til uppbótar fyrir aðra landshluta. Ég býst við, að hv. þm. hafi

ekki munað það, að uppbótarþingsætin eiga eftir okkar till. ekki að ná til Reykjavíkur, heldur til kjördæmanna utan Reykjavíkur, til jafnaðar milli stjórnmálaflokkanna. Þetta er byggt á því, að aðrir landshlutar eigi að fá uppbót, er jafnist á móti þeim miklu áhrifum, sem Reykjavík hefir á þingið, vegna þess hvar það er, sett. Að við framsóknarþm. teljum réttmætt, að fleiri kjósendur komi á hvern þm. í Reykjavík heldur en annarsstaðar á landinu, byggist einmitt á þessum óbeinu áhrifum Reykjavíkur á Alþingi. Það eru fleiri en við Íslendingar, sem byggja á áhrifum höfuðstaðanna á þjóðþing landanna. Öll nágrannaríkin gera það. Í Noregi hefir höfuðborgin t. d. aðeins 7 fulltrúa, og er auðséð af því, að það er ekki lítið tillit tekið til hinna óbeinu áhrifa í þessu frændlandi okkar. Það, sem einkennir okkar till., er það, að við viljum byggja allar breyt. á tilhögun þessa máls á hinni sögulegu þróun; við erum á móti byltingum eins og þeirri, sem gerðist í fyrra eftir að þingið var leyst upp, þessari byltingu, sem þá stóð í fulla viku og er eftirminnileg fyrir það, hvernig hún byrjaði og endaði. Við erum þess fullvissir, að það er ekkert í framkomu þjóðarinnar, sem skaðar landið eins mikið og slík læti.

Ég minnist þess, að fyrir 3 árum, það var árið 1929, þá tók ég þátt í því að semja um bráðabirgðalán fyrir landið við einn af stærstu bönkunum í London. Þá man ég, að bankastjórinn sagði á þá leið, að ástæðan til þess, að bankinn tryði okkur vel, væri vitanlega ekki sú, að við værum efnuð þjóð, heldur hin, að við værum frændur þeirra, við værum af sama kynþætti og þeir, og hjá okkur tíðkuðust ekki byltingar fremur en hjá öðrum germönskum þjóðum. Við þurfum ekki að vera hræddir við hjá ykkur, sagði bankastjórinn, neina óeðlilega framkomu stjórnmálaflokkanna; þess vegna þorum við að trúa ykkur. Þetta var ástæðan fyrir trausti bankans, trausti, sem við hefðum áreiðanlega ekki notið, ef við hefðum verið byltingasinnuð þjóð eins og þjóðirnar í Suður-Ameríku eða öðrum þeim löndum, þar sem byltinga- og ofstopamenn vaða uppi með ólögum.

Mér þótti rétt að taka það fram, úr því farið var að minnast á þá atburði, sem gerðust hér í bænum eftir þingrofið í fyrra, að þó það útleiddist svo, að ekkert yrði úr þessum bjánaskap, er sýnilega hefir skaðað landið út á við, þá hefir þjóðin áþreifanlega sýnt með kosningunum 12. júní síðastl., að hún vill láta gilda lög og reglur og álítur, að slík læti sem þessi muni ekki auka álit okkar eða sóma meðal nábúaþjóðanna.

Þjóðin sýndi það með kosningunum síðustu, að hún vill engar byltingar, hún sýndi, að hún vill halda sín lög og sínar reglur. Hið sama viljum við framsóknarmenn sýna með okkar till. í kjördæmamálinu; við viljum engar stórbreytingar, heldur aðeins þær, sem þróunin gerir eðlilegar. Þegar gengið var frá stjskr. síðast fyrir 12 árum, þá var þm. fjölgað úr 40 upp í 42. Sú breyt., er við nú leggjum til, að gerð verði á tölu þm. úr 42 í 45, er mjög í samræmi við vöxt þjóðarinnar og aukið athafnalíf hennar. Okkar till. eru byggðar á kröfum þróunarinnar, en það er allt öðru máli að gegna með þær till., sem fela í sér svo mikla fjölgun þm., að þeir geti skipt hundruðum. Okkar till. miðast við eðlilegan vöxt, en ekki við byltingu eða stór stökk. Flokkur hv. 1. landsk. hefir nú fram á síðustu missiri algerlega fordæmt allar þær breyt. á kjördæmaskipun og kosningalögum, sem nú felast í hans frv. Og þess er að minnast, að hv. 1. landsk. tók mjög hart á einum ritstjóra sinna blaða árið 1927 fyrir að stinga upp á svo skyndilegri stefnubreyt. í þessum efnum sem hann þá gerði.

Um hinar róttæku till. íhaldsmanna er auk þess það að segja, að þær hafa ekkert verið ræddar fyrr en allra síðustu mánuðina, og þess vegna allt of lítið hugsaðar og undirbúnar til þess að forsvaranlegt geti talizt þess vegna að gera þær að lögum.

Ég get ekki endað mál mitt nema að minnast dálítið á þær hótanir, sem a. m. k. hv. 1. landsk. hefir haft í frammi í sambandi við þetta mál, um það, að ef ekki yrði samþ. frv. hans í þessu máli, þá skyldi hann og hans flokkur vinna á móti því, að stj. fengi framlengda venjulega tekjustofna ríkisins til þess að geta staðið straum af lögmæltum gjöldum.

Þetta er alveg ný aðferð og áður óþekkt hér á Alþingi, og ég ætla, að þeir, sem hafa nú fundið hana upp, hafi ekki gert sér það ljóst, hvaða afleiðingar það hefir fyrir þjóðina, ef slík hótun verður framkvæmd, og að ekki sízt munu afleiðingarnar koma fram á þeim stéttum, er kosið hafa þá menn, er að hótununum standa. Ef svo færi, að sá þingflokkur, sem mestra tekna ríkissjóðs vill afla með tollum og segir, að tollarnir séu sín stefna, snýst allt í einu öfugur gegn sinni eigin skattamálastefnu, eins og hv. 1. landsk. hefir lýst yfir, að hans flokkur mundi gera, ef frv. nær ekki fram að ganga; ef hann ætlar að falla frá þessari sinni stefnu, tollastefnunni, til þess að geta skapað erfiðleika fyrir þjóðfélagið, þá er þessi flokkur áreiðanlega að stofna til þeirra afleiðinga, sem telja má víst, að ekki sízt mörgum af hans flokksmönnum þyki ekki fýsilegar. Afleiðingarnar yrðu sýnilega þær, að starfsmönnum ríkisins yrði ekki hægt að greiða laun sín, og það mundu safnast fyrir þessi ógreiddu laun, sem að líkindum yrðu þó greidd einhverntíma seinna, en þessi óákveðni dráttur mundi þó áreiðanlega skapa erfiðleika fyrir embættismennina. Og það mætti hugsa sér, að þeir mundu þá segja: Ef við eigum ekki að fá þau laun, sem okkur ber, þá erum við heldur ekki skyldugir til þess að vinna fullkomna vinnu. Verkfallið mundi eðlilega færast yfir á starfssvið ríkisins, og gæti þá leitt af sér fulla upplausn þjóðfélagsins. Ef dómararnir hættu að dæma, ef læknarnir hættu að lækna og hjúkrunarkonurnar hættu að hjúkra þeim sjúku, þá mundi skapast það ástand, sem öllum yrði óþægilegt. En þegar svo á að fara að leita að þeim, sem ábyrgðina bera á öllum þessum óþægindum, þá verður ekki erfitt að finna þá; það eru mennirnir, sem neituðu ríkinu um þá skatta, sem til þurfti að greiða þær kröfur, er þeir höfðu lagt ríkinu á herðar. Það eru mennirnir, sem vildu vinna það til að leysa upp þjóðfélagið til þess að koma fram sinni hefndarpólitík. En hverjir hafa nú mestan óhag af þessari byltingu? Það eru ekki framsóknarmenn. Ef hv. 1. landsk. athugar það, að fylgi Framsóknarfl. er einmitt mest í þeim hlutum landsins, sem fyrir minnstum óþægindum yrðu af því, ef ríkissjóður yrði þess ekki megnugur að standast sínar skyldur, þá hlýtur hann að sjá, að þetta verður framsóknarmönnum ekki til tjóns öðrum fremur, heldur alveg öfugt. Erfiðleikarnir, sem af því mundi leiða, að verkbann legðist á ríkið, mundu langtum harðar koma niður á íbúum kaupstaðanna heldur en sveitanna. Ríkissjóðurinn yrði ekki eingöngu að hætta að greiða sínum föstu starfsmönnum laun, heldur mundi hann verða alveg að hætta að leggja nokkuð fram til verklegra framkvæmda eða til atvinnubóta, eins og dálítið hefir verið gert að síðastl. vetur. Allt slíkt væri með öllu útilokað, hver svo sem með völdin færi, því þetta væri bein afleiðing af því, að ríkið ætti enga peninga. Og þegar svo við þetta bættist, að helmingur þjóðarinnar stæði að þessu verkfalli, þá mundi traust og álit ríkisins út á við fljótt rýrna, samkvæmt ummælum enska bankastjórans, og það er ekki ólíklegt, að þeim mönnum, er slíkum atburðum ætla að valda, takist að brjóta niður þá trú, sem aðrar þjóðir hafa fengið á okkur og skapazt hefir fyrir skilamennsku Íslendinga.

Hv. þm. ætti bezt að vita, hvílíkt tjón slíkt væri hans sterkustu pólitísku fylgismönnum, að missa traust erlendra viðskiptamanna og lánardrottna. Tiltrúin minnkar alveg eins og í ríkjunum í Suður-Ameríku, vegna stjórnleysis þess, sem þar ríkir.

Ég benti á það, hve grunnfær hugsunarháttur þeirra manna væri, sem halda það, að þeir geti hefnt sín á einum stjórnmálaflokki með þeim aðgerðum, sem setur allan landslýð, verkamenn, vinnuveitendur, kaupsýslumenn og yfir höfuð alla í hin mestu vandræði, og það eingöngu í hefndarskyni. Ég hefi viljað sýna fram á þetta, „því ekki veldur sá, er varir“. — En hitt get ég fullvissað hv. 1. landsk. um, og það ætti honum að vera kunnugt, þar sem hann er alinn upp í sveit, að það verður ekki sveitafólkið, sem fyrst gefst upp. Það er vant meira harðrétti og hefir auk þess betri aðstöðu til þess að verjast, vegna framleiðslu sinnar. Það er því víst, að þau brögð, er hv. 1. landsk. beitir í þessu máli, bitna fyrst og fremst á hans eigin mönnum.

Ég hygg því, að hann muni ekki meiri gleði af þessu hljóta heldur en svo mörgu öðru, sem hann hefir átt þátt í eða verið höfundur að. Þetta mun ekki verða honum né flokki hans til meiri framdráttar heldur en þegar hann átti sinn þátt í því að senda flugumann til pólitísks andstæðings, sem varð honum og flokki hans hvorki til fremdar né framdráttar. Ekki hefir heldur sá bræðingur, sem hann stofnaði til fyrir ári síðan, ennþá veitt honum gleði né gæfu. Og ef hann leiddi nú yfir þjóðina alla og einkum þó þá stétt, sem hann og flokkur hans styðst við, sérstök vandræði, sem ósýnt er um, hve lengi myndu vara, er mér ekki grunlaust um, að fara myndi á sömu leið sú áætlun hans að gera Framsóknarfl. óleik með því eins og hans fyrri pólitísku áætlanir hafa farið. En þær minna aftur á hinar verkfræðilegu áætlanir hans, svo sem eins og 8 millj. kr. áætlun hans um Sogsvirkjunina í fyrra. Ég held, að hv. 1. landsk. ætti að vera búinn að læra svo mikið af reynslunni, að hann ætti að vera farinn að taka það með í reikninginn, hve oft honum hefir skjátlazt í verkfræðinni. Það er nærri sama, hvar farið er um landið, þá eru alltaf fyrir augum manna „verk, sem tala“: Gljúfurárbrúin, Kveldúlfsbúkkinn, rafveita Reykjavíkur, síldarverksmiðjan, þar sem fram kom, að hv. þm. hafði gleymt margföldunartöflunni, Sogsáætlunin nú síðast, og svona mætti lengi telja. Alstaðar hefir hv. 1. landsk. sýnt, að honum er hætt við að gera bagalegar skekkjur í útreikningi sínum. Þessar skekkjur vill hann nú fara að vefa inn í þjóðlíf okkar Íslendinga. Gagnvart hinum verkfræðilegu skekkjum hafa náttúruöflin stundum risið og tekið í taumana. Þau hafa þar orðið honum ofurefli. En ég er þess eins fullviss, að þetta, sem hann hótar nú að gera, mun koma honum sjálfum í koll og hans nánustu. Og þótt það kunni að gera mörgum skaða, þá skaði það þó engan meir en upphafsmanninn sjálfan. Og í sambandi við þetta má minna á, að hv. 1. landsk. hefir ekki haft meiri hótanir í frammi nú en hann hafði fyrir ári síðan. Og áhrif þau, sem þær hótanir höfðu, mættu enn vera honum og flokki hans í fersku minni.

Jakob Möller: Ég ætla ekki að svara þessari bunu hæstv. dómsmrh. Það er nú svoleiðis með hann, að þegar hann tekur til máls, þá er beðið eftir því af öllum, að einhverjir náttúrukraftar verði til þess að stöðva hann. Svo þarf enginn að skipta sér neitt meira af því. Þar ægir öllu saman, svo sem því, að hv. 1. landsk. hafi gert 8 millj. kr. áætlun, sem haldið hafi verið fram í fyrra. Þetta vita hv. þdm., að er vitleysa, svo ástæðulaust er að fara lengra út í það.

Ég stóð nú upp af því, að ég skaut því fram í ræðu hæstv. dómsmrh., að hann botnaði auðsjáanlega hvorki upp né niður í því, sem hann var þá að tala um. Ég ætla nú að gera grein fyrir, hvers vegna ég sagði það. Hæstv. ráðh. var þá að tala um, að kominn væri upp ágreiningur í þessu máli milli sjálfstæðismanna og jafnaðarmanna og var mjög glaður yfir því. Þessa ályktun dró hann víst af því, að till. hefir komið fram frá fulltrúum sjálfstæðismanna í stjskrn. um, að hámark tölu þm. skuli vera 50. Hæstv. ráðh. virtist skilja þetta svo, að með þessu væri tala uppbótarsæta flokkanna takmörkuð. Hv. 2. landsk. hefir að vísu slegið á líka strengi, en hann veit þó vel, að þessu er ekki svo farið. Það er m. a. ljóst af því, hvernig hann talaði um till. hv. 2. þm. Árn., eftir að hafa þó talað um afslátt, er kæmi fram hjá Sjálfstæðisfl. í brtt. hv. 1. og hv. 4. landsk. Hann talaði um till. hv. 2. þm. Árn. sem líklegar til samkomulags, en þar var þó gert ráð fyrir 45 þingsætum, í stað 50 í till. hv. 1. og 4. landsk. Þar er heldur ekki slegið af neinum kröfum. Hæstv. dómsmrh. var að tala um, að ósamræmi kæmi fram í því hjá hv. 1. landsk., að í kjördæman. hefði hann haldið því fram, að ekki mætti takmarka tölu uppbótarsæta þingflokkanna, en nú legði hann til, að talan væri takmörkuð. Hæstv. ráðh. sýnir bara með þessu, að hann skilur það ekki, að með brtt. er tala uppbótarsæta flokkunum til handa heldur ekki takmörkuð. Stjórnarskráin, ef frv. verður samþ. óbreytt, segir eftir sem áður, að flokkarnir skuli fá þingsæti í réttu hlutfalli við atkvæðamagn. Ef því þau uppbótarsæti, sem afgangs verða, þegar kosning hefir farið fram, hrökkva ekki til að

fullnægja því ákvæði, þá verður þetta að nást á þann hátt, að allir þeir frambjóðendur, sem fengið hafa meiri hl. í kjördæmum, komast ekki að sem þingmenn; þeir verða einhverjir að víkja, þar til réttu hlutfalli milli flokkanna er náð. Þetta er skilningur hv. flm., og ég veit, að þetta skilja allir. Hæstv. dómsmrh. er bara undantekning. Hann skilur þetta auðsjáanlega ekki, en það verður að afsaka það.

Ég vil þá beina orðum mínum til hv. 3. landsk., sem talaði með alvöruþunga og ábyrgðartilfinningu um þetta mál og vitnaði að síðustu í orð Þorgeirs Ljósvetningagoða, þau er hann viðhafði árið 1000, um að allir landsmenn ættu að lúta sömu lögum, og að slíta sundur lögin væri að slíta sundur friðinn. Ég get verið á sama máli um þetta. En ég bið Framsóknarfl. að athuga, hverjir slíta sundur friðinn. Þetta mál er svo til komið, að á vetrarþinginu 1931 kom fram frv. til stjórnskipunarlaga frá stj., um það, að leggja niður landskjörið. Nú er á það að líta, að landskjörið var þó hið eina réttlæta fyrirkomulag innan kosningalaganna, þar sem það tryggði þó flokkunum hlutfallslegan rétt svo langt sem það náði. Að nema þetta ákvæði burt var því að slíta sundur friðinn. Með þessu átti að tryggja sveitunum annan rétt en hinum fjölmennustu kaupstöðum. Ábyrgðin hlýtur því að falla á þeirra eigið bak, ef friðnum verður slitið.

Hv. þm. talaði um, að miðla mætti svo málum, að öllum líkaði sæmilega vel. Ég vil spyrja hv. framsóknarþm., hvort þeim líkar það vel, að allir landsmenn hafi sama rétt. Annað er ekki farið fram á í þessu máli. Hv. þm. sagði, að það væri viðurkennt í útlöndum, að stórbæir eigi ekki að hafa sama rétt og aðrir landshlutar um fulltrúaval til þings. Það er nú hálfspaugilegt að heyra hv. þm. bera þetta fram máli sínu til stuðnings. Stórborgir erlendis hafa átt í alveg sama stríði og nú er háð hér. Þær hafa byggzt mjög ört á síðari tímum og hafa hvarvetna orðið að sækja rétt sinn til eldra skipulags. Þar sem enn er ekki komið á fullt jafnvægi, þar hefir tekizt að halda í þennan rétt fyrir borgunum. En það sannar ekki, að í því sé nein sanngirni. Það sannar bara, að þar hefir verið beitt rangsleitni gagnvart íbúum borganna, alveg eins og Framsóknarflokkurinn vill gera hér.

Ég get tekið undir ummæli hv. 3. landsk., þau, að mönnum beri að gera sér ljóst, hver ábyrgð hvílir á öllum. En þá verður líka að gera sér það ljóst, að sú skylda hvílir ekki eingöngu á þeim, sem óréttinu eru beittir. Þeir, sem óréttinum beita, hafa vitanlega miklu ríkari skyldu til að leysa málið. Og framsóknarmenn verða að gera sér það ljóst, að það eru þeir, sem óréttinum beita. Þeir þurfa ekki að láta sér detta það í hug, eins og hæstv. dómsmrh. var að útmála áðan, þegar hann las hér upp Tímagrein, sem hann hefir verið nýbúinn að skrifa, að við vitum ekki, hvaða áhrif það mundi hafa bæði út á við og inn á við, ef friðnum verður slitið. Það mun eflaust standa okkur fyrir sjónum miklu ljósara en þeim, hverjar afleiðingar slík friðslit myndu hafa. En það mega framsóknarmenn þó vita, að hér mun verða fast á haldið réttlætismálunum af fulltrúum þeirra, er þeim halda fram, og ekki horft í, þótt eitthvað kosti að fá þau leidd til sigurs.

Hæstv. dómsmrh. talaði um, að það kostaði það, að við mundum ekki fá lán erlendis, ef friðnum verður slitið. Ég tel nú, að ekki sé miklu til kostað, þótt við fengjum ekki lán handa þeirri stjórn, er nú situr. Og ég hygg, að flestum landsmönnum þyki nú nóg af því komið að trúa henni fyrir fé og vilji tæplega, að ný lán séu tekin, ef hún á að ráðstafa þeim. Þótt því afleiðingin af því, að réttlætismáli þessu er fast fram haldið, yrði nokkur hamla á fjársöun stj., þá gætu það ekki talizt illar afleiðingar. Ég hygg, að allir landsmenn sjái nú, að of miklu fé hefir verið ausið í stj., og harmi það því ekki, þótt hún hafi úr minna að moða svona fyrst í stað.

Að síðustu skal ég segja það, að þó framsóknarmenn sumir kunni að halda, að brtt. hv. 1. og 4. landsk. beri vott um það, að sjálfstæðismenn vilji slá aftur af kröfum sínum, þá er þó ekki um neinn afslátt á þeim að ræða. Framsóknarmenn mega vita það, að þessu máli **verður haldið til streitu, hvað sem það kostar.**

Jón Jónsson: Mér þótti leitt að heyra, að hv. samsýslungur minn, 1. landsk., sagði, að ég hefði beitt sig rökhnupli, þar sem hann sagði, að ég hefði farið rangt með skoðanir hans frá síðasta vetrarþingi. Ég vil ekki viljandi rangfæra neins manns orð. En ég get ómögulega annan skilning lagt í þá setningu, er ég las upp, en ég gerði. Og þótt ég lesi næstu setningu, þá breytir það engu. Sú setning hljóðar svo: „Þetta er eina ástæðan fyrir því, að ég get verið með niðurlagningu landskjörsins". Það er líka eðlilegt, að hann segi þetta, þar sem hann taldi landskjörið heldur til bóta. Hér er því ekki um neitt rökhnupl að ræða. Það, sem ég hefi haldið fram um þetta, er alveg rétt.

Þá skal ég fara fáeinum orðum um það, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði. Honum fannst það einkennilegt, að ég gæti ekki skilið það, að brtt. hv. 1. og 4. landsk. yrði ósamrýmd 1. gr. stjskrfrv. á þann hátt, að minnihl.maður næði kosningu í einhverjum kjördæmum. Ég heyri að vísu þessa skýringu, en hitt get ég varla skilið, að nokkrum detti það í hug, að sá eigi að ná kosningu í kjördæmi, sem kosinn er af miklum minni hl. kjósenda þar. Mér finnst, að þá færi nú réttlætið að hallast.

Þá lagði hv. þm. út af þeim orðum Þorgeirs Ljósvetningagoða, er ég minnti á áðan vegna þeirrar hugsunar, er kom fram hjá hv. 1. landsk. um að ríkið mundi klofna í tvennt. Hv. þm. fór nú eiginlega lofsamlegum orðum um þessi orð Þorgeirs. Vona ég því, að hann breyti eftir þeim. Aðeins vildi hann kenna Framsóknarfl. um, að hann hefði valdið friðslitum, og færði til till. Framsóknar í fyrra um að afnema landskjörið. Ég get nú ekki séð, að í þeirri till. hafi falizt nein friðslit, sbr. ummæli hv. 1. landsk. þm. á vetrarþinginu í fyrra. Ég held, að sú skoðun sé nokkuð almenn meðal allra flokka, að landskjörið sé eiginlega hvorki fugl né fiskur, sem ekki svari kostnaði að halda í. Hv. þm. Snæf. o. fl. hafa flutt till. um að afnema landskjörið. Og það er ekki fyrr en þá nú, að nokkur deila hafi staðið um það.

Það er vitanlega ekkert við því að segja, þótt misjafnar skoðanir komi fram um kjördæmamálið o. fl. o. fl. En ég vil ekki, að stofnað sé til þess, að slíkar deilur leiði til áhættu fyrir þjóðfélagið einmitt í því árferði, sem nú er og áður hefir verið lýst, og sem er á þann veg, að nota þarf krafta þjóðarinnar til alls annars frekar en að standa í harðvítugum illdeilum. Ég tel það því bæði skyldu mína og allra annara að gera það, sem hægt er til að leysa þetta mál á þann hátt, sem allir megi svo vel við una sem kostur er. Leysa það á þann hátt, að forðað sá árekstri og að málalokin megi verða öllum til sæmdar.

Ég mun ekki ræða neitt við hv. 2. landsk., þar sem hann er nú ekki viðstaddur. Aðeins skal ég geta þess, að hann hélt því fram, að Framsóknarfl. vildi ekkert nema að halda í sama ástand og er. En vegna þeirra orða vil ég aðeins minna á ræðu þá, sem hæstv. forsrh. hélt í fyrravor og flaug á bylgjum útvarpsins víða um land. Í þeirri ræðu lýsti hann yfir því, að Framsóknarfl. væri fús til þess að koma með till. um endurbætur, til að lagfæra stærstu agnúana, aðeins að haldið væri fast við núv. kjördæmaskipun í aðalatriðum.

Aths. sú, er ég hafði, er nú víst búin, og skal ég því láta máli mínu lokið.

Frsm. minni hl. (Einar Árnason): Þegar þetta mál var hér til 2. umr., komu fram brtt. frá Framsóknarfl. Þær voru felldar, án þess að vera ræddar neitt verulega. Umr. fóru þá næstum alveg á snið við þær. Að þær till. voru felldar án þess að vera verulega ræddar, virtist benda á, að lítið þýddi að bera fram brtt. frá minni hl. n. nú við 3. umr. Það hefir því heldur ekki verið gert. Milli 2. og 3. umr. leið nokkur tími án þess að neinar brtt. kæmu fram. Og svo stóð, þegar málið var fyrst tekið á dagskrá til 3. umr., að þá hafði enn engin brtt. komið fram. En í það sinn kom þó málið ekki til umr. Hæstv. forseti tók það þá út af dagskrá af einhverjum ástæðum, ég veit ekki hverjum. En þegar frv. var aftur tekið á dagskrá, var komin fram brtt. frá tveimur flm. frv. Sú brtt. hefir aftur leitt til þess, að fleiri brtt. hafa komið fram, þar á meðal frá þriðja flm. frv.

Það má nú í fljótu bragði virðast undarlegt, að þessar till. eru komnar fram frá

sjálfum flm. þessa máls, einkum þar sem engar brtt. voru komnar frá öðrum, þegar þeir báru sínar fram. En þetta sýnir, að ekki er allt sem hreinast bak við frv. Till. hv. 1. og 4. landsk. ákveður, að tala þm. skuli aldrei fara yfir ákveðið hámark. Bindur hún enda, ef samþ. verður, á það, að tala þm. skuli vera algerlega óákveðin, sem þó var lögð sterk áherzla á í upphafi. Að þessu leyti er till. því spor í rétta átt. En sá böggull fylgir þó skammrifi, að, eftir því sem hv. flm. till. túlka hana, þá á að ná flokkslegu „réttlæti" með því að taka af kjördæmum þá þm., sem kosnir hafa verið þar með meiri hl. atkv., og taka þann, sem færri atkv. hefir fengið, og gera hann eða þá að þm. Þar með yrði réttur þess eða þeirra kjördæma, sem fyrir þessu yrðu, til að velja sér þm. af þeim tekinn.

Þetta er svo stór og ósanngjörn breyting, að Framsóknarfl. getur ómögulega gengið inn á hana, þar sem það er stefna flokksins að vernda sjálfstæðan rétt kjördæmanna til að velja sér þm. Ég mun svo ekki blanda mér meira inn í umr. um þær brtt., sem hv. flm. frv. hafa komið fram með. Aðstaða okkar framsóknarmanna hér er sú, að við getum engar brtt. fengið samþ. En þótt flm. frv. komi fram með andstæðar till., þá látum við þá eina um það. Við munum ekki skipta okkur af vopnaskiptum þeirra flokka.

Ég vil svo greina frá því fyrir hönd flokksmanna minna, að við munum leyfa frv. að ganga til hv. Nd. En um leið vil ég taka það skýrt fram, að við erum frv. mótfallnir eins og það er nú, en við viljum ekki koma í veg fyrir, að hv. Nd. fái tækifæri til þess að breyta því í viðunandi horf, því við erum sannfærðir um, að sú hv. d. afgreiðir málið aldrei í þeirri mynd, sem það nú er.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 52. fundi í Ed., 15. apríl, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 407 felld með 7:7 atkv.
— 379 tekin aftur.
— 403 felld með 8:6 atkv.
— 372 samþ. með 8:4 atkv.
Brtt. 387,1.a (aðaltill.) felld með 8:1 atkv.
— 387,1.a (varatill.) felld með 11:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JBald.
nei: BSn, EArna, GL, HSteins, IP, JakM, JónJ, JónasJ, MT, PH, GÓ.
JónÞ[1]), PM[2]) greiddu ekki atkv.
Brtt. 387,1.b tekin aftur.
— 387,2 felld með 8:3 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 9:3 atkv. og afgr. til Nd.

Á 53. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 429).

Á 55. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Samþ. með 22 shlj. atkv. að kjósa 7 manna nefnd til að fjalla um málið, en kosningunni frestað.

Héðinn Valdimarsson: Við jafnaðarmenn óskum þess að koma manni í þessa nefnd, og vænti ég þess, að hinir flokkarnir taki tillit til þess, þegar hún verður kosin.

Á 56. fundi í Nd., 20. apríl, var tekin til meðferðar kosning stjórnarskrárnefndar.

Hlutfallskosning var viðhöfð, og bárust forseta 3 listar, með samtals jafnmörgum nöfnum og kjósa skyldi menn í nefndina. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Bergur Jónsson,
Hannes Jónsson,
Bjarni Ásgeirsson,
Steingrímur Steinþórsson, } Af A-lista.
Magnús Guðmundsson,
Ólafur Thors, } — B-lista.
Héðinn Valdimarsson — C-lista.

---

1) **JónÞ:** Ég vil ekki greiða atkv. um þessa brtt. Að efni til er ég henni ekki mótfallinn. Taki forseti þessa ástæðu ekki gilda, get ég gert nánari grein fyrir því.

Forseti: Ég tek þessa ástæðu gilda og álít þetta það næstbezta fyrir honum.

2) **PM:** Ég greiði ekki atkv., með skírskotun til þess, sem hv. 1. landsk. sagði.

Á 68. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 429, n. 594, 595 og 615).

Frsm. meiri hl. (Bergur Jónsson): Eins og sést á nál. stjskrn., þá er hún þríklofin, eftir stjórnmálaflokkunum. Fyrri minni hl. n., sem eru sjálfstæðismennirnir í n., leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það kom frá hv. Ed. Annar minni hl. n., jafnaðarmaðurinn, vill ekki þýðast 1. gr. frv. eins og það nú er orðið, en gerir við hana 2 brtt., aðaltill. á þá leið, að landið verði eitt kjördæmi og að Alþingi sitji 42 þm., sem séu kosnir í hlutfalli við atkvæðatölu stjórnmálaflokkanna í landinu, og varatill. á þá leið, að landið skiptist í 6 kjördæmi, er hafi ákveðna tölu fulltrúa hvert, en sennilega að þar fyrir utan verði uppbótarsæti veitt flokkunum, og sé tala þeirra sæta ekki ákveðin, því það er tekið fram, að Alþingi eigi að vera skipað fulltrúum frá öllum stjórnmálaflokkum í hlutfalli við tölu greiddra atkv. Ennfremur er lagt til, að tala þm. sé óbundin af stjskr., og að síðustu er lagt til, að burt sé felld 5 ára búseta sem skilyrði fyrir kosningarrétti. Meiri hl. n., framsóknarmennirnir, getur ekki fallizt á till. minni hlutanna, en ber fram brtt. við frv., shlj. brtt. flokksbræðra sinna í Ed.

Ágreiningurinn í stjskrn. snýst um 1. gr. frv. Ég býst við, að hv. nm. telji hin önnur ákvæði frv. til bóta. Þó vil ég geta þess, að hv. fulltrúi jafnaðarmanna muni frekar óska þess, að þingið verði gert að einni málstofu, og ég skal játa, að ég fyrir mitt leyti get ekki betur séð en fyrir því séu talsvert gild rök, einkanlega þegar á það mál er litið út frá þeirri aðstöðu, sem nú er í þinginu, þegar helmingur hv. Ed., eða sjötti hluti þm., getur ráðið niðurlögum mála, sem ⅚ hlutar þm. vilja, að nái fram að ganga. En það heldur áfram að vera svo, ef frv. verður samþ. Annars lítur það dálítið einkennilega út, að þeir menn, sem ekkert annað telja rétt en að höfðatalan hjá þjóðinni eigi að ráða þegar kjósa á til Alþingis, skuli ekki telja rétt að láta hana sömuleiðis ráða á sjálfu Alþingi, að þeir skuli ekki sjá neitt athugavert við það, að sjálfir alþingismennirnir hafi misjafnan atkvæðisrétt í málum.

Í frv. er gert ráð fyrir að lækka aldurslágmark til þess að öðlast kosningarrétt til Alþingis niður í 21 ár. Hv. sjálfstæðismenn hafa reyndar fram til þess síðasta verið andstæðir þeirri breytingu, en virðast nú hafa látið í þessu efni undan kröfum unga fólksins, þó þeir hafi ekki áður viljað samþ. þessa réttarbót. Persónulega hefi ég alltaf verið fylgjandi þessari rýmkun kosningarréttarins. Úr því menn eru látnir hafa þennan rétt jafnan, hvort þeir eru menntaðir eða ómenntaðir, efnaðir eða fátækir, duglegir eða latir, þá ætti það ekki að skemma, að menn fengju kosningarrétt á aldrinum frá 21 til 25 ára. Menn eru vitanlega upp og ofan á því skeiði eins og síðar og er ekki meiri ástæða til að útiloka þetta unga fólk en t. d. þá, sem eru 70 ára eða eldri.

Þá er gert ráð fyrir því í frv., að menn tapi ekki kosningarrétti fyrir þeginn sveitarstyrk, eins og verið hefir. Um þetta atriði má hið sama segja, að hv. sjálfstæðismenn áður sem íhaldsmenn hafa allt til þessa verið því mótfallnir. Ég hefi aldrei álitið það rétt að taka þannig mannréttindin að veði fyrir skuldum, og í raun og veru er það ekkert annað, þegar menn fá réttindi við greiðslu skuldarinnar. Það er auðvitað ekki rétt, að menn tapi þeim réttindum vegna oft óviðráðanlegra báginda, réttindum, sem efnaðir slæpingjar og dáðleysingjar fá að halda.

Ég þóttist taka svo eftir, að hv. 1. landsk. héldi því fram í hv. Ed., að deilan stæði ekki um kjördæmaskipunina, en eins og störfum hefir verið hagað í stjskrn., þá hefir deilan eingöngu snúizt um það atriði. Hitt er annað mál, að eins og búið er nú um hnútana um stjórnarskrárbreytingar — þar sem til þeirra þarf samþykki beggja deilda Alþingis, með þingrofi og kosningum á milli —, þá eru það ekki góð vinnubrögð að gera breytingar á stjskr. án þess að láta jafnframt fram fara gagngerða endurskoðun á ákvæðum hennar. En um þetta þýðir nú varla að tala í þetta sinn.

Þegar þetta frv. var upphaflega flutt af fulltrúum beggja andstöðuflokka stj. í kjördæman. í byrjun þings, mun það hafa verið ætlun hv. sjálfstæðismanna, að ákvæðum stjskr. væri fullnægt með

þeim till., er fulltrúar þessara flokka í mþn. báru fram og birtar voru í Morgunblaðinu og nál. meiri hl. Mun það þá hafa verið skilyrði fyrir fylgi hv. jafnaðarmanna við till. þessar, að samkomulag yrði um þær milli allra flokka og tala uppbótarsæta ótakmörkuð.

Við framsóknarmenn í mþn. gátum alls ekki fallizt á þessar till. hv. meiri hl. n. Við gagnrýningu þeirra bentum við hv. flm. á stórvægilega galla á till., en hv. flm. tóku þeim andmælum ákaflega illa framan af, þótt síðar hafi þeir séð sig um hönd og gert nokkrar breyt. á till.

Ég vil leyfa mér að benda hér á þrjú atriði, sem við framsóknarmenn höfum talið verulega galla á upphaflega frv. og gerðu það að verkum, að ómögulegt var að ganga að því. Í fyrsta lagi kemur það í bága við þá meginreglu, sem tillögumenn telja sig fylgja, um jafnrétti flokka eftir atkvæðamagni, að sá flokkur, sem engum manni kemur að við hinar almennu kjördæmakosningar, fái ekki neitt uppbótarsæti. Miðað við regluna er hér um mjög rangláta undantekningu að ræða, því vel er hægt að hugsa sér flokk, sem getur fengið við kosningu allmikið fylgi á víð og dreif í hinum ýmsu kjördæmum, jafnvel atkvæði svo þúsundum skiptir, þó hann komi engum manni að. Hér virðist því vera beinlínis að ræða um brot á því principi, að allir flokkar fái fulltrúatölu í samræmi við kjósendafjölda.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því í till., að þar sem fleiri en einn frambjóðandi fer fram fyrir sama flokk í einu kjördæmi, þá eigi að leggja saman atkvæðatölu þeirra allra og veita þeim frambjóðanda flokksins, sem flest atkv. fær, þingsætið. Afleiðingin af þessari reglu gæti oft orðið sú, að maður, sem kannske fékk ekki nema örlítið brot greiddra atkv. í kjördæminu, næði kosningu. Þó maður af öðrum flokki hefði fengið miklu fleiri atkv., þá átti hann að falla, ef hann hafði ekki fleiri atkv. en fulltrúar andstæðingaflokksins höfðu samtals. Ég er viss um, að mörg kjördæmi yrðu ekki ánægð með að fá þannig fyrir þingmann mann, sem kannske hefði aðeins lítið brot kjósenda að baki. Með þessu fyrirkomulagi gæti hæglega svo farið, að maður næði kosningu, sem mjög lítið traust ætti í sínu kjördæmi.

Loks var það megingalli á frv., að tala þingfulltrúa átti að vera óákveðin og breytileg við hverjar kosningar. Þetta álitum við framsóknarmenn ófært ákvæði í frv. Það voru leidd rök að því, án þess í móti væri mælt, að tala kjörinna þingfulltrúa gat orðið breytileg allt frá 42, sem var lágmarkstala, og jafnvel upp í fleiri hundruð. Það er hugsanlegur möguleiki til þess, að þeir gætu orðið yfir tvö hundruð, og það er a. m. k. víst, að breyting á tölunni gat orðið mjög mikil frá einni kosningu til annarar. Fyrst þegar við framsóknarmenn í n. bentum flm. á þennan galla, vildu þeir ekki heyra á hann minnzt, en það varð óhjákvæmilegt fyrir sjálfstæðismenn að hlusta á flokksmenn sína á landsfundi þeirra í vetur, því þegar til kom, vildi landsfundurinn alls ekki fallast á þessa till. og samþykkti, að þingmenn skyldu aldrei vera fleiri en 50. Tillögumennirnir voru þannig af sínum eigin flokksmönnum reknir til þess að breyta sínum eigin till. með því að setja hámarkstölu þm. 50. Ég er ekki í vafa um það, að þetta hafa verið þung spor fyrir hv. flm., eftir því að dæma, hvernig þeir tóku gagnrýningunni fyrst hjá okkur framsóknarmönnum.

Eftir því frv., sem nú liggur fyrir, býst ég við, að hv. flm. hugsi sér að byggja á einmenningskjördæmum og takmarkaðri tölu uppbótarsæta, en það fyrirkomulag rekur sig einmitt á mjög harða gagnrýni frá sjálfum fulltrúum Sjálfstæðisfl. í mþn., sem þeir hafa látið prenta í því nál., sem fylgir upphaflega frv. Ætla ég að lesa hér nokkra kafla úr nál., með leyfi hæstv. forseta, er sýna þetta:

„Það leiðir af till. okkar, að tala þm. getur ekki verið fyrirfram ákveðin til fulls, heldur veltur hún að nokkru á úrslitum hverra kosninga. Sérstaklega er það ógerlegt að ákveða tölu uppbótarsætanna fyrirfram eða í eitt skipti fyrir öll, t. d. með lögum, af því að slík ákvörðun fyrirfram býður upp á það, að misnota tilhögunina, svo að höfuðtilganginum, hlutfallslega réttri fulltrúatölu, verði ekki náð. Þessu til skýringar viljum við í fám orðum segja frá gangi

þessa máls í Danmörku, en þar hefir þessi kosningaraðferð verið fundin upp, vandlega íhuguð frá öllum hliðum, lögleidd og notuð við einar kosningar, en ekki annarsstaðar svo við vitum. Þar var tala uppbótarsætanna fyrirfram lögákveðin, og það varð til þess, að þessi tilhögun var yfirgefin aftur".

Sömuleiðis segja hv. flm., þegar þeir eru búnir að sýna fram á þá galla, sem komu í ljós á þessu fyrirkomulagi í Danmörku, um leið og þeir geta um það, að danskur vísindamaður, Fr. Zeuthen, hafi sýnt fram á, að stjórnmálaflokkarnir gætu beitt „öldungis löglegum brögðum" til þess að fá uppbótarsæti án þess að eiga réttmætt tilkall til þeirra:

„Þetta sýnir hann, að gera má aðallega á tvennan hátt, annaðhvort með því, að flokkur gengur til kosninga undir einu nafni í sumum kjördæmum, yfirleitt þar, sem hann á víst sæti við kjördæmakosninguna, og undir öðru nafni í sumum kjördæmum, yfirleitt þar, sem hann veit sig í minni hluta, ellegar með samvinnu milli tveggja flokka, sem beinist að því að ná sem flestum þingsætum handa þessum flokkum til samans, á kostnað annara þingflokka. (Illoyal Alliance" kallar Zeuthen þetta)".

Þannig sýna þeir með orðum hins danska hagfræðings fram á það, hve mikið ranglæti felist í því að hafa tölu uppbótarsætanna takmarkaða, og að lokum segja þeir:

„Það hefir þannig orðið niðurstaðan af endurteknum, vandlegum íhugunum stjórnmálamanna og sérfræðinga í kosningafræðum í Danmörku, að hlutfallskosningar í sambandi við einmenningskjördæmi séu ekki nothæfar nema í sambandi við fyrirfram óákveðna tölu uppbótarsæta, ef nást á hlutfallslegt jafnrétti milli flokkanna. Sömu skoðunar erum við, eftir vandlega íhugun á þessu atriði".

Á þessu sést, að þegar hv. nm. eru að ræða um takmarkaða tölu uppbótarsæta, þá gera þeir ráð fyrir, að flokkarnir noti ýmsar brellur, bæði með sameiningu flokka og sundurgreiningu, til þess að ná fleiri sætum en þeir eiga skilið, en þegar tala uppbótarsætanna er ótakmörkuð, þá álíta þeir, að þetta geti ekki komið fyrir. Framsóknarmenn halda því fram, að það skipti engu með tilliti til kosningabrellna, hvort tala uppbótarsætanna er takmörkuð eða ekki, og hljóta allir að sjá þá veilu, sem hér er í skoðunum hv. flm. og ómögulegt er að fallast á. Ég skal að lokum benda á, að það fyrirkomulag, að hafa ótakmarkaðan fjölda uppbótarþingsæta, hefir hvergi verið reynt. Það kom til mála í milliþinganefnd í Danmörku að setja slík ákvæði í lög, en sú till. var felld. Hitt hefir þar einusinni verið reynt við eina kosningu, að hafa takmarkaða tölu uppbótarsæta, en það fyrirkomulag þótti ekki heppilegt og eftir gagnrýni hr. Zeuthen var það fellt úr lögum.

Þá skal ég snúa mér að till. hv. jafnaðarm. í stjskrn., á þá leið að gera landið að einu kjördæmi, eða til vara að 6 kjördæmum. Þar sem það hefir verið megingrundvöllur Framsóknarfl. að vernda rétt hinna einstöku kjördæma, er það fyrirfram ljóst, að þeir geta ekki fallizt á till. hv. jafnaðarm., sem eyðileggja gersamlega þennan rétt. Auk þess eru till. öðrum annmörkum bundnar, sem leiða til ills eins, að okkar áliti. Við álítum sjálfsagt, að landsbúar hvar sem er hafi sinn fulltrúa á þingi þjóðarinnar, fulltrúa, er þekki þeirra þarfir, þeirra hagsmuni og óskir. Framhjá þessari sjálfsögðu kröfu er gengið, ef landið yrði gert að einu eða sex kjördæmum, sem hlyti að hafa þær afleiðingar, að miðstjórnir flokkanna mundu nær eingöngu ráða um val fulltrúaefna fyrir flokkana, og það er fyrirfram víst, að það val mundi langsamlega mest mótast eftir óskum íbúanna á fjölmennustu stöðum landsins. Niðurstaðan verður því sú, að hv. andstöðuflokkar hafa ekki getað bent á neitt viðunandi fyrirkomulag í kjördæmamálinu, og getum við framsóknarmenn því ekki fallizt á þeirra till. Hinsvegar höfum við gert tilraun til að benda á fyrirkomulag í þessu máli, sem ekki aðeins við framsóknarmenn, heldur allir skynsamir og hlutlausir menn telja þær heppilegustu till., sem fyrir liggja. Í brtt. okkar meiri hl. stjskrn. eru þessi atriði tryggð. Í fyrsta lagi að tala þm. er ákveðin með stjskr. Það er ákaflega óheppilegt, ef talan á að geta

breytzt frá ári til árs. Í öðru lagi er lagt til, að tryggð verði með stjskr.ákvæði skipting núv. kjördæma og nöfn þeirra. Í þriðja lagi er till. um að tryggja Rvík aukinn rétt til þingfulltrúa vegna vaxtar bæjarins á undanförnum árum og í samræmi við aðstöðu hans til þingsins á annan hátt. Það er að vísu rétt, ef miðað er við 45 þm. og þar af hafi Rvík 8 þm., að þá er hún betur sett með fulltrúa heldur en t. d. Gullbringu- og Kjósarsýsla og Akureyri. En vegna þess að gera má ráð fyrir, að Rvík muni vaxa hlutfallslega meira að íbúatölu en aðrir landshlutar, teljum við þessa fulltrúatölu hæfilega. Enda er það álit allra sanngjarnra manna, að Rvík eigi að hafa fleiri kjósendur að baki hverjum þingfulltrúa heldur en önnur kjördæmi landsins, vegna þeirrar sérstöku góðu aðstöðu, sem Rvík hefir gagnvart þinginu, vegna aðseturs þess, fram yfir öll önnur kjördæmi landsins, til þess að túlka sín mál bæði með blöðunum og á annan hátt. Það væri því beinlínis ekki rétt, ef Rvík hefði fulltrúa á Alþingi í samræmi við atkvæðatölu eftir sama hlutfalli og önnur kjördæmi landsins.

Þá er í till. okkar að lokum gert ráð fyrir, að bætt sé við 5 landsk. þm. til uppbótar handa stjórnmálaflokkunum til að jafna fulltrúatölu þeirra í samræmi við atkvæðafjölda. Með þessari till. höfum við framsóknarmenn viljað ganga til móts við hv. andstæðinga að því leyti, sem við teljum rétt að ganga inn á þeirra hugmynd. Ég býst við, að niðurstaða síðustu kosninga sýni, að tala uppbótarsætanna er nægilega há til þess að jafna misræmi kjördæmakosinna þm. og atkvæðafjölda flokkanna. — Að lokum vil ég vona, að hv. andstæðingar okkar líti með sanngirni á þessar till. og viðurkenni réttmæti þeirra með því að samþ. þær eins og þær liggja fyrir.

Frsm. 1. minni hl. (Magnús Guðmundsson): Ég er hræddur um, að það dragist nokkuð lengi, að sú ósk, sem hv. frsm. meiri hl. lét í ljós þegar hann settist niður, rætist, sem sé að við munum bráðum átta okkur og samþ. till. meiri hl. Ég get sagt það eins og er, að ég lít svo á, sem þessar till. meiri hl. séu verri en það, sem vér eigum nú við að búa, og af því getur hann séð, að það eru ekki minnstu líkur til þess, að okkur detti nokkurntíma í hug að samþ. slíkar till. Það er svo mikil fjarstæða, að um slíkt þýðir ekki að ræða. Að því er annars snertir þetta mál vil ég minna á það, að saga þess sem verulegs deilumáls hefst með því, að hæstv. stj. lagði fyrir þingið í fyrra frv. um þá aðalbreyt. á stjskr. að afnema landskjörið án þess að nokkuð kæmi í staðinn. Þegar sýnt var, að þetta mál hafði mikið fylgi, varð það að samkomulagi milli Sjálfstæðisfl. og jafnaðarmanna, að rétt væri, að málið væri tekið fyrir í heild og endurskoðuð öll kjördæmaskipunin, því að eins og allir sjá, var með landskjörinu numið burt atriði, sem gerði nokkuð í þá átt að lagfæra misræmið, sem var og er í kosningaháttum hér á landi. Það er kunnugt, að hæstv. stj. varð svo mikið um þetta, að hún rauf þingið þegar í stað, og því er málið ekki komið lengra en nú er það. Það var þá sagt, að vér sjálfstæðismenn og jafnaðarmenn hefðum gert einhvern *órjúfanlegan samning um kjördæmaskipunina*. En það sést bezt á þeim till., sem fyrir liggja, hve fastur og órjúfanlegur sá samningur hefir verið, og það var einmitt þetta atriði, sem að mínu áliti olli a. m. k. mjög miklu um það, hversu kosningarnar fóru síðast. Nú sýna fram komnar till., að það er ekki rétt eins og haldið var fram, að taka ætti þingmennina af sveitunum. Þetta sést greinilega á till. sjálfstæðismanna. Í kosningabardaganum í fyrravor var því haldið fram, bæði af hálfu hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. — ég var á fundum með þeim báðum —, að það, sem þeir vildu hafa í þessu máli, væru einmenningskjördæmi og uppbótarsæti. Og þegar svo sjálfstæðismenn gátu fundið leið, sem þeir gátu sætt sig við og einmitt var leiðin, sem framsóknarmenn höfðu lýst yfir, að þeir vildu fara, var ekki vel hægt að búast við, að þeir myndu snúast eins þveröfugt við þessu eins og þeir nú hafa gert. Þegar þeirra till. komu úr n., þá var það svo langt frá, að þar væri fjölgað einmenningskjördæmum, heldur fóru till. fram á þveröfugt — fjölgun tvímenningskjördæma. Það er auðvitað ekki gott

að eiga við þann flokk, sem hagar sér þannig, að hann breytir á næsta missiri þveröfugt við það, sem hann hefir lýst yfir gagnvart öllu landsfólki. Það sýnir sig á þeim áskorunum, sem daglega berast til þingsins, að hinn mesti áhugi er vaknaður fyrir þessu máli meðal landsmanna. Það má vel vera, að það verði hægt, með einhverju ofbeldi þingmeirihlutans, að stöðva þetta mál nú, en það verður aldrei stöðvað um langan tíma. Og fylgismenn þessa máls eru reiðubúnir að leggja á sig mikla örðugleika og þola það í nokkur ár að verða undir til þess að vinna fyrir þetta mál, í von um að hafa það fram áður en langt um líður.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að við gengjum mjög inn á nýjar brautir í þessum stjskrbreyt., sem hér liggja fyrir, og er það að ýmsu leyti rétt. En hv. frsm. er sjálfur — a. m. k. hans flokkur — einnig að leggja inn á nýjar brautir, því að hann vill nú láta Rvík hafa átta þm., en í kosningabardaganum í fyrra var það aðalatriðið, að ekki mætti auka vald Rvíkur. Það var „Reykjavíkurvaldið", sem alstaðar kvað við og alls ekki mátti auka. Á þinginu í fyrra lá fyrir frv. um þingmannafjölda í Rvík, og var þá stungið upp á níu. Og þegar enginn vildi ganga að því að samþ. það, kom ég með till. um, að þeir skyldu vera fimm, og var ekki nærri því komandi. Nú bjóða þessir sömu þm. átta þm. fyrir Rvík, og virðist það ekki laust við að fara inn á nýjar brautir. Hv. frsm. meiri hl. talaði nokkuð um það, að þetta væri engin gagngerð endurskoðun á stjskr. Af hverju hefir hann ekki, sem hefir verið skipaður í n. út af þessu máli, tekið sér fyrir hendur gagngerða endurskoðun á stjskr.? Sjálfsagt hefir hann haft til þess bæði tíma og tækifæri. (BJ: Það lá ekki fyrir þeirri n.). Nei, en ef hv. þm. hefði haft brennandi áhuga fyrir því máli, þá hefði hann getað samið till. og lagt fyrir n., og ég skil ekki annað en að það hefði verið talið leyfilegt, að n. hefði komið fram með einhverjar brtt., sem hún hefði getað orðið sammála um.

Þá kom hv. frsm. með sína gömlu „kritik" á því fyrirkomulagi, sem Sjálfstæðisfl. hefir stungið upp á. Það var ekkert annað en þynning á því, sem hann hefir áður skrifað í Tímann, og er kunnugt, hvað hann hefir út á þetta að setja. Skal ég í fám orðum rifja þá lítilsháttar upp. Hann er fyrst og fremst ákaflega hneykslaður yfir því, að sá flokkur, sem ekki fær þingsæti, skuli ekki heldur geta fengið uppbótarsæti. Honum finnst það vera hið geipilegasta brot á allri þessari tilhögun, sem till. sjálfstæðismanna eru byggðar á. Það er svo um þetta, að það er ekki hægt og engum hefir dottið það í hug, að hve fámennur hópur manna sem er geti kallað sig flokk, og það verður að setja einhver takmörk. Það hafa allar þjóðir gert og verða allar þjóðir að gera. En hvort endanlega á að setja það takmark að hafa einhverja ákveðna kjósendatölu eða þingmannatölu á öllu landinu eða vissum landshlutum, getur verið álitamál. Um það má gjarnan ræða við hv. frsm., en hann getur ekki haldið því fram, að hve fámennur hópur sem er geti komið og sagt, að hann vilji telja sig stjórnmálaflokk. En ég vil leyfa mér að spyrja hv. frsm., úr því hann er svona óánægður vegna mjög fámenns hóps manna, sem þykist vera sjálfstæður flokkur, hvernig stendur þá á því, að hann getur ekki fundið nægan ástæðu til megnrar óánægju yfir því, að þeir flokkar, sem fyrir eru og telja þúsundir kjósenda, skuli ekki fá neinn þingmann fyrir mörg þúsund kjósenda. Er harðara fyrir fámennan flokk, sem engum þingmanni getur komið að, að fá ekki uppbótarsæti, heldur en fyrir þann flokk, sem hefir mörg þúsund kjósenda, en fær ekki þm. nema fyrir lítinn hluta af atkvæðatölu sinni? Hér er sjálfur frsm. einmitt að sanna það, sem hann ætlar sér að afsanna. Hann heldur því fram, að yfirleitt sé það ekki kjósendafjöldinn, sem eigi að ráða. Hann segir, að það sé rangt í okkar till., en hér tekur hann einmitt kjósendafjölda, sem er miklu minni en sá, sem er þingmannslaus eftir því fyrirkomulagi, sem nú er, og leggur út af því ranglæti, að þeir fái ekki þingmann. Ég vona, að hv. þm. sjái, að hér er hann í algerðri mótsögn við sjálfan sig, og það er eftirtektarvert, þegar hann hellir sér yfir, hversu ósanngjörn þessi regla sé, þá reiknar hann sjálfur alltaf með höfðatölunni. Þegar

hann segir: það er ósanngjarnt, að menn fái ekki þann kosinn, sem fær flest atkv. í kjördæminu, — á hverju byggir hann þá nema höfðatölu? Og þegar hann segir, að svo geti farið, þegar fleiri eru í kjöri úr sama flokki, þá verði sá kosinn, sem hefir e. t. v. miklu færri atkv. en einhver annar, þá byggir hann eingöngu á höfðatölunni. Það er honum svo inngróið, að hann veit ekki af því. (**BJ**: Innan kjördæmanna). Já, en hvar stendur, að höfðatalan eigi að vega meira innan kjördæmanna en á landinu öllu? Í hvaða sanngirnisbók er **það** ritað? Slíkt er fjarri öllum sanni. (**JónasÞ**: Hvernig er það á Alþ.?). Þar er það höfðatalan, sem ræður, eða handatalan, ef hv. þm. Dal. vill heldur hafa það svo; við greiðum hér atkv. á þann hátt, að meiri hl. ræður. (**JónasÞ**: Eins er það í kjördæmunum). Hv. þm. fylgist alls ekki með í því, sem ég er að segja, og ég get ekki verið að endurtaka heila kafla vegna þess, að hv. þm. tekur ekkert eftir. Það er svo sláandi, að þeir, sem telja sig hafa eitthvað á móti höfðatölureglunni, skuli alltaf brýna á því, að ef einhversstaðar gæti komið fyrir, að það væri **ekki** höfðatalan, sem réði í kjördæmi, væri það hið mesta ranglæti. Það ættu þó allir að sjá, að ekki getur önnur regla gilt í kjördæmunum fyrir sig en á landinu í heild. Nú held ég því ekki fram, að höfðatalan sé hið eina, sem eigi að ráða. Ég viðurkenni rétt héraðanna fyllilega, og sá réttur kemur einmitt fram í till. sjálfstæðismanna. Svo er þetta gamla „argument" frá hv. frsm. um að þm. geti orðið mörg hundruð. Það út af fyrir sig er nokkuð grunsamlegt, að þegar framsóknarmenn reikna út, hve há þm.talan geti orðið, þá ber þeim aldrei saman. Sumir segja 143, aðrir segja 166, nokkrir á þriðja hundrað og enn aðrir upp undir þrjú hundruð. Ég veit ekki, eftir hvaða reikningsaðferðum þeir fara, og þætti mér gaman að fá aðferðina uppskrifaða, til þess að sjá, hvernig þeir reikna út. (**BJ**: Þetta sýnir bara, hvað þm.talan getur orðið breytileg). Það sýnir bara, hve tilgangslaust það er að reikna og reikna, þegar sín niðurstaðan verður hjá hverjum, og hjá öllum rammskökk. Annars sé ég ekki, að um þetta þurfi að ræða, eftir að komin er inn í frv. sú takmörkun, að þm. megi ekki vera fleiri en 50. Þó er hv. þm. að berjast við þessar ímynduðu stóru tölur. Hinsvegar virðist mér hann telja of lítið, að þm. séu 50. Eftir því er þá niðurstaða hv. þm. þessi: Þm. mega ekki vera 50, ekki færri en 50 og tala þeirra má ekki vera óákveðin. Ég veit því ekki, hvaða fyrirkomulag á að vera, því að eftir því, sem hv. frsm. fórust orð, getur ekkert verið rétt í þessu efni. Honum finnst mjög illt að takmarka tölu þm. og óhafandi að takmarka hana ekki. Ég veit ekki, hvernig á að gera hv. frsm. til hæfis. Hann vill hvorki hafa tölu þm. takmarkaða né ótakmarkaða. (**HV**: Hvers vegna að gera honum til hæfis?). Ég vil hafa þm.töluna 50. (**BJ**: Það er of mikið). En hv. þm. Barð. reyndi að sýna, hvað þessi tala gæti orðið ósanngjörn, og las upp úr nál. sjálfstæðismanna til að sanna það. (**BJ**: Hvað þeir álitu um það, en ekki hvað ég áliti um það). Er þá hv. þm. að prédika vilja sjálfstæðismanna í þessu máli?

Þá er þriðja atriðið, um skiptingu í flokka. Það er það, sem hefir af andstæðingum þessa máls verið talið hið allra hættulegasta. Þeir segja: Flokkarnir geta fundið upp á því að skipta sér í sundur til þess að ná í uppbótarsæti. Þetta ætti að vera þannig, að t. d. hæstv. forsrh. byði sig fram utan flokka í Strandasýslu og hæstv. fjmrh. utan flokka í V.-Ísafjarðarsýslu, hv. þm. S.-Þ. í Suður-Þingeyjarsýslu og hv. þm. Barð. í Barðastrandarsýslu, eða eitthvað því um líkt. Ég á erfitt með að trúa, að þessir menn finni upp á því að gefa yfirlýsingu til afnota í opinberu máli, sem er vitanlega röng. Ég held, að þeir myndu hugsa sig um tvisvar áður en þeir færu að ljúga sig frá sínum eigin flokki. En til þess þó að setja undir þann lekann, skal ég viðurkenna, að þingmannatalan þyrfti að vera hærri en 50, og ef menn hugsa sér, að slík svik séu höfð í frammi, er ekki hægt að fyrirbyggja það á annan hátt en að hafa þm.töluna ótakmarkaða, því að þá er lönguninni til að gera þetta svipt burt, en yrði í rauninni alls ekki til að hækka tölu þm. Ég get sagt fyrir mitt leyti, að ég hefi enga trú á, að slíkir óknyttir yrðu notaðir, og því get ég sætt mig við töluna 50, því að það hefir

verið athugað í sambandi við þær kosningar, sem hér hafa farið fram áður, að eftir þeim hefði þm.talan aldrei þurft að verða hærri en 43 til þess að ná fullu réttlæti. Þetta sýnir, að þótt takmörkunin 50 sé sett, skapast ekkert ósamræmi með því. Í nál. meiri hl. er sagt, að hann telji, að hvortveggja tilhögunin, bæði sú, sem um ræðir í till. hv. 3. þm. Reykv., og eins í frv., sem nú liggur fyrir, sé einungis lögð áherzla á þá grundvallarreglu fyrir fjölgun þm., að flokkarnir fái þingsæti í samræmi við atkvæðamagn. Það er alveg rangt. Eftir till., sem komið hafa fram frá sjálfstæðismönnum, er einmitt tekið tillit til héraðanna, og það hefir blað hv. þm. greinilega viðurkennt. Hv. frsm. sagði, að Rvík hefði bezta aðstöðu, vegna þess að þingið væri háð hér. En þrátt fyrir það vildi hann nú auka svo þm.tölu Reykjavíkur, að þar verði færri kjósendur á hvern þm. en sumstaðar annarsstaðar. Hvaða tillit er þá tekið til þessarar góðu aðstöðu Reykjavíkur? (**BJ**: Svo eru uppbótarsætin úti um land). Já, þessi 5, sem hv. frsm. er svo náðugur að vilja leyfa að bæta inn í frv. Þetta er það, sem hv. þm. ætlar að skammta hinum hlutum landsins — fimm þm. í stað sex, sem burt eru teknir. — Ég hefi svo ekki meiru að svara hv. frsm. Ef til vill árétta ég dálítið betur ýmislegt fleira viðvíkjandi þessu máli síðar í dag, en ég vil einungis benda á það, að eins og kjördæmaskipunin er nú, þá getur hún alls ekki staðizt áfram, ef nokkur sanngirni á að ríkja í þessu landi. Í kjördæmum utan kaupstaða hefir Framsóknarfl. fengið um 12000 atkv. við síðustu kosningar og Sjálfstæðisfl. 9000; en fyrir þessi 12 þús. atkv. hefir Framsóknarfl. fengið 21 þingsæti, en fyrir 9 þús. hefir Sjálfstæðisfl. fengið 6. Ef þetta er rétt eftir þeirri réttlætistilfinningu, sem hreyfir sér í brjóstum framsóknarmanna, sé ég ekki, að þeir hafi ástæðu til að kvarta, þótt fyrir kynni að koma, að þm. yrði kosinn með minni hl. í einhverju kjördæmi, enda er ekki hægt að neita því, að eins og nú er getur vel komið fyrir, að þm. sé kosinn, þótt hann hafi minni hl. að baki sér. Ennþá verri en þetta verður niðurstaðan, ef tekin eru einstök svæði landsins, eins og sveitakjördæmin á Austur- og Norðurlandi, frá Jökulsá á Sólheimasandi að Geirólfsgnúp á Ströndum. Þar hefir Framsóknarfl. fengið um 7000 atkv., en Sjálfstæðisfl. hefir fengið um 4000 atkv. Framsóknarfl. fékk á þessu svæði 14 þm., en Sjálfstæðisfl. 1. (**Forsrh.**: Tvo — Akureyri og Skagafjörð). Akureyri er ekki sveitakjördæmi. Ef þetta er rétt, að 7 þús. atkv. gefi 14 þm. og 4 þús. atkv. 1 þm., þá þekki ég ekki, hvað sanngirni er. Og þeir menn, sem halda því fram, að unnt sé að viðhalda slíku fyrirkomulagi, hljóta annaðhvort að gera það gegn betri vitund eða að hafa brjálaða réttlætistilfinningu.

Frsm. 2. minni hl. (Héðinn Valdimarsson): Stjórnmálaflokkarnir hér, Sjálfstæðis- og Framsóknarflokkarnir, hafa farið svo með kjördæmamálið, að flestir góðir menn úti um land hafa mestu skömm á báðum. Er það langt síðan Alþýðufl. kom fram með till. um réttlátari kjördæmaskipun, þar sem landið væri allt gert að einu kjördæmi, þótt hann félli reyndar á, að hægt væri að fara aðra leið. Þá stóð svo á fyrir Sjálfstæðisfl., að hann þóttist geta grætt á þáv. kjördæmaskipun, sem gaf honum möguleika til að halda þeim meiri hl., sem hann hafði þá á þingi. Þegar þál. kom um breyt. á þessu í Nd. 1930, reis formaður flokksins upp á móti því. Þá bar ekki eins mikið á Framsókn, því að það leit þá ekki út fyrir, að hún gæti fengið meiri hl. Þó kom þar, að Jónas Jónsson, sem þá réð miklu í flokknum, gekk inn á þá braut að vilja ekki réttláta kjördæmaskipun. Í fyrra, þegar Framsókn þóttist hafa möguleika til að vinna á í minnstu kjördæmunum, reis hún á móti því, að kjördæmaskipuninni yrði breytt, og hélt því til streitu með allskonar lygum úti um land um Reykjavíkurvald o. s. frv. Nú, svo kom þar, að Framsókn sá, að þýðingarlaust var að streitast á móti broddunum í þessu efni. Kröfurnar voru orðnar svo sterkar hjá kjósendum, að undan þeim varð að láta fyrr eða síðar. Ein þeirra er um það að fjölga þm. Reykv. upp í 8. Í nál. kemur það fram, að þeir þykjast vilja samþ. þessa till., en hún er enganveginn sú endanlega. Fékkst seint álit kjördæman. um þetta mál, og er það

í rauninni ekki enn komið fram af hálfu Framsóknar. En Sjálfstæðisfl. hefir líka hringsnúizt í þessu máli, því að þegar hann sá, að hann gat ekki haldið litlu kjördæmunum, gekk hann inn á þá kröfu jafnaðarmanna, að þingmannatala ætti að vera í samræmi við kjósendatölu. Á síðustu þingmálafundum úti um land voru frambjóðendur sjálfstæðismanna sammála jafnaðarmönnum um það, að ef landið væri ekki gert að 1 kjördæmi, þá ætti það a. m. k. að vera 5—7.

Þó að sjálfstæðismenn töpuðu fylgi yfir til Framsóknar, var samt gefið, að Framsókn hefði ekki meiri hl. í báðum deildum, því að engin von var til þess, að hún myndi í náinni framtíð vinna meiri hl. í Ed.; svo illar kosningar var tæpast hægt að hugsa sér. Þegar svo var komið, hefði mátt ætla, að sjálfstæðismenn héldu fast við kröfur sínar og létu til skarar skríða. En í staðinn fyrir það að greiða atkv. á móti fjárl., eins og við jafnaðarmenn, gengu þeir með Framsókn, bæði um fjárl. og um kosningu nefndarinnar. Við kusum að vísu mann í n., þegar ákveðið var, að hún skyldi kosin, en það var aðeins til þess að fylgjast með gangi málsins.

Sjálfstæðisfl. hefir þannig alveg brugðizt kjósendum í þessu máli, og nú gengur hann framhjá þeim grundvelli, sem upphaflega var barizt á, að flokkarnir fengju þingmannatölu í samræmi við kjósendafjölda. Þarna gengur flokkurinn inn á það að halda gömlu kjördæmaskipuninni, sem margir af mönnum hans eru búnir að lýsa yfir, að sé ófullnægjandi. Auk þess ganga þeir inn á þá braut að takmarka það, að réttlæti geti átt sér stað í þessu, því að það getur ekki orðið með því fyrirkomulagi, sem sjálfstæðismenn hugsa sér. Ég sé því ekki, á hvorn flokkinn ber meira að deila. Báðir hafa svikið stefnuskrá sína. Framsókn með því að breyta ekki til, eins og hún lofaði, en Sjálfstæðisfl. með því að koma aftur upp með litlu kjördæmin. Ef þetta mál verður leyst nú, þá verður það ekki á þann hátt, sem kjósendur uni við. Hv. 2. þm. Skagf. var að pexa við hv. þm. Barð. um þetta. Tók ég oft eftir því, að hann sló fram þeirri spurningu, hvort Framsókn væri ekki gert til hæfis með þessum boðum sjálfstæðismanna. Eins og þeir væru kosnir til þess að gera Framsókn til hæfis. Þeirra er að fylgja fram sínum málum. En að vera að koma með stöðug tilboð við Framsókn og fá ekkert annað en hryggbrot, er lítil upphefð fyrir flokkinn.

Ég kem hér með brtt., sem formaður flokks okkar bar fram við 3. umr. í Ed. Veit ég, að þetta mál verður ekki leyst á öðrum grundvelli en þeim, sem hér ræðir um, að landið verði allt eitt kjördæmi. Að vísu er það möguleiki að hafa fá og stór kjördæmi, eins og varatill. fjallar um, en það kemur þó ekki eins réttlátlega niður, enda er þjóðin ekki svo stór, að ástæða sé til að skipta henni í marga hluta til kosninga. — Annars leiðist mér að tala um málið á þessu stigi, og er því bezt að hætta hér.

Frsm. meiri hl. (Bergur Jónsson): Ég ætla ekki að lengja umr. mikið. Hv. 2. þm. Skagf., frsm. 1. minni hl., byrjaði með því að halda fram, að Framsókn hefði skipt um skoðun í kjördæmamálinu. Held ég, að heppilegra væri, að þm. úr öðrum flokkum en Sjálfstæðisfl. töluðu um skoðanaskipti í þessu máli, því vitanlega hefir sá flokkur snúizt þar meira en nokkur annar. Fram að 1931 stóð flokkurinn öndverður öllum breyt. á kjördæmaskipuninni. Var hann við völd frá 1924—'27 og gerði ekkert til þess að breyta henni, en sólaði sig á meðan í völdunum. Hann gekk til kosninga 1927 í von um það, að hann myndi vinna kosningarnar með þeirri kjördæmaskipun, sem hann kallar nú rangláta, en tapaði. Á því stigi málsins vildi hann þó ekki taka upp aðra stefnu í þessu máli. Einn af ritstjórum flokksins hélt því þá fram, að breyta bæri kjördæmaskipuninni, en miðstjórn flokksins gaf þá út yfirlýsingu um það, að hún vildi ekki standa við orð ritstjórans. En í þinglok 1931 snýst flokkurinn loks algerlega í málinu, til þess að geta komið fram þeirri einu ósk, sem hann ber í brjósti, sem sé að steypa Framsókn úr völdum. Fékk hann félagsskap jafnaðarmanna til þess. Er það því óviðkunnanlegt, þegar sjálfstæðismenn eru að tala um skoðanaskipti.

Hv. 2. þm. Skagf. talaði mikið um á-

skoranir til Alþingis um breyt. á kjördæmaskipuninni. Verð ég að segja, að þær, sem komu úr Reykjavík og Hafnarfirði, voru svo orðaðar, að allir landsmenn hefðu getað skrifað undir þær. Var þar aðeins krafizt þess, að þingið yrði skipað samkv. vilja kjósenda. Þetta viljum við framsóknarmenn líka. Annars er það órannsakað, hve mikill hluti kjósenda stendur á bak við þessar undirskriftir. Er hætt við, að frádrátturinn yrði nokkuð mikill, ef það væri rannsakað til hlítar.

Þá lét hv. þm. það í veðri vaka, að flokkar mættu ekki vera svo eða svo fámennir. En ég veit ekki betur en að flestir stjórnmálaflokkar séu fámennir í byrjun. Sé ég ekki í þessu samræmið við hinar ströngu lýðræðiskröfur andstæðinga okkar, ef fáir menn eiga ekki að geta myndað flokk. Brýtur það bæði í bága við lýðræðishugsunina og anda stjskr. Þegar ég talaði um flokkslegt ranglæti í till. Sjálfstæðisfl., þá var ég aðallega að sýna fram á ósamræmið í meginreglu þeirra („flokkslegt réttlæti“) og því, að flokkur, sem skipt getur þúsundum, getur orðið algerlega afskiptur þingsæti eftir till. þeirra. Það var ekki ég, sem hélt því fram, að þetta ætti að byggja eingöngu á flokkslegu réttlæti.

Hv. 3. þm. Reykv. hefi ég ekki ástæðu til að svara neinu. Ég vil aðeins geta þess, að hann hefir enga heimild til þess að segja, að Framsókn hafi ekki þorað annað en láta undan í þessu máli. Framsóknarfl. hefir ekki látið undan. Hann stendur á sama grundvelli og áður. Hann hefir viljað halda uppi rétti hinna einstöku kjördæma í landinu og hefir aðeins tekið dálítið tillit til andstæðinganna um það að jafna nokkuð milli flokkanna. En af grundvelli sínum hefir hann ekki vikið.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Ég kvaddi mér hljóðs, þegar mér virtust umr. vera að detta niður. Standa umr. stundum lengur um smærri mál en þetta.

Mig hefir stundum undrað afstaða stjórnarfl. í þessu máli. Hefir mér oft virzt hann halda, að hann geti stolizt frá málinu. Málið er dregið sí og æ, leitað frests á frest ofan. Það er eins og búizt sé við, að svo geti farið, að ekkert verði úr málinu. Virðist mér þetta koma fram í ræðu hv. frsm. meiri hl. Hann stendur hér og rekur, hverja afstöðu flokkarnir hafi haft áður og segir, að sjálfstæðismenn hafi skipt um skoðun. Veit ég ekki til þess, að málið hafi áður komið þannig fram, að reynt hafi á afstöðu flokkanna gagnvart því. Í Sjálfstæðisfl. hafa verið skiptar skoðanir í þessu máli, og er það eðlilegt. Kosningafyrirkomulagið er ein af meginstoðunum undir þjóðskipulagi voru, og er ekki nema eðlilegt, að menn vilji ekki fyrr en í síðustu lög leggja öxina að þeim rótum. Þetta er eins og um hús, sem farið er að eldast, en menn búa þó í á meðan hægt er, en ef þakið fýkur svo af því, þá er það auðvitað ekki lengur hægt. Þótt það hafi komið í ljós áður, að kosningaskipunin var úrelt, hefir þó ekki þakið fokið af fyrr en við síðustu kosningar. Hefir það ekki komið fram fyrr en nú, að lítill minni hl. geti fengið mikinn meiri hl. á Alþingi. Nú situr að völdum stjórn, sem er í andstöðu við ⅔ hluta landsmanna, og hefir það ekki borið við fyrr. Getur því vel verið, að þeir, sem áður hafa viljað fara varlega í breytingar, vilji nú ganga lengra. Það er því hjal út í loftið að vera að tala um það, hvaða skoðanir menn hafi áður haft í þessu efni.

Mér þykir ástæða til að leiðrétta einstök atriði í ræðu hv. 3. þm. Reykv. Sagði hann, að við hefðum áður viljað fá, en stór kjördæmi, og runnið svo frá, þegar til kom. Hafa verið skiptar skoðanir um það meðal sjálfstæðismanna, hvort betra væri að hafa fá stór kjördæmi eða halda þeim kjördæmum, sem nú eru, með uppbótarþingsætum. Hafa fleiri verið síðari skoðunarinnar, ef hægt væri að tryggja réttlátt fyrirkomulag. Ég hefi t. d. talið það brotaminna að hafa fá kjördæmi með hlutfallskosningum.

Veit ég ekki til, að við höfum runnið frá nokkru enn þrátt fyrir þetta. Hv. þm. sagði, að við hefðum runnið frá þessu á sumarþinginu. En það varð þá að samkomulagi að gefa vopnahlé. Held ég, að það hafi verið sanngjarnt. Það er aðalatriðið, að lausn fáist á málið, en ekki hitt, hvort það verður nokkrum dögum fyrr eða síðar.

Þá talaði hv. þm. um það, að jafnaðarmenn hefðu í mótmælaskyni greitt atkv. á móti fjárl. En ég hefi nú heyrt hann segja, að fjárl. hefðu út af fyrir sig verið svo vond, að hann hafi þess vegna greitt atkv. gegn þeim.

Mér hefir fundizt framsóknarmenn vilja halda því fram, að frv. þetta, sem borið er fram af sjálfstæðismönnum, sé einhver öfgamálstaður þeirra, sem allt vilja hindra. En ég hefi nú alltaf litið á það sem miðlunarfrv. Er þar reynt að koma því til leiðar, að Alþingi verði skipað að vilja kjósenda, án þess þó að ganga á móti þeim, sem vilja, að núv. kjördæmaskipun haldist. Þegar hv. frsm. taldi upp þau rök, sem komið hafa fram gegn till., þá voru þau öll miðuð við kjördæmaskipunina. Engin af þeim mótmælum snertu stjórnarskrárfrv. það, sem hér liggur fyrir. Voru það allt örðugleikar við 1. ákv. þessarar lausnar á málinu. Ræða hans var öll stíluð gegn því að halda einstökum kjördæmum, en ekki gegn því að láta vilja kjósenda koma í ljós.

Allt í einu eru þeir þá orðnir svo viðkvæmir fyrir því, að flokkur, sem engan þingmann fær kosið, skuli ekki fá hlutdeild í uppbótarsætunum. Þeir voru ekki svona viðkvæmir í sumar, þó að þúsundir af kjósendum búnkuðust niður og kæmu ekki til greina við þingmannavalið, eins og t. d. allir kjósendur Sjálfstæðisfl. á svæðinu frá Akureyri norður og suður um land alla leið til Rangárvallasýslu. Þeir voru ánægðir yfir því og litu með velþóknun á, að atkv. allra þessara kjósenda urðu ónýt. En ef einhverjir menn, sem kalla sig flokk, fá 20—30 atkv. og koma engum manni inn, þá er óhæfilegt og ómögulegt að samþ. frv. af því að þessi flokkur fær enga hlutdeild í uppbótarsætum. En þetta er svo mikill yfirdrepskapur og látalæti, að það væri skárra að geyma slíkar röksemdir heima hjá sér en vera að hampa þeim hér.

Sama er um aðra röksemdina að segja, að komið gæti fyrir, að einhver yrði kosinn, sem fengi færri atkv. En hér er um frjáls framboð að ræða til þess að gera kjósendunum sem allra frjálsast fyrir um þingmannavalið. En um þetta er ekkert sagt í stjskrfrv., heldur er þetta fyrirkomulagsatriði og ekki nauðsynlegt í sambandi við till. sjálfstæðismanna. En ég skil, að ef bundið er við, að engum flokki séu reiknuð uppbótarsæti, sem engan þm. fékk kosinn, að þá sé ekki hægt að fá samkomulag um það eins og nú er í frv. En það er aukaatriði, að menn séu sem frjálsastir. Mér finnst mikill kostur, að flokki skuli reiknuð þau atkv., sem hann fær, því að þá þarf enginn að vera hræddur um, að atkv. flokksins tapist. En viðkvæmnin er heldur lítil, ef litið er á átökin í heildinni, þegar farið er að tala um svo örsmá atriði sem þetta.

Og svo er það nú þingmannatalan, sem hv. frsm. meiri hl. varð skrafdrjúgt um, af því hún gæti orðið svo há. Frsm. 1. minni hl., hv. 2. þm. Skagf., hefir sýnt fram á, hvað þau rök eru sterk eða mikið á þeim að byggja.

Helzt var á hv. frsm. meiri hl. að skilja, að eftir till. sjálfstæðismanna væri hugsanlegur möguleiki, að þingmennirnir skiptu þúsundum. Það væri annars gott, ef eitthvert gáfnahöfuð úr flokki afturhaldsins gæti reiknað út, að þingmennirnir yrðu eitthvað færri en kjósendurnir, því þar virðist þó takmarkið vera, að þeir verði ekki jafnmargir og kjósendurnir.

En þetta er leikur með hugsanir, að halda slíku fram, því eins og hv. 2. þm. Skagf. sagði, verða þm. að villa og falsa á sér heimildir við framboðin, ef þingmannatalan á að verða óeðlilega há. Ég veit ekki, hvað menn halda um það, að frambjóðendur fari langt í slíkum kosningafölsunum. En hér er um skjalafölsun að ræða, sem menn fremdu með því að villa á sér heimildir til þess að gera atkvæðatölur sínar of háar. Og það er hreint og beint fals, sem er refsingarvert, að villa á sér heimildir í þessu skyni. Af því að til eru ómerkilegir menn, svo sem þjófar, manndráparar og þess kyns lýður, þá hefir þótt nauðsynlegt að setja viðurlög við, ef menn fremja slíkt. Við slíku falsi sem hér er um að ræða verður einnig að setja viðurlög.

Eftir frv. eins og hv. Ed. gekk frá því er ætlazt til, að á Alþingi eigi sæti allt að 50 þjóðkjörnir fulltrúar. Og séu engin brögð í tafli, er engin hætta á, að þm.-talan komist upp í 50, hvað þá hærra. M. a. s. að samkv. síðustu kosningum hefðu

þm. ekki orðið nema 43, eins og kjördæmaskipunin þó er ranglát, þegar 35—36% af kjósendum landsins ráða meiri hl. þingmanna. Eftir frv. má gera ráð fyrir, að þingmannatalan geti orðið allra hæst 47—48. Og til þess að hafa markið nógu rúmt, svo að flokkarnir standi jafnt að vígi um réttláta tölu þm., þá hefir verið borin fram till. um, að á Alþingi eigi sæti allt að 50 fulltrúar. Verði þingmannatalan hærri, hafa einhverjir komið við falsi til að eyðileggja málið, og þá verður að reisa við því skorður, svo að slíkt verði ekki framið aftur.

Þetta eru nú punktarnir úr ræðu hv. frsm. meiri hl., og er ekkert af því stílað móti því, sem við sjálfstæðismenn höfum haldið fram. Annars býst ég við, að einhver annar flokksbróðir hv. frsm. meiri hl. verði að taka að sér að flytja ræðu fyrir hann til að sanna þetta. Og sú ræða ætti þá að vera á þessa leið: Alþingi á ekki að vera skipað samkv. vilja meiri hl. kjósenda í landinu. Kjósendurnir eiga að vísu að velja fulltrúana, en koma á því þannig fyrir, að engin trygging sé fyrir því, að vilji kjósendanna ráði. — Svona hefði ræðan helzt átt að vera og klykkja svo út með því, að tryggja beri um fram allt, að aðrir og annað en vilji meiri hl. kjósenda ráði á Alþingi. Af þessum rótum er það runnið, þegar hv. þm. afturhaldsins fullyrða, að Reykjavík megi ekki hafa fulltrúatölu á Alþingi í samræmi við aðra landshluta.

Annars er ég hræddur um, að hv. framsóknarmenn komist aldrei í kringum það að verða grunaðir um græsku í þessu máli. Ég var á fundi vestur í Dölum með hæstv. forsrh. fyrir síðustu kosningar, og þar sagði hæstv. ráðh. það sama og aðrir flokksmenn hans, að deilan stæði ekki um annað en sveitakjördæmin, sem sjálfstæðismenn ætluðu að leggja niður, en hinum dreifðu byggðum landsins væri lífsnauðsyn að halda í. Ég sagði honum þá, að enginn sjálfstæðismaður væri á móti því, að kjördæmin héldust, ef réttlætið og vilji meiri hl. kjósenda fengi að ráða. En hann þar á móti því og las þar upp skröksögu þá um bandalag sjálfstæðismanna og jafnaðarmanna, sem jafnan hefir verið gripið til síðan, til þess að hafa að engu till. okkar sjálfstæðismanna. Og til þessara blekkinga greip hæstv. forsrh. þá, af því að hann hélt, að ekki væri fundið upp neitt ráð til að halda sveitakjördæmunum án þess að rýra vald það, sem Framsókn hafði skapað sér með úreltri og ranglátri kjördæmaskipun. Meginrök hæstv. ráðh. voru þau, að höfðatalan mætti ekki ráða, og á því hefir hann látlaust hamrað síðan. En heilindi hans og flokksmanna hans eru ekki meiri en svo, að bak við vígorðin og allar ræðurnar, sem fluttar hafa verið gegn till. okkar, má lesa: skítt með öll kjördæmin, bara að eitthvað annað ráði en höfðatalan!

Annars er rétt að athuga, að réttur einstakra landshluta til þess að hafa sérstaka þingmenn rýrnar við það, að samgöngur verða meiri og greiðari og menn kynnast betur. Nú er svo komið, að fæstir láta sér nægja þá atvinnu, sem á boðstólum er heima í héraði, heldur leita lengra á burt, en á þann hátt kynnast einstaklingar landi og þjóð langtum betur en áður. Fréttir berast undireins landshorna milli og allar fjarlægðir eru að hverfa. Það kemur því ekki fyrir á Alþingi, að ókunnugleiki einstakra þm. tefji fyrir afgreiðslu mála, heldur miklu fremur hitt, að þm. eru of kunnugir og hugsa í hreppapólitík eins og heima. En sú togstreita of kunnugra manna um einstök mál á Alþingi hefir jafnan orðið til ills eins. Það má vel vera, að ekkert sé á móti því að halda kjördæmunum óbreyttum, enda er mikið talað um þróun í því sambandi, og hennar vegna sé rétt að halda þeim. Þetta er líka sjálfsagt, ef hægt er að samræma það þeim rétti, sem er miklu æðri, svo að komi í ljós rétt mynd af vilja kjósendanna.

Þá lýsti hv. frsm. meiri hl. till. flokks síns, sem bornar eru fram á þskj. 615, og lét svo um mælt, að hann gæti ekki annað skilið en að allir sanngjarnir menn hlytu að ganga inn á þær. Um till. ætla ég ekki að tala langt mál, því að hv. frsm. 1. minni hl. hefir svarað fyrir okkar hönd og hrakið þær lið fyrir lið. Enda tek ég undir það, sem hann sagði, að till. eru ekki aðeins langt fjarri öllu samkomulagi, heldur eru þær hreint og beint afturfararspor frá þeirri kjördæmaskipun, sem nú gildir. Með þeim er farið fram

á að nema á burt einu hlutfallskosningar, sem nú eru látnar fara fram um land allt, en um þær eru svo búið, að þær sýna vilja kjósendanna, þó í smáum stíl sé.

Fyrsta brtt. afturhaldsmannanna fer fram á að taka kjördæmaskipunina upp í stjskr. En það tel ég blett á henni. Stjskr. ætti sem sjaldnast að breyta. Inn í hana á aðeins að taka meginreglur, en ekki alla skapaða hluti, sem auðvelt er að binda með öðrum lögum. Ef kjördæmaskipunin á að takast upp í stjskr., þá má gera ráð fyrir, að fleira komi á eftir, t. d. um læknaskipun, prestaskipun, dómaskipun og ýmislegt fleira. En þetta þýddi ekki annað en það, að sí og æ væri verið að breyta og um enga stjórnarskrá að ræða í eiginlegum skilningi, heldur aðeins lög, sem háð væru dutlungum einstakra valdhafa og flokkshagsmuna. Þetta var nú fyrsti kosturinn, sem hv. frsm. meiri hl. taldi afturhaldstill. til gildis og allir sanngjarnir menn eiga að geta gengið að.

Annan kostinn taldi hann vera þann, að nú fengi Reykjavík helmingi fleiri þm. en hún hefir. Það er náttúrlega gott og blessað, að Framsókn hefir með till. þessari gengið inn á, að Reykjavíkurvaldið eigi þó rétt til fleiri fulltrúa. En þó er hér aðeins um hundsbætur að ræða, og það veit Framsókn líka mætavel. Um leið og Reykjavík fær 4 aukaþm., þá er tekin af henni sú hlutdeild, sem hún hefir átt í landskjörinu. Á þessu er sá munur, að nú getur Reykjavík með hlutdeild sinni í landskjörinu skilað þm. þeim, sem hún þar fær kosna, beint í Ed. og haft þar stöðvunarvald, eins og nú er, í stað þess, að eftir till. Framsóknar yrði Ed. skipuð af þeim sameiginlega sjóði fulltrúanna, sem kjördæmin skila inn á þing. Hér er verið að bjóða nokkur peð fyrir góða menn og auðsætt, að leikurinn er gerður til þess að kaupa af sér reiði Reykvíkinga. Frá mínu sjónarmiði séð er meginókostur þessara till. afnám landskjörsins. Það væri fyrir sig, ef þessir menn þykjast ætla að gefa gjafir, að þá væri gefið án þess að taka annað í staðinn. Eins og komið er, undir þeirri ranglátu kjördæmaskipun, sem við eigum við að búa, þá er landskjörið sú réttlátasta kosning, sem fram fer, enda hefir hún gert Framsóknarfl. svokallaða lífið næsta erfitt, eins og þeir herrar hafa rekið sig á, því að þessi kosning hefir skilað of mörgum andstæðingum inn í Ed.

Þá eru það uppbótarsætin 5, og má um þau segja, að ekki sé nú gefið af miklum ofsa. Þar kemur aðallega þrennt til greina:

Í fyrsta lagi eru þau aðeins 5, og má undarlegt vera, að þeir hv. þm., sem ætla að rifna af því að þingmenn séu 50, ætli sér að bæta úr öllu ranglætinu með 5 uppbótarsætum.

Í öðru lagi eru þessi uppbótarsæti ekki tekin upp í stjskr., heldur aðeins látið nægja að heimila að bæta þeim við, ef meiri hl. Alþ. þóknast að gera það.

Í þriðja lagi er sá staður, þar sem andstæðingar þessara gjafara eru fjölmennastir, undanskilinn. M. ö. o. Reykjavík á ekki að fá hlutdeild í uppbótarsætunum, heldur nær þessi heimild aðeins til kjördæmanna utan Reykjavíkur.

Þetta minnir mig á það, sem góður og í alla staði heiðarlegur framsóknarmaður sagði við mig fyrir nokkru. Hann hélt því fram, að eiginlega hefði Framsókn verið í meiri hl. eftir kosningarnar í sumar. Ég fór að spyrja hann, hvað hann hefði fyrir sér í slíku. Og hann var ekki í neinum vandræðum með svarið. Hann taldi aðeins þá kjósendur, sem greitt höfðu atkv. utan Reykjavíkur, því hitt var ekkert að marka, þó að skrillinn í Reykjavík skilaði svo og svo miklu af atkv. á móti Framsókn. Það átti ekki að taka til greina, heldur aðeins atkv. kjördæma hinna dreifðu byggða. Og þessi sami hugur er nú kominn inn í till., þær sem liggja hér fyrir frá hv. framsóknarmönnum.

Ég hefi þá minnzt á þessa fimm sanngirnispunkta í till. Framsóknar, er hv. frsm. meiri hl. taldi, að allir sanngjarnir menn hlytu að geta fallizt á. En svo kom hann með sjöttu sanngirnina, og hún var sú, að Reykjavík ætti ekki að hafa eins marga þm. að tiltölu og aðrir landshlutar. Þetta rifjar upp fyrir mér, þegar ég á sínum tíma flutti frv. um að fjölga þm. í Reykjavík, að þá reis hv. 2. þm. Árn. (MT) upp úr sæti sínu og mælti á móti slíkri fjölgun og sagði beinum orð-

um, að Reykvíkingar þyrftu engan þm., af því að þeir væru svo gáfaðir og þroskaðir á móts við sveitamenn. Og hann bætti því við, að þó Reykvíkingar sendu ekki nema einn mann á þing, þá vægi það fyllilega upp á móti 10 þm. utan af landsbyggðinni. Nýlega var sami hv. þm. að fræða menn á því í hv. Ed., að pundið í Reykvíkingum væri svo þungt, að þess vegna þyrftu þeir ekki að hafa neina fulltrúa á Alþingi. Af þessu liggur næst að álykta, að pundið í kjósendum hinna dreifðu byggða sé svo létt af því, að þeir eru hvorttveggja í senn: fáfróðir og óþroskaðir. En allt er þetta sama tóbakið og hv. þm. Barð. var að bjóða upp á, en þó skaplegar sett fram.

Annars skal ég ósagt láta, hvernig þetta kemur heim við almenna réttlætistilfinningu. Mér dettur í hug fangelsisrefsing og þau ákvæði, sem þar um gilda. Það mætti færa sem ástæðu, að ekki væri rétt að dæma menn í jafnlanga fangavist af því í hvaða stöðu þeir væru. Sumir menn eru svo illa staðir, að fangelsisvist er þeim sannur griðastaður móts við að vera heima hjá sér. En aðrir lifa því lífi, að fangelsið verður þeim óguðlegur staður. Þó heldur löggjöfin áfram að mæla refsinguna í dögum, án tillits til þess, hvort þeim dæmda muni falla vistin vel eða illa. Sama er hér að segja, því þó að gott væri að láta fáfræðinga enga fulltrúa fá, þá er ekki hægt að mæla með því á þann hátt að strika út aðra menn, hvort sem þeir eru gáfumenn, efnamenn eða eitthvað annað. Sá maður, sem kominn er á vissan aldur, á sama rétt til kosninga eins og hver annar, og þetta er sú eina regla, sem gildir um skipun Alþ. og hlýtur að gilda á meðan Íslendingar búa í lýðfrjálsu landi.

Annars veit ég ekki, hvað þeir hv. þm. eiga við, sem sí og æ eru að nöldra um áhrif Reykjavíkur á Alþingi. En hitt vil ég benda þeim á, að það er ekki vert að espa Reykjavík til þess að hafa áhrif á Alþ. fyrir milligöngu annara en fulltrúa þeirra, er hún sendir þangað í réttu hlutfalli við aðra landshluta, því að vel gæti farið svo, að Reykjavík gæti haft gagngerð áhrif á Alþ. sakir mannfjöldans, sem þar er saman kominn, og brotið þar með allar þinglegar reglur. Ég veit ekki, hvort það er þetta, sem hv. frsm. meiri hl. var að benda á sem lausn í þessu máli.

Ég ætla ekki að lengja umr. frekar að svo komnu. En ekki get ég hugsað mér ömurlegri aðstöðu en stjórnarflokkurinn er kominn í, og þó verður sú aðstaða enn ömurlegri eftir því sem Framsóknarfl. stendur lengur á móti réttlátum kröfum og vilja mikils meiri hl. kjósenda í landinu. Það er sama aðstaðan og danskur stjórnmálaflokkur beitti á sínum tíma, og sá flokkur hefir ekki beðið þess bætur enn þann dag í dag. Og svo fer fyrir hvaða flokki sem er, sem ætlar sér að standa á móti réttlátum kröfum meiri hl. kjósenda með því að beita falsi og svikum á meðan kostur er. Slíkur flokkur hlýtur að falla og sundrast og á sér aldrei uppreisnar von. Þá væri betra og viturlegra að feta í fótspor hinna vísu feðra frá kristnitökunni.

ATKVGR.

Brtt. 595,1.a (aðaltill.) felld með 16:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VJ, HG, HV.

nei: StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BKr, HStef, HJ, IngB, JónasÞ, LH, JörB.

EA[1]), GÍ[2]), JJós, JAJ, JÓl, MG, MJ greiddu ekki atkv.

Tveir þm. (ÓTh, PO) fjarstaddir.

Brtt. 595,1.a (varatill.) felld með 16:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já: VJ, HG, HV,

nei: TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BKr, HStef, HJ, IngB, JónasÞ, LH, StgrS, SvbH, SvÓ, JörB.

EA, GÍ, JJós, JAJ, JÓl, MG, MJ greiddu ekki atkv.

Tveir þm. (ÓTh, PO) fjarstaddir.

Brtt. 615 (ný 1. gr.) samþ. með 14:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

1) **EA:** Ef ég á að gera grein fyrir atkv. minu, þá greiði ég ekki atkv. af því, að ég er í sjálfu sér hlynntur þessari till., en býst alls ekki við, að hún nái fram að ganga.

2) **GÍ:** Þessi brtt. er eigi svo frábrugðin 1. gr. frv., sem búast má við að felld verði, að eigi mætti við hana una, ef hægt væri að koma að breytingu á henni við 3. umr., og þess vegna greiði ég ekki atkv.

já: HJ, IngB, JónasÞ, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BKr, JörB.
nei: HStef, HG, HV, JJós, JAJ, JÓl, LH, MG, MJ, VJ, EA, GÍ.
Tveir þm. (ÓTh, PO) fjarstaddir.

Brtt. 595,1.b tekin aftur[1]).

2.—3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 595,2 felld með 14:4 atkv.

4. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

5.—6. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JAJ, JÓl, JónasÞ, LH, MJ, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BKr, EA, HJ, IngB, JörB.
nei: VJ, HG, HV.
GÍ, HStef, JJós, MG greiddu ekki atkv.
Tveir þm. (ÓTh, PO) fjarstaddir.

Á 71. fundi í Nd., 10. maí, var útbýtt brtt. við frv., á þskj. 676, en málið var ekki á dagskrá tekið framar.

53. Lokunartími sölubúða.

Á 14. fundi í Ed., 26. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um viðauka við l. nr. 79, 14. nóv. 1917, um samþykktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum (þmfrv., A. 43).

Á 17. fundi í Ed., 1. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Ef hv. þm. hafa kynnt sér grg. þessa frv., þá hafa þeir komizt að raun um, hvað það hefir inni að halda. Það er aðeins dálítil viðbót við viðaukann, sem gerður var 1928 við l. um samþykktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum frá 1917. Sá viðauki færði undir lögin ýmsar stofnanir, sem álitið var, að ættu að falla undir sömu reglur um lokunartíma eins og venjulegar sölubúðir.

Viðbótin, sem felst í þessu frv., miðar að því að tryggja sendisveinum vissan, takmarkaðan vinnutíma. Vinnutími þeirra er e. t. v. ekki yfirleitt mjög langur, en hann er mjög óhentugur. Aðalstarf þeirra hefst oft ekki fyrr en á þeim tíma, sem aðrir fara frá vinnu sinni, og það er ekki óalgengt, að þeir séu fram á rauða nótt við að bera vörur út um bæinn. Þetta stafar af því, að engin ákvæði eru til í lögum, sem tryggja vinnutíma þeirra á sama hátt og lögin um lokun sölubúða tryggja öðru búðarfólki takmarkaðan vinnutíma. Úr þessu er ástæða til að bæta. Nú er þó ekki ætlazt til, að Alþ. fari að setja föst lagaákvæði um þetta, heldur á að leyfa bæjarstjórnum að setja um það reglur, eftir því sem við á á hverjum stað. Má vænta þess, að þær fari ekki á annan hátt með það vald heldur en eins og íbúunum er hentugast.

Ég þykist nú vita, að þær mótbárur muni koma fram gegn þessu frv., að þau séu óþægindi að því fyrir fólk að geta ekki símað til verzlananna þegar komið er fast að lokunartíma og fengið vörurnar sendar heim til sín hvað seint sem er. Sérstaklega gæti þetta þótt óþægilegt á laugardagskvöld, þegar búðir eru lokaðar að morgni, þar sem það er víða orðin venja að verzla aðeins fyrir þann og þann daginn í einu. En þessara smávægilegu óþæginda mundi aðeins verða vart fyrst í stað. Fólk mundi strax venjast við það að byrja aðeins dálítið fyrr að panta frá verzlunum það, sem það vill fá sent heim. Það yrði eins um þetta og þegar ákveðinn var lokunartími sölubúða. Menn áttuðu sig mjög fljótt á því að gera innkaup sín í tíma. Það hafa ekki heyrzt neinar kvartanir um það í mörg ár, að búðunum væri lokað of snemma. Eins mundi fara um þetta; kvartanir um að fá ekki vörur sendar heim seint á kvöldin myndu hverfa von bráðar.

Eins og ég hefi tekið fram, á með þessu frv. að tryggja unglingunum, að þeir þurfi ekki að vera bundnir við útistörf fram á nótt, sem þeir einnig geta notað fyrir skálkaskjól, ef þeir vilja lengja útiveru sína. Það yrði því heimilunum mjög til góðs, að mínu áliti, og bætir aðstöðuna til þess að halda uppi góðri reglu. Vegur það margfalt á móti

1) **HV:** Ég finn, að hæstv. forseti er í vandræðum út af þessari till., og til þess að bjarga stóru flokkunum út úr vandræðunum skal ég taka till. aftur til 3. umr.

Forseti: Ég held það færi bezt á því, að till. væri tekin aftur.

þeim smávægilegu óþægindum, sem það kynni að valda fyrstu vikurnar, ef menn gleyma að senda pantanir sínar í búðirnar nægilega snemma.

Fleira mun ég svo ekki þurfa að taka fram viðvíkjandi frv., og óska ég, að því verði vísað til hv. allshn. að lokinni umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., 8. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 43, n. 99).

Frsm. (Einar Árnason): Efni þessa frv. er það, að bætt verði inn í l. um lokunartíma sölubúða heimild handa bæjarstjórnum um að gera samþykktir um takmörkun á vinnutíma sendisveina hjá verzlunum, skrifstofum og öðrum fyrirtækjum, sem sendisveina nota. Ástæðan til þess, að frv. er flutt, er sú, að það mun æðimikið hafa tíðkazt, að vinnutími sendisveina drægist fram eftir kvöldi, svo að þeir hafi ekki losnað fyrr en framorðið hefir verið og löngu eftir þann tíma, sem aðrir hafa verið hættir störfum. Eftir frv. á ekki að mega senda frá búðum lengur en að það sé í seinasta lagi klukkutíma áður en lokunartími kemur.

Í fljótu bragði má svo virðast, að þvílíkar takmarkanir geti orðið kaupendum til óþæginda, en við nánari athugun virðist ekki eiga að þurfa að verða nein óþægindi að þessu. Þeir menn, sem ætla sér að fá vörur sendar heim, þurfa þá aðeins að gera ráðstafanir til þess svo tímanlega, að sendiferðinni geti verið lokið nokkru fyrir lokunartíma.

Allshn. hefir haft þetta mál til meðferðar og fallizt á frv. og orðið sammála um að leggja til, að það verði samþ. N. flytur brtt. á þskj. 99, en sú breyt. er engin efnisbreyt., heldur aðeins orðabreyt., sem hefir engin áhrif á málið sjálft.

Jón Baldvinsson: Það er rétt hjá hv. frsm., að brtt. hv. n. hefir engin áhrif á efni frv., og má segja, að það standi á sama, hvort orðið er notað, það, sem nú er í frv., eða hitt. Ég sé ekki ástæðu til að hafa á móti brtt., þó ég hinsvegar álíti alveg eins gott, að hitt hefði staðið, en þar sem hv. n. hefir tekið svo vel í frv. að öðru leyti, vil ég ekki gera ágreining um þetta, en þakka henni fyrir þær góðu undirtektir og vona, að frv. fái einhuga fylgi hér í hv. d.

ATKVGR.

Brtt. 99 samþ. án atkvgr.

1. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 125).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 25. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 125).

Á 27. fundi í Nd., 12. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

54. Vélgæzla á gufuskipum (frv. BSn).

Á 16. fundi í Ed., 29. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita þrem mönnum skírteini til vélstjórnar á íslenzkum skipum (þmfrv., A. 53).

Á 19. fundi í Ed., 3. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Bjarni Snæbjörnsson): Ég get verið stuttorður við framsögu þessa máls, því það er tekið fram í grg., hvað hér er um að ræða. Eins og hv. þm. hafa séð, fer frv. fram á heimild handa atvmrh. til að veita þrem mönnum vélstjóraskírteini, til þess að þeir megi vera vélstjórar á skipum, sem ganga á fiskiveiðar, 1. vélstjóri á skipum allt að 200 smálesta stærð og 2. vélstjóri á öllum stærri skipum. Frv. er flutt samkv. beiðni þessara þriggja manna, sem allir eru fjölskyldumenn, búsettir í Hafnarfirði. Þeir hafa allir unnið í mörg ár að vélstjórastörfum, og þarf ég ekki að lýsa því fyrir hv. þdm., hvað það væri þeim bagalegt, ef þeir þyrftu að hætta því starfi. Samskonar frv. og þetta var afgr. á vetrarþinginu í fyrra og gekk það mjög greiðlega í gegn. Vona ég, að þetta frv. fái sömu undirtektir.

Vil ég svo mælast til, að frv. verði vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

55. Fátækralagabreyting (frv. MT o. fl.)

Á 19. fundi í Ed., 3. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á fátækralögum, nr. 43 1927 (þmfrv., A. 76).

Á 23. fundi í Ed., 8. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Torfason): Þetta frv. er eiginlega gamall kunningi hér á þingi. Það eru nú full 30 ár síðan samskonar till. var hreyft, og síðan jafnan öðruhverju. Þegar fátækralögin voru samþ. 1927, var samskonar till. hreyft, en hún náði þá ekki fram að ganga. Það urðu nokkurskonar sættir í málinu; sveitfestistíminn var áður 10 ár, en færður niður í 4 ár, og frv. var samþ. eins og það lá fyrir, því það var mikil bót frá því, sem áður var. Hinsvegar voru menn ekki ánægðir með þetta og sögðu sem svo, að þessi ákvæði um að stytta sveitfestistímann færu langt of skammt.

Efni þessa frv. er því aðeins það að færa fátækral. að því er þetta snertir, eða 21. gr. þeirra, í það form, sem þau áttu að vera í og farið hefir verið fram á ótal sinnum.

Breyt. þær, sem hér er farið fram á, eru þær í fyrsta lagi, að sveitfestistíminn verði færður niður úr 4 árum í 2 ár, og í öðru lagi, að numið sé burt það ákvæði, að menn megi ekki hafa þegið sveitarstyrk síðustu 10 árin í dvalarsveitinni, endurkræfan eða óendurkræfan, og að þetta verði jafnt sveitfestistímanum, eins og alstaðar annarsstaðar.

Þá er þriðja brtt. sú, að aðeins endurkræfur sveitarstyrkur geti komið í veg fyrir sveitfesti, en ekki óendurkræfur sveitarstyrkur. Ég hefi aldrei skilið, hvers vegna óendurkræfur sveitarstyrkur á að vera því til fyrirstöðu, að menn vinni sér sveit; hann er byggður á ýmsum ástæðum, sem eru þess eðlis, að þeim, sem þurft hefir að þiggja slíkan styrk, hefir verið það vorkunnarmál, og það er ófyrirsynju að láta þann styrk slíta sveitfesti, sem menn þiggja af ástæðum, sem þeir eiga ekki neina sök á.

Í grg. er það tekið fram, að þau sveitarfélög sérstaklega, er fólki fækkar í, verði illa úti. Á þeim 5 árum, sem nú eru liðin frá því l. komu í gildi, hefir það sannazt, að þó sveitfestistíminn með þeim ákvæðum, sem honum fylgja, hafi verið styttur, þá hefir það ekki nægt til að fyrirbyggja, að þau héruð, sem missa fólkið, fái þungar búsifjar af þeim héruðum, sem fólkið fer til.

Ég skal játa það, að þetta frv. er borið fram fyrst og fremst af því, að í mínu umdæmi eru sveitarþyngslin af utansveitarfólki orðin æðitilfinnanleg; það er blátt áfram komið fram af hinum þungu búsifjum, sem 2 hreppar í sýslunni hafa orðið fyrir, Eyrarbakkahreppur og Stokkseyrarhreppur; þangað hafa komið fleiri sendingar á hverju ári, og sumar æðiþungar, svo að sveitarframfæri

þar er orðið svo þungt, að þessir hreppar geta ekki borgað skyldugjöld sín. Þessa er líka von, því að fólkinu hefir fækkað um fullan þriðjung á síðustu 10 árum, eða síðan 1921, í áðurgreindum sveitum. Og það er ekki nóg, að vinnuaflið hafi minnkað, heldur hafa einnig farið burt menn, sem voru í góðum efnum, og því mjög mikill sveitarstyrkur að, eins og jafnan vill verða, er sveitarfélagi hrakar, svo burðarmagn þessara hreppa er nú miklu minna en nemur fækkun fólksins. Og síðustu 2 árin er svo langt komið fyrir þessum hreppum, að þeir hafa ekki getað greitt sýslusjóðsgjaldið. Það er m. ö. o. að þessar þungu búsifjar, sem sveitarþorpin austanfjalls hafa orðið fyrir, eru ekki aðeins sveitarböl, heldur eru þær einnig orðnar sýsluböl. Sýslan getur ekki gegnt þeim málum, sem fyrir liggja, þó að mörg þeirra séu aðkallandi og bráðnauðsynleg, sökum þess að hún fær ekki greidd gjöldin. En þó það megi vel vera, að fá pláss hafi orðið eins illa úti og þorpin þarna niðri frá, þá er það ekki svo að skilja, að það séu ekki margir aðrir hreppar, sem líkt stendur á með, t. d. eru 2 hreppar í sýslunni, sem að vísu hafa enn staðið í skilum með sýslusjóðsgjöldin, en eru mjög þjakaðir, en það eru Biskupstungnahreppur og Villingaholtshreppur, og það af þessum sömu ástæðum. En þó er mér nær að halda, að það séu fleiri hreppar á landinu, sem eiga um sárt að binda, án þess að ég ætli að fara lengra út í það nú, en vil þó aðeins benda á, að Gerðahreppur í Gullbringusýslu mun engu betur settur en sjávarþorpin austanfjalls, nema verr sé.

Ég vænti þess, að hv. d. taki vel þessu máli, og sérstaklega þykist ég mega treysta því, að hinir landsk. þm. muni vilja miðla þessu máli af ríkdómi síns réttlætis. Að síðustu vil ég leggja það til, að málinu verði, að umr. lokinni, vísað til hv. allshn.

Jakob Möller [óyfirl.]: Á þessu stigi málsins er náttúrlega ekki ástæða til að hafa langar umr. um þetta frv., en ég vil þó láta þá skoðun í ljós, að mér skilst, að það muni ekki vera rétt að vera að setja svona bætur á þetta gamla fat, því að það er bersýnilega nauðsyn á því að taka fátækralöggjöfina til rækilegrar athugunar og endurskoða hana gersamlega. Fátækramálin hafa meira og meira færzt í það horf, að ýms ákvæði fátækralaganna eru nú orðin alveg þýðingarlaus. Þannig er t. d. um ákvæðið um greiðslu framfærslukostnaðarins; það lendir meira og meira á dvalarsveitinni að greiða hann, af því blátt áfram, að það reynist ókleift að ná meðlaginu inn hjá framfærslusveitinni. Þetta er orðið hreint vandræðamál, a. m. k. þar, sem ég þekki til, sem er nú náttúrlega sérstaklega hér í Rvík, en ég hygg þó, að það muni vera jafnvel ennþá verra í sumum öðrum kaupstöðum, t. d. í Hafnarfirði.

Sérstaklega vil ég vekja athygli hv. d. og n. á því ákvæði frv., að aðeins endurkræfur styrkur geti slitið framfærslurétti. Það hefir lengi verið svo, að ýms sveitarfélög hafa reynt að koma mönnum af sér yfir á önnur sveitarfélög, hjálpað þeim til að vinna þar sveit, af ótta við það, að þeir myndu þurfa á sveitarstyrk að halda. Hafa verið notuð til þess hverskonar brögð að koma mönnum af sér á þennan hátt, og hefir það stundum komizt upp síðar og verið leiðrétt, en stundum aldrei. Með þessu ákvæði, að einungis endurkræfur sveitarstyrkur hafi þýðingu í þessu sambandi, er sveitarfélögunum gefið tækifæri til að koma af sér ómögum, því að framfærslusveit sker úr um það, hvort styrkurinn skuli teljast endurkræfur eða ekki. Geta þau þannig losað sig við aðra styrkþega líka með því að úrskurða, að þeirra styrkur sé einnig óendurkræfur. Sé ég ekki ástæðu til að gera sveitarfélögum auðveldara um þetta og skil ekki, hvi hv. flm. kom fram með þetta ákvæði. Sérstaklega vil ég þó beina því til hv. n., að hún taki þetta rækilega til athugunar.

Jón Baldvinsson: Það er nokkuð til í því, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði, að ef frv. yrði samþ., þá yrði það til þess að ýta undir sveitarstjórnir um að fara í kringum lög, og þó að ég geti í sjálfu sér verið með frv. þessu, álít ég samt, að svona smávægilegar breyt. ætti ekki að gera fyrr en tekin yrði til athugunar endursköpun á fátækralögum landsins. Hér hefir áður legið fyrir heilsteypt frv. um

þessi efni. Slíka breyt. þarf að gera, en mér er kunnugt um, að það er ómögulegt fyrr en sveitarfélög fá endurgreidda útistandandi sveitarstyrki. Eru það tugir þúsunda, sem sum sveitarfélög eiga úti og ekki er hægt að fá. Veit ég ekki, hvernig slík framkvæmd ætti að vera, er kippt gæti þessu í lag, en þó skilst mér sem svo gæti farið, að ríkissjóður yrði að skerast í málið. Virðist mér sem ýms sveitarfélög eigi nú ekki annars úrkosta en að ganga að hreppsbúum eða leysast upp ella, og yrði þá, finnst mér, ríkissjóður að greiða skuldir þessar við hreppsfélögin. Eru ýmsir kaupstaðir í miklum vanda af þessum ástæðum, og þarf að greiða úr þessu, en ekki auka á vandræðin. Ég veit ekki, hvort á þessu þingi verður borið fram frv. til framfærslulaga, en vil þó skjóta því til hv. n. að athuga, hvort hún sæi sér ekki fært að taka upp algerða breyt., sem meir svaraði til ástandsins í landinu, þannig, að einstök sveitarfélög geti ekki sloppið við að taka þátt í almennri framfærslu. Mörg sveitarfélög, sem eru í nánd við kaupstaði, eiga hægt með að koma þangað ómögum, sem engin leið er til að losna við síðar. Væri eðlilegt, vegna þessara vandræða, að fátækralögin væru tekin til endurskoðunar í heild. Vildi ég þá láta halda sér að því aðalatriði, að landið yrði eitt framfærslufélag, svo að komið yrði í veg fyrir reiptog sveitarfélaga um skuldaskipti. Það ástand, sem nú er, getur ekki haldizt til lengdar, að skuldir svo að nemur tugum þúsunda safnist milli sveitarfélaga án þess að hægt sé að ná þessu inn.

Flm. (Magnús Torfason): Mér þykir vænt um að heyra ummæli tveggja síðustu ræðumanna. Sanna þau að öllu mitt mál um það, að full þörf sé á þessu frv. Er það víst, að frv. gengur í þá átt, sem þeir vilja vera láta, og miðar drjúgum að því að undirbyggja löggjöf þá, er þeir fara fram á og koma mun á sínum tíma. Játa ég, að ég er því ekki mótfallinn út af fyrir sig, að landið verði eitt framfærsluumdæmi. Ekki er ég heldur mótfallinn því, að dvalarsveit beri þunga af opinberum styrkjum til þeirra, er þurfa, en það þarfnast meiri undirbúnings. Var ég að vísu þeirri hugsun hlynntur, sem kom fram í frv. jafnaðarmanna, en held þó ekki, að hún geti náð fram að ganga. Er það margt, sem athuga þarf áður, og verður að sjá fyrir ýmsum framkvæmdum samfara því. Landið á t. d. ekkert fátækraskýli. Get ég ekki hugsað mér, að slík lög kæmust á fyrr en því væri komið upp. Held ég og, að ríkissjóði yrði ofraun að standa straum af þvílíkum kostnaði ófyrirséð. Hinsvegar er það augljóst, að það liggur í loftinu og er samkv. þeim mannúðarhugsunum, er nú ráða, að fátæklingum líði sæmilega. Vil ég benda hv. ræðumönnum á það, sérstaklega þó hv. 2. landsk., að ráð væri að hugsa fyrir uppkomu fátækrahælis á heitum stað, þegar þekkingu manna í meðferð á heita vatninu væri nógu langt komið.

Báðir hv. ræðumenn gerðu mikið úr því, að ókleift reyndist oft og tíðum að ná inn meðlögum. Eru þetta beztu meðmælin fyrir frv. Getur slíkt ástand vitanlega ekki haldizt áfram. Vil ég þó játa með þeim, að stundum myndi geta orðið nógu erfitt að ná inn meðlögum, þó að frv. yrði að lögum. Veit ég þó ekki betur en að ríkissjóður hafi einatt hjálpað hreppum, er í vandræðum voru staddir, og veitt þeim hallærislán.

Hv. 1. þm. Reykv. fann það að frv., að óendurkræfur sveitarstyrkur ætti ekki að slíta sveitfesti. Rök hans eru ekki mikil og virðast benda á, að hann sé ekki kunnugur málunum. — Það er vitanlegt, að duglegir oddvitar hafa jafnan gert allt, sem hægt var, til þess að velta byrðum af sínu sveitarfélagi. Verður þetta ekki lagað meðan sérhver sveit er framfærsluhreppur. Veit ég líka, að þetta jafnar sig nokkurn veginn. Þau sveitarfélög, þar sem fólki fjölgar, eru engu betri í þessu efni en hin. Brennur það mjög við, að sveitir halda mönnum uppi í öðrum hreppum, meðan þeir eru að vinna sér sveit þar. Veit ég t. d., að afarþungum ómaga, er kostar hrepp sinn árlega 3000—4000 kr., hefir verið komið til dvalar í öðrum hreppi. Ef spurt er, hvort hann þiggi styrk af sveit sinni, er þar til svarað nei, en víst er þó það, að af einhverju lifir hann, þótt ekkert vinni hann. Á þvílíku verður engin bót

ráðin, meðan hver hreppur er sérstakt framfærslufélag.

Undanfarið hafa gengið yfir góðæri mikil, en á slíkum tímum þurfa fáir sveitarstyrki. Þó kemur okkur saman um, að nú þegar geti ýms sveitarfélög ekki risið undir þeim álögum, er þau hafa af þessum völdum, og versnar þetta ár frá ári nú í kreppunni. Þetta frv. setur undir þennan leka. Hefi ég ekki fundið neitt það í ræðum hv. þm., er sanni það, að frv. muni skaða á nokkurn hátt, en hinsvegar er það víst, að það mun verða til mikilla bóta.

Guðrún Lárusdóttir: Ég vil leyfa mér að minna á þál., er samþ. var hér á síðasta þingi. Vil ég spyrjast fyrir um, hvernig henni hafi reitt af. Till. var þessi:

„Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fyrir næsta þing frv. um þær breytingar á fátækralögunum, að greitt sé úr þeim fjárhagsvandræðum, er af því leiðir fyrir einstök hreppsfélög, hversu þunginn af fátækraframfærslunni kemur misjafnlega niður".

Veit ég ekki, hvort hæstv. stj. hefir unnið nokkuð að framkvæmd þessa máls. Frv. það, sem hér er til umr., gefur mér tilefni til að minnast á þetta. Vil ég láta í ljós undrun mína yfir því, að ekkert hefir verið upplýst í málinu. Hvort þetta frv. á að bæta hér úr, er spurning, sem hv. flm. geta víst svarað. Mér finnst reyndar sú bót vera lítil. Er hér oft talað um það vandræðaástand, að fólk streymi úr sveitum í kaupstaðina. Er það álitið ranghverfa mikil. Sveitirnar eru hálftómar að fólki, en það leitar til kaupstaðanna í von um þægindi og betri launakjör, svo að þeir eru ofhlaðnir fólki, sem ekkert hefir að vinna, og þá stundum heldur ekkert að borða og þarf því að flýja á náðir þess opinbera. Virðist mér frv. þetta alls ekki koma í veg fyrir slíkt, heldur miklu fremur ýta undir fólkið að flytja í kaupstaðina. Eru og sveitarþyngsli mest í kaupstöðum landsins.

Mér finnst því hreppapólitík í þessu frv. hjá hv. 2. þm. Árn., því að hann talar hér fyrst og fremst fyrir hönd síns hrepps. Ég vil ekki, að hreppapólitík ráði í slíkum málum, heldur landsheill. Bezta úrlausn þessa máls væri sú, að gera landið allt að einu framfærsluhéraði. Með því yrði komizt hjá miklu rifrildi og hreppapólitík við umr. um fátækramál. Þetta frv. bætir ekkert um, heldur ýtir undir fólk um að fara þangað, sem það vill vera og eiga sveit. Er ekkert auðveldara en að aðstoða fólk í 2 ár til að fá sveitarréttindi, og síðan kemur þurfafólkið á samri stund til þess að fá styrk. Sá, sem hefir starfað að fátækramálum, kemst fljótt að raun um þetta. Önnur ráð munu vera betri í þessum málum en það að stytta sveitarvinnslutímann, því að það er vissulega ekkert annað en að leggja nýja bót á gamalt fat.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Út af fyrirspurn þeirri, er hv. 6. landsk. beindi til mín, vil ég geta þess, að skrifstofustjóra atvmrn. var falið að inna þetta verk að hendi. Hefir hann nú fengið í hendur mikil gögn, og verður málið væntanlega innan skamms tilbúið fyrir n. þá, er fær það til meðferðar.

Jakob Möller [óyfirl.]: Hv. flm. sagði, að við 2. landsk. vissum lítið til sveitamála. Held ég þó, að ég hafi í þessum ágreiningi réttara fyrir mér en hann. Veit ég ekki betur en að jafnan hafi sá skilningur ráðið, að fátækrastjórn Rvíkur ákvæði, hvort styrkur skyldi óendurkræfur. Skil ég ummæli hv. þm. svo, að ef þetta er rétt hjá mér, játi hann, að ákvæðið sé varhugavert og verði þá breytt. Vil ég ekki verja fyrirkomulag okkar á þessum málum, og er nauðsynlegt að fá umbætur hér á, en þetta frv. gerir ekki umbætur að gagni, heldur gerir illt verra.

Flm. (Magnús Torfason): Mér þótti fyrir því, hve hv. 6. landsk. tók sér það nærri, að ég kom fram með þetta frv. Kom mér ekki í hug, að henni gæti hlaupið kapp í kinn út af jafnmeinlausu frv., þegar á hana er litið sem landsk. þm. Hitt er annað mál, að ég skil vel, að hún sem starfsmaður bæjarins láti sér ekki á sama standa. Hv. þm. hefir ekkert á móti því, að menn vinni hérna fyrir þetta bæjarfélag, en hún vill, að viðkomandi maður

sé a. m. k. 10 ár að vinna sér fullan borgararétt í þessu bæjarfélagi. (GL: Hvenær hefi ég sagt það?). Já, mér virtist það liggja í orðum hv. þm., en ef hér er um misskilning að ræða hjá mér, þá bið ég vitanlega velvirðingar á því.

En það voru önnur ummæli, sem hv. 6. landsk. þm. lét út úr sínum friða og fallega munni, sem ég vil ekki láta með öllu ósvarað. Hún lét svo um mælt, að þegar menn væru búnir að vera hér 2 ár, þá kæmu menn „á mínútunni" á bæjarsjóðinn. Mér þykir þetta allharður dómur, og ég verð að halda, að hv. þm. hafi ekki meint þetta á þann veg, sem orðin féllu, og marka ég það m. a. af því, að henni hljóp nokkur roði í kinn, er hún lét þessi orð falla. Ég get hvað snertir Árnessýslu borið um það af nokkrum kunnugleika, að slík ummæli hafa ekki við hin minnstu rök að styðjast. Ég veit ekki gerla, hversu þessu er varið í öðrum héruðum landsins, en ég vil í öllu falli hafa Árnesinga mína undantekna þessum áburði. En segjum nú, að eitthvað væri hæft í þessum ummælum hv. 6. landsk. Á hvað benti það? Það benti til þess, að hugsunarháttur manna breytist við það, að þeir flytjast hingað í fjölmennið. Þar, sem ég þekki til, þekki ég þess ekki dæmi, að menn geri sér leik að því að segja sig til sveitar, heldur reyna menn að verjast í lengstu lög og leita ekki á náðir sveitarinnar fyrr en þeir eiga að búa við harðrétti. En ef orð hv. 6. landsk. eru sönn hvað Rvík snertir, þá hlýtur skýringin að liggja í því, að hugsunarháttur þessa fólks spillist við hingaðkomu þess, og ef svo er, þá bera þessi pláss, sem fólkið flytur í, mikla ábyrgð á því, og ætti að því athuguðu að vera fremur ástæða til að samþ. frv. Hv. þm. var að vísa í þá miklu breyt., sem væntanlega yrði gerð á fátækralöggjöfinni á næstu árum hvað þessi atriði snertir. Ég fyrir mitt leyti geri ekki ráð fyrir slíku, nema þá að fátækralöggjöfinni verði breytt að stefnu til, en slík breyt. á áreiðanlega svo langt í land, að ég býst ekki við, að mitt þinglíf endist svo lengi, að ég svo mikið sem sjái framan í slíkt frv., hvað þá heldur að maður lifi það, að svo gagngerð breyting nái fram að ganga.

Guðrún Lárusdóttir: Ég hefi fyrir ýmsra hluta sakir gaman af að tala við hv. 2. þm. Árn. Hann hafði uppi ýmsa spádóma um það, að endurskoðun fátækralöggjafarinnar ætti langt í land. En ég held, að það sé ekki mikið leggjandi upp úr hv. þm. sem spámanni. Ég skal aðeins minna hann á, að við hittumst ekki fyrir alllöngu á landsmálafundi við Ölfusárbrú, og þá spáði hann því t. d., já, fullyrti jafnvel, að við myndum alls ekki eiga það eftir að hittast hér innan vébanda þingsins. Þessi spádómur hefir ekki rætzt, og mér kæmi ekki á óvart, að svo færi einnig um þennan spádóm hv. þm. um gagngerða breyt. fátækralaganna.

Ég kannast ekki við það að hafa flutt mál mitt með offorsi, eins og hv. 2. þm. Árn. lét í veðri vaka. (MT: Það hefi ég aldrei sagt). Og því síður kannast ég við að hafa hagað orðum mínum þannig, að þau yrðu skilin svo, sem ég héldi því fram, að menn segðu sig almennt til sveitar strax og tvö árin væru liðin. Ég átti vitanlega við það, að þess eru mörg dæmi, að menn, sem síðar verða styrktar þurfar, reyna mjög til að halda sér frá sveit þau árin hér í bænum, sem til þess þarf að vinna sér inn sveitfesti hér, og komi svo strax að þeim tíma liðnum og biðji um styrk, þótt þeir þættust alls ekki þurfa hans með áður. En hitt er alveg fjarstætt, að ég hafi viljað halda því fram, að slíkt væri almennt um fólk, sem hingað flyttist til bæjarins, og ég skil ekki í hv. yfirvaldi Árnesinga að hafa í frammi slíkar rangfærslur. Annars gæti ég sagt hv. þm. ýmislegt þessu viðvíkjandi, máli mínu til sönnunar, en hirði ekki um það að svo stöddu.

Hv. þm. sagði, að ég vildi láta 10 ára ákvæðið haldast, líkt og áður var. Þetta er einnig rangfærsla, en hitt get ég játað, að meira samræmi væri í því að hafa sveitfestistímann hinn sama og þann tíma, sem viðkomandi má ekki þiggja af sveit, enda er slíkt venjulegt erlendis.

Ég vil einmitt sérstaklega sem landsk. þm. taka tillit til allra landshluta hvað þessi málefni snertir, og ég vil þess vegna ekki halla sérstaklega á kaupstaðina, heldur reyna að gera öllum landshlutum jafnt undir höfði. Ég hefi átt tal við ýmsa fróða menn, sem hafa ótvírætt lát-

ið það í ljós, að stytting sveitfestistímans hafi valdið auknum flutningi fólks frá sveitum til kaupstaða. Mér hefir nú jafnan fundizt flokkur og málgagn hv. 2. þm. Árn. gera helzt til mikið úr „spillingunni“ í Rvík, og mikið talað um „Reykjavíkurskríl“, og þess vegna finnst mér það nú koma úr allra hörðustu átt, er hv. 2. þm. Árn. beitir sér fyrir frv., sem óhjákvæmilega yrði til að auka „Reykjavíkurskrílinn“. Hv. þm. verður að viðurkenna, að af samþykkt þessa frv. hlyti að leiða aukið los á fólkinu og aukið ráp landshornanna á milli. — Annars hefi ég ekkert um þetta frv. að segja frekar við þessa umr., en vænti þess, að n. geri sitt til að lagfæra það og koma í veg fyrir þá rangsleitni, sem í því felst. Í þeirri mynd, sem það er flutt nú, verð ég að leggjast á móti því af þeim ástæðum, sem ég þegar hefi látið uppi.

Flm. (Magnús Torfason): Ég þarf ekki að segja margt, enda skal ég játa það, að ef hv. 6. landsk. hefði í fyrri ræðu sinni talað á þann veg, sem hún gerði núna, þá hefði ég sjálfsagt látið orð falla nokkuð öðruvísi, en allt um það tel ég mig ekki hafa hagað orðum mínum öðruvísi en sæmilegt er gagnvart hv. 6. landsk., bæði sem þm. og heiðarlegri og vel metinni frú.

Hv. þm. sagði, að þetta frv. myndi auka fólksflutninga til Rvíkur. Eftir mínum kunnugleik nær þetta engri átt. Það eru atvinnumöguleikarnir, sem ráða því, hvernig fólkið flytur til í landinu. Sveitfestistíminn hefir engin áhrif á það.

Hv. þm. hélt því fram áðan, að hér væri um hreppapólitík að ræða. Ég játa það, en það er réttlát hreppapólitík, að rétta hluta þeirra landshluta, sem til þessa hafa verið beittir órétti í þessum sökum, og ég lít svo á, að enginn þm. þurfi að. bera kinnroða vegna réttlætismála, sem hann beitir sér fyrir.

Já, við erum nú bæði spámannlega vaxin, hv. 6. landsk. og ég. Hv. þm. var að minna mig á gamlan spádóm, en ég skoða það miklu fremur sem herorð en spádóm, en þó skal ég játa það, að ég hélt þá, að kosningarnar myndu ekki fara á þann veg, sem raun varð á, því að ég hafði gert ráð fyrir, að jafnaðarmenn myndu draga meira og ekki búizt við, að frúafl. mundi verða svo fengsæll. Ég get því játað, að spádómur minn hefir ekki staðizt að þessu leyti, en allt um það er ég fús til að viðurkenna, að mér er sönn ánægja að því að geta talað við hv. 6. landsk. sem þm. innan vébanda þessarar hv. deildar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

56. Læknishérað í Ólafsfirði.

Á 20. fundi í Ed., 4. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um sérstakt læknishérað í Ólafsfirði í Eyjafjarðarsýslu (þmfrv., A. 95).

Á 24. fundi í Ed., 9. marz, var frv. **tekið** til 1. umr.

Flm. (Einar Árnason): Eins og sést á þskj. 95, er þetta frv. flutt að ósk Ólafsfirðinga.

Krafan um, að Ólafsfjörður verði sérstakt læknishérað er ekki ný, og enda ekki í fyrsta sinn nú, sem hún er borin fram hér á Alþ. Er nú liðið á annan tug ára síðan þessi krafa kom fyrst fram, en ekki hefir hún fengið byr hjá þinginu til þessa, en að vísu nokkra viðurkenningu, þar sem var sú ráðstöfun Alþingis, að Ólafsfirðingum var veittur styrkur til þess í fjárl. að halda sinn sérstaka lækni. Var þessi styrkur veittur í fyrsta sinn í fjárl. ársins 1926 og nam 2000 kr., og áttu Ólafsfirðingar sjálfir að leggja fram 2600 kr. á móti. Þessi styrkveiting fjárveitingavaldsins kom þó ekki að liði, af því að hreppsfélagið er ekki svo á vegi statt fjárhagslega, að það gæti tekið á sig þann bagga, sem slík árleg greiðsla mundi hafa í för með sér.

Í fjárl. 1929 var gerð sú breyting, að þá er framlagið, sem ríkissjóður lofaði,

hækkað upp í 2600 kr., gegn 1600 kr. frá Ólafsfirðingum. Þegar málið var komið í þetta horf, þá varð það úr, að Ólafsfirðingar réðu til sín lækni og gerðu samning við hann til 5 ára. Þeir hafa þessi árin fengið 2600 kr. úr ríkissjóði, en sjálfir greitt hinn hlutann, eða 1600 kr. Þessi samningur er útrunninn 1933, og eru engar líkur til, að Ólafsfirðingar treysti sér til að gera samning aftur, svo fátækt hreppsfélag, að borga 1600 kr. á ári til læknis. Hreppsfélagið hefir einu sinni gert þennan samning og verður að reyna að standa við hann fram að þeim tíma, sem mun vera 1. júní 1933. En það má búast við því, að eftir þann tíma verði þeir læknislausir.

Nú kunna margir að líta svo á, að ekki muni vera sérstök þörf á því, að þessi hreppur fái sérstakan lækni. En ég held, að það tvennt sé sönnun fyrir því, að þarna sé virkileg þörf fyrir lækni, að ríkissjóður hefir veitt þessi hlunnindi, og í annan stað það, að sveitarfélagið leggur á sig þessa byrði. Ég vildi aðeins taka það fram fyrir þá, sem kynnu að vera ókunnugir þarna, að Ólafsfjörður er umgirtur háum, veglausum fjöllum. Á vetrum er venjulega illfært eða ófært til annara héraða, og sérstaklega þangað, sem læknis er að leita. Þarna er ákaflega brimasamt, lending slæm og oft undir hælinn lagt, að hægt sé að leggja á bát inn á Ólafsfjörð. Það getur vitanlega heppnazt í góðu veðri, en þeir tímar eru oft, að það er ófært, og þá er útilokað, að þeir geti fengið læknishjálp. Það má líkja afstöðu Ólafsfjarðarhrepps við þá afstöðu, sem Bolungavík hafði áður en settur var þar sérstakur læknir. Það var fyrir nauðsyn þeirra manna, að þingið gerði Bolungavík að sérstöku læknishéraði. Ég vildi því mega vona, að þingið líti á nauðsyn Ólafsfirðinga og veiti þeim sömu hjálp í þessu efni sem Bolungavík var veitt á sínum tíma, því hér getur ekki verið um nema örlítil aukaútgjöld að ræða fyrir ríkið, þar sem það nú greiðir hátt á þriðja þús. kr. til læknisins, en það myndi, ef það yrði sérstakt hérað, heyra undir þann flokk læknishéraða, þar sem launin eru 3500 kr. Vil ég svo leggja til, að málinu verði vísað til allshn. að lokinni þessari umr.

Halldór Steinsson: Því verður ekki neitað, að Ólafsfjarðarhreppur á við mikla erfiðleika að stríða um læknissókn. Hinsvegar verður á fleira að líta, þegar farið er fram á að stofna sérstakt læknishérað. Í því felst fyrst og fremst embættafjölgun. Og ég álít, að á þessum tímum verði að fara varlega í þær sakir. En svo verður einnig að gæta þess, þegar um er að ræða að stofna nýtt læknisembætti, hver nauðsynin er, og í öðru lagi, hvort héraðið sé svo fjölmennt, að það sé lífvænlegt fyrir lækni að setjast þar að. Nú er það svo, að Ólafsfjarðarhreppur er með fjölmennustu hreppum á landinu, en sem sérstakt læknishérað með þeim allra fámennustu. Þess vegna geri ég ráð fyrir, að þó þarna yrði stofnað sérstakt læknishérað, þá mundi ganga mjög treglega að fá nokkurn lækni til að setjast þar að. Það mundu ekki gera aðrir en þeir, sem ekki eiga annars úrkosta. Það er skiljanlegt, að læknar vilja ekki fara í þessi litlu héruð. Fyrst og fremst af því, að þeir geta ekki lifað þar, og svo í öðru lagi af því, að hætt er við, að þeir verði aftur úr í sínum fræðum sökum æfingarleysis. Í þessu liggur það, að þessi héruð verða ekki eftirsóknarverð; fæst venjulega enginn til að setjast í þau. Svo framarlega sem það er erfiðleikum bundið að fá núverandi lækni til að setjast að þarna með þessum launum, sem hann hefir, þá mun það verða erfitt, ef launin eiga að vera minni, því að ef þarna yrði stofnað sérstakt læknishérað, myndu launin verða nokkuð lægri en þau laun, sem núverandi læknir hefir þar.

Eins og ég tók fram, þá eru miklir erfiðleikar fyrir héraðsbúa að ná í lækni, en ég vil þó hinsvegar viðurkenna, að þingið hefir séð og fyllilega kannazt við þessa erfiðleika, þar sem það hefir veitt 2600 kr. úr ríkissjóði til sérstakrar læknishjálpar. Það er meira en veitt hefir verið nokkrum sérstökum hrepp á landinu; þeir hæstu fara ekki fram úr 600 kr. Þessum hrepp er gert hærra undir höfði en öllum öðrum, og ég viðurkenni, að hann á það fyllilega skilið. Þess vegna verður ekki annað sagt en að þingið hafi séð erfiðleikana, sem hér eru, og reynt að bæta úr þeim. Ég álít þá leið heppilega, að þingið haldi sömu stefnu og áður, að

veita ríflegan styrk til læknishjálpar á þessum stað, án þess að gera hreppinn að sérstöku læknishéraði. Annars finnst mér, að það hefði átt að taka það fram í frv., í hvaða launaflokki væri ætlazt til, að þetta hérað yrði.

Flm. (Einar Árnason): Ég sé ekki ástæðu til að gera miklar aths. við það, sem hv. þm. Snæf. sagði um þetta mál. Hann taldi fyrst og fremst, að þetta myndi vera fámennasta læknishérað á landinu. Ég tel vafasamt, að hann hafi rétt fyrir sér í því. Ég hygg, að ekki fá læknishéruð séu fámennari. Hann lítur svo á, að slíku héraði sem þessu myndi reynast mjög erfitt að fá lækni. Má vera, að þetta sé rétt hjá hv. þm. En það er nú svo, að fólkið lítur svo á, að læknarnir séu til fyrir það, en ekki fólkið fyrir læknana. Fólk hefir alveg eins mikla þörf fyrir læknishjálp í fámennum héruðum og fjölmennum. Það getur ekki skilið, að það eigi að gjalda þess, að það er illa sett, annaðhvort af náttúrunnar hendi eða vegna fámennis, að það eigi ekki að fá samskonar hjálp og þá, sem þjóðfélagið veitir öðrum þegnum sínum. Ég vildi taka það fram út af fámenninu, að íbúarnir eru hér um bil allir á sama blettinum. Það er töluverður munur fyrir lækni að starfa í fámennu héraði, þegar byggðin er ekki mjög dreifð. Þarna býr flest fólkið í útgerðarþorpi. Einmitt af útgerðinni leiðir, að meiri þörf er fyrir lækni heldur en ef þetta hefði verið dreifð landssveit. Í öðru lagi, að einmitt á þessum stað er mjög ódýrt að lifa. Nú er þess að gæta, að sú sveit, sem næst liggur Ólafsfirði, sem sé Stífla, heyrir til Hofsóshéraði. Ef læknir væri í Ólafsfirði, þá væri auðveldara að vitja læknis þangað úr Stíflu heldur en til Hofsóss. Ég geri ráð fyrir, að það sé ekki erfitt fyrir lækni að framfleyta lífinu í Ólafsfirði með þeim launakjörum, sem hér er um að ræða.

Það er náttúrlega mikið til í því, að læknar verði aftur úr í sínum fræðum í slíkum héruðum. En við getum ekki veitt öllum læknum tækifæri til þess að starfa þar, sem þeir geta haldið áfram á þroskabraut í læknavísindum og lært meira en þeir kunnu, þegar þeir komu frá prófborðinu. Við getum ekki gert öll læknishéruð þannig úr garði, að þau þroski læknana í sinni starfsemi. Ég held, að Ólafsfjörður sé ekki undantekning frá ýmsum öðrum héruðum hvað þetta snertir.

Það skal játað með þakklæti fyrir hönd Ólafsfjarðar, að þingið hefir viðurkennt nauðsynina með því að veita styrkinn. Það, sem er aðalatriðið fyrir Ólafsfirðinga, er, að þeir hafi vísa læknishjálp, þegar mest liggur á. Það er öryggið heima fyrir, sem þeir hugsa mest um. Við skulum taka til dæmis sængurkonur. Í mörgum tilfellum myndi ekki vera nokkur leið að fá hjálp, ef læknirinn er ekki á staðnum, því það er, eins og ég hefi áður tekið fram, bæði ófært á sjó og landi langtímum saman um vetrarmánuðina.

Hvað viðvíkur því, sem hv. þm. (H-Steins) sagði, að réttara hefði verið, að tekið hefði verið fram í frv., hvaða launakjör þessi læknir hefði, þá má það vel vera rétt, en það var svo þegar Hólshreppshéraðið var stofnað, að þá var ekkert um það sagt í lögunum, hvaða laun ættu að fylgja því héraði. En ég býst við, að úr þessu megi bæta í meðferð málsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 95, n. 312).

Frsm. (Einar Árnason): Við 1. umr. gerði ég nokkra grein fyrir ástæðunum fyrir því, að þetta frv. er flutt. Skal ég eigi endurtaka það.

Allshn. hefir nú haft málið til yfirvegunar og fallizt á að mæla með því, að það verði samþ. Hún vill þó gera þá breyt. á frv., að í það verði bætt nýrri grein, þar sem laun læknisins eru ákveðin, en það var ekki gert í frv.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri, þar sem málið liggur ljóst fyrir. Ég vil aðeins leyfa mér að óska þess fyrir hönd allshn., að frv. verði samþ. með þessari breytingu.

Halldór Steinsson: Eins og ég gat um við 1. umr. frv., þá er ég mótfallinn því,

að þetta frv. verði gert að lögum. Hér er verið að leggja til, að stofnað verði nýtt embætti með 3000 kr. árslaunum. Er það í ósamræmi við margyfirlýsta stefnu þessa þings, sem yfirleitt aðhyllist frekar fækkun en fjölgun embætta. Þetta er hin almenna krafa á þinginu, að spara sem mest, og þá helzt með því að fækka embættum. Og þegar svo mikil áherzla er lögð á að skera niður fjárframlög og leggja niður embætti sem nú er gert, þá er ósamræmi í því, að sama þingið stofni til nýrra embætta.

Ég tók það fram við 1. umr., að ég teldi það ekki heppilega braut að stofna mjög lítil læknishéruð. Það er erfitt að fá lækna til að setjast að í litlum læknishéruðum. Og ef læknir fæst í slíkt læknishérað, þá má búast við, að hann verði útundan um þroska, andlega og líkamlega talað. Andlega vegna þess, hve viðfangsefnin verða fá og fábreytt, svo að hann á bágt um að fylgjast með. Líkamlega af því, að slíkt hérað er svo tekjurýrt, að ekki er hægt að lifa af því. Þetta á yfirleitt við um lítil héruð. Læknar forðast og slík héruð yfirleitt.

Ég viðurkenni, að í Ólafsfirði er erfitt að ná í læknishjálp. En Alþingi hefir líka séð þörfina og viðurkennt hana, með því að veita Ólafsfirðingum 2600 kr. til þess að geta tryggt sér læknishjálp. Ég felli mig betur við það fyrirkomulag, að við héldum slíkum háum styrk að svo komnu máli, en létum vera að stofna nýtt embætti.

Jón Þorláksson: Ég lít nokkuð öðruvísi á þetta mál en hv. þm. Snæf. Ég lít ekki svo á, að hér sé verið að stofna nýtt embætti. Þarna hefir um skeið verið sérstakur læknir, vegna þess hve þörfin er þarna brýn, og hann hefir að meiri hl. verið launaður af ríkissjóði, en að nokkru leyti af hreppssjóði. Hér er því, að mínu áliti, einungis um það að ræða að gera aðra skipun á launagreiðslu á stöðu, sem er til. Þegar nú svo er, að teljast verður sanngjarnt, að þarna sé sérstakur læknir, þá er viðkunnanlegra, að hann sé skipaður á sama hátt og með sama rétti og aðrir læknar. Ég er heldur ekki sammála hv. þm. Snæf. um það, að ekki sé vegna fámennis rétt að stofna þarna læknishérað. Þetta er að vísu fámennt hérað, en þó munar ekki miklu á því og læknishéraði því, sem fámennast er nú, en það er læknishéraðið í Austur-Barðastrandarsýslu. Og ég hygg, að þarna í Ólafsfirði muni vera fullt svo lífvænlegt fyrir lækni sem í Reykhólahéraði.

En það er annað atriði í þessu máli, sem ég þykist vita, að allshn. muni hafa litið á. Og það er, að óeðlilegt má telja að halda lækni í héraði, svo sem gert er í Ólafsfirði með núverandi fyrirkomulagi, án þess að hann geti unnið sér þann rétt, sem héraðslæknar vinna sér, bæði hvað þjónustualdur sem héraðslæknar og eftirlaun snertir. Mér finnst heppilegt og nauðsynlegt, að í slík fámenn héruð og launalág séu valdir ungir menn, nýkomnir frá prófborðinu, og að þeir séu þar ekki nema stuttan tíma. Veitingarvaldið láti þá svo njóta þess, að þeir fengust til að taka við fámennu héraði, og veiti þeim annað betra, þegar tækifæri gefst. Það mun verða til þess að gera menn viljugri á að taka við þessum litlu héruðum, ef þeir hafa vissu fyrir betra héraði síðar og vita það, að þeir verða látnir ganga fyrir öðrum, sem nýkomnir eru frá prófborðinu.

Ég hefi sagt þessi orð af því, að ég vildi láta verða vart við það, að n. stæði ekki fylgislaus uppi í deildinni, þar sem niðurstöðu hennar hefir verið mótmælt.

Frsm. (Einar Árnason): Ég þarf í raun og veru litlu að svara hv. þm. Snæf., þar sem hv. 1. landsk. hefir að mestu tekið af mér ómakið um það. Hv. þm. Snæf. talaði um, að það væri óviðeigandi á erfiðleikatímum að vera að stofna nýtt embætti. Þessi ummæli geta verið góð og gild út af fyrir sig. En hér eiga þau naumast við. Hvað launagreiðslu snertir, þá er hér eiginlega ekki um nýtt embætti að ræða, því útgjöldin fyrir ríkissjóð verða ekki teljandi meiri en nú er. Munar aðeins fáum hundruðum króna. En með samþykkt þessa frv. er hinsvegar létt þungri byrði af fátæku sveitarfélagi. Er það sanngjarnt, að löggjafarvaldið láti Ólafsfirðinga ekki gjalda þess, hve aðstaðan þar er erfið frá náttúrunnar hendi, með því að láta þá greiða hátt gjald til læknis, sem þeir mega ekki án vera.

Hv. þm. Snæf. þótti gott að fækka embættum. Getur það í sumum tilfellum verið rétt. En engar óskir hafa um það komið frá þjóðinni, að læknum væri fækkað; miklu frekar hafa verið látnar uppi óskir um það, að þeim væri fjölgað.

Hv. þm. Snæf. talaði um, að hérað þetta væri magurt eða tekjurýrt, svo að læknar mundu ekki fá þar tækifæri til að auka þroska sinn. Það er nú svo í fleiri fámennum og strjálbyggðum héruðum, að þar er ekki alstaðar hægt að veita sér allt það, sem þarf til að skapa nauðsynlegan þroska. Læknar verða þar sem aðrir að búa við fátækt og fámenni og aðra erfiðleika.

Ég held nú samt, að þó að þetta læknishérað sé fátækt og fámennt og verði það sjálfsagt áfram, að það komi þó á daginn, að önnur héruð verði enn fámennari. Ég sé á brtt. við frv. það um skipun læknishéraða, sem nú liggur fyrir Nd. og mun á sínum tíma koma hingað líka, að þar er lagt til, að stór hluti eins læknishéraðs verði tekinn frá því og lagður undir 2 önnur héruð. Þetta er Höfðahverfishérað. Ef brtt. verða samþ., þá verður þetta hérað orðið lítið annað en einn hreppur, sem er þó fámennari en Ólafsfjörður. Það er margt, sem styður að því, að þetta verði gert. Samgöngurnar hafa breytzt og batnað svo mjög síðan skipun var gerð á læknishéruðum.

Hv. 1. landsk. sagði, að þeir menn, sem gegndu þessum fámennu og tekjurýru héruðum um hríð, ættu að verða þeirra hlunninda aðnjótandi að færast í önnur betri, þegar þeirra væri völ. N. ætlaðist til þessa og telur, að það felist í brtt. Ég er fyllilega samdóma því, sem hv. 1. landsk. sagði um málið.

Bjarni Snæbjörnsson: Það, sem kom mér til að standa upp, var það umtal, sem fram hefir farið um hin fámennu og litlu læknishéruð og um lækna þá, er settust þar að. Ég játa það með hv. þm. Snæf., að það er ekkert gaman að því að vera að mynda ný, fámenn læknishéruð. En hinsvegar er ég sammála því, að varhugavert er að standa á móti því, að læknir sé settur í svo afskekkta staði sem þessi er. Þar getur oft verið svo, að um líf og dauða sé að tefla, ef ekki er hægt að ná í sæmilegan lækni á hverjum tíma sem er. En svo ég víki að þungamiðju þessa máls, sem er sú, hvort rétt er að stofna slík læknishéruð, sem vegna fámennis eru svo, að búast má við því, að þeir læknar, sem þangað fara, verði andlega og líkamlega volaðir, þá þarf að taka það til athugunar, að sá „tendens" hefir nú um hríð verið hjá veitingarvaldinu, að þeir læknar, sem hafa glæpzt á því að fara í þessi útkjálkahéruð, í von um að fá betri héruð síðar, og hafa gefið kost á sér einmitt þess vegna, hafa orðið fyrir vonbrigðum. Þeir hafa orðið innlyksa í þessum héruðum og orðið þar máske eða verða andlega og líkamlega volaðir. En það, sem kom fram hjá hv. frsm., virtist mér benda til þess, að hv. allshn. ætlaðist ekki til, að haldið væri fram á þeirri braut, að t. d. héraðsbúar eigi sjálfir að ráða, hver fái læknisembætti, þegar það losnar, og að veitingarvaldið hyllist ekki til þess að láta menn, sem ekkert hafa starfað í þjónustu ríkisins áður, eða þá menn, sem koma beint frá prófborðinu, fá hin feitustu embætti, heldur að láta þá ganga fyrir, sem gerzt hafa læknar afskekktra héraðsbúa og nú í seinni tíð hafa sjálfir orðið að líða fyrir það, að þeir gáfu kost á sér í þessi afskekktu héruð. Ég hygg, að þetta muni vera aðalástæðan fyrir því, að hv. þm. Snæf. er á móti frv., þótt hitt sé líka ástæða hans fyrir því, að vera á móti, að stofnuð séu ný embætti á erfiðum tímum.

Ég vil vona, að bæði hér á þingi í sambandi við löggjöf og annarsstaðar þar, sem góðir menn ráða, verði fullt tillit tekið til þeirra, er í slík vandræðahéruð setjast og hjálpa hinum afskekktu og fáu, sem þar búa. Það mundi verða til að tryggja þeim héruðum góða lækna, að þeir, sem setjast þar að, eigi vissu fyrir því að fá önnur betri læknishéruð, þegar tækifæri býðst. Annars er hætt við, að þessi héruð standi tóm, eða þá skipuð lélegum mönnum og lítt nothæfum. Ég vil fyrir mitt leyti, í þeirri von, að þetta muni breytast og lagast í framtíðinni og að ekki haldi áfram það óréttlæti í embættaveitingu lækna, sem ríkt hefir um skeið nú undanfarið, greiða atkv. með því, að þetta læknishérað verði sett á stofn.

Halldór Steinsson: Það lítur svo út, að mín skoðun hafi ekki mikið fylgi hér í hv. deild, því tveir hv. þm., auk hv. frsm., hafa staðið upp til að andmæla skoðun minni.

Hv. frsm. vildi halda því fram, að hér væri í raun og veru ekki um nýtt embætti að ræða. Ég get ekki skilið, hvernig hann lítur á það mál. Það er svo ljóst, að ekki þarf að því orðum að eyða, að hér er verið að stofna nýtt embætti.

Þá vildi hv. frsm. gera lítið úr þeim kostnaði, sem ríkissjóði væri bakaður með þessu. Hann taldi hann aðeins nokkur hundruð kr. Á hinn bóginn gerði hann mikið úr þeim hægðarauka, er hreppurinn hefði af þessu. Ég held nú, að ef það eru lítil útgjöld fyrir ríkið að setja þarna héraðslækni, þá séu það líka lítil útgjöld fyrir hreppinn að kosta hann. En við getum gert dæmið alveg upp. Nú leggur ríkið fram 2600 kr., en hreppurinn 1600 kr. Ef sett verður þarna héraðslæknisembætti og í það settur ungur læknir, kostar það ríkið 3000 kr. í fyrstu með dýrtíðaruppbót. En ef embættið væri veitt gömlum lækni með fullri aldursuppbót, þá yrðu launin 4000 kr., eða 1400 kr. meiri en nú. Hv. frsm. taldi, að þótt yfirleitt væri rétt að fækka embættismönnum, þá gæti hann samt ekki gengið inn á að fækka læknum. Ég get gjarnan gengið inn á það. Ég hefi heldur aldrei haldið því fram, að þeim ætti að fækka.

Ég held, að það sé fullmikil fljótfærni að ráða þessu máli til lykta á þessu þingi, a. m. k. fyrr en frv. það um læknaskipun, er liggur nú fyrir Nd., er komið hingað. Í því eru talsverðar breytingar á læknaskipun þarna nyrðra. Meðan ekki er séð fyrir, hvernig um þær breytingar fer, þykir mér ekki rétt að binda skipulag þessara héraða með þessu frv. Því vil ég leyfa mér að bera fram svo hljóðandi rökstudda dagskrá:

Í því trausti, að Ólafsfjarðarbúar njóti eigi lægri styrks úr ríkissjóði til læknishalds en þeir hafa haft í undanförnum fjárlögum, og ríkisstjórnin láti rannsaka, á hvern hátt bezt verði bætt úr læknisþörf hreppsbúa og leggi tillögur sínar fyrir næsta þing, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Frsm. (Einar Árnason): Mér þykir það furðulegt kapp, sem hv. þm. Snæf. leggur á að koma frv. þessu fyrir kattarnef, og þó undarlegast fyrir það, að hann er sjálfur læknir. En hann sem læknir ætti einmitt að þekkja manna bezt til erfiðleika þeirra, er menn úti um sveitir landsins eiga við að stríða, er þeir þurfa að vitja læknis um langan veg og torsóttan. Hv. þm. hélt því fram, að ef þetta munaði ríkið ekki nema nokkrum hundruðum kr., þá munaði það hreppinn ekki miklu. En það er nú samt mikill munur á gjaldþoli fátæks hrepps og gjaldþoli ríkissjóðs. Ríkissjóð munar lítið um 1000 kr., en fátækan hrepp munar ákaflega mikið um þær.

Viðvíkjandi hinni rökstuddu dagskrá hefi ég það að segja, að ég tel rétt, að frv. fái að ganga til Nd. og mæta þar frv. um skipun læknishéraða, og getur þá Nd. ákveðið, hvort þetta skuli tekið þar með eða látið það ganga fram út af fyrir sig. Nd. hefir þá fulla yfirlýsingu þessarar deildar um hennar vilja í málinu.

Jón Jónsson: Ég hefi fylgt hv. meðnm. mínum í allshn. og lagt til, að frv. yrði samþ. Mér dylst það ekki, að þessi hreppur á afskaplega erfiða aðstöðu, þar sem hann er innibyrgður og afskorinn frá öðrum sveitum og getur því illa sótt annarsstaðar til. Það er þessi nauðsyn hans, sem ég vil undirstrika við samþykkt þessa frv. Hinsvegar hefi ég vonað, að þegar heildarlögin um læknaskipunina verða afgreidd frá þinginu, þá mundi mega koma því svo fyrir, að læknum þurfi ekki að fjölga, heldur sé nægilegt aðeins að taka meira tillit til aðstöðu Ólafsfjarðar en nú er gert. Og í því trausti, að hv. Nd. takist það og gæti hinsvegar sparnaðar þess, er hv. þm. Snæf. leggur hér áherzlu á, þá fylgi ég frv. til Nd.

Halldór Steinsson: Mér finnst hv. 3. landsk. treysta fullmikið hv. Nd., þegar hann vill senda mál þangað í þeirri von, að hún lagfæri það á þann hátt, er hann sjálfur óskar, í stað þess að gera það sjálfur hér í deildinni.

Jón Jónsson: Ég ber að vísu gott traust til hv. Nd. En ég geri ráð fyrir,

að frv. um skipun læknishéraða komi til okkar, ef ekki á þessu þingi, þá á því næsta. En það er spursmál, hvort það verður afgreitt nú eða þá.

ATKVGR.
Rökstudda dagskráin frá þm. Snæf. felld með 8:1 atkv.
1. gr. samþ. með 9:1 atkv.
Brtt. 312 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.
2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:1 atkv.

Á 46. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 329).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 46. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 329).
Á 55. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

57. Jöfnunarsjóður ríkisins.

Á 26. fundi í Ed., 11. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um jöfnunarsjóð ríkisins (þmfrv., A. 147).

Á 29. fundi í Ed., 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Frv. til l. um jöfnunarsjóð ríkisins hefir verið flutt á tveimur undanförnum þingum. Á síðasta þingi var málið borið fram í Nd.; komst það hingað til Ed., en sofnaði hér. Í meðferð Nd. á frv. þá tók það gagngerðri breyt. frá því, sem það var flutt. Í stað þess, að frv. var upphaflega ætlað að vera til þess að jafna árlegar framkvæmdir ríkisins á verklegum sviðum, þá var því breytt í það horf, að markmið þess væri að jafna tekjuhalla ríkissjóðs á fjárlögum. En þetta var ekki tilætlun flm. frv., og er heldur ekki gert þar, sem lík ákvæði eru erlendis. Fyrirmyndin að þessu frv. er frá Svíþjóð. Þar var þessi regla tekin upp fyrir nokkrum árum og notuð á sama hátt og lagt var til í frv., að leggja til hliðar á góðu árunum og geyma það til framkvæmda þegar verr árar.

Það hefir sýnt sig, að ef slík lög hefðu verið til fyrir 1930, þá hefðu samkv. þeim runnið 4 millj. kr. í jöfnunarsjóð það ár. Hefði sú upphæð verið kærkomin nú, á þessum miklu erfiðleikatímum. Og þótt ekki þýði nú að sakast um orðinn hlut, þá verður maður þó að lifa í þeirri von, að betur ári síðar. Er þá heppilegt, að til séu lög, svo sem frv. þetta gerir ráð fyrir, svo ríkið verði betur undir búið að taka á móti næstu erfiðu tímum. Þegar vinnu brestur, lendir fólk í vandræðum og verður að leita á náðir sveitar- og bæjarsjóða eða þá til ríkisins um hjálp. Á síðasta þingi kom nú það undarlega fyrir, að stóru flokkarnir tóku höndum saman um að gera úr frv. jöfnunarsjóð fyrir tekjuhalla ríkisins. Ég ber þó frv. fram nú í þess upphaflegu mynd, í trausti þess, að hv. deild geti aðhyllzt það frekar svo en að það verði eins og það var gert í sumar, til að jafna skuldir ríkisins. Á þennan hátt, sem hér er lagt til, verður þetta til öryggis fyrir atvinnuvegina í landinu og ríkissjóðinn líka á erfiðum tímum. Ef slíkur sjóður er til, sparar hann lántökur til atvinnubóta á slíkum tímum. Sé ég eigi, að hann geti orðið þjóðinni til meira gagns á annan hátt.

Verið getur, að upphæð fjárlaga breytist, svo að nauðsynlegt sé að breyta ákvæðum frv. samkv. því. Sennilegt er, að tekjur ríkissjóðs verði ekki jafnmiklar þetta ár og hið næsta eins og þær voru á árunum frá 1928—1931. Má þá breyta tekjuhámarki því, sem um getur í frv., í

samræmi við það, þegar séð er, að tekjur lækka.

Óska ég, að frv. verði að lokinni umr. látið ganga til fjhn. Ég vil jafnframt vænta þess, að andstöðuflokkarnir vilji endurskoða aðstöðu sína til frv. frá því í fyrra, og vona, að þeir geti breytt skoðun sinni og vilji fallast á það, sem er aðaltilgangur frv., en geri ekki þá breyt., sem gerð var á því, þegar það lá fyrir Ed. í sumar, þar sem ekkert var eftir nema helmingur af fyrirsögninni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar, en nefndin flutti nýtt frv. um Jöfnunarsjóð, á þskj. 490.

58. Umboðslaun opinberra starfsmanna.

Á 26. fundi í Ed., 11. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um að banna opinberum starfsmönnum að taka umboðslaun (þmfrv., A. 148).

Á 29. fundi í Ed., 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Þegar frv. um tóbakseinkasölu ríkisins var fyrir síðasta þingi, þá kom hv. 1. landsk. með till. um að banna forstöðumanni og starfsmönnum þessa fyrirtækis að taka umboðslaun eða þóknun í nokkurri mynd. Að sjálfsögðu var ekki hægt að hafa á móti því, að slíkt ætti ekki að eiga sér stað. Hinsvegar þótti mér óviðkunnanlegt að setja þetta inn í sérstök lög um fyrirtæki ríkisins. Þar sem vitanlegt er, að ríkið rekur margvísleg störf, þar sem svipað stendur á, þá gat samþykkt slíks ákvæðis um þetta eina fyrirtæki ekki skoðazt annað en tortryggni gagnvart starfsmönnum þess. Ég samdi því frv. á sumarþinginu, þar sem opinberum starfsmönnum var bannað að taka umboðslaun, og þetta frv., sem nú er borið fram, er að mestu leyti shlj. því.

Þetta frv. er það víðtækt, að það nær til allra starfsmanna ríkisins, þar sem þetta gæti komið til greina. Það tekur til forstöðumanns og starfsmanna vegamála, póstmála, símamála, ríkisverzlana og hverskonar starfsemi, sem rekin er fyrir ríkissjóð, einnig banka og sparisjóða, forstöðumanna og starfsmanna bæjar- og sveitarfélaga, borgarstjóra í Reykjavík, bæjarstjóra í öðrum kaupstöðum og oddvita hreppsnefnda og sýslunefnda. Einnig eiga þessi ákvæði að taka til forstöðumanna og starfsmanna samvinnufélaga.

Það eina, sem eftir er þá skilið, eru hlutafélög, og var það gert með vilja, því að hitt, sem tekið er, eru þau almennu fyrirtæki, sem að vissu leyti eru opinber, eins og samvinnufélög og svo ríkisstofnanirnar.

Vel getur verið, að eitthvað það sé í frv., sem menn vilja breyta, og ég hefi ekkert á móti því, en mér virðist, að það, sem farið er fram á í frv., sé réttlæti, sem allir hv. þm. hljóti að óska að sé fullnægt.

Það er aðeins eitt, sem var í frv. í sumar, en nú er dregið undan, og það er Síldareinkasalan, því að það eru engin líkindi til, að hún starfi áfram, heldur lítur út fyrir, að það frv., sem nú liggur hér fyrir um upplausn Síldareinkasölunnar, verði samþ.

Frv. var nokkuð rætt á síðasta þingi og var vísað til n., en kom þaðan ekki aftur. Ég legg til, að frv. verði nú vísað til sömu n. og þá, sem er allshn.

Sé ég svo ekki ástæðu til að gera frekari grein fyrir frv., en vil aðeins vísa til þeirra umr., sem um málið voru á sumarþinginu.

Jón Þorláksson: Ég vil með ánægju viðurkenna þá viðleitni og stefnu, sem kemur fram í þessu frv. Ég skal fúslega játa, að það er viðkunnanlegra að fá um þetta heildarlög, sem taka yfir allar þær ríkisstofnanir, sem svipað er ástatt um og t. d. tóbakseinkasölu ríkisins, heldur en að fá það ákvæði sem sérstaka grein inn í lög hverrar slíkrar stofnunar. Ég vil þó, áður en málinu verður vísað til n., leiða athygli að því, að ég álít í rauninni nauðsyn á því, að fyrirmæli og refsiá-

kvæði slíks frv. sem þessa væru í samræmi við ákvæði hegningarlaganna að því leyti, sem þetta frv. grípur inn á sama svið og hegningarlögin nú þegar ná yfir.

Það er enginn efi á því, að refsiákvæðin ná til slíks hátternis þeirra manna, sem taldir eru upp í fyrri hluta upptalningarinnar, og um formenn sveitar- og bæjarfélaga er líka ákveðið í hegningarlögunum. En ég er ekki viss um, að refsiákvæðin séu þau sömu, og ég er ekki heldur viss um, að það sé viðeigandi að setja sömu ákvæði að því er snertir samvinnufélög.

Ég vil svo að endingu óska þess, að frv. breytt eða óbreytt verði nú afgr. á þessu þingi.

Flm. (Jón Baldvinsson): Þetta sama atriði og hv. 1. landsk. minntist á, var einnig til umr. á síðasta þingi. Það má vera, að rétt sé, að ákvæði hegningarlaganna taki til ýmissa þeirra embættis- og starfsmanna ríkisins, sem hér eru taldir upp. En mér þótti réttara, fyrst slíkt frv. kom fram á annað borð, að taka með alla meiri háttar starfsmenn og forstöðumenn ríkisins.

Annað, sem hv. 1. landsk. sagði, hefi ég ekkert við að athuga. Ég hefi ekkert á móti því, ef beina þætti að samræma þessi refsiákvæði við þau ákvæði, sem nú gilda. Mér finnst eðlilegt, að allir þessir embættis- og starfsmenn falli undir sömu ákvæði. Það væri þá ekki annað en að taka upp þau ákvæði, sem hv. 1. landsk. heldur, að gildi í þessu efni, en allt þetta athugar n., þegar þar að kemur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 148, n. 319).

Frsm. (Jón Jónsson): Allshn. hefir komizt að þeirri niðurstöðu, að þetta frv. sé réttmætt í öllum aðalatriðum. Er ótilhlýðilegt, að opinberir starfsmenn taki umboðslaun af viðskiptamönnum þeirra stofnana, sem þeir vinna fyrir. Ræðir aðalgr. frv. um þetta, og hefir n. því ekkert við hana að athuga, en litur þó svo á, að þótt bannað sé að taka umboðslaun af viðskiptum vegna stofnananna sjálfra, nái þetta ekki til annara viðskipta, sem stofnununum eru óviðkomandi og rekin privat af starfsmönnum stofnananna eða forstjórum þeirra. Að því er snertir starfsmenn samvinnufélaga, þá gat n. ekki fallizt á, að rétt væri að banna það með lögum, að starfsmenn þeirra tækju umboðslaun. Samvinnufélögin eru einkafyrirtæki og eðlilegast, að þau ráði sjálf, hvernig þau haga launagreiðslum starfsmanna sinna, og ástæðulaust, að löggjafarvaldið fari að blanda sér inn í þetta. Samkv. þessu leggur n. því til, að frv. verði samþ. með þeirri breyt., að 2. mgr. 1. gr. falli niður.

Jón Baldvinsson: Ég hefi ekki ástæðu til annars en að vera ánægður með undirtektir hv. allshn. við þetta frv. mitt, en get þó ekki fallizt á þá breyt., sem n. vill á því gera. Ég get ekki gengið inn á þá skilgreiningu n., að kaupfélögin séu einkafyrirtæki, og í almenningsálitinu eru þau það a. m. k. ekki, enda skera þau sig úr að því leyti, að hlutafélögin eru lokuð félög, en kaupfélögin hinsvegar opin öllum almenningi. Þá er og á það að líta, að sett hefir verið sérstök löggjöf að því er snertir skattgreiðslur kaupfélaganna, og var þetta gert vegna þess, hve mjög starfsemi þeirra nálgast opinbera starfsemi. Þessi eðlismunur á kaupfélögunum annarsvegar og hlutafélögunum hinsvegar olli því, að ég kaus að láta ákvæði frv. ná einnig til kaupfélaganna. Annars skal ég taka það fram til hugarhægðar fyrir hv. 3. landsk., að ég er ekki með þessu að beina neinu misjöfnu til kaupfélaganna í þessu efni. Ég hefi ekkert slíkt tilfelli í huga, og er enda ekki kunnugt um neitt dæmi þess, að starfsmenn kaupfélaganna hafi tekið slík umboðslaun, og hygg, að það hafi aldrei átt sér stað. En eins og ég áður sagði, lít ég svo á, að kaupfélögin séu opinber fyrirtæki, svipuð og ríkisfyrirtæki, og því þykir mér rétt vera að láta þetta ákvæði frv. einnig ná til þeirra.

Ég er ekki viss um, að það hafi verið rétt af hv. frsm. að vera að láta það uppi, að ef forstjórar opinberra stofnana hefðu

einhvern privatrekstur með höndum, kæmu þeir ekki undir ákvæði laganna að þessu leyti. Sá rekstur má þó a. m. k. ekki vera í sambandi við fyrirtæki, er þeir veita forstöðu, því þá yrði oft erfitt að gera upp á milli í þessum efnum.

Ég vil svo að lokum endurtaka þakkir mínar til n. fyrir afgreiðslu málsins, en eins og ég hefi tekið fram, get ég ekki fallizt á brtt. og mun því greiða atkv. gegn henni.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég hefi það eitt út á þetta frv. að setja, að það er ekki nógu víðtækt. Ég er að vísu samdóma hv. 2. landsk. um það, að engin slík óráðvendni hefir átt sér stað hjá samvinnufélögunum, en þetta getur þó komið fyrir eigi að síður. Kaupfélögin eru almenningsstofnanir, þó að ekki séu þau ríkisstofnanir, og tel ég sjálfsagt, að þau komi einnig undir ákvæði þessara laga, og mun ég því greiða atkv. á móti brtt. n. Hefi ég og hugsað mér að bera fram brtt. við frv. við 3. umr. í þá átt, að hlutafélögin séu og tekin hér með í þetta. Tel ég rétt, að þau séu einnig undir aðhaldi að þessu leyti, því að þau eru nú að verða meiri og meiri þáttur í okkar þjóðfélagslífi, og það leiðir beint af formi hlutafélaganna, að ekki er hægt fyrir hluthafana, sérstaklega þó þá, sem smáa hluti eiga, að fylgjast með í rekstri þeirra, sem þannig verður eingöngu á valdi framkvæmdarstjóranna, og er því rétt, að þeir séu einnig undir aðhaldi í þessum efnum.

Frsm. (Jón Jónsson): Ég vil ekki kannast við það, að samvinnufélögin séu opinberar stofnanir, því að þau byggjast eingöngu á frjálsum samtökum félagsmanna þeirra. Og að því er skattalöggjöfina snertir, er fjarri því, að þar sé um nein sérstök fríðindi að ræða samvinnufélögunum til handa.

Um það, að ekki hafi verið rétt af mér að taka það fram, að ákvæði laganna tækju eingöngu til viðskipta vegna stofnananna sjálfra, má segja, að það var að vísu óþarft að taka þetta fram að því er snertir forstjóra stofnananna, því að það er ekki gert ráð fyrir, að þeir fari jafnframt með viðskipti fyrir sjálfa sig, en þetta er hinsvegar hugsanlegt um almenna starfsmenn stofnananna, t. d. að þeir jafnframt starfi við sparisjóð eða banka. Get ég ekki ímyndað mér, að hv. 2. landsk. vilji láta fara svo strangt í ákvæði frv. að banna þessum mönnum að taka þóknun.

Jón Þorláksson: Ég er sammála n. um það, að rétt sé að fella ákvæðið um starfsmenn samvinnufélaganna niður úr frv. Ekki af því, að ég álíti, að þessir starfsmenn megi taka umboðslaun, ef það er á móti ráðningarsamning þeirra eða á móti þeirri hugsun, sem lögð var til grundvallar um ráðningu þeirra eða skipun. Það er af öðrum ástæðum, að ég álít, að ákvæðið um samvinnufélögin eigi ekki heima í þessum lögum. Í hegningarlögunum, sem að vísu eru nú orðin gömul og úrelt á mörgum sviðum, en eru hinsvegar þaulhugsuð og með rökréttum aðgreiningum, er gerður greinarmunur á refsiákvæðunum að því er snertir opinbera starfsmenn, ef þeir fremja slíkt, og öðrum starfsmönnum. Gilda strangari ákvæði um embættismenn hins opinbera, ef þeir verða brotlegir í þessum efnum, heldur en ef um er að ræða starfsmenn í þjónustu einkafyrirtækja, sem gerast brotlegir í hinu sama. Tel ég óheppilegt að taka undir eitt ákvæði það, sem þannig heyrir undir mörg ólík ákvæði í hegningarlögunum. Hegningarlögin gera og ennfremur greinarmun á starfsmönnum ríkisins og starfsmönnum sveitarfélaga, en ég legg þó ekki jafnmikla áherzlu á það, því að hvorirtveggja mega að vísu kallast opinberir starfsmenn. Þó að starfsmenn sveitarfélaganna séu því teknir upp í slíkt frv., gerir það ekki til. Ef hinsvegar þætti þörf á að breyta refsiákvæðunum að því er snertir menn, sem eru í þjónustu einkafyrirtækja og brotlegir verða um þetta, á það heima í öðru frv. en þessu. — Af þessum röklegu ástæðum mun ég greiða atkv. með till. n.

Það gæti líka staðið svo á, að félag, og þó samvinnufélag væri, beinlínis semdi svo við forstjórann, að honum skyldi launað með umboðslaunum. Það gæti hugsazt, og er ekki neitt óheiðarlegt við það. En frv. girðir fyrir það, að ríkið geti gert slíka samninga við forstjóra sinna stofnana, og það álít ég rétt, að ríkið borgi

starfsmönnum sínum með beinum launum.

ATKVGR.
Brtt. 319 samþ. með 10:2 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., 11. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 346, 347).

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Eins og ég tók fram við 2. umr. þessa máls, þá álít ég eðlilegt og rétt, að þessi ákvæði, sem frv. fer fram á viðvíkjandi ríkisstofnunum, nái einnig til manna, sem vinna fyrir félög. Þess vegna greiddi ég atkv. á móti því, að samvinnufélögin væru felld úr frv. Og þess vegna álít ég rétt, þó það verði kannske ekki samþ., að þetta álit mitt komi fram við þessa umr., að rétt sé að gera hlutafélögum að skyldu að gera þessar kröfur til sinna manna.

Ég ætla ekki að orðlengja meira um þetta, því ég býst við, að allir viti glöggt, hvernig þeir líta á þetta mál, en þó þetta verði ekki samþ. nú, tel ég víst, að því verði bætt inn í l. seinna, að samvinnufélög og hlutafélög skuli vera undir þessu aðhaldi.

ATKVGR.
Brtt. 347 felld með 9:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JBald, JónasJ, PH, GÓ.
nei: HSteins, IP, JakM, JónJ, JónÞ, PM, BSn, EÁrna, GL.
MT[1]) greiddi ekki atkv.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 48. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 346).

Á 55. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

59. Ríkisborgararéttur (frv. HSteins).

Á 28. fundi í Ed., 14. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar (þmfrv., A. 173).

Á 31. fundi í Ed., 17. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Halldór Steinsson): Frv. þetta fer fram á að veita Jakob Hansen bakara í Stykkishólmi íslenzkan ríkisborgararétt. Í grg. eru upplýsingar, sem venja er til að fylgi slíkum umsóknum, og tel ég enga ástæðu til að bæta neinu við þær. Það mun venja að vísa slíkum málum til nefndar, og legg ég því til, að því verði vísað til hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar, en nefndin flutti samnefnt frv., á þskj. 351.

60. Sala Kollaleiru.

Á 34. fundi í Ed., 21. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild til sölu þjóðjarðarinnar Kollaleiru (þmfrv., A. 235).

Á 36. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 8 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

1) Með svofelldri grg.: Úr því kaupfélögin hafa verið tekin út, greiði ég ekki atkv., þó ég sé með þessu.

Flm. (Ingvar Pálmason): Frv. þetta er flutt eftir beiðni hreppsnefndarinnar í Reyðarfjarðarhreppi, og er að nokkru leyti tekið fram í grg., hver ástæðan er. Þess þarf ekki með að lýsa því frekar á þessum stað en öðrum, hver nauðsyn það er kauptúnum að eiga nokkurt land til ræktunar. Þessi jörð er fast við kauptúnið og nokkur hluti kauptúnsins er byggður í landi jarðarinnar, og jörðin hefir mjög mikil og góð skilyrði til ræktunar. Hinsvegar er erfitt að fá annað ræktunarland þarna, og þó það fengist, þá vantar beitiland, og yrðu því kauptúnsbúar að leigja það annarsstaðar fyrir gripi sína.

Ég geri ráð fyrir, að hv. Alþ. sjái, að hér er um nauðsynjamál að ræða fyrir íbúa þessa kauptúns, enda hefir það jafnan áður tekið slíkum málum vel, og sé ég ekki neina ástæðu til, að það geri undantekningu um þetta mál.

Hvað snertir upplýsingar um þessa jörð og aðstöðu, þá eru fyrir hendi allgóð skilyrði fyrir væntanlega n. til að kynna sér það, þar sem hér á sæti á Alþ. umboðsmaður Múlaumboðs, sem er allra manna kunnugastur öllu því, er snertir þessa jörð, sem hér er farið fram á að fá heimild til að selja, þar sem hann er umboðsmaður jarðarinnar.

Ég geri ekki ráð fyrir, að það sé ástæða fyrir mig að fjölyrða um mál þetta; það má draga af líkum, að þó n. kynni að sjá ástæðu til að breyta frvgr. að einhverju leyti, þá hafi ég ekkert við það að athuga, ef aðeins er opnaður möguleiki fyrir viðkomandi hreppsfélag til að eignast jörðina. Það gæti t. d. komið til mála, og er fordæmi fyrir því, að kaupverðið væri ákveðið í l. sjálfum. Tel ég, að það sé enginn galli fyrir kaupandann, því það væri þó til þess að fyrirbyggja hugsanlega misklíð síðar um það atriði. Ég bendi aðeins á þetta, ef athugun í n. skyldi leiða til þess, að það yrði gert. Sjálfur hefi ég ekki viljað setja þetta í frv., því mig brast nægа þekkingu til að ákveða verðið.

Ég legg svo til, að frv. verði, að umr. lokinni, vísað til allshn.

Guðrún Lárusdóttir: Mig langar aðeins til að spyrja hv. flm. að því, hvernig sé hagað með búskap þarna í Reyðarfirði, hvort það sé rétt, sem í grg. frv. stendur, að það sé aðeins 21 kýr í allri sveitinni, eða hvort hér er aðeins átt við kauptúnið á Búðareyri. (IP: Það er ekki átt við jarðirnar). Ja, þetta gat misskilizt í grg., en getur haft þýðingu fyrir málið. Ég ætlaði annars að segja það, að mér þætti komið annað búskaparlag þarna fyrir austan og búskapnum hafa hrakað síðan ég var þar, ef bændur á 10 jörðum hefðu ekki nema 21 kú.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 7 shlj. atkv. og til allshn. með 8 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

61. Kosningar til Alþingis.

Á 41. fundi í Ed., 2. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um breytingar á l. nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis (þmfrv., A. 300).

Á 44. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 9 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jón Þorláksson): Eins og bent hefir verið á í sambandi við umr. um stjórnarskrárbreyt., þá eru ákvæði núgildandi kosningalaga ósamstæð að því leyti, að í tvímenningskjördæmunum velur hver kjósandi 2 þm., en alstaðar annarsstaðar er það í raun og veru svo, að hver kjósandi greiðir einungis einum frambjóðanda atkv. Ef einhver er í vafa um, að þetta sé svo, þá vil ég leiða athygli að því, hvernig fer, þegar svo stendur á, að það er eitt atkv., sem ræður úrslitum hlutfallskosninga, þá ræður það atkv. kosningu eins þm. En standi eins á í tvímenningskjördæmi, þá getur þetta eina atkv. ráðið kosningu tveggja þm.

Það er í sjálfu sér eðlilegast að bæta úr þessu með því að fyrirskipa hlutfalls-

kosningar. En það er ekki hægt undir núgildandi stjórnarskrá. Kosningalögunum verður því fyrst um sinn að breyta á annan hátt, svo að samrímanlegt sé við stjskr. Og að vísu mundi þessi breyt., sem hér er farið fram á, leiða til sömu niðurstöðu og hlutfallskosningar.

Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, en af því málið stendur í nánu sambandi við stjórnarskrárbreytinguna og úr því hér er á annað borð starfandi stjórnarskrárnefnd, þá legg ég til, að frv. verði til hennar vísað.

Jón Jónsson: Ég verð að segja það, að mér finnst hv. flm. nokkuð bráðlátir í breyt. á kjördæmaskipuninni. Þeir láta sér ekki nægja stóra plaggið sitt, stjórnarskrárbreytinguna, sem þeir hugsa sér að knýja fram með einhverjum ráðum á þessu þingi, til þess að geta svo bylt kjördæmaskipuninni á því næsta, heldur vilja þeir fá einhverja breyt. strax. Þetta væri þó sök sér, ef þessi breyt. virtist vera heppileg. En það fæ ég ekki séð, að hún sé, enda skauzt það upp úr hv. flm., að hann teldi þetta neyðarúrræði, úrræði, sem einungis væri gripið til vegna ákvæða stjskr. Mér skilst, að eftir þessu frv. sé það hér um bil gefið, að þar, sem tveir flokkar keppa í tvímenningskjördæmi, komi hvor flokkurinn einum manni að, hversu mikill atkvæðamunur, sem á þeim er, jafnvel þó annar ætti 10 sinnum fleiri kjósendur en hinn. Ég tel afskaplega hæpið, að hægt sé að treysta því, að hægt sé að skipta svo niður kjósendum, að hið rétta komi fram. Það er a. m. k. miklum vandkvæðum bundið, enda þó meiri hl. í kjördæminu eigi þar ⅔ kjósenda eða meira og því sanngirnisrétt á því að fá báða sína frambjóðendur kosna. Þótt segja megi, að sú tilhögun, sem nú er um kosningu þm. í tvímenningskjördæmum, sé gölluð, þá er þetta fyrirkomulag ekki síður gallað. Hitt væri fremur umtalsvert, að skipta tvímenningskjördæmunum, því þá hefði enginn kjósandi úrslitaáhrif nema á kosningu eins þm. Mér finnst þetta frv. svo gallað, að ég tel mig ekki geta fylgt því út úr þessari deild. Hinsvegar veit ég ekki, hvort ég kæri mig um að greiða atkv. gegn því við þessa umr.

Jón Baldvinsson: Ég veit varla, hvernig ég á að snúa mér gegn þessu frv., sem borið er fram af hv. sjálfstæðismönnum. Það gæti þýtt það, að þeir sættu sig við þessa einu breyt. á kosningalögunum, sem gæti sennilega tryggt þeim sæti í flestum tvímenningskjördæmum. Eða hvort það þýðir, að þeir búist við, að till. þessi verði samþ. og að þetta sé þá bráðabirgðafyrirkomulag til þess að tveir stærstu flokkarnir geti skipt á milli sín stóru kjördæmunum, sem nú eru tvímenningskjördæmi og þeir eiga flest atkv. í. En þá álít ég þó heppilegra og eðlilegra, að tvímenningskjördæmunum sé skipt, eins og líka hv. 3. landsk. benti á. Þá væru sjálfstæðismenn nokkurnveginn vissir með að fá annan þm. kosinn í flestum þeim tvímenningskjördæmum, sem nú eru, nema í Eyjafjarðarsýslu. Ef till. svipuð þeirri, er hv. 1. landsk. leggur til um skipun kjördæmamálsins og með uppbótarsætum, kæmi fram, þá væri það ekkert óheppilegt fyrir Alþýðuflokkinn, því það tryggði Sjálfstæðisflokknum sæti þar, sem hann hefir þau ekki nú, og þá mundi hann minna keppa við Alþýðuflokkinn um uppbótarsætin, sem þá mundu koma réttlátlegar niður. Ég mun ekki greiða atkv. gegn þessu frv. við 1. umr., en ég er í vafa um, hvort ég fylgi því út úr d., ef þetta eitt verður samþ. á þessu þingi í kjördæmamálinu, sem gerir það eitt að tryggja sjálfstæðismönnum óviss sæti, sem þeir eiga nú í tveimur tvímenningskjördæmum, og e. t. v. annan manninn líka í þeim, sem hann hefir hvorugan í nú.

Einar Árnason: Ég vil skjóta því til álits hæstv. forseta, hvort frv. þetta kemur ekki í bág við 26. gr. stjskr. eða a. m. k. anda hennar. Í þeirri gr. er ákveðið, að kosið skuli óhlutbundinni kosningu í kjördæmum utan Rvíkur. En mér virðist svo, að hér sé um hlutfallskosningu eða a. m. k. grímuklædda hlutfallskosningu að ræða í tvímenningskjördæmunum eftir frv. Ég ætla ekki að ræða málið frekar á þessu stigi, en vildi skjóta þessari aths. til aðgerða hæstv. forseta.

Flm. (Jón Þorláksson): Hv. 3. landsk. taldi, að í frv. þessu kæmi fram bráð-

læti af hálfu okkar flm. um að breyta kjördæmaskipuninni. Það er nú leiðinlegt að heyra þetta koma fram hjá jafnskýrum manni og hv. 3. landsk. er. Hér er um enga breyt. á kjördæmaskipun að ræða, heldur aðeins á kosningaaðferð. Er gagnlegt að hafa það í huga í umr. um þetta mál, að kjördæmaskipun er eitt, kosningaaðferð annað. Hann talaði svo á móti þessu frv. og taldi, að sú regla, sem þar er lögð til, væri lakari en ef um hlutfallskosningu væri að ræða. Þetta er vitanlega engin hlutfallskosning, og þarf hv. 2. þm. Eyf. engar áhyggjur að bera út af árekstri við stjskr. í þessu frv. Þetta er eingöngu meirihlutakosning.

Það er annars afareinkennilegt, að í kosningalögunum er það hvergi tekið fram, að sá, eða þeir, ef um tvímenningskjördæmi er að ræða, sé kosinn, sem flest atkv. fær. Er það líkleg tilgáta, að þeim, er samdi kosningalögin, hafi þótt þetta svo sjálfsagt, að óþarfi væri að taka það fram. Úr þessu er nú bætt í frv. okkar. Þar er það tekið fram, að sá sé kosinn í einmenningskjördæmi, sem flest fær atkv., og í tvímenningskjördæmi sá, sem fær flest atkv., og líka sá, er fær næstflest atkv. En í kosningal. eru þar á móti ákvæði um það, hversu fara skuli að, ef atkv. reynast jöfn. Þurfti því ekki að taka það upp í þetta frv. Jafnframt þótti okkur það óeðlilegt, að menn í sumum kjördæmum hefðu tvö atkv., en ekki nema eitt í öðrum. Við vildum því afnema þá tilhögun og tryggja þar með réttláta skipun á kosningalögunum. Hinu sama er ekki hægt að ná á annan hátt, og það er ekkert bráðlæti í því fólgið, þótt það sé lagfært, sem hægt er, þegar komið hefir verið auga á það.

Út af fyrirspurn hv. 2. landsk. um það, hvort við sjálfstæðismenn mundum sætta okkur við þær einar breyt. á kosningal., sem frv. þetta gerir ráð fyrir, þá get ég svarað með því að vísa til grg. þeirrar, er frv. fylgir. Þar er gerð grein fyrir því, að frv. þetta sé fram komið vegna þess, að alltaf má gera ráð fyrir því, að fram fari einar kosningar með núv. fyrirkomulagi. Með tilliti til þessara einu kosninga, og einungis vegna þess er frv. þetta borið fram. Nú er það von okkar, að frv. það til stjórnskipunarlaga, sem við höfum borið fram, verði samþ. En þá þarf að tryggja það, að kosningar þær, sem fram fara til næsta þings, takist svo, að sá meiri hl., sem þá verður, verði stjórnarskrárbreytingunni fylgjandi. Nú gerði hv. 2. landsk. grein fyrir því, að frv. þetta, ef að l. verður, myndi verða til að auka þann flokk, sem með honum stendur um þetta mál. Hv. þm. ætti því að taka þessu frv. vel, og ég get fullvissað hann um það, að ekki er þörf á neinni tortryggni um það, að sjálfstæðismenn láti sér nægja þetta sem endanlega umbót í kjördæmamálinu. Þetta er eingöngu miðað við einar kosningar, sem hvernig sem allt fer, óhjákvæmilega verða að fara eftir núgildandi stjórnarskrá. Nú fer það að vísu eftir því, hvaða afgreiðslu stjórnarskrárbreytingin endanlega fær, hvaða áherzlu þarf á þetta að leggja, um að það gangi fram. Er því rétt að vísa því til stjórnarskrárnefndar.

Jón Baldvinsson: Hv. 1. landsk. sagði, að frv. þetta færi ekki fram á breyt. á kjördæmaskipuninni, hér væri frekar um breytta kosningatilhögun að ræða. En þetta tvennt er nú skylt hvort öðru, því eftir núgildandi kosningal. eru tveir þm. kosnir í þessum kjördæmum og hver kjósandi í þeim hefir rétt til að velja tvo þm. Þetta er því breyt. á hvorutveggja. Og í eðli sínu er þetta líka hlutfallskosning, því þessi aðferð gerir það mögulegt, að hæfilega stór minni hl. komi öðrum manninum að, sem ekki var hægt áður.

Hv. 1. landsk. segir, eins og líka stendur í grg. frv., að einungis sé ætlazt til, að þetta verki við næstu kosningar. En ég hafði í huga, að þetta gæti nú allt farið eftir því, hvernig fer um stjórnarskrána. Það er óþarfi að blekkja sjálfan sig eða aðra á því, að allt er undir því komið, að samkomulag fáist milli flokkanna um stjórnarskrána. Ef það samkomulag næst, þá þarf þessarar breyt. á kosningal. ekki við. Sjálfstæðisflokkurinn og Alþýðuflokkurinn hafa orðið sammála, en spurningin er, hvernig Framsóknarflokkurinn snýst við þessu máli. En ef samkomulag fæst, þá er ekki ástæða til annars en ætla, að þetta fái samþ. eftir næstu

kosningar. Þetta getur því ekki haft neina verulega þýðingu, nema ef það yrði til þess, að Sjálfstæðisflokkurinn yki svo þingmannafjölda sinn, að hann væri einn fær um að ráða þessum málum á næsta þingi. En eftir líkum og miðað við það, er fram kom við síðustu kosningar, þá má ætla það, að séu framsóknarmenn ekki sammála þeirri breyt. á næsta þingi, sem nú yrði gerð á stjskr., þá hefðu þeir þó alltaf stöðvunarvald á því þingi. En sjálfstæðismenn og jafnaðarmenn hafa það vopn í hendi, sem gerir það að verkum, að það er ófýsilegt fyrir framsóknarmenn að standa móti og ganga til kosninga, ef þeir bregða fæti fyrir stjórnarskrárfrv. En um frv. það, sem nú liggur fyrir, skiptir ekki miklu máli. Ef stjórnarskrárfrv. verður samþ. nú, þá verður það líka samþ. á næsta þingi. Og þá er sama, hvor flokkurinn verður kosinn í þessum kjördæmum. En ef það verður ekki samþ., þá verður að beita öðrum meðulum en þessu frv. (**JónJ:** Hvaða meðul eru það?). Hv. þm. er víst hræddur við byltingu. En það þarf nú ekki annað en neitun hér í Ed., að stjórnarandstæðingar ráði því, hvað samþ. verður hér. Og þá er komið svo, að ekki er hægt að stjórna á annan hátt en með bráðabirgðal. og einræðisvaldi. En það hefir allajafna reynzt undanfari blóðugra byltinga. Á annan hátt en þann er ekki hægt að svara því.

Jón Jónsson: Það er rétt, sem hv. flm., 1. landsk. þm., sagði, að frv. þetta fer ekki beint fram á breyt. á kjördæmaskipuninni. En það ber þó eigi að síður vott um bráðlæti um breyt. á henni. Hv. flm. sáu sér ekki fært að koma fram með till. um beina breyt. á kjördæmaskipuninni, og því er þetta fram borið til bráðabirgða. En útkoman eða afleiðing þess verður þó á engan hátt réttlátari, heldur þvert á móti. Frv. þetta, ef að l. verður, getur leitt til þess, að örlítill minni hl. fái annan manninn kosinn í tvímenningskjördæmi, en stór meiri hl. ekki nema annan. Þessi tilhögun er því ekki réttlát. Hv. flm. sagði, að þetta væri borið fram vegna einna kosninga. En þetta hefir enga raunverulega þýðingu. Stjórnarskrárfrv. getur ekki orðið afgr. á þessu þingi, nema samkomulag náist um það við Framsóknarflokkinn. Og ef hann verður nú sammála, þá verður hann það líka á næsta þingi. Viðvíkjandi ógnunum þeim, sem fram komu í niðurlagi ræðu hv. 2. landsk., að ef ekki væri gert þetta og þetta, þá hefðu stjórnarandstæðingar vald til þess að láta ekki annað en það, er þeim sýndist, ganga fram á þessu þingi, get ég að vísu ekki mikið sagt. En ég kann því illa, að verið sé að ympra á þessum hlutum. Þótt þeir fái ekki komið fram einhverju máli, sem þeir koma með, þá losar það þá ekki undan þeirri ábyrgð, sem þeim sem þm. er lögð á herðar, að bjarga þjóðinni á þessum erfiðu tímum. Og sízt af öllu er það til þess fallið að bæta samkomulagið að vera með slíkar hótanir.

Flm. (Jón Þorláksson): Ég skal játa það, að ef samkomulag verður um afgreiðslu stjórnarskrármálsins á þessu þingi, þá eru ekki miklar líkur til, að við leggjum verulega áherzlu á, að þetta frv. verði lögfest. En enn er þó hugsanlegt, að stjórnarskrárbreyt. gangi ekki fram, og þá verður baráttan í kosningunum hörð. Er þá ekki þýðingarlaust að hafa getað veitt fylgismönnum frv. betri aðstöðu en þeir hafa nú, með því að ná möguleikum til að fá fleiri þingsæti. Ég veit, að þetta lagfærir hvergi nærri það ranglæti, sem nú ríkir, en aðstaða er ekki til að komast nær réttu hlutfalli í þessu efni en á þann hátt, er frv. þetta gerir ráð fyrir. Ég áleit því rétt, að frv. þetta kæmi fram áður en óhæfilega langt væri liðið á þingtímann. Vona ég, að hv. d. geti fallizt á að láta það ganga til 2. umr. og n. Það fer svo eftir horfunum um það, hvort samkomulagskosningar eða baráttukosningar fara fram næst, hvaða áherzlu við leggjum á það, að frv. þetta verði að lögum.

Jón Baldvinsson: Ég veit ekki, hvort ég hefi sett það nógu greinilega fram, er ég lét í ljós undrun mína yfir því, að frv. þetta væri komið fram og gerði fyrirspurn um það, hvort Sjálfstæðisflokkurinn teldi þetta nægilega lausn í kjördæmamálinu. Ég vil því reyna að orða þetta ljósar. Það er öllum kunnugt, að

frv. þetta getur ekki náð samþ. nema Framsóknarflokkurinn ljái því fylgi sitt. Því spurði ég um þetta. Ef ekki næst samkomulag við Framsóknarflokkinn, þá getur hann stöðvað það eða fellt hér í þessari deild og margdrepið það í Nd. Það kemst því ekki fram undir neinum kringumstæðum nema með samkomulagi við Framsóknarflokkinn. Því rann í huga minn, hvort slíkt samkomulag væri fengið og að sjálfstæðismenn hefðu talið þessa breyt. á kosningunum nóga til samkomulags. Nú hefir hv. 1. flm. lýst því yfir, að ekkert samkomulag hafi náðst og að þessu sé aðeins ætlað að gilda fyrir einar kosningar. Ég legg nú að vísu ekki fullan trúnað á, ef þetta verður samþ., að endilega sé víst, að það gildi ekki við nema einar kosningar. Um það stendur ekkert í frv., svo þess vegna getur það hæglega staðið lengur.

Hv. 3. landsk. talaði um, að ég væri með hótanir. Ég lít nú ekki svo á, að það séu neinar hótanir, þótt ég lýsi ástandinu eins og það í raun og veru er. Hér er háð barátta milli þriggja flokka, og hér í Ed. hafa andstöðuflokkar stj. í hendi sér að fella öll þau mál fyrir henni, er þeir vilja ekki, að gangi fram. Og þeir telja það mál svo mikilsvert, að hver kjósandi fái fullan rétt og jafnan hvar sem er á landinu, að þeir telja rétt að knýja það fram með þeim meðulum, er þeir hafa yfir að ráða. Hv. 3. landsk. veit, að þegar stjórnað er með bráðabirgðalögum og einræðisvaldi, þá er venjulega skammt til byltingar, og það er af því að hann er hræddur um, að hans flokkur geri þetta, að hann er að tala um hótanir. Einræðisstjórnir hafa alltaf gert þetta, talað um, að andstæðingarnir hafi í frammi hótanir um ofbeldi, og í skjóli þess hafa svo kúganirnar farið fram. Svona var það í Rússlandi á dögum einræðisstj. Þar fóru kúganirnar fram í því skjóli, að menn væru að æsa til uppreisnar og ofbeldis, og voru þeir svo sendir í útlegð til Síberíu.

Forseti (GÓ): Ég vil segja fáein orð út af fyrirspurn hv. 2. þm. Eyf.

Ég vil ekki fullyrða, að frv. brjóti á móti 26. gr. stjskr., en þetta frv. er náttúrlega kynlegt, því að svo er ætlazt til, að í tvímenningskjördæmum hafi menn rétt á að kjósa tvo þm., en með þessu er sá réttur af þeim tekinn. Það hefði verið miklu réttara fyrir þessa hv. þm. að leggja til, að tvímenningskjördæmunum yrði skipt í tvö einmenningskjördæmi. Hv. flm. virðast sjálfir álíta, að þetta sé vandræðafyrirkomulag, því að þeir vilja ekki láta kjósa samkv. þessum reglum nema í eitt einasta skipti. Hví ætti ekki að láta þessar reglur gilda lengur, ef þær væru heppilegar?

Ég álít, að frv. geti gengið til 2. umr., og getur þá n. athugað, hvort þetta brjóti eitthvað í bága við stjórnarskrána, sem ég get ekki fundið, því að þetta er ekki kallað hlutbundin kosning, þó að hún fari svipað fram, eins og hv. 2. þm. Eyf. benti á.

Þetta athugar n. að sjálfsögðu, og getur svo d. tekið til sinna ráða, þegar málið kemur til 2. umr.

Jón Jónsson: Það er aðeins stutt aths. Út af því, sem hv. 2. landsk. sagði, get ég ekki séð annað en að það felist óbein hótun í því, sem hann sagði, að hann álíti rétt að taka til ýtrustu ráða til að knýja fram þetta mikla mál, sem þeir bera fyrir brjósti, og þá þeirra ráða að eyðileggja þau mál, sem verða óumflýjanlega að fá afgreiðslu til þess að hægt sé að stjórna ríkinu.

Ég lít svo á, að þetta sé alvarlegur og ábyrgðarmikill hlutur og að enginn þm. hafi rétt til að skorast undan því á þessum tímum að fyrirbyggja það, að þjóðin verði fyrir þeim trausts spjöllum, sem óhjákvæmilega mundi leiða af því, ef þau mál ná ekki fram að ganga, sem verða að fá afgreiðslu, ef ríkið á að geta starfað. Slík hótun sem þessi er því alveg óviðeigandi. Hitt er líka skylda, að þessum hv. þm. sé sýnd full sanngirni í þessum málum. Ég vil því láta þá ósk mína í ljós, að á þessum tímum, sem eru erfiðari en nokkrir aðrir tímar, sem við höfum lifað, skoði þm. það sem sitt sérstaka hlutverk að gera skyldu sína gagnvart þjóðinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9:1 atkv. og til stjskrn. með 8 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

62. Verkakaupsveð.

Á 47. fundi í Ed., 9. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um verkakaupsveð (þmfrv., A. 363).

Á 49. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jón Baldvinsson): Eins og hv. dm. er kunnugt, hefir það verið ákveðið að nema úr gildi alla löggjöf um Síldareinkasölu Íslands, og verða lög um það bráðlega samþ. Er þá engin löggjöf til um síldarrekstur, a. m. k. ekki á sama hátt og verið hefir, og því fremur litlar tryggingar fyrir því fyrir verkafólk í landi, sem síldarvinnu stundar, að það fái kaup sitt goldið; en fyrir því voru talsvert miklar tryggingar meðan sala síldarinnar var í höndum einkasölunnar. Næsta sumar verður síldarútgerðin rekin upp á gamla mátann, og munu þá að líkindum ýmsir útgerðarmenn, sem fengizt höfðu við þessa atvinnu áður en einkasalan hófst, og reyndar sumir þeirra einnig á meðan, setjast að á Norðurlandi, hafa með sér vörur frá væntanlegum norskum og sænskum kaupendum og í skjóli þeirra salta alla þá síld, sem þessir kaupendur þurfa að fá saltaða. En þá er engin trygging fyrir það fólk, sem vinnur við síldarútveginn á landi, að það fái kaup sitt greitt, því það mætti gera ráð fyrir, eftir þeirri venju, sem verið hefir, að það gæti orðið erfitt fyrir það að ná kaupi sínu hjá þeim, sem þennan útveg reka, ef varan er flutt út áður en það er goldið. En ef varan fer og fólkið hefir engin tök á að ná kaupi sínu af andvirði hennar, þá er hætt við, að það sé tapað, því margir af þessum mönnum, sem síldarútgerð reka, með undantekningum náttúrlega, eru ekki færir um að inna þessar greiðslur af hendi, ef þeir hafa ekki greitt áður en varan fer.

Nú sýnist mér, að það muni ekki vera nema um tvennt að gera fyrir verkalýðinn til að innheimta kaup sitt, annaðhvort að láta verklýðsfélögin taka sig saman og hafa menn á söltunarstöðvunum til þess að verkafólkið geti tryggt sér, að síldin væri ekki flutt út fyrr en verkakaupið væri borgað. En það mundi þýða miklar tafir við útskipun síldarinnar og stöðugar vinnudeilur, sem enginn óskar eftir, en gætu þó verið nauðsynlegar til að tryggja rétt fólksins. Annað er hitt, að verkafólkið fái löglegt veð í síldinni, svo að það geti tekið kaup sitt af söluverði veiddrar síldar, eða m. ö. o. að tekið verði upp það fyrirkomulag, sem frv. ræðir um. Þá leið álít ég hreinlegasta og heppilegasta.

Með þetta óvissa útlit um rekstur síldarútvegsins í sumar fyrir augum er þetta frv. nú komið fram aftur. Það var borið fram á þinginu 1928, en þá var einkasala á síld lögleidd, og mun þá ekki hafa þótt þörf á að setja lög um þetta efni. Nú vildi ég mælast til, að hv. d. vildi taka þetta mál til umr. í n., að þessari umr. lokinni, og sýnist mér, að þar sem þetta er eingöngu fjárhagsatriði, þá ætti það helzt heima í fjhn. d. — Ég sé svo ekki ástæðu til að fara frekari orðum um þetta, þar sem nokkuð ýtarleg grg. fylgir frv., en legg til, að því sé vísað til fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

63. Sala Mið-Sámsstaða.

Á 56. fundi í Ed., 20. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um sölu kirkjujarðarinnar Mið-Sámsstaða (þmfrv., A. 462).

Á 57. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin

leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Einar Árnason): Allshn. flytur þetta frv. að tilmælum dómsmálaráðuneytisins. Fer frv. fram á það, að stj. verði heimilað að selja Búnaðarfélagi Íslands kirkjujörðina Mið-Sámsstaði í Fljótshlíð fyrir 4000 kr., frá fardögum 1932 að telja.

Um þessa jörð er það að segja, að Búnaðarfélagið hefir hin síðustu ár haft jörðina til árlegra nytja og rekið þar tilraunastarfsemi um grasfrærækt og kornrækt. Til þess að félaginu væri unnt að reka þessa starfsemi, hefir það orðið að gera þarna jarðabætur, sem nema yfir 4000 dagsverkum, auk bygginga, sem félagið einnig hefir orðið að reisa á jörðinni og taldar eru að hafa kostað um 21 þús. kr. — Hinsvegar er hér um fremur litla jörð að ræða. Eftir gildandi fasteignamati er jörðin virt á 3000 kr. með húsum, og má því ljóst vera, að það verðmæti, sem nú er bundið í og við jörðina, er að langmestu leyti til orðið fyrir starfsemi Búnaðarfélagsins, og enda þess eign. Nú fer félagið fram á að fá jörðina til eignar og fullra umráða, sem því og er nauðsynlegt vegna tilraunastarfsemi sinnar þar, og hefir allshn. fallizt á þessa málaleitun félagsins og mælir eindregið með því, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls,

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 61. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 462).

Á 63. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

64. Viðbótar-tekju- og eignarskattur.

Á 59. fundi í Ed., 25. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um viðbótar-tekju- og eignarskatt (þmfrv., A. 512).

Á 62. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Ingvar Pálmason): Ég geri ráð fyrir, þó það sé ekki bein þörf á því, að réttara sé að víkja nokkrum orðum að tildrögum þess, að þetta frv. er fram borið. Það mun öllum vera ljóst, að afkoma atvinnuveganna í landinu síðastl. ár hefir verið sú, að segja má, að þeir hafi undantekningarlaust verið reknir með halla. Af þessu liggur í augum uppi, að margvíslegar afleiðingar hljóta að koma fram. Ein meðal annara, sem benda má á og bent hefir verið á, er sú, að tekjur ríkissjóðsins á þessu ári hljóta að verða nokkru lægri en við var búizt og til ætlazt. Ég hygg líka, að hæstv. fjmrh. hafi látið þessa getið á öndverðu þingi í vetur og hann talið afkomu ríkissjóðs á þessu ári svo slæma, að telja mætti þess vegna líklegt, að ef ekki ætti að stofna nýjar skuldir til að jafna þann halla, yrði að sjá fyrir tekjum, sem svaraði 1

millj. króna, eða rúmlega það. Þess þarf heldur ekki að geta, þó það sé rétt að gera það, að aðrar og fleiri afleiðingar eru nú komnar í ljós um það ástand, sem er í afkomu atvinnuveganna. Til þingsins hafa borizt málaleitanir um stuðning, bæði frá smærri atvinnurekendum og sveitarfélögum. Og mér þykir líklegt, að allir séu á einu máli um það, sem um þetta hafa hugsað, og viðurkenni það, að líkur séu til þess, ef afkoma þessa árs verður ekki betri en síðasta árs, að þá megi búast við, að reki að því, að ekki svo fá sveitarfélög verði að gefast upp og leiti á náðir ríkisins. Og ef afkoman verður sú, þá er líklegt, að það verði þó reynt í lengstu lög að sjá fólkinu borgið, sjá því fyrir lífsviðurværi, þó þröngt verði fyrir dyrum ríkissjóðsins.

Um möguleikana til þess að afla ríkissjóði tekna, fyrst og fremst til þess að standa straum af nauðsynlegum og óhjákvæmilegum útgjöldum, sem á hvíla samkv. fjárl., er það að segja, að möguleikarnir fyrir því eru náttúrlega fleiri en þessi, sem frv. gerir ráð fyrir, en ég hygg, að það sé svo ástatt, að þær leiðir, sem almennast hafa verið farnar hingað til, tollaleiðirnar, séu nú svo þrautfarnar, að tæplega sé vegandi meira að sinni í þann knérunn. Hinsvegar verður ekki á móti því mælt, að óvarlegt má það teljast af þessu þingi, ef það gerir ekki neitt til að sjá um, að ríkissjóður geti innt af hendi nauðsynlegar greiðslur og skyldur, sem á honum hvíla, og lítur þó ekki út fyrir, að hagur ríkissjóðs verði sá, að hann geti mætt þeim kröfum, sem útlit er fyrir, að komi frá einstökum héruðum, ef afkoman verður slæm á þessu ári og hinu komandi.

Ég ætla ekki neitt að blanda hér inn í afgreiðslu skattamálanna á þessu þingi að svo komnu. Við munum vita það allir, í hvaða ástandi þau eru, og ég ætla ekki nokkurn hlut á það að líta. Það má vel vera, að þetta frv., ef það lifir þá svo lengi, komist í sömu hnapphelduna, og dugir ekki um það að sakast.

Við flm. þessa frv. höfum talið það a. m. k. fyllilega forsvaranlegt að benda á þessa leið til tekjuöflunar, og við teljum hana meira að segja sanngjarna. Því hvað sem segja má um frv. þetta í einstökum atriðum, þá er það víst, að það gerir ekki ráð fyrir að afla tekna hjá öðrum en þeim, sem eitthvað hafa til. En slíkt verður ekki með sanni sagt um flesta þá tolla- og skattalöggjöf, sem notuð hefir verið hingað til, og mun ég geta fært allgóð rök fyrir því, ef þess er óskað og tækifæri gefst til síðar.

Ég tel ekki ástæðu til að fara öllu lengra út í ástæður þær, sem liggja fyrir því, að við komum fram með þetta frv. nú, en tel rétt að víkja örfáum orðum að frv. sjálfu. Skal ég þá í fyrsta lagi minnast á þann þátt frv., sem ræðir um viðauka við tekjuskattinn.

Það hefir sézt, að því hefir verið kastað fram, að þetta frv. væri viðbótarpíning ofan á örþrota atvinnuvegi. Ég tel þetta ekki á rökum byggt. Það mun öllum vera ljóst, að afkoma atvinnuveganna á síðastl. ári er sú, að það mun vera hrein undantekning, ef tekjuafgangur er á þeim rekstri. A. m. k. er óhætt að fullyrða þetta um sjávarútveginn og landbúnaðinn, og ég hygg, að það megi að mestu leyti segja það sama um verzlunina. En ég skal þó játa, að ég er því ekki eins kunnugur, svo það kann að vera, að hún hafi einhversstaðar skilað arði á síðastl. ári. Þó mun það fremur vera undantekning. Ég skal ekki fullyrða, að svo hafi verið. Iðnaðarfyrirtæki eru hér ekki mörg, en ég hygg, að af þeim sé heldur ekki um mikinn gróða að ræða á síðastl. ári, að undanteknu kannske því, að mér dettur í hug, að ölgerð kunni að hafa gefið arð. Ég þekki það ekki, en mér virðist sumt benda á, að á undanförnum árum hafi ölgerð hér í Reykjavík svarað töluverðum ágóða, og má vel vera, að hún hafi einnig gert það á síðastl. ári, svo að frv. okkar hitti þennan atvinnuveg. En ég verð að játa, að ég er nú ekki betur þenkjandi en það, að ég tel það ekki með öllu frágangssök að taka eitthvað af þeim gróða í ríkissjóð. Hinsvegar verður alls ekki um það deilt, að sjávarútvegur og landbúnaður eiga því miður ekki þeirri afkomu að fagna, að ákvæði þessa frv. geti hitt þá. Það eru því aðallega þeir menn, sem hafa föst laun, sem þetta frv. hittir að því er snertir viðbótartekjuskatt. Og ég verð nú að segja það, að ég fyrir mitt leyti lít svo á, að ef

dráttur sá, sem frv. gerir ráð fyrir, er sanngjarn, þá sé sú tekjuöflunarleið, sem farin er í frv., ekki einasta fær, heldur sé erfitt að færa rök fyrir því, að hún sé ósanngjörn. Hinsvegar vil ég ekki neita því, að það getur átt sér stað, að þetta frv. sé að einhverju leyti svo ófullkomið, eins og öll mannanna verk eru, að það mætti bæta það. Það getur vel verið, að t. d. skattstigi sá, sem nú er í frv., sé svo, að það mætti bæta hann og gera hann sanngjarnari. Um þetta skal ég ekki fortaka neitt. En þar sem svona er — og ég þykist hafa sýnt fram á, að að því er viðbótartekjuskattinn snertir, þá hittir frv. aðeins eða að miklu leyti aðeins þá menn, sem hafa föst laun —, þá verður að viðurkenna, að frv. er að mestum hluta launalækkunarfrv. Og það hefir komið fram hjá fleirum en okkur hv. 2. þm. N.-M., að það sé ekki ósanngjarnt að lækka laun, a. m. k. sumra þeirra — þeirra hæst launuðu —, sem taka föst laun. Þetta er ekki neitt sérstakt, og má minna á það, að hér í hv. d. fóru fram umr. í gær um mál, sem hneig mjög í þessa átt. Nú, og þegar það er athugað nánar, þá verða menn að játa, að í raun og veru er það svo, að öll laun, af hverjum sem þau eru afhent, eru í raun og veru greidd af framleiðslunni í landinu. Hvort sem það eru fyrirtæki, bankarnir eða ríkissjóður, sem afhendir þau, er það framleiðslan, sem að lokum verður að greiða launin. Það er því svo langt frá, að með frv. þessu sé verið að íþyngja framleiðendunum, að það er frekar verið að létta á þeim.

Ég ætla ekki að svo stöddu að fara út í neinn samanburð milli þess, hvernig þetta frv. verkar og hvernig sú skattalöggjöf, sem við höfum búið við um langt skeið, verkar á atvinnuvegina. Það má vel vera, að undir umr. síðar verði ástæða til að fara inn á það nánar.

Ég vil nú að óreyndu vænta þess, að þeir aðilar, sem þetta frv. kemur við eða snertir sérstaklega, verði nú vel við kalli þjóðar og þings um að inna af hendi nokkurn hluta af þeim tekjum, sem þeir eru svo lánsamir að eiga kost á á þessum tímum. Og ég tel meira að segja, að það sé töluverð ástæða til að ætla, að svo verði. Og ég vil í því sambandi benda á, að 1924, þegar svo stóð á, að ríkissjóður þurfti að afla tekna meira en verið hafði undanfarin ár — afla tekna, má segja, á alveg óvenjulegan hátt, en hinsvegar enginn vafi á því, að nú er ekki síður en þá, nema frekar sé, um óvenjulega tíma að ræða, og miklu óvenjulegri úrlausnarefni, sem þarf að leysa —, þá var til þjóðarinnar leitað á þann hátt, að skattar og tollar voru hækkaðir tilfinnanlega, og ég varð ekki var við annað en þjóðin brygðist vel við því kalli, og undan þeim sköttum hefir ekkert verið kvartað, svo ég viti, þó þeir séu við lýði enn þann dag í dag. Ég lýsi því þó hiklaust yfir sem minni skoðun, að þar hafi verið ólíku saman að jafna, þar sem um var að ræða hækkun á tollum og sköttum, eða skatti þeim af tekjum, sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Því ég geri ráð fyrir, að það megi sýna fram á, svo ekki verði á móti mælt, að allmikill hluti af sköttum og tollum síðustu ára sé tekinn af tapi — af því, sem ekki er til, eða m. ö. o. sé nokkur hluti af skuldaaukningu atvinnurekenda.

Ég hefi þá með nokkrum orðum gert grein fyrir, hvernig við flm. litum á þann hluta frv., sem snýr að tekjuskattsgreiðendum. Tel ég þá rétt að líta á hinn hlutann, sem snýr að eignarskattinum. Og ég skal játa, að með eignarskatt er alltaf nokkru vandfarnara en með tekjuskatt, því það eru alltaf takmörk fyrir því, hvað mikinn skatt má leggja á eignir til þess, að ekki gæti rýrandi áhrifa af honum á eignirnar. En hvað sem um það annars verður sagt, þá hygg ég, að þetta sérstaka ástand, sem nú er, réttlæti það, þó eignarskatturinn í frv. sé áætlaður hærra en eðlilegt væri á venjulegum tíma. Þegar svo er, að eignir allra eða flestra atvinnurekenda í landinu eru veðsettar, svo að þar er ekki um raunverulega eign að ræða, þá sé ég ekki betur en að það sé forsvaranlegt að mælast til þess, að þeir eigendur eigna, sem eiga allmikið skuldlaust, taki á sig nokkurn skatt til að greiða fram úr þeim vandræðum ríkissjóðs og héraða, sem standa nú fyrir dyrum.

Ég geri ráð fyrir því, hvernig sem fer um þetta frv., þá verði því þó lofað að fara til 2. umr. Ég get alls ekki búizt við, að hv. Ed. felli við 1. umr. mál eins og

þetta, og það á þeim tímum, sem nú eru, en fari svo, að sú von mín rætist, að málið komist til n., þá vil ég vænta þess, að sú n., sem fengi frv. til meðferðar, taki það til athugunar og lagfæri þá galla, sem á því kunna að vera. Ég skal viðurkenna það f. h. okkar beggja flm., að það er vandaverk að semja slíkt frv. sem þetta, svo að ekki kunni að vera á því gallar, sem n. gæti lagað. Þessi ummæli mín ber þó ekki að skilja svo, að við teljum stefnu frv. gallaða.

Ég get nú látið þessi fáu orð nægja í þetta sinn; ég ætla engu að spá um þau andmæli, sem fram kunna að verða borin gegn frv., en læt um það fara sem verða vill. En áður en ég sezt niður þykir mér rétt að taka það fram, til þess að fyrirbyggja misskilning, að frv. er ekki borið fram að tilhlutun ríkisstj., en ég geri ráð fyrir, að hún muni undir umr. lýsa sinni afstöðu. Ég veit það, að stefna þessa frv. hefir ekki verið hyllt af öðrum stærsta stjórnmálaflokki þingsins, og geri því ekki ráð fyrir, að hann telji það sitt stefnumál, en hinu geri ég aftur á móti fyllilega ráð fyrir, að á þessum tímum haldi ekki allir þm. þess flokks svo fast á sínum stefnumálum, að þeir sjái ekki þörfina, sem á bak við liggur. Að lokum óska ég þess, ef frv. verður samþ. til 2. umr., að þá verði því vísað til fjhn.

Jakob Möller [óyfirl.]: Hv. 1. flm. taldi það vera sjálfsagðan hlut, að þetta frv. yrði samþ. til 2. umr., en ég verð nú að hryggja hv. þm. með því, að til þess mun ekki fást stuðningur fulltrúa Sjálfstæðisflokksins hér í hv. d.

Það mun að vísu svo víða um lönd, að gripið hefir verið til þeirra ráðstafana í tilefni af kreppunni að hækka beina skatta, en ég hygg, að hvergi séu dæmi til þess, að það mál hafi verið flutt með slíku offorsi sem þetta frv. er flutt hér, þar sem farið er fram á að auka skattana svo, að nemi jafnvel meiru en því, sem venjulegir skattar nema. Þær hækkanir, sem gerðar hafa verið í ýmsum löndum á beinum sköttum, nema hvergi nema nokkrum hluta af sköttunum. Við þetta bætist svo það, að slíkir skattar hjá okkur verða afaróréttlátir. Ég hefi talið mig frekar fylgjandi beinum sköttum en tollum, ef þeir væru hóflega á lagðir, en skilyrði slíkra skatta verða að vera þau, að þeir komi hlutfallslega réttlátlega niður á alla borgara þjóðfélagsins. En því er nú svo farið með tekju- og eignarskattinn hér, að hann kemur aðeins niður á nokkurn hluta landsmanna, þ. e. a. s. íbúa Reykjavíkur og ef til vill nokkuð á íbúa annara kaupstaða í landinu, en þó ekki nema að litlu leyti, sem stafar af því, að hvergi nema í Reykjavík mun skatturinn fullkomlega framkvæmdur. Hér er því aðeins um að ræða sérskatt fyrir Reykjavík, að öðru leyti einnig fyrir það, að þær tekjur, sem þetta frv. nær til, eru óvíða fyrir hendi nema í Reykjavík. Það hefir lengi staðið til að hefja lagfæringu á framkvæmd tekju- og eignarskattsins hér á landi, þótt lítið miði í þá átt. Það er að vísu fyrir þessu þingi frv., sem fer í þessa átt, en þó að það verði að lögum, er ekki hægt að búast við, að það verði komið til framkvæmda á þeim tíma, sem skattur samkv. frv. á að gilda fyrir. Af þessum ástæðum munu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins greiða atkv. gegn frv. þegar við þessa umr. Þar við bætist sú ástæða, sem áður hefir verið nefnd hér í hv. d., að það virðast ekki vera þeir tímar nú, að hægt sé að bæta skatti á skatt ofan, og þó að ekki sé að ræða um að leggja á aðrar tekjur en þær, sem eru hreinar tekjur, eins og hv. flm. benti á. Því það er á það að líta, að þessar tekjur þurfa að svara sköttum í fleiri staði en ríkissjóðinn, en það eru gjöldin til bæjarfélagsins. Og þau gjöld verða einmitt á þessum tekjum hærri en nokkru sinni áður, vegna þess hve tekjur bæjarsjóðsins af atvinnufyrirtækjunum hljóta að rýrna. Því verr sem gengur fyrir atvinnuvegunum, því minni skatta geta þeir greitt, en það kemur aftur beinlínis niður á þeim skattþegnum, sem frv. nær til, þeim, sem hafa vissar tekjur. Það hefir verið reiknað út, að af venjulegum tekjum nemi skattarnir samtals ásamt útsvari til sveitarþarfa um 80% af hreinum tekjum á vissum hluta skattstigans. Ef svo þar við bætast aukin útsvör vegna óhjákvæmilegrar skattalækkunar af atvinnufyrirtækjum, þá verður ekki annað hægt að segja en að það sjáist lítið hóf í öllum þessum álögum. Ég get varla ver-

ið að hafa fyrir því að taka það fram, sem margsinnis hefir verið sýnt fram á hér á Alþingi, að það hefir nú verið búið svo vel í hendurnar á hæstv. ríkisstj. í þessum efnum, eins og bent hefir verið á, með því að ennþá eru í gildi þeir tekjustofnar ríkissjóðs, sem árið 1924 voru samþ. til bráðabirgða vegna þáv. kreppu, og settir voru þá til þess að hægt yrði að greiða þá margra ára samansafnaðan tekjuhalla ríkissjóðs og til þess jafnframt að standast aukna tekjuþörf. En það hefir verið farið svo illa með þessar tekjur ríkissjóðsins, að það er ekki hægt að bæta alltaf stöðugt við, hve miklu sem eytt er, það er ekki hægt að halda áfram í það óendanlega í því efni. Hér er nú í þessum efnum komið á það stig, að það verður að nema staðar.

Hv. 1. flm. talaði um það, að stjórnarflokkurinn, sem nú er, hafi brugðizt vel við þörf ríkisins árið 1924 með því að styðja frv. um nýjar tekjur. Hæstv. dómsmrh. var að reyna að brýna sjálfstæðismenn með því sama hér á dögunum. Ég vil nú grípa tækifærið, úr því að ég tók til máls, til að leiðrétta þá misögn hjá hæstv. ráðh. A. m. k. er rétt að taka það fram, að hann á ekki skilið slíkt þakklæti, því ég man það vel, að hann gekk fram með miklu kappi til þess að koma því til leiðar, að frv. það, sem þá lá fyrir þinginu, yrði fellt, og hann fékk því áorkað m. a., að nokkur hluti fjhn. Nd. gekk á móti sínu eigin frv. þegar inn í d. kom. Þetta er sannanlegt með þingtíðindunum og um það þýðir ekki að deila.

Hv. flm. talaði um það, að hv. þm. ættu að bregðast vel við því kalli, sem kæmi til þeirra í þessu frv. Ég ætla að benda honum á það, að þetta kall, sem hann nefnir svo, er aðeins komið frá ⅓ þjóðarinnar, þeim hluta, sem styður hæstv. stj. og ber ábyrgð á hennar gerðum.

Flm. (Ingvar Pálmason): Ég þarf ekki mörgu að svara hv. 1. þm. Reykv. Hann játaði, að hann væri ekki að öllu leyti á móti stefnu frv., en virtist hinsvegar telja, að það væru gallar á fyrirkomulagi frv. Hann talaði um það, að hann eða einhver annar hefði rekið sig á það, að skattstiginn sé eitthvað gallaður. Ég skal ekki fortaka, að þetta geti ekki verið, en ég hygg, að betri gagnrýningu þurfi heldur en kom fram í ræðu hv. þm. til þess að finna þá galla. Hann nefndi eitt dæmi, þar sem skattur verður mestur samkv. þessu frv., en það hefir reiknazt að vera 37% af hreinum tekjum, sem skatturinn yrði, að viðbættu útsvari 80% af tekjunum. Ég skal ekkert um það segja, hvort þetta er rétt áætlað, en ef það er rétt, þá þarf að finna, á hve háum tekjum þetta er, hvort það er kannske á 50 þús. kr. tekjum. En ég vil nú bara segja það, að ef á að skera til blóðs — og það þarf að skera til blóðs —, þá verður að gera það þar, sem einhverra tekna er að vænta. Það er vitað mál, að skattar og tollar á atvinnuvegunum eru ekki óverulegur hluti af tekjuhalla atvinnuveganna síðastliðin ár. Ég hefi hér fyrir mér reikninga yfir rekstur eins lítils fyrirtækis síðustu ár; það er vélbátur 10 smál. að stærð. Skattar og tollar, sem af þessum atvinnurekstri hafa verið greiddir til ríkissjóðs, hafa verið frá 13 til 15 hundruð kr. á ári. Það er dálítið fróðlegt að kynnast því, hvernig þessir reikningar líta út, og ég ætla því, hv. dm. til glöggvunar, að lesa upp tölur, er sýna skatta og rekstrarútkomu 2 árin, sem reikningarnir ná yfir. Annað árið er tap á útgerðinni, hitt árið hagur. Fyrra árið, þegar hagur var á útgerðinni að upphæð 3 þús. kr., greiddi félagið í skatta og tolla 1500 kr., eða m. ö. o. ca. 33% af gróðanum, en síðara árið, sem var síðastl. ár, greiddi báturinn 1300 kr. í skatta og tolla, en þá var 3600 kr. halli á rekstrinum. M. ö. o. fjórði partur rekstrarhallans voru gjöld til ríkissjóðs. Er nú þetta réttlát skattamálastefna? Og hver verður afleiðing hennar, ef atvinnufyrirtækin halda áfram að vera rekin með halla. Ég fæ ekki betur séð en að hallinn hljóti að lenda á lánardrottnunum að því leyti, sem eigendur fyrirtækjanna þola hann ekki. Ég held, ef það mál væri rannsakað, hverja skatta og tolla einstaklingar og fyrirtæki þurfa að greiða í samræmi við tekjur sínar, að þá verði sízt færri þau dæmi, sem sýna, að tollar koma ranglátlegar á borgarana heldur en beinir skattar.

Ég sé ekki ástæðu til að svara öllu frekar ræðu hv. 1. þm. Reykv. Hann heldur því fram nú eins og jafnan, að skattalögin séu hvergi framkvæmd nema í Reykjavík. Ég tel það nú utan við minn verkahring að svara þessum órökstuddu staðhæfingum hv. þm. Ég tel mig ekki hafa kunnugleika til þess að dæma um þessi mál, en ég vil ekki leggja trúnað á slíkar sögusagnir sem þessar. Ég ber ekki á móti því, að meiri hl. skatta ríkissjóðs er greiddur af Reykvíkingum, en þó veit ég af mönnum úti um land, sem greiða háa skatta og einmitt þetta frv. hittir. Annars sé ég ekkert, sem réttlætir þá mótbáru gegn frv., að það hitti Reykvíkinga, ef frv. er réttlátt. Þeir Reykvíkingar, sem frv. hittir, taka margir laun hjá því opinbera á einn og annan hátt.

Hv. þm. sagði, að það væri ekki ástæða til að leggja nýja skatta á þjóðina, en eftir útlitinu um rekstrarafkomu þjóðarbúsins virðist mér nú allt annað. Það má vera, að eitthvert annað ráð megi finna til að bæta afkomuna, en það hefir bara ekki verið á það bent, hvorki af hv. þm. eða nokkrum öðrum í hans flokki. Það eru engin ráð eða svör í þessu máli að benda á það, sem búið er að eyða. Það eru engin ráð að segja við hungraðan mann: Þú getur etið það, sem þú eyddir í fyrra. Það eru ekki svör, sem gilda. Ég held, að það hafi a. m. k. ekki legið fyrir nein úrlausn í þessu efni önnur en sú, að fá ríkissjóði einhvern tekjuauka, og ef hann fæst ekki, þá séu ekki önnur ráð fyrir ríkið en að taka lán, ef það fæst. En fáist það ekki, þá ætla ég ekki að fara að lýsa afleiðingunum. Það má gera ráð fyrir því, að þær afleiðingar komi ekki síður niður á Reykvíkingum en öðrum, þó skattarnir komi að miklu leyti úr Reykjavík.

Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að ekki væri rétt að taka þetta kall til greina, því það kæmi aðeins frá ⅓ þjóðarinnar. Ég tel nú, hvað sem þessu líður, að öllum flokkum sé skylt að vinna að því að finna úrlausn þessa vandamáls. Það getur verið réttmætt að gera upp þær sakir á köflum, hve mikið fylgi hver flokkur hefir í landinu, en það er beinlínis fávíslegt að láta allt drukkna í þrætum um það. Annars var ræða hv. þm. hófleg. Ég tel ekki, að hann hafi tekið illa stefnu frv., þó hann vildi ekki ljá því fylgi. Hann viðurkenndi bæði beinlínis og óbeinlínis stefnu frv. og að skattalögunum þyrfti að breyta. Höfuðmisskilningurinn hjá honum var sá, að frv. hlyti að stranda vegna hins pólitíska viðhorfs, sem nú er.

Jón Þorláksson: Ég tel rétt, að það komi fram nú við þessa 1. umr. málsins, hvers vegna þetta mál er fram borið. Það virðist dálítið undarlegt, að tveir af þm. skuli ganga fram fyrir skjöldu og flytja frv. um skattaálögur, sem eru svo gífurlegar, að vitanlega getur enginn ætlazt til, að slíkur skattur verði greiddur. Þeir lýsa yfir því, að þeir geri þetta ekki að tilhlutun þeirrar stj., sem þeir sjálfir hafa valið, til þess m. a. að bera ábyrgð á fjármálum ríkisins, ekki heldur af hálfu neinna þeirra nefnda, sem þingið kýs sérstaklega til þess að fara með slík mál. Nei, við vitum, hvernig þessu víkur við. Þetta frv. er beint áframhald af þeim fyrirætlunum, sem fram komu í ræðu hæstv. dómsmrh. við 3. umr. stjórnarskrármálsins hér í d. Hann lýsti yfir því þá, út af því, að sjálfstæðismenn höfðu sett á oddinn kröfuna um borgaralegt jafnrétti allra landsmanna, að ef við, minni hl. á þinginu, gripum til þeirra ráða, sem við eigum kost á, til að þvinga þetta fram, þá myndi Framsóknarflokkurinn svara með því að nálægjast stefnu Alþýðuflokksins í skattamálum. Hann gerði m. ö. o. ráð fyrir því, að reynt yrði að koma á löggjöf um hækkun tekju- og eignarskatts, svo sem í refsingarskyni við þá, sem gerðust svo djarfir að bera fram jafnréttiskröfurnar. Nú er þetta frv. fram komið. Tveir af þm. Austfirðingafjórðungs hafa gefið sig í að bera það fram, og ljóst er orðið, hvert stefnir. Hér er reiddur vöndur á loft að þeim Reykvíkingum, sem dirfast að krefjast borgaralegs jafnréttis við aðra landsmenn. Ég hefi alltaf búizt við, frá upphafi stjórnarskrárdeilunnar, að eitthvað slíkt myndi koma fram. Og mér hefir frá upphafi verið það ljóst, hvernig slíku yrði tekið. Mér hefir frá upphafi verið það ljóst, að ef skerast á í odda með skattamálin, vegna þverúðar þingmeirihl. gegn jafnréttiskröfunum, þá verður

ekki úr fjárþurrð ríkissjóðs bætt með hækkun á tekju- og eignarskatti, og það fyrst og fremst af því, að nú er svo ástatt með tekjur manna og eignir, að allar áætlanir og vonir um tekjur af slíkum sköttum bregðast. Reynsla liðna tímans hefir sýnt, að tekjuskattur er misjafn frá ári til árs á tekjuhlið ríkissjóðs og fer mjög langt niður í óhagstæðu árunum. Því lægri sem skattstiginn er, því meiri von er um tekjur. Mér hefir verið sagt, að þetta hafi borið á góma við umr. í Nd. á þessu þingi og hæstv. fjmrh., sem hér situr, hafi þá látið skynsamlega og skilmerkilega í ljós þessa sömu skoðun. Það þýðir ekki að ætla sér að bjarga erfiðum fjárhag ríkisins með hækkun tekju- og eignarskatts, þegar tekjur allra fyrirtækja eru niðri í lágmarki og margir, sem í venjulegum árum hafa tekjuafgang, eru í tapi. Ég veit vel, að hv. flm. er þetta einnig ljóst. Engin björgun er það fyrir ríkissjóð á þessum kreppuárum, að slíkar ráðstafanir séu gerðar. Ég get fullkomlega sagt, að að því leyti sem þetta frv. er líkamningur á fyrirætlunum hæstv. dómsmrh. í baráttunni gegn mannréttindamálunum, þá munu Reykvíkingar kunna ákaflega góð og gild svör gagnvart refsiskatti, sem á þá er lagður sérstaklega — til þess að kúga þá fyrir það, að þeir heiðast jafns borgaralegs réttar við aðra landsmenn. Ég þarf ekki að útlista hér, hvernig þessu verður tekið af Reykvíkingum, en ég veit, að það þarf harðgerðari menn en hv. flm. þessa frv. til þess að ná refsiskatti frá Reykvíkingum út af þessu máli.

Ég áleit rétt, að þetta kæmi fram við þessa umr. málsins, af þeirri ástæðu, að ég veit ekki, hvort þær verða fleiri umr. um þetta mál, og ég taldi því rétt að hafa vaðið fyrir neðan mig og segja þetta strax.

Flm. (Ingvar Pálmason): Ég þarf ekki að svara hv. 1. landsk. miklu. Ég kannast við það, þó að það sé heldur óvanalegt hjá karlmönnum, þá hefi ég þó orðið var við þann veikleika hjá konum, sem kallað er „hysteri". Það ber nokkuð mikið á því hjá hv. 1. landsk., að hann skýri d. frá, hvernig standi á flutningi þessa frv. Ég ætla að láta d. um, hve mikið hún leggur upp úr orðum þessa hv. þm., en ég tel þau ekki mikils virði og sprottin af nefndum veikleika. Og ég get sagt hv. þm. það, að þótt hann telji okkur flm. þessa frv. ekki kjarkmikla, þá veit ég satt að segja ekki, hjá hvorum kjarkurinn bilar fyrr; a. m. k. hygg ég, að ekki sé hægt að minna á marga afturstúninga hjá okkur, hv. 2. þm. N.-M. og mér, en ef til vill mætti þó minna á einn eða tvo hjá hv. 1. landsk. Og þótt við flm. séum orðnir nokkuð gamlir, þá býst ég við, að við stæðum réttir fyrir, þótt hv. 1. landsk. kæmi á móti. Að þessu undanteknu komu nú ekki margar firrur fram í ræðu hv. þm. Hann talaði um, að hér væri um að ræða refsiskatt á Reykjavík. Hv. þm. virðist hafa mikla tilhneigingu til að nota hvert tækifæri til þess að saka okkur þm. utan af landi um griðleysi gagnvart Reykjavík. Ég skal ekki segja um það, á hverju hann byggir þessar ýfingar, en þau litlu afskipti, sem við höfum haft af málum Reykjavíkur, held ég að hafi a. m. k. verið á sanngirni byggð og ekki sé hægt að benda á mörg nauðsynjamál Reykjavíkur, sem við höfum staðið á móti. En ég verð að segja það, að ég tel, að menn, sem sífellt hrópa á réttlæti, eigi að gjalda varhuga við að nota hvert tækifæri, sem gefst, til þess að benda á, að nú sé einhver framsóknarþingmaðurinn að ráðast á Reykjavík. Mér finnst þetta fara heldur illa í munni þess, sem alltaf hrópar á réttlæti. Ég verð að ráðleggja þessum hv. þm. að fara nú að eins og Pílatus forðum. Pílatus spurði: Hvað er sannleikur? Hv. þm. hefði áreiðanlega gott af að spyrja í einlægni: Hvað er réttlæti?

.ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8:6 atkv. og til fjhn. með 8 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.